

# Stjórnartíðindi

## 1996 - B-deild - 3. hluti

Útgáfa 2.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Meiriháttar gallar á bls. 1284, 1306, 1355, 1376, 1472, og 1564.

Gallar á bls. 1507, 1525, 1548, 1560, 1578, 1582, 1617, 1639, 1727, 1750, 1768, 1774, 1798, 1801-1802, 1884, og 1903.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

## REGLUGERÐ

### um sprengiefni.

#### I. KAFLI

#### Skilgreiningar og gildissvið.

##### 1. gr.

##### *Skilgreiningar.*

*Sprengiefni:* fast eða fljótandi efni eða efnablanda, sem hefur þann eiginleika að geta sprungið við högg, þrýsting eða hita, svo og kveikiefni, svo sem hvellhettur og kveikiþræði.

*Markaðssetning:* fyrsta afhending sprengiefna gegn greiðslu eða án endurgjalds, í því skyni að dreifa þeim og/eða nota þau hér á landi eða í einhverju öðru ríki sem aðild á að Evrópska efnahagssvæðinu.

*Rekstaraðili:* einstaklingur eða lögaðili sem hefur leyfi eða heimild til að framleiða, geyma, nota, færa til eða stunda viðskipti með sprengiefni.

*Tilflutningur:* öll tilfærsla á sprengiefni innan yfirráðasvæðis þeirra ríkja sem aðild eiga að Evrópska efnahagssvæðinu, að undanskilinni tilfærslu innan sömu lóðar.

*Sprengiefnageymsla:* lokað rými til geymslu á sprengiefni.

*Sprengistjóri:* sá er fengið hefur réttindi samkvæmt 29. gr. til að fara með sprengiefni og annast sprengivinnu.

*Tilskipun 93/15/EBE:* tilskipun ráðsins nr. 93/15/EBE frá 5. apríl 1993 um samhæfingu ákvæða um markaðssetningu og eftirlit með sprengiefnum til almennra nota

##### 2. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerðin gildir um framleiðslu, geymslu, flutning, þ.á m. lestun og losun, kaup, notkun, förgun, verslun og inn- og útflutning sprengiefnis. Reglugerðin gildir einnig um tæki og efni sem notuð eru við hverskyns meðferð sprengiefnis.

Undanþegin ákvæðum reglugerðar þessarar eru:

- a. sprengiefni í eigu landhelgisgæslu og lögreglu,
- b. flugeldar og
- c. flutningur sprengiefnis í skipum og flugvélum.

Geymsla og notkun sprengiefna um borð í skipum fellur undir ákvæði reglugerðarinnar, svo og notkun sprengiefnis við köfun frá skipum og landi.

Dómsmálaráðuneytið úrskurðar ef vafi leikur á að sprengiefni eða tæki og búnaður falli undir gildissvið reglugerðarinnar.

## II. KAFLI

**Markaðssetning sprengiefnis.**

## 3. gr.

*Gerðarviðurkenning.*

Óheimilt er að markaðssetja eða hafa undir höndum sprengiefni sem ekki hafa hlotið gerðarviðurkenningu og bera CE-samræmismarki skv. 4. gr. Viðurkennd sprengiefni skulu standast grunnkröfur þær sem tilgreindar eru í viðauka I.

Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir sprengiefni hér á landi. Umsókn um viðurkenningu skulu fylgja nauðsynleg gögn frá framleiðanda og viðurkenndum prófunarstofnunum um eiginleika efnanna. Við viðurkenningu skal farið eftir þeirri aðferð sem tilgreind er í viðauka II við tilskipun ráðsins nr. 93/15/EBE.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. má viðurkenna sprengiefni til tiltekinna takmarkaðra nota hér á landi samkvæmt ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins.

Sprengiefni sem hlotið hafa viðurkenningu í öðru ríki til notkunar á Evrópska efnahagssvæðinu eru sjálfkrafa viðurkennd til notkunar hér á landi. Sprengiefni sem framleidd eru eftir samræmdum evrópskum staðli skulu enn fremur hljóta viðurkenningu, enda teljist slíkir staðlar standast grunnkröfur viðauka I.

Hráefni, sem ekki eru ein sér flokkuð sem sprengiefni, en ætluð til framleiðslu sprengiefna á vegum þeirra sem annast sprengingar, eru viðurkenningarskyld á sama hátt og sprengiefni, t.d. ammóníumnítrat.

## 4. gr.

*CE-samræmismarkið og hættuflokkun.*

Viðurkennd sprengiefni skulu bera CE-samræmismarkið sbr. viðauka II. CE-merkingin skal fest á sýnilegan, auðlæsilegan og óafmáanlegan hátt á sprengiefnin sjálf eða, verði ekki hjá því komist, á merkiplötu sem fest er við þau. Verði merkingin ekki fest með framangreindum hætti er heimilt að festa hana á umbúðirnar. Merkiplatan skal vera þannig gerð að hún verði ekki notuð á ný.

Sprengiefni skal flokkað í hættuflokka og aðskilnaðarflokka í samræmi við leiðbeiningar sérfræðinganeftdar Sameinuðu þjóðanna um flutning hættulegra efna.

## 5. gr.

*Afturköllun gerðarviðurkenningar.*

Vinnueftirlit ríkisins getur afturkallað viðurkenningu sprengiefnis ef í ljós kemur að upplýsingar sem lagðar voru til grundvallar viðurkenningunni hafa ekki verið fullnægjandi eða ef í ljós kemur að meiri hætta fylgir notkun efnisins en fyrirsjáanlegt var.

## III. KAFLI

**Umbúðir og merking sprengiefnis.**

## 6. gr.

*Umbúðir.*

Umbúðir um sprengiefni skulu hafa nægan styrk til þess að þola hnjask sem varan kann að verða fyrir við eðlilega meðferð, flutning og geymslu.

Umbúðir skulu þannig gerðar og vera úr þannig efnum að ekki sé hætta á að snerting innihaldsins við yfirborð umbúðanna að innanverðu leiði til hættu á sprengingu eða bruna. Umbúðir skulu enn fremur þannig gerðar að ekki sé hætta á að innihaldið hreyfist við flutning og meðferð svo að hætta stafi af.

## 7. gr.

*Merking umbúða.*

Varnaðarmerki og varnaðarorð á íslensku skulu vera hlið við hlið á ystu umbúðum, greinilega aðskilin frá annarri merkingu.

Ystu umbúðir skulu greinilega merktar með tækniheiti efnisins, eða vöruheiti ef um þekkt vörumerki er að ræða. Enn fremur skal varan merkt með skráningarnúmeri (SP-númeri) því sem sérfræðinefnd Sameinuðu þjóðanna, sem fjallar um flutning á hættulegum efnum, hefur ákveðið.

Á ystu umbúðum skal vera ferhyrnt varúðarmerki a.m.k. 10 sm á hverja hlið, rauðgult að lit með svörtu lettri, sbr. viðauka III. Á varúðarmerki skal tiltaka hættuflokk og aðskilnaðarflokk efnisins auk upplýsinga um flutningstakmarkanir ef við á.

Á ystu umbúðum skal tilgreind eigin þyngd vörunnar, heildarþyngd að umbúðum meðtöldum og framleiðsludagur.

Merkingar þær sem fjallað er um í 1.-4. mgr. skulu einnig vera á innri umbúðum ef slíkt er nauðsynlegt til að tryggja örugga meðferð efnisins.

## 8. gr.

*Öryggisleiðbeiningar.*

Þegar sprengiefni er afhent skulu fylgja því öryggisleiðbeiningar á íslensku í samræmi við ákvæði reglna um öryggisleiðbeiningar við afhendingu hættulegra efna.

## IV. KAFLI

**Framleiðsla, innflutningur og verslun.**

## 9. gr.

*Framleiðsla.*

Með framleiðslu er átt við hverskyns aðgerðir sem leiða til myndunar sprengiefnis, svo og þökkun efnisins og annan frágang. Blöndun ammóníumnítrats og olíu telst framleiðsla sprengiefnis.

Framleiðsla sprengiefnis er óheimil nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins, sbr. þó 3. mgr. Framleiðslustaður skal auk þess háður samþykki Brunamálastofnunar ríkisins og búnaður og framleiðsluaðferðir skulu háðar samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt einstaklingum, sem öðlast hafa leyfi til að fara með sprengiefni, heimild til að framleiða sprengifima blöndu ammóníumnítrats og olíu á sprengistað, enda geri þeir nauðsynlegar öryggisráðstafanir. Óheimilt er að flytja slíkt sprengiefni til annarra staða nema með sérstöku leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

Blöndun ammóníumnítrats skal fara fram í a.m.k. 60 m fjarlægð frá sprengiefnageymslu. Vinnueftirlit ríkisins getur þó heimilað minni fjarlægð í einstökum tilvikum ef aðstæður krefjast þess.

## 10. gr.

*Innflutningur og heildsala.*

Innflutningur sprengiefnis er óheimill og sala þess nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Slíkt leyfi má aðeins veita þeim sem fullnægir ákvæðum 1. og 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. um kunnáttu í meðferð sprengiefna og hefur yfir að ráða fullnægjandi geymslu fyrir sprengiefni skv. VI. kafla, enda uppfylli hann ákvæði annarra laga og reglna, sem varða reksturinn. Leyfin skulu gilda til allt að 5 ára í senn.

Leyfi skv. 1. mgr. skal jafnframt gilda sem tilflutningsleyfi skv. 9. gr. tilskipunar 93/15/EBE. Skal leyfið þá staðfest á þar til gerðum eyðublöðum sem innflytjandi skal senda lögbærum yfirvöldum í þeim löndum Evrópska efnahagssvæðisins sem efnið fer um.

Þeir sem hyggjast flytja til Íslands sprengiefni til eigin nota, og hafa ekki leyfi skv. 1. mgr., skulu afla til þess sérstaks tilflutningsleyfis, enda uppfylli þeir ákvæði 1. og 2. tölul. 1. mgr. 30. gr. Vinnueftirlit ríkisins gefur út tilflutningsleyfi og tilkynnir lögreglustjórum þeirra umdæma sem efnið fer um. Þeir sem hyggjast flytja sprengiefni frá Íslandi til áfangastaðar í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu á sama hátt afla sér tilflutningsleyfis hjá þarlandu lögbæru yfirvaldi.

Heildsalar skulu senda Vinnueftirlitinu ársfjórðungslega upplýsingar um tegund og magn sprengiefnis, hvellhettna og kveikjuþráðar sem þeir selja einstaklingum eða fyrirtækjum.

#### 11. gr.

##### *Sala til notanda.*

Sprengiefni má aðeins selja þeim, sem fengið hefur leyfi lögreglustjóra til þess að kaupa það og hafa í sinni vörslu. Óheimilt er að afhenda sprengiefni nema gegn framvísun leyfisins.

Ef kaupandi er lögaðili skal hann tilnefna einn starfsmann sinn sem sérstakan ábyrgðarmann til að hafa umsjón með vörslu efnisins og skal hann fullnægja skilyrðum 1. tölul. 1. mgr. 30. gr. Umsókn um leyfi til kaupa á sprengiefni skal fylgja yfirlýsing viðkomandi einstaklings um að hann taki að sér hlutverk ábyrgðarmanns ásamt staðfestingu forráðamanns fyrirtækisins.

Láti ábyrgðarmaður af störfum eða geti hann ekki sinnt starfi sínu lengur, skal þegar í stað tilnefna annan ábyrgðarmann. Að öðrum kosti telst leyfi skv. 1. mgr. fallið úr gildi.

Ábyrgðarmaður skal tryggja að flutningur og geymsla sprengiefna sem og birgðaskráning í fyrirtæki hans sé í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Sá sem hefur leyfi til kaupa á sprengiefni skal hafa yfir að ráða geymslu fyrir það sem fullnægir ákvæði VI. kafla.

Sá sem hefur leyfi til kaupa á sprengiefni öðlast jafnframt rétt til tilflutnings sprengiefna í samræmi við 9. gr. tilskipunar 93/15/EBE, enda sé magn efnis í hverjum flutningi ekki yfir 50 kg og leyfishafi annist hann sjálfur.

#### V. KAFLI

##### **Búnaður við framleiðslu, geymslu, sölu eða notkun sprengiefna.**

#### 12. gr.

##### *Búnaður.*

Við framleiðslu og notkun sprengiefna er einungis heimilt að nota vélar, áhöld og annan búnað sem viðurkenndur er af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt nánari reglum er það setur.

Búnaður sem hlotið hefur viðurkenningu til notkunar samkvæmt ákvæðum EES-samningsins telst viðurkenndur á Íslandi.

#### VI. KAFLI

##### **Geymsla sprengiefna.**

#### 13. gr.

##### *Flokkun, samþykki og tilkynningarskylda.*

Sprengiefnageymslur skiptast í þrjá flokka:

1. flokkur: Færanlegar sprengiefnakistur fyrir minni forða, allt að 50 kg sprengiefnis, 100 hvellhettur og 100 m af sprengiþræði.
2. flokkur: Færanlegar sprengiefnageymslur, t.d. gámar.
3. flokkur: Staðbundnar sprengiefnageymslur, t.d. geymslur heildsala, skipafélaga, hafna eða bæjarfélaga.

Geymslur í 1. og 2. flokki skulu viðurkenndar af Vinnueftirliti ríkisins.

Óheimilt er að koma fyrir færánlegri sprengiefnageymslu í 2. flokki án leyfis lögreglustjóra í umdæminu, sem tilkynnir það slökkviliðsstjóra sveitarfélagsins og Vinnueftirliti ríkisins. Í umsókn skal tilgreina áætlað magn sem fyrirhugað er að geyma.

Hönnun og staðsetning geymslna í 3. flokki skal samþykkt af Brunamálastofnun ríkisins.

#### 14. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

Sprengiefnageymsla skal þannig gerð, innréttuð og staðsett, að ekki skapist sérstök hættu á bruna eða sprengingu og að tryggt sé að sprengiefnin komist ekki í hendur óviðkomandi.

Sprengiefni skal ávallt geymt í viðurkenndri sprengiefnageymslu. Laust sprengiefni skal tafarlaust flutt í viðurkennda geymslu, t.d. ef hlé verður á framkvæmdum á vinnusvæði. Sprengiefnakistur skal geyma í sprengiefnageymslu eða innanhúss í rammlega læstu rými þar sem óviðkomandi hafa ekki aðgang, nema þær séu undir stöðugu eftirliti.

Sprengiefnageymslur skulu ávallt rammlega læstar þegar ekki er verið að ganga um þær.

#### 15. gr.

##### *Um gengnisreglur í og við sprengiefnageymslur.*

Reykingar, meðferð opins elds og radíósenda í sprengiefnageymslum og í grennd við þær er bönnuð.

Við geymslu eða aðra meðhöndlun skal sprengiefni vera í upprunalegum umbúðum frá framleiðanda eða búið um það á annan jafntryggan hátt í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Önnur vinna en sú sem varðar meðhöndlun og umbúnað sprengiefnis má ekki fara fram í sprengiefnageymslu. Óheimilt er að geyma þær önnur tæki og búnað sem tilheyrja sprengivinnunni, t.d. mælitæki, hnalla og þess háttar.

#### 16. gr.

##### *Merkingar geymslna og aðskilnaður sprengiefna.*

Sprengiefnageymslur í flokki 3 skulu rammlega girtar af. Hlið með traustri læsingu skal vera á girðingu. Sama gildir um sprengiefnageymslur í flokki 2 sem settar eru niður í 12 mánuði eða lengur á sama stað, t.d. í tengslum við verklegar framkvæmdir.

Á girðingum og geymslum skulu vera greinilegar merkingar og viðvaranir um hættu af völdum sprengiefna.

Við geymslu sprengiefna skal gæta þess að reglum um aðskilnað sprengiefna sé framfylgt. Einungis má geyma þau efni saman sem eru í sama aðskilnaðarflokki, sbr. 2. mgr. 4. gr.

#### 17. gr.

##### *Öryggisfjarlægðir.*

Sprengiefni skal geyma í öruggri fjarlægð frá híbýlum manna og frá stöðum þar sem gera má ráð fyrir að fólk dveljist eða komi saman og frá mannvirkjum, umferðargötum og þjóðvegum. Til viðmiðunar eru þær fjarlægðir sem settar eru fram í viðauka IV.

Um öryggisfjarlægðir milli sprengistaðar og háspennulína og radíósendibúnaðar gilda ákvæði viðauka IV.

Lögreglustjóri getur í samráði við slökkviliðsstjóra heimilað frávik frá þessum viðmiðunum þegar sérstaklega stendur á.

## 18. gr.

*Birgðabókhald.*

Sá sem hefur með höndum sprengiefni skal í þar til gerðri rekstrardagbók halda nákvæmt birgðabókhald þar sem fram kemur magn móttækis sprengiefnis, tilflutningur efnis milli geymslna, notað efni og magn sem tiltækt er í hverri sprengiefnageymslu. Blanda ammoníumnitrats og olíu er undanþegin þessu ákvæði.

Ábyrgðarmaður skv. 2. mgr. 11. gr. skal tryggja að farið sé að ákvæðum 1. mgr. Rekstrardagbók skal sýnd lögreglu eða Vinnueftirliti ríkisins þegar þess er óskað.

## VII. KAFLI

**Flutningur á landi.**

## 19. gr.

*Tilhögun flutnings.*

Auk ákvæða reglugerðarinnar gilda um flutning sprengiefna á landi reglur um flutning hættulegs farms á vegum að svo miklu leyti sem þær eru strangari.

Um vörslu sprengiefnis á flutningsmiðstöðvum gilda ákvæði VI. kafla.

Hvellhettur skulu ávallt fluttar í traustum umbúðum til að koma í veg fyrir ótímabæra sprengingu.

Ekki er heimilt að flytja sprengiefni með öðrum hættulegum eignum í sama ökutæki eða með annarri vöru ef slíkt eykur hættu á bruna eða sprengingu.

Einungis er heimilt að flytja í sama ökutæki sprengiefni sem fullnægja skilyrðum um aðskilnaðarflokkun samkvæmt viðauka V.

Eftirfarandi skjöl skulu fylgja sprengiefnafarmi við flutning þegar flutt eru 50 kg eða meira, að umbúðum meðtöldum:

- Farmbréf með upplýsingum um efnin sem flutt eru, þ.e. hættuflokkun þeirra, aðskilnaðarflokkun og magn í hverjum flokki.
- Leiðbeiningar um þær hættur sem fylgja efnunum og hvernig brugðist skuli við slysum eða óhöppum.
- Hæfnisvottorð ökumanns, sbr. 24. gr.
- Skrifleg fyrirmæli um framkvæmd flutningsins.

Leyfi sem nauðsynleg eru, sbr. 2. og 3. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 21. gr., og fyrirmæli lögreglustjóra ef við á, sbr. 23. gr.

## 20. gr.

*Ökutæki.*

Ökutæki sem notað er til flutnings á sprengiefnum skal vera í góðu ástandi og fullnægja öllum ákvæðum umferðarlaga og reglna um gerð og búnað ökutækja. Eigandi, notandi og ökumaður ökutækis sem flytur sprengiefni eru, hver um sig, ábyrgir fyrir því að ökutækið standist þær kröfur sem gerðar eru.

Ökutæki sem flytja sprengiefni greinast í þrjá flokka:

- flokkur: Ökutæki með lokuðu farmrými eða palli með skjólborðum á báðum hliðum og göflum á endum og yfirbreiðslu sem nær a.m.k. 20 sm út fyrir farmrými.
- flokkur: Ökutæki sem uppfylla sömu kröfur og í 1. flokki en hreyfill skal knúinn dísilolíu (blossamark >55°C), útblásturskerfi skal vera framan við farmrými eða liggja lægra en neðsti hluti þess og stýrishús skal vera úr óeldfimu efni. Unnt skal vera að aftengja rafgeymi með sérstökum rofa úr stýrishúsi ef heildarþyngd fullestaðs ökutækis fer yfir 3500 kg.
- flokkur: Ökutæki sem uppfylla sömu kröfur og í 2. flokki en auk þess skal farmrými vera úr óeldfimum eignum og vera einangrað, en innra yfirborð skal vera úr efni sem ekki er neistamyndandi. Unnt skal vera að aftengja rafgeymi úr stýrishúsi með sérstökum rofa.

Í ökutæki sem flytur allt að 300 kg sprengiefnis að heildarþyngd, að umbúðum með töldum, skal vera a.m.k. eitt 6 kg slökkvitæki. Í ökutæki sem flytur yfir 300 kg skulu vera a.m.k. tvö 6 kg slökkvitæki. Slökkvitækjum þessum skal þannig fyrir komið að auðvelt sé að grípa til þeirra. Skal eitt þeirra varðveitt í öikumannshúsi og a.m.k. eitt utan á ökutækinu. Handslökkvitæki þessi skulu vera viðurkennd af Brunamálastofnun ríkisins til notkunar við sprengiefnaflutning.

Ökutæki í 3. flokki skulu skoðuð sérstaklega og viðurkennd til sprengiefnaflutninga samkvæmt nánari reglum sem Vinnueftirlit ríkisins setur.

Óheimilt er að afhenda ökutæki sem í er sprengiefni til viðgerðar á verkstæði. Enn fremur er óheimilt að gera við ökutæki meðan á flutningi stendur ef slíkt getur skapað hættu.

#### 21. gr.

##### *Flutningsleyfi, takmarkanir o.fl.*

Óheimilt er að flytja milli staða innanlands meira en 50 kg sprengiefnis með sama ökutæki nema til komi leyfi lögreglustjóra á áfangastað. Þegar um er að ræða flutning á landi skal lögreglustjórum þeirra umdæma sem flutningurinn fer um tilkynnt um hann.

Heimilt er að flytja samtímis með ökutæki í 1. flokki allt að 50 kg sprengiefnis og 100 hvellhettur milli sprengiefnageymslu og sprengistaðar. Ávallt skal vera a.m.k. einn metri á milli sprengiefnisins og hvellhettunnanna og hvellhettunum skal þannig fyrir komið að auðvelt sé að fjarlægja þær í skyndingu úr ökutækinu.

Heimilt er að flytja samtímis með ökutæki í 2. eða 3. flokki allt að 500 kg sprengiefnis og 1000 hvellhettur, enda sé farmrými hólfað niður og tryggt að efnin komist ekki í snertingu hvert við annað.

Óheimilt er að flytja sprengiefni með hópþingum og öðrum samgöngutækjum sem samtímis eru notuð til fólksflutninga á landi.

#### 22. gr.

##### *Merking ökutækis.*

Ökutæki sem flytur meira en 50 kg af sprengiefni skal merkt að framan og aftan með appelsínugulu hættuskilti 300 x 400 mm að stærð. Á skiltinu skal vera 15 mm breið svört rönd á jafri. Þar að auki skal merkja ökutæki á báðum hliðum og að aftan með varúðarmerki samkvæmt gildandi reglum um flutning hættulegs farms á vegum.

#### 23. gr.

##### *Flutningsleiðir.*

Til að draga úr hættu á óhöppum við flutning sprengiefna geta lögreglustjórar gefið fyrirmæli um flutningsleiðir, flutningstíma, hámarks magn sprengiefnis, lögreglufylgd og önnur þau atriði sem þeir telja nauðsynleg til að tryggja nægjanlegt öryggi við flutninginn.

Sá sem annast flutning sprengiefnis skal gera lögreglustjóra viðvart með hæfilegum fyrirvara ef fyrirhugað er að flytja óvenjumikið magn sprengiefnis eða sprengiefni sem sjaldan er flutt með ökutækjum og sérstök hætta fylgir.

#### 24. gr.

##### *Stjórnandi ökutækis.*

Stjórnandi ökutækis sem flytur sprengiefni skal hafa næga þekkingu á eiginleikum efnisins, meðhöndlun þess og þeim ráðstöfunum sem gera skal ef óhapp verður eða eldur kemur upp. Hann skal hafa gilt vottorð um starfsþjálfun samkvæmt reglugerð um starfsþjálfun stjórnenda ökutækja sem flytja hættulegan farm.



## 25. gr.

*Lestun og losun.*

Við lestun og losun sprengiefnis skal gætt ýrustu varúðar. Tæki og áhöld sem notuð eru skulu vera þannig gerð að umbúðir vörunnar skemmist ekki og að ekki sé hættá á að varan falli af eða úr tækjunum.

Óheimilt er að taka á móti sprengiefni til flutnings nema það sé í umbúðum sem þola eðlilegt álag. Hafi umbúðir vörunnar skemmst þannig að hættá sé á að þær þoli ekki flutninginn skal vörunni komið fyrir á öruggum stað og sendanda eða móttakanda gert viðvart.

Skorða skal sprengiefni sem flutt er með ökutæki þannig að það hreyfist ekki við flutning. Sprengiefni skal varið fyrir höggum og núningi og skal því þannig fyrir komið að ekki sé hættá á að umbúðir láti undan.

## 26. gr.

*Flutningur í gámum.*

Heimilt er að flytja sprengiefni í gámum, enda séu þeir smíðaðir samkvæmt viðurkenndum stöðlum og í góðu ásigkomulagi. Gámar skulu merktir í samræmi við 22. gr. Ökumaður og farmflytjandi bera ábyrgð á að ákvæði þessarar greinar sé fullnægt.

## 27. gr.

*Flutningur í ökutæki.*

Ökutæki sem flytur sprengiefni skal vera undir stöðugu eftirliti meðan á flutningi stendur og skal það aldrei skilið eftir án eftirlits. Sé nauðsynlegt að stöðva ökutæki lengur en 8 klukkustundir skal lögreglustjóra gert viðvart og getur hann gefið fyrirmæli um öryggisráðstafanir.

Þegar sprengiefni er flutt með fleiri en einu ökutæki skal vera a.m.k. 80 metra bil á milli ökutækjanna. Sama gildir þegar ökutækin eru stöðvuð.

Óheimilt er að flytja farþega í ökutæki sem flytur sprengiefni. Fulltrúar eftirlitsyfirvalda og þeir sem starfa að flutningunum teljast ekki farþegar í skilningi þessarar greinar.

Meðferð opins elds og reykingar eru óheimilar í eða nærri ökutækjum sem flytja sprengiefni.

## 28. gr.

*Viðbrögð við óhöppum.*

Verði óhapp við flutning sprengiefnis þannig að stöðva verði flutninginn skal óhappið þegar í stað tilkynnt næstu lögreglu- og slökkvistöð. Stafi umferð hættá af óhappinu skal hún stöðvuð.

Nú er ekki unnt að halda flutningi áfram með sama ökutæki og skal þá sprengiefnið fjarlæggt af staðnum með ýrustu varúð og því komið fyrir með öruggum hætti.

## VIII. KAFLI

**Notkun sprengiefnis.**

## 29. gr.

*Réttindi til að annast sprengivinnu - sprengistjóri.*

Enginn má fara með sprengiefni og annast sprengivinnu nema hann hafi til þess tilskilin réttindi skv. 26. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Lögreglustjóri veitir réttindi skv. 1. mgr. og gefur út skírteini til handa leyfishafa því til staðfestingar til 5 ára í senn. Þeim einum má veita slík réttindi sem framvísar vottorði Vinnueftirlits ríkisins um að hann hafi lokið tilskildu námi og staðist próf skv. 30. gr.

Réttindi til að fara með sprengiefni og annast sprengivinnu eru tvenns konar:

A-réttindi: Gildir fyrir alla sprengivinnu.

B-réttindi: Gildir fyrir sérhæfða og takmarkaða notkun sprengiefnis sem tiltekin er í leyfinu, svo sem sprengingar í málmbræðsluofnum, sprengingar í rannsóknaskyni (jarðskorpumælingar) o.fl.

Lögreglustjóri tilkynnir Vinnueftirliti ríkisins um útgefin sprengiefnaréttindi.

Við endurnýjun réttinda skal umsækjandi leggja fram vottorð Vinnueftirlits ríkisins og staðfestingu þess að umsækjandi hafi stundað sprengivinnu á síðastliðnum fimm árum. Fullnægi umsækjandi því ekki skal hann gangast undir próf skv. 2. og 3. tölul. 30. gr.

Sprengistjóri skal ávallt bera á sér skírteini við sprengivinnu og skal hann framvísa því þegar lögregla eða starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins óska þess.

### 30. gr.

#### *Námskeið og próf.*

Til að fá vottorð Vinnueftirlits ríkisins um næga kunnáttu til að annast sprengivinnu þarf að fullnægja þessum skilyrðum:

- a. að vera orðinn 20 ára að aldri,
- b. hafa sótt námskeið sem Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir og staðist bóklegt próf,
- c. hafa staðist verklegt próf, sem prófdómari á vegum Vinnueftirlits ríkisins hefur lagt fyrir.

### 31. gr.

#### *Skyldur og ábyrgð sprengistjóra.*

Sprengivinna skal ávallt vera undir stjórn og á ábyrgð sprengistjóra.

Sprengistjóri ber ábyrgð á því að sprengivinna sé framkvæmd á öruggan hátt og að meðferð og notkun sprengiefnis og búnaðar, sem notaður er við sprengingar, sé í samræmi við gildandi reglur, svo og að farið sé eftir leiðbeiningum framleiðanda og fyrirmælum eftirlitsmanns.

Sprengistjóra er heimilt að fela manni, sem ekki hefur réttindi til að fara með sprengiefni, einstök verkefni við undirbúning sprengingar, enda hafi hann hlotið nauðsynlega tilsógn. Eftir að hleðsla hefst og þar til skot hefur riðið af og gengið hefur verið úr skugga um að allar hleðslur hafi sprungið, skal sprengistjóri ávallt vera á sprengistað og tryggja að gætt sé fyllsta öryggis.

### 32. gr.

#### *Meðferð sprengiefnis á sprengistað.*

Sprengiefni og hvellhettur sem teknar hafa verið úr geymslu til notkunar skulu ávallt vera undir eftirliti og þannig fyrir komið að óviðkomandi hafi ekki aðgang að.

Sprengiefni og hvellhettur má ekki taka með sér í íbúðarhúsnæði, starfsmannarými eða vinnustað sem óviðkomandi eru sprengivinnunni.

### 33. gr.

#### *Rafkveikibúnaður og straumleiðslur.*

Einungis skal nota viðurkenndan kveiki- og mælibúnað, sbr. 1. mgr. 3. gr. Við notkun skal þess gætt að allur búnaður henti þeirri gerð og þeim fjölda hvellhettna sem notaðar eru.

Í hverri hleðslu skulu allar hvellhettur vera af sömu gerð (frá sama framleiðanda) og í sama flokki.

Koma skal í veg fyrir að leiðslur verði fyrir togkrafti svo að hætta sé á að þær dragist út úr hvellhettum.

Þegar ætla má að hætta geti verið á ótímabærri sprengingu vegna straummyndunar í leiðslum skulu notaðar hvellhettur sem þurfa aukinn straumstyrk eða kveikibúnaður sem er ekki háður rafstraumi.

Til að koma í veg fyrir ótímabæra sprengingu þegar sprengt er nálægt háspennulínunum skal fylgja fjarlægðartakmörkunum í viðauka IV eða nota öryggishvellhettur sem tryggja að ekki verði ótímabær sprenging. Þess skal vandlega gætt að leiðslur og tengingar myndi hvergi samband við jörð og skulu tengingar og vírendar vandlega einangraðir í þessu skyni.

Við sprengivinnu og meðferð sprengiefnis og kveikibúnaðar skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu af völdum radíósenda. Minnsta fjarlægð milli sprengistaðar og sendibúnaðar skal vera samkvæmt viðauka IV, en auk þess skulu gerðar eftirfarandi varúðarráðstafanir:

- Þess skal vandlega gætt að leiðslur og tengingar myndi hvergi leiðandi samband við jörð og skulu tengingar og leiðsluendar vandlega einangraðir í þessu skyni.
- Leiðslunetið skal leggja sem næst lárétt, þ.e. í jafnri hæð, á jörðu eða yfir, og eins nálægt jörðu og kostur er.
- Einungis má nota hvellhettur með upphaflegri og óskertri leiðslulengd. Þó er heimilt að lengja leiðslur ef nauðsyn krefur. Séu leiðslur of langar skal brjóta þær varlega saman og stinga laust niður í borholu.
- Við sprengivinnu nær þjóðvegi eða umferðargötu en 10 m skal ávallt nota tregar hvellhettur í 2. eða 3. flokki.

Skot- og millileiðslur má ekki leggja á vegg sem í eru rafleiðslur. Fjarlægð frá vatnsrörum, þrýstiloftsléiðslum og þvíumlíku skal vera minnst 1 m. Endar skotleiðslu skulu einangraðir þar til þeir eru tengdir hleðslutæki.

Við sprengivinnu nærri háspennulínunum skal festa skot- og millileiðslur við jörð, svo að ekki sé hætta á að þær kastist yfir háspennulínuna við sprengingu.

Áður en skotleiðsla er tengd hleðslutæki skal mæla viðnám í leiðslunetinu með viðurkenndum viðnámsmæli. Við sprengivinnu þar sem vatn er í borholum eða berggrunnur leiðandi skal einnig mælt hvort leiðslunetið leiði í jörð áður en sprengt er.

Við alla tengivinnu skal þess sérstaklega gætt að óeinangraðir leiðsluendar komist ekki í snertingu við óviðkomandi hluti.

Óheimilt er að hlaða borholur og tengja hleðslur í þrumuveðri eða þegar slíku veðri er spáð.

#### 34. gr.

##### *Kveikibúnaður sem ekki flytur rafstraum.*

Við notkun púðurkveikiþráða, sundrunarþráða eða annarra kveikiþráða sem ræsa hvellhettur og ekki eru rafknúnir skal farið eftir leiðbeiningum framleiðanda og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

#### 35. gr.

##### *Borun.*

Borun má einungis framkvæma af sprengistjóra eða aðstoðarmanni undir eftirliti hans. Ef borun og hleðsla fer fram samtímis skal þess gætt að hafa örugga fjarlægð á milli borunar og hleðslu og aldrei minna en 5 metra. Aldrei má bora nær hlaðinni holu en 2 metra.

Áður en sprengivinna hefst skal sprengistjóri gera áætlun um það hvernig staðið skuli að borun og hleðslu. Þessar upplýsingar skulu að jafnaði koma fram í áætluninni:

- Þvermál hola.
- Bormynstur, forsetning og holubil.
- Dýpt borholu og undirborun miðað við jarðvegshæð eftir sprengingu.

- d. Halli og stefna borhola.
- e. Tegund og númer hvellhettna og fjöldi í hverri holu.
- f. Tilhögun tengingar.
- g. Gerð sprengiefnis og stærð túpa.
- h. Efni í forhlaði og lengd þess.
- i. Sprengiefnanotkun á rúmmetra bergs.
- j. Byrting.
- k. Grenndarkynning.
- l. Hættumat, sbr. 37. og 38. gr.
- m. Mælingar á bylgjuhraða ef við á, sbr. 3. mgr. 37. gr.
- n. Öryggisgæsla og viðvörumarmerki.

Sprengistjóri skal ávallt hafa sprengiáætlun tiltæka á sprengistað og sýna hana eftirlitsmanni Vinnueftirlits ríkisins eða lögreglu þegar eftir því er leitað.

Sprengistjóra er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. við námavinnslu, enda sé tryggt að hætta geti ekki stafað af sprengivinnunni.

#### 36. gr.

##### *Byrting.*

Sprengistjóri skal sjá til þess að skotsvæði sé byrgt með sprengimottum eða öðru efni á fullnægjandi hátt, þannig að grjót kastist ekki frá sprengistað.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar sprengt er á víðavangi og fullvíst er að mati sprengistjóra að grjótflug geti ekki valdið tjóni.

#### 37. gr.

##### *Umhverfi, tjónvarnir og tjónaefirlit.*

Áður en sprengivinna hefst skal gerð úttekt á því svæði þar sem ætla má að tjón geti orðið vegna framkvæmdanna. Skoða skal byggingar og mannvirki í samráði við eigendur þeirra þannig að hægt verði að fá úr því skorið hvort tjón hafi orðið vegna sprengiframkvæmdanna eða ekki.

Þegar sprengt er nærri mannvirkjum skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir skemmdir, t.d. nota hvellhettur með tímaseinkun. Við það skal miðað að bylgjuhraði fari ekki yfir þau mörk sem tilgreind eru í viðauka VI.

Ef hætta er talin á að mannvirki geti orðið fyrir skemmdum skal sá er ábyrgð ber á sprengivinnu setja upp titringsmæla af viðurkenndri gerð í eða við þau mannvirki sem í hættu kunna að vera, í samráði við eigendur þeirra.

#### 38. gr.

##### *Öryggisgæsla, viðvaranir og grenndarkynning.*

Sprengistjóri skal fyrir skot gera ráðstafanir sem tryggja að enginn dveljist á eða ferðist um það svæði umhverfis sprengistað þar sem ætla má að hætta skapist. Setja skal upp merkingar sem vara við hættu sé slíkt nauðsynlegt til að koma boðum til óviðkomandi. Skömmu fyrir skot skal gefið hljóðmerki til merkis um að skot sé yfirvofandi.

Þegar ætla má að sprengivinna geti valdið íbúum í nálægri byggð ónæði skal þeim gert viðvart.

#### 39. gr.

##### *Skot.*

Skot skal framkvæma strax að lokinni hleðslu, þegar nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar. Aftengja skal skothleðslu frá skothnalli strax að skoti loknu. Sprengistjóri skal ganga úr skugga um að skot hafi tekist vel og að öruggt sé að hefja vinnu á sprengistað að nýju.

Ef ætla má að hluti hleðslna hafi ekki sprungið við skot skal sprengistjóri sjá til að allir séu varaðir við sem í hættu kunna að vera. Ef rafkveikjur eða nonelkveikjur springa ekki skal bíða í 10 mínútur áður en athugun á sprengisvæðinu fer fram. Hafi púðurþráður verið notaður skal biðtími vera 30 mínútur. Vakta skal sprengisvæðið þar til ósprungnum hleðslum hefur verið eytt.

40. gr.

*Óvenjuleg sprengivinna.*

Ef um er að ræða óvenjulega sprengivinnu, svo sem sprengingar neðansjávar, sprengiformun málma, sprengingar í málmbræðsluofnum, sprengingar vegna vísindarannsókna, snjóflóðavarna, ísstíflulosunar o.s.frv. skal unnið eftir skriflegri verklýsingu þar sem meðal annars komi fram nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi starfsmanna og annarra.

IX. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

41. gr.

*Refsingar.*

Brot á reglum þessum varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggji við lögum samkvæmt.

42. gr.

*Eignaupptaka.*

Gera má upptækt til ríkissjóðs sprengiefni sem flutt hefur verið til landsins eða framleitt hefur verið hér á landi án heimildar. Með sama hætti er heimilt að gera upptækt sprengiefni sem finnst vörslulaust eða í vörslu manns án heimildar samkvæmt lögum eða reglugerð þessari.

Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga.

43. gr.

*Afturköllun leyfa.*

Leyfi samkvæmt reglugerð þessari getur leyfisveitandi afturkallað ef eigi teljast lengur vera fyrir hendi nauðsynleg skilyrði fyrir leyfinu, ef leyfishafi hefur eigi farið eftir settum fyrirmælum eða ætla má að leyfishafi muni fara óforsvaranlega með efni eða tæki sem leyfið tekur til.

Þegar um er að ræða leyfi til notkunar og meðferðar á sprengiefni skal lögreglustjóri í því umdæmi þar sem leyfishafi á lögheimili taka ákvörðun um leyfisviptingu, án tillits til þess hvar leyfið var upphaflega gefið út.

Leyfisveitanda er heimilt að afturkalla leyfi til bráðabirgða án þess að með mál sé farið samkvæmt reglum stjórnsýslulaga enda sé hætta á tjóni fyrir menn eða muni. Eftir að afturköllun til bráðabirgða hefur farið fram skal leyfisveitandi við endanlega ákvörðun fara eftir reglum stjórnsýslulaga.

44. gr.

*Gildistaka.*

I. - IV. og IX. kafli reglugerðar þessarar öðlast gildi 1. október 1996, en V. - VIII. kafli 1. janúar 1997.

Reglugerð þessi er sett samkv. 6. gr., 7. gr., 4. mgr. 10. gr., 3. mgr. 27. gr. og 36. gr. laga um skotvopn, skotelda og sprengiefni, nr. 46 13. maí 1977, svo og með hliðsjón af XXIX. kafli II. viðauka EES-samningsins (tilskipun 93/15/EBE).

Þau ákvæði reglugerðarinnar er varða öryggi starfsmanna á vinnustöðum eru ennfremur sett í samræmi við samþykkt stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 38. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 28. maí 1980.

EB gerðin sem vísað er til er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 3, bls. 663-679.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem hafa gild réttindi, sem aflað hefur verið í samræmi við ákvæði 25. og 26. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda skulu við endurnýjun réttinda sinna fá útgefin skírteini skv. 29. gr., enda fullnægi þeir skilyrðum hennar.

Að öðru leyti gildir reglugerðin um störf þeirra.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. ágúst 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Högni S. Kristjánsson.*

## VIÐAUKI I

### Grunnkröfur um öryggi.

Þær grunnkröfur um öryggi sprengiefnis sem hér greinir eru í samræmi við tilskipun nr. 93/15/EBE. Koma þessar kröfur fram í viðauka I við tilskipunina.

#### I. Almennar kröfur.

1. Sprengiefni verður að hanna, framleiða og afhenda á þann hátt að lífi og heilsu manna stafi sem minnst hættu af og komist verði hjá tjóni á eignum og umhverfi við eðlilegar, fyrirsjáanlegar aðstæður, einkum að því er varðar öryggisreglur og viðteknar venjur og einnig áður en sprengiefnið er notað.
2. Sprengiefni verður að hafa þá afkastagetu sem framleiðandi tilgreinir til tryggingar hámarksöryggis og áreiðanleika þess.
3. Sprengiefni verður að hanna og framleiða á þann hátt að hægt sé að farga því með viðeigandi tækni þannig að það hafi sem minnst áhrif á umhverfið.

#### II. Sérstakar kröfur.

1. Allt sprengiefni verður að prófa við raunverulegar aðstæður. Sé það ekki unnt á rannsóknarstofu verður að framkvæma prófanir við þau skilyrði sem sprengiefnið skal notað við. Eftir því sem við á verður að minnsta kosti að taka tillit til nokkurra atriða sem varða eiginleika efnisins o.fl. Þau eru:
  - a. bygging og einkennandi eiginleikar, þar á meðal efnasamsetning, blöndunarstig og, eftir því sem við á, stærð og dreifing kornastærðar,
  - b. eðlis- og efnafræðilegur stöðugleiki sprengiefnisins við öll umhverfisskilyrði sem geta haft áhrif á það,
  - c. næmi fyrir höggum og núningi,
  - d. samrýmanleiki allra íhluta að því er varðar eðlis- og efnafræðilegan stöðugleika,
  - e. efnafræðilegur hreinleiki sprengiefnisins,
  - f. hve vel sprengiefnið þolir vatn ef nota á sprengiefnið í raka eða bleytu og vatn getur dregið úr öryggi og áreiðanleika þess,
  - g. hve vel sprengiefnið þolir lágt og hátt hitastig ef geyma á sprengiefnið eða nota við slík skilyrði og áhrif kælingar og hitunar á einstaka íhluta eða sprengiefnið allt ef slíkar aðstæður geta dregið úr öryggi og áreiðanleika þess,
  - h. hve vel sprengiefnið hentar til notkunar við hættulegar aðstæður (t.d. þar sem hættu er á eldfimum lofttegundum, heitum massa o.s.frv.) ef nota á sprengiefnið við þær aðstæður,

- i. öryggisráðstafanir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir ótímabæra ræsingu eða íkveikju af slysi,
  - j. rétt hleðsla og virkni sprengiefnisins þegar það er notað eins og til er ætlast,
  - k. viðeigandi leiðbeiningar á opinberu tungumáli eða tungumálum viðtökuríkisins og, ef þörf krefur, merkingar er varða örugga meðhöndlun, geymslu, notkun og förgun,
  - l. sá eiginleiki sprengiefnisins, umbúða þess eða annarra íhluta að skemmast ekki við geymslu fyrir „síðasta notkunardaginn“ sem framleiðandi tilgreinir,
  - m. skrá yfir allan búnað og fylgihluta sem þörf er á til að sprengiefnið verki á áreiðanlegan og öruggan hátt.
2. Einstakir flokkar sprengiefna verða einnig að standast ýmsar kröfur, að minnsta kosti þær sem nefndar eru hér á eftir.

#### A. Sprengiefni.

- a. Fyrirhuguð aðferð við ræsingu verður að tryggja að sprengiefnið sundrist eða brenni til fulls svo óbrigðult sé og ekkert beri út af. Sé um svart púður að ræða skal kanna hversu auðveldlega það brennur.
- b. Þegar sprengiefni eru í hulsnum verður það að sundrast örugglega og tryggilega í gegnum alla hulsrununa.
- c. Lofttegundir frá sprengiefnum sem ætluð eru til nota neðanjarðar mega aðeins innihalda kolmónoxíð, köfnunarefnislofttegundir, aðrar lofttegundir, gufur eða leifar fastra efna sem berast um loftið, í því magni að það sé ekki heilsuspillandi við venjulegar notkunaraðstæður.

#### B. Sprengi-, öryggis- og kveikiþræðir ásamt forsprengjum.

- a. Efni utan um sprengi-, öryggis- og kveikiþræðina verður að vera nógu sterkt og verja sprengiefnið nægilega við eðlilegt álag.
- b. Tilgreina skal færribreytur fyrir brennslutíma öryggisþræða og fylgja þeim nákvæmlega.
- c. Sprengiþræðina þarf að vera unnt að ræsa tryggilega. Þeir verða að hafa nægilega ræsietu og standast kröfur um geymsluþol, jafnvel við sérstök loftslagsskilyrði.

#### C. Hvellhettur (þar á meðal tímahvellhettur) og tengihlutar.

- a. Hvellhettur verða að ræsa sundrun sprengiefnisins, sem nota á með þeim, tryggilega við öll fyrirsjáanleg notkunarskilyrði.
- b. Tengihluta verður að vera hægt að ræsa tryggilega.
- c. Raki má ekki geta dregið úr ræsietunni.
- d. Seinkunartími tímahvellhettna verður að vera nógu jafn til að tryggja að líkur á tíma-skörun samliggjandi seinkana séu óverulegar.
- e. Tilgreina skal rafeiginleika rafmagnshvellhettna á umbúðunum (t.d. straumþröskuld innan öryggismarka, viðnám o.s.frv.).
- f. Leiðslurnar í rafmagnshvellhettunum verða að vera nógu vel einangraðar og sterkar. Með því er einnig átt við hversu traustar tengingar við hvellhettuna eru, með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar þeirra.

#### D. Drifefni og eldflaugaeldsneyti.

- a. Þessi efni mega ekki sundrast ef þau eru notuð á fyrirhugaðan hátt.
- b. Drifefni (t.d. þau sem eru að stofni til nítrósellulósi) verður að verja gegn niðurbroti ef þörf krefur.
- c. Þegar eldflaugaeldsneyti í föstu formi er samþjappað eða steipt mega ekki vera í því aukarífur eða loftbólur sem hafa hættuleg áhrif á virkni þeirra.

## VIÐAUKI II

**Samræmismerking**

Samræmismerking sú er hér greinir er samkvæmt IV. viðauka tilskipunar nr. 93/15/ EBE

CE-samræmismerkingin er upphafsstafirnir CE eins og á myndinni hér fyrir neðan:



Þótt merkingin sé smækkuð eða stækkuð verður að halda sömu hlutföllum og í kvörðuðu myndinni hér að ofan.

## VIÐAUKI III

**SP merkið fyrir 1. hættuflokk (sprengiefni), varúðarmerki.**



**Sprengiefni**



**Hvellhettur**



VIÐAUKI IV  
Öryggisfjarlægðir.

1. Öryggisfjarlægðir fyrir sprengiefnageymslur.

| Hámarks magn sprengiefna í kílóum (kg) | Fjarlægð í metrum (m) frá sprengiefnageymslu mannvirkis                      |            |  |                                   |
|--|--|------------|--|-----------------------------------|
|  | Sjúkrahús, skólar, leikvellir, stærri samkomustaðir og mjög fjölfarnar götur | Íbúðabyggð | Fjölfarnir vegir, hafnarmannvirki o.þ.h. | Aðrar byggingar og almennir vegir |
| 100                                    | 800  | 400        | 180                                      | 50                                |
| 250                                    | 800  | 400        | 180                                      | 55                                |
| 500                                    | 800  | 400        | 180                                      | 70                                |
| 1.000                                  | 800  | 400        | 180                                      | 90                                |
| 2.000                                  | 800  | 400        | 180                                      | 110                               |
| 3.000                                  | 800  | 400        | 215                                      | 130                               |
| 4.000                                  | 800  | 400        | 235                                      | 140                               |
| 5.000                                  | 800  | 420        | 255                                      | 150                               |
| 6.000                                  | 800  | 460        | 270                                      | 165                               |
| 7.000                                  | 800  | 500        | 285                                      | 170                               |
| 8.000                                  | 800  | 540        | 300                                      | 180                               |
| 9.000                                  | 800  | 570        | 310                                      | 190                               |
| 10.000                                 | 800  | 600        | 320                                      | 190                               |
| 15.000                                 | 800  | 740        | 365                                      | 220                               |
| 20.000                                 | 810  | 810        | 405                                      | 240                               |
| 25.000                                 | 880  | 880        | 435                                      | 260                               |
| 30.000                                 | 930  | 930        | 460                                      | 280                               |
| 40.000                                 | 1030   | 1030       | 300                                      | 300                               |
| 50.000                                 | 1100   | 1100       | 330                                      | 330                               |
| 100.000                                | 1400   | 1400       | 690                                      | 420                               |

2. Öryggisfjarlægðir milli sprengistaða og háspennuleiðara.

Til að forðast ótímabæra sprengingu við not á rafmagnshvellhettum í nágrenni háspennulína og jarðstrengja skal miða við eftirfarandi öryggisfjarlægðir:

| Spenna á háspennuleiðara í kílóoltum (kV) | Lágmarksfjarlægð að háspennuleiðara í metrum (m) |   |
|---|--|---|
|   | Flokkur 1, almennar hvellhettur                  | Flokkur 2 og 3, tregar hvellhettur (VA og HU hvellhettur) |
| 0,4 - 6,0                                 | 20   | 5   |
| 7,0 - 12,0                                | 50   | 5   |
| 13,0 - 24,0                               | 70   | 10  |
| 25,0 - 52,0                               | 100  | 15  |
| 53,0 - 72,5                               | 200  | 20  |
| 72,6 - 123,0                              | 200  | 20  |
| 124,0 - 245,0                             | 200  | 20  |
| > 245,0                                   | 200  | 20  |

### 3. Öryggisfjarlægðir milli sprengistaða og sendistöðva.

Til að forðast ótímabæra sprengingu við not á rafmagnshvellhettum í nágrenni útvarps-, sjónvarps- og fjarskiptasendistöðva skal miða við eftirfarandi öryggisfjarlægðir:

| Sendiorka í kílóvöttum (kW) | Lágmarksfjarlægð í metrum (m)    |   |   |
|-----------------------------|----------------------------------|---|---|
|                             | 1. flokkur, almennar hvellhettur | 2. flokkur, tregar hvellhettur (VA-hvellhettur) | 3. flokkur, tregar hvellhettur (HU-hvellhettur) |
| 0,025                       | 15                               | -   | -   |
| 0,05                        | 20                               | -   | -   |
| 0,1                         | 25                               | -   | -   |
| 1                           | 80                               | 30  | -   |
| 4                           | 160                              | 60  | 20  |
| 10                          | 250                              | 100   | 35  |
| 40                          | 500                              | 200   | 70  |
| 100                         | 800                              | 300   | 100   |
| 200                         | 1200                             | 450   | 150   |
| 400                         | 1600                             | 600   | 200   |
| 2000                        | 3600                             | 1400  | 500   |
| Sendimöstur                 | 300                              | 50  | 40  |

#### VIÐAUKI V

#### Leyfi til flutnings efna í mismunandi aðskilnaðarflokkum.

Sprengiefni eru flokkuð í **aðskilnaðarflokka** en slík flokkun segir til um hvaða efni megi geyma eða flytja saman.

#### Aðskilnaðarflokkar:

- A. Hreint frumsprengiefni.
- B. Hlutur sem inniheldur frumsprengiefni og hefur færri en 2 kveikingarhindranir.
- C. Sprengiefni þar sem brunaorkan umbreytist í hreyfíkraft að hluta eða hlutur sem inniheldur slíkt sprengiefni. Dæmi: púður í skotfæri, eldsneyti á eldflaugahreyfla.
- D. Sprengiefni til mannvirkjagerðar (flestar algeng sprengiefni sem seld eru hér á landi). Hlutir sem innihalda slík efni án kveikju eða drifefnis. Hlutir sem innihalda frumsprengiefni og tvær eða fleiri kveikingarhindranir. Dæmi: anólít, dínamít. Aðskilja verður þau sprengiefni sem byggð eru upp á klórati frá þeim sem byggð eru upp á nítrati.
- E. Hlutur sem hefur að geyma tregt sprengiefni án kveikju, en með drifefni.
- F. Hlutur sem hefur að geyma tregt sprengiefni með kveikju og með eða án drifefnis.
- G. Eldfim efni (t.a.m. í flugeldum), eldfimir hlutir, sem einnig geta innihaldið sprengiefni.
- H. Hlutur sem inniheldur bæði sprengiefni og hvítan fosfór.
- J. Hlutur sem inniheldur bæði sprengiefni og eldfiman vökva eða hlaup.
- K. Hlutur sem inniheldur bæði sprengiefni og eiturefni.
- L. Sprengiefni efni eða hlutur sem inniheldur sprengiefni efni og felur í sér sérstaka hættu sem krefst aðskilnaðar hvors þáttar.
- N. Hlutir sem innihalda sérlega óviðkvæmar hvellhettur.
- S. Efni eða hlutur sem er þannig pakkað og gerð að þau eiga ekki að geta valdið tjóni nema ef þau kynnu að lenda í eldi, sem verður af slysní. Dæmi: kveikjur í flugeldum.

**Bann við að flytja saman mismunandi flokka**

| Aðskilnaðar-flokkur | B | C      | D      | E      | F | G | H | J | L  | N | S |
|---------------------|---|--------|--------|--------|---|---|---|---|----|---|---|
| B                   | X |        |        |        |   |   |   |   |    |   | X |
| C                   |   | X      | X      | X      |   | X |   |   |    |   | X |
| D                   |   | X      | X      | X      |   | X |   |   |    |   | X |
| E                   |   | X      | X      | X      |   | X |   |   |    |   | X |
| F                   |   |        |        |        | X |   |   |   |    |   | X |
| G                   |   | X      | X      | X      |   | X |   |   |    |   | X |
| H                   |   |        |        |        |   |   | X |   |    |   | X |
| J                   |   |        |        |        |   |   |   | X |    |   | X |
| L                   |   |        |        |        |   |   |   |   | 1) |   |   |
| N                   |   | 2), 3) | 2), 3) | 2), 3) |   |   |   |   | 2) |   | X |
| S                   | X | X      | X      | X      | X | X | X | X |    | X | X |

X = Leyfilegt að flytja saman

<sup>1)</sup> Efni í aðskilnaðarflokki L má flytja með efnum í sama aðskilnaðarflokki og af sömu tegund.

<sup>2)</sup> Efni í flokki 1.6 samkvæmt flokkun Sameinuðu þjóðanna á varasömum efnum, aðskilnaðarflokki N, má einungis flytja með efnum í sama flokki og aðskilnaðarflokki ef fyrir liggur staðfesting á því að það skapi ekki hættu á sprengingu. Annars skal meðhöndla efnið eins og það væri í flokki 1.1 samkvæmt flokkun Sameinuðu þjóðanna.

<sup>3)</sup> Ef flytja á efni í aðskilnaðarflokki N með efnum í aðskilnaðarflokkum C, D eða E skal meðhöndla það samkvæmt eiginleikum efna í aðskilnaðarflokki D.

**VIÐAUKI VI****Hámarksbylgjuhraði (V = mm/sek.) fyrir mannvirki.**

[V= mm/sek.]

150 → Byggingar úr járnbentri steinsteypu þar sem sökkjar standa á hörðum samstæðum bergtegundum.

140

130 → Byggingar sem standa á steinsteypum undirstöðum á hörðum samstæðum bergtegundum. Steypt gólf og veggir. Aðeins eitt skot.

120

110 → Byggingar eins og lýst er hér að ofan. Við síendurteknar sprengingar.

100

90

80

70 → Vanalegar byggingar á hörðu samstæðu bergi (vanalega mesta álag sem leyft er af stjórnvöldum og váttryggingafélögum við síendurteknar sprengingar).

60

50 → Vanalegar byggingar á meðalhörðu bergi. Síendurteknar sprengingar í bæjum þar sem fleira en ástand byggingar ræður úrslitum.

40

30 → Vanalegar byggingar á mjúku bergi. Síendurteknar sprengingar.

20 → Vanalegar byggingar á mjúkum grunni (sandí og leir). Síendurteknar sprengingar

15 → Þar sem mannlegir þættir ráða úrslitum - 10 Hz.

10

5 → Þar sem mannlegir þættir ráða úrslitum - 25 Hz.

0

# REGLUR

## um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um varasöm efni og vörutegundir sem nota á við atvinnurekstur sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Með varasömum efnum og vörutegundum er átt við eftirfarandi efni og vörutegundir:

- a) Efni sem flokkuð eru samkvæmt reglugerð nr. 236/1990 sem eiturefni eða hættuleg efni og vörutegundir sem innihalda slík efni.
- b) Efni sem hafa ákveðin mengunarmörk eða eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi efni samkvæmt reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun svo og vörutegundir sem innihalda slík efni.
- c) Eiturefni og hættuleg efni sem notuð eru í landbúnaði og til útrýmingar meindýra, samkvæmt reglugerð nr. 50/1984.
- d) Efni og vörutegundir sem vegna efna- eða eðlisfræðilegra eiginleika geta að mati Vinnueftirlits ríkisins valdið heilsutjóni eða skapað slyshættu við notkun á vinnustöðum.

Ákvæði þessara reglna gilda ekki um efni sem falla undir lög nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda, lyfjalög nr. 108/1984 og lög nr. 117/1985 um geislavarnir, nema hvað varðar aðra varasama eiginleika en geislavirkni.

### 2. gr.

#### *Almenn ákvæði.*

Sá sem afhendir varasöm efni eða vörutegundir sem falla undir reglur þessar, hvort sem það er framleiðandi, innflytjandi, seljandi eða dreifingaraðili, skal sjá viðtakandanum fyrir öryggisleiðbeiningum með þeim upplýsingum sem greinir í 3. gr.

Öryggisleiðbeiningarnar skulu vera á íslensku.

Öryggisleiðbeiningar skulu afhentar viðtakanda honum að kostnaðarlausu.

Við endurskoðun á öryggisleiðbeiningum skulu allir þeir sem fengið hafa viðkomandi efni eða vörutegund á síðustu 12 mánuðum fá nýjar öryggisleiðbeiningar sér að kostnaðarlausu óski þeir eftir því.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar á ekki við ef um er að ræða sölu í verslunum sem almenningur á aðgang að, nema nota eigi efnið eða vörutegundina við atvinnurekstur og viðkomandi fari fram á að fá öryggisleiðbeiningar.

Öryggisleiðbeiningar skulu fylgja með efnum og vörutegundum þegar viðtakandi tekur á móti þeim í fyrsta skipti og þegar breytingar hafa verið gerðar á þeim vegna nýrra upplýsinga um öryggi er varðar heilsu starfsmanna og umhverfið. Þegar öryggisleiðbeiningum hefur verið breytt skal koma fram á þeim að um endurskoðaða útgáfu sé að ræða.

Þeir sem nota efni eða vörutegundir við atvinnurekstur skulu sjá til þess að öryggisleiðbeiningar séu til staðar á notkunarstað. Þeir skulu óska eftir að fá öryggisleiðbeiningar við móttöku efna eða vörutegunda þegar þess er þörf.

Ekki er skylt að láta öryggisleiðbeiningar fylgja með efnum og vörutegundum þegar þau eru afhent til almenningsnota enda séu umbúðir merktar samkvæmt reglugerð nr. 236/1990

um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni. Öryggisleiðbeiningar skal ávallt afhenda ef farið er fram á það og nota á efnið eða vörutegundina við atvinnurekstur.

3. gr.

*Upplýsingar í öryggisleiðbeiningum.*

Öryggisleiðbeiningarnar sem um getur í kafla II skulu innihalda upplýsingar um eftirfarandi efnisþætti með þessum fyrirsögnum:

- 1) Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.
- 2) Samsetning/upplýsingar um innihald.
- 3) Varúðarupplýsingar.
- 4) Skyndihjálp.
- 5) Bruni/aðferðir við að slökkva eld.
- 6) Efnaleki.
- 7) Meðhöndlun og geymsla.
- 8) Eftirlit með mengun/persónulegur hlífðarbúnaður.
- 9) Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.
- 10) Stöðugleiki og hvarfgirmi.
- 11) Eiturfræðilegar upplýsingar.
- 12) Hættur gagnvart umhverfinu.
- 13) Förgun.
- 14) Flutningur.
- 15) Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.
- 16) Aðrar upplýsingar.

Umhverfisráðuneytið getur sett nánari reglur um hvaða upplýsingar skuli vera í öryggisleiðbeiningum varðandi verndun umhverfisins.

Framleiðanda, innflytjanda eða seljanda er skylt að veita viðtakanda efna og vörutegunda upplýsingar um þá efnisþætti sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í formi öryggisleiðbeininga. Upplýsingarnar skulu vera í samræmi við viðauka 1 með reglum þessum. Öryggisleiðbeiningar skulu vera dagsettar.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38., 39., 50. og 51. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

*Félagsmálaráðuneytinu, 6. september 1996.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

## VIÐAUKI I

**Leiðbeiningar við gerð öryggisleiðbeininga.**

Eftirfarandi útskýringar eru leiðbeinandi. Þær eiga að tryggja að upplýsingarnar undir sérhverri yfirskrift í grein 3 í reglunum geri notanda varasamra efna eða vara sem innihalda slík efni kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir með tilliti til öryggis og hollustuhátta á vinnustaðnum.

Upplýsingar skulu vera á íslensku og á auðskildu og skýru máli.

Í ljósi þess að efni eða vörur geta haft margs konar eiginleika getur verið þörf á enn frekari upplýsingum en hér er fjallað um. Ef upplýsingar um vissa eiginleika eiga ekki við eða það er tæknilega ómögulegt að gefa ákveðnar upplýsingar skal geta ástæðanna fyrir því.

Æskilegt er að röðun yfirskriftanna sé fylgt.

Þegar breytingar hafa verið gerðar á öryggisleiðbeiningum skal athygli viðtakandans vakin á þeim.

1. *Söluheiti efnis eða vöru. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.*

1.1 Söluheiti efnis eða vöru skal vera það sama og notað er á umbúðunum.

1.2 Gefa skal upp nafn og heimilisfang þess íslenska aðila sem ber ábyrgð á að efnið eða varan er sett á markað, hvort sem það er framleiðandi, innflytjandi eða seljandi. Heimilisfangið verður að vera fullnægjandi ásamt símanúmeri viðkomandi.

1.3 Við fyrrgreindar upplýsingar má bæta við símanúmeri annarra aðila sem leita má til í neyðartilvikum.

2. *Samsetning/upplýsingar um innihald.*

Upplýsingarnar eiga að gefa móttakandanum möguleika á því að geta á skjótan hátt fundið út hvaða hættur eru samfara notkun efnisins eða vörunnar.

Gefa skal upp öll eiturefni og hættuleg efni ef þau eru í svo miklum styrk að geta þarf þeirra á umbúðum samkvæmt reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

Gefa skal upp öll efni af skrá 1 og 2 í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun, ef styrkur þeirra er yfir 0,1%.

Geta skal þeirrar flokkunar sem varan hefur fengið samkvæmt reglugerð nr. 236/1990, þar með taldar hættu- og varnaðarsetningar.

3. *Varúðarupplýsingar.*

Gera skal grein fyrir í stuttu en skýru máli helstu hættunum við efnið eða vöruna og sömuleiðis helstu hættum fyrir menn og umhverfið.

Lýsa skal helstu skaðlegu áhrifunum og einkennunum sem efnið eða varan getur haft á heilsu manna við notkun og einnig við hugsanlega misnotkun.

Upplýsingarnar skulu vera í samræmi við upplýsingar á umbúðum en þurfa ekki að vera endurtekning á þeim.

4. *Skyndihjálp.*

Brýnt er að geta þess ef óhapp verður ef þörf er á lækniástoð þegar í stað.

Upplýsingar um skyndihjálp skulu vera stuttar og auðskiljanlegar fyrir þann skaðaða og þá sem veita eiga skyndihjálp. Einkenna og áhrifa skal stuttlega geta. Í upplýsingunum skal koma fram hvað gera skuli á staðnum ef óhapp verður og einnig ef búast má við síðkomnum áhrifum.

Skipta skal upplýsingunum í undirflokkum eftir því hvernig efnið eða varan kemst í snertingu við viðkomandi, þ.e.a.s. innöndun, snertingu við húð og augu og inntöku. Geta skal þess hvenær þörf er á eða ráðlegt að leita til læknis.

Stundum er nauðsynlegt að til staðar sé á vinnustaðnum sérstakur búnaður eða efni, s.s. lyf, vegna sérstakrar skjótrar meðferðar við óhapp. Ef notkun efnisins krefst þess ber að geta þess sérstaklega.

5. *Bruni/aðferðir við að slökkva eld.*

Geta þarf þess hvaða viðbrögð eru æskileg/nauðsynleg ef kviknar í efninu eða vörunni eða ef eldur er laus í nágrenni.

Gefa skal upp:

- viðeigandi slökkviefni
- slökkviefni sem af öryggisástæðum ekki má nota
- hættur sem stafa frá efnum sem myndast við brunann
- sérstakan persónulegan hlífðarbúnað sem borinn skal við slökkvistörf.

6. *Efnaleki.*

Nauðsynlegt getur verið að gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði, allt eftir því um hvaða efni eða vöru er að ræða:

- Öryggisráðstafanir til verndar fólki:  
fjarlægja íkveikjuvalda, nægileg loftræsting/öndunargrímur, eftirlit með ryki, ráðstafanir til að fyrirbyggja snertingu við húð og augu o.fl.
- Öryggisráðstafanir til verndar umhverfinu:  
að hindra að efnið eða varan berist í niðurfall, yfirborðs- eða grunnvatn eða jörðu, hugsanlega er þörf á að aðvara nágranna o.fl.
- Aðferðir við hreinsun:  
notkun á ísogsefnum (t.d. sandi, kísilgúr, sýrubindiefni, alhliða bindiefni, sagi o.s.frv.), takmörkun á gas-/reykmyndun með hjálp vatns, þynning o.fl.

Hugleiða skal þörfina á notkun reglna eins og t.d.: Notið aldrei .....; Hlutleysist með .....

Vísa ber jafnvel í kafla 8 og 13.

7. *Meðhöndlun og geymsla.*

7.1 Meðhöndlun.

Gefa skal upp öruggar meðhöndlunarreglur þar með taldar tillögur að tæknibúnaði eins og almenna og sérstaka loftræstingu, aðgerðir til að hindra úða- og rykmyndun og til að koma í veg fyrir bruna og sérstakar kröfur eða reglur um efnið eða vöruna (t.d. um búnað sem er bannaður eða ráðlagður).

7.2 Geymsla.

Gefa skal upp hvernig geymsluaðstæður eiga að vera til að teljast öruggar, t.d. ef þörf er á sérstakri hönnun húsnæðisins (t.d. með tilliti til loftræstingar), hvaða efni eða vörur má ekki geyma með viðkomandi efni eða vöru, geymsluaðstæður (hita- og rakastig o.s.frv.), sérstakan rafbúnað og ef koma þarf í veg fyrir stöðurafmagn.

Þegar það á við skal gefa upp hámarks magn sem má hafa í geymslu.

Veita skal upplýsingar um kröfur, ef nokkrar, um það efni sem nota má í umbúðir um viðkomandi efni eða vöru.

8. *Eftirlit með mengun/persónuhlífar.*

Með eftirliti með mengun er átt við m.a. allar fyrirbyggjandi ráðstafanir sem gera skal við notkun efnisins eða vörunnar til að draga úr þeirri mengun sem starfsmenn geta orðið fyrir.

Grípa skal til tæknilegra aðgerða áður en þörf verður á persónuhlífum. Gefa skal upp hentugan búnað, t.d. lokað kerfi og aðstæður, til viðbótar því sem fjallað er um undir lið 7.1.

Gefa skal upp með tilvísunum mengunarmörk og þar með talin líffræðileg mengunarmörk. Veita skal upplýsingar um heppilegar aðferðir til að mæla eða meta hvort mengun sé undir eða yfir mörkum.

Ofantaldar leiðbeiningar og mörk skulu vera í samræmi við reglur nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðferðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

Ef þörf er á persónuhlífum skal veita upplýsingar um hvers konar búnaður er nauðsynlegur eða æskilegur.

- Öndunargrímur.

Ef um er að ræða varasamar lofttegundir, úða eða ryk skal íhuga hvers konar búnaður er heppilegur, t.d. ferskloftsgríma eða gríma með viðeigandi síu.

- Til hlífðar höndum.

Gefa skal upp hvers konar hanskaefni skal nota við meðhöndlun á efninu eða vörunni. Ef nauðsyn krefur skal gefa upplýsingar um annan búnað eða ráð til að verja húð og hendur.

- Til hlífðar augum.

Gefa skal upp hvers konar hlífðarbúnaður er nauðsynlegur eða heppilegur, t.d. hlífðargleraugu eða andlitshlíf.

- Til hlífðar húð.

Ef þörf er á að hlífa öðrum líkamshlutum en höndum skal veita upplýsingar um gerð persónuhlífa, t.d. hlífðarsvuntu, stígvél o.s.frv. Ef nauðsyn krefur skal gefa upp nauðsynlega hreinlætisaðstöðu.

9. *Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.*

Þessi hluti skal fjalla um eftirfarandi þætti eftir því sem við á:

|                |   |
|----------------|---|
| Útlit:         | Gefa skal upp á hvaða formi efnið eða varan er (fast, fljótandi, loftkennt) og lit efnisins eða vörunnar við afhendingu.  |
| Lykt:          | Ef efnið eða varan hefur lykt skal lýsa henni í stuttu máli.  |
| Sýrustig (pH): | Gefa skal upp pH-gildi efnisins eða vörunnar eins og það er þegar efnið eða varan er sett á markað eða á vatnslausn efnisins eða vörunnar. Í síðara tilvikinu skal gefa upp styrkinn. |

Suðumark/suðumarksbil

Bræðslumark/bræðslumarksbil

Logamark

Íkveikjumark

Hætta á sjálfíkveikju

Sprengimörk

Eldnærandi eiginleikar

Gufuþrýstingur

Eðlisþyngd

Leysanleiki:

- Vatnsleysanleiki
- Fituleysanleiki (gefa skal upp leysiefnið)



Aðrar upplýsingar:

Hér skal gefa upplýsingar sem skipta máli með tilliti til öryggis eins og t.d. blöndunareiginleika, uppguf-unarhraða, leiðni, seigju o.s.frv.

10. *Stöðugleiki og hvarfgirni.*

Hér skal veita upplýsingar um stöðugleika efnisins eða vörunnar og möguleika á hættulegum efnahvörfum undir vissum kringumstæðum.

Aðstæður sem skal forðast:

Gefa skal upp aðstæður, t.d. hitastig, þrýsting, lýsingu, stuð sem geta komið af stað hættulegu hvarfi og gefa jafnframt stutta lýsingu á því ef þess er nokkur kostur.

Efni sem skal varast:

Gefa skal upp efni, t.d. vatn, loft, sýrur, basa, oxandi efni eða önnur efni sem geta komið af stað hættulegu hvarfi og lýsa því ef þess er nokkur kostur.

Varasöm niðurbrotsefni:

Gefa skal upp þau varasömu efni sem myndast í hættulega miklu magni við niðurbrot.

Ath.: Gefa skal upp með nafni:

- nauðsyn á sérstöku efni til að auka stöðugleikann
- möguleikann á hættulegu útvörmu hvarfi
- þýðingu á hugsanlegri breytingu með tilliti til eðlisfræðilegs útlits efnisins eða vörunnar
- varasöm niðurbrotsefni sem geta myndast við snertingu við vatn
- möguleikann á niðurbroti í óstöðug efni

11. *Eiturfræðilegar upplýsingar.*

Þessi hluti fjallar um þörfina á stuttri en fullnægjandi og auðskiljanlegri lýsingu á hinum mismunandi eituráhrifum (heilsufarsáhrifum) sem notandinn getur orðið fyrir komist efnið eða varan í snertingu við hann.

Veita skal upplýsingar um hættuleg áhrif á heilsuna af völdum efnisins eða vörunnar sem byggðar eru á bæði reynslu og ályktunum út frá vísindalegum rannsóknum. Lýsingin skal innihalda upplýsingar um með hvaða hætti efnið eða varan getur haft skaðleg áhrif (innöndun, inntaka, snerting við húð og augu), ásamt lýsingu á einkennum sem eru af eðlis-, efna- og eiturefnafræðilegum toga. Einnig skal veita upplýsingar um þekkt bráð og síðkomin áhrif og þá einnig áhrif vegna bæði skammvinnrar og langtíma mengunar, t.d. ofnæmi, krabbamein, stökkbreytingar, áhrif á æxlun, þar á meðal fósturskemmdir og svæfingar- og deyfíáhrif.

Með tilliti til þeirra upplýsinga sem fram koma samkvæmt grein 2 um *samsetningu/upplýsingar um innihald* getur verið nauðsynlegt að veita upplýsingar um áhrif einstakra efna á heilsuna.

12. *Hættur gagnvart umhverfinu.*

Veita skal upplýsingar um hvaða áhrif efnið hefur mögulega á umhverfið.

Lýsa skal mikilvægustu einkennum sem gætu haft áhrif á umhverfið vegna eðlis og líkleggrar notkunar efnisins eða vörunnar:

- hreyfanleiki
- mótstaða og niðurbrotseiginleikar
- uppsöfnun í lífríkinu
- eituráhrif í vatni og aðrar upplýsingar um áhrif á lífríki vatnsins

Athugasemd.

Ef ekki hefur verið lagt mat á áhrif vöru á umhverfið skal gefa ofanefndar upplýsingar um þau efni sem varan er samsett úr og flokkast sem skaðleg fyrir umhverfið.

**13. Förgun.**

Ef förgun á efninu eða vörunni (umframmagn eða úrgangur vegna fyrirsjáanlegrar notkunar) skapar hættu skal gefa lýsingu á afgangsefnum og upplýsingar um örugga meðferð.

Gefa skal upp viðeigandi aðferðir við förgun bæði á efninu eða vörunni og menguðum ílátum (brennsla, endurvinnsla, urðun o.s.frv.).

**14. Flutningur.**

Benda skal á reglur sem notandinn eða sá sem annast flutning verður að þekkja til hvort sem um er að ræða tilfærslu á vinnustaðnum eða utan hans.

Hægt er að veita viðbótarupplýsingar úr leiðbeiningum SP og öðrum alþjóðasamþykktum um flutning og umbúðir um varasöm efni og vörur.

**15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörunnar.**

Endurtaka skal upplýsingarnar sem eru á umbúðunum vegna ákvæða í reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

Ef sérstök ákvæði (t.d. takmarkanir á notkun) gilda um efnið eða vöruna skal geta þess undir þessum lið.

**16. Aðrar upplýsingar.**

Veita skal aðrar upplýsingar sem skipt geta máli fyrir öryggi og heilsu, eins og t.d.:

- ráðleggingar um menntun/þjálfun
- ráð um notkun eða takmarkanir á notkun
- ítarlegri upplýsingar (skriflegur heimildarlisti og/eða tæknilegur upplýsingaraðili)
- heimildir og annað hliðsjónarefni við gerð öryggisleiðbeininganna.

Hér skal dagsetning öryggisleiðbeininganna einnig koma fram sé hennar ekki getið annars staðar í þeim.

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni.

#### 1. gr.

Viðauki 8 með reglugerð nr. 398/1995 orðast svo:

Um efnagreiningar á áburði gilda ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnar ESB (77/535/EBE) og breyting með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/8/EB.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22 29. mars 1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 13. september 1996.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

Jón Höskuldsson.

# REGLUGERÐ

## um breyting á reglugerð um stjórnsluudæmi sýslumanna, nr. 57 5. febrúar 1992.

### 1. gr.

1. gr. orðist svo:

Landinu er skipt í 27 stjórnsluudæmi. Eiga sveitarfélög undir hvert þeirra, sem hér segir:

1. *Umdæmi sýslumannsins, lögreglustjórans og tollstjórans í Reykjavík:*  
Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.
2. *Umdæmi sýslumannsins á Akranesi:*  
Akraneskaupstaður.
3. *Umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi:*  
Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtisdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhliðarhreppur, Borgarhreppur, Borgarbyggð og Álftaneshreppur.
4. *Umdæmi sýslumannsins í Stykkishólmi:*  
Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Eyrarsveit, Helgafellsveit, Stykkishólmsbær og Skógarstrandarhreppur.
5. *Umdæmi sýslumannsins í Búðardal:*  
Dalabyggð og Saurbæjarhreppur.
6. *Umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði:*  
Reykhólahreppur, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur.
7. *Umdæmi sýslumannsins í Bolungarvík:*  
Bolungarvíkurkaupstaður.
8. *Umdæmi sýslumannsins á Ísafirði:*  
Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur.
9. *Umdæmi sýslumannsins á Hólmanvík:*  
Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmanvíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Broddaneshreppur og Bæjarhreppur.
10. *Umdæmi sýslumannsins á Blönduósi:*  
Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstanga-hreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduósbær, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.
11. *Umdæmi sýslumannsins á Sauðárkróki:*  
Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur og Fljótahreppur.
12. *Umdæmi sýslumannsins á Siglufirði:*  
Siglufjarðarkaupstaður.
13. *Umdæmi sýslumannsins á Ólafsfirði:*  
Ólafsfjarðarkaupstaður.

14. *Umdæmi sýslumannsins á Akureyri:*

Grímseyjarhreppur, Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Hríseyjarhreppur, Árskógshreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtu-bakkahreppur.

15. *Umdæmi sýslumannsins á Húsavík:*

Hálshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælhreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðshreppur og Þórshafnarhreppur.

16. *Umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði:*

Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Fljót-dalshreppur, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðabær, Fellahreppur, Tungu-hreppur, Eiðahreppur, Hjaltastaðahreppur, Borgarfjarðarhreppur og Seyðisfjarðar-kaupstaður.

17. *Umdæmi sýslumannsins í Neskaupstað:*

Neskaupstaður.

18. *Umdæmi sýslumannsins á Eskifirði:*

Eskifjarðarkaupstaður, Reyðarfjarðarhreppur, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðar-hreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.

19. *Umdæmi sýslumannsins á Höfn:*

Bæjarhreppur, Hornafjarðarbær, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.

20. *Umdæmi sýslumannsins í Vík:*

Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur.

21. *Umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli:*

Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Holta- og Landsveit, Ásahreppur og Djúpárhreppur.

22. *Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum:*

Vestmannaeyjabær.

23. *Umdæmi sýslumannsins á Selfossi:*

Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbyggðahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfossbær, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Skeiðahreppur, Gnúpverja-hreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur, Grímsnes-hreppur, Þingvallahreppur, Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Ölfushreppur.

24. *Umdæmi sýslumannsins í Keflavík:*

Grindavíkurkaupstaður, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Reykjanesbær og Vatnsleysu-strandarhreppur, þó ekki svæði sem falla undir lið 25.

25. *Umdæmi sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli:*

Svæði á Suðurnesjum sem eru varnarsvæði og varnarsamningur Íslands og Banda-ríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og sýnd eru á uppdrætti er fylgir reglugerð þessari.

26. *Umdæmi sýslumannsins í Hafnarfirði:*

Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær og Bessastaðahreppur.

27. *Umdæmi sýslumannsins í Kópavogi:*

Kópavogskaupstaður.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum í 11. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92 1. júní 1989, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. september 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

\_\_\_\_\_  
*Þorsteinn A. Jónsson.*

## REGLUGERÐ

### um ákvörðun lyfjaverðs.

## 1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um verðákvörðun á lyfseðilsskyldum lyfjum og öllum dýralyfjum í heilidsölu og smásölu.

## 2. gr.

*Ákvörðun lyfjaverðs.*

Hámarksverð lyfseðilsskyldra lyfja í heilidsölu og smásölu er ákveðið af lyfjaverðsnefnd, sbr. 40. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, sbr. 5. og 6. gr. reglugerðar þessarar.

Falli atkvæði jöfn við afgreiðslu mála hjá nefndinni sker atkvæði formanns úr.

## 3. gr.

*Vinnureglur.*

Lyfjaverðsnefnd skal setja sér vinnureglur um hvernig hámarksverð í heilidsölu og smásölu er fundið. Vinnureglurnar skulu staðfestar af ráðherra.

## 4. gr.

*Umsókn um heilidsöluverð.*

Markaðsleyfishafar sérlyfja eða umboðsmenn þeirra skulu sækja um hámarksverð í heilidsölu og allar verðbreytingar til hækkunar á lyfseðilsskyldum lyfjum og öllum dýralyfjum til lyfjaverðsnefndar á þar til gerðu eyðublaði, sem nefndin lætur gera í samræmi við vinnureglur.

Umsækjandi skal veita lyfjaverðsnefnd fullnægjandi upplýsingar, m.a. ítarlegar upplýsingar um þau atvik sem átt hafa sér stað frá því að verð á lyfinu var síðast ákvarðað og réttlæta að hans mati umbeðna verðhækkun.

Lyfjaverðsnefnd skal að öðru jöfnu tryggja að umfjöllun um hámarksverð í heilidsölu sé lokið innan 90 daga frá því að fullnægjandi umsóknargögn berast nefndinni.

Tilkynning um lækkun á hámarksverði lyfs skal hafa borist lyfjaverðsnefnd í síðasta lagi 10. hvers mánaðar.

## 5. gr.

*Ákvörðun á heilidsöluverði.*

Fulltrúi lyfjaheilidsala eða lyfjaframleiðenda tekur sæti í nefndinni, eftir því sem við á, þegar teknar eru almennar ákvarðanir um hámarksverð í heilidsölu. Þegar nefndin fjallar um

einstakar verðumsóknir einstakra fyrirtækja á hins vegar fulltrúi handhafa markaðsleyfis rétt á sæti í nefndinni í stað fulltrúa áðurnefndra samtaka, sbr. 8. gr.

6. gr.

*Ákvörðun á smásöluverði.*

Lyfjaverðsnefnd ákvarðar hámarksverð lyfs í smásölu, m.a á grundvelli viðurkennds hámarksverðs í heildsölu.

Fulltrúi samtaka lyfsala tekur sæti í nefndinni, þegar fjallað er um hámarksverð í smásölu og þegar fjallað er um hámarksverð á dýralyfjum í smásölu tekur fulltrúi samtaka dýralækna einnig sæti í nefndinni auk þess sem nefndin skal þá leita álits yfirdýralæknis.

7. gr.

*Verðeftirlit.*

Lyfjaverðsnefnd skal fylgjast með innkaups- og framleiðsluverði lyfja og verðlagningu lyfja í heildsölu og smásölu hér á landi og bera saman við sambærileg verð í öðrum löndum. Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með að hámarksverð lyfja í heildsölu og smásölu sé virt.

8. gr.

*Verðbreytingar og endurskoðun hámarksverðs.*

Lyfjaverðsnefnd og/eða hagsmunaaðilar geta krafist endurskoðunar á áður ákvörðuðu hámarksverði í heildsölu og smásölu þegar um er að ræða breyttar aðstæður eða nýjar upplýsingar.

Þegar nefndin fjallar um slíkar breytingar taka fulltrúar viðkomandi hagsmunaaðila sæti í nefndinni.

Þegar nefndin fjallar um einstakar verðumsóknir tekur fulltrúi handhafa markaðsleyfis sæti í nefndinni í stað fulltrúa hagsmunaaðila.

9. gr.

*Lyfjaverðskrá o.fl.*

Lyfjaverðsnefnd hefur með höndum útgáfu lyfjaverðskrár sem í er birt hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og öllum dýralyfjum í heildsölu og smásölu.

Lyfjaverðskrá skal gefin út ársfjórðungslega, þ.e. 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október, ár hvert.

Lyfjaverðsnefnd gefur mánaðarlega út dreifibréf þar sem fram koma breytingar vegna lækkunar og hækkunar á hámarksverði lyfja.

10. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og öðlast gildi 1. október 1996. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 244/1974 um viðurkenningu á innkaupsverði sérlyfja, ásamt áorðnum breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. september 1996.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

---

*Einar Magnússon.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 70, 23. febrúar 1993 um útflutningsleyfi o.fl.

1. gr.

Fylgiskjal 2 orðist svo:

### Útflutningur á fiski sem háður er leyfi utanríkisráðuneytisins.

| Tollskrárnúmer      | Vörutegund                               |
|---------------------|--|
| 0301                | Lifandi fiskur                           |
| 0302.2101-0302.2900 | Flatfiskur, þó ekki í flugi              |
| 0302.5000           | Þorskur, þó ekki í flugi                 |
| 0302.6200           | Ýsa, þó ekki í flugi                     |
| 0302.6300           | Ufsi, þó ekki í flugi                    |
| 0302.6500           | Háfur og aðrir háfiskar, þó ekki í flugi |
| 0302.6901           | Loðna, þó ekki í flugi                   |
| 0302.6902           | Langa, þó ekki í flugi                   |
| 0302.6903           | Karfi, þó ekki í flugi                   |
| 0302.6904           | Keila, þó ekki í flugi                   |
| 0302.6905           | Steinbítur, þó ekki í flugi              |
| 0302.6906           | Skata, þó ekki í flugi                   |
| 0302.6909           | Annar fiskur, þó ekki í flugi            |
| 0305.2001           | Grásleppuhrogn, söltuð                   |

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. gr. laga nr. 4/1988 um útflutningsleyfi o.fl. og öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 11. september 1996.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Helgi Ágústsson.*

Nr. 503

19. september 1996

## AUGLÝSING

um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, hefur verið ákveðið:

að Eskifjarðarbær og Reyðarfjarðarhreppur myndi eina almannavarnanefnd og myndi þannig samstarf um almannavarnir á svæðinu.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. september 1996.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Hjalti Zóphóníasson.*

# REGLUGERÐ

## fyrir Lífeyrissjóðinn Framsýn.

### 1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóðurinn Framsýn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli samkomulags stéttarfélaga og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

### 3. Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar skulu vera allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og eru félagar í einhverju eftirgreindra stéttarfélaga: Verkamannafélaginu Dagsbrún, Verkakvennafélaginu Framsókn, Starfsmannafélaginu Sókn, Iðju félagi verksmiðjufólks, Verkamannafélaginu Hlíf, Verkakvennafélaginu Framtíðinni, Félagi starfsfólks í veitingahúsum, Bakarasveinafélagi Íslands, Bifreiðastjórafélaginu Sleipni og Félagi hárgreiðslu- og hárskerasveina. Ennfremur þeir launamenn sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum ofangreindra félaga, enda séu þeir ekki bundnir aðildarskyldu að öðrum lífeyrissjóði. Aðildarfélag sjóðsins eru framangreind stéttarfélag af hálfu launamanna en Vinnuveitendasamband Íslands af hálfu atvinnurekenda.
- 3.2. Rétt og skylt er launamanni á starfsviði sjóðsins að gerast sjóðfélagi, þótt ekki sé hann félagi í ofangreindum stéttarfélögum, enda sé honum ekki skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði.
- 3.3. Sjóðfélagi sem gerist atvinnurekandi er rétt að halda órofa aðild að lífeyrissjóðnum, enda hafi hann ekki öðlast aðild að öðrum lífeyrissjóði. Þá er atvinnurekendum sem tengjast starfssviði sjóðsins heimil sjóðsaðild, en biðtími gagnvart áhættulífeyri skv. 12.-14. gr. reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni.
- 3.4. Nú óskar stéttarfélag eftir aðild að þessum sjóði, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum þess og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launþega, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.
- 3.5. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við Lífeyrissjóðinn Framsýn. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna. Stéttarfélag sem að slíkum sjóðum standa fá fulla aðild að fulltrúaráði skv. gr. 5.3.
- 3.6. Þeir, sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðfélagar.



**4. Stjórn.**

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af launþegum og fjórir af vinnuveitendum. Átta varamenn skulu kosnir á sama hátt og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Kosning fulltrúa launþega fer fram á ársfundi sjóðsins, en framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands kýs fulltrúa vinnuveitenda.
- 4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra.
- 4.3. Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð 20 ára aldri, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu. Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins.
- 4.4. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélag hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur, hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé iögmæt, þurfa fimm stjórnarmenn að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meiri hluti hluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.
  - 4.5.1. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur.
  - 4.5.2. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar til dæmis ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum skal framkvæmdastjóri aðeins gera með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.
  - 4.5.3. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í lífeyrissjóðnum.
  - 4.5.4. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
  - 4.6.1. Allar meiriháttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn, og að fengnu samþykki hennar.
  - 4.6.2. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem samþykkt er á ársfundi og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
  - 4.6.3. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn og endurskoðendum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
  - 4.7.1. Hvorki stjórnarmenn eða starfsmenn mega taka þátt í meðferð máls ef þeir hafa persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um vanhæfi til meðferðar einstaks máls fer að öðru

leyti eftir meginreglum stjórnáæslulaga. Stjórnarmönnum og eftir atvikum starfsmönnum er skylt að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi skv. framan-töldu. Skal þá varamaður taka sæti aðalmanns meðan fjallað er um mál sem svo er vaxið.

- 4.7.2. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eftir eðli máls.
- 4.7.3. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórn um atvinnu-fyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins né heldur áhættufjármagnsfyrirtækjum sem sjóðurinn á hluti í. Þess skal og jafnan gætt að sjóðurinn styðji menn ekki til stjórnarkjörs í hlutafélögum ef stjórnarsetan getur valdið hagsmunaárekstrum eða skert sjálfstæði sjóðsins.

## 5. Ársfundur.

- 5.1. Ársfundur hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðruvísi ákveðið í reglugerð þessari. Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt.
- 5.2. Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar, þegar þurfa þykir. Skylt er stjórninni að boða til aukafundar, ef minnst 3 félög, sem eiga aðild að sjóðnum, krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Sama gildir ef slík ósk berst frá VSÍ. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.
- 5.3. Sérstakt fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu. Fulltrúar stéttarféлага skulu þannig valdir að hvert aðildarfélag að lífeyrissjóðnum samkvæmt grein 3.1. kýs úr sínum hópi einn fulltrúa fyrir allt að 500 félaga og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 500 félagsmanna, eða brot úr þeirri tölu, ef það nemur tveimur hundruðum eða meira. Miðað er við þann fjölda félagsmanna sem fæst með því að deila einum hundraðasta grundvallarfjárhæðar, samkvæmt grein 10.2. næstliðins árs í félagsgjöld næstliðins árs samkvæmt ársreikningi aðildarfélags. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu kosnir af framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands. Fulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn, eigi síðar en mánuði fyrir ársfund.
- 5.4. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð þessari. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarféлага greiða atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meiri hluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.
- 5.5. Á ársfundi skal tekið fyrir:
- 5.5.1. Skýrsla stjórnar.

- 5.5.2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings.
- 5.5.3. Tryggingafræðileg úttekt.
- 5.5.4. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
- 5.5.5. Kosning stjórnar og varamanna.  
Fulltrúar stéttarfélaga í fulltrúaráði skulu kjósa tvo aðalmenn og tvo varamenn í stjórn. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilkynna um kjör framkvæmdastjórnar VSI á tveimur aðalmönnum og tveimur varamönnum í stjórn.
- 5.5.6. Kosning skoðunarmanna.  
Fulltrúar stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda í fulltrúaráði skulu hvor um sig á ársfundi kjósa einn skoðunarmann ársreikninga og einn til vara. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs.
- 5.5.7. Tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 22. greinar.
- 5.5.8. Laun stjórnar og skoðunarmanna.
- 5.5.9. Önnur mál.  
Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

## 6. Reikningar og endurskoðun.

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og ennfremur af tveim skoðunarmönnum, sem kjörnir eru á ársfundi.

## 7. Tryggingafræðileg athugun.

- 7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda, sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda, sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark.
- 7.2. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins séu umfram skuldbindingar miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins að höfðu samráði við tryggingafræðing gera tillögur til ársfundar um aukin lífeyrisréttindi.
- 7.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, skal stjórn sjóðsins að höfðu samráði við tryggingafræðing gera tillögur til ársfundar um lækkun lífeyrisréttinda, sem grípa skal til, enda finnst ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Ekki er þó hægt að lækka réttindi meira en að þeim lágmarksréttindum, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2.
- 7.4. Ef eignir eru umfram skuldbindingar lífeyrissjóðsins og fyrir liggur að mati tryggingafræðings að örugg ávöxtun á fjármunum umfram reiknigrundvöll tryggingafræðilegrar úttektar leyfi greiðslu uppbótar á lífeyri getur sjóðstjórn gert tillögu til ársfundar um tímabundna greiðslu uppbótar á lífeyri. Uppbót skv. þessu getur numið allt að 10%. Ákvörðun um greiðslu uppbótar gildi þá fyrir 5 ár í senn. Greiði sjóðurinn uppbætur á lífeyri skv. þessu ákvæði skal sú ákvörðun endurmetin árlega fyrir 5. árið þaðan í frá.

**8. Ávöxtun fjár sjóðsins.**

- 8.1. Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og er skylt að ávaxta það á sem bestan hátt að teknu tilliti til öryggis og áhættu. Heimilt er að ávaxta fjármuni sjóðsins með eftirfarandi hætti:
  - 8.1.1. Í ríkisskuldabréfum.
  - 8.1.2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
  - 8.1.3. Í skuldabréfum sveitarfélaga, enda séu heildarskuldir og ábyrgðir viðkomandi sveitarfélaga innan viðurkenndra marka að mati sjóðstjórnar.
  - 8.1.4. Með innlánam í bönkum og sparisjóðum.
  - 8.1.5. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum, innan við 50% af fasteignamati. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessu mati, ef markaðsverð eigna gefur tilefni til.
  - 8.1.6. Í skuldabréfum banka, sparisjóða, lánasjóða og fjárfestingastofnana með trausta eiginfjárstöðu, enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
  - 8.1.7. Í skuldabréfum og víxlum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, enda séu viðkomandi skuldabréf skráð á Verðbréfaþingi Íslands.
  - 8.1.8. Í hlutabréfum. Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Þetta ákvæði gildir þó ekki gagnvart eignarhlutum í félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal á hverjum tíma ekki vera meiri en sem nemur 15% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Hlutabréfaeign sjóðsins í félögum skráðum á Verðbréfaþingi Íslands, skal aldrei vera lægri en sem nemur 85% af heildarhlutabréfaeign sjóðsins. Allt að 15% af heildarhlutabréfaeign þarf ekki að vera skráð á Verðbréfaþingi Íslands, enda hafi þau hlutabréf skráð kaup- og sölugengi á opinberum markaði.
  - 8.1.9. Í traustum erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) og í verðbréfasjóðum skráðum á opinberum verðbréfaþingum. Verðbréf skulu keypt fyrir milligöngu viðurkenndra verðbréfamíðlara. Þó er sjóðnum heimilt að kaupa milliliðalaust hlutdeildarskírteini í skráðum verðbréfasjóðum. Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 15% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.
- 8.2. Fjárfestingar lífeyrissjóðsins skulu miðast við að heildarkröfur á hendur einum aðila fari ekki umfram 2,5% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Þó er heimilt að hafa allt að fjórfalt þetta hlutfall í heildarkröfum gagnvart einstökum bönkum. Þessi takmörk eiga ekki við um kröfur með ríkisábyrgð.
- 8.3. Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið um að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignum. Þar skal enn fremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, söluhæfi eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að endurspegli gleggst fjárfestingarstefnu sjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins leggja fram fjárfestingarstefnuna, sbr. 5.5.4.
- 8.4. Heimilt er sjóðnum að eiga fasteign fyrir skrifstofur sínar.

**9. Iðgjöld.**

- 9.1. Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af launum starfsmanna 16 til 70 ára, sem tilgreind eru í 9.2. eða ákveðin af sjóðstjórn samkvæmt 9.3. Sé um launamenn að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launamaður greiðir 4%, en launagreiðandi 6%.
- 9.2. Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast, og gera upp mánaðarlega. Nú eru laun greidd vikulega, og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.
- 9.3. Stjórn sjóðsins setur reglur um, við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem gerast sjálfstæðir atvinnurekendur eða stunda sjálfstæða atvinnu við inngöngu í sjóðinn, svo og þeirra, sem hún veitir heimild til þátttöku sbr. 3.4.
- 9.4. Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldalagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti þá sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka frá gjalddaga til greiðsludags.
- 9.5. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 9.6. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 9.7. og 9.9. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot, og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 6. grein laga nr. 53/1993. ( Um er að ræða stjórnarmenn og stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis, maka þeirra og skyldmenni, skv. nánari reglum stjórnar Ábyrgðarsjóðs launa).
- 9.7. Tvisvar á ári, 1. mars og 1. september, skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framanskráðu, skal viðkomandi án tafar gera sjóðnum viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd.
- 9.8. Senda skal lokaadvörum til launagreiðenda, ef iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum hans hafa verið í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga. Formlega innheimtu skal hefja innan 15 daga frá útsendingu lokaadvörunar.
- 9.9. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðenda. Lokaadvörum til launagreiðenda skal senda innan 90 daga frá dagsetningu yfirlits samkvæmt 9.7. Um innheimtu fer að öðru leyti eftir 9.8.
- 9.10. Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagreini eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og skapa réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfelli þegar hafin hefur verið formleg innheimta

iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.8. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðenda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

## 10. Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 10.1. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans samkvæmt reglugerð þessari. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyristryggingar og áskilur sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur. Komi til þess að breyta þurfi réttindaákvæðum reglugerðar og það leiði til rýrari réttar sjóðfélaga sem rétt eiga í sjóðnum á samþykktardegi skal breytingin ekki hafa áhrif til lækkunar lífeyris fyrir en að 5 árum liðnum sbr. þó gr.7.3.
- 10.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera kr. 49.084.- og breytist hún mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir, ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn reynist síðar ónothæfur.
- 10.3. Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarfjárhæð ársins samkvæmt 10.2. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyrir er að ræða, skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.
- 10.4. Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar, er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.
- 10.5. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.
- 10.6. Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 10.4. fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 16. greinar.

## 11. Ellilífeyrir.

- 11.1. Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.
- 11.2. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,4.
- 11.3. Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,6% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.
- 11.4. Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri.

## 12. Örorkulífeyrir.

- 12.1.1. Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. 12.2 og áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

- 12.1.2. Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekju-  
skerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barna-  
lífeyrir skv. 14.3 vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur  
sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.
- 12.2.1. Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum  
um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og álit  
trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal mat orkutaps aðallega  
miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild  
hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps  
ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum  
störfum.
- 12.2.2. Heimilt er að fengnu álit trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu  
örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans.
- 12.3.1. Þegar skilyrði 12.1. eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyris-  
rétt samkvæmt 11. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóð-  
félaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknaðs samkvæmt 12.4., marg-  
földuðum með 1.4, enda hafi sjóðfélagi:
- greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og  
áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára.
  - greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
  - ekki orðið fyrir orkutapi, sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja, eða fíknifna.
- 12.3.2. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins  
njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til  
þessa sjóðs.
- 12.3.3. Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa  
sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í  
þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hefur til  
orkutapsins.
- 12.3.4. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess  
valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau, sem nefnd eru í a-lið, er  
sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi  
almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma aftur  
fyrir orkutap.
- 12.4. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri, er hann verður fyrir orkutapi, rétt  
samkvæmt 12.3. á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:
- 12.4.1. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji  
sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna  
sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar  
meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem  
lakast er.
- 12.4.2. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjald-  
greiðslur til sjóðsins, og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal  
reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár, sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal  
miða framreikning við þetta meðaltal.

- 12.4.3. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri, og sennilegt má telja, að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,5, og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.
- 12.4.4. Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt liðunum 12.4.1. eða 12.4.2. meira en tveimur stigum, skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.
- Ef rekja má sjúkdóma þá, sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann, að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs, er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, til þess tíma, er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.
- 12.5. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 12.1.
- 12.6. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir, ef orkutap skv. 12.2. hefur varað skemur en í sex mánuði.
- 12.7. Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.
- 12.8. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 12.9. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.
- 13. Makalífeyrir.**
- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- 13.2. Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.
- 13.3. Sé maki að minnsta kosti 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, þó aldrei lengur en til 70 ára aldurs, sjá grein 13.5.



- 13.4. Stofnist réttur til makalífeyris skv. 13.1., 13.2., 13.3. eða 15.3. skal fullur makalífeyrir alltaf greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.
- 13.5. Nú hafa greiðslur makalífeyris fallið niður áður en makinn nær 67 ára aldri og stofnast þá réttur á ný til fulls makalífeyris, sem greiðist í allt að 36 mánuði, enda sé hann ekki í hjónabandi og eigi ekki rétt til makalífeyris vegna síðara hjónabands. Nú hafa greiðslur makalífeyris skv. 13.2., 13.3. eða 13.4. ekki fallið niður við 67 ára aldur makans og skal þá greiða fullan makalífeyri til 70 ára aldurs, en þó skal aldrei greiða fullan makalífeyri skemur en 60 mánuði við þessar aðstæður. Nú er maki sjóðfélaga orðinn 67 ára við fráfall sjóðfélagans og öðlast makinn þá rétt til fulls makalífeyris í allt að 60 mánuði.
- 13.6. Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 13.1. - 13.4. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabíl fyrir andlát hans.
- 13.7. Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samantölögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,7. Þegar skilyrði 13.1. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna stiga telja þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 12.4. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 12.9., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 13.1. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 15.3.
- 13.8. Ekkja eða ekill samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem var í hjúskap eða sambúð sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlátið, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

#### **14. Barnalífeyrir.**

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 14.2. Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 7.500 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaks mánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 10.2. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 13.7., eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður, ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

- 14.3. Sé sjóðfélagi úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn, sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt 14.2 með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaks mánuð er 5.500 kr. með hverju barni. Sé örorka samkvæmt 12. gr. metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.
- 14.4. Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.
- 14.5. Barnalífeyrir greiðist framfærandi barnsins.

### 15. Iðgjaldagreiðslur falla niður.

- 15.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurðað skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 15.2. Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 16. gr.
- 15.3. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin stig sbr. þó 15.1. og 15.2.

### 16. Endurgreiðsla iðgjalda.

- 16.1. Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjaldahluta launþega erlendum ríkisborgurum, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum. Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, sem náð hafa 70 ára aldri, sbr. 9.1. og 10.4., skal hann endurgreiða sjóðfélagi og launagreiðenda iðgjaldshluta þeirra. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
- 16.3. Endurgreiðslufjárhæð er 4% af grundvallarfjárhæð á greiðsludegi samkvæmt 10.2. margfölduð með stigum viðkomandi sjóðfélaga.

### 17. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.

- 17.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða, að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn fyrir en

þeir hafa hlotið samþykki Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, svo og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

### **18. Tilhögun lífeyrisgreiðslna.**

- 18.1. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.
- 18.2. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda, og fyrirjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

### **19. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.**

- 19.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

### **20. Gerðardómur.**

- 20.1. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms, sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum tilnefndum af Sambandi almennra lífeyrissjóða og oddamanni tilnefndum af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar.

### **21. Eftirlit.**

- 21.1. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 27/1991.

### **22. Breytingar á reglugerðinni.**

- 22.1. Tillögur um breytingar á reglugerð þessari má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. þremur mánuðum fyrir ársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal, fullum tveimur mánuðum fyrir ársfund, senda aðildarfélögum sjóðsins og VSÍ tillögurnar til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum samkvæmt samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.
- 22.2. Tillaga að breytingu á ákvæðum, sem teljast efni kjarasamninga s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðsins, þ. á m. um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar verður einungis tekin fyrir á ársfundi að fyrir liggja samþykki 2/3 hluta samtaka atvinnurekenda og launþega sem að sjóðnum standa. Um vægi atkvæða einstakra aðildarfélaga sjóðsins fer þá eftir ákvæðum í gr. 5.3. og þarf þá bæði samþykki tilskilins meirihluta samtaka stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa.

- 22.3. Reglugerðarbreyting öðlast því aðeins gildi að hún hafi verið samþykkt með a.m.k. 2/3 hlutum atkvæða fulltrúa á ársfundi sjóðsins og hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytis.
- 22.4. Breytingar á bótaákvæðum gildi jafnt um áunnin bótaréttindi sem framtíðar réttindi.

### 23. Gildistaka.

- 23.1. Reglugerð þessi gildir frá 1. júlí 1996.

Framangreind reglugerð þannig samþykkt á ársfundi sjóðsins 28. júní 1996.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 4. september 1996.*

F. h. r.

**Áslaug Guðjónsdóttir.**

---

*Hermann Jónasson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Skeiðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Skeiðahrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert býli (búrekstur og íbúð), aðrar íbúðir, sumarhús og fyrirtæki. Gjaldið skal innheimt með gjalddaga 1. maí ár hvert og eindaga 1. júní.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

|                 |           |               |           |
|-----------------|-----------|---------------|-----------|
| Býli .....      | kr. 5 500 | Íbúðir .....  | kr. 2 500 |
| Fyrirtæki ..... | kr. 3 000 | Sumarhús..... | kr. 1 500 |

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Skeiðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Árið 1996 verður gjalddagi 1. október og eindagi 1. nóvember.

*Umhverfisráðuneytinu, 23. september 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# REGLUR

## um lausafjárhlutfall innlánsstofnana af innlendum skuldbindingum.

Bankastjórn Seðlabankans hefur, að höfðu samráði við bankaráðið, ákveðið eftirfarandi reglur um lausafjárhlutfall innlánsstofnana skv. 4. og 5. mgr. 8. gr. og 41. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986, sbr. lög nr. 11/1989, sbr. ennfremur 4. og 5. mgr. 19. gr. og 70. gr. reglugerðar fyrir Seðlabanka Íslands nr. 470/1986, með áorðnum breytingum.

### 1. gr.

Reglur þessar taka til viðskiptabanka og sparisjóða svo og annarra stofnana og félaga, sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar, sbr. 6. gr. laga nr. 36/1986.

### 2. gr.

Innlánsstofnanir skulu eiga laust fé eins og það er skilgreint í 3. gr. sbr. 5. gr., að lágmarki 12% af ráðstöfunarfé eins og það er skilgreint í 4. gr.

### 3. gr.

Með lausu fé er átt við eftirfarandi efnahagsliði, enda sé upphaflegur lánstími/binding þeirra lengst til 3ja mánaða, sbr. þó 3. og 9. tl.:

1. Innstæður í íslenskum krónum á óbundnum reikningum í Seðlabanka.
2. Innlendir peningar í sjóði.
3. Ríkisvixlar og mótvirði endurhverfra ríkisvixlaviðskipta. Mótvirði vegna endurhverfra ríkisvixlakaupa skal talið til eignar en mótvirði endurhverfrar ríkisvixlasölu til frádráttar.
4. Innstæðubréf í Seðlabanka og mótvirði endurhverfra verðbréfakaupa með innstæðubréf Seðlabanka.
5. Vixillán í Seðlabanka til frádráttar.
6. Óbundin nettóstaða í íslenskum krónum gagnvart innlendum innlánsstofnunum en með nettóstöðu er átt við innstæður eða aðrar kröfur að frádregnum skuldum. Innstæður eða aðrar kröfur á innlánsstofnanir teljast því aðeins með lausu fé að þær hafi verið tilkynntar jafnóðum til Seðlabankans og gefin hafi verið skýrsla um skiptingu þeirra eftir innlánsstofnunum í lok mánaðar og að meðaltali í mánuðinum.
7. Skuldir umfram kröfur á innlendar innlánsstofnanir sbr. 6. tölulið koma þó ekki til frádráttar lausu fé, enda séu þær ekki hærri en 3% af ráðstöfunarfé sbr. 4. gr. og þær hafi verið tilkynntar jafnóðum til Seðlabankans og gefin hafi verið skýrsla um skiptingu skuldanna eftir innlánsstofnunum í lok mánaðar og að meðaltali í mánuðinum.
8. Heildargjaldeyrisjöfnuður (jákvæður eða neikvæður), sbr. 5. gr. reglna Seðlabankans um gengisbundnar eignir og skuldir innlánsstofnana, nú frá 31. mars 1989.
9. Húsbréf, húsnæðisbréf og skuldabréf útgefin af ríkissjóði, skráð á Verðbréfaþingi Íslands, og mótvirði endurhverfra viðskipta með slík verðbréf. Mótvirði vegna endurhverfra verðbréfakaupa skal talið til eignar en mótvirði endurhverfrar verðbréfasölu til frádráttar. Hrein eign samkvæmt framansögðu að fjárhæð allt að 2½% af ráðstöfunarfé sbr. 4. gr. auk 60% slíkrar eignar umfram 2½% af ráðstöfunarfé.

## 4. gr.

Með ráðstöfunarfé í reglum þessum er átt við niðurstöðutölu efnahagsreiknings innlánsstofnunar samkvæmt mánaðarskýrslu til Seðlabankans, að meðtöldum tekjum en að frá-dregnum eftirfarandi efnahags- og rekstrarliðum:

## 1. Gengisbundnar skuldir.

Með gengisbundnum skuldum er ekki átt við fé sem verðtryggt er miðað við svonefnt reikningsgengi t.d. fé á gengisbundnum krónureikningum.

## 2. Afskriftareikningur útlána.

## 3. Eigið fé og víkjandi lán.

## 4. Gjöld.

## 5. Viðskiptareikningur höfðuðstöðvar/útibú.

Þessi liður myndast vegna innbyrðis viðskipta innlánsstofnunar t.d. viðskipta útibúa við höfuðstöðvar. Þegar efnahagsreikningar allra rekstrareininga bankans eru lagðir saman á að koma fram sama fjárhæð slíkra viðskipta á eignahlið og skuldahlið. Séu fjárhæðirnar ólíkar, vegna rangrar bóknar, er hér í 5. tl. átt við lægri fjárhæðina.

## 5. gr.

Seðlabankinn reiknar út hlutfall lauss fjár af ráðstöfunarfé sbr. 2. - 4. gr. Útreikningur skal byggja annars vegar á meðalstöðu lausafjárliða í mánuðinum, sbr. 3. gr., sé hún fyrir-liggjandi og hins vegar á stöðu annarra liða, sbr. 3. og 4. gr., samkvæmt mánaðarskýrslu frá næstliðnum mánaðamótum. Meðalstaða gjaldeyrisjafnaðar skv. 8. tl. 3. gr. skal þó reiknuð eins og lýst er í 5. gr. reglna um gengisbundnar eignir og skuldir innlánsstofnana, nú frá 31. mars 1989.

Útreikningur meðalstöðu, sbr. 1. mgr., skal miðast við 30 daga í hverjum mánuði, þannig að síðasti dagur almanaks mánaðar reiknast ávallt sem 30. dagur mánaðar.

## 6. gr.

Viðurlög reiknast af þeirri fjárhæð, sem á vantar að meðaltali í tvo undangengna mánuði hverju sinni, sbr. útreikninga skv. 5. gr. fyrir sömu mánuði, þ.e. þann mánuð sem útreikningur lausafjárhlutfalls tekur til og næsta mánuð á undan. Viðurlögin skulu samsvara 1/12 hluta meðaltals ársávöxtunar nýrra almennra útlána viðskiptabanka og sparisjóða, eins og Seðlabankinn auglýsir það hverju sinni, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1987 með síðari breytingum.

## 7. gr.

Viðurlög skv. 6. gr. skulu greiðast til Seðlabanka 20 dögum eftir hvert útreiknings-tímabil sbr. 5. gr.

## 8. gr.

Vanræki innlánsstofnun að skila mánaðarskýrslu til Seðlabankans innan þeirra tíma-marka, sem gildandi reglur um bindiskyldu innlánsstofnana kveða á um, getur útreikningur skv. 5. og 6. gr. byggst á stöðu efnahagsliða skv. síðustu mánaðarskýrslu hlutaðeigandi stofnunar.

## 9. gr.

Reglur þessar gilda fyrst í nóvember 1996 við uppgjör lausafjárhlutfalls vegna október 1996. Þar með falla úr gildi reglur um lausafjárhlutfall innlánsstofnana af innlendum skuldbindingum frá 8. apríl 1994.

Reykjavík, 23. september 1996.

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísleifur Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**

**Steingrímur Hermannsson.**

Nr. 507

18. september 1996

**REGLUGERÐ****um (2.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði nr. 158/1996 .**

## 1. gr.

4. og 5. málsgrein 1. gr. orðast svo:

Greiðsla almannatrygginga á lyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð, þar sem það á við, en annars við gildandi hámarksverð í smásölu. Viðmiðunarverðið er það sama og smásöluhámarksverð ódýrasta samsvarandi lyfs sem lyfjaverðsnefnd gefur út í lyfjaverðskrá á þriggja mánaða fresti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gefur út lista yfir samsvarandi samheitalyf á fenginni umsögn lyfjanefndar ríkisins.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast gildi 1. október 1996. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 432/1996 um breytingu á reglugerð nr. 158/1996, um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. september 1996.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Davíð Á. Gunnarsson.*

Nr. 508

24. september 1996

**REGLUGERÐ****um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.**

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| <i>Tollnúmer:</i>  | Vara  | Tímabil         | Vörumagn<br>kg | Verðtollur<br>% | Magntollur<br>kr/stk |
|--------------------|---|-----------------|----------------|-----------------|----------------------|
| 0602.2000          | Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0602.4000          | Rósir, einnig ágræddar                                  | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
|                    | <i>Annað:</i>   |                 |                |                 |                      |
| 0602.9030          | Matjurta- og jarðarberjaplöntur                         | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
|                    | <i>Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar</i>       |                 |                |                 |                      |
| 0602.9041          | Skógartré   | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
|                    | <i>Annað:</i>   |                 |                |                 |                      |
| 0602.9045          | Græðlingar með rót og unglöntur                         | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0602.9049          | Annars  | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
|                    | <i>Aðrar útiplöntur:</i>                                |                 |                |                 |                      |
| 0602.9051          | Fjölærar jurtkenndar plöntur                            | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
|                    | <i>Inniplöntur:</i>                                     |                 |                |                 |                      |
| 0602.9070          | Græðlingar með rót og ungpl. ekki kaktusar og þykkbl.   | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
|                    | <i>Annað:</i>   |                 |                |                 |                      |
| 0602.9091          | Kaktusar og þykkblöðungar                               | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0602.9092          | Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea                   | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0602.9093          | Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð             | 01.10.-31.12.96 | 1.200          | 30              | 0                    |
| 0602.9099          | Annars (Pottapl. yfir 1 metri á hæð)                    | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
|                    | <i>Úr</i>   |                 |                |                 |                      |
| <i>tollnúmeri:</i> |   |                 |                |                 |                      |
| 0602.9093          | Plönturnar Erica Gracilis og Calluna                    | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| <i>Tollnúmer:</i>  |   |                 |                |                 |                      |
| 0603.1002          | Innflutningur á öðrum tíma (Nellikur, lokaskegg, o.fl.) | 01.10.-31.10.96 | ótilgr.        | 15              | 48                   |
| 0603.1003          | Ættkvíslimar Prote, Bankasía o.fl.                      | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0603.1004          | Afskornar greinar með berjum og ávöxtum                 | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0603.1009          | Annars (Afskorin blóm)                                  | 01.10.-31.12.96 | 3.200          | 30              | 0                    |
| 0603.9000          | Annað (Þurrkuð blóm)                                    | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0604.9109          | Annað   | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |
| 0604.9900          | Annars  | 01.10.-30.04.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.



Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

## 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Reglugerð þessi sem er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildir og gildir til 1. maí 1997.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 24. september 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
Jón Höskuldsson.

## REGLUGERÐ

**um (24.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.**

## 1. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

| Efni          | Hámarks magn og/eða takmarkanir.                 | Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils. | Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.   |
|---------------|--|--|---|
| Fenbendazolum |  | PANACUR, VET, töflur 250 mg.                       | Dýralyf.<br>Hver pakkning lyfsins skal merkt: „Ormalyf í hunda og ketti.“<br>Skammtar: 1 tafla fyrir hver 5 kg líkamspunga. Lyfjagjöf þarf að endurtaka 3 daga í röð. Eyða skal saur meðan á lyfjagjöf stendur og 3-4 næstu daga. |
| Minoxidilum   | Lyfjaform til útvortis notkunar t.d. áburður eða | REGAINE, áburður/hlaup.                            | Fylgiseðill á íslensku samþykktur af lyfjanefnd ríkisins fylgi með hverri   |

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi 1. október 1996.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. september 1996.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

\_\_\_\_\_  
Einar Magnússon.

# REGLUGERÐ

## um (2.) breytingu á reglugerð nr. 650/1994 um eftirlit með fóðri.

### 1. gr.

2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 650/1994, sbr. breytingu með rg. nr. 718/1995, orðast svo:

Einungis má nota aukefnin í samræmi við fyrirmæli í VI. kafla, enda hafi þeim verið lýst í samræmi við ákvæði tilskipunar 94/40/EB og breytingu með tilskipun 95/11/EB um leiðbeiningar við mat á aukefnum í fóðri.

### 2. gr.

b-liður, tölul. 2.0 í IV. kafla reglugerðar nr. 650/1994, orðast svo:

b. Skinn meðhöndluð með sútnarefnum, þar með talinn úrgangur þeirra.

### 3. gr.

Við töflu í VI. kafla, staflíð D, sem ber heitið „Hníslalyf“, bætist eftirfarandi:

| EB-nr. | Aukefni  | Efnformúla, lýsing   | Dýrategund eða -flokkur | Hámarks aldur | Lágmarks-        | Hámarks- | Önnur ákvæði  |
|--------|--|--|-------------------------|---------------|------------------|----------|---|
|        |  |  |                         |               | magn             | magn     |   |
|        |  |  |                         |               | mg/kg heilfóðurs |          |   |
| E 772  | Narasín/Níkarbasín blanda af<br><br>a) narasíni og<br>b) níkarbasíni í hlutfallinu 1/1 | a) C <sup>14</sup> H <sup>17</sup> O <sup>11</sup> (pólýeter mónókarboxýlsýra framleidd af Streptómýses aureófasíens) í kyraformi<br>b) Efnasamband 1,3 bis (4-nítrófenýl) þvagefnis og 4,6-dímetyl pírimídín-2-ól með jöfnum mólékúl-hlutföllum í kyraformi | Holdakjúklingar         | -             | 80               | 100      | Notkun bönnuð síðustu fimm dagana fyrir slátrun. Í notkun-arleiðbeiningum komi fram:<br><br>- „Hættuleg hrossum“<br>- „Þetta fóður inniheldur jónófor: ekki er ráðlegt að nota það á sama tíma og önnur lyf.“ |

### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á töflu 3.1. um skrá yfir notkunarvið sérþóðurs sem fylgir 3. gr. reglugerðar nr. 718/1995 um breytingu á IV. kafla reglugerðar nr. 650/1994:

a. Á eftir orðunum „Minnkun á koparinnihaldi í lifur“ í dálki 1 kemur eftirfarandi viðbót:

| Sérstök næringarmarkmið                            | Mikilvægir næringareiginleikar   | Tegund eða flokkur dýra | Upplýsingar á merkimiða   | Ráðlagður notkunartími               | Önnur ákvæði   |
|--|--|-------------------------|---|--------------------------------------|--|
| 1  | 2  | 3                       | 4   | 5                                    | 6  |
| Að draga úr óhöflegri líkamspýngd                  | Lítid orkuinnihald   | Hundar og kettir        | - Orkugildi (reiknað samkvæmt XIII. kafla A.3.)   | Þar til æskilegri líkamspýngd er náð | Í notkunarleiðbeiningum verður að mæla með hæfilegum dagskammti  |
| Afturbæti með sérstöku næringarfóðri <sup>1)</sup> | Mikið orkuinnihald, mikið magn mikilvægra og auðmeltanlegra næringarefna | Hundar og kettir        | - Auðmeltanleg næringarefni og meðferð þeirra ef við á<br>- Orkugildi (reiknað samkvæmt XIII A.3.)<br>- Innihald Ω-3 og Ω-6 fitusýra (sé þeim bætt við) | Þar til dýrið hefur náð sér að fullu | Ef ætlast er til að fóður sé gefið með slöngu skal eftirfarandi standa á umbúðum, fláti eða merkimiða:<br>„Aðstoð dýralæknis nauðsynleg við inngjöf“ |

b. Í töflu 3.1. kemur ný lýsing á „Mótvægi við langvinnar truflanir í mjólgörn“, auk viðbótar næringarmarkmiða, svohljóðandi:

<sup>1)</sup> Að því er varðar kattafóður getur framleiðandi bætt við hið sérstaka næringarmarkmið með því að vísa til „Lifrabólgu í köttum“.

| Sérstök næringarmarkmið                                       | Mikilvægir næringareiginleikar  | Tegund eða flokkur dýra   | Upplýsingar á merkimíða   | Ráðlagður notkunartími                    | Ömur ákvræði   |
|---|---|---------------------------|---|---|--|
| 1<br>Mótvægi við langvinnna traufun í mjógvörn                | 2<br>Mikilvægir næringareiginleikar<br>Auðmeltanleg kolvetni, prótín og fíta sem er að mestu melt áður en í mjógvörn er komið | 3<br>Hestar <sup>1)</sup> | 4<br>- Auðmeltanlegir kolvetnis-, prótín- og fitugjafar og meðhöndlun þeirra, ef við á                                  | 5<br>Allt að sex mánuðir til að byrja með | 6<br>Veita skal leiðbeiningar um hvernir notkun þessa fóðurs á við og hvernig gjöf þess skuli hagað, l.d. gefið í mörngum smáum skömmtum á dag<br>Upplýsingar á umbjóðum, fláti eða merkimíða:<br>„Ráðlagð er að leita álíts dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“ |
| Mótvægi við langvinnar meltingartruflanir í viðgimi           | Auðmeltanlegt tréni   | Hestar                    | - Tréniogjafar<br>- Innihald Ω-3 fitusýra (sé þeim bært við)  | Allt að sex mánuðir til að byrja með      | Veita skal leiðbeiningar um: Hvernir notkun þessa fóðurs á við og hvernig gjöf þess skuli hagað<br>Upplýsingar á umbjóðum, fláti eða merkimíða:<br>„Ráðlagð er að leita álíts dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“  |
| Að draga úr streituverkun                                     | Auðmeltanleg næringarefni   | Hestar                    | - Magnestum<br>- Auðmeltanleg næringarefni og meðhöndlun þeirra, ef við á<br>- Innihald Ω-3 fitusýra (sé þeim bært við) | Tveir til fjórar vikur                    | Veita skal leiðbeiningar um hvernir notkun þessa fóðurs á við  |
| Mótvægi við tapi á söltum sem verður þegar dýrið svímar mikið | Einkum sölt og kolvetni sem eru auðveld upptöku   | Hestar                    | - Kalíum<br>- Natríum<br>- Magnestum<br>- Kalíum<br>- Klór<br>- Glúkósi   | Einn til þrjú dagar                       | Veita skal leiðbeiningar um hvernir notkun þessa fóðurs á við.<br>Eftir fóðrið er stór hluti af daglegu fótri þarf að vekja athygli á því að varast beri snöggar fóðurbreytingar. Í notkunarleiðbeiningum komi fram:<br>„Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að drykkjavani.“                   |

|   |        |  |   |                                      |  |
|---|--------|--|---|--------------------------------------|--|
| Afturbati með sérstöku fóðri                                  | Hestar | Mikið magn mikilvægra og auðmeltanlegra næringarefna             | - Auðmeltanleg næringarefni og meðhöndluð þeirra, ef við á<br>- Innihald Ω-3 og Ω-6 fitusýra (sé þeim bætt við)                                       | Þar til dýrið hefur náð sér að fullu | Veita skal leiðbeiningar um hvænter nokun þessa fóðurs á við<br>Ef ætlast er til að fóður sé gefið með söngu skal eftirfarandi stunda á umbúðum, fláti eða merkimíða:<br>-Aðstoð dýralæknis nauðsynleg við inngjöf <sup>1)</sup>                             |
| Stuðningur við lifrarstarfsemi vegna langvinnrar lifrabilunar | Hestar | Lágt próteinnihald en í háum gæðaflokki og auðmeltanleg kolvetni | - Prótn- og rénisgjafar<br>- Auðmeltanleg kolvetni og meferri þeirra, ef við á<br>- Meþlónín<br>- Kólín<br>- Innihald Ω-3 fitusýra (sé þeim bætt við) | Allt að sex mánuðir til að byrja með | Veita skal leiðbeiningar um hvæmig fóðurgjöf skuli hagað, t.d. gefið í mörgum smáum skömmtum á dag<br>Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimíða:<br>-Ráðlagt er að leita állis dýralæknis fyrir nokkun eða áður en nokunartími er framlangdur <sup>1)</sup> |
| Stuðningur við nýrnastarfsemi vegna langvinnrar nýrnabílnar   | Hestar | Lágt próteinnihald en í háum gæðaflokki og lágt fosfórinnihald   | - Prótingjafi (prótingjafar)<br>- Kalstím<br>- Fosfór<br>- Kalíum<br>- Magnesium<br>- Natríum   | Allt að sex mánuðir til að byrja með | Upplýsingar á umbúðum, fláti eða merkimíða:<br>-Ráðlagt er að leita állis dýralæknis fyrir nokkun eða áður en nokunartími er komi fram:<br>-Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að drykkjarvatni <sup>1)</sup>  |

1) Á umbúðir fóðurs sem er sérstaklega ætlað mjög gömlum dýrum með sérþarfir (auðmeltanleg næringarefni) skal bera ábendingunni "gömul dýr" við dýrategundina.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á töflu í V. kafla reglugerðarinnar:

a) Í töflu 1.0 sem ber heitið „Prótín úr eftirtöldum örveruflokkum“ bætist eftirfarandi afurðaflokkur

| 1  | 2   | 3   | 4  | 5                                   | 6  | 7   |
|--|---|---|--|-------------------------------------|--|---|
| Heiti afurðaflokks                             | Heiti afurða  | Táknum virka næringar-<br>efnisins eða<br>örverutegund  | Næringarefnablanda<br>(forskrift, ef við á)  | Einkenni á<br>samsetningu<br>afurða | Dýrategund   | Sérákvæði   |
| 1.1.2. Gerlar raktaðir<br>með náttúrulegu gasi | 1.1.2.1. prótínrikar<br>afurðir gerjadar úr<br>náttúrulegu gasi sem<br>fæst með ræktun: <i>Methylococcus capsulatus</i><br>( <i>Bath</i> ), <i>Alcaligenes acidovorans</i> , <i>Bacillus brevis</i> et <i>bacillus firmus</i> ,<br>en frumum þeirra hefur<br>verið eytt | <i>Methylococcus capsulatus</i> ( <i>Bath</i> )<br>stofn NCIMB 11132<br><br><i>Alcaligenes acidovorans</i><br>stofn NCIMB 12387<br><br><i>Bacillus brevis</i><br>stofn NCIMB 13288<br><br><i>Bacillus firmus</i><br>stofn NCIMB 13280 | Náttúrulegt gas: (u.þ.b.<br>91% metan,<br>5% etan,<br>2% própan,<br>0,5% ísóbútan,<br>0,5% n-bútan,<br>1% aðrir efnisþættir),<br>ammóníak, ólífræn<br>sölt | Hráprótín: lág.<br>65%              | - Svin 25-60 kg<br><br>- Kálfar<br>80 kg og þyngrir<br><br>Laxfiskar | Eftirfarandi skal koma fram<br>á merkimiða eða umbúðum<br>afurðarinnar:<br>- heiti: „Prótínrikar afurðir gerjuð<br>úr náttúrulegu gasi sem fæst<br>með ræktun<br><i>Methylococcus capsulatus</i><br>( <i>Bath</i> ), <i>Alcaligenes acidovorans</i> , <i>Bacillus brevis</i><br>og <i>bacillus firmus</i> ,<br><br>- hráprótín<br>- hráaska<br>- hráfita<br>- rakainnihald<br>- notkunarleioðbeiningar<br>- hámarks magn afurðarinnar í<br>fóðrinu:<br><br>svin - 8%<br>kálfar - 8%<br>laxfiskar (ferskvatn) - 19%<br>Laxfiskar (sjór) - 33%<br>- tilmælin: „foróist innöndun“<br><br>Eftirfarandi skal koma fram<br>á merkimiða eða umbúðum<br>fóðurblöndunnar:<br>- heiti: „Prótínafurð fengin með<br>gerjun náttúrulegs gass“<br>- innihald afurðarinnar í fóðrinu |

b) Í töflu 3.0 sem ber heitið „Amínósýrur og sölt þeirra“ í lið 3.2.2. L-lýsín (grunnur)  
skal gildandi lágmark í 5. dálki lækkað úr 60% í 50%.

## 6. gr.

Í stað töflu undir töflu 3.0 í XIII. kafla reglugerðar nr. 650/1994 kemur eftirfarandi  
tafla og skýringar:

| Næringarefni og fódurgildi                  | Tilgreint innihald í % og MJ/kg | Mörk fyrir mæld frávik undir tilgreindu innihaldi | Mörk fyrir mæld frávik yfir tilgreindu innihaldi |
|---|---------------------------------|---|--|
| Vatn  | > 40<br>20 - < 40<br>< 20       |   | 3 prósentustig<br>7,50%<br>1,5 prósentustig      |
| Prótín                                      | > 20<br>12,5 - < 20<br>< 12,5   | 3,2 prósentustig<br>16%<br>2 prósentustig         | 6,4 prósentustig<br>32%<br>4 prósentustig        |
| Fita  |                                 | 2,5 prósentustig                                  | 2,5 prósentustig                                 |
| Tréni                                       |                                 | 3 prósentustig                                    | 1 prósentustig                                   |
| Aska  |                                 | 4,5 prósentustig                                  | 1,5 prósentustig                                 |
| Orka í sérfóðri <sup>1)</sup><br>(MJ BO/kg) |                                 | 15%   | 15%  |

<sup>1)</sup> Aðferð við útreikninga orkugildis.

Orkugildi hunda- og kattamatar með sérstök næringarmarkmið í huga skal reiknað út í samræmi við neðangreinda líkingu á grundvelli hundraðshluta tiltekinna næringarefna. Þetta gildi skal gefið upp í megajúlum (MJ) breytiorku (BO) á hvert kílógramm af fódri sem hér segir:

a) hunda- og kattamatur, að undanskildum kattamat með vatnsinnihaldi sem er meira en 14%:

$$\text{MJ/kg BO} = 0,1464 \times \% \text{ hráprótín} + 0,3556 \times \% \text{ hráfita} + 0,1464 \times \% \text{ sterkja}$$

b) kattamatur með vatnsinnihaldi sem er meira en 14%:

$$\text{MJ/kg BO} = (0,1632 \times \% \text{ hráprótín} + 0,3222 \times \% \text{ hráfita} + 0,1255 \times \% \text{ sterkja}) - 0,2092$$

Þar sem hundraðshluti sterkju er reiknaður sem afgangur eftir mælingu vatns, hráösku, hráprótins, hráfitu og fitu og trénis.

### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22 29. mars 1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 13. september 1996.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

*Jón Höskuldsson.*

25. september 1996

Nr. 511

## REGLUGERÐ

**um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.**

### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| <i>Tollnúmer:</i> | <b>Vara</b>              | <b>Tímabil</b>  | <b>Vörumagn<br/>kg</b> | <b>Verðtollur<br/>%</b> | <b>Magntollur<br/>kr/kg</b> |
|-------------------|--------------------------|-----------------|------------------------|-------------------------|-----------------------------|
| 0702.0001         | Tómatar, nýir eða kældir | 01.11.-15.03.97 | ótilgr.                | 0                       | 0                           |
| 0702.0002         | Tómatar, nýir eða kældir | 14.10.-20.10.96 | ótilgr.                | 22,5                    | 149                         |
| 0702.0002         | Tómatar, nýir eða kældir | 21.10.-31.10.96 | ótilgr.                | 15                      | 99                          |
| 0703.9001         | Blaðlaukur               | 11.11.-17.11.96 | ótilgr.                | 22,5                    | 170                         |
| 0703.9001         | Blaðlaukur               | 18.11.-24.11.96 | ótilgr.                | 15                      | 114                         |
| 0703.9001         | Blaðlaukur               | 25.11.-30.11.96 | ótilgr.                | 7,5                     | 57                          |
| 0703.9001         | Blaðlaukur               | 01.12.-15.03.97 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |
| 0704.1000         | Blómkál                  | 07.10.-13.10.96 | ótilgr.                | 15                      | 88                          |
| 0704.1000         | Blómkál                  | 14.10.-15.03.97 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |
| 0704.2000         | Rósakál                  | 01.10.-15.03.97 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |
| 0704.9004         | Spergilkál               | 07.10.-15.03.97 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |
| 0704.9005         | Fóðurmergskál            | 01.10.-15.03.97 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |
| 0704.9009         | Annað                    | 01.10.-15.03.97 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |
| 0705.1111         | Jöklasalat               | 01.11.-15.03.97 | ótilgr.                | 0                       | 0                           |
| 0705.1112         | Jöklasalat               | 01.10.-31.10.96 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |
| 0705.1191         | Annað (salat)            | 01.11.-15.03.97 | ótilgr.                | 0                       | 0                           |
| 0705.1199         | Annað (salat)            | 01.10.-31.10.96 | ótilgr.                | 15                      | 97                          |
| 0705.1900         | Annað                    | 01.10.-31.10.96 | ótilgr.                | 15                      | 97                          |
| 0705.1900         | Annað                    | 01.11.-15.03.97 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |
| 0705.2100         | Kaffifíflsblöð           | 01.10.-15.03.97 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |
| 0705.2900         | Annað                    | 01.11.-15.03.97 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |
| 0706.9000         | Annað                    | 01.11.-15.03.97 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |
| 0707.0011         | Gúrkur                   | 01.11.-15.03.97 | ótilgr.                | 0                       | 0                           |
| 0707.0021         | Gúrkur                   | 14.10.-20.10.96 | ótilgr.                | 22,5                    | 148                         |
| 0707.0021         | Gúrkur                   | 21.10.-31.10.96 | ótilgr.                | 15                      | 99                          |
| 0709.3000         | Eggaldinjurtir           | 01.10.-15.03.97 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |
| 0709.4000         | Selja, önnur en seljurót | 11.11.-17.11.96 | ótilgr.                | 15                      | 138                         |
| 0709.4000         | Selja, önnur en seljurót | 18.11.-24.11.96 | ótilgr.                | 7,5                     | 69                          |
| 0709.4000         | Selja, önnur en seljurót | 25.11.-15.03.97 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |
| 0709.5100         | Sveppir                  | 01.10.-15.03.97 | ótilgr.                | 7,5                     | 100                         |
| 0709.6002         | Paprika                  | 01.11.-15.03.97 | ótilgr.                | 0                       | 0                           |
| 0709.6003         | Paprika                  | 01.10.-06.10.96 | ótilgr.                | 22,5                    | 298                         |
| 0709.6003         | Paprika                  | 07.10.-13.10.96 | ótilgr.                | 15                      | 199                         |
| 0709.6003         | Paprika                  | 14.10.-31.10.96 | ótilgr.                | 7,5                     | 99                          |
| 0709.6009         | Önnur (Chillepipar)      | 01.10.-15.03.97 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |
| 0709.9002         | Kúrbítur                 | 01.10.-15.03.97 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |
| 0709.9004         | Steinselja               | 01.10.-15.03.97 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |
| 0709.9009         | Annars                   | 01.10.-15.03.97 | ótilgr.                | 30                      | 0                           |

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 4. gr.

Reglugerð þessi sem er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 16. mars 1997.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 25. september 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUR

### nr. 2/1996 um verðupplýsingar veitingahúsa.

## 1. gr.

Þeir sem veitingarekstur stunda skulu festa upp verðskrá á áberandi stað fyrir framan inngöngudyr veitingastaða sinna. Í verðskránni skal koma fram verð á algengustu vöru og þjónustu sem í boði er.

Þar sem upplýsingar um verð á drykkjarföngum koma fram skal einnig tilgreina magn.

Uppgefið verð skal í öllum tilvikum vera endanlegt verð með virðisaukaskatti og þjónustugjaldi.

## 2. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt XIII. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993.

## 3. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og koma í stað reglna Samkeppnisstofnunar nr. 6/1994, sem fellur jafnframt úr gildi.

Reglur þessar eru settar með heimild í 31. og 32. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

*Samkeppnisstofnun, 25. september 1996.*

**Georg Ólafsson.**

---

*Kristín Færseth.*



# SAMÞYKKT

## um kattahald í Grýtubakkahreppi.

### 1. gr.

Samþykkt þessi er gerð til að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta fari vel með ketti og tryggi þeim góða vist og sjái jafnframt til þess að þeir lendi ekki á flækingsi.

### 2. gr.

Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Kattaeigendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem kettir þeirra sannanlega valda. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólöggráða barna sinna.

### 3. gr.

Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um eiganda, heimilisfang og símanúmer.

### 4. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum að takmarka útiveru katta.

### 5. gr.

Ketti skal ormhreinsa reglulega, þ.e.a.s. einu sinni á ári, eða oftár eftir þörfum. Eigendur katta skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta. Hvatt er til reglulegra bólusetninga katta gegn helstu smitsjúkdómum þeirra.

### 6. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Heilbrigðisnefnd, heilbrigðisfulltrúi eða aðili sem hefur sérstakt umboð þeirra getur handsamað ketti. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður.

### 7. gr.

Sveitarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

### 8. gr.

Eigendur katta skulu sæta skriflegri áminningu fyrir brot á samþykkt þessari. Sveitarstjórn er heimilt að banna eða takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflega rökstuddar kvartanir um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að.

### 9. gr.

Samþykkt þessi, sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Grýtubakkahrepps, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að taka gildi við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 25. september 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 70 – 1996

30. september 1996

1301

Nr. 514

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir Orkubú Vestfjarða, nr. 192 10. maí 1978.**

1. gr.

Á eftir 39. gr. komi ný grein 39. gr. a er orðast svo:

Verð á orku skal ákveða í gjaldskrá. Notandi skal greiða Orkubúinu orkukaupin samkvæmt gildandi verðskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar á orku skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hvernar verðskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til.

Orkubúið má grundvalla orkureikninga á áætlun um orkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun en í henni er orkunotkuninni jafnað niður á daga. Reikningar, sem byggjast á staðreyndri orkunotkun, nefnast álestrarreikningar en reikningar, sem byggjast á áætlaðri orkunotkun, nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega orkunotkun skal staðreyna ekki sjaldnar en á u.þ.b. 12 mánaða fresti. Þegar orkunotkun hefur verið staðreynð skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra. Notandi getur jafnan, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálestrar og uppgjörsmiðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um orkunotkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda orkukaupanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur. Gjald dagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er 14 dögum síðar, og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað.

Orkubúið ákveður gjalddaga reikninga. Útgáfudag reiknings, gjalddaga og greiðslustað skal tilgreina á reikningi.

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, má Orkubúið áskilja sér og innheimta allan kostnað vegna vanskilanna og dráttarvexti frá og með gjalddaga reiknings til greiðsludags.

Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila Orkubúinu sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar á orkuafhendingu og vanskil á álestrarreikningum. Orkubúið ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar.

Beri kaupandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra.

Stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við Orkubúið né heldur greiðsluskyldu á fastagjaldi, aflgjaldi og tækjaleigu á lokunartíma.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Orkubú Vestfjarða nr. 66 31. maí 1976, vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 er hér með staðfest til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytinu, 30. september 1996.*

F. h. r.

**Halldór J. Kristjánsson.**

\_\_\_\_\_  
*Steinunn Bjarman.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 71 – 1996

1. október 1996

1303

Nr. 515

## REGLUGERÐ

### um skráningu virðisaukaskattskyldra aðila.

#### I. KAFLI

##### Almenn skráning.

###### 1. gr.

Hver sá, sem skattskyldur er skv. 3. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 50/1988, skal ótilkvaddur eigi síðar en átta dögum áður en starfsemin hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem hann á lögheimili.

Tilkynningar skv. 1. mgr. skal senda skattstjóra á eyðublaði RSK 10.22.

Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna skattstjóra skriflega eigi síðar en átta dögum eftir að breyting á sér stað.

###### 2. gr.

Hver sá sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi sinni selur eða afhendir vöru eða verðmæti, ellegar innir af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu eða er skattskyldur að öðru leyti skv. 3. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 50/1988, skal skráður á virðisaukaskattsskrá, enda uppfylli hann skilyrði 2. mgr.

Forsenda skráningar er að samanlagðar tekjur aðila af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu séu að jafnaði hærri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar, þar með talið vegna kaupa varanlegra rekstrarfjármuna. Eigi skal skrá aðila samkvæmt þessari grein nema sýnt þyki að starfsemin muni skila tekjum af sölu skattskyldrar vöru eða þjónustu þegar á fyrsta uppgjörstímabili.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er aðili ekki skráningarskyldur ef samanlagðar tekjur hans af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu á tólf mánaða tímabili hafa ekki náð þeirri lágmarksfjárhæð sem greinir í 3. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988.

###### 3. gr.

Skattstjóri úrskurðar um hvort aðili sé skráningarskyldur skv. 2. gr. þegar tilkynning skv. 1. gr. hefur borist.

Skattstjóra ber þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. að skrá aðila uppfylli hann skilyrði 4. eða 6. gr.

Skattstjóri gefur út staðfestingu til skráningarskylds aðila um að skráning skv. 1. eða 2. mgr. hafi átt sér stað.

Hafi aðili, sem að mati skattstjóra er skráningarskyldur skv. 2. gr., eigi tilkynnt starfsemi sína til skráningar, skal skattstjóri úrskurða hann á virðisaukaskattsskrá og tilkynna honum það.

## II. KAFLI

### Fyrirfram skráning o.fl.

#### 4. gr.

Aðilar er stunda starfsemi á þróunar- eða undirbúningsstigi eiga rétt á skráningu, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., standi kaup þeirra á fjárfestingarvörum í beinu sambandi við sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu í atvinnuskyni á síðari rekstrartímabilum.

Skilyrði skráningar samkvæmt þessu ákvæði eru eftirfarandi:

- Um sé að ræða atvinnustarfsemi, þ.e. starfsemi sem miði að rekstrarhagnaði eftir eðlilegan uppbyggingartíma.
- Fjárfesting aðila í varanlegum rekstrarfjármunum, þar með talið fasteignum og ræktun, eða vörubirgðum sé veruleg á sama tíma og eðlilegt sé vegna eðlis starfseminnar að hún skili ekki rekstrartekjum; ekki er nægilegt að aðili hafi verulegan kostnað af virðisaukaskatti vegna almenns rekstrarkostnaðar.
- Fyrirsjáanlegt sé að starfsemin muni skila tekjum.

Skráning samkvæmt þessu ákvæði gildir í tólf mánuði. Aðili sem hefur verið skráður fyrirfram skráningu getur fengið skráningu í tólf mánuði til viðbótar hjá skattstjóra, þyki staðfest að forsendur skráningar séu óbreyttar frá því að aðili var skráður í upphafi. Þyki eðlilegt að starfsemin hafi ekki skilað tekjum innan þess tíma getur skattstjóri veitt aðila áframhaldandi skráningu til allt að fjögurra ára. Að öðrum kosti ber skattstjóra að úrskurða aðila af skrá nema lögð sé fram trygging skv. 6. gr.

#### 5. gr.

Þeir sem óska eftir skráningu skv. 4. gr. skulu senda skattstjóra, auk tilkynningar skv. 2. mgr. 1. gr., rekstraráætlun, greinargerð og önnur gögn um starfsemina til staðfestingar því að um eðlilega rekstraruppbyggingu verði að ræða.

Skattstjóri metur hvort skilyrðum a.-c. liða 2. mgr. 4. gr., sé fullnægt. Við mat samkvæmt þessari málsgrein getur skattstjóri m.a. haft mið af því hvernig fjármögnun á uppbyggingu starfseminnar er háttað, t.d. hvort lagt hefur verið fram hlutafé eða lán hafi fengist til starfseminnar frá banka eða atvinnuvegasjóði.

#### 6. gr.

Uppfylli aðili ekki skilyrði 2. eða 4. gr. skal skattstjóri synja um skráningu nema aðili leggi fram tryggingu fyrir virðisaukaskatti, í formi skilyrðislausrar sjálfskuldarábyrgðar banka. Þó getur skattstjóri fallist á tryggingu í öðru formi ef aðili hefur með höndum nytjaskógrækt, enda sé tilgangur skógræktarinnar að framleiða og selja afurðir á síðari rekstrarárum. Ef aðili getur ekki lagt fram fullnægjandi tryggingu ber skattstjóra að synja um skráningu.

Skráning skv. 1. málsl. 1. mgr. getur ekki tekið til lengri tíma en sex ára að meðtöldum þeim tíma sem aðili hefur verið skráður skv. 4. gr.

Trygging skal á hverjum tíma nægja til endurheimtu á virðisaukaskatti eftir að hann hefur verið framreiknaður samkvæmt byggingarvísitölu.

## 7. gr.

Hafi aðila verið synjað um skráningu, en síðar kemur í ljós að hann uppfyllir skilyrði 2. eða 4. gr. eða hann leggur fram tryggingu skv. 6. gr., er skattstjóra heimilt að skrá hann afturvirk til þess dags sem telja verður upphafsdag rekstrar. Skilyrði fyrir afturvirkri skráningu er að um sömu starfsemi sé að ræða og að beiðni um afturvirka skráningu ásamt viðeigandi gögnum sé send skattstjóra í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Afturvirk skráning getur tekið til þess tíma sem liðinn er af yfirstandandi ári og að auki til alls síðasta árs sé sótt um hana fyrir 15. mars.

Fái aðili afturvirka skráningu skv. 1. mgr. á hann rétt á að telja til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum til starfseminnar en ber jafnframt að draga frá reiknaðan virðisaukaskatt (útskatt) af veltu á sama tíma.

Aðili sem uppfyllir skilyrði afturvirktrar skráningar skal skráður á virðisaukaskattsskrá frá upphafsdegi rekstrar skv. 1. mgr. Skattuppgjör vegna afturvirktrar skráningar skal fara fram á gjalddaga þess uppgjörstímabils þegar skattstjóri úrskurðaði um hina afturvirku skráningu. Sé um endurgreiðslu að ræða og skattstjóri getur ekki vegna aðstæðna skattaðila gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er skattuppgjör eða afturvirk skráning byggist á frestast hún til næsta gjalddaga.

## III. KAFLI

## Afskráning.

## 8. gr.

Hætti aðili skráningarskyldri starfsemi eða uppfylli hann ekki lengur skilyrði 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. skal hann tilkynna skattstjóra um það eigi síðar en átta dögum eftir að breyting átti sér stað. Skattstjóri úrskurðar aðila af skrá.

Hafi aðili eigi tilkynnt lok skráningarskyldrar starfsemi sinnar skv. 1. mgr. og skattstjóri telur að ekki sé um skráningarskylda starfsemi að ræða skal skattstjóri úrskurða aðila af skrá.

Aðila sem skráður er skv. 4. eða 6. gr. ber að tilkynna skattstjóra um það þegar ljóst þykir að forsendur skráningarinnar eru ekki lengur til staðar. Skattstjóri úrskurðar aðila af skrá.

Hafi starfsemi aðila verið skráð skv. 4. gr. og skilyrði 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. hafa ekki verið uppfyllt á tólf mánaða tímabili, skal skattstjóri úrskurða aðila af skrá nema áframhaldandi skráning hafi verið veitt eða sett trygging fyrir innskatti skv. 6. gr. Uppfylli aðili, sem skráður hefur verið skv. 6. gr., ekki lengur skilyrði um fullnægjandi tryggingu eða sé tímamörkum 2. mgr. 6. gr. náð skal skattstjóri úrskurða hann af skrá.

## 9. gr.

Tilkynni aðili sig út af skrá eða er tekinn af skrá á grundvelli úrskurðar skattstjóra, skal telja vörubirgðir, vélar, tæki og aðra rekstrarfjármuni til skattskyldrar veltu á því uppgjörstímabili er starfsemi lýkur, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988.

Verði við lok starfsemi breyting á forsendum fyrir frádrætti innskatts vegna varanlegra rekstrarfjármuna skal aðili leiðrétta innskatt í samræmi við IV. kafla reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt.

Hafi aðili gefið rangar eða villandi upplýsingar, t.d. varðandi skráningu eða skattskil, og með þeim hætti haft fé af ríkissjóði ber honum að endurgreiða þann innskatt sem hann hefur fengið afgreiddan á grundvelli þeirra upplýsinga.

IV. KAFLI  
Ýmis ákvæði.

## 10. gr.

Um uppgjörstímabil og gjalddaga þeirra aðila sem eru nýir á skrá fer eftir ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti. Sama gildir um þá sem hafa með höndum nytjaskógrækt, enda séu tekjur þeirra af starfseminni að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti.

Aðili sem fengið hefur skráningu skv. 4. eða 6. gr., skal skila sérstakri virðisauka-skattsskýrslu vegna þeirrar starfsemi, þótt hann hafi með höndum aðra skattskylda starfsemi.

Skattstjóri skal hafa eftirlit með því að aðeins skráningarskyldir aðilar séu á virðisauka-skattsskrá.

## 11. gr.

Synjun skattstjóra um skráningu er kæránleg skv. 29. gr. laga nr. 50/1988.

## 12. gr.

Tryggingum skv. 6. gr. er ætlað að tryggja greiðslu á virðisaukaskatti skv. 9. gr.

Trygging skv. 6. gr. fellur úr gildi í eftirfarandi tilvikum:

- 1) Þegar aðili uppfyllir skilyrði 2. eða 4. gr.
- 2) Þegar aðili hefur hætt skráningarskyldri starfsemi og staðið innheimtumanni ríkissjóðs skil á þeim virðisaukaskatti sem honum bar að standa skil á skv. 9. gr.
- 3) Þegar eigendaskipti verða á fyrirtæki skv. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 og hinn nýi eigandi hefur sett fullnægjandi tryggingu fyrir innskatti skv. 6. gr.

## 13. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagnir rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988.

## 14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 5. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisauka-skatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1997. Frá 1. október 1996 fellur úr gildi reglugerð nr. 150/1996, sbr. reglugerð nr. 273/1996.

*Bráðbirgðaákvæði.*

Aðilar er hafa með höndum nytjaskógrækt og skráðir hafa verið á virðisaukaskattsskrá fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skulu setja tryggingu skv. 6. gr. fyrir innskatti af aðföngum sem aflað er eftir 1. janúar 1997 annars ber skattstjóra að úrskurða þá af skrá skv. 8. gr.

*Fjármálaráðuneytinu, 1. október 1996.*

F. h. r.

**Guðrún Ásta Sigurðardóttir.**

*Hermann Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla.

Með slíku samræmdu prófi er í reglugerð þessari átt við sama próf sem heill árgangur þreytir á sama tíma og við sömu eða sambærilegar aðstæður.

Allir skyldunámsnemendur eru skyldir til að gangast undir samræmd próf njóti þeir ekki undanþágu samkvæmt 5. málsgrein 35. gr., 36. gr. og 48. gr. grunnskólalaga eða eru sannanlega forfallaðir vegna veikinda á prófdegi. Nemendur sem eiga að gangast undir samræmd lokapróf í 10. bekk en eru samkvæmt læknisvottorði, veikir á prófdegi, skulu þó þreyta sjúkrapróf sem skólunum skulu lögð til og menntamálaráðherra ákveður með auglýsingu hvenær fari fram.

#### 2. gr.

Grunnskólum er skylt að halda samræmd próf og fylgja reglum um framkvæmd þeirra.

Menntamálaráðherra leggur grunnskólum til samræmd lokapróf í 10. bekk í a.m.k. fjórum námsgreinum svo og samræmd próf í kjarnagreinum í 4. og 7. bekk.

Auk samræmdra prófa samkvæmt 1. gr. skulu grunnskólar eiga kost á samræmdum könnunarprófum og stöðluðum kunnáttuprófum sem menntamálaráðuneytið lætur gera.

#### 3. gr.

Samræmd lokapróf skulu haldin í 10. bekk í a.m.k. fjórum námsgreinum.

Tilgangur samræmdra lokaprófa í 10. bekk er að:

- athuga eftir því sem kostur er, hvort námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein hafi verið náð
- vera leiðbeining um inntöku nemenda á mismunandi námsbrautir framhaldsskóla
- veita nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda
- veita upplýsingar um hvernig skólar standa í þeim námsgreinum sem prófað er úr, miðað við aðra skóla landsins.

Menntamálaráðherra ákveður með auglýsingu með árs fyrirvara í hvaða námsgreinum í 10. bekk skuli prófað samræmt og hvenær próf verða haldin.

#### 4. gr.

Samræmd próf í kjarnagreinum skulu lögð fyrir samtímis í öllum 4. bekkjum og öllum 7. bekkjum grunnskóla.

Tilgangur samræmdra prófa í kjarnagreinum í 4. og 7. bekk er að:

- athuga eftir því sem kostur er, hvort námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð
- vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu einstakra nemenda
- veita nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda



d. veita upplýsingar um hvernig skólar standa í þeim námsgreinum sem prófað er úr, miðað við aðra skóla landsins.

Menntamálaráðherra ákveður með auglýsingu hvenær samræmd próf í 4. og 7. bekk skuli haldin.

#### 5. gr.

Menntamálaráðherra felur Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála eða öðrum aðila framkvæmd samræmdra prófa með sérstökum samningi og ber stofnunin/aðilinn ábyrgð á samningu og framkvæmd prófanna samkvæmt þessari reglugerð.

Í samningi þessum skal m.a. kveðið á um samningu, fyrirlögn og úrvinnslu samræmdra prófa.

Ekki er heimilt að ráða kennara til að semja samræmt próf ef hann kennir sömu námsgrein í viðkomandi bekk. Kennarar skulu ekki meta úrlausnir nemenda úr þeim skóla þar sem þeir stunda kennslu.

Trúnaðar- og þagnarskylda hvílir á þeim sem sjá um og taka þátt í að semja og meta úrlausnir á samræmdum prófum. Þeim er óheimilt að fjalla um eða birta að hluta eða í heild, úrlausnir einstakra nemenda.

#### 6. gr.

Samræmd próf skulu vera markmiðsbundin eftir því sem aðalnámskrá gerir kleift. Jafnframt skulu þau vera áreiðanleg og réttmæt. Mat úrlausna á samræmdum prófum skal vera hlutlægt.

Í upphafi skólaárs tilkynnir sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmdra loka-prófa í 10. bekk skólum bréflaga um uppbyggingu þeirra prófa og um námsþætti sem prófað verður úr.

#### 7. gr.

Heimilt er að veita þeim nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf í íslensku. Skal þá leggja fyrir sérstakt lokapróf í íslensku en nemandinn skal þreyta önnur samræmd próf.

#### 8. gr.

Nemandi er hyggst ljúka öllu námi grunnskóla á skemmri tíma en 10 árum sbr. 3. málsgrein 35. gr. laga nr. 66/1995, skal þreyta samræmd lokapróf með nemendum 10. bekkjar enda telji skólustjóri og umsjónarkennari að hann geti lokið öllu námi grunnskóla með fullnægjandi árangri.

#### 9. gr.

Við fyrirlögn samræmdra prófa ber að fara nákvæmlega eftir þeim fyrirmælum sem fylgja prófi. Frávik frá reglum um fyrirlögn eru ekki heimil nema með samþykki þess aðila sem ber ábyrgð á framkvæmd prófanna.

#### 10. gr.

Heimilt er að víkja frá almennum reglum um fyrirlögn samræmdra lokaprófa þegar um er að ræða líkamlega fötlun, langvarandi veikindi eða aðra erfiðleika af líffræðilegum orsökum enda séu þessar aðstæður nemandans staðfestar af sérfræðingi á viðkomandi sviði.

Slíkar umsóknir um frávik frá reglum um fyrirlögn skal senda þeim aðila sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmds prófs í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir próf. Umsóknir skulu undirritaðar af nemanda og foreldrum/forráðamönnum hans og staðfestar af skólustjóra.

## 11. gr.

Óheimilt er að veita öðrum en nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra og framhaldsskóla, þar sem nemandi hefur sótt um skólavist, upplýsingar um einkunnir einstakra nemenda á samræmdum prófum nema nauðsyn beri til vegna:

- a. flutnings nemenda milli skóla
- b. athugana sem fræðslufirvöld standa fyrir
- c. fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og fengin heimild tölvu-nefndar.

Innan árs frá því niðurstöður samræmdra lokaprófa hafa verið sendar skólum samanber 12. gr., getur nemandi sem þreytti samræmt lokapróf krafist þess að fá úrlausn sína afhenta. Öðrum úrlausnum skal eytt á tryggilegan hátt að þeim tíma liðnum og er sá aðili er umsjón hefur með prófinu ábyrgur fyrir þeirri framkvæmd.

Um varðveislu upplýsinga sem unnar eru upp úr prófúrlausnum á samræmdu lokaprófi í grunnskóla fer eftir ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn.

## 12. gr.

Eigi síðar en 24 dögum eftir síðasta samræmt lokapróf í 10. bekk skal sá aðili er annast framkvæmd prófanna senda skólastjórum niðurstöður þeirra í ábyrgðarpósti eða á annan tryggn hátt.

Í síðasta lagi mánuði eftir að samræmd próf í 4. og 7. bekk eru haldin sendir sá aðili sem annast framkvæmd prófanna, niðurstöður til skólastjóra. Auk einnar einkunnar fyrir hvert próf skal hver nemandi fá yfirlit yfir árangur sinn í einstökum þáttum prófsins. Framkvæmdaaðili skal jafnframt senda hverjum skóla heildaryfirlit yfir niðurstöður nemenda skólans eftir prófþáttum í hverju prófi, meðaleinkunn og meðaltöl á landsvísu eftir prófþáttum og prófgreinum.

Einkunnum á samræmdum prófum skulu fylgja upplýsingar um áreiðanleika þeirra.

## 13. gr.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála eða annar aðili sem falið er að sjá um framkvæmd samræmdra prófa, skal eigi síðar en þremur mánuðum eftir að próf eru haldin, gefa út yfirlit yfir heildarniðurstöður prófanna og dreifa til grunnskóla, foreldraráða við grunnskóla, framhaldsskóla og fræðslufirvalda. Þar skulu koma fram meðaltöl einstakra skóla eftir prófum, meðaltöl allra skóla og aðrar upplýsingar sem þarf til að skýra niðurstöðurnar og auðvelda túlkun á þeim.

Láta skal öðrum aðilum í té upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa ef þeir óska þess en ætíð skal gæta trúnaðar gagnvart einstökum nemendum.

## 14. gr.

Einkunnir á samræmdum prófum skulu gefnar í heilum og hálfum tölum á einkunna-kvarðanum 1-10.

## 15. gr.

Í skírteini sem nemendur fá þegar grunnskólanámi lýkur, skal skrá einkunnir á samræmdum lokaprófum ásamt vitnisburði í öllum þeim námsgreinum er nemandinn lagði stund á í 10. bekk. Hafi nemandi fengið undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf, skal geta þess á prófskírteini hans.

Strax að lokinni útskrift úr grunnskóla skal skólastjóri senda menntamálaráðuneytinu afrit af útskriftarskírteinum allra nemenda skólans.

## 16. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólum trúnaðarmenn til eftirlits og aðstoðar við framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk. Trúnaðarmenn þessir eru fulltrúar menntamálaráðuneytisins á prófstað og skulu hafa eftirlit með því að próf fari fram samkvæmt þeim reglum sem settar eru um framkvæmd þeirra.

Menntamálaráðherra setur trúnaðarmönnum erindisbréf og greiðist kostnaður af störfum þeirra úr ríkissjóði.

## 17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast gildi 1. janúar 1997. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 65/1985 um námsmat í grunnskólum.

*Menntamálaráðuneytinu, 20. september 1996.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

## STARFSREGLUR

### fyrir kærunefnd útboðsmála.

#### I. KAFLI

##### Almennt.

## 1. gr.

Fjármálaráðherra skipar kærunefnd útboðsmála. Nefndin skal skipuð þrem mönnum og jafnmörgum til vara. Skulu þeir hafa góða þekkingu á útboðum almennt, opinberum innkaupum og viðskiptum. Þeir skulu vera óháðir hagsmunum ríkisins og seljenda en um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir reglum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Fjármálaráðherra setur nefndinni erindisbréf.

#### II. KAFLI

##### Hlutverk og starfssvið.

## 2. gr.

Hlutverk kærunefndar útboðsmála er að taka til meðferðar formlegar kærur, sem beint er til fjármálaráðuneytis vegna innkaupa ríkisins á vörum, þjónustu og framkvæmdum. Jafnframt er nefndinni ætlað að fjalla um kærur, er varða brot á reglum Evrópska efnahags-svæðisins, sbr. VI. kafla laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda og 14. gr. laga nr. 52/1987, um opinber innkaup.

Nefndin gerir formlegar tillögur til fjármálaráðuneytis um afgreiðslu þeirra mála, sem hún fær til meðferðar. Ráðuneytið tekur síðan endanlega ákvörðun í hverju máli um sig.

Nefndin getur tjáð sig um meinta bótaskyldu kaupanda og grundvöll skaðabóta, sbr. 27. gr. laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, 14. gr. laga nr. 52/1987, um opinber innkaup og 20. gr. laga nr. 65/1993, um framkvæmd útboða, sé þess krafist, en hún fjallar ekki um fjárhæð skaðabóta.

### III. KAFLI Vistun og aðstaða.

#### 3. gr.

Fjármálaráðuneytið sér nefndinni fyrir fundaaðstöðu og annarri skrifstofuaðstöð. Ráðuneytið tekur jafnframt við kærnum þeim, sem nefndinni eiga að berast, og afhendir nefndinni þær. Ráðuneytið ber allan kostnað af starfi nefndarinnar.

Ráðuneytið lætur nefndinni í té ritara, er taki við kærnum og öðrum gögnum fyrir hennar hönd, annist vörslu gagna, ritun fundargerða og bréfa og veiti aðstöð við ritun álitserða.

### IV. KAFLI Málsmeðferð.

#### 4. gr.

##### *Almennt.*

Auk þess, sem segir í eftirfarandi ákvæðum þessa kafla, skal nefndin fara að stjórnýslu-  
lögum nr. 37/1993.

#### 5. gr.

##### *Kæruaðild.*

Kæruaðild eiga verktakar, verkþjóðendur og þjóðendur og seljendur vöru eða þjónustu, sem nefndin fjallar um, telji þeir ástæðu til þess að kvarta formlega um starfshætti kaupenda, sbr. 1. mgr. 2. gr.

Heimilt er kæranda að framselja kæruheimild sína til félagasamtaka, er gæta vilja hagsmuna hans.

Kærði skal vera stjórnvald eða annar verkkaupi, sem mál varðar hverju sinni.

#### 6. gr.

##### *Form kæru.*

Kæra skal vera skrifleg og þar greint frá nafni, heimilisfangi, kennitölu, símanúmeri og bréfsímanúmeri kæranda. Þá skal sá, er kæra beinist að, tilgreindur með fullnægjandi hætti. Kæra skal undirrituð af þeim, sem ber hana fram, eða umboðsmanni hans. Unnt er að krefjast vottorðs til sönnunar á umboði.

Kæru skulu fylgja öll nauðsynleg gögn, er kærandi vill byggja rökstuðning sinn á.

Kæra, ásamt fylgigögnum, skal vera í sex eintökum. Nefndin getur leyft frávik frá þessu skilyrði, hvað varðar fylgigögn með kæru, séu fylgigögn óvenju umfangsmikil.

#### 7. gr.

##### *Efni kæru.*

Kæra skal bera með sér skýra kröfugerð ásamt stuttri en greinargóðri lýsingu málavaxta. Kröfur skulu studdar rökum, með vísun til þeirra ákvæða í lögum og reglum, sem kærandi telur að brotin hafi verið. Málavaxtalýsingu og rökstuðningi skal fylgja einföld en skýr vísun til meðfylgjandi fylgiskjala.

Kröfugerð skal lúta að þeim úrræðum, sem nefndin getur mælt með við fjármálaráðuneytið, sbr. 13. gr.

#### 8. gr.

##### *Viðtaka kæru og skil álits.*

Kæru skal beint til fjármálaráðuneytis. Eftir að kæra hefur borist ráðuneytinu skal nefndinni þegar í stað send hún til meðferðar.

Nefndin skal skila niðurstöðu sinni til fjármálaráðuneytis svo fljótt sem við verður komið. Líði meira en einn mánuður frá því að kæra barst nefndinni án þess að hún hafi verið afgreidd, skal nefndin gera ráðuneytinu og kæranda grein fyrir töfinni.

9. gr.

*Kærumeðferð.*

Eftir að nefndin hefur tekið við kæru, sendir hún þeim, sem kæra beinist gegn, eintak kæru ásamt fylgiskjöllum og gefur honum jafnframt formlega kost á því að tjá sig um efni kærunnar innan tilskilins frests. Síðan skal kæranda gefinn kostur á því að kynna sér svar kærða og taka afstöðu til þess innan tilskilins frests.

Málflutningur skal vera skriflegur en gefa má aðilum eða fulltrúum þeirra kost á því að mæta til sameiginlegs fundar, þar sem farið sé yfir framlögð gögn og afstaða tekin til þess, hvort frekari gagna sé þörf.

Nefndin leitar frekari gagna og upplýsinga hjá málsaðilum hverju sinni, ef ástæða er til, en verði aðili ekki við tilmælum um þess háttar afhendingu gagna eða upplýsinga, sem ætla má að hann geti hæglega látið í té, má meta tómlæti hans í því efni honum í óhag við úrlausn máls. Hið sama gildir um áhrif þess ef aðili lætur ekki í té umbeðna umsögn innan tilskilins frests.

10. gr.

*Form álitserðar.*

Álitserðir nefndarinnar til fjármálaráðuneytis skulu hafa að geyma greinargóðar upplýsingar um málsaðila, kröfugerð og stutturá lýsingu málavaxta og krafna beggja málsaðila. Niðurstaða nefndarinnar skal vera rökstudd.

Minnihlutaálit skal fylgja nefndaráliti, sé því að skipta.

11. gr.

*Nefndarfundir.*

Á nefndarfundi, þar sem tekin er lokaákvörðun um afgreiðslu máls, skulu allir nefndarmenn taka þátt í afgreiðslunni og ræður afl atkvæða. Að öðrum kosti er fullnægjandi að tveir nefndarmenn sitji fund.

12. gr.

*Afgreiðsla kærumála.*

Allar kærur skuli teknar til efnislegrar úrlausnar nema nefndin leggi til við fjármálaráðuneyti að kæru skuli vísað frá vegna aðildarskorts, meiri háttar formgalla, ónógra kærugagna, en endurnýja má kæru, sem vísað hefur verið frá, eftir að bætt hefur verið úr ágöllum.

13. gr.

*Úrræði nefndarinnar.*

Nefndin getur lagt til við fjármálaráðuneyti, í álitserð sinni, að:

1. Útboð og gerð sammings á grundvelli þess verði stöðvuð.
2. Breytt verði ákvörðun kaupanda, m.a. með því að auglýsa útboð á nýjan leik, eða breytt verði útboðsauglýsingum, útboðsgögnum eða útboðsskilmálum.
3. Útboðsfrestur verði framlengdur.

Ákvörðun kaupanda í sambandi við framkvæmd útboðs eða gerð sammings á grundvelli þess verður ekki breytt eftir að tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur nefndin lýst því í álitsgerð sinni, að tiltekin ákvæði í lögum, reglum eða staðli, sem útboð vísar til, hafi verið brotin og, eftir atvikum, lagt til að ráðuneytið átelji kærða fyrir það háterni. Hið sama á við, telji nefndin að kærði hafi farið að í andstöðu við góða siði í útboðsmálum.

Nefndin getur tjáð sig um meinta bótaskyldu kærða en eigi um fjárhæð bóta, sbr. 3. mgr. 2. gr.

14. gr.

*Úrslit kæru.*

Fjármálaráðuneyti leggur endanlegan úrskurð á kærur að fengnu áleti nefndarinnar.

Úrskurður ráðuneytis skal kynntur málsaðilum, svo og kærunefnd útboðsmála, svo fljótt sem við verður komið.

V. KAFLI

**Gildistaka.**

15. gr.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda með síðari breytingum og í lögum nr. 52/1987 um opinber innkaup með síðari breytingum, sbr. og 54. gr. reglugerðar um innkaup ríkisins nr. 302/1996. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 17. september 1996.*

F. h. r.

**Magnús Pétursson.**

*Áslaug Guðjónsdóttir.*

Nr. 518

## REIKNINGUR

**Samhugar í verki fyrir árið 1995.**

**Yfirlit um söfnun og ráðstöfun.**

**Til ráðstöfunar:**

|  | <b>kr.</b>         |
|--|--------------------|
| Almenn framlög .....                       | 265.404.044        |
| Framlag til sérverkefnis frá Færejum ..... | 25.051.859         |
| Vaxtatekjur .....                          | <u>719.975</u>     |
|  | <u>291.175.878</u> |

**Ráðstöfun:**

|   |                    |
|---|--------------------|
| Framlög og bætur til einstaklinga .....   | 206.360.915        |
| Samfélagslegur stuðningur .....           | 39.130.666         |
| Kostnaður við ráðstöfun söfnunarjár ..... | <u>641.117</u>     |
|   | <u>246.132.698</u> |

**Óráðstafað .....** 45.043.180

**Efnahagsreikningur 31. desember 1995.****Eignir:**

|                      |                          |
|----------------------|--------------------------|
| Bankainnstæður ..... | <u>45.043.180</u>        |
| <b>Hrein eign</b>    | <u><u>45.043.180</u></u> |

**Skýrsla sjóðstjórnar landssöfnunar fyrir Súðvíkinga, Samhugur í verki.****Söfnunarfé**

Landssöfnun vegna snjóflóðanna í Súðavík í janúar 1995 nam samtals 290,5 millj. kr., og rann söfnunarféð inn á sparisjóðsreikninga í Sparisjóði Súðavíkur. Um er að ræða framlög frá um 32.000 einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum hér á landi auk þess sem framlög bárust erlendis frá. Þar ber hæst framlag frá Færeyjum sem ætlað er til sérstaks verkefnis.

**Framlög og bætur til einstaklinga**

Framlög og bætur námu samtals 206,4 millj. kr. á árinu til 94 einstaklinga, þar af námu byggingarstyrkir 9,0 millj. kr. Á árinu 1995 gerði sjóðstjórnin svohljóðandi samþykkt:

*„Sjóðstjórn söfnunarinnar Samhugur í verki samþykkir að verja efirstöðvum söfnunarfjár, nú þegar úthlutun neyðaraðstoðar til einstaklinga og fjölskyldna er lokið, til þess að styrkja þá einstaklinga, sem bjuggu í Súðavík fyrir snjóflóðin og þurfa að koma sér upp þaki yfir höfuðið í hinni fyrirhuguðu nýju íbúðarbyggð í kaupúninu. Byggingarstyrkir verði inntir af hendir í upphafi byggingarframkvæmda, og verði greiðslur jafnar og óháðar stærð fyrirhugaðra fasteigna.“*

Úthlutun byggingarstyrkja hefur haldið áfram á árinu 1996 og er gert ráð fyrir því að efirstöðvum fjármuna sjóðsins verði ráðstafað í þessu skyni.

**Samfélagslegur stuðningur**

Samfélagslegur stuðningur nam samtals 39,1 millj. kr., en þar er einkum um að ræða framlag til Björgunarsveitarinnar Kofra 2,0 millj. kr., til Súðavíkurhrepps, vegna húsnæðisnefndar, 11,0 millj. kr. og til Súðavíkurhrepps vegna leikskólabyggingar 25,3 millj. kr., en það var ráðstöfun á framlagi frá Færeyjum.

**Kostnaður við ráðstöfun söfnunarfjár**

Stjórnin réði starfsmann til sjóðsins um tíma til að annast undirbúning að úthlutun bóta o.fl. Nam launakostnaður með launatengdum gjöldum vegna hans 422 þús. kr., ferðakostnaður starfsmannsins, prentun og símakostnaður, nam 219 þús. kr. eða samtals 641 þús. kr. Stjórn sjóðsins og endurskoðendur hafa ekki þegið laun fyrir störf sín, en útlagður kostnaður vegna stjórnarinnar hefur verið greiddur af þeim sem tilnefndu þá.

Stjórn sjóðsins Samhugur í verki staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 1995 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. maí 1996.

**Pétur Kr. Hafstein.**

**Jónas Þórisson.  
Magnús Erlingsson.**

**Sigrún Árnadóttir.  
Þorbjörn J. Sveinsson.**

**Áritun endurskoðenda.**

Við höfum endurskoðað ársreikning fyrir sjóðinn Samhugur í verki fyrir árið 1995. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um söfnun og ráðstöfun söfnunarfjár fyrir árið 1995 og efnahagsreikning í lok ársins.

Endurskoðun okkar fól meðal annars í sér könnun á innkomnu söfnunarfé og ráðstöfun þess eftir þeim starfsreglum, sem stjórn sjóðsins hefur unnið eftir. Endurskoðunin fól einnig í sér könnun á bankareikningum sjóðsins og stöðu þeirra í árslok. Þá höfum við farið yfir framsetningu ársreikningsins í heild. Við endurskoðun okkar höfum við gert athugasemdir á þeim gögnum, sem liggja fyrir um ráðstöfun söfnunarfjárins og öðrum bókhaldsgögnum, að því marki sem við töldum nauðsynlegt.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af söfnun og ráðstöfun söfnunarfjárins á árinu 1995 og fjárhagsstöðu sjóðsins í lok ársins.

Reykjavík, 3. maí 1996.

KPMG endurskoðun hf.,  
löggiltir endurskoðendur.

**Ólafur Nilsson.**

30. september 1996

Nr. 519

**REGLUGERÐ****um lágmarksaðstöðu grunnskóla.****1. gr.**

Reglugerð þessi tekur til lágmarksaðstöðu grunnskóla sem starfræktur er á grundvelli laga nr. 66/1995.

**2. gr.**

Sveitarfélög sjá um undirbúning og framkvæmd byggingar húsnæðis og annarrar aðstöðu fyrir grunnskóla svo og kaup á tækjum og búnaði fyrir skólana. Stofnkostnaður grunnskóla greiðist af sveitarfélögum.

**3. gr.**

Hönnun skólahúsnæðis skal unnin af fagmönnum er öðlast hafa tilskilin réttindi. Skal þess gætt að uppfylltar séu allar kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda.

Stærð og gerð grunnskólahúsnæðis skal að lágmarki miðast við að uppfylltar séu kröfur reglugerðar þessarar um húsnæði og aðstöðu til grunnskólahlalds miðað við áætlaðan nemendafjölda á því svæði sem skólanum er ætlað að þjóna. Við ákvörðun um gerð húsnæðis skal tekið tillit til þess hvort um heimangöngu eða heimanakstur nemenda er að ræða. Sé gert ráð fyrir heimanakstri nemenda skal í gerð húsnæðis séð fyrir aðstöðu fyrir þá í biðtímum. Þar sem gert er ráð fyrir heimavist fyrir alla nemendur skóla, eða hluta þeirra, skal auk venjulegs skólahúsnæðis gera ráð fyrir heimilisaðstöðu þeirra og starfsmanna.

**4. gr.**

Við nýja grunnskóla og eldri grunnskóla þar sem því verður við komið skal miðað við að húsnæði til stjórnunar, félagsstarfs og kennslu í öðrum greinum en íþróttum sé að jafnaði



um 8 fermetrar nettó eða 10 fermetrar brúttó á hvern nemanda í tveggja hliðstæðna eða stærri skólum. Sé um fámenna skóla að ræða skal gert ráð fyrir hlutfallslega stærra húsnæði á nemanda til að rúma starfsaðstöðu sbr. 5. gr.

Við hönnun nýs skólahúsnæðis má gera ráð fyrir mismunandi stærð skólafasta. Stærð á almennum kennslustofum skal taka mið af áætluðum hámarksfjölda nemenda sem kennt er samtímis í stofunni. Þannig skulu skólafasta að jafnaði vera a.m.k. 60 fermetrar fyrir 22 - 28 nemendur, 52 fermetrar fyrir 18 - 21 nemanda, 44 fermetrar fyrir 13 - 17 nemendur og 36 fermetrar fyrir 12 nemendur, og aldrei minni en 16 fermetrar.

#### 5. gr.

Til nauðsynlegrar lágmarksaðstöðu í grunnskólum telst:  
Húsnæði til kennslu í öllum skyldunámsgreinum samkvæmt aðalnámsskrá.  
Vinnuaðstaða fyrir skólastjóra, kennara og annað starfsfólk.  
Skólasafn, samkomusalur, aðstaða fyrir félagsstarf nemenda.  
Aðstaða fyrir nemendur til að neyta málsverða og til viðveru utan kennslustunda.  
Aðstaða sérfræðipjónustu fyrir nemendur.  
Húsnæði fyrir heilsugæslu.  
Aðgengi og aðstaða fyrir fatlaða.

#### 6. gr.

Við hönnun nýrra grunnskóla skal afmörkuð skólalóð. Sveitarstjórn ákveður stærð skólalóðar en hún skal þó aldrei vera minni en 2000 fermetrar. Þessu til viðbótar skal að jafnaði miðað við eitt bifreiðastæði á hverja 75 fermetra húsnæðis. Í tengslum við skólalóð skal jafnframt gera ráð fyrir góðri og öruggri aðkomu fyrir langferðabíla. Frágangur leiksvæða á skólalóð skal taka mið af sérþörfum mismunandi aldurshópa í skólanum.

#### 7. gr.

Stærð gólfflatar íþróttasalar, þar sem gert er ráð fyrir fullskipuðum bekkjardeildum í öllum aldursflokkum skal vera að lágmarki 290 fermetrar en þar sem eingöngu er gert ráð fyrir nemendum innan 13 ára aldurs má gólfflötur að lágmarki miðast við 160 fermetra. Fjölnýtisali má nýta til íþróttaiðkunar yngstu nemendanna enda sé aðstaða til íþróttaiðkunar fyrir eldri nemendur í nágrenni skólans.

#### 8. gr.

Þar sem svo hagar til að hentugt telst að nýta húsnæði í nágrenni skóla til skólastarfs getur sveitarstjórn reiknað með slíkum afnotum við ákvörðun um stærð skólabyggingar enda sé húsnæðið í eigu sveitarfélagsins eða sveitarstjórn hafi ótímabundinn ráðstöfunarrétt á því. Slíka aðstöðu má nýta t.d. til kennslu í íþróttum, til félagsstarfs eða heilsugæslu.

#### 9. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 20. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 30. september 1996.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

**Fylgiskjal I****Hugtök er varða byggingu grunnskóla og reglugerð þessa.**

*Heildstæður grunnskóli:* Þar sem kennsla fer fram í öllum árgöngum skyldunáms, sem spannar skyldunámsaldurinn 6 - 16 ára í 1. - 10. bekk.

*Einsetinn grunnskóli:* Þar sem allir nemendur í skólanum eru við nám á sama tíma.

*Fámennur skóli:* Þar sem tveimur eða fleiri árgöngum er kennt saman vegna fæðar nemenda.

*Brúttóstærð skóla:* Heildarstærð skóla að utanmáli.

*Nettóstærð skóla:* Gólfflötur skólans svo sem stjórnunarrými, kennslurými, félags- og samkomuástaða, heilsugæsla og annað rými.

*Kennslurými:* Sérgreinastofur, almennar kennslustofur, áhaldageymslur, hópherbergi, hjálpar-kennslustofur, tölvuver, skólasafn.

*Sérgreinastofa:* Kennslustofa fyrir sérgreinar, svo sem raungreinar, hand- og myndmennt, heimilisfræði, tónmennt. Gert er ráð fyrir að fatahengi, snyrtingar og geymsla sé við hverja stofu.

*Almenn kennslustofa:* Bóknámsstofa með snyrtingu og fatahengi.

*Stjórnunarrými:* Almenn skrifstofa, biðstofa, skrifstofa stjórnenda skóla, eldtraust skjala-geymsla, ljósritun, vinnuástaða, kennarastofa, snyrtingar fyrir starfsfólk.

*Félagsaðstaða:* Hátíða- og matsalur, leiksvið, eldhús og afgreiðsla, tómstundaherbergi, aðstaða fyrir nemendarád, snyrtingar.

*Heilsugæsla:* Aðstaða fyrir lækni og hjúkrunarfræðing, búningsherbergi, snyrting.

*Annað rými:* Ræsting, sorpgeymsla, tæknirými.

2. október 1996

Nr. 520

**GJALDSKRÁ****Hitaveitu Þorlákshafnar.**

## 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Þorlákshafnar.

## 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

## 3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það magn, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns, skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september - 31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

## 4. gr.

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

- |    |                                   |              |
|----|-----------------------------------|--------------|
| a) | Samkvæmt magnhemli .....          | kr. 1.306,00 |
|    | fyrir hvern mínútulítra á mánuði. |              |
| b) | Samkvæmt vatnsmæli.....           | kr. 65,70    |
|    | fyrir hvern rúmmetra vatns.       |              |

Í sérstökum tilfellum, þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og selt heitt vatn samkvæmt lið c:

- |    |   |           |
|----|---|-----------|
| c) | Til annars en húshitunar .....          | kr. 34,30 |
|    | samkvæmt vatnsmæli pr. m <sup>3</sup> . |           |

## 5. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna), þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meiru kranavatni til heimilisnota, en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur  $\frac{1}{30}$  af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu, samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrri notkun.

Hitaveitan stillir hemil, þegar fullur hiti er kominn á vatnið.

## 6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafín sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafín sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslur fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr., er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins sem eftir eru.

## 7. gr.

Heimæðargjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðargjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim

skal greiða hálf guld. Heimæðargjöld eru miðuð við þátttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

Af öllu húsnæði sem tengist hitaveitunni skal reiknað heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 48.210 + 52.56 \times V$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

Þegar lögn heimæðar er lokið er heimæðargjaldið gjaldkræft. Af viðbyggingum og nýbyggingum á lóð þar sem ekki þarf nýja heimæð er gjaldið gjaldkræft þegar byggingarleyfi er veitt.

#### 8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný samsvara orkugjaldi fyrir einn mínútulíttra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

#### 9. gr.

Gjalddagi hitaveitunnar er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöld eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

#### 10. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrá þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 287 12. maí 1995.

*Iðnaðarráðuneytinu, 2. október 1996.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Steinunn Bjarmann.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Lífeyrissjóð Norðurlands.

#### 1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Norðurlands. Heimili hans og varnarþing er á Akureyri. Starfssvæði sjóðsins er Norðurland.

**2. Hlutverk sjóðsins.**

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli samkomulags stéttarfélaga og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

**3. Sjóðfélagar.**

- 3.1. Sjóðfélagar skulu vera með þeim undantekningum, sem nefndar eru í 3.2, allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og starfa á samningssviði eftirtalinna stéttarfélaga:

Verkalýðsfélags Hrutfirðinga, Borðeyri

Verkalýðsfélagsins Hvatar, Hvammstanga

Verkalýðsfélags Austur-Húnvetninga

Verkalýðsfélagsins Fram, Sauðárkróki

Verslunarmannafélags Skagfirðinga

Iðnsveinafélags Skagafjarðar

Verkalýðsfélagsins Einingar, Eyjafirði

Iðju, félags verksmiðjufólks, Akureyri og nágrenni

Félags byggingamanna Eyjafirði

Verkalýðsfélags Húsavíkur

Verkalýðsfélags Presthólahrepps

Verkalýðsfélags Raufarhafnar

Verkalýðsfélags Þórshafnar

Verslunarmannafélags Húsavíkur

Byggingamannafélagsins Árvakurs, S-þing.

Sé launamanni, sem er félagsmaður í ofangreindum félögum, skylt samkvæmt lögum að vera félagi í öðrum lífeyrissjóði, veitir hlutaðeigandi starf ekki rétt til þátttöku í þessum sjóði.

- 3.2. Heimilt er launamanni á starfssvæði sjóðsins að gerast sjóðfélagi, enda þótt hann sé ekki félagi í ofangreindum stéttarfélögum, enda sé honum ekki skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði.
- 3.3. Heimilt er launamanni, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í sjóðnum. Þá er atvinnurekanda á starfssvæði sjóðsins, heimilt að gerast sjóðfélagi. Í sambandi við biðtímaákvæði 12.-14. gr. skal réttindatími manns, er notar sér heimildarákvæði þessarar málsgreinar til að gerast sjóðfélagi, reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni.
- 3.4. Nú óskar stéttarfélag, eftir aðild að þessum sjóði, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum og þeim, sem starfa á samningssviði þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar. Einnig er heimilt að veita félagsmönnum starfsmannafélags tiltekins fyrirtækis, aðild að sjóðnum enda eigi þeir ekki beina aðild að lífeyrissjóði með aðild að stéttarfélagi og sé ekki skylt að vera félagsmenn í öðrum lífeyrissjóði. Ennfremur er stjórn sjóðsins heimilt að veita aðild að sjóðnum einstaklingum og sjálfstætt starfandi atvinnurekendum, er ekki ber skylda til þátttöku í neinum ákveðnum lífeyrissjóði. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launamanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.

- 3.5. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við lífeyrissjóðinn. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna.
- 3.6. Þeir, sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðfélagar.

#### 4. Stjórn.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum. Þrír skulu kosnir af launamönnum og þrír af vinnuveitendum. Kosning fulltrúa launamanna fer fram á ársfundi sjóðsins, en framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands kýs fulltrúa vinnuveitenda.
- 4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Fulltrúar launamanna í fulltrúaráði sbr. 5. gr. skulu kjósa tvo aðalmenn í stjórn, þau ár sem atvinnurekendur tilnefna einn mann í stjórn og einn aðalmann í stjórn þau ár, sem atvinnurekendur tilnefna tvo aðalmenn í stjórn. Á sama hátt skulu fulltrúar atvinnurekenda tilkynna um kjör framkvæmdastjórnar VSÍ á einum aðalmanni í stjórn þau ár sem fulltrúar launþega kjósa tvo aðalmenn í stjórn og um kjör tveggja aðalmanna í stjórn þau ár, sem fulltrúar launþega kjósa einn aðalmann í stjórn. Um kosningu varamanna fer með sama hætti.
- 4.3. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð 20 ára aldri, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru þó undanþegnir þessu búsetu-skilyrði.
- 4.4. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og launamanna hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur, hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmat, þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meiri hluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.
- 4.5. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjórinn er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum.
- 4.5.1. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, til dæmis ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum, skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórn. Sé ekki unnt að bera meiri háttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfundi.
- 4.5.2. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 4.6. Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn, og að fengnu samþykki hennar.

- 4.6.1. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem samþykkt er á ársfundi, skv. 5. grein, og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
- 4.6.2. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn, endurskoðanda og skoðunarmönnum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 4.7. Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnarsýslulaga. Skylt er þeim sem hlut á í að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi skv. framansögðu.
- 4.7.1. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eðli máls samkvæmt.
- 4.7.2. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins né heldur áhættufjármagnsfyrirtækjum sem sjóðurinn á hluti í. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í, getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarformennsku í lífeyrissjóðnum.

## 5. Fulltrúaráð og ársfundur.

- 5.1. Ársfundur hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðruvísi ákveðið í reglugerð þessari. Meðlimir fulltrúaráðs, samkvæmt gr. 5.3, eiga rétt til setu á aðalfundi sjóðsins með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt. Allir sjóðfélagar svo og elli- og örorkulífeyrisþegar eiga rétt til setu á aðalfundum sjóðsins, með málfrelsi og tillögu- rétt. Ársfundur sjóðsins skal halda fyrir júnílok ár hvert.
- 5.2. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar, þegar þurfa þykir. Skylt er stjórninni að boða til aukafundar, ef minnst 3 félög sem eiga aðild að sjóðnum, krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Sama gildir ef slík ósk berst frá VSÍ. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarféлага sjóðsins og VSÍ, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.
- 5.3. Sérstakt fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum launamanna og atvinnurekenda, sem að sjóðnum standa fer með atkvæði á fundum. Fulltrúar launamanna skulu þannig valdir að hvert aðildarfélag að lífeyrissjóðnum samkvæmt grein 3.1 kys úr sínum hópi 1 fulltrúa fyrir allt að 200 félag og síðan einn fulltrúa fyrir hver 200 félagsmanna, eða brot úr þeirri tölu, ef það nemur einu hundraði eða meira. Fulltrúar atvinnurekenda skulu þannig valdir að 20 stærstu atvinnufyrirtæki og stofnanir með

atvinnustarfsemi, með tilliti til iðgjaldagreiðslna af eigin starfsmönnum til sjóðsins á næstliðnu reikningsári, tilnefna einn fulltrúa hver, en framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands það sem á vantar jafna tölu fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í fulltrúaráðinu.

Fulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn.

- 5.4. Í atkvæðagreiðslum, sem fara fram á ársfundi, eða aukafundum fulltrúaráðs, skulu fulltrúar launamanna og atvinnurekenda fara með helming atkvæða, hvorir um sig, án tillits til fjölda fulltrúa á fundi. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð þessari. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar atvinnurekenda og launamanna greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meiri hluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmat.
- 5.5. Á aðalfundi skal taka fyrir:
  - 5.5.1. Skýrslu stjórnar.
  - 5.5.2. Kynningu og afgreiðslu á ársreikningum og tryggingafræðilegri úttekt.
  - 5.5.3. Fjárfestingarstefnu sjóðsins.
  - 5.5.4. Stjórnarkjör skv. 4. grein.
  - 5.5.5. Kosningu skoðunarmanna.  
Fulltrúar launþega í fulltrúaráði skulu á aðalfundi kjósa einn skoðunarmann ársreikninga og einn til vara. Fulltrúar atvinnurekenda skulu tilkynna kjör framkvæmdastjórnar VSI á einum skoðunarmanna ársreikninga og einum til vara. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs.
  - 5.5.6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarskrifstofu. Einfaldur meiri hluti atkvæða í fulltrúaráði ræður niðurstöðu. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.
  - 5.5.7. Tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, fer skv. ákvæðum 22. greinar.
  - 5.5.8. Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
  - 5.5.9. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

## 6. Reikningar og endurskoðun.

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem aðalfundur kys og ennfremur af tveimur skoðunarmönnum sbr. ákvæði gr. 5.5.5 og 5.5.6.

## 7. Tryggingafræðileg athugun.

- 7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda, sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda, sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark.
- 7.2. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins séu umfram skuldbindingar miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins að höfðu samráði við tryggingafræðing gera tillögur til ársfundar um hækkun lífeyrisréttinda.



- 7.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, skal stjórn sjóðsins að höfðu samráði við tryggingafræðing gera tillögur til ársfundar um lækkun lífeyrisréttinda, sem grípa skal til, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Ekki er þó hægt að lækka réttindi meira en að þeim lágmarksréttindum, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2.
- 7.4. Nú leiðir tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins er svo ótryggur að við svo búið má ekki standa og ætla má, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, að eignir hans muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við þau lágmarksréttindi, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. grein 2.2. Skal stjórn sjóðsins þá boða til aukaársfundar eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða lá fyrir. Á fundinum skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um sameiningu við annan samtryggingarsjóð eða lokun sjóðsins. Jafnframt skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um hjá hvaða lífeyrissjóði tryggja beri sjóðfélögum lífeyrisrétt. Tillögurnar skal afgreiða með sama hætti og tillögur að reglugerðarbreytingum.

## 8. Ávöxtun fjár sjóðsins.

- 8.1. Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans. Stjórnin skal ávaxta fé sjóðsins á sem bestan hátt að teknu tilliti til öryggis og áhættu. Stefna sjóðsins er að ávaxta fjármuni hans í heimabyggð, í eins ríkum mæli og hagkvæmt og skynsamlegt er talið og nýta fjármuni hans í þeim mæli, sem skynsamlegt er talið, til uppbyggingar atvinnulífs á Norðurlandi, með hlutfjárkaupum og lánunum til arðbærra framkvæmda og fyrirtækja, skv. ákvæðum þessarar greinar. Stjórnin skal leggja fyrir ársfund fjárfestingarstefnu sjóðsins, um fjárfestingar í öllum tegundum verðbréfa. Skal þannig framlögð stefna samþykkjast af aðalfundi.
- Fé sjóðsins skal ávaxtað á eftirfarandi hátt:
- 8.1.1. Í ríkisverðbréfum og verðbréfum með ábyrgð ríkissjóðs.
- 8.1.2. Í innlánunum banka og sparisjóða.
- 8.1.3. Í verðbréfum banka, sparisjóða, lánasjóða og fjármála fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu, enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti banka- eftirlits Seðlabanka Íslands.
- 8.1.4. Í verðbréfum bæjar- og sveitarfélaga eða verðbréfum með ábyrgð bæjar- og sveitarfélaga, enda sé fjárhagur hlutaðeigandi sveitarfélaga að mati sjóðstjórnar traustur, þegar hliðsjón er höfð af skuldastöðu þess, ábyrgðarskuldbindingum og árlegum tekjum.
- 8.1.5. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum allt að 50% af fasteignamati. Stjórn sjóðsins er heimilt að víkja frá þessum ákvæðum ef markaðsverð eigna gefur tilefni til þess.
- 8.1.6. Í skuldabréfum og víxlum félaga með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstraafkomu, enda séu viðkomandi skuldabréf og hlutabréf félagsins skráð á Verðbréfaþingi Íslands.
- 8.1.7. Í hlutabréfum traustra fyrirtækja, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands (VÞÍ). Hlutabréfaeign sjóðsins í félögum skráðum á VÞÍ, skal aldrei vera lægri en sem nemur 85% af heildarhlutabréfaeign sjóðsins.
- Í hlutabréfum traustra fyrirtækja, sem skráð eru á Opna tilboðsmarkaðinum (OTM), enda séu regluleg viðskipti með hlutabréf þessara fyrirtækja á markaðinum og að

fyrirtækin uppfylli að öðru leyti þau skilyrði varðandi eiginfjárhlutfall, heildarmarkaðsvirði hlutafjár o.s.frv., sem sjóðurinn hefur sett sér um fjárfestingar í slíkum félögum. Hlutabréfaeign sjóðsins í félögum skráðum á OTM skal aldrei vera meiri en sem nemur 15% af heildarhlutabréfaeign sjóðsins.

Í hlutabréfum traustra óskráðra fyrirtækja, enda uppfylli þessi fyrirtæki þau skilyrði, sem sjóðurinn hefur sett sér um fjárfestingar í slíkum félögum. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins í slíkum félögum skal þó aldrei fara yfir 2% af heildarhlutafjáreign sjóðsins.

Í eignarhlutum eða hlutabréfum fyrirtækja, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í rekstri sjóðsins.

Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Þetta ákvæði gildir þó ekki gagnvart eignarhlutum í þróunarfélögum og hlutabréfasjóðum, með dreifða eignasamsetningu eða félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í rekstri sjóðsins.

Hlutabréfaeign sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal á hverjum tíma ekki vera meira en 15% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

- 8.1.8. Í traustum erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) og í skráðum verðbréfasjóðum. Verðbréf skulu keypt fyrir milligöngu viðurkenndra verðbréfamíðlara. Þó er sjóðnum heimilt að kaupa milliliðalaust hlutdeildarskírteini í skráðum verðbréfasjóðum. Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 15% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.
- 8.2. Fjárfestingar lífeyrissjóðsins skulu miðast við að heildarkröfur á hendur einum aðila fari ekki umfram 2,5% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Þó er heimilt að hafa allt að fjórfalt þetta hlutfall í heildarkröfum gagnvart einstökum bönkum. Þessi takmörk eiga ekki við um kröfur með ríkisábyrgð.
- 8.3. Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið um að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignum. Þar skal ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, söluhæfi eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins leggja fram fjárfestingarstefnuna, sbr. 5.5.4.
- 8.4. Heimilt er sjóðnum, að eiga fasteign fyrir skrifstofur sínar.

## 9. Iðgjöld.

- 9.1. Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af launum starfsmanna 16 til 70 ára, sem tilgreind eru í 9.2 eða ákveðin af sjóðstjórn samkvæmt 9.3. Sé um launamann að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launamaður greiðir 4%, en launagreiðandi 6%.
- 9.2. Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast, og gera upp mánaðarlega. Nú eru laun greidd vikulega, og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.
- 9.3. Stjórn sjóðsins setur reglur um, við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem gerast sjálfstæðir atvinnurekendur eða stunda sjálfstæða atvinnu við inngöngu í sjóðinn, svo og þeirra, sem hún veitir heimild til þátttöku sbr. 3.4.
- 9.4. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launamanns eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldalagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal

innheimta vanskilavexti þá, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka frá gjalddaga til greiðsludags.

- 9.5. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 9.6. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 9.7 og 9.8. Þó ber lífeyris-sjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot, og ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 6. gr. laga nr. 53/1993.
- 9.7. Tvisvar á ári skal senda greiðandi sjóðfélögum yfirlit um iðgjöld og réttindi sín. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd.
- 9.8. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Heimilt er lífeyrissjóði að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil.
- 9.9. Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagreini eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og mynda réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfelli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.8 fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslu-stöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagreini telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

## 10. Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 10.1. Samanlög iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans samkvæmt reglugerð þessari.
- 10.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera kr. 49.084 og breytist hún mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákvarða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir, ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn reynist síðar ónothæfur.
- 10.3. Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins samkvæmt 10.2. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða, skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.
- 10.4. Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar, er sjóðfélagi nær 70 ára aldri
- 10.5. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

10.6. Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 10.4 fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 16. gr.

### 11. Ellilífeyrir.

- 11.1. Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri frá sjóðnum.
- 11.2. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er 1. dag hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér fram að töku lífeyris margfölduðum með stuðlinum 1,4.
- 11.3. Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,8% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.
- 11.4. Berist iðgjöld til sjóðsins vegna sjóðfélaga, sem hafið hefur töku ellilífeyris hjá sjóðnum, skal endurgreiða þau iðgjöld í samræmi við ákvæði 16. greinar.

### 12. Örorkulífeyrir.

- 12.1. Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. 12.2 og áunnið hefur sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig.
  - 12.1.1. Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 14. grein vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.
- 12.2. Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og álit trúnaðarlæknis sjóðsins eða tryggingayfirlæknis. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal skerðing starfsorku metin á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar hans og störf og árangurs af endurhæfingu.
- 12.3. Þegar skilyrði 12.1 og þessa töluliðar um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 11. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknaðs samkvæmt 12.4, margfölduðum með 1,4, enda hafi sjóðfélagi:
  - a) greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára,
  - b) greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum,
  - c) ekki orðið fyrir orkutapi, sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.
- 12.3.1. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 12.3.2. Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þess sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, er rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hefur til orkutapsins.

- 12.3.3. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau, sem nefnd eru í a-lið 12.3, er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap
- 12.4. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri, er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt 12.3 á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:
- 12.4.1. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.
- 12.4.2. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár, sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal þá miða framreikning við þetta meðaltal
- 12.4.3. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri, og sennilegt má telja, að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum og skal þá framreikningstími styttr í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.
- 12.4.4. Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt liðunum 12.4.1 eða 12.4.2, meira en tveimur stigum, skal reikna með meðaltalinu í allt að 10 ár en síðan skal til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.
- 12.4.5. Ef rekja má sjúkdóma þá, sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann, að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs, er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, til þess tíma, er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.
- 12.5. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 12.1.
- 12.6. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjú mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir, ef orkutap skv. 12.2 hefur varað skemur en sex mánuði.
- 12.7. Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.
- 12.8. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 12.9. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris vöru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstiga-

fjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

### 13. Makalífeyrir.

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðunum eða hafði greitt til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum meðan skilyrði 13.3, 13.4, eða 13.5 eru uppfyllt.
- 13.2. Fullur makalífeyrir skal alltaf greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar, þótt ekki sé fullnægt ákvæðum gr. 13.3, 13.4 eða 13.5.
- 13.3. Ef maki sjóðfélaga er fæddur fyrir 1945 skal makalífeyrir þó samkvæmt 13.5 lækka um 2% fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.
- 13.4. Yngsta barn sjóðfélaga er 22 ára eða yngra og á framfæri maka. Kjörbarn veitir sama rétt enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.
- 13.5. Maki sjóðfélaga er að minnsta kosti 50% öryrki. Skal makalífeyrir þá greiddur meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára.
- 13.6. Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður margfölduðum með 0,9. Þegar skilyrði 13.1 um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna stiga telja þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 12.4. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 12.9, en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 13.1 um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 15.3.
- 13.7. Ekkja eða ekill samkvæmt þessari grein telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.
- 13.8. Nú andast sjóðfélagi og lætur ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt gr. 13.1 um lengri eða skemmri tíma til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hans um langt árabíl fyrir andlát hans.

### 14. Barnalífeyrir.

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18

ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélaga börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

- 14.2. Fullur barnalífeyrir með hverju barni vegna fráfalls sjóðfélaga nemur kr. 10.548 fyrir hvern almanaksmánuð og breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 10.2. Fullur barnalífeyrir greiðist, ef árleg stig, áætluð í samræmi við 13.6, eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður, ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.
- 14.3. Sé sjóðfélaga, sem uppfyllir skilyrði 12.3.a og 12.3.b, úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn, sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt 14.2 með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er kr. 6.329 með hverju barni og breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð. Sé örorka samkvæmt 12. grein metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins lækka í sama hlutfalli. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður, þótt sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.
- 14.4. Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.
- 14.5. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

## 15. Iðgjaldagreiðslur falla niður.

- 15.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur á. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 15.2. Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 16. gr.
- 15.3. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig sbr. þó 15.1 og 15.2.

## 16. Endurgreiðsla iðgjalda.

- 16.1. Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjaldahluta launamanns erlendum ríkisborgurum, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda óski sjóðfélagi eftir slíkri endurgreiðslu, hún sé ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum. Við endurgreiðslu á iðgjaldahluta sjóðfélaga, skv. þessari grein falla niður allar kröfur viðkomandi sjóðfélaga á hendur sjóðnum vegna hinna endurgreiddu iðgjalda, bæði vegna iðgjaldahluta launamanns og launagreiðanda.
- 16.2. Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, sem náð hafa 70 ára aldri sbr. 9.1 og 10.4 eða hafa hafið töku lífeyris sbr. 11.4, skal hann endurgreiða við-

komandi sjóðfélaga iðgjaldahluta sinn og skapast þá ekki réttur hjá sjóðnum vegna þessara iðgjalda. Vegna starfsmanna, sem náð hafa 70 ára aldri skal einnig endurgreiða iðgjaldahluta launagreiðenda til viðkomandi launagreiðanda. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

### **17. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.**

17.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða, að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn, fyrr en þeir hafa hlotið samþykki Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, svo og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

### **18. Tilhögun lífeyrisgreiðslna.**

18.1. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.

18.2. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. þriggja stiga réttinda, og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

### **19. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.**

19.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

### **20. Gerðardómur.**

20.1. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms, sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af viðkomandi sjóðfélagi, einum tilnefndum af Lífeyrissjóði Norðurlands og oddamanni tilnefndum af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar.

### **21. Eftirlit.**

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 27/1991.

### **22. Breytingar á reglugerðinni.**

22.1. Tillögur um breytingar á reglugerð þessari má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. þremur mánuðum fyrir ársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal, fullum tveimur mánuðum fyrir ársfund, senda aðildarfélögum sjóðsins og VSÍ tillögurnar til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Miði



tillaga að aukningu réttinda, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum samkvæmt samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögur um breytingar á ákvæðum reglugerðarinnar, sem byggja á ákvæðum kjarasamninga, svo sem um breytingar á iðgjöldum eða stjórnskipan sjóðsins verða einungis teknar fyrir á ársfundi, að undangenginni breytingu á kjarasamningi aðila, eða jafngildu samþykki aðildarfélaga sjóðsins. Tillögur um reglugerðarbreytingar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.

- 22.2. Reglugerðarbreytingar taka því aðeins gildi að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

### 23. Gildistaka.

- 23.1. Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar þeirrar, sem gilt hefur frá 1. ágúst 1995, og gildir frá 1. júlí 1996.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 23. september 1996.*

F. h. r.

**Áslaug Guðjónsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Hermann Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 422/1996 um útflutning á kindakjöti.

1. gr.

Aftan við orðin „...í ágúst 1996“, í a-lið 2. gr. reglugerðarinnar, kemur: ... þó að lágmarki 180 kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 30. september 1996.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 425 19. júlí 1995.

#### 1. gr.

a-liður ákvæðis til bráðabirgða orðist þannig:

- a. Eftir 31. desember 1996 skal vagnlest sem samanstendur af bifreið og festivagni ekki vera lengri en 19,5 m og vagnlest sem samanstendur af bifreið og tengivagni ekki lengri en 22 m.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 75. og 76. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. ágúst 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

28. september 1996

Nr. 524

## REGLUGERÐ

### um greiðslu atvinnuleysisbóta.

#### I. KAFLI

#### Biðtími eftir atvinnuleysisbótum.

##### 1. gr.

Atvinnuleysisbætur greiðast þeim sem verið hefur atvinnulaus í þrjá daga samfelld.

Atvinnuleysisbætur greiðast frá og með fyrsta skráningardegi, enda hafi tekjur hlutaðeigandi síðustu sex mánuði fyrir skráningu eigi verið hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum hámarksatvinnuleysisbótum á mánuði.

##### 2. gr.

Nú voru meðaltekjur hlutaðeigandi fyrir skatt síðustu sex mánuði fyrir skráningu, hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum hámarksatvinnuleysisbótum á mánuði og frestast þá réttur til atvinnuleysisbóta þar til meðaltekjur fyrir liðinn mánuð verða jafnháar tvöföldum atvinnuleysisbótum.

Biðtíminn reiknast þannig að fundin eru meðallaun á dag með því að deila í meðal-mánaðarlaun hlutaðeigandi síðustu sex mánuði fyrir skráningu með tölunni 21.67. Síðan er deilt með þeirri tölu sem þannig fæst, upp í mismuninn á meðalmánaðarlaunum hans og tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði og segir sú tala sem þannig fæst, til um fjölda biðdaga eftir bótum.

#### II. KAFLI

#### Skerðing biðtíma milli atvinnuleysisstímabila.

##### 3. gr.

Atvinnuleysisbætur greiðast fyrir alla daga, nema laugardaga og sunnudaga, á hverju bótatímabili sem er 260 virkir dagar.

## 4. gr.

Að loknu hverju bóatímabili fellur hinn atvinnulausi af bótum í 16 vikur, þ.e. 80 virka daga, nema hann hafi sótt og lokið endurmenntunar- eða starfsþjálfunarnámskeiðum, eða tekið þátt í átaksverkefnum á vegum sveitarfélaga, í samtals a.m.k. 8 vikur á bóatímabilinu eða 40 virka daga.

Ljúki hinn atvinnulausi ekki námskeiði, t.d. af þeirri ástæðu að hann fór í vinnu, er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að meta til skerðingar biðtíma þann hluta námskeiðs sem sannanlega var lokið.

## 5. gr.

Með endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeiði er átt við námskeið þar sem kennt er námsefni sem nýst getur hinum atvinnulausa við atvinnuleit. Til námskeiða í þessu sambandi teljast ekki tómstundanámskeið. Ekki skiptir máli á hvers vegum námskeið er haldið ef námsefni uppfyllir framangreind skilyrði, en þau skulu að jafnaði haldin á dagvinnutíma.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal útbúa skrá yfir þau námskeið sem skert geta biðtíma milli atvinnuleysistímabíla og senda úthlutunarnefndum.

Nú hefur hinn atvinnulausi sótt námskeið sem ekki er á skrá stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og er þá heimilt að óska ákvörðunar stjórnar sjóðsins um hvort námskeiðið skuli skerða biðtíma.

## 6. gr.

Við mat á lengd námskeiða skal miða við að hverjar fjórar kennslustundir að viðbættu heimanámi teljist einn virkur dagur.

## 7. gr.

Þátttaka í endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeiðum skerðir biðtíma þannig að hver virkur dagur skv. 6. gr. skerðir biðtíma um tvo virka daga.

Þátttöku í námskeiðum skal sanna með vottorði þess sem staðið hefur fyrir námskeiðinu.

Námskeið má ekki telja með til skerðingar á biðtíma nema vottorð beri með sér að hlutaðeigandi hafi sótt og lokið námskeiðinu, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

## 8. gr.

Úthlutunarnefndum og vinnumiðlunum sveitarfélaga ber að kynna atvinnulausum möguleika á skerðingu 16 vikna biðtíma með þátttöku í endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeiðum, svo og átaksverkefnum.

## 9. gr.

Þátttaka í átaksverkefnum skerðir biðtíma þannig að hver átta stunda vinnudagur telst einn virkur dagur og skerðir biðtíma um tvo virka daga.

Þátttöku í átaksverkefnum skal sanna með vottorði atvinnurekanda.

## 10. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs getur í samvinnu við líknarfélög, eða aðra sambærilega aðila, hrundið af stað samvinnuverkefnum þar sem hinum atvinnulausu gefst kostur á að sinna verkefnum fyrir samvinnuaðilann án frekara endurgjalds en atvinnuleysisbótanna.

Þátttaka í þessum samvinnuverkefnum skerðir biðtíma með sama hætti og þátttaka í átaksverkefnum, sbr. 9. gr.

11. gr.

Nú hefur atvinnulaus maður sannanlega ekki átt kost á þátttöku í námskeiði og skal biðtími þá engu að síður falla niður.

Úthlutunarnefnd skal tilkynna stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs í hvert sinn sem biðtími fellur niður af ástæðum sem tilgreindar eru í 1. mgr.

12. gr.

Nú fellur biðtími niður vegna atvika skv. 11. gr. og skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs þá leita skýringa úthlutunarnefndar.

### III. KAFLI

#### **Starfstími sem maður á að baki sem launamaður í öðru EES-landi.**

13. gr.

Atvinnulaus maður verður að fullnægja eftirtöldum skilyrðum til að unnt sé að reikna starfstíma, sem hann á að baki sem launamaður í öðru EES-landi, með starfstíma hér á landi við ákvörðun bóta:

- a. Hafa unnið hér á landi í samtals a.m.k. 425 dagvinnustundir í tryggingaskyldri vinnu á síðustu 12 mánuðum.
- b. Hafa skráð sig hjá vinnumiðlun hér á landi eða hafið vinnu hér innan átta vikna frá þeim degi sem atvinnuleysistrygging hans féll niður í því landi sem hann flutti frá.
- c. Framvísa vottorði (E 301) um starfstíma frá lögbæru yfirvaldi í því landi sem hann flutti frá.

14. gr.

Skilyrði a-liðar 13. gr. um vinnu hér á landi á ekki við um þá sem flytja til Íslands frá Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Noregi eða Svíþjóð og hafa annað hvort starfað í þeim mæli hér á landi að viðkomandi hefði átt rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar eða hefur þegið atvinnuleysisbætur hér á landi á næstliðnum fimm árum frá þeim degi sem skráning hjá vinnumiðlun átti sér stað eða vinna hófst hér á landi, sbr. ákvæði 2. og 3. mgr. 17. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar, sbr. lög nr. 46/1993.

### IV. KAFLI

#### **Réttur til bóta við atvinnuleit í öðru EES-landi.**

15. gr.

Maður sem óskar eftir að fá íslenskar atvinnuleysisbætur greiddar meðan hann leitar að atvinnu í öðru EES-landi skal fyrir brottför sækja um staðfestingu á bótarétti til Atvinnuleysistryggingasjóðs (vottorð E 303). Umsókn skal að jafnaði lögð fram eigi síðar en þremur vikum fyrir brottför.

Það er skilyrði fyrir greiðslu bóta í öðru EES-landi að umsækjandi fullnægi almennum skilyrðum laga um atvinnuleysistryggingar til að fá greiddar bætur, sé ríkisborgari í EES-landi og hafi á fjórum næstliðnum vikum fyrir brottfarardag:

- a. verið atvinnulaus með öllu,
- b. verið skráður samfelld hjá vinnumiðlun og
- c. verið reiðubúinn að þiggja vinnu.

Atvinnuleysistryggingasjóði er heimilt að staðfesta bótarétt, enda þótt umsækjandi hafi ekki fullnægt ofangreindum skilyrðum allt fjögurra vikna tímabilið, ef hann sýnir fram á að hann hafi þegar tengsl við viðkomandi land, svo sem vegna starfs eða náms maka þar eða vegna þess að honum hafi sjálfum verið gefin fyrirheit um starf þar.

#### 16. gr.

Bótaþegi getur að hámarki átt rétt á að fá greiddar bætur í öðru EES-landi í þrjá mánuði frá brottfarardegi en þó aldrei í lengri tíma en bótatímabili hans nemur, sbr. 3. mgr. 22. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

Til þess að geta notið bóta allt þriggja mánaða tímabilið verður bótaþegi að hafa skráð sig hjá vinnumiðlun í öðru EES-landi innan sjö daga frá brottfarardegi. Að öðrum kosti miðast greiðsla við skráningardag erlendis.

#### 17. gr.

Það að bótaþegi fær vinnu í öðru EES-landi hefur ekki í för með sér framlengingu á þeim tíma sem hann á rétt á að fá greiddar bætur í því landi. Heimilt er að hefja bóta-greiðslur að nýju ef maður verður aftur atvinnulaus áður en sá tími, sem hann á rétt á að fá greiddar bætur í öðru EES-landi, er liðinn. Þetta á ekki við ef vinna í öðru EES-landi hefur skapað honum rétt til bóta í því landi.

#### 18. gr.

Nú snýr sá sem hefur verið við atvinnuleit í öðru EES-landi aftur til Íslands og skráir sig hér áður en sá tími, sem hann á rétt á greiðslu bóta í öðru EES-landi, er liðinn og á hann þá rétt á greiðslum hér á landi frá fyrsta skráningardegi, enda sé bótatímabil hans ekki útrunnið.

Ef bótaþegi skráir sig ekki hér, fyrr en eftir að sá tími, sem hann á rétt á greiðslu bóta í öðru EES-landi, er liðinn, fellur bótaréttur hans niður. Hann öðlast ekki bótarétt aftur nema hann hafi unnið samtals a.m.k. 425 dagvinnustundir í tryggingaskyldri vinnu eftir að hann sneri til baka úr atvinnuleit í öðru EES-landi og fullnægi að öðru leyti almennum skilyrðum 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar fyrir bótarétti.

#### 19. gr.

Sá sem fengið hefur vottorð E 303 til atvinnuleitar í öðru EES-landi, og skráð sig hjá vinnumiðlun þar, getur ekki öðlast aftur slíkan rétt nema hann hafi unnið samtals a.m.k. 425 dagvinnustundir í tryggingaskyldri vinnu eftir að hann sneri til baka úr atvinnuleit í öðru EES-landi og fullnægi að öðru leyti almennum skilyrðum 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar fyrir bótarétti.

### V. KAFLI Gildistaka.

#### 20. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi reglugerð með sama heiti, nr. 247/1993.

*Félagsmálaráðuneytinu, 28. september 1996.*

**Páll Pétursson.**

*Anna G. Björnsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 1996

10. október 1996

1337

Nr. 525

## AUGLÝSING

### um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 479/1995 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi dýra, sem fengið hafa vaxtaraukandi efni, skulu þau vottorð og önnur gögn sem auglýsing þessi kveður á um liggja fyrir við tollafgreiðslu á vörum sem koma frá löndum sem talin eru upp í 2. gr. og yfirdýralæknir hefur viðurkennt.

#### 1. gr.

Skriflegt leyfi landbúnaðarráðuneytisins ásamt vottorðum sem krafist er samkvæmt 3. gr. þessarar auglýsingar skal liggja fyrir við innflutning á landbúnaðarvörum sem ekki hafa hlotið hitameðferð og flokkast í vöruliði 0203, 0207, 0208 og 0210 í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987.

#### 2. gr.

Innflutningur er heimilaður frá eftirtöldum löndum, að uppfylltum skilyrðum 3. gr.

|           |   |
|-----------|---|
| Svíþjóð:  | Kjöt af svínum og kjöt og ætí hlutar af alifuglum |
| Noregur:  | Kjöt af svínum og kjöt og ætí hlutar af alifuglum |
| Finnland: | Kjöt af svínum og kjöt og ætí hlutar af alifuglum |
| Grænland: | Hreindýrakjöt                                     |

Ráðuneytið getur hvenær sem er tilkynnt með auglýsingu breytingar á upptalningu landa samkvæmt þessari grein.

Heimilt er að flytja inn hreindýrakjöt og alifuglakjöt með beini. Eingöngu er heimilt að flytja inn úrbeinað svínakjöt.

Innflutningur á öðrum sláturafurðum eða vörum frá löndum sem ekki eru tilgreind hér að framan er einungis heimill með sérstöku leyfi landbúnaðarráðuneytisins að uppfylltum þeim heilbrigðiskröfum sem það setur sbr. reglugerð nr. 479/1995.

#### 3. gr.

Innfluttum vörum sem flokkast í vöruliði 0203, 0207, 0208 og 0210 sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, og ekki hafa hlotið fullnægjandi hitameðferð, skulu fylgja þau vottorð sem hér greinir:

- a. Opinbert upprunavottorð, sem staðfestir að varan sé framleidd í landi sem talið er upp í 2. gr.
- b. Opinbert heilbrigðisvottorð frá löndum sem hlotið hafa staðfestingu yfirdýralæknis og talin eru upp í 2. gr. auglýsingar þessarar.
- c. Vottorð fylgi vörunni um að sláturdýrunum, sem afurðirnar eru af, hafi ekki verið gefin vaxtarhvetjandi lyf á eldistímanum.
- d. Vottorð um að varan hafi verið í frosti > -20°C í a.m.k. einn mánuð.
- e. Sláturdýrum hafi verið slátrað í sláturhúsum og afurðirnar unnar í vinnslustöðvum sem viðurkenndar eru af Evrópusambandinu eða Bandaríkjum Norður-Ameríku sem útflutningshús.
- f. Að kjötið sé laust við Salmonellusýkla.  
Leiki vafi á gildi heilbrigðisvottorðs eða upplýsingar eru óljósar, skal leita áhlits yfirdýralæknis sem sker úr um gildi vottorða.

4. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni nr. 263/1996.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. október 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um íslensk vegabréf, nr. 169 22. apríl 1987.**

1. gr.

3. mgr. 6. gr. orðist svo:

Óheimilt er að framlengja gildistíma vegabréfs. Dómsmálaráðherra getur þó, þegar sérstaklega stendur á, ákveðið almennt að framlengja megi vegabréf í allt að eitt ár.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um íslensk vegabréf, nr. 18 11. febrúar 1953, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. október 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Þorsteinn Geirsson.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| Vara   | Tímabil         | Vörumagn<br>kg | Verðtollur<br>% | Magntollur<br>kr/kg |
|--|-----------------|----------------|-----------------|---------------------|
| <b>Svínakjöt - vöruliðir 0203 og 0210:</b>               |                 | 43.200         |                 |                     |
| <i>Tollnúmer:</i> Svínakjöt, fryst:                      |                 |                |                 |                     |
| 0203.2903 Hakkað   | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 228                 |
| 0203.2904 Lundir   | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 401                 |
| 0203.2905 Hryggvöðvar                                    | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 401                 |
| 0203.2906 Vöðvar af læri                                 | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 401                 |
| 0203.2909 Annað  | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 401                 |
| <i>Úr tollnr.:</i> Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt: |                 |                |                 |                     |
| 0210.1200 Slög og sneiðar af þeim, beinlaust             | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 287                 |
| <i>Tollnúmer:</i>  |                 |                |                 |                     |
| 0210.1901 Reykt - beinlaust                              | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 325                 |
| <i>Úr tollnr.:</i>                                       |                 |                |                 |                     |
| 0210.1909 Annars - beinlaust                             | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 325                 |
| <b>Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207:</b>               |                 | 40.600         |                 |                     |
| <i>Kjöt og ætíð hlutar af hænsnum, fryst:</i>            |                 |                |                 |                     |
| 0207.1200 Ekki skorið í hluta, fryst                     | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 147                 |
| 0207.1401 Beinlaust                                      | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 147                 |
| 0207.1402 Lifur  | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 202                 |
| 0207.1409 Annað  | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 147                 |
| <i>Af kalkúnnum:</i>                                     |                 |                |                 |                     |
| 0207.2500 Ekki skorið í hluta, fryst                     | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 202                 |
| 0207.2701 Beinlaust                                      | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 202                 |
| 0207.2702 Lifur  | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 202                 |
| 0207.2709 Annað  | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 202                 |
| <i>Af öndum, gæsnum eða perluhænsnum:</i>                |                 |                |                 |                     |
| 0207.3300 Ekki skorið í hluta, fryst                     | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 202                 |
| <b>Annað kjöt, fryst - vöruliður 0208:</b>               |                 | 4.000          |                 |                     |
| 0208.9006 Hreindýrakjöt, fryst                           | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 465                 |
| <i>Úr tollnr.:</i>                                       |                 |                |                 |                     |
| 0208.9009 Annars - Strúta kjöt, fryst                    | 15.10.-30.06.97 |                | 0               | 272                 |

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.



## 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð frá 10. október 1996.

## 4. gr.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta.

Skulu tilboð ráða úthlutun. Þó skal að lágmarki og hámarki úthluta því magni sem hér greinir í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

|           |                        |                                 |                                |
|-----------|------------------------|---------------------------------|--------------------------------|
| vöruliður | 0207.25xx og 0207.27xx | <b>Að lágmarki:</b><br>3.500 kg | <b>Að hámarki:</b><br>5.000 kg |
|-----------|------------------------|---------------------------------|--------------------------------|

## 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildir og gildir til 1. júlí 1997.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. október 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Höskuldsson.*

Nr. 528

11. október 1996

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, með síðari breytingum.**

Við reglugerð nr. 188/1988 bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:  
„Í stað dagsetningarinnar 15. október í 4. tl. 17. gr. reglugerðar nr. 188/1988, sbr. breytingu með rg. nr. 118/1994, 493/1994 og nr. 20/1996, kemur 20. október.“

Breyting þessi skal einungis gilda fyrir mat á hrútlömbum á árinu 1996.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 11. október 1996.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Höskuldsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 74 – 1996

15. október 1996

1341

Nr. 529

## REGLUR

um innkaup og sölu tóbaks og skilmálar í viðskiptum við birgja.

### Reglur um innkaup og sölu tóbaks.

Tóbaki er deilt í 3 söluflokka:

1. Kjarna
2. Reynsluflokk
3. Sérpantanir

Í kjarna eru sölutegundir (vörunúmer) sem flust hafa úr reynsluflokki í kjarna og vörur sem voru í þeim flokki 15. nóvember 1996 og eigi hafa fallið úr kjarna samkvæmt ákvæðum reglna ÁTVR um innkaup og sölu tóbaks. Kjarninn er endurmetinn í mánuði hverjum. Nái sölutegund í kjarna ekki 0,5% af heildarsölu<sup>1)</sup> vöruflökks á undanförmum 12 mánuðum fellur hún úr kjarna.

Séu tvær eða fleiri sölutegundir sömu tóbakstegundar boðnar til sölu og hvorug eða engin þeirra nær áskildu söluhlutfalli en samanlögð sala tóbakstegundarinnar nær söluhlutfallinu, þá skal sú sölutegund, sem mest hefur selst, haldast í kjarna en aðrar sölutegundir falla úr kjarna.

Í reynsluflokki eru að jafnaði 30% af tölu þeirra tóbakstegunda sem eru í kjarna. Tóbak í þessum flokki er í reynslusölu í 11 mánuði. Að loknu því tímabili flyst sölutegundin í kjarna hafi hún náð 0,5% af heildarsölu<sup>1)</sup> vöruflökksins. Við útreikning skal miða við sölu í 9 heila mánuði er næstir koma fyrsta mánuði sölutímans. Vara, sem fellur úr reynslusölu vegna ónógrar eftirspurnar, verður ekki tekin aftur til reynslu fyrr en 12 mánuðir hafa liðið frá því sölu hennar var hætt. Sé mikill fjöldi sölutegunda boðinn til reynslu getur ÁTVR ákveðið að taka aðeins eina tegund í hverjum vöruflokki til reynslusölu eða á biðlista til reynslusölu frá sama birgi.

<sup>1)</sup> Vindlingar eru taldir í mille = 1000 stk.

Annað tóbak er talið í kg.

### Orðskýringar:

Söluflokkur: Röðun vöru í hóp eftir rétti til söluframboðs hjá ÁTVR.

Dæmi: Kjarni.

Vöruflokkur: Skipan vöru í hóp eftir meginéinkennum er tengjast mismunandi framleiðsluaðferðum.

Dæmi: Vindlingar, neftóbak.

- Tóbakstegund: Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum.  
Dæmi: London Docks.
- Sölutegund: Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í söluskrám ÁTVR.  
Dæmi: 10 vindla pakki af London Docks.

Tóbaki í kjarna og reynslusölu er skipt í eftirfarandi vöruflokka:

|               |               |             |           |
|---------------|---------------|-------------|-----------|
| 30 Neftóbak   | 34(1) Vindlar | ≤ 3,15      | gr/stk.   |
| 31 Munntóbak  | 34(2) Vindlar | > 3,15-4,25 | ≤ gr/stk. |
| 32 Reyktóbak  | 34(3) Vindlar | > 4,25      | gr/stk.   |
| 33 Vindlingar |               |             |           |

Nái heildarsala á tiltekinni sölutegund munntóbaks ekki 10 kg á 12 mánaða tímabili má fella hana úr kjarna.

### Um meðferð tilboða á vöru í reynslusölu.

Reynslusala hefst 1. febrúar 1997. Þeir sem óska að bjóða þá fram tóbak í reynslusölu leggi inn umsókn til ÁTVR eigi síðar en 15. nóvember 1996. Sótt skal um hverja sölutegund á eyðublaði sem ÁTVR lætur í té. Umsóknir verða skráðar í þeirri röð sem þær berast. Skráin sýni nafn tilboðsgjafa, heiti vöru og umbúðastærð. Skráin liggi frammi í afgreiðslu ÁTVR, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík, þeim til skoðunar sem óska.

Komi fleiri umsóknir en rúmast í reynsluflokki við upphaf sölu í þeim flokki skal draga úr öllum umsóknum og þeim skipað í röð í samræmi við útdrátt. Sölutegundir koma til reynslusölu eftir þeirri röð.

Tilboð og sýnishorn fara til vöruvalsnefndar ÁTVR sem metur vöruna og gefur skriflega umsögn, leggist hún gegn reynslusölu. Umsögn er fól þeim sem bauð fram vöruna.

Að fengnu mati vöruvalsnefndar skal tilkynna þeim sem tilboð gaf niðurstöðu. Hafi nefndin ekki mælt gegn reynslusölu, gengur innkaupastjóri frá samningi við tilboðsgjafa í samræmi við tilboðið og innkaupaskilmála ÁTVR. Samningur skal gerður a.m.k. 3 mánuðum áður en birgir hefur boðist til að afhenda vöru. Staðfesti birgir eigi samning innan 30 daga frá því samningurinn var tilbúinn til undirritunar fellur umsókn hans úr gildi.

Pöntun á vöru fari fram skv. ákvæðum viðskiptasamnings, sbr. lið 3.

### Um sérpantanir.

ÁTVR sérpantar tóbak af frísvæði eða erlendis frá gegn greiðslu á 400 kr. í pöntunarkostnað sem eru óafturkræfar nema því aðeins að engin pantaðra tegunda sé fánleg. Greiðslan er óháð magni og fjölda tegunda. Að auki greiðir sá er pantar ÁTVR tryggingarfé er nemur áætluðu cif-verði vörunnar.

### Skilmálar í viðskiptum við birgja.

Reglur fyrir birgja sem selja vilja tóbak í kjarna og til reynslu.

1. ÁTVR kaupir ekki fínkornótt neftóbak og munntóbak að undanskildu skrotóbaki.
2. Senda skal ÁTVR tilboð um vöru, verð og staðfestingu þess að þeim séu kunnir innkaupaskilmálar ÁTVR og þeir séu reiðubúnir að hlíta þeim. Tilboði skal skila á þar til gerðum eyðublaðum sem ÁTVR lætur í té. Texti eyðublaðanna er á íslensku og ensku.
3. Áletranir og umbúðir verða að vera í samræmi við íslensk lög og reglur<sup>1)</sup> og staðla Evrópusambandsins. Strikamerki - EAN eða UPC - verða að vera á hverri sölueiningu.
4. Sýnishorn af umbúðum sem varan er seld í á EES-svæði fylgi og grein gerð fyrir hvernig birgir hyggst aðlaga umbúðirnar skilmálum íslenskra laga.

5. Tilgreint verði í samningi hvenær afhending vöru til ÁTVR geti hafist.
6. Þeir sem bjóða vöru í reynslusölu skuldbinda sig til að lána ÁTVR hana (cif-verð) reynslutímann. ÁTVR greiðir birgi mánaðarlega andvirði seldrar vöru. Birgjar skuldbinda sig einnig til að taka til baka þá vöru sem óseld kann að vera við lok reynslutímans. Verði varan valin í kjarna fer það eftir samningi birgis og ÁTVR hversu mikið af hinni óseldu vöru ÁTVR heldur eftir til sölu. Taki birgir eigi við vörunni innan tveggja vikna frá því sölu í reynsluflokki lauk er ÁTVR heimilt að eyða vörunni á kostnað birgis. ÁTVR kaupir flestar vörur frá erlendum birgjum til sölu í kjarna á verði frá verksmiðju eða á fob-verði. Sé birgir utan Evrópu eða Bandaríkjanna kaupir ÁTVR vöru á cif-verði Reykjavík eða fob-verði í höfn í Evrópu eftir því sem nánar semst um. Inkóskilmálar 1990 gilda um allar vöru-sendingar.
7. Þeir sem bjóða vöru til sölu í kjarna skuldbinda sig til að lána ÁTVR hana á fob-verði. ÁTVR greiðir birgi mánaðarlega andvirði seldrar vöru og vöru sem kann að verða ósöluhæf í vörslu ÁTVR. Ákvæði þetta gildir frá 1. janúar 1998.
8. Birgjar geta hækkað verð sitt þrisvar á ári: 1. janúar, 1. maí og 1. september. Tilkynna skal verðhækkun skriflega með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara þ.e. eigi síðar en 1. október, 1. febrúar og 1. júní. Óheimilt er að breyta verði á tóbaki sem er í reynslusölu og skal það verð haldast óbreytt næstu 6 mánuði hið skemmsta, flytjist varan í kjarna.
9. Þyki sannað að framleiðandi tóbaksvöru eða umboðsmaður hans hafi brotið gegn ákvæðum 7. gr. laga nr. 74/1984 sbr. lög nr.101/1996 um tóbaksvarnir getur ÁTVR án sérstaks fyrirvara hætt kaupum á vörum þess framleiðanda er hlut á að máli.

<sup>1)</sup> Sjá reglugerð um viðvörunarmerkingar á tóbaki nr. 433, 20.júlí 1995.

#### *Ábyrgð á vöru.*

Um ábyrgð gagnvart þriðja aðila gilda almennar reglur.

Birgir taki til sín og endurgreiði við móttöku vöru sem er ósöluhæf vegna gallaðra umbúða eða innihalds.

Taki birgir eigi til sín gallaða vöru eða vöru sem ekki hefur selst nægilega í reynsluflokki áskilur ÁTVR sér rétt til að krefjast geymslugjalds fyrir vöruna. ÁTVR er heimilt að láta eyða vörunni á kostnað birgis þegar tvær vikur eru liðnar frá því birgi var tilkynnt að hann ætti að taka vöruna til sín.

Reglur þessar taka gildi 15. október 1996.

Reykjavík, 8. október 1996.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Þórarinn Sveinsson.

Árni Tómasson.

Reglur þessar um innkaup og sölu tóbaks og skilmála í viðskiptum við birgja staðfestast hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. október 1996.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Bergþór Magnússon.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 75 – 1996

Nr. 530

1344

27. september 1996

## SAMÞYKKT

### bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar um útvistartíma barna og unglunga í Seyðisfjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

Á tímabilinu 1. september til 1. júní mega börn og unglingar ekki vera á almannafæri eftir því sem hér segir:

|                 |                 |
|-----------------|-----------------|
| 10 ára og yngri | eftir kl. 20.00 |
| 11 og 12 ára    | eftir kl. 21.00 |
| 13 og 14 ára    | eftir kl. 22.00 |
| 15 ára          | eftir kl. 23.00 |

nema í fylgd með fullorðnum eða á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

#### 2. gr.

Undantekning frá 1. gr. er að á föstudags- og laugardagskvöldum er unglingum heimilt að vera á almannafæri eftir því sem hér segir:

|              |               |
|--------------|---------------|
| 13 og 14 ára | til kl. 23.00 |
| 15 ára       | til kl. 24.00 |

#### 3. gr.

Á tímabilinu 1. júní til 1. september lengist útvistartími barna og unglunga eftir því sem hér segir:

|                 |               |
|-----------------|---------------|
| 10 ára og yngri | til kl. 22.00 |
| 11 og 12 ára    | til kl. 23.00 |
| 13 og 14 ára    | til kl. 24.00 |
| 15 ára          | til kl. 24.00 |

#### 4. gr.

Öll aldursmörk samkvæmt þessari samþykkt skulu miðuð við fæðingarár en ekki fæðingardag.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur sett skv. 57. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytinu, 27. september 1996.*

**Páll Pétursson.**

*Anna G. Björnsdóttir.*

# SAMÞYKKT

## um tilraun Vinnumiðlunar Reykjavíkurborgar samkvæmt lögum um reynslusveitarfélög.

### 1. gr.

#### *Skráning atvinnulausra og réttur til bóta.*

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að skrá sig á tveggja vikna fresti hjá Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar, að viðlögðum missi bótaréttar. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda skal hann láta skrá sig næsta dag sem honum er unnt.

Skrái hinn atvinnulausi sig ekki á tilskildum degi skal hann sæta missi bóta í fimm daga, auk þeirra daga sem liðnir eru frá því að hann átti að skrá sig þar til hann skráir sig á ný.

Vinnumiðlun sendir úthlutunarnefndum dagpeningavottorð á tveggja vikna fresti miðað við skráningu.

### 2. gr.

#### *Ráðgjöf.*

Þeir, sem hafa verið á atvinnuleysisráði í þrjú mánuði, eiga rétt á og verður boðið ráðgjafarviðtal. Tilgangur ráðgjafarviðtals er að athuga stöðu viðkomandi í atvinnuleitinni og veita þá aðstoð sem við á t.d. með áhugasviðsprófum, upplýsingum um nám og störf og gerð atvinnuumsókna.

Þeir sem ekki nýta sér ofangreindan rétt, verða sérstaklega kallaðir inn til Vinnumiðlunar í tengslum við skráningu til könnunar á því hvort þeir fullnægi bótaskilyrðum.

### 3. gr.

#### *Gildissvið.*

Ofangreindar reglur eiga ekki við um þá sem fengið hafa tímabundið leyfi hjá þeirri vinnumiðlun, þar sem þeir eru skráðir atvinnulausir, til að skrá sig reglulega hjá Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar.

Ofangreind samþykkt sem gerð er af borgarstjórn Reykjavíkur skv. 1. mgr. 7. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, og felur í sér frávik frá 20. gr. laga um atvinnuleysis-tryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum, staðfestist hér með, sbr. 2. mgr. 7. gr. og 12. gr. laga um reynslusveitarfélög, til þess að öðlast gildi frá 1. nóvember 1996 til og með 30. apríl 1997. Á gildistímanum mun úttektaaðili skv. 6. gr. laga um reynslusveitarfélög fylgjast með tilrauninni og meta hvernig til hafi tekist og aðilar munu taka afstöðu til framhalds verkefnisins.

*Félagsmálaráðuneytinu, 30. september 1996.*

**Páll Pétursson.**

*Anna G. Björnsdóttir.*

# REGLUGERÐ

## um ráðstöfun barna í fóstur.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

*Hvenær barnaverndarnefnd er skylt að ráðstafa barni í fóstur.*

Barnaverndarnefnd er skylt að ráðstafa barni í fóstur í samræmi við VI. kafla laga um vernd barna og ungmenna, og reglugerð þessa, þegar fósturráðstöfun er nauðsynleg þar sem aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns er áfátt vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra. Sama á við þegar barn verður forsjárlaust, svo sem við fráfall foreldra, eða fullreynt er að ekki næst til þeirra, eða aðrar þær aðstæður ríkja sem jafna má til þessa.

Þegar aðstæður barns eru með þeim hætti sem lýst er í 1. másl. 1. mgr. skal barni ráðstafað í fóstur í samræmi við reglugerð þessa enda þótt fyrirhugaðir fósturforeldrar séu vandamenn barns og fósturráðstöfun sé gerð með samþykki foreldra þess.

Ákvæði reglugerðar þessarar eiga að jafnaði ekki við um vistun barna til aðila, sem fengið hafa leyfi barnaverndarnefndar til að taka börn til dvalar á einkaheimili í atvinnuskyni gegn gjaldi, sem ætlað er að vara í allt að sex mánuði, sbr. 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna. Barnaverndarnefnd er heimilt að ráðstafa barni í fóstur til slíkra aðila að gættum ákvæðum reglugerðar þessarar.

##### 2. gr.

#### *Skilgreining á hugtökum.*

##### 1. Fóstur.

Um fóstur samkvæmt reglugerð þessari er að ræða þegar barnaverndarnefnd felur fósturforeldrum forsjá eða umsjá barns þegar:

- foreldrar, sem farið hafa með forsjá barns, samþykkja slíka ráðstöfun, sbr. g-lið 21. gr. laga um vernd barna og ungmenna,
- barn er forsjárlaust, svo sem við fráfall foreldra, eða fullreynt er að ekki næst til þeirra, eða aðrar þær aðstæður ríkja sem jafna má til þessa,
- kynforeldrar hafa verið sviptir forsjá samkvæmt úrskurði barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs eða barn er í umsjá barnaverndarnefndar um tíma.

Þær fósturráðstafanir sem um getur verið að ræða eru tímabundið fóstur, og varanlegt fóstur að undangengnu reynslufóstri.

##### 2. Tímabundið fóstur.

Barni skal komið í tímabundið fóstur þegar ætla má að unnt verði að bæta úr því ástandi, sem lýst er í 1. mgr. 1. gr., innan skamms tíma þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna án verulegrar röskunar á högum sínum. Markmið tímabundins fósturs er að skapa aðstæður til að veita barninu og foreldrum þess nauðsynlega aðstoð þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna.

##### 3. Varanlegt fóstur.

Um varanlegt fóstur er að ræða þegar barni er komið í fóstur þar til forsjárskyldur falla niður lögum samkvæmt.

Barni skal komið í varanlegt fóstur þegar ástand það sem lýst er í 1. mgr. 1. gr. er mjög alvarlegt og ekki er fyrirsjáanlegt að unnt verði að bæta úr því nema til varanlegs fósturs komi. Markmið varanlegs fósturs er að fósturbarn aðlagist og tilheyri fósturfjölskyldu með sama hætti og um eigið barn fósturforeldra væri að ræða.

#### 4. *Reynslufóstur.*

Áður en gerður er samningur um varanlegt fóstur skal barn dvelja til reynslu hjá væntanlegum fósturforeldrum í tiltekinn tíma samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar. Reynslutími skal að jafnaði eigi vera lengri en þrjú mánuðir og aldrei lengri en eitt ár.

Markmiðið með dvölinni er að kanna hvort aðstæður séu með þeim hætti á væntanlegu fósturheimili að henti þörfum og hagsmunum barns. Að reynslutíma loknum skal meta hvort það samræmist þörfum og hagsmunum barnsins að alast upp á fósturheimilinu.

Við reynslufóstur skal gerður fóstursamningur sem skal endurskoðaður þegar tekin hefur verið ákvörðun um varanlegt fóstur.

#### 5. *Fóstursamningur.*

Fóstursamningur er skriflegur samningur milli barnaverndarnefndar og fósturforeldra um fóstur á tilteknu barni. Skriflegan fóstursamning skal gera hvort sem barni er komið í varanlegt eða tímabundið fóstur, og hvort sem foreldrar hafa samþykkt fóstur eða ekki. Í fóstursamningi skal kveðið á um:

- a. hver fer með forsjá, og umsjá barns ef við á, og að hvaða leyti, sbr. 29. gr. laga um vernd barna og ungmenna,
- b. áætlaðan fósturtíma,
- c. framfærslu barns og annan kostnað, svo sem fósturlaun, sbr. 32. gr. laga um vernd barna og ungmenna,
- d. umgengni barns við kynforeldra og aðra,
- e. stuðning barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra meðan fóstrið varir,
- f. skyldur barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi fósturforeldra ef þeir eru ekki búsettir í umdæmi barnaverndarnefndar sem ráðstafaði barni í fóstur,
- g. annað sem máli kann að skipta, sbr. eyðublöð barnaverndarstofu fyrir fóstursamninga.

#### 6. *Forsjá og umsjá.*

Forsjá fósturbarns felur m.a. í sér skyldu og rétt fósturforeldris til umönnunar og uppeldis barnsins og til að ráða persónulegum högum þess, í samráði við það sjálft miðað við aldur þess og þroska, og sjá um framfærslu þess eftir því sem nánar segir í fóstursamningi, sbr. einnig ákvæði barnalaga og lögræðis laga.

Með umsjá er átt við að barnaverndarnefnd feli fósturforeldrum einstaka þætti forsjár- réttinda og -skyldna, svo sem daglega umönnun og uppeldi barns í tiltekinn tíma.

#### 7. *Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur.*

Barnaverndarnefnd þar sem barn er búsett hverju sinni er bær til að taka ákvörðun um ráðstöfun barns í fóstur, sbr. nánar 8. gr. laga um vernd barna og ungmenna. Með samþykki barnaverndarstofu getur nefnd, sem hafið hefur afskipti af barni sem síðan flyst úr umdæmi nefndar áður en búið er að taka ákvörðun um ráðstöfun þess í fóstur, haft málið áfram til meðferðar, enda sé nauðsynlegt að ráðstafa því í fóstur án samþykkis forsjárforeldra á grundvelli 24. og 25. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

3. gr.

#### **Fósturbarn og réttindi þess.**

Við ráðstöfun barns í fóstur skal barnaverndarnefnd stuðla af fremsta megni að því að stöðugleiki verði í uppveiti barnsins og sem minnst röskun á lífi þess. Ef unnt er skal systkinum fundið sameiginlegt fósturheimili.



Fósturbarn á auk þess rétt á:

- a. góðum aðbúnaði hjá fósturforeldrum sínum og að þeir annist það af fyllstu umhyggju og nærgætni og svo sem best hentar hag þess og þörfum,
  - b. umgengni við kynforeldra sína og aðra þá sem eru því nákomnir, sbr. nánar 33. gr. laga um vernd barna og ungmenna,
  - c. stuðningi barnaverndarnefndar á meðan fóstur varir,
  - d. vitneskju um hvers vegna því var komið í fóstur og hvaða áform barnaverndarnefnd hefur um framtíð þess. Ræða ber þessi mál við barnið af fyllstu nærgætni og með hliðsjón af aldri þess og þroska og aðstæðum að öðru leyti.
- Um inntak þessara réttinda skal ákveða nánar í fóstursamningi.

## II. KAFLI

### Fósturráðstöfun.

#### 4. gr.

#### *Mat á hæfni fósturforeldra.*

Þeir, sem óska eftir að gerast fósturforeldrar, skulu afla sér meðmæla barnaverndarstofu og sækja um slík meðmæli beint til hennar.

Stofan metur, að fenginni umsögn barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi væntanlegra fósturforeldra, hæfni þeirra til að taka barn í fóstur. Áður en barnaverndarnefnd gefur umsögn skal hún kanna hagi og aðstæður væntanlegra fósturforeldra með tilliti til töku fósturbarns.

Við mat á hæfni væntanlegra fósturforeldra skulu könnuð almenn atriði, svo sem hvaða væntingar og kröfur fósturforeldrar hafa um töku barns í fóstur, hverjar óskir þeirra eru um aldur barns, kyn þess o.s.frv. Jafnframt skulu heimilishagir og allar aðstæður væntanlegra fósturforeldra kannaðar. Væntanlegum fósturforeldrum skal greint frá þeim skyldum sem á fósturforeldrum hvíla. Þeim ber að leggja fram sakavottorð, heilbrigðisvottorð, hjúskapar- eða sambúðarvottorð, ásamt upplýsingum um efnahag sinn, svo sem skattframtal eða vottorð um tekjur. Stofan og barnaverndarnefnd geta einnig óskað eftir meðmælum frá vinnuveitanda og umsögn ættingja. Jafnframt geta þessir aðilar aflað nánari upplýsinga um hagi væntanlegra fósturforeldra í samráði við þá.

Nú óska fósturforeldrar eftir að taka fleiri börn í fóstur og skulu þeir þá afla sér nýrra meðmæla barnaverndarstofu.

Barnaverndarstofa setur nánari reglur um mat á hæfni væntanlegra fósturforeldra.

#### 5. gr.

#### *Námskeið fyrir væntanlega fósturforeldra.*

Barnaverndarstofa skal veita væntanlegum fósturforeldrum fræðslu með námskeiðahaldi.

#### 6. gr.

#### *Val á fósturforeldrum fyrir barn.*

Barnaverndarnefnd, sem ráðstafar barni í fóstur, velur, í samráði við barnaverndarstofu, fósturforeldra fyrir barn úr hópi þeirra sem fengið hafa meðmæli stofunnar. Stofan skal hlutast til um að kanna hvort einhverjar breytingar hafa orðið á högum væntanlegra fósturforeldra ef meira en tvö ár eru liðin síðan stofan mat hæfni þeirra.

Barnaverndarnefnd ber að velja fósturforeldra af kostgæfni, með þarfir og hagsmuni viðkomandi barns að leiðarljósi, og með tilliti til aðstæðna, hæfni og reynslu væntanlegra fósturforeldra og mats á því hversu heppilegir uppaldendur þeir munu verða fyrir viðkomandi barn.

Nefndin skal afla samþykkis barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi fósturforeldra fyrir fósturinu, ef væntanlegir fósturforeldrar eru búsettir í öðru barnaverndarumdæmi.

## 7. gr.

*Umsögn foreldris sem ekki fer með forsjá barns.*

Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarnefnd leita umsagnar foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

## 8. gr.

*Undirbúningur fósturforeldra og barns fyrir fóstur.*

Barnaverndarnefnd, sem ráðstafar barni í fóstur, ber, áður en fóstur hefst, að undirbúa hina væntanlegu fósturforeldra rækilega undir hlutverk sitt, svo sem með upplýsingagjöf, viðtölum og öðru því sem að gagni má koma. Barnaverndarnefnd skal upplýsa hina væntanlegu fósturforeldra um persónulega hagi barnsins og um önnur atriði sem nefndin telur máli skipta, svo sem um fyrirhugaða umgengni barnsins og tengsl þess við fjölskyldu sína.

Barnaverndarnefnd ber að undirbúa barnið undir viðskilnað frá kynforeldrum og væntanlegt fóstur.

## 9. gr.

*Tilkynning til barnaverndarstofu og þjóðskrár um fósturráðstöfun.*

Barnaverndarnefnd skal tilkynna barnaverndarstofu um gerð fóstursamnings. Nefndin skal einnig sjá til þess að þjóðskrá sé tilkynnt um breytta búsetu barns vegna fósturráðstöfunar.

## 10. gr.

*Stuðningsaðilar.*

Barnaverndarnefnd getur leitað samstarfs við þá aðila, sem rétt er að veiti barni stuðning á fósturheimili, svo sem starfsfólk skóla, leikskóla, heilsugæslu og svæðisskrifstofu í málefnum fatlaðra, sbr. 16. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

## III. KAFLI

**Réttarstaða fósturbarns.**

## 11. gr.

*Forsjá.*

Fósturforeldrar skulu að jafnaði fara með forsjá fósturbarns, nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar.

Í fóstursamningi skal tiltaka nánar inntak réttinda og skyldna fósturforeldra gagnvart barni.

## 12. gr.

*Lögráð.*

Lögráð barns geta ýmist verið í höndum fósturforeldra og/eða sérstaklega skipaðs lögráðamanns, sbr. 2. mgr. 27. gr. lögræðis laga, nr. 68/1984.

## 13. gr.

*Umgengnisréttur.*

Við fósturráðstöfun skal taka afstöðu til inntaks umgengnisréttar barns við kynforeldra sína og aðra því nákomna. Við ákvörðun þar að lútandi skal tekið mið af því hvað þjónar hagsmunum barnsins best.

Við ákvörðun um umgengni skal barnaverndarnefnd gefa kynforeldrum, og öðrum sem telja sig eiga umgengnisrétt við barn, tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og taka tillit til þeirra eftir því sem unnt er.

Barnaverndarnefnd skal taka ákvörðun um umgengni með úrskurði, nema samkomulag sé um hana en þá skal gerður um hana skriflegur samningur milli barnaverndarnefndar og þeirra sem umgengni eiga að rækja. Hann skal vera fylgiskjal fóstursamnings. Fósturforeldrum skal kynntur slíkur samningur áður en gengið er frá honum, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Þeir, sem umgengni eiga að rækja, geta krafist breytinga á áður ákvarðaðri umgengni. Barnaverndarnefnd skal taka ákvörðun um slíka kröfu með úrskurði nema samkomulag náist um breytingu á umgengnisrétti barnsins.

#### 14. gr.

##### *Framfærsluskylda.*

Framfærsluskylda felur fyrst og fremst í sér skyldu til að tryggja efnalega velferð barns, fæða það og klæða og sjá því fyrir húsaskjóli. Jafnframt að stuðla að menntun barns og eðlilegri þátttöku þess í félagslífi, eftir því sem aðstæður leyfa. Framfærsluskyldu lýkur við 18 ára aldur.

Fósturforeldri er skylt að framfæra fósturbarn sem væri það eigið barn þess.

#### 15. gr.

##### *Framfærsla og annar kostnaður vegna barns í fóstri.*

Þegar barni er ráðstafað í fóstur skal í fóstursamningi ákveða hver skuli vera framfærslueyris með því. Að jafnaði skal miða við fjárhæð barnalífeyris eins og hann er ákveðinn hverju sinni samkvæmt lögum um almannatryggingar. Tryggingastofnun ríkisins greiðir fósturforeldrum hina umsömdu fjárhæð, allt að fimmföldum barnalífeyri, en þeirri nefnd sem ráðstafaði barninu í fóstur, ber síðan að endurgreiða Tryggingastofnuninni þá fjárhæð. Barnaverndarnefnd ber að tilkynna Tryggingastofnun ríkisins um gerð fóstursamnings í samræmi við reglur, sem Tryggingastofnunin hefur sett.

Auk umsamins framfærslueyris geta fósturforeldrar átt rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar og laga um félagslega aðstoð.

Sé samið um hærri fjárhæð framfærslueyris í fóstursamningi en sem nemur fimmföldum barnalífeyri, svo sem um fósturlaun eða greiðslu á öðrum kostnaði, greiðist hann fósturforeldrum beint úr sveitarsjóði þeirrar barnaverndarnefndar sem ráðstafaði barninu í fóstur. Undir hugtakið „annar kostnaður“ geta til dæmis fallið útgjöld vegna meiri háttar tannlækninga, vegna alvarlegra eða langvarandi sjúkdóma og sérstaks menntunarframlags. Ef kostur er skal geta um annan kostnað í fóstursamningi.

Fósturforeldrar geta farið fram á greiðslur á öfyrirséðum kostnaði með rökstuddri beiðni til þeirrar barnaverndarnefndar sem ráðstafaði barninu í fóstur. Beiðni skal koma fram innan sex mánaða frá því að fósturforeldrum var kunnugt um útgjöldin. Ef ekki næst samkomulag milli barnaverndarnefndar og fósturforeldra um greiðslur skal nefndin afgreiða málið með rökstuddri bókun.

Um kostnað vegna skólagöngu barns á grundvelli laga um grunnskóla fer samkvæmt almennum reglum um greiðslur sveitarfélaga til reksturs grunnskóla.

## IV. KAFLI

### **Aðstoð og eftirlit barnaverndarnefndar meðan fóstur varir.**

#### 16. gr.

##### *Aðstoð við fósturforeldra.*

Barnaverndarnefnd skal veita fósturforeldrum aðstoð, eftir því sem þörf þykir, á meðan fóstur varir og samkvæmt nánari ákvæðum í fóstursamningi.

## 17. gr.

*Eftirlit með fóstri.*

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með aðbúnaði og líðan þess barns, sem hún ráðstafar í fóstur, og fylgjast gaumgæfilega með því að ráðstöfunin nái tilgangi sínum. Eftirlit skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári og oftast ef ástæða þykir til.

## 18. gr.

*Samstarf barnaverndarnefnda.*

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur í annað umdæmi fer hún áfram með málið. Hún getur þó farið þess á leit að barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi barns, taki að sér tiltekna skyldur. Um slíkt skal getið í fóstursamningi.

Verði barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi barns þess áskynja að fósturforeldrar vanræki hlutverk sitt ber henni að tilkynna slíkt þegar í stað nefnd þeirri, sem ráðstafaði barninu, og gera tafarlaust ráðstafanir og beita viðeigandi úrræðum til að vernda barnið. Hið sama á við breytist aðstæður barnsins verulega þannig að ástæða sé til að ætla að nefndin ætti að láta málið til sín taka.

## V. KAFLI

**Endurupptaka máls og lok fósturs.**

## 19. gr.

*Afturköllun samþykkis til fósturs.*

Nú afturkallar foreldri samþykki sitt til fósturs og skal þá barnaverndarnefnd taka málið til meðferðar. Við úrlausn máls skal fyrst og fremst taka mið af velferð barnsins. Barnaverndarnefnd er þá jafnan heimilt að úrskurða að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldrum ef það fer vel um það og hagsmunir barnsins mæla með því.

## 20. gr.

*Breyttar aðstæður foreldra sem sviptir hafa verið forsjá.*

Breytist aðstæður foreldra verulega frá því að úrskurður um forsjársviptingu var kveðinn upp, þannig að ætla megi að foreldrar séu nú hæfir til þess að fara með forsjána, geta þeir farið fram á það við barnaverndarnefnd að hún taki mál þeirra upp á ný. Barnaverndarnefnd metur hvort mál skuli endurupptekið og afgreiðir beiðnina með bókun. Við úrlausn málsins skal velferð barns ávallt ganga fyrir.

## 21. gr.

*Endurskoðun fóstursamnings.*

Barnaverndarnefnd getur breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi með rökstuddum úrskurði. Nefndinni er jafnframt heimilt að úrskurða að barn, sem er í fóstri, dvelji þar áfram ef vel fer um það og ef það mæli gegn hagsmunum barnsins að breyting verði gerð þar á. Fer um málsmeðferð skv. VIII. kafla laga um vernd barna og ungmenna.

## 22. gr.

*Breyttar aðstæður hjá fósturforeldrum.*

Ef aðstæður fósturforeldra breytast svo sem vegna skilnaðar, andláts eða búferlaflutninga, ber fósturforeldrum, eða þeim sem eftirlit hefur með fósturinu, að tilkynna barnaverndarnefnd, sem barninu ráðstafaði, um það og skal hún þá endurskoða fóstursamning, ef ástæða þykir til.

Fósturforeldrar geta einnig óskað endurskoðunar á tilteknum atriðum í fóstursamningi eða samningnum í heild.

23. gr.

*Fóstri lýkur vegna þess að barn er orðið sjálfráða.*

Þegar fóstri lýkur, vegna þess að barnið er orðið sjálfráða, getur barnaverndarnefnd tekið málið til umfjöllunar og metið hvort þörf sé á að gera sérstakar ráðstafanir til að barn verði áfram á fósturheimilinu. Veita skal barninu og fósturforeldrum þess aðstoð eftir að barnið hefur náð sjálfræðisaldri, allt eftir þörfum hverju sinni.

## VI. KAFLI

**Lokaákvæði.**

24. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 2. mgr. 39. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 28. september 1996.***Páll Pétursson.**

---

*Anna G. Björnsdóttir.*

Nr. 533

2. október 1996

**SAMÞYKKT****um hunda- og kattahald í Hrísey.**

## I. KAFLI

**Hundahald.**

1. gr.

Hundahald sætir þeim takmörkunum sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita einstaklingum búsettum í Hrísey leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum.

- Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings, og óheimilt er að framselja það.
- Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins og fær eigandi hundsins afhenta merкта plötu, sem hundurinn skal ávallt bera um hálsinn. Á plötuna skal greypa skráningar-númer hundsins, nafn eiganda og símanúmer. Eigi er skylt að sækja um leyfi fyrir hvolp áður en hann er þriggja mánaða gamall. Hund eiganda er skylt að tilkynna um ef hundur drepst eða er fluttur úr sveitarfélaginu.
- Við skráningu skal hund eigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar um hundahald í Hrísey eins og hún er hverju sinni.
- Eiganda er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu váttryggingafélagi, þannig að tryggt sé að tryggingin taki til alls tjóns sem hundur kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og leyfisgjalds.
- Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa. Heimilt er að hafa þá í taumi úti við í fylgd með aðila er hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda þó í taumi séu inn í opinberar stofnanir og starfstöðvar hverju nafni sem þær nefnast sbr. kafla III-V og VII- XV heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, og þar sem úrvinnsla og meðferð eða geymsla matvæla á sér stað, svo og farþegarými ferjunnar.

- f. Umráðamönnum hunda er skylt að sjá um að hundur raski ekki ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Þá er umráðamönnum hunda einnig skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
- g. Leyfisgjald vegna hundahalds skal greiða árlega í sveitarsjóð samkvæmt gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði sem leiðir af framkvæmd samþykktar þessarar. Gjald skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. janúar. Hafi gjald eigi verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.
- h. Skilyrði fyrir hundahaldi í fjöleignarhúsum er að allir íbúðareigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu leyfis.
- i. Hundar skulu færðir til hreinsunar í október eða nóvember ár hvert.
- j. Hundar úr öðrum sveitarfélögum mega ekki án leyfis sveitarstjóra eða fulltrúa hans dvelja lengur en eina viku í Hrísey. Þeir hundar sem koma til eyjarinnar skulu hafðir í taumi.

### 3. gr.

Fyrir minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan þann kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað eða meiri háttar brot er að ræða getur hundeigandi fyrirgert rétti sínum til þess að halda hund í Hríseyjarhreppi. Skal hann gjalda allan kostnað vegna brotsins og afhenda hund sinn til hreppstjóra sem síðan ákveður hvað gert skuli við hundinn.

### 4. gr.

Hunda sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa til geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega hunda. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hættulegum hundum er heimilt að lóga strax. Aðra hunda er heimilt að afhenda ef leyfi er framvísað. Sama gildir um aðra hunda sem handsamaðir eru á eygni og eru frá öðrum stöðum, allur kostnaður við töku og vörslu hunds fellur á eiganda hans. Að öðrum kosti skal hundinum lógað, í samræmi við ákvæði laga nr. 15/1994 um dýravernd, á kostnað hundeiganda.

## II. KAFLI

### Kattahald.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að takmarka kattahald í Hrísey, ef til þess er talin bryn þörf að mati heilbrigðisnefndar, héraðslæknis, viðkomandi héraðsdýralæknis eða yfirdýralæknis.

#### 6. gr.

Kettir skulu ekki undir neinum kringumstæðum ganga lausir. Þeir skulu bera bjöllu og merкта hálsól, þar sem fram kemur nafn eiganda, heimili og símanúmer.

#### 7. gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að kettir þeirra valdi ekki íbúum ónæði, en geti að öðrum kosti sætt takmörkunum um kattahald hafi borist skriflegar kvartanir um ónæði eða hættur sem kettir þeirra sannanlega valda sbr. 5. gr.

#### 8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að láta eyða ómerktum flækings- eða villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

## III. KAFLI

**Eftirlit, þvingunarúrræði og gildistaka.**

9. gr.

Heilbrigðisnefnd eða aðilar á hennar vegum annast framkvæmd og eftirlit með hunda- og kattahaldi í Hrísey.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hríseyjarhrepps og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og öðlast gildi við birtingu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Sækja verður um leyfi fyrir hunda sem eru í Hrísey fyrir 1. janúar 1997.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. október 1996.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**


---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*
**AUGLÝSING**

**um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr.,  
sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.**

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 650.429.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 46.814.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1996 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

*Félagsmálaráðuneytinu, 26. september 1996.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**


---

*Sesselja Árnadóttir.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breyttu deiliskipulagi fyrir miðbæ Keflavíkur, Reykjanesbæ.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 7. október 1996 staðfest breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ Keflavíkur, Reykjanesbæ.

Breytingarnar felast í því að áform um nýbyggingar við Aðalgötu og Kirkjuveg falla niður, leikvöllur kemur í stað torgs, íbúðarhús við Aðalgötu og Kirkjuveg standa óhreyfð og hús verður flutt frá Aðalgötu á lóð við Vallargötu. Reiturinn verði einungis fyrir íbúðabyggð í stað blandaðrar starfsemi áður.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. október 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

7. október 1996

Nr. 536

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, Reykjanesbraut við Mjódd.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 28. ágúst 1996 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, frá 20. febrúar 1992 með síðari breytingum.

Breytingin er fölginn í því að heimiluð er vinstri beygja frá Reykjanesbraut inn á þjónustusvæðið við Mjódd.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. október 1996.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

7. október 1996

Nr. 537

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 7. október 1996 staðfest aðalskipulag Stokkseyrar 1996-2016. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Stokkseyrar 1987-2007 frá 23. apríl 1990.



Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Stokkseyrarhrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfísráðuneytinu, 7. október 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Djúpavogs 1989-2009.

Samkvæmt ósk Djúpavogshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 28. ágúst 1996 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á staðfestu aðalskipulagi Djúpavogs 1989-2009 frá 25 nóvember 1991.

Breytingin felst í því að bætt er við tveimur einbýlishúsalóðum við Borgarland austan undir Borgargerðiskambi.

Hreppsnefnd Djúpárhrepps tekur að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfísráðuneytinu, 7. október 1996.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Hrafn Hallgrímsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar 1980-2000.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Búðahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 28. ágúst 1996 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á staðfestu aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar frá 17. ágúst 1981 með síðari breytingum.

Breytingin er fólgin í því að iðnaðarsvæði á Nesi stækkar til suðurs vegna flokkunarstöðvar fyrir sorp.

Hreppsnefnd Búðahrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfísráðuneytinu, 7. október 1996.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Hrafn Hallgrímsson.*

## AUGLÝSING

**ríkisskattstjóra nr. 8/1996 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 3/1996 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1996, með áorðnum breytingum samkvæmt auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 7/1996.**

Frá og með 1. október 1996 breytist skattmat á dagpeningum sem launamaður fær greidda vegna ferða innanlands á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu. Matið verður sem hér segir, sbr. kafla 4.2. í auglýsingunni:

|                                    |                             |
|------------------------------------|-----------------------------|
| Gisting og fæði í einn sólarhring: | kr. 8.400, verði kr. 7.250. |
| Gisting í eina nótt:               | kr. 4.900, verði kr. 3.750. |

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. október 1996.

*Reykjavík, 2. október 1996.*

**Snorri Olsen** ríkisskattstjóri.

## REGLUGERÐ

**um vínmál og löggildingu þeirra.**

### I. KAFLI

#### **Gildissvið.**

##### 1. gr.

Reglugerð þessi fjallar um vínmál. Vínmál eru áfengisskammtarar og ölmál sem notuð eru til að mæla skammta víns eða áfengs öls sem ætlað er til sölu. Í samræmi við 10. gr. laga um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, bera eigendur slíkra áfengisskammtara ábyrgð á að þeir hafi gilda löggildingu.

### II. KAFLI

#### **Skilgreiningar.**

##### 2. gr.

*Brúnarmerki.* Brúnarmerki eru tvö merki sem slegin eru í veltivínmál, til staðfestingar málrúmtaks þess. Þau eru slegin í veltivínmál þétt við efstu brún þess. Merkin skulu þannig mótuð að unnt sé að sjá hvort sorfið hafi verið af brúninni eftir að vínmálið hefur verið löggilt. Brúnarmerkin skulu vera gegnt hvoru öðru.

*Löggildingarhnappur.* Löggildingarhnappur er sérstakur hnappur eða flipi úr plasti eða mjúkum málm, sem notaður er til að læsa saman innsiglisvír eða -þráð, þetta er gert með því að klemma hnappinn utan um vírinn eða þráðinn. Þegar hnappurinn er klemmdur saman er jafnframt þrykkt í hann löggildingartákni sem sýnir að mælitæki sem hann ber hefur verið löggilt.

*Löggildingarmiði.* Löggildingarmiði er sérstakur límmiði sem sýnir að mælitæki sem hann ber hefur verið löggilt. Miðinn er gefin er út af Löggildingarstofunni.

*Löggildingartákn.* Löggildingartákn er tákn sem sýnir að mælitæki hefur verið löggilt í samræmi við lög um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992. Með táknuinu skal standa ártal þess árs sem löggilt er á og faggildingarnúmer prófunarstofunnar sem framkvæmir löggildinguna. Form og útlit táknsins er skilgreint í reglugerð.

*Löggildingargjald.* Löggildingargjald er gjald sem greitt er til prófunarstofu fyrir löggildingu vínmála.

*Vínmál.* Vínmál er samheiti yfir hverskyns mælitæki sem notuð eru til að mæla skammta áfengs öls eða víns, hvort heldur er um að ræða sterkt eða létt vín, sem ætlað er til sölu.

*Þjónustugjald.* Þjónustugjald er gjald sem prófunarstofa sem annast löggildingar á vínmálum greiðir Löggildingarstofunni. Greitt er fyrir hverja löggildingu sem prófunarstofan hefur framkvæmt.

### III. KAFLI

#### Starfsleyfi.

##### 3. gr.

Prófunarstofur sem starfa við löggildingar vínmála skulu hafa gilt starfsleyfi frá Löggildingarstofunni. Prófunarstofur skulu sækja um slíkt leyfi til Löggildingarstofunnar. Til að öðlast starfsleyfi þarf prófunarstofan að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

A. Prófunarstofan skal vera faggilt samkvæmt reglugerð um starfsemi faggiltra prófunarstofa nr. 351/93 Sé prófunarstofan hinsvegar með gilda faggildingu fyrir löggildingu rennismæla má fella faggildingarsvið þetta undir þá faggildingu, enda sé löggilding vínmála innan gæðakerfis prófunarstofunnar. Ekki er gert ráð fyrir að sérstök faggildingarúttekt fari fram þegar prófanir á vínmálum hjá prófunarstofu hefjast en að gerð verði úttekt jafnhliða næstu árlegu úttekt faggildingaraðila á löggildingu rennismæla. Ekki er gert ráð fyrir sérstöku faggildingagjaldi þegar löggildingar á vínmálum eru innan gæðakerfis fyrir löggildingar rennismæla.

B. Prófunarstofan skal hafa í föstu starfi, tæknilegan stjórnanda. Tæknilegur stjórnandi ber tæknilega ábyrgð á framkvæmd löggildinga. Tæknilegur stjórnandi skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa þekkingu á rennslis- og rúmmálsmælingum og reynslu af löggildingum rennismæla. Undanþágu má gera frá framangreindum skilyrðum um þekkingu og reynslu ef viðkomandi hefur menntun eða starfsreynslu og þjálfun sem faggildingardeild Löggildingarstofunnar telur fullnægjandi. Tæknilegur stjórnandi er ábyrgur fyrir öllum löggildingum sem prófunarstofan vinnur.

C. Prófunarstofan skal hafa í föstu starfi nægilegan fjölda fastra prófunarmanna með fullnægjandi þekkingu og reynslu til að annast löggildingar vínmála. Prófunarmaður skal hafa nægilega tæknikunnáttu til að annast löggildingar vínmála og meta ástand þeirra út frá prófunum eða skoðunum. Hann skal hafa reynslu af vinnu við vél- og rafeindabúnað. Tryggt skal að kunnáttu hans sé viðhaldið með endurmenntun. Hann skal kunna skil á þeim reglum sem viðskiptaráðherra setur varðandi vínmál.

D. Prófunarstofan skal hafa yfir að ráða þeim mælitækjum og búnaði sem nauðsynlegur er til að löggilda vínmál.

E. Prófunarstofan skal senda Löggildingarstofunni upplýsingar um allar löggildingar sem hún framkvæmir, sbr. 24. gr.

F. Prófunarstofan skal greiða þjónustugjald til Löggildingarstofunnar fyrir hverja löggildingu sem hún framkvæmir í samræmi við 25. gr.

G. Viðmiðunarmæligrunnar sem prófunarstofan notar í tengslum við löggildingu vinnmála skulu hafa kvarðanir sem rekjanlegar eru til landsmæligrunna á Íslandi.

H. Prófunarstofan skal taka þátt í þeim samanburðarskoðunum og samvinnuverkefnum sem Löggildingarstofan ákveður og ber eigin kostnað vegna þess.

#### **Leyfissvipting.**

4. gr.

Löggildingarstofan getur svipt prófunarstofu starfsleyfi, ef skilyrðum 3. gr. er ekki fullnægt eða fyrirmælum Löggildingarstofunnar ekki framfylgt.

Starfsleyfi fellur samstundis niður ef prófunarstofan er svipt faggildingu sem löggilding vinnmála fellur undir.

Vanræki prófunarstofan hlutverk sitt og skyldur eða sýni af sér ítrekaða óvarkámi í starfi missir hún starfsleyfi sitt.

#### **Bráðabirgðastarfsleyfi.**

5. gr.

Löggildingarstofan getur veitt prófunarstofu bráðabirgðastarfsleyfi. Prófunarstofa sem sækir um starfsleyfi í fyrsta sinn getur fengið bráðabirgðastarfsleyfi án þess að vera faggilt til að annast löggildingar vinnmála, enda hafi hún komið upp nauðsynlegu gæðakerfi og verklagsreglum og staðist forúttekt faggildingardeildar Löggildingarstofunnar. Bráðabirgðastarfsleyfi getur aldrei gilt lengur en í eitt ár. Prófunarstofa sem æskir bráðabirgðastarfsleyfis skal sækja um það til Löggildingarstofunnar og gera grein fyrir á hvern hátt hún hyggst nota aðlögunartímann til að byggja upp starfsemi sína til að uppfylla öll þau ákvæði sem liggja til grundvallar fullu starfsleyfi.

### **IV. KAFLI**

#### **Veltivínmál.**

6. gr.

Veltivínmál er opið mæliker með 3 eða 6 cl málrúmtaki, sem velt er við til að tæma það. Veltivínmál skal vera gert úr ryðfríu stáli, eða öðrum þeim málmum sem uppfyllir kröfur reglugerðar um efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli. Efnisstyrkur málsins skal nægjanlegur til að það aflagist ekki við meðhöndlun, né langvarandi notkun. Á því skal greinilega tilgreint rúmtak þess í cl. Gert skal ráð fyrir að hægt sé að slá í það löggildingartákn og ártal án þess að það aflagist.

Veltivínmál skal vera með hringlaga botn með víkkandi þversniði upp að brún.

Brúnir veltivínmáls skulu vera jafnar að ofan og án allra kanta þannig að hægt sé að slá í þær brúnarmerki, sbr. 2. gr.

Veltivínmál með 3 cl rúmtaki skal hafa tvo mótlæga arma til þess ætlaða að halda málinu uppi þegar það er lagt ofan á glas sem verið er að skammta í. Armarnir skulu þannig gerðir að málið sitji stöðugt á glasi, hvort heldur sem málið er tómt eða fullt.

7. gr.

Málrúmtak veltivínmáls miðast við að það sé fyllt að efstu brún.

8. gr.

Leyfilegt hámarksfrávik við löggildingu er hið sama og leyfilegt notkunarfrávik +/- 1 ml. Kerfisbundin misnotkun vikmarka er óheimil.

## 9. gr.

Við löggildingu skal fara eftir verklagslýsingum sem Löggildingarstofa hefur samþykkt.

## 10. gr.

Veltivínsmál sem uppfylla framangreind ákvæði er heimilt að löggilda án undangenginnar tegundarviðurkenningar. Löggilding veltivínsmáls fellur úr gildi ef frávik við notkun er meira en leyfilegt hámarksfrávik. Veltivínsmál verða ekki endurlöggilt.

## 11. gr.

Hafi löggildingahæfi veltivínsmáls verið staðfest með prófun, sbr. ákvæði 10. gr., má löggilda það með því að löggildingartákn, sbr. 2. gr., ásamt faggildingarnúmeri prófunarstofu og ártali þess árs sem löggilt er á, er slegið í arm eða belg veltivínsmáls. Einnig skal slá tvö brúnarmerki í málið, hvort gegnt öðru, til staðfestingar málrúmtaks, sbr. 7. gr. Merkið skal vera þannig lagað að glögglega megi sjá ef af því er sorfið.

## V. KAFLI

**Hálfsjálfvirkir vínskammtarar.**

## 12. gr.

Hálfsjálfvirkur vínskammtari er vínsmál sem sett er á flöskustút og fyllist sjálfkrafa en tæmist handvirkt. Meginhlutar skammtarans eru stútur sem flaskan er sett við, mælihólf, lokar og armar sem notaðir eru við tæmingu hans. Við skömmtun áfengis úr flösku með vínskammtara er flaskan höfð á hvolfi og örmum sem eru neðan á honum þrýst upp.

Hálfsjálfvirkur vínskammtari hefur loka sem stjórnar rennsli í og úr honum. Lokinn sem opnar fyrir rennsli í mælihólf skammtarans skal að jafnaði standa opinn og má aðeins loka fyrir rennsli úr flöskunni á meðan tæmt er úr mælihólfinu.

Mælihólfið skal vera þannig gert að hægt sé að sjá hvort það er fullt eða ekki. Ekki má vera hægt að fylla mælihólfið nema armarnir séu í neðstu stöðu.

Mælihólf hálfsjálfvirkra vínskammtara skulu hafa 3 eða 6 cl rúmtak. Á því skal rúmtak greinilega tilgreint í cl. Skammtarinn skal þannig gerður bæði hvað varðar efni og útlit, að hann breytist ekki, né aflagist í tímans rás né við notkun.

Skammtarinn skal svo útbúin, að hægt sé að innsigla hann með sérstökum þræði eða vír og löggildingarhnaпп eða löggildingarmiða. Eftir að skammtarinn hefur verið innsiglaður má ekki vera hægt að breyta neinu því sem haft getur áhrif á mælt magn eða mælinákvæmni, nema með því að rjúfa innsiglið.

Skammtarinn skal vera vel þéttur og ekki má leka eða smita.

Hálfsjálfvirkir vínskammtarar mega vera með teljara sem telur hversu oft er skammtað.

## 13. gr.

Hálfsjálfvirka vínskammtara má aðeins nota við að skammta þunnfljótandi áfengis- tegundir með þurrefnisinnihald 5% eða minna, svo sem vodka, viskí, gin, romm, koníak og ákavíti.

## 14. gr.

Leyfilegt hámarksfrávik við löggildingu er hið sama og leyfileg notkunarfrávik +/- 2 ml. Kerfisbundin misnotkun vikmarka er óheimil.

## 15. gr.

Hálfsjálfvirkir vínskammtarar verða að hafa gilda tegundarviðurkenningu, frá aðila á þessu svið með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, til þess að unnt sé að löggilda þá.

## 16. gr.

Við löggildingu skal fara eftir verklagslýsingum sem Löggildingarstofan samþykkir.

## 17. gr.

Hálfsjálfvirka vínskammtara skal endurlöggilda árlega. Löggilding skammtara fellur úr gildi ef frávik við notkun eru meiri en leyfilegt hámarksfrávik eða ef innsigli hefur verið rofið.

## 18. gr.

Löggildingarhnappur sem nefndur er í 13. gr. skal merktur með löggildingartákni, fagildingarnúmeri prófunarstofu og ártali, samkvæmt fyrirmælum Löggildingarstofunnar.

## 19. gr.

Hálfsjálfvirkur vínskammtari telst löggildingarhæfur sé hann með gilda tegundarviðurkenningu sbr. 16. gr. og hafi verið sýnt fram á með prófunum að frávik séu innan leyfilegra hámarksfrávika, má þá löggilda hann með því að innsigla hann og festa á hann löggildingarmiða eða löggildingarhnapp með þeim táknum sem upp eru talin í 2. gr.

## VI. KAFLI

**Aðrir áfengisskammtarar.**

## 20. gr.

Vínmal og vínskammtarar aðrir en þeir sem taldir eru upp í IV. og V. kafla hér að ofan, verða að hafa tegundarviðurkenningu frá viðurkenndum aðila á því sviði, aðilinn skal hafa staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Glös, könnur og þess háttar ílát sem notuð eru til að mæla og selja vín eða áfengt öl, án þess að skammtað sé í þau úr löggiltu vínmáli, skulu vera merkt með málrúmtaki og áfyllingarstriki sem sýnir hvar málrúmtaki þess er náð. Þau skulu auðkennd þeim sem er ábyrgur fyrir merkingunum. Ábyrgðaraðilinn skal hafa staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu og hafa tilskilin leyfi til merkinga á málrúmtaki glasa frá viðkomandi landi og sæta reglubundnu eftirliti.

Froða skal ekki talin með í málrúmtaki.

Hámarks leyfilegt frávik fyrir áfyllingarstrik er sem hér segir:

- |   |        |
|---|--------|
| A. Fyrir glös með málrúmtaki 5 cl eða minna | +/- 5% |
| B. Fyrir málrúmtak yfir 5 cl                | +/- 3% |

Áfyllingarstrik skulu ekki vera styttri en 10 mm.

## VII. KAFLI

**Mælióvissa.**

## 21. gr.

Prófunarstofan skal sýna fram á með útreikningum hver heildaróvissa við löggildingar vínmála er.

Í verklagsreglum skal m.a. tekið fram hve mikið frávik má vera til þess að unnt sé að löggilda vinnmálið.

Prófunarstofan skal sýna fram á með 95% vissu ( $k = 2$ ), að öryggisbil mælinga sé innan heimilaðra hámarksfrávika.

#### **Afturköllun löggildingar.**

22. gr.

Löggilding vinnmáls fellur úr gildi ef frávik við notkun er meira en heimilað hámarksfrávik.

#### **VIII. KAFLI**

##### **Skýrslugerð.**

23. gr.

Prófunarstofa skal hafa aðgengileg fyrir Löggildingarstofuna frumrit prófunarskýrslna og löggildingavottorða. Frumritin skulu undirrituð af eiganda vinnmáls eða fulltrúa hans svo og prófunarmanni sem ábyrgur er fyrir verkinu.

Samantekt um niðurstöður löggildinga skal skila til Löggildingarstofunnar á 6 mánaða fresti. Upplýsingunum skal skila á því formi sem Löggildingarstofan segir til um. Eftirfarandi skal í það minnsta koma fram á samantektinni.

Fjöldi löggiltra vinnmála og gerð þeirra.

Hve marga vinskammtara þurfti að stilla og hve mikið frávik var að meðaltali frá heimiluðu hámarksfráviki.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í prófunarskýrslum sem lagðar eru til grundvallar löggildingu:

Nafn, kennitala og heimilisfang verkbeiðanda.

Fjöldi vinnmála sem löggilt hafa verið fyrir hvern verkbeiðanda.

Frávik vinnmála.

Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar Löggildingarstofunni.

Árlega skal leggja fram skýrslu þar sem tölfraðilegar upplýsingar um löggildingar liðins árs eru lagðar fram. Tölfraðilegar upplýsingar og framsetning þeirra skulu vera samkvæmt fyrir mælum Löggildingarstofunnar.

#### **IX. KAFLI**

##### **Þjónustugjald.**

24. gr.

Ráðherra er, í samræmi við 18. gr. laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, heimilt að ákveða í gjaldskrá Löggildingarstofunnar þjónustugjald fyrir löggildingu velti-vinnmála og vinskammtara er falla undir reglugerð þessa.

#### **X. KAFLI**

##### **Gildistaka.**

25. gr.

Reglugerð þessi um vinnmál er sett skv. 5. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu frá 16. desember 1992 til að taka gildi við birtingu hennar og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Viðskiptaráðuneytinu, 30. september 1996.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Halldór J. Kristjánsson.*

## AUGLÝSING

### um gjöld vegna námskeiðs til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu nr. 519/1987 hafa gjöld vegna námskeiðs sem haldið er á seinni árshelmingi 1996 verið ákveðin þessi:

|  |            |
|--|------------|
| Gjald fyrir III. námskeiðshluta  | kr. 30.000 |
| Gjald fyrir próftöku vegna einstakra námskeiðshluta fyrir þá sem ekki sitja námskeið | kr. 20.000 |
| Gjald fyrir námsgögn þeirra sem ekki sækja námskeið                                  | kr. 15.000 |

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. október 1996.*

F. h. r.  
Jón Thors.

*Sigrún Jóhannesdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um gatnagerðargjald.

1. gr.

*Almenn heimild.*

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gatnagerðargjald af öllum lóðum í sveitarfélaginu og/eða mannvirkjum á þeim, hvort sem um er að ræða lóðir í eigu sveitarfélagsins eða aðrar lóðir. Gjaldinu skal varið til framkvæmda skv. 2. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996.

2. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.*

Lóðarhafi ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

3. gr.

*Ákvörðun um gatnagerðargjald.*

Sveitarstjórn ákveður í gjaldskrá sinni, sbr. 11. gr. reglugerðar þessarar, upphæð gjaldsins og hvenær það er innheimt. Gatnagerðargjald er þó fyrst gjaldkræft við úthlutun lóðar, sem er í eigu sveitarfélagsins, og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum.

4. gr.

*Viðmiðun gatnagerðargjalds.*

Við ákvörðun gatnagerðargjalds skal miða við rúmmál byggingar, flatarmál hennar og/eða flatarmál lóðar. Heimilt er að hafa hverja þessara viðmiðana sem er, eina af þeim, tvær saman eða allar þrjár. Flatarmál og rúmmál byggingar skal reikna eftir ÍST 50 og miða við brúttóstærðir.



## 5. gr.

*Hámark gatnagerðargjalds.*

Hámark gatnagerðargjalds er 15% af heildarbyggingarkostnaði rúmmetra eða fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er á hverjum tíma, eftir því hvor viðmiðunin á við, eða vegið meðaltal þessara stærða ef við á.

Gatnagerðargjald sem miðað er við stærð lóðar skal ekki vera hærra en ef það væri miðað við stærð byggingar á sömu lóð. Gildir það eins þó aðeins hluti gatnagerðargjalds sé miðaður við flatarmál lóðar.

Hámark gatnagerðargjalds skv. 1. mgr. gildir jafnt um einstaka byggingaráfanga eða húshluta og um byggingar í heild.

## 6. gr.

*Lágmarksgatnagerðargjald og viðbótargatnagerðargjald.*

Heimilt er að ákveða lágmark gatnagerðargjalds af lóð með hliðsjón af nýtingarmögu- leikum lóðarinnar samkvæmt samþykktu skipulagi. Gatnagerðargjald verður ekki endur- greitt þó minna sé byggt en lágmarksgjaldið miðast við. Heimilt er í tengslum við útgáfu byggingarleyfis að innheimta viðbótargatnagerðargjald ef stærð byggingar er umfram viðmiðun lágmarksgatnagerðargjalds.

## 7. gr.

*Heimild til afturköllunar byggingarleyfis ef gatnagerðargjald er ekki greitt.*

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma og er sveitarstjórn þá heimilt að afturkalla byggingarleyfi og/eða lóðarúthlutun, enda sé kveðið á um það í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

## 8. gr.

*Álagning gatnagerðargjalds m.a. ef hús er rífið eða það brennur.*

Þegar hús er rífið eða fjarlægt af lóð og nýtt byggt í staðinn, er heimilt að innheimta gatnagerðargjald að því er stækkuninni nemur, nema lágmarksgatnagerðargjald skv. 5. gr. reglugerðar þessarar hafi verið greitt og ekki farið fram úr viðmiðun þess. Sama gildir ef hús brennur og byggt er nýtt hús á lóð.

## 9. gr.

*Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.*

Sveitarstjórn skal í eftirgreindum tilvikum endurgreiða gatnagerðargjald:

- a. Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b. Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi eða er fellt úr gildi. Á það jafnt við um gatnagerðargjald af eignarlóðum og viðbótargatnagerðargjald skv. 6. gr. reglugerðar þessarar.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. a-lið 1. mgr. er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði. Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum 1 mánuður frá því að lóðarhafi krefst endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið 1. mgr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt og verðbætt miðað við vísitölu byggingarkostnaðar eftir því sem kveðið er á um í gjaldskrá skv. 11. gr. reglugerðar þessarar.

## 10. gr.

*Breytt notkun húss.*

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færir í hærri gjaldflokk samkvæmt gjaldskrá

sveitarfélagsins, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Ef húseign færast í lægri gjaldflokk við slíkar breytingar greiðist ekki gatnagerðargjald og lóðarhafi á ekki rétt á endurgreiðslu.

## 11. gr.

*Gjaldskrár sveitarstjórna.*

Sveitarstjórn skal setja sérstaka gjaldskrár fyrir gatnagerðargjald. Í gjaldskránni skal m.a. kveðið á um eftirfarandi atriði:

- a. Við hvaða þætti gatnagerðargjald skuli miðast, sbr. 3. gr. reglugerðar þessarar, og upphæð þess.
- b. Hvort um er að ræða mismunandi gjaldflokka eftir notkun lóðar, t.d. eftir því hvort um er að ræða lóð fyrir íbúðarhúsnæði, verslunarhúsnæði, iðnaðarhúsnæði o.s.frv., eða mismunandi gjald af lóðum fyrir íbúðarhúsnæði eftir því hvort um er að ræða lóð fyrir einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o.s.frv.
- c. Greiðsluskilmála gatnagerðargjalds.
- d. Hvort ákveðin rými eða tiltekna tegundir bygginga skuli vera undanþegnar gatnagerðargjaldi að meira eða minna leyti.
- e. Heimild til að uppreikna gatnagerðargjald reglulega.
- f. Tilhögun endurgreiðslu gatnagerðargjalds, sbr. 9. gr. reglugerðar þessarar.
- g. Hvað innifalið er í gatnagerðargjaldi, sbr. 2. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996.

## 12. gr.

*Auglýsing gjaldskrár.*

Sveitarstjórn skal auglýsa gjaldskrána og efnislegar breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu. Ekki þarf þó að auglýsa breytingar á gatnagerðargjaldi sem leiða af heimild til að uppreikna þau, sbr. e-lið 11. gr. reglugerðar þessarar.

## 13. gr.

*Ágreiningur um álagningu gatnagerðargjalds.*

Verði ágreiningur um ákvörðun og/eða innheimtu gatnagerðargjalds, skal hann borinn undir viðkomandi sveitarstjórn eða byggðarráð, eftir því hver háttur er hafður á í viðkomandi sveitarfélagi. Aðili máls getur skotið ákvörðun sveitarstjórnar eða byggðarráðs um álagningu og/eða innheimtu gatnagerðargjalds til úrskurðar félagsmálaráðherra. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðili fékk vitneskju um álagningu gjaldsins. Kæruheimild þessi skerðir þó eigi rétt aðila til að höfða mál fyrir dómstólum.

## 14. gr.

*Lögveðsréttur.*

Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

## 15. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 6. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996 til að öðlast gildi 1. janúar 1997. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir og samþykktir einstakra sveitarfélaga um gatnagerðargjöld, sem settar voru á grundvelli laga nr. 51/1974,

sbr. lög nr. 31/1975, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996.

*Félagsmálaráðuneytinu, 8. október 1996.*

**Páll Pétursson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

Nr. 544

7. ágúst 1996

## AUGLÝSING

**um breytingar á reglum nr. 135/1996, um innkaup og sölu áfengis og skilmálum í viðskiptum við birgja.**

1. mgr. verði: Áfengi er deilt í 6 söluflokka:

- |                 |                 |
|-----------------|-----------------|
| 1. Kjarna       | 4. Sérflokk     |
| 2. Reynsluflokk | 5. Mánaðarflokk |
| 3. Þróunarflokk | 6. Sérpantanir  |

Eftir 4. mgr. bætist ný málsgrein er verði 5. málsgrein og orðist svo:

Í *þróunarflokki* eru nýjar tegundir öls, er fara í reynslusölu án veru á biðlista. Tegundin telst ný hafi varan ekki verið föl í verslunum ÁTVR eða erlendis. Varan sé að efnainnihaldi frábrugðin öðrum vörum á markaði innanlands og utan. Með vöruna skal fara að öðru leyti með sama hætti og gildir um vöru í reynsluflokki. Vara í þróunarflokki hefur ekki áhrif á tölu þeirra sölutegunda er veljast í reynsluflokk hverju sinni né veru annarra sölutegunda frá framleiðanda þróunarvöru á biðlista eftir reynslusölu.

Heiti vöruflokka 60 breytist svo:

- |         |   |
|---------|---|
| 60 (A1) | Bjór, undirgerjaður, verð undir 380 kr. á lítra |
| 60 (A2) | Bjór, undirgerjaður, verð yfir 380 kr. á lítra  |
| 60 (B)  | Bjór, annar                                     |
| 60 (C)  | Bjór í þróunarflokki                            |

Reglur þessar taka gildi 1. ágúst 1996.

Reykjavík, 22. júlí 1996.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen      Þórarinn Sveinsson      Árni Tómasson      Dögg Pálsdóttir

Reglur þessar staðfestast hér með skv. 13. gr. reglugerðar nr. 607/1995 um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

*Fjármálaráðuneytinu, 7. ágúst 1996.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

# SAMÞYKKT

## um stjórn og fundarsköp Súðavíkurhrepps.

### I. KAFLI

#### Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

##### *Skipan hreppsnefndar.*

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

##### 2. gr.

##### *Starfstímabil hreppsnefndar.*

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

##### 3. gr.

##### *Valdsvið hreppsnefndar.*

Hreppsnefnd fer með stjórn Súðavíkurhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

##### 4. gr.

##### *Verkefni hreppsnefndar.*

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.

##### 5. gr.

##### *Verkefni hreppsnefndar.*

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

##### 6. gr.

##### *Verkefni hreppsnefndar.*

Meðal verkefna hreppsnefndar Súðavíkurhrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga, sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

## II. KAFLI

## Um fjármálastjórn hreppsins.

## 7. gr.

*Þriggja ára áætlun.*

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

## 8. gr.

*Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.*

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hans fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd, sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða, og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

## 9. gr.

*Fjárhagsáætlun.*

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

## 10. gr.

*Endurskoðun fjárhagsáætlunar.*

Hreppsnefnd er heimilt að endurskoða fjárhagsáætlun í samræmi við breyttar forsendur. Hreppsnefnd skal við endurskoðun áætlunar taka tillit til samþykpta sbr. 2. mgr. 9. gr. samþykktar þessarar. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu enda hafi breytingartillögur verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

## 11. gr.

*Afgreiðsla ársreikninga.*

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

## III. KAFLI

**Um fundarsköp hreppsnefndar.**

## 12. gr.

*Fundartími hreppsnefndar.*

Sveitarstjóri skal, fyrir annan fund nýkjörinnar hreppsnefndar, leggja fram tillögu að áætlun um fundartíma nefndarinnar fyrir næstu 12 mánuði. Reglulegir fundir hreppsnefndar skulu haldnir samkvæmt áætluninni hljóti hún samþykki hreppsnefndar. Endurskoða skal áætlunina á sex mánaða fresti, fyrir næsta 12 mánaða tímabil. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati sveitarstjóra og oddvita hreppsins. Skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

## 13. gr.

*Fyrsti fundur nýkjörinnar hreppsnefndar.*

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

## 14. gr.

*Boðun hreppsnefndarfunda.*

Sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsþúum skal kunnert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

## 15. gr.

*Dagskrá hreppsnefndarfunda.*

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna, svo og kosningar eða ráðningu sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins ef eða að svo miklu leyti sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir sem í þeim felast, sbr. 54. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það á skrifstofu hreppsins skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Fundargerð síðasta hreppsnefndarfundar skal að jafnaði send út eigi síðar en viku eftir fund.

## 16. gr.

*Skriflegt fundarboð.*

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa sent hreppsnefndarmönnum og varamönnum þeirra fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

## 17. gr.

*Boðun aukafunda.*

Sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Hreppsnefndarmönnum skal kynnt dagskrá fundarins. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara er aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé hann boðaður með dagskrá.

## 18. gr.

*Kosning oddvita og varaoddvita.*

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs í senn nema hreppsnefnd ákveði að kjósa hann til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi gegnir aldursforseti oddvitastörfum nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

## 19. gr.

*Skrifarar.*

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

## 20. gr.

*Fundarstaður.*

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í fundarsal hreppsnefndar og skal almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

## 21. gr.

*Lögmæti hreppsnefndarfunda.*

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

## 22. gr.

*Fundarstjórn.*

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

## 23. gr.

*Dagskrármál.*

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

## 24. gr.

*Afgreiðsla mála við tvær umræður.*

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins og fyrirtækja hans.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 25. gr.

*Fundarsókn, varamenn.*

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundum nema lögmat forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna það skrifstofu Súðavíkurhrepps sem boðar varamann. Hreppsnefndarmanni sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundum ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundum hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundum.

## 26. gr.

*Fundarsköp: Málfrelsi fundarmanna.*

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala.



## 27. gr.

*Fundarsköp: Takmarkanir á málfrelsi.*

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

## 28. gr.

*Fundarsköp: Vítur á hreppsnefndarmann.*

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

## 29. gr.

*Fundarsköp: Meðferð tillagna.*

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

## 30. gr.

*Fundarsköp: Meðferð tillagna.*

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

## 31. gr.

*Fundarsköp: Afgreiðsla mála.*

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

## 32. gr.

*Fundarsköp: Atkvæðagreiðsla.*

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu. Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar nema hreppsnefnd samþykki samhljóða annað.

### 33. gr.

#### *Fundarsköp: Úrslit atkvæðagreiðslu.*

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti fellur það.

Kosningar sem fram fara í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar, sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

### 34. gr.

#### *Fundarritun - fundargerð.*

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd.

Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

## IV. KAFLI

## Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

35. gr.

*Dagskrá hreppsnefndarfunda.*

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það skrifstofu Súðavíkurrepps skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

*Fundarseta.*

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.

*Lausn úr hreppsnefnd.*

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

38. gr.

*Málfrelsi, tillögur, atkvæðisréttur.*

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, s.s. fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39. gr.

*Skyldur hreppsnefndarmanna.*

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.

*Aðgangur að upplýsingum.*

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

41. gr.

*Þagnarskylda.*

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

42. gr.

*Vanhæfi.*

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

43. gr.

*Þóknun hreppsnefndarmanna.*

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu vegna starfans samkvæmt fjárhagsáætlun á hverjum tíma.

44. gr.

*Orlof og fundartími.*

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

*Varamenn: Fjarvera vegna veikinda.*

Hreppsnefndarmaður sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt meðan þannig hagar til skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

*Varamenn: Réttindi og skyldur.*

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem sitja hreppsnefndarfundi.

## V. KAFLI

**Nefndir, ráð og stjórnir.**

47. gr.

*Kosningar í ráð og nefndir.*

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

## 48. gr.

*Boðun fyrsta fundar nefnda, ráða og stjórna.*

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara. Heimilt er nefnd, stjórn eða ráði að hafa annan hátt á sé það samþykkt samhljóða.

## 49. gr.

*Skyldur nefndarmanna.*

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 50. gr.

*Lokaðir fundir.*

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

## 51. gr.

*Fundarstjórn nefndafunda.*

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnunum hreppsins eftir því sem við á.

## 52. gr.

*Hlutverk og valdsvið nefnda.*

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

## 53. gr.

*Fundargerðabækur.*

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

## 54. gr.

*Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá næsta fundar hreppsnefndar að afloknum nefndarfundum.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

55. gr.

*Nefndir, ráð, stjórnir, tilnefningar og kosningar.*

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

(i) **Nefndir.** Hér er um að ræða fagnefndir, sem sinna faglegu starfi þeirra málaflokka, sem þeim hafa verið falin af hreppsnefnd með erindisbréfum.

1. *Almannavarnanefnd Súðavíkurhrepps.* Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í almannavarnanefnd Súðavíkurhrepps. Fulltrúar hreppsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og hreppsnefndar. Sjálfskipaðir vegna starfa sinna eru auk þess sveitarstjóri (formaður nefndarinnar), lögreglustjóri, slökkvistjóri og heilsugæslulæknir.
2. *Byggingarnefnd.* Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í byggingarnefnd, sbr. byggingarlög. Byggingarnefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og hreppsnefndar. Auk verkefna sem byggingarnefnd hefur með höndum skv. lögum getur hreppsnefnd falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
3. *Félagsmálanefnd.* Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálanefnd, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsmálanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og hreppsnefndar. Félagsmálanefnd fer með verkefni barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, áfengisvararnefndar, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, hefur umsjón með framkvæmd laga um vernd barna og ungmenna og málefna fatlaðra. Auk verkefna sem félagsmálanefnd hefur með höndum skv. lögum getur hreppsnefnd falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
4. *Meningarmálanefnd.* Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í menningarmálanefnd. Menningarmálanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og hreppsnefndar. Menningarmálanefnd fer með málefni bókasafnsstjórna skv. ákvæðum laga um almenningsbókasöfn. Auk verkefna sem menningarmálanefnd hefur með höndum skv. lögum getur hreppsnefnd falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
5. *Fræðslu- og tómstundanefnd.* Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í fræðslunefnd. Fræðslunefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og hreppsnefndar. Fræðslunefnd fer með málefni grunnskóla skv. grunnskólalögum, leikskóla skv. leikskólalögum, tónlistarskóla skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og skv. ákvæðum samstarfs-samninga sem um rekstur tónskóla gilda hverju sinni, og framhaldsskóla skv. ákvæðum framhaldsskólalaga og samstarfssamninga, sem um rekstur framhaldsskóla gilda hverju sinni. Fræðslunefnd gerir tillögu til hreppsnefndar um fulltrúa sveitarfélagsins í útíbússtjórn Tónlistarskóla Ísafjarðar og skólanefnd grunnskólans á Reykjanesi. Auk verkefna sem fræðslunefnd hefur með höndum skv. lögum getur hreppsnefnd falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
6. *Landbúnaðarnefnd.* Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa í landbúnaðarnefnd og jafnmarga til vara. Landbúnaðarnefnd skal m.a. hafa yfirumsjón með fjallskilum í sveitarfélaginu skv. lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Hreppsnefnd getur falið landbúnaðarnefnd að tilnefna þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í sérstakar fjallskilanefndir, sem fari þá með fjallskilamálefni einstakra svæða (Súðavík, Ögur og Reykjafjörður). Landbúnaðarnefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil hennar hið sama og hreppsnefndar.
7. *Skipulags- og umhverfisnefnd.* Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í skipulags- og umhverfisnefnd, sbr. skipulagslög og mengunarvarnareglugerð. Nefndin

er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og hreppsnefndar. Skipulags- og umhverfisnefnd tilnefni einn fulltrúa og annan til vara í heilbrigðisnefnd Ísafjarðarsýslu.

8. *Yfirkjörstjórn*. Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í yfirkjörstjórn til sveitarstjórnarkosninga. Yfirkjörstjórn er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil hennar hið sama og hreppsnefndar. Yfirkjörstjórn fer með þau verkefni sem henni eru falin skv. ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna.
9. *Undirkjörstjórnir*. Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa í undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild (Súðavík, Ögur og Reykjafjörður) til alþingis- og sveitarstjórnarkosninga. Hreppsnefnd kýs auk þess þrjá til vara. Undirkjörstjórnir eru fyrst kosnar á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og síðan í júní ár hvert. Undirkjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin skv. ákvæðum laga um kosningar til Alþingis og sveitarstjórna.

**(ii) Stjórnir og samstarfsráð.** Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð, sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e.a.s. þurfa ekki staðfestingu hreppsnefndar til að koma málum í framkvæmd, innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.

1. *Hafnarstjórn*. Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í stjórn Súðavíkurhafnar, skv. ákvæðum laga og reglugerða um hafnir. Kosning fer fram á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og hreppsnefndar.
2. *Stjórn útibús Tónlistarskóla Ísafjarðar*. Hreppsnefnd kýs tvo fulltrúa og tvo til vara í stjórn útibús Tónlistarskóla Ísafjarðar, skv. ákvæðum laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og samþykktum um rekstur skólans. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og hreppsnefndar.
3. *Heilbrigðisnefnd Ísafjarðarsýslu*. Hreppsnefnd kýs tvo fulltrúa og tvo til vara í heilbrigðisnefnd Ísafjarðarsýslu. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og hreppsnefndar.
4. *Skólanefnd Reykjanesskóla*. Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara í skólanefnd Reykjanesskóla. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og hreppsnefndar.

**(iii) Tilnefningar og kosningar.** Kosnir fulltrúar á ársþing, aðalfundi og ársfundi fyrirtækja og stofnana, sem sveitarfélagið á aðild að.

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Hreppsnefnd kýs einn fulltrúa og annan til vara á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúar hreppsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og hreppsnefndar.
2. *Fjórðungsþing Vestfjarða*. Hreppsnefnd kýs einn fulltrúa og annan til vara á aðalfund Fjórðungsþings Vestfjarða skv. lögum þingsins. Fulltrúar hreppsins eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og síðan í júní ár hvert, vegna næstkomandi aðalfundar.
3. *Héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu*. Hreppsnefnd kýs einn fulltrúa og annan til vara í héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu skv. samþykktum nefndarinnar. Fulltrúarnir eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og síðan í júní ár hvert, vegna næstkomandi aðalfundar.
4. *Aðalfundur Frosta hf.* Hreppsnefnd kýs einn fulltrúa og annan til vara fyrir hvern aðalfund Frosta hf. skv. samþykktum félagsins. Um val á fulltrúa hreppsins í stjórn Frosta hf. gilda ákvæði samþykktu félagsins.

(iv) **Lögbundin kosning embættismanna.** Samkvæmt lögum ber hreppsnefnd að kjósa eftirtalda embættismenn:

1. *Skoðunarmenn sveitarsjóðsreikninga.* Hreppsnefnd kýs tvo skoðunarmenn og jafnmarga til vara, skv. sveitarstjórnarlögum. Skoðunarmenn sveitarsjóðsreikninga eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og síðan í júní ár hvert, vegna næstkomandi ársreikninga.
2. *Búfjárefirlitsmenn.* Hreppsnefnd kýs einn búfjárefirlitsmann fyrir hverja fjallskiladeild og jafnmarga til vara, skv. lögum um búfjárhald. Búfjárefirlitsmenn eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og hreppsnefndar.
3. *Úttektarmenn.* Hreppsnefnd gerir tillögu um einn úttektarmann og tvo til vara skv. ábúðarlögum. Úttektarmenn eru tilnefndir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra hið sama og hreppsnefndar.
4. *Húsnæðisfulltrúi.* Hreppsnefnd kýs húsnæðisfulltrúa, sbr. lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Húsnæðisfulltrúi er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil hans hið sama og hreppsnefndar. Auk verkefna sem húsnæðisfulltrúi hefur með höndum skv. lögum getur hreppsnefnd falið honum ýmis verkefni með erindisbréfum.

(v) **Verkefnabundnar nefndir.** Hreppsnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Hreppsnefnd útbýr erindisbréf fyrir nefndina þar sem hlutverk og staða nefndarinnar er skilgreint.

## VI. KAFLI

### Um framkvæmdastjórn og starfslíð hreppsins.

56. gr.

#### *Ráðning sveitarstjóra.*

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

57. gr.

#### *Hlutverk sveitarstjóra.*

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar og sér um fundarboð, sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs hreppsins.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans nema hreppsnefnd ákveði annað.

58. gr.

#### *Ráðning starfsmanna.*

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.



59. gr.

*Fastráðnir starfsmenn.*

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

60. gr.

*Ráðning lausráðinna starfsmanna.*

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Súðavíkurhrepps nr. 446/1992.

*Félagsmálaráðuneytinu, 7. október 1996.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

---

*Sesselja Árnadóttir.*

Nr. 546

8. október 1996

**AUGLÝSING****um staðfestingu á svæðisskipulagi fyrir Reykjanesbæ, Sandgerðsbæ, Gerðahrepp og Keflavíkurflugvöll 1995-2015.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, með síðari breytingum, hafa umhverfisráðuneyti og utanríkisráðuneyti, að því er tekur til Keflavíkurflugvallar, staðfest svæðisskipulag fyrir Reykjanesbæ, Sandgerðsbæ, Gerðahrepp og Keflavíkurflugvöll.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Jafnframt er úr gildi felldur uppdráttur af aðalskipulagi Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar, 1982-2002, er staðfestur var af félagsmálaráðherra 20. september 1983 og utanríkisráðherra 12. október 1983.

*Umhverfisráðuneytinu, 7. október 1996.***Guðmundur Bjarnason.**

---

*Magnús Jóhannesson.**Utanríkisráðuneytinu, 8. október 1996.***Halldór Ásgrímsson.**

---

*Helgi Ágústsson.*

## REGLUR

### um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.

#### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Markmið og gildissvið.*

1. Markmið reglnanna er að samræma öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Sérstaklega er fjallað um ábyrgð þar sem fleiri en einn verktaki er að störfum.

2. Reglur þessar gilda um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir eins og skilgreint er í a-lið 2. gr. og lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um.

3. Reglurnar gilda ekki um öryggisráðstafanir við jarðefnanám og öryggisráðstafanir við jarðefnanám með borunum, samanber sérstakar reglur þar um.

##### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í reglum þessum merkir:

- a. *byggingarvinnustaður eða byggingarsvæði*: staður þar sem byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð fer fram; skrá sem er ekki tæmandi yfir slíkar framkvæmdir er að finna í I. viðauka;
- b. *verk*: mannvirkjagerð eða byggingarstarfsemi, hverrar tegundar sem er, sem unnið er á byggingarvinnustað;
- c. *verkkaupi*: einstaklingur eða lögaðili sem lætur vinna verk;
- d. *verktaki*: hver sá sem með verksamningi tekur að sér að vinna verk;
- e. *verkefnastjóri (byggingarstjóri)*: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á skipulagi, framkvæmd eða eftirliti með verki, og starfar í þágu verkkaupa;
- f. *atvinnurekandi*: sá sem rekur atvinnustarfsemi hvort sem hann hefur einn eða fleiri starfsmenn í vinnu, eða er sjálfstætt starfandi einstaklingur;
- g. *samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana á undirbúningsstigi verks*: einstaklingur eða lögaðili sem falið er, meðan undirbúningur verkhönnunar stendur yfir, að hafa umsjón með því að skyldurnar sem um getur í 5. gr. séu ræktar;
- h. *samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana á framkvæmdastigi verks*: einstaklingur eða lögaðili sem falið er, meðan framkvæmd stendur yfir, að hafa umsjón með því að skyldurnar sem um getur í 6. gr. séu ræktar.

II. KAFLI  
Skyldur aðila.

## 3. gr.

*Skipun samræmingaraðila – Öryggis- og heilbrigðisáætlun – Tilkypping.*

1. Verkkaupa ber að skipa samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana, eins og skilgreint er í g- og h-lið 2. gr. til starfa á byggingarsvæði þar sem fleiri en einn atvinnurekandi eða verktaki er að störfum.

2. Verkkaupa ber áður en byggingarsvæði er skipulagt, að sjá um að gerð sé öryggis- og heilbrigðisáætlun í samræmi við b-lið 5. gr., ef:

- a. tveir eða fleiri atvinnurekendur eða verktakar starfa samtímis á sama byggingarvinnustað og starfsmenn eru fleiri en 10,
- b. vinna er hættuleg samanber II. viðauka.

3. Verkkaupi, eða aðili sem hann hefur falið umsjón byggingaframkvæmda t.d. verktaki eða verkefnastjóri, skal senda tilkyppingu til Vinnueftirlits ríkisins áður en vinna hefst sem er í samræmi við III. viðauka ef:

- a. um er að ræða byggingarvinnustað þar sem ráðgert er að vinna standi lengur en 30 vinnudaga og þar sem fleiri en 20 starfsmenn eru í vinnu samtímis, eða
- b. um er að ræða byggingarvinnustað þar sem ráðgert er að vinnan sé meira en 500 dagsverk.

Tilkyppingin skal sett upp á áberandi stað á byggingarsvæðinu.

4. Verkkaupi getur falið verkefnastjóra eða verktaka að gegna skyldum þeim sem um getur í 3. gr. 1., 2. og 3. mgr. Slíkt samkomulag skal gert skriflega áður en framkvæmdir hefjast.

## 4. gr.

*Undirbúningsstig verks – Almennar reglur.*

Verkkaupi, skal á hönnunar- og undirbúningsstigi verks gera ráðstafanir sem tryggja að við framkvæmd verksins verði unnt að gæta fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustu-hátta. Verkkaupi getur falið verkefnastjóra eða verktaka þetta hlutverk.

## 5. gr.

*Undirbúningsstig verks – Skyldur samræmingaraðila.*

Á undirbúningsstigi verks skal samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana, sbr. 1. mgr. 3. gr.:

- a. samræma framkvæmd ákvæða 4. gr.;
- b. vinna að eða sjá til þess að gerð verði öryggis- og heilbrigðisáætlun þar sem settar eru fram reglur er gilda á byggingarvinnustaðnum sem í hlut á. Í þessari áætlun skal mælt fyrir um sérstakar ráðstafanir um vinnu sem fellur undir einn eða fleiri flokka sem tilgreindir eru í II. viðauka;
- c. vinna að gerð skýrslu þar sem fram koma upplýsingar sem máli skipta um öryggi og heilbrigði sem hafa ber í huga í tengslum við verk sem kunna að verða unnin síðar.

## 6. gr.

*Framkvæmdastig verks – Skyldur samræmingaraðila.*

Á framkvæmdarstigi verks skal samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana, sbr. 1. mgr. 3. gr.:

- a. samræma framkvæmd forvarna og öryggisráðstafana við skipulagningu og tímasetningu hinna ýmsu verkþátta sem eiga að fara fram samtímis eða hver á eftir öðrum;
- b. samræma aðgerðir til að tryggja öryggi allra sem vinna að framkvæmd verks á byggingarvinnustað, beita þeim reglum sem um getur í 8. gr. og ef við á, fylgja öryggis- og heilbrigðisáætluninni sem um getur í b-lið 5. gr.;
- c. framkvæma, eða sjá til þess að framkvæmdar verði nauðsynlegar breytingar á öryggis- og heilbrigðisáætluninni sem um getur í b-lið 5. gr. og skýrslunni sem um getur í c-lið 5. gr.;
- d. miðla upplýsingum og skipuleggja samstarf milli atvinnurekenda, hvort sem þeir vinna samtímis eða hver á eftir öðrum á byggingarvinnustað;
- e. samhæfa aðgerðir til að tryggja að réttum vinnuaðferðum sé beitt með tilliti til öryggis og heilsuverndar;
- f. gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðeins þeir sem þangað eiga erindi fái aðgang að byggingarsvæðinu.

## 7. gr.

*Ábyrgð verkkaupa, verkefnastjóra og atvinnurekenda/verktaka.*

1. Þótt verkkaupi, verkefnastjóri eða verktaki hafi skipað samræmingaraðila til að rækja þær skyldur sem um getur í 5. eða 6. gr. leysir það þá ekki undan ábyrgð þeirra.
2. Beiting 5. og 6. gr. og 1. mgr. þessarar greinar hefur ekki áhrif á ábyrgð atvinnurekenda, samanber lög nr. 46/1980.

## 8. gr.

*Skyldur atvinnurekenda/verktaka.*

1. Til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna á byggingarvinnustaðnum skulu atvinnurekendur/verktakar gera ráðstafanir sem samræmast kröfunum sem settar eru fram í IV. viðauka og hafa hliðsjón af leiðbeiningum samræmingaraðila.
2. Atvinnurekendur/verktakar sem taka sjálfir þátt í vinnunni á byggingarvinnustað skulu hlíta reglum um öryggi og heilsuvernd.
3. Við framkvæmd verks skal atvinnurekandi/verktaki sjá til þess að skipulag á byggingarvinnustað sé fullnægjandi, einkum að því er varðar:
  - a. reglufestu og hreinlæti;
  - b. staðsetningu starfsstöðva með tilliti til aðgengis og ákvörðun leiða og svæða fyrir umferð tækja og búnaðar;
  - c. meðferð hinna ýmsu efna;
  - d. eftirlit og viðhald, áður en búnaður og tæki eru tekin í notkun og reglulegt eftirlit meðan þau eru í notkun;
  - e. afmörkun og skipulagningu svæða til að geyma ýmis efni, einkum ef hættuleg efni eiga í hlut;
  - f. brottflutning hættulegra efna;
  - g. geymslu, förgun eða brottflutning úrgangs og braks;
  - h. framvindu verksins með hliðsjón af framgangi einstakra verkþátta;
  - i. samstarf milli verktaka;
  - j. samskipti við fyrirtæki og einstaklinga innan byggingarsvæðis eða í nágrenni þess.
4. Að öðru leyti vísast til V. viðauka.

## 9. gr.

*Upplýsingar fyrir starfsmenn.*

Starfsmenn eða fulltrúar þeirra skulu upplýstir á skilmerkilegan hátt um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á byggingarvinnustað.

## 10. gr.

*Samráð og þátttaka starfsmanna.*

Atvinnurekendur/verktakar skulu hafa samráð við starfsmenn eða fulltrúa þeirra um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu þeirra á vinnustað, samanber ákvæði laga nr. 46/1980 og gildandi reglur um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja.

## 11. gr.

*Skriflegt samkomulag milli verkkaupa og verktaka.*

Við gerð verksamninga skal verkkaupi, verkefnastjóri og verktaki gera með sér skriflegt samkomulag um hvernig þessum reglum verði framfylgt. Sérstaklega varðandi skipun samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana, gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar, tilkynningar til Vinnueftirlitsins og fleiri atriði sem nauðsynlegt er að gengið sé frá áður en framkvæmdir hefjast.

## III. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 12. gr.

*Áfrýjun úrskurða.*

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggja á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## IV. KAFLI

**Refsiákvæði.**

## 13. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## V. KAFLI

**Gildistaka.**

## 14. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun 92/57/EBE í viðbæti við XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1997. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu, nema III. kafli grein 22 til og með 40. grein, sem fjallar um verkpalla smíðaða úr timbri.

*Félagsmálaráðuneytinu, 19. september 1996.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

---

*Gylfi Kristinsson.*

## I. VIÐAUKI

SKRÁ SEM ER EKKI TÆMANDI YFIR BYGGINGARFRAMKVÆMDIR OG MANNVIRKJAGERÐ SEM UM GETUR Í A-LIÐ 2. GR. ÞESSARA REGLNA.

- |   |                                 |
|---|---------------------------------|
| 1. Uppgröftur                                   | 7. Standsetning                 |
| 2. Jarðvinna                                    | 8. Viðgerðir                    |
| 3. Byggingarvinna                               | 9. Sundurtaka                   |
| 4. Samsetning og sundurtaka forsmíðaðra eininga | 10. Niðurrif                    |
| 5. Breyting eða uppsetning búnaðar              | 11. Viðhald                     |
| 6. Breytingar                                   | 12. Viðhald – málun og hreinsun |
|   | 13. Vinna við lagnir            |

## II. VIÐAUKI

SKRÁ SEM ER EKKI TÆMANDI YFIR VERK SEM HAFI Í FÖR MEÐ SÉR HÆTTUR FYRIR STARFSMENN OG SNERTA ÖRYGGI OG HEILBRIGÐI EINS OG UM GETUR Í ANNARRI UNDIRGREIN 2. MGR. 3. GR. ÞESSARA REGLNA.

1. Vinna sem stofnar starfsmönnum í bráða hættu á að verða fyrir skriðuföllum, fallandi hlutum eða hlutum sem falla úr mikilli hæð vegna eðlis starfsmennar eða þeirra vinnuáðferða sem beitt er eða vegna umhverfisaðstæðna á vinnusvæðinu.
2. Vinna sem stofnar starfsmönnum í hættu vegna efna- eða líffræðilegra áhrifavalda og er starfsmönnum sérstaklega hættuleg með tilliti til öryggis- og heilsu eða felur í sér lagaskyldu um eftirlit.
3. Vinna þar sem starfsmenn geta orðið fyrir jónandi geislun og krafist er að fari fram á sérstökum svæðum sem eru undir eftirliti.
4. Vinna nálægt háspennulinum.
5. Vinna sem felur í sér hættu á drukkun.
6. Brunnvinna, neðanjarðarvinna og jarðgangavinna.
7. Neðansjávarvinna kafara með eigin loftbirgðir.
8. Vinna í þrýstiklefum.
9. Vinna með sprengiefni.
10. Vinna við samsetningu og sundurtöku þungra, forsmíðaðra hluta.

## III. VIÐAUKI

EFNI TILKYNNINGAR SAMKVÆMT 3. MGR. 3. GR. FYRSTA UNDIRLIÐAR.

1. Sendingardagur: .....
2. Nákvæm staðsetning byggingarsvæðisins: .....  
.....
3. Nafn (eða nöfn) verkkaupa og pósthfang (-föng):.....  
.....

4. Tegund verks: .....
5. Verkefnastjóri (byggingarstjóri) verks, nafn og póstfang: .....
6. Nafn og heimilisfang samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála á undirbúningsstigi verks: .....
7. Nafn og heimilisfang samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála á framkvæmdastigi verks: .....
8. Fyrirhugaður upphafsdagur verks á byggingarsvæði: .....
9. Fyrirhugaður verktími á byggingarsvæði: .....
10. Áætlaður hámarksfjöldi starfsmanna á byggingarsvæði: .....
11. Fyrirhugaður fjöldi verktaka á byggingarsvæði: .....
12. Upplýsingar um verktaka sem þegar hafa verið valdir: .....

#### IV. VIÐAUKI

### LÁGMARKSKRÖFUR UM ÖRYGGI OG HEILSUVERND FYRIR BYGGINGARSVÆÐI.

#### A. HLUTI.

#### Almennar lágmarkskröfur sem gilda um vinnustaði á byggingarsvæði.

1. **Um gengni á byggingarstað.**
  - 1.1. Á byggingarsvæðum ber að tryggja góða umgengni, t.d. á verkpöllum, gólfum bygginga og annars staðar þar sem umferð er. Ekki má safna eða hlaða efni þannig á byggingarsvæði, að það geti orsakað hættu eða tálmað nauðsynlegri umferð. Plankar, borðviður og þess háttar efni með útistandandi nögglum má ekki að nauðsynjalausu liggja á verkpöllum, vinnusvæðum eða þar sem það getur skapað hættu.
  - 1.2. Við ófullgerð hús eða önnur mannvirki, skal þannig frá gengið, að sem minnst hætta geti stafað af fyrir óviðkomandi. Dyra- og gluggaopum á neðstu hæð og kjallara hálfbyggðra húsa skal lokað svo fljótt sem verða má.

- 1.3. Gryfju- eða skurðbakkar mega ekki vera brattari en svo, að ekki sé hætt á hrúni úr þeim og skal þá tekið tillit til jarðvegs og veðurfars svo sem frosta, þíðu eða úrkomu. Skurðir, sem eru 1,7 m að dýpt eða meira og verða að vera með lóðréttum veggjum, sem hættu getur stafað af, skulu klæddir með nægjanlega traustu efni eða með öðrum jafngóðum frágangi, sem getur fyrirbyggt að úr veggjunum hrynji.
- 1.4. Þess skal gætt að vatn safnist ekki í grunna, skurði eða gryfju og skulu gerðar sérstakar ráðstafanir til að hindra aðgang óviðkomandi að slíkum hættusvæðum svo sem frekast er unnt. Þegar einstakir hættustaðir á vinnusvæði svo sem gryfju, skurðir eða jarðvegsbingir verða ekki afgirtir á tryggilegan hátt, skal girða allt svæðið af með búkkum og greinilegum snúrum (flaggsnúrum) milli búkkanna eða annarra festistaða. Þá skal og komið upp greinilega merktum skiltum sem á er letrað með stórum upphafsstöfum: **HÆTTA UMFERÐ BÖNNUÐ ÓVIÐKOMANDI**. Skiltin og svæðið skulu vera vel upplýst á lögskipuðum ljósátíma, svo glöggt megi sjá svæði það, sem hættulegt gæti talist.
- 1.5. Sérstök gæsla skal höfð á vinnustað meðan óvenjulegt hættuástand ríkir þar þrátt fyrir aðrar tiltækar varnaðarráðstafanir.

## 2. Stöðugleiki og traustleiki.

- 2.1. Efni, búnaður og almennt hvers kyns hlutir á hreyfingu er geta haft áhrif á öryggi og heilbrigði starfsmanna skulu vera þannig úr garði gerðir að stöðugleiki þeirra sé tryggur.

## 3. Orkuveitumannvirki.

- 3.1. Mannvirkin skulu hönnuð, byggð og notuð þannig að ekki skapist eld- eða sprengihætta; fólk skal vera nægilega verndað gegn hættu á raflosti af völdum beinnar eða óbeinnar snertingar.
- 3.2. Við hönnun, byggingu og val á tækjum og varnarbúnaði skal taka mið af tegund og styrk þeirrar orku sem dreift er, utanaðkomandi aðstæðum og hæfi þeirra einstaklinga sem hafa aðgang að hlutum mannvirkjanna.

## 4. Undankomuleiðir og neyðarútgangar.

- 4.1. Undankomuleiðir og neyðarútgangar, svo og aðkomuleiðir og dyr að þeim skulu ávallt vera greiðar þannig að þær megi hindrunarlaust nota hvenær sem er. Þeim skal haldið ótepptum og skal leiðin liggja sem beinast á öruggan stað.
- 4.2. Öllum starfsmönnum skal vera kleift að yfirgefa vinnustað sinn í skyndi og á sem öruggastan hátt ef hættu kemur upp.
- 4.3. Fjöldi undankomuleiða og neyðarútganga, staðsetning þeirra og stærð skal miðast við stærð vinnustaðar, og þann mannfjölda sem þar getur mestur orðið.
- 4.4. Auðkenna skal sérstakar undankomuleiðir og neyðarútganga með skiltum í samræmi við gildandi reglur. Skiltunum skal komið fyrir á viðeigandi stöðum.
- 4.5. Þar sem lýsingar er þörf í neyðarútgöngum og á undankomuleiðum skal vera fullnægjandi neyðarlýsing ef straumlaust verður.

## 5. Eldvarnir og slökkvistarf.

- 5.1. Á vinnustöðum skal séð fyrir viðeigandi slökkvibúnaði og þeim reykskynjunar- og viðvörunartækjum sem þörf kann að vera á.



- 5.2. Þessi slökkvibúnaður, reykskynjarar og viðvörunartæki skulu gangast undir reglulegt eftirliti og viðhald.
- 5.3. Ósjálfvirkur slökkvibúnaður skal vera innanhandar og einfaldur í notkun.
- 5.4. Búnaðurinn skal auðkenndur með skiltum í samræmi við gildandi reglur. Skiltunum skal komið fyrir á viðeigandi stöðum.

## **6. Loftræsting.**

- 6.1. Gera skal ráðstafanir til að tryggja, með hliðsjón af vinnuaðferðum og líkamlegri áreynslu starfsmanna, að nægilegt ferskt loft sé á vinnustöðum innandyrna.
- 6.2. Ef útblástursviftur eru notaðar til loftræstingar skal þeim haldið í lagi og ber að sjá til þess að þær valdi starfsmönnum ekki heilsutjóni með dragsúgi.
- 6.3. Nota skal búnað sem veitir viðvörun um allar bilanir ef þess er þörf með tilliti til heilsu starfsmanna.

## **7. Bráðahætta.**

- 7.1. Starfsmenn mega ekki verða fyrir skaðlegri hávaðamengun né skaðlegum utanaðkomandi áhrifum (t.d. af völdum lofttegunda, gufu eða ryks).
- 7.2. Þurfi starfsmenn að fara inn á svæði þar sem hætta er á að andrúmsloft sé eitrað eða hafi að geyma skaðleg efni, súrefni sé ónógt eða það sé eldfimt, skal haft náíð eftirlit með andrúmslofti á svæðinu og viðeigandi ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir hugsanlega hættu. Starfsmaður má ekki undir neinum kringumstæðum komast í snertingu við andrúmsloft í lokuðu rými sem mikil hætta stafar af. Fylgst skal með honum öllum stundum utan frá og gera skal allar viðeigandi varúðarráðstafanir til að tryggja að hægt sé að aðstoða hann fljótt og vel. Við slíkar aðstæður skal fara eftir gildandi reglum um öryggisráðstafanir við vinnu í lokuðu rými.
- 7.3. Ætandi efni, svo sem sýrur og þess háttar efni skulu geymd á öruggum lokuðum stað, þar sem óviðkomandi ná ekki til þeirra. Farga skal tafarlaust köðlum og línunum, sem hafa komist í snertingu við sýru eða ætandi vökva eða hafa skemmst á annan hátt.
- 7.4. Allur rafbúnaður skal vera í samræmi við gildandi reglur um raforkuvirki.

## **8. Frágangur bendijárna.**

- 8.1. Bendijárn sem kunna að standa út úr veggjum eða upp úr gólfum og valdið gætu slysum skulu þannig frá gengin að ekki stafi hætta af hvorki fyrir starfsmenn eða óviðkomandi sem færu inn á byggingarsvæðið. Ef framkvæmdir eru stöðvaðar í einhvern tíma skal gengið úr skugga um að bendijárn skapi ekki hættu fyrir óviðkomandi.

## **9. Persónuhlífar.**

- 9.1. Starfsmenn við byggingarvinnu skulu nota öryggishjálms og öryggisskó með stálhettu og stálplötu í sóla. Starfsmenn skulu nota aðrar persónuhlífar við vinnu sína eftir því sem nauðsynlegt getur talist svo sem: öndunargrímur, heymahlífar, hanska, augn- og andlitshlífar, öryggisbelti o.s.frv. Slíkar persónuhlífar leggur atvinnurekandi til. Þegar slíkra persónuhlífa er krafist eru starfsmenn skyldir að nota þær. Um notkun og gerð persónuhlífa skal fara eftir gildandi reglum.

9.2. Þegar vinna utanhúss, svo sem málningarvinna, blikksmiðavinna, gluggahreinsun o.þ.h. vinna er framkvæmd úr gluggum eða starfsmenn standa á sillum eða stöllum utan á húsinu skulu þeir hafa öryggisbelti, ef vinnuaðstæður krefjast þess. Sömu ráðstafanir skal gera við vinnu inni í húsinu, ef hætta getur verið á falli.

## 10. Hiti.

10.1. Í vinnurými skal hitastig vera hæfilegt með hliðsjón af vinnuaðferðum sem beitt er og líkamlegu álagi á starfsmenn eftir því sem aðstæður leyfa.

## 11. Dagsbirta og lýsing á verkstöðvum, í húsakynnum og á umferðarleiðum á byggingarsvæðinu.

11.1. Næg og hentug lýsing skal vera á öllum vinnusvæðum og gönguleiðum í samræmi við birtutöflur Vinnueftirlitsins.

11.2. Haga skal niðurröðun verkstöðva, húsakynna og umferðarleiða þannig að dagsbirtu njóti sem best og höfð sé hentug og nægileg lýsing á nóttunni og þegar dagsbirta er ónóg. Litur lýsingar sem notuð er má ekki breyta eða hafa áhrif á skynjun manna á skilaboðum merkja og skilta.

11.3. Búnaði til lýsingar í húsakynnum á vinnustöðum og umferðarleiðum skal komið þannig fyrir að hann valdi starfsmönnum engri slyshættu.

11.4. Í húsakynnum, á verkstöðvum og umferðarleiðum þar sem starfsmönnum er sérstök hætta búin ef rafmagn fer af skal séð fyrir fullnægjandi neyðarlýsingu.

## 12. Hurðir og hlið.

12.1. Á rennihurðum skal vera öryggisbúnaður sem kemur í veg fyrir að þær losni af spori og falli niður.

12.2. Lúgur sem opnast upp á við skulu útbúnar þannig að þær geti ekki fallið til baka aftur.

12.3. Dyr og hlið á undankomuleiðum skulu merkt á viðeigandi hátt.

12.4. Sé ekki örugg leið fyrir fótgangandi um hlið sem aðallega eru ætluð fyrir umferð ökutækja skulu vera dyr fyrir þá. Þær skulu vera greinilega merktar og umgangur um þær ávallt óhindraður.

12.5. Dyr og hlið sem opnast og lokast vélrænt skulu vinna þannig að starfsmönnum stafi ekki hætta af. Á slíkum dyrum og hliðum skal séð fyrir neyðarbúnaði til stöðvunar sem er auðþekkjanlegur og auðvelt að komast að og ef þau opnast ekki sjálfkrafa er straumlaust verður skal einnig unnt að opna þau handvirkt.

## 13. Umferðarleiðir – hættusvæði.

13.1. Umferðarleiðir, þar með talið innbyggða eða fasta stiga, hlaðstæði og -palla, skal staðsetja og útbúa þannig að þær megi nota á öruggan hátt og sem tilgangur þeirra segir til um, og þannig að starfsmönnum sem eru við vinnu í grennd við þær stafi ekki hætta af.

13.2. Rými á umferðarleiðum fyrir fótgangandi eða flutning á vörum að meðtöldum leiðum þar sem lestun og losun fer fram skal vera í samræmi við fjölda hugsanlegra notenda og þá starfsemi sem stunduð er. Ef flutningatæki eru notuð á umferðarleiðum skal séð til þess að fótgangandi hafi fullnægjandi öryggisrými. Umferðarleiðir skulu greinilega merktar og reglulegt eftirlit og viðhald viðhaft.

- 13.3. Umferðarleiðir fyrir ökutæki skulu vera í hæfilegri fjarlægð frá hurðum, hliðum, leiðum fyrir fótgangandi, göngum og stigum.
- 13.4. Ef hættusvæði eru á vinnustöðum skulu þau þannig frá gengin að komið sé í veg fyrir aðgang óviðkomandi starfsmanna. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að vernda þá starfsmenn sem hafa aðgang að slíkum hættusvæðum. Hættusvæðin skulu greinilega merkt.

#### **14. Hlaðstæði og -pallar.**

- 14.1. Hlaðstæði og -pallar skulu henta fyrir varning af þeirri stærð sem flytja skal.
- 14.2. Á hlaðstæðum skal vera að minnsta kosti einn útgangur og góðir stigar eða tröppur upp á þá þar sem það á við.
- 14.3. Hlaðpallar skulu eftir því sem unnt er vera þannig að starfsmenn geti ekki fallið af þeim.

#### **15. Vinnurými á vinnustað.**

- 15.1. Í vinnurýmum skal vera nægilegur gólfhlötur hæð og loftrými til að starfsmenn geti stundað vinnu sína að teknu tilliti til alls nauðsynlegs búnaðar eða tækja sem eru á staðnum.

#### **16. Skyndihjálp.**

- 16.1. Atvinnurekendi skal tryggja að hægt sé að veita skyndihjálp og að hvenær sem er sé unnt að kalla til starfsmenn sem hafa hlotið þjálfun til að veita hana. Gera skal ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að flytja starfsmenn sem orðið hafa fyrir slysi eða orðið veikir svo hægt sé að veita þeim sjúkraaðhlyningu.
- 16.2. Ef stærð vinnustaðar og tegund starfsemi krefjast þess skal sjá fyrir einni eða fleiri sjúkrastofum til að veita slösuðum skyndihjálp.
- 16.3. Í sjúkrastofunni skulu vera nauðsynleg tæki og annar búnaður til að veita skyndihjálp og skal aðgangur að þeim með sjúkrabörur vera greiður. Þær skulu auðkenndar með skiltum í samræmi við gildandi reglur.
- 16.4. Einnig skal búnaður til að veita slösuðum skyndihjálp vera alls staðar tiltækur þar sem þess er þörf vegna aðstæðna á vinnustað. Sjúkrakassi með nauðsynlegum búnaði skal vera til staðar. Þessi búnaður skal merktur með viðeigandi hætti og vera auðveldlega tiltækur. Gefa skal staðsetningu og símanúmer neyðarþjónustu á staðnum greinilega til kynna með merkingum.

#### **17. Hreinlætisaðstaða.**

- 17.1. Búningsherbergi og fataskápar.
  - 17.1.1. Starfsmönnum skulu veitt afnot af viðeigandi búningsherbergjum, sem skulu vera auðveld aðgöngu, nægilega rúmgóð og með sætum.
  - 17.1.2. Búningsherbergi skulu vera nægilega stór og útbúin þannig að hver starfsmaður geti, þegar þörf krefur, þurrkað vinnuföt sín í afmörkuðu rými og geymt einkafatnað og aðra muni í læstri hirslu.
  - 17.1.3. Ef aðstæður krefjast, svo sem vegna hættulegra efna, raka eða óhreininda, skulu vera sérstakir skápar fyrir vinnuföt og aðrir fyrir einkafatnað starfsmanna.
  - 17.1.4. Búningsherbergi karla og kvenna skulu vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin.

- 17.1.5. Ef búningsherbergja er ekki þörf skal hver starfsmaður hafa til umráða stað þar sem hann getur læst inni fót sín og persónulega muni.
- 17.2. Steypiböð og handlaugar.
- 17.2.1. Ef eðli starfsins eða heilbrigðisaðstæður krefjast þess skal starfsmönnum séð fyrir nægilega mörgum og viðeigandi klefum með fullnægjandi aðstöðu til steypibaða. Baðklefar karla og kvenna skulu vera aðskildir eða notkun þeirra aðskilin.
- 17.2.2. Baðklefar skulu vera nægilega stórir til að hver starfsmaður geti baðast án truflunar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður. Til baða skal séð fyrir heitu og köldu rennandi vatni.
- 17.2.3. Ef baðklefa er ekki þörf skal séð fyrir nægilega mörgum og fullnægjandi handlaugum með heitu og köldu vatni í grennd við vinnustað og búningsherbergi. Handlaugar karla og kvenna skulu vera aðskildar eða notkun þeirra aðskilin ef þess er þörf.
- 17.2.4. Ef skilið er á milli baðklefa eða handlauga og búningsherbergja skal vera greiður gangur þar á milli.
- 17.3. Salerni og handlaugar.
- 17.3.1. Starfsmenn skulu í grennd við vinnustað sinn, hvíldarherbergi, búningsherbergi og baðklefa eða handlaugar hafa aðgang að sérstakri hreinlætisaðstöðu með nægilegum fjölda salernisskála og handlauga. Salerni karla og kvenna skulu vera aðskilin.

## **18. Hvíldarherbergi eða afþreyingarsvæði.**

- 18.1. Ef nauðsynlegt er með tilliti til öryggis eða heilsu starfsmanna svo sem vegna eðlis starfsins, mikils fjölda starfsmanna eða fjarlægðar frá heimili sínu, skal veita þeim afnot af hvíldarherbergi eða afþreyingarsvæði sem greiður aðgangur er að.
- 18.2. Hvíldarherbergi eða afþreyingarsvæði skulu vera nægilega stór og búin nægilega mörgum borðum og sætum með baki fyrir þann fjölda starfsmanna sem um er að ræða.
- 18.3. Ef engin slík aðstaða er fyrir hendi skal sjá fyrir annarri aðstöðu þar sem starfsmenn geta dvalið meðan hlé er á vinnu.
- 18.4. Á föstum afþreyingarsvæðum skal, vera nægilegur fjöldi hreinlætistækja, hvíldarherbergi og dagstofa. Þar skal komið fyrir rúmum, skápum, borðum og sætum með baki fyrir þann fjölda starfsmanna sem um er að ræða og tekið skal tillit til þess, ef við á, ef starfsmenn eru af báðum kynjum.
- 18.5. Í hvíldarherbergjum eða á afþreyingarsvæðum skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að vernda þá sem ekki reykja fyrir óþægindum af völdum tóbaksreyks, samanber gildandi reglur um tóbaksvarnir á vinnustöðum
- 18.6. Veita skal þunguðum konum og konum með börn á brjósti kost á að leggjast til hvíldar við viðeigandi aðstæður.

## **19. Fatlaðir starfsmenn.**

- 19.1. Þar sem við á skal skipuleggja vinnustaði þannig að tillit sé tekið til fatlaðra starfsmanna. Þetta ákvæði gildir sérstaklega um dyr, ganga, stiga, baðklefa, handlaugar, salerni og vinnustaði þar sem fatlaðir starfsmenn vinna eða dvelja.

## **20. Ýmis ákvæði.**

- 20.1. Við innganga að byggingarsvæði og umhverfis það skal komið fyrir skiltum og merkjum sem eru greinileg og vel skiljanleg.

- 20.2. Starfsmenn skulu hafa aðgang að nægilegu drykkjarvatni á svæðinu bæði á íveru-  
stöðum og í grennd við vinnusvæðið.
- 20.3. Starfsmenn skulu hafa kaffi- og mataraðstöðu þar sem þeir geta snætt og undirbúið  
málsverði sína við fullnægjandi aðstæður.

## **B. HLUTI.**

### **Sérstakar lágmarkskröfur sem gilda um vinnustaði á byggingarsvæðum.**

#### **1. Stöðugleiki og traustleiki.**

Athafnasvæði skulu vera nægilega stöðug og traust til að það hæfi notkun þeirra.

- 1.1. Mannvirki sem sett eru upp á byggingarvinnustað skulu vera stöðug og traust, að  
teknu tilliti til:
  - fjölda starfsmanna sem vinna á þeim,
  - hámarksþunga sem þeir þurfa að geta borið og dreifingu þungans,
  - utanaðkomandi áhrifa sem kunna að verka á þá.
- 1.2. Eftirlit.
- 1.2.1. Haft skal viðeigandi eftirlit með stöðugleika og traustleika ef breyting verður á hæð  
eða dýpt vinnustaðar.

#### **2. Veðurfarsleg áhrif.**

- 2.1. Starfsmenn skulu varðir gegn veðurfarslegum áhrifum sem gætu haft áhrif á heilsu  
þeirra og öryggi.

#### **3. Orkuveitumannvirki.**

- 3.1. Orkuveitumannvirki á byggingarsvæði skulu vera undir reglulegu eftirliti og við-  
haldi, einkum þau sem fá utanaðkomandi afl.
- 3.2. Slík mannvirki sem voru fyrir á byggingarsvæðinu skulu auðkennd, vera undir eftir-  
liti og greinilega merkt með skiltum.
- 3.3. Ef rafmagnsloftlínur liggja um vinnusvæðið skulu þær, ef hægt er, annaðhvort fluttar  
út fyrir svæðið eða straumur um þær rofinn. Sé það ekki mögulegt skal koma fyrir  
hindrunum eða tilkynningum til að tryggja að ökutæki og búnaði sé haldið frá þeim.
- 3.4. Sett skulu upp hentug viðvörðunarskilti og varnarbúnaður þar sem ökutæki þurfa að  
aka undir rafmagnsloftlínur.

#### **4. Neyðardyr.**

- 4.1. Neyðardyr skulu opnast út.
- 4.2. Óheimilt er að læsa neyðarhurð eða festa hana þannig að hún verði ekki auðveldlega  
og tafarlaust opnuð af hverjum þeim sem nota þarf hana í neyð.
- 4.3. Óheimilt er að nota rennihurðir eða snúningshurðir í dyraop sem sérstaklega eru  
ætluð til neyðarútgöngu.

#### **5. Loftræsting.**

- 5.1. Ef loftræstikerfi er notað skal það vera í lagi og ber að sjá til þess að starfsmenn séu  
ekki í dragsúgi sem veldur þeim óþægindum.
- 5.2. Fjarlægja skal án tafar allar útfellingar og óhreinindi sem gætu mengað loftið og  
þannig stefnt heilsu starfsmanna í bráða hættu.

**6. Hiti.**

- 6.1. Hiti í hvíldarherbergjum, vaktstofum, herbergjum þar sem hreinlætisaðstaða er, matstofum og sjúkrastofum skal henta hinu sérstaka hlutverki slíkra vistarvera.
- 6.2. Haga ber gluggum, þakljórum og skilveggjum úr gleri þannig að áhrifa sólskins gæti ekki í of miklum mæli á vinnustað með hliðsjón af eðli starfseminnar og vinnustaðarins.

**7. Dagsbirta og lýsing.**

- 7.1. Á vinnustöðum skal vera svo mikil dagsbirta sem kostur er og skulu þeir einnig búnir nægilegri lýsingu til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna.

**8. Gólf, veggir og loft á vinnustöðum.**

- 8.1. Á gólfum vinnustaða mega ekki vera neinar hættulegar upphækkanir, göt eða hallar, og skulu þau vera föst, stöðug og laus við hálfu.
- 8.2. Yfirborð á gólfum, veggjum og loftum vinnustaða skal vera þannig að ná megi viðunandi hreinlæti með þvotti og hreinsun.
- 8.3. Gagnsæir eða hálf gagnsæir skilveggir, þar á meðal skilveggir sem eru að öllu leyti úr gleri, í vinnuherbergjum, í nágrenni vinnustaða og á leiðum er liggja að þeim eða frá skulu vera greinilega merktir og gerðir úr óbrothættu efni eða þannig fyrir komið að starfsmenn hvorki rekist á skilveggina né verði fyrir meiðslum ef þeir brotna.

**9. Gluggar og þakljórar.**

- 9.1. Starfsmönnum skal vera unnt að opna glugga, þakljóra og loftræstiop, stilla opnun þeirra og loka þeim án þess að hætta stafi af. Stilling þeirra má ekki valda starfsmönnum hættu þegar þau eru opin.
- 9.2. Gluggum og þakljórum skal komið þannig fyrir að hæfi hreinsibúnaði, eða útbúnir þannig að unnt sé að hreinsa þá án þess það hafi í för með sér hættu fyrir starfsmenn sem það gera eða aðra sem nærstaddir eru.

**10. Hurðir og hlið.**

- 10.1. Staðsetningu og fjölda hurða og hliða, stærð þeirra og efni í þeim skal miða við eðli og notkun viðkomandi herbergja eða svæða.
- 10.2. Gagnsæjar hurðir skulu merktar á viðeigandi hátt í hæfilegri hæð.
- 10.3. Snúningshurðir og hlið skulu vera gagnsæ eða með gagnsæjum spjöldum.
- 10.4. Ef gagnsæir eða hálf gagnsæir fletir hurða eða hliða eru ekki gerðir úr sérstöku öryggisefni og starfsmönnum getur stafað hættu af skellist hurðin eða hliðið skal verja þessa fleti gegn broti.

**11. Umferðarleiðir.**

- 11.1. Ef flutningatæki eru notuð á umferðarleiðum skal séð til þess að fótgangandi hafi fullnægjandi öryggisrými.

**12. Sérstakar ráðstafanir varðandi rennistiga og færribönd til fólksflutninga.**

- 12.1. Rennistigar og færribönd til fólksflutninga skulu starfa þannig að fulls öryggis sé gætt. Á þeim skal hafður nauðsynlegur öryggisbúnaður. Þeir skulu búnir neyðar-búnaði til stöðvunar, sem er auðþekkjjanlegur og auðvelt að komast að.

**13. Stærð og loftrými herbergja.**

- 13.1. Í vinnuherbergjum skal vera nægilegur gólfflötur og lofthæð til að starfsmenn geti stundað vinnu sína án þess að öryggi, heilbrigði og vellíðan þeirra sé í hættu.

**14. Varnir gegn fallandi hlutum.**

- 14.1. Starfsmenn skulu varðir fyrir hættu af fallandi hlutum.  
14.2. Efni og búnaði skal komið fyrir og staflað upp þannig að ekki sé hætt á að hann velti eða falli á hlið.  
14.3. Ef nauðsyn krefur skulu gangvegir vera yfirbyggðir og aðgangur að hættulegum svæðum skal hindraður.

**15. Fall hluta úr mikilli hæð.**

- 15.1. Koma skal í veg fyrir með áþreifanlegum hindrunum að hlutir geti fallið úr mikilli hæð, einkum með sterkbyggðum og nægilega háum grindverkum með að minnsta kosti fótlista, grindum og handriði eða öðrum álíka búnaði.  
15.2. Vinna í mikilli hæð skal að jafnaði fara fram með hjálp viðeigandi búnaðar eða með því að beita öryggisbúnaði eins og grindverkum, pöllum eða öryggisnetum. Ef ekki er hægt að nota slíkan búnað vegna eðlis verksins skal aðgangur vera greiður og nota skal öryggisfestingar eða annan festibúnað í öryggisskyni.

**16. Vinnupallar - almenn ákvæði.**

- 16.1. Vinnupallar skulu hannaðir, byggðir, notaðir og þeim viðhaldið þannig að tryggt sé að þeir falli ekki niður eða verði fyrir fallandi hlutum.  
16.2. Vinnupallar, gangbrýr og stigar fyrir vinnupalla skulu þannig hannaðir, byggðir, notaðir og þeim viðhaldið, að fólk falli ekki af þeim né verði fyrir fallandi hlutum.  
16.3. Vinnupallar skulu skoðaðir af einstaklingum sem hafa til þess þekkingu:  
a. áður en þeir eru teknir í notkun;  
b. með reglulegu millibili eftir það;  
c. eftir að þeim hefur verið breytt, hafi þeir ekki verið notaðir um tíma, hafi slæmt veður geisað eða jarðskjálftar riðið yfir eða aðrar aðstæður orðið sem gætu hafa haft áhrif á styrk þeirra eða stöðugleika.  
16.4. Færanlegir vinnupallar skulu festir svo þeir geti ekki hreyfst af sjálfsdáðum.  
16.5. Að öðru leyti skal fara eftir gildandi reglum um röraverkþalla, hengiverkþalla og verkþalla byggða úr timbri.

**17. Stigar - almenn ákvæði.**

- 17.1. Öruggar og heppilega staðsettar umferðaleiðir skulu vera til vinnustöðva, á verkpöllum og í byggingum. Stigar í byggingum skulu gerðir til umferðar svo fljótt sem verða má.  
17.2. Stigar skulu vera nægilega sterkir og vel viðhaldið. Þeir skulu notaðir á réttan hátt, á viðeigandi stöðum og í samræmi við fyrirhugaðan tilgang þeirra.

**18. Fastir vinnustigar.**

- 18.1. Hliðarkjálkar fastra vinnustiga úr timbri skulu vera úr völdu gallalausum efni sem er 25 mm x 100 mm til 38 mm x 125 mm, eftir hæð stigans og eðli verksins. Í þrepin má nota sömu þykktir og eru í kjálkum. Ef gert er ráð fyrir að efni sé borið upp

stigann má fjarlægðin milli þrepa, frá efri brún til efri brúnar þreps, ekki vera meiri en 230 mm, en að öðrum kosti má fjarlægðin vera mest 300 mm.

- 18.2. Vinnustigar skulu vera örugglega fastir og skorðaðir við vegg eða verkpall. Þeir skulu vera með afhornuðum handlistum. Stigar sem notaðir eru til þess að komast upp á eða niður af verkpöllum eða milli gólfa í byggingunni skulu vera tengdir við gangbrú með handriði, ef þeir geta ekki legið beint að verkpalli eða gólfi.
- 18.3. Lengd vinnustiga skal fara eftir því hve hátt er á milli flata þeirra sem hann á að tengja. Þó skulu kjálkar stigans ná að minnsta kosti 1 m upp fyrir verkpalla eða gólf, þannig að þeir gefi öruggan stuðning þegar stigið er frá stiganum til verkpallsins eða gólfsins og þegar stigið er niður í stigann frá verkpallinum eða gólfinu. Verði því ekki við komið að hafa stigakjálkana svo langa skulu traustar stuðningsstoðir negldar við báða kjálkana, þannig að tilskilin hæð fáiist. Ekki mega gegnumgangandi vinnustigar vera lengri en 6 m. Þess í stað skulu stigarnir hlutaðir niður og milli hlutanna vera pallar t. d. í tengslum við verkpalla.

### 19. Lausir vinnustigar.

- 19.1. Lausir vinnustigar, sem notaðir eru við byggingarvinnu skulu vera af viðurkenndri gerð. Þannig skal frá lausum stigum gengið, að ekki sé hætt á að þeir velti eða skríði til.

### 20. Gangar, brýr og tröppur.

- 20.1. Sérhver gangur eða brú skal vera að minnsta kosti 600 mm breið og vera með þéttu og traustu fjalagólfi. Ef gangur eða brú er notuð til flutninga á efni skal breiddin vera að minnsta kosti 800 mm.
- 20.2. Allir gangar og brýr, sem eru í meira en 2 m hæð yfir jörðu eða öðrum fleti skulu vera með handriði beggja megin, sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru um handrið.
- 20.3. Ef halli göngubrúa er meiri en 250 mm á m skulu á brúnni vera þverokar með hæfilegu millibili, sem myndi nauðsynleg þrep eða viðspyrnu. Til þess að slíkir okar hindri ekki akstur á hjólbörum má 100 mm breitt skarð vera í þá um miðja brúna.
- 20.4. Tröppur og stigapallar skulu hafa handrið á þeirri hlið sem liggur ekki að vegg.

### 21. Handrið.

- 21.1. Á vinnuflötum, verkpöllum, tröppum, göngubrúum o.s.frv., skal vera handrið, ef hæðin er meiri en 2 m frá jörð eða öðrum fleti og skal handrið vera alls staðar þar sem hættu getur verið á að menn falli niður. Að jafnaði skal:
  - a. handrið hafa handlista sem sé í 1 m hæð frá gólfi og vera úr efni sem sé að minnsta kosti 50 mm x 125 mm, einn hnélista 500 mm frá gólfi, að minnsta kosti 25 mm x 100 mm og að minnsta kosti 150 mm háan fótlista sem sé örugglega festur á uppistöðustöðir verkpalls eða sérstakar handriðsstöðir með ekki meira en 3 m millibili.
  - b. ef sérstök hættu er á að efni falli niður skal nægilega þétt klæðning ná upp á handriðsstöðimar t.d. borð með ekki meira en 50 mm millibili.
  - c. ef lítil eða engin hættu getur stafað af fallandi hlutum þarf ekki að krefjast fótlista.
  - d. þar sem mjög lítil hættu getur talist á því að menn falli niður þarf ekki að krefjast hnélista.



**22. Málningarvinna.**

- 22.1. Ef málningarvinna er framkvæmd af verkpöllum skulu þeir uppfylla gildandi ákvæði um þá. Sé vinna framkvæmd úr lausum stiga skal stiginn vera fulltraustur og þannig frá honum gengið að hann geti ekki skriðið til á undirstöðum.
- 22.2. Ef málning sem inniheldur blýhvítu er slípuð eða þegar verið er að ná burt gamalli málningu sem inniheldur blý, skal verið því mögulega við komið, væta flötinn með rykbindandi efni, t.d. olíu, málningu, vatni eða öðru sem að gagni kemur. Sé ekki hægt að nota rykbindandi efni skal við framangreinda vinnu, svo og við að hræra þurra blýhvítu eða menju nota rykgrímu fyrir smágerð ryk af viðurkenndri gerð.
- 22.3. Ef notuð er málning sem í er rokjarnt þynningarefni eða uppleysiefni, samanber lög um eitrefni og hættuleg efni, skal gæta þess að á vinnustaðnum sé góð loftræsting.
- 22.4. Þegar unnið er við málningu í geymum, hylkjum eða litlum klefum skal koma fyrir sérstakri loftræstingu eða nota ferskloftgrímu eða grímu með viðeigandi síu.
- 22.5. Við sprautumálun skal fara eftir reglum um öryggisráðstafanir við sprautumálun.

**23. Gluggavinna.**

- 23.1. Ef gerð glugga er þannig, að ísetning á rúðum og ræsting verði ekki framkvæmd á þann hátt, að sá sem verkið framkvæmir standi inni í húsinu eða í traustum stiga skal nota öryggisbelti af viðurkenndri gerð og líflínu eða stuðningsreim, sé starfshæð yfir 2 m. Líflínuna skal festa þannig að festingin haldi örugglega. Verði vinnan ekki framkvæmd úr stiga eða með því að nota öryggisbelti, skal gera aðrar ráðstafanir, sem veita álíka öryggi við vinnuna.
- 23.2. Lausir stigar skulu vera fulltraustir og þannig frá þeim gengið að öruggt sé að þeir skriki ekki á undirstöðum.
- 23.3. Ef verkpallar eru notaðir skulu þeir uppfylla gildandi ákvæði um þá.

**24. Lyftitæki.**

- 24.1. Öll lyftitæki og fylgibúnaður, þar með taldir íhlutar, tengingar, festingar og stoðir skulu:
- vel hönnuð og byggð og nægilega sterk til þeirra nota sem þeim er ætlað;
  - rétt sett upp og notuð;
  - vera í góðu ástandi;
  - vera undir eftirliti og sett í regluleg próf og skoðanir samkvæmt gildandi reglum;
  - vera undir stjórn hæfra starfsmanna sem hafa hlotið viðeigandi þjálfun.
- 24.2. Á öllum lyftitækjum og aukabúnaði skal koma greinilega fram hámarkslyftigetna þeirra.
- 24.3. Lyftitæki og aukabúnað má ekki nota til annarra verka en honum eru ætluð.

**25. Ökutæki, gröfur og vélar til efnisvinnslu.**

- 25.1. Öll ökutæki, gröfur og vélar til efnisvinnslu skulu:
- vel hönnuð og byggð með hliðsjón af vinnuvistfræðipáttum eftir því sem tók eru á;
  - vera í góðu ástandi;
  - notuð á réttan hátt.
- 25.2. Ökumenn og stjórnendur ökutækja, grafa og véla til efnisvinnslu skulu hafa gengist undir viðeigandi þjálfun.

- 25.3. Gera skal forvarnarráðstafanir til að tryggja að ökutæki, gröfur og vélar til efnisvinnslu falli ekki niður í gryfjur eða vatn.
- 25.4. Þar sem við á skal útbúa ökutæki, gröfur og vélar til efnisvinnslu með öryggishúsi eða öryggisgrind til að vernda ökumann ef vélin veltur og gegn fallandi hlutum.

## **26. Mannvirki, vélar og búnaður.**

- 26.1. Mannvirki, vélar og búnaður, þar með talin handverkfæri, hvort sem þau eru vélknúin eða ekki, skulu:
- vera vel hönnuð og byggð með hliðsjón af vinnuvistfræðipáttum eftir því sem tók eru á;
  - vera í góðu vinnufæru ástandi;
  - eingöngu notuð við þá vinnu sem þau voru hönnuð til;
  - vera undir stjórn starfsmanna sem hlotið hafa viðeigandi þjálfun.
- 26.2. Mannvirki og búnaður sem er undir þrýstingi skal vera undir eftirliti og prófaður og skoðaður reglulega í samræmi við gildandi reglur.

## **27. Uppgröftur, vinna við brunna, neðanjarðarvinna, gangagerð og jarðvegsvinna.**

- 27.1. Gera skal viðeigandi varúðarráðstafanir við uppgroft, vinnu við brunna, neðanjarðarvinnu og gangagerð:
- og nota viðeigandi undirstöður eða varmargarða;
  - til að koma í veg fyrir hættu á að fólk, efni eða hlutir falli eða að flód verði;
  - til að sjá fyrir nægilegri loftræstingu við alla vinnustaði til að tryggja að andrúmsloft sem starfsmenn anda að sér sé ekki hættulegt eða skaðlegt heilsu þeirra;
  - til að tryggja að starfsmenn komist í öruggt skjól ef eldsvoði verður eða ef vatn eða efni streymir inn á vinnustað.
- 27.2. Áður en uppgroftur hefst skal gera ráðstafanir til að kanna hættu vegna neðanjarðarkapla og annarra dreifikerfa svo hægt sé að draga eins mikið og mögulegt er úr hættu sem af þeim stafar.
- 27.3. Sjá skal fyrir öruggum leiðum inn í og út úr uppgrafterstaðnum.
- 27.4. Jarðefnahrúgur, efni og ökutæki á ferð skulu ekki vera á uppgrafterstaðnum; viðeigandi hindranir skulu byggðar ef þörf krefur.

## **28. Niðurrif bygginga og byggingahluta.**

- 28.1. Niðurrifi bygginga skal stjórnað af til þess hæfum manni. Vinna þessi skal framkvæmd á þann hátt að sem minnst hætta stafi af. Sé talið að um nokkra hættu geti verið að ræða skal girða vinnusvæðið af eða setja vörð í nánd við hættustaðinn.
- 28.2. Áður en byrjað er á niðurrifi byggingar skal gæta þess að taka rafstraum af leiðslum sem hætta getur verið á að starfsmenn komist í snertingu við.
- 28.3. Verkpallar, sem kunna að vera notaðir við niðurrif bygginga skulu uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til byggingaverkpalla.
- 28.4. Borðaviður og annað timbur sem í eru útistandandi naglar skal nagldragast eða naglar þess hnykkir strax eftir að efnið hefur verið losað.
- 28.5. Starfsmenn skulu nota viðeigandi persónuhlífar við niðurrif bygginga og byggingahluta.

**29. Burðarvirki úr málm og steinsteypu, múrhúðum og forsmíðum hlutum.**

- 29.1. Burðarvirki úr málm eða steinsteypu og íhlutar þeirra, múrhúðaðir hlutar, forsmíðaðir hlutar, bráðabirgðaundirstöður eða styrktarstöðir skulu eingöngu byggðar og teknar niður undir yfirstjórn einstaklings sem er til þess hæfur.
- 29.2. Gera skal nægilegar varúðarráðstafanir til að vernda starfsmenn gegn hættum sem stafa af bráðabirgðamannvirkjum og veikbyggðum eða óstöðugum byggingum.
- 29.3. Múrhúðð mannvirki, bráðabirgðaundirstöður og styrktarstöðir skulu hannaðar, byggðar og haldið við á þann hátt að þær þoli það álag sem þær kunna að verða fyrir.

**30. Sökkviker og þrýstiklefar.**

- 30.1. Öll sökkviker og þrýstiklefar skulu:
- vera vel smíðaðir úr viðeigandi og gegnheilu efni sem er nægilega sterkbyggt;
  - hafa viðeigandi búnað til að starfsmenn komist í skjól ef vatn eða efni þrýstist inn.
- 30.2. Bygging, uppsetning, breyting eða sundurtaka sökkvikerja eða þrýstiklefa skal eingöngu vera framkvæmd af einstaklingi sem er til þess hæfur.
- 30.3. Öll sökkviker og þrýstiklefar skulu reglulega skoðuð af aðila sem er til þess hæfur.

**31. Vinna á þökum.**

- 31.1. Ef framkvæma skal vinnu á þaki, sem vegna halla þaksins, áferðar þakflatans eða vegna veðurskilyrða getur orsakað það, að starfsmenn falli niður, má ekki hefja vinnuna fyrir en nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar, svo ekki sé hætta á, að menn eða efni falli niður. Nauðsynlegt getur verið að reisa verkpalla við slíka vinnu til að fyrirbyggja hættu eða setja upp annan öryggisbúnað.
- 31.2. Þurfi starfsmenn að vinna á eða nálægt þaki eða öðru yfirborði sem klædd eru með efni með litlu burðarþoli skal gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja að þeir gangi ekki óviljandi út á hinn ótrausta flöt, eða falli til jarðar.
- 31.3. Ef þak er hátt eða halli þess meiri en 34° (2 : 3) má einungis fela þeim einum að vinna á útköntum þaksins, sem vitað er, að til þess eru hæfir. Þegar vinna er framkvæmd við slíkar aðstæður skal koma fyrir nægjanlega traustu 0,6 m breiðu (mælt hornrétt frá þakinu) öryggisbretti við þakbrúnina, eða koma fyrir upp undir þak-skegginu 0,4 m breiðum vinnupalli með 0,6 m háu hliðarbretti og nægilega vel festum þakvinnustigum.
- 31.4. Verði slíkum eða a.m.k. jafntryggum öryggisbúnaði ekki komið við skal hver starfsmaður sem á þaki vinnur hafa öryggisbelti með lás í líflínu af viðurkenndri gerð. Líflínan skal fest á öruggan hátt í fastan hluta byggingarinnar.
- 31.5. Efni og verkfæri skal þannig lagt á þakið, að það renni ekki né hætta sé á að það geti fokið niður af þakinu.
- 31.6. Á flötum þökum upp í allt að 5 m hæð yfir jörðu má draga úr öryggisráðstöfunum, ef aðrar kringumstæður leyfa.
- 31.7. Þegar þaksperrur eru reistar skal gæta fyllstu varúðar og skorða eða festa vandlega þær sperrur sem búið er að reisa, svo ekki sé hætta á að vindur feyki þeim um.

**32. Hlífðarþök.**

- 32.1. Þar sem mikil hætta er á að efni eða verkfæri geti fallið niður, svo sem yfir inn-göngudyrum, flutningaleiðum og vinnustöðvum við eða í byggingum, skal vera traust hlífðarþak. Slíkt hlífðarþak skal a.m.k. vera úr 25 mm borðum þétt lögðum eða

18 mm borðum sköruðum. Hlíðarþak yfir dyrum eða umferðaleiðum til bygginga eða öðrum opum í veggjum skulu vera rétt ofan við dyr eða op og ná að minnsta kosti 2 m út frá vegg eða ekki minna en 0,5 m út fyrir ytri brún verkpalls. Breidd hlífðarþaks skal að minnsta kosti vera 0,5 m út fyrir beggja megin.

- 32.2. Ef hæð frá vinnufleti til jarðar við byggingu er ekki meiri en 5 m þarf ekki að hafa hlífðarþak, ef aðrar kringumstæður auka ekki hættuna.
- 32.3. Fastir vinnustaðir við byggingar svo sem járnaborð, vinnuborð o.s.frv. skulu vera með hlífðarþaki yfir, nema gerðar séu aðrar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að hlutir falli niður á þá sem þar vinna.
- 32.4. Sé nýbygging á stað þar sem teljandi umferð er, skal byggingarstaðurinn afgirtur með traustu grindverki, sem hvergi sé nær útveggjum byggingarinnar en 5 m, verði því við komið. Innan þeirrar girðingar má einungis geyma það sem notað er til byggingarinnar, svo sem timbur, járn, stiga o. þ. h.

### 33. Göt í gólfum, veggjum og vinnupöllum.

- 33.1. Sérhvert gat í vegg, sem hætta getur verið á, að menn falli út um skal vera umgirt fullnægjandi vörnum.
- 33.2. Öll göt í gólfum og vinnupöllum, sem hætta getur verið á að menn falli niður um skulu vera umgirt handriði sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til handriða, eða hleri settur yfir gatið. Ef gati er lokað með hlera skal hann annað hvort negldur fastur eða á hann negldir okar, sem skorða hann fastan.
- 33.3. Ekki má loka götum í gólfum eða vinnupöllum með lausum borðum, plönkum, plötum, hurðum eða öðru líku.
- 33.4. Hlífðarbúnaður við göt má ekki taka burt nema nauðsynlegt sé vegna umferðar eða flutnings á efni um gat og skal hlífðarbúnaði strax komið fyrir á ný þegar slíku er lokið.
- 33.5. Meðan gat er opið eða óvarið vegna flutnings eða umferðar, en sem annars er lokað eða með hlífðargrindum, skal vörður vera við það til þess að aðvara þá, sem kunna að eiga leið þar um, sem gatið er.
- 33.6. Þegar unnið er á bitum í byggingum skal á bitana lagt fjalargólf fyrir starfsmenn til að hafast við á. Ef göngubrýr eru lagðar á gólfbita skal vera handrið á þeim.
- 33.7. Þegar unnið er á verkpöllum í meira en 2 m hæð frá jörðu skal verkpallurinn vera með þéttklæddu gólfi og handriði. Við opnar hliðar á húsum skal setja sams konar handrið, þó nægir hindrun með einni langslá, ef ekki er verið að vinna við vegg hússins.
- 33.8. Sé vinna utanhúss þess eðlis að handrið verði til hindrunar við vinnuna skal koma fyrir öryggispalli sem sé 2 m breiður og hafi 30° halla upp á við. Pallur þessi má ekki vera meira en 6 m fyrir neðan vinnustaðinn.
- 33.9. Ef hætta getur verið á að menn falli niður og handriðum eða öryggispöllum verði ekki komið við skulu starfsmenn hafa öryggisbelti með stillanlegum lás af viðurkenndri gerð. Líflínan skal vera örugglega fest fyrir ofan starfsmanninn verði því mögulega við komið.

### 34. Steypumót.

- 34.1. Steinsteypumót og undirsláttur undir steinsteypugólf skulu vera úr til þess hæfu efni, hafa nægan styrkleika og rétta samsetningu. Uppsláttur steypumóta skal eingöngu framkvæmdur af mönnum sem hafa til þess næga þekkingu.

- 34.2. Ekki má rífa niður steypumót eða uppslátt undan loftum fyrr en fulltryggt er að steypan hafi náð nægilegri hörku og þá einungis samkvæmt fyrir mælum ábyrgs byggingarmeistara eða umboðsmanns hans.
- 34.3. Ef fastir verkpallar eru ekki við hús og þess óskað að framkvæma vinnu af hreyfanlegum hengiverkpöllum, má einungis nota til þess palla sem uppfylla gildandi kröfur í reglum um hengiverkpalla.

## C. HLUTI.

### Flytjanlegt starfsmannahúsnaði sem notað er í þéttbýli.

#### 1. Gildissvið.

- 1.1. Ákvæði þessa hluta gilda um flytjanlegt starfsmannahúsnaði, fyrir vinnustaði innan þéttbýlis, þar sem 2 menn eða fleiri sinna störfum um afmarkaðan tíma, sem er lengri en ein vinnuvika, utan fastrar starfsstöðvar fyrirtækisins sem þeir eru ráðnir hjá, enda sé ekki séð fyrir starfsmannaaðstöðu með öðrum fullnægjandi hætti.

#### 2. Skilgreining.

- 2.1. Flytjanlegt starfsmannarými er í reglum þessum samheiti fyrir húsnaði, sem ekki er sett niður á varanlegar undirstöður og ætlað til flutninga á vöruflutningabílum eða til að draga á milli vinnustaða.
- 2.2. Starfsmannarýmið skiptist í:
- A. Búningsherbergi, fatahengi, fataskápa og þurrkaðstöðu.
  - B. Snyrtiherbergi, salerni og þvagstæði.
  - C. Matstofur og kaffistofur.
- Geymslustaður verkfæra og byggingarefnis skal vera utan starfsmannarýmis.

#### 3. Byggingarlýsing.

- 3.1. Yfirborð innanstokksmuna, innréttinga, veggja, gólfs og lofts skal vera í ljósum litum og úr efnum, sem auðvelt er að þrifa.
- 3.2. Gólf, loft og veggj skal einangra í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar, nema hvað varðar þykkt einangrunarefna.
- 3.3. Lýsing og loftræsting skal vera nægjanleg að mati Vinnueftirlits ríkisins.
- 3.4. Stærð glugga skal vera samsvarandi 10% af gólfleti herbergisins. Í þeim skal vera tvöfalt gler og opnanlegt fag sem er a.m.k. 1/4 af heildarstærð gluggans.
- 3.5. Hitastig skal að jafnaði miða við 18°C. Upphitun er veldur mengun eða annarri óhollustu er óheimil.
- 3.6. Starfsmannarýmið skal vera á hagkvæmum stað með hliðsjón af vinnustað. Nái starfsemin yfir mikið flatarsvæði skal starfsmannarýminu komið fyrir sem næst miðsvæðis ef ekki er kostur á að skipta því í einingar sem koma má fyrir í grennd við vinnustaðina.
- 3.7. Þurrkaðstaða fyrir votan vinnufatnað og geymsla fyrir óhreinan skófatnað má ekki vera í matstofu.
- 3.8. Greiður aðgangur skal vera að salerni og snyrtingu sem þó skal aldrei vera í beinu sambandi við matstofu.
- 3.9. Ekki má vera beinn inngangur af útisvæði og inn í mat- og kaffistofu, heldur skal ávallt gera ráð fyrir forrymi eða anddyri fyrir framan.

3.10. Í tengslum við hvern vinnustað skal gera ráð fyrir sérstöku rými, eða ræstiskáp, þar sem nauðsynlegum búnaði til ræstingar er komið fyrir.

#### 4. Stærðir starfsmannarýmis.

4.1. Lágmarksstærð flytjanlegs starfsmannarýmis er 7m<sup>2</sup> að innanmáli.

4.2. Meðalhæð frá gólfi má ekki vera minni en 2,2 m og minnsta breidd skal vera 2,2 m.

4.3. Viðmiðunarstærðir:

|                 |                            |
|-----------------|----------------------------|
| Matstofa        | 1,2 m <sup>2</sup> á mann. |
| Búningsherbergi | 0,6 m <sup>2</sup> á mann. |
| Þvottaaostaða   | 0,2 m <sup>2</sup> á mann. |
| Þurrkaostaða    | 0,2 m <sup>2</sup> á mann. |
| Salerni         | 1,2 m <sup>2</sup> á mann. |

#### 5. Búnaður.

5.1. Í matstofu skulu vera sæti með baki. Matborð skal vera minnst 0,6 m á breidd og 0,6 m skal ætla á mann við langhlið borðsins.

5.2. Skápar skulu gerðir úr hentugu efni sem gott er að þrifa. Þeir skulu vera með loft-ræstiopum að ofan og neðan og með hillu. Hæfileg stærð skápa telst 0,5 x 0,3 m að þverflatarmáli. Fjarlægð milli hillu og botns skal vera minnst 1,5 m en milli hillu og lofts minnst 0,2 m að framan en loftið sé helst með 20° til 30° halla upp að bakhlið frá framhlið skáps ef hann nær ekki til lofts í herbergi. Skáparnir skulu vera læsanlegir. Sé um fatahengi að ræða skulu starfsmenn eiga aðgang að læstri hirslu undir persónuleg verðmæti sín.

5.3. Í matstofum skal gera ráð fyrir ákveðnum lágmarksbúnaði s.s. eldhúsvaski, hitunartæki, kæliskáp, skápum, hillum, borðum og stólum með baki.

### V. VIÐAUKI

#### Aðrar gildandi reglur, reglugerðir og leiðbeiningar sem fara ber sérstaklega eftir á byggingarvinnustöðum, eftir því sem við á:

- Reglur og leiðbeiningar um röraverkpalla,
- Reglur og leiðbeiningar um hengiverkpalla,
- Reglur um timburverkpalla,
- Reglur um heftibyssur,
- Reglur um naglabyssur,
- Reglur og leiðbeiningar um öryggisráðstafanir við vinnu í lokuðu rými,
- Reglur um notkun persónuhlífa,
- Reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum,
- Reglugerð um starfsmannabústaði og starfsmannabúðir,
- Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar,
- Reglur um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna,
- Reglur um vélar og tæknilegan búnað,
- Reglur og leiðbeiningar um öryggisbúnað véla,
- Reglur um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar,

- Reglur um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja,
- Reglur um asbest,
- Reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum,
- Reglur um tilkynningu vinnuslysa,
- Reglur um varmir gegn loftmengun við málmsuðu,
- Reglur um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla,
- Reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum,
- Reglur um vottun og merkingar á stálvírum, keðjum og krókum,
- Reglur um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum,
- Leiðbeiningar um jarðgangagerð,
- Leiðbeiningar um hávaða á vinnustað,
- Leiðbeiningar, varúð - lífræn leysiefni,
- Leiðbeiningar um starfsmannarými,
- Leiðbeiningar um rétta líkamsbeitingu,
- Leiðbeiningar um færanlegar vinnulyftur,
- Leiðbeiningar um öryggisráðstafanir við uppsetningu steyptra eininga,
- Leiðbeiningar um öryggi við skurðgröft og gryfjur,
- Leiðbeiningar um lausa stiga, tröppur og búkka,
- Leiðbeiningar um öryggi við málmsuðu,
- Leiðbeiningar um öryggi við málun, lökkun og límingu,
- Leiðbeiningar um stálvíra,
- Leiðbeiningar um klemmur, pressaða hólka og endafestingar stálvíra,
- Leiðbeiningar um stálvíra, tóg og kaðla og annan ásláttarbúnað.

Nr. 548

11. október 1996

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 477/1995, um áfengisgjald,  
með áorðnum breytingum.

### 1. gr.

- Við 14. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður er verði 7. töluliður, svohljóðandi:
7. Áfengisblöndur sem notaðar eru til framleiðslu á áfengum drykkjum, óhæfar til neyslu, enda séu þær fluttar til landsins af framleiðanda sem hefur leyfi til að selja áfengi skv. 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. áfengislaga nr. 82/1969, og framleiða vöru sem gjaldskyld er samkvæmt reglugerð þessari.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. og 11. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 11. október 1996.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um starfsháttu örorkunefndar, nr. 335 16. ágúst 1993.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Beiðni um álit skal vera skrifleg og rituð á eyðublað sem nefndin lætur í té. Með beiðni skulu fylgja skýrslur um atvik að tjónsatburði og afleiðingar hans. Einnig skulu fylgja ítarleg vottorð lækna sem stundað hafa tjónþola vegna tjóns hans. Þá skulu og fylgja staðfest endurrit skattframtala tjónþola síðustu tvö almanaksár fyrir tjónsatburð og skattframtal eftir að tjón varð. Nefndin getur að auki lagt fyrir matsbeiðanda og eftir atvikum tjónþola sjálfan að leggja fram viðbótargögn eftir því sem nefndin telur ástæðu til.

Í beiðni um álit skal koma fram hver tjónþoli er og að hverjum kröfu um bætur verði beint, sé það vitað. Skal örorkunefnd kynna aðilum fram komna beiðni og fylgigögn og gefa þeim kost á að koma skriflega á framfæri við nefndina gögnum og sjónarmiðum sínum varðandi matsmálið, innan hæfilegs frests.

Beiðni um álit og fylgigögn skulu send nefndinni í svo mörgum eintökum að nægi til að senda öðrum aðilum máls eitt eintak hverjum.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. skaðabótalaga, nr. 50 19. maí 1993, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. október 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

\_\_\_\_\_  
*Þorsteinn Geirsson.*

17. október 1996

Nr. 550

## AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Kirkjusand í Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 16. október 1996 staðfest breytingu, skv. 17. og 18. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á staðfestu deiliskipulagi við Kirkjusand.

Breytingin felst í því að lóð nr. 89 við Laugarnesveg er breytt á þann veg að hún skiptist í tvennt eða Kirkjusand 1 - 5 og Laugarnesveg 89. Skipulag lóðarinnar nr. 89 við Laugarnesveg verður óbreytt eftir breytinguna, en á lóðinni nr. 1 - 5 við Kirkjusand rísa þrjú 5 - 6 hæða íbúðarhús í stað 2 - 4 hæða iðnaðarhúsa.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstaklingar og aðrir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. október 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Ingimar Sigurðsson.*



# AUGLÝSING

## um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990 - 2010, að því er tekur til landnotkunar á lóðinni nr. 1 - 5 við Kirkjusand.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra í dag staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, 1990 - 2010, að því er tekur til landnotkunar á lóðinni staðgreinireit 1.340.5.

Breytt er landnotkun á lóðinni nr. 1 - 5 við Kirkjusand úr athafnasvæði í íbúðarsvæði.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa og mælir með staðfestingu hennar.

*Umhverfisráðuneytinu, 17. október 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 552

19. september 1996

# REGLUR

## um öryggisráðstafanir við jarðefnanám.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

1. Reglur þessar gilda um vinnustaði þar sem jarðefnanám fer fram og lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Í reglunum eru gerðar lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd starfsmanna í jarðefnanámi á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, eins og skilgreint er í a-lið 2. gr.

2. Reglur þessar gilda ekki um öryggisráðstafanir við jarðefnanám með borunum, sbr. sérstakar reglur þar um.

##### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í reglum þessum merkir:

- a. *jarðefnanám á yfirborði jarðar eða neðanjarðar* alla iðnaðarstarfsemi þar sem fram fer:
  - jarðefnanám, í þrengstu merkingu orðsins á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, eða
  - leit með það í huga að hefja slíkt nám, eða
  - meðferð jarðefna á vinnustað, sbr. b. lið, fyrir afhendingu en ekki frekari vinnslu.
- b. *vinnustaður* svæði sem ætlað er að hýsa vinnuádstöðu innan athafnasvæðis sem tengist beinni og óbeinni starfsemi og mannvirkjum til jarðefnanáms á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, þar með taldir úrgangslösuástaðir og aðrir geymslustaðir auk íveruádstöðu, sem starfsmenn hafa aðgang að við vinnu sína.

### II. KAFLI

#### Skyldur atvinnurekanda.

##### 3. gr.

##### *Almennar skyldur.*

1. Til að gæta öryggis og heilsu starfsmanna skal atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

- a. vinnustaðir séu skipulagðir, byggðir, tækjum búnir, teknir í notkun, starfræktir og viðhaldið þannig að starfsmenn geti stundað vinnu þá sem þeim er falin án þess að öryggi og heilsu þeirra eða annarra starfsmanna stafi hætta af;
- b. ábyrgðarmaður hafi eftirlit með mönnum vinnustöðum á meðan vinna stendur yfir;
- c. sérstaklega hættuleg störf séu eingöngu falin hæfum starfsmönnum og þau séu leyst af hendi í samræmi við gefin fyrirmæli;
- d. allar öryggisleiðbeiningar séu skiljanlegar öllum starfsmönnum sem í hlut eiga;
- e. viðeigandi aðstoða sé til að veita skyndihjálp;
- f. viðeigandi öryggisæfingar séu haldnar reglulega.

2. Atvinnurekandi skal tryggja að útbúið verði skjal, um öryggi og heilsu, hér eftir kallað „öryggis- og heilsuskjalið.“

Öryggis- og heilsuskjalið skal einkum færa sönnur á:

- að hætta sem starfsmenn á vinnustað kunna að vera í hafi verið greind og metin,
- að fullnægjandi ráðstafanir verði gerðar til að ná markmiðum þessara reglna,
- að skipulag vinnustaðar, notkun og viðhald búnaðar sé öruggt.

Öryggis- og heilsuskjalið skal útbúið áður en vinna hefst og það skal endurskoða ef meiriháttar breyting eða stækkun hefur verið gerð á vinnustaðnum.

3. Ef starfsmenn margra verktaka starfa á sama vinnustaðnum skal hver atvinnurekandi vera ábyrgur fyrir þeim málum sem að hans mönnum snúa. Í slíkum tilfellum skulu þeir þó ávallt skipa samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana. Hann skal samræma framkvæmd allra ráðstafana sem snerta öryggi og heilsu starfsmanna og tilgreina í öryggis- og heilsuskjali markmið samræmingarinnar og aðferðir til að framkvæma hana. Samræmingin hefur ekki áhrif á ábyrgð einstakra atvinnurekenda samkvæmt lögum nr. 46/1980.

4. Atvinnurekanda ber að tilkynna til lögreglu og Vinnueftirlits ríkisins ef hættulegt ástand skapast á vinnustaðnum eins fljótt og mögulegt er.

#### 4. gr.

*Varnir gegn bruna, sprengingum og heilsuspillandi andrúmslofti.*

Atvinnurekandi skal gera viðeigandi varúðarráðstafanir til að fyrirbyggja hættu af völdum elds og sprenginga, og koma í veg fyrir að sprengifimt eða heilsuspillandi efni safnist fyrir í andrúmsloftinu.

#### 5. gr.

*Undankomu- og björgunarbúnaður.*

Atvinnurekandi skal útvega og viðhalda viðeigandi undankomu- og björgunarbúnaði til að tryggja að starfsmenn geti yfirgefið vinnustaðinn hratt og örugglega ef hætta steðjar að.

#### 6. gr.

*Samskipta-, viðvörunar- og hættubodkerfi.*

Atvinnurekandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að útvega nauðsynleg viðvörunarkerfi og önnur samskiptakerfi til að hægt sé að veita tafarlausa aðstoð ef nauðsyn krefur.

#### 7. gr.

*Upplýsingar til starfsmanna.*

Starfsmenn eða fulltrúar þeirra skulu upplýstir á skilmerkilegan hátt um þær ráðstafanir sem gripið er til í sambandi við öryggi og hollustu á vinnustað, einkum þær sem tengjast framkvæmd 3. til 6. gr.

## 8. gr.

*Heilsuvernd.*

Heilsuvernd starfsmanna skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980 og reglna settra samkvæmt þeim. Þar sem sérstök áhætta fylgir starfinu, t.d. vegna mengunar af völdum varasamra efna, skulu starfsmenn gangast undir heilsufarsskoðanir áður en starf er hafið og síðan með reglubundnu millibili.

## 9. gr.

*Samráð við starfsmenn.*

Atvinnurekendur skulu hafa samráð við starfsmenn eða fulltrúa þeirra um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu þeirra á vinnustað sbr. ákvæði laga nr. 46/1980 og gildandi reglur um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja.

## 10. gr.

*Lágmarkskröfur um öryggi og heilbrigði.*

1. Vinnustaðir sem teknir eru í notkun eftir gildistöku þessara reglna, skulu uppfylla þær lágmarkskröfur um öryggi og heilbrigði sem mælt er fyrir um í viðaukanum.
2. Vinnustaðir sem eru í notkun þegar reglur þessar taka gildi, skulu uppfylla lágmarkskröfur þeirra eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku.
3. Ef gerðar eru breytingar á vinnustað eða hann stækkaður eftir gildistöku þessara reglna, skal farið eftir þeim lágmarkskröfum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

## III. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 11. gr.

*Áfrýjun úrskurða.*

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## IV. KAFLI

**Refsiákvæði.**

## 12. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## V. KAFLI

**Gildistaka.**

## 13. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun 92/104/EBE í viðbæti við XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

*Félagsmálaráðuneytinu, 19. september 1996.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Gylfi Kristinsson.*

## VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR UM ÖRYGGI OG HOLLUSTU EINS OG UM GETUR Í  
10. GR. ÞESSARA REGLNA.

## A. HLUTI

Sameiginlegar lágmarkskröfur sem gilda um jarðefnanám á yfirborði jarðar eða  
neðanjarðar og um yfirborðsmannvirki.

## 1. Stjórnun og eftirlit.

## 1.1. Skipulag vinnustaða.

1.1.1. Vinnustaðir skulu þannig skipulagðir að nægileg vernd sé gegn hættum. Þar skal allt vera í röð og reglu og hættuleg efni fjarlægð í því skyni að vernda heilsu starfsmanna.

1.1.2. Vinnustöðvar skulu skipulagðar og byggðar í samræmi við vinnuvistfræðisjónarmið, að teknu tilliti til þess að nauðsynlegt er fyrir starfsmenn að geta framkvæmt þau störf sem inna skal af hendi á vinnustöðinni.

1.1.3. Á vinnustöðvum þar sem starfsmaður er einangraður frá öðrum skal koma fyrir nægilega fullkomnu fjarskiptakerfi.

## 1.2. Ábyrgðarmaður.

Ábyrgðarmaður sem hefur hæfi og getu sem nauðsynleg er og sem hefur verið skipaður af atvinnurekanda skal ætíð vera í forsvari á hverri vinnustöð þegar starfsmenn eru á staðnum. Atvinnurekandi má sjálfur taka á sig þessa ábyrgð, hafi hann til þess nauðsynlega sérfræðikunnáttu og hæfni.

## 1.3. Eftirlit.

Til að tryggja öryggi og heilbrigði starfsmanna við alla starfsemi sem fram fer skal viðhafa nauðsynlegt eftirlit. Það skal framkvæmt af einstaklingum sem hafa til þess sérfræðikunnáttu og hæfni og skulu þeir skipaðir af atvinnurekanda eða fyrir hans hönd og starfa á hans vegum. Atvinnurekandi má sjálfur taka að sér þetta eftirlit hafi hann til þess nauðsynlega sérfræðikunnáttu og hæfni.

Sé þess krafist samkvæmt öryggis- og heilsuskjalinu skal eftirlitsmaður hafa viðkomu á mönnum vinnustöðum að minnsta kosti einu sinni á hverri vakt.

## 1.4. Hæfir starfsmenn.

Á hverjum vinnustað þar sem starfsmenn eru við vinnu skulu vera nægilega margir starfsmenn með nauðsynlega hæfni, reynslu og þjálfun til að leysa af hendi þau verk efni sem þeim eru falin.

## 1.5. Upplýsingar, leiðbeiningar og þjálfun.

Starfsmenn þurfa að fá nauðsynlegar upplýsingar, leiðbeiningar, þjálfun og endurþjálfun til að tryggja heilbrigði þeirra og öryggi. Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn fái skilmerkilegar leiðbeiningar svo þeir stofni ekki eigin öryggi og heilsu svo og annarra starfsmanna í hættu.

## 1.6. Skriflegar leiðbeiningar.

Á hverjum vinnustað skulu samdar skriflegar leiðbeiningar þar sem tilgreindar eru reglur sem fara skal eftir til að tryggja heilbrigði og öryggi starfsmanna og örugga notkun búnaðar. Í þeim skulu vera upplýsingar um notkun neyðarbúnaðar og um aðgerðir sem grípa skal til í neyðartilvikum á eða nálægt vinnustað.

## 1.7. Öruggar starfsaðferðir.

Beita skal öruggum starfsaðferðum við öll störf á hverjum vinnustað.

1.8. *Vinnuleyfi.*

Ef þess er krafist samkvæmt öryggis- og heilsuskjalinu skal tekið upp kerfi vinnuleyfa til að leysa af hendi bæði hættuleg störf og venjubundin og hættulaus störf sem geta tengst öðrum störfum sem eru afar hættuleg. Einstaklingur sem er í forsvari skal gefa út vinnuleyfi áður en störf hefjast þar sem tilgreind eru þau skilyrði sem uppfylla skal og þær öryggisráðstafanir sem gera skal áður en starf hefst, á meðan það stendur yfir og eftir að því lýkur.

1.9. *Regluleg endurskoðun öryggis- og heilbrigðisráðstafana.*

Atvinnurekandi skal tryggja að ráðstafanirnar sem gerðar eru í því skyni að vernda heilsu og tryggja öryggi starfsmanna, þar með talin kerfi til að stjórna öryggismálum og hollustuháttum, séu endurskoðaðar reglulega til að tryggja að farið sé eftir ákvæðum þessara reglna.

**2. Vél- og rafbúnaður.**

2.1. *Almennt.*

Þegar vél- og rafbúnaður er valinn, settur upp, tekinn í notkun, starfræktur og viðhaldið skal það gert þannig að hliðsjón sé höfð af öryggi og heilsu starfsmanna, að teknu tilliti til ákvæða þessara reglna, gildandi reglna um vélar og tæknilegan búnað og reglna um notkun tækja. Ef slíkan búnað er að finna innan svæða þar sem hætta er á sprengingum ef eldur kviknar í gasi, gufum eða rokgjörnum vökvum sem þar eru eða líklegt er að þar sé að finna verður búnaðurinn að henta til notkunar á svæðinu. Búnaður skal, ef nauðsyn krefur, vera með hentugum hlífum og tækjum til að bregðast við bilunum.

2.2. *Sérákvæði.*

Vél- og rafbúnaður skal vera nægilega sterkur, aflmikill og henta til þeirra nota sem honum eru ætluð. Hann skal varinn og þannig frá honum gengið að komið sé í veg fyrir hættu.

**3. Viðhald.**

3.1. *Almennt viðhald.*

Gera skal áætlun til að framkvæma kerfisbundna skoðun, viðhald og ef við á, prófanir á vél- og rafbúnaði. Allt viðhald, skoðanir og prófun á hverjum hluta stöðvarinnar og búnaðarins skal framkvæmt af einstaklingi sem er til þess hæfur. Halda skal skýrslur um skoðanir og prófanir og skulu þær varðveittar á viðeigandi hátt.

3.2. *Viðhald öryggisbúnaðar.*

Öryggisbúnaði skal haldið í nothæfu og góðu ástandi. Viðhald skal fara fram með hliðsjón af þeirri starfsemi sem fram fer.

**4. Varnir gegn sprengihættu, skaðlegum efnum í andrúmsloftinu og eldhættu.**

4.1. *Almennt.*

4.1.1. Gera skal ráðstafanir til að meta hvort skaðleg eða hugsanlega sprengifim efni eru í andrúmslofti og mæla styrk slíkra efna. Sé þess krafist í öryggis- og heilsuskjalinu skal sjá fyrir eftirlitsbúnaði til að mæla gasstyrk á tilteknum stöðum sjálfvirkt og samfelld, sjálfvirkum viðvörunarbúnaði og búnaði til að rjúfa afl sjálfvirkt af rafstöðvum og brunahreyflum. Ef sjálfvirkar mælingar eru gerðar skulu mæld gildi skráð og varðveitt með þeim hætti sem skilgreint er í öryggis- og heilsuskjalinu.

4.1.2. Reykingar eru bannaðar á svæðum þar sem eld- og sprengihætta er. Notkun opins elds og vinnuáferðir sem kunna að leiða af sér brunahættu er bönnuð nema nægilegar öryggisráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir eld og sprengingar.

- 4.2. *Varnir gegn sprengihættu.*
- 4.2.1. Allar nauðsynlegar ráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir að sprengifimt andrúmsloft myndist.
- 4.2.2. Á svæðum þar sem sprengihætta er skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að kvikni í sprengifimu andrúmslofti.
- 4.2.3. Gera skal áætlun um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn sprengingum þar sem greint er frá búnaði og ráðstöfunum sem krafist er.
- 4.3. *Varnir gegn skaðlegum efnum í andrúmslofti.*
- 4.3.1. Ef skaðleg efni myndast eða kunna að safnast saman í andrúmsloftinu skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að:
- a. þau séu skilin frá eða fjarlægð þar sem þau myndast; eða
  - b. að þau séu þynnt það mikið að starfsmönnum stafi ekki hætta af þeim.
- 4.3.2. Viðeigandi öndunar- og endurlífgunarbúnaður skal vera fyrir hendi á svæðum þar sem starfsmenn starfa í andrúmslofti sem er hættulegt heilsu manna. Í slíkum tilvikum skulu nægilega margir starfsmenn sem eru þjálfaðir í að nota búnað af þessu tagi vera tiltækir á vinnustaðnum. Búnaðurinn skal geymdur á aðgengilegum stað og honum haldið við á viðeigandi hátt.
- 4.3.3. Ef eittraðar lofttegundir eru eða kunna að vera í andrúmslofti skal vera fyrir hendi öryggisáætlun þar sem fram kemur hvaða öryggisbúnaður er fyrir hendi og til hvaða forvarnarráðstafana skal gripið.
- 4.4. *Eldvarnir.*
- 4.4.1. Alls staðar þar sem vinnustaðir eru skipulagðir, byggðir, búnir tækjum, teknir í notkun, starfræktir eða viðhaldið skulu gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að eldur komi upp og breiðist út frá þeim upptökum sem tilgreind eru í öryggis- og heilsuskjalinu. Gera skal ráðstafanir til að slökkvistarf geti gengið hratt og örugglega fyrir sig.
- 4.4.2. Vinnustaðir skulu búnir viðeigandi slökkvitækjum og, ef nauðsyn krefur, reyk-skynjunar- og viðvörunarkerfum.
- 4.4.3. Ósjálfvirkur slökkvibúnaður skal vera aðgengilegur, einfaldur í notkun og, þar sem þörf krefur, varinn fyrir skemmdum.
- 4.4.4. Á svæðinu skal varðveitt eldvarnaráætlun þar sem fram kemur til hvaða forvarnarráðstafana skal gripið, í samræmi við 3., 4., 5. og 6. gr. þessara reglna, til brunavarna, eldskynjunar og slökkvistarfa ef eldur kviknar og breiðist út.
- 4.4.5. Slökkvibúnaðurinn skal auðkenndur með skiltum í samræmi við gildandi reglur um uppsetningu öryggis- og heilbrigðismerkja á vinnustöðum.
- 4.5. *Sprengiefni og tundurbúnaður.*
- Starfsemi sem felur í sér geymslu, flutning og notkun sprengiefnis og tundurbúnaðar skal stjórnað af löggiltum og vel hæfum einstaklingum. Skipulagning og framkvæmd slíkrar starfsemi skal fara þannig fram að starfsmönnum stafi ekki hætta af.
- 5. Umferðarleiðir.**
- 5.1. Unnt skal vera að komast að vinnustöðum án þess að það hafi hættu í för með sér og yfirgefa þá fljótt og örugglega í neyðartilviki.
- 5.2. Umferðarleiðir, þar með talda innbyggða eða fasta stiga, hlaðstæði og -palla, skal staðsetja og skipuleggja þannig að fótgangandi og ökutæki geti notað þær vandkvæðalaust, með fullu öryggi og á þann hátt sem tilgangur þeirra segir til um, þannig að starfsmönnum sem eru við vinnu í grennd við þær stafi ekki hætta af.

- 5.3. Rými á umferðarleiðum fyrir fótgangandi og flutning á vörum skal vera í samræmi við fjölda hugsanlegra notenda og þá starfsemi sem stunduð er. Ef flutningatæki eru notuð á umferðarleiðum skal séð til þess að fótgangandi hafi fullnægjandi öryggisrymi.
- 5.4. Umferðarleiðir fyrir ökutæki skulu vera í hæfilegri fjarlægð frá hurðum, hliðum, leiðum fyrir fótgangandi, göngum og stigum.
- 5.5. Umferðarleiðir skulu greinilega merktar til að tryggja öryggi starfsmanna.
- 5.6. Ef ökutækjum eða vélum er ekið inn á vinnustaðinn skulu umferðarreglur settar eftir þörfum.

## 6. Vinnustaðir utanhúss.

- 6.1. Skipuleggja skal vinnustöðvar, umferðarleiðir og aðra staði eða mannvirki undir beru lofti þar sem starfsmenn eru staddir vegna vinnu sinnar þannig að ekki stafi af hætta fyrir umferð fótgangandi eða ökutækja.
- 6.2. Vinnustaðir utanhúss skulu lýstir á fullnægjandi hátt ef dagsbirta nægir ekki.
- 6.3. Er starfsmenn vinna utanhúss skal vinnustaðurinn eins og kostur er skipulagður á þann hátt að:
  - a. þeir séu í skjóli fyrir veðrum og ef með þarf varðir fyrir hlutum sem falla,
  - b. þeir verði ekki fyrir svo miklum hávaða að valdið geti heilsutjóni, eða fyrir öðrum skaðlegum utanaðkomandi áhrifum, svo sem af lofttegundum, gufum eða ryki,
  - c. þeir geti yfirgefið vinnustað sinn í skyndingu ef hætta kemur upp, eða að unnt sé að veita þeim aðstoð í skyndi,
  - d. ekki sé hætta á að þeir renni til eða detti.

## 7. Hættusvæði.

- 7.1. Hættusvæði skulu greinilega merkt.
- 7.2. Ef hættusvæði eru á vinnustöðum þar sem starfsmenn geta hrasað eða hlutir fallið vegna þess hvernig vinnu er hátað skal girða þau af eins og unnt er til að koma í veg fyrir aðgang óviðkomandi starfsmanna.
- 7.3. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að vernda þá starfsmenn sem hafa aðgang að slíkum hættusvæðum.

## 8. Undankomuleiðir og neyðarútgangar.

- 8.1. Öllum starfsmönnum skal vera unnt að yfirgefa vinnustað sinn í skyndi og á sem öruggastan hátt ef hætta skapast.
- 8.2. Undankomuleiðir og neyðarútgangar, svo og aðkomuleiðir og dyr að þeim, skulu ávallt vera greiðar þannig að þær megi hindrunarlaust nota hvenær sem er. Þeim skal haldið ótepptum og skal leiðin liggja sem beinast út undir bert loft eða á öruggan stað.
- 8.3. Fjöldi undankomuleiða og neyðarútganga, staðsetning þeirra og stærð skulu miðast við notkun, útbúnað og stærð vinnustaðar, og þann mannfjölda sem þar getur mestur orðið.
- 8.4. Neyðardyr skulu opnast út. Óheimilt er að læsa neyðarhurð eða festa hana þannig að hún verði ekki auðveldlega og tafarlaust opnuð af hverjum þeim sem nota þarf hana í neyð.
- 8.5. Þar sem lýsingar er þörf í neyðarútgöngum og á undankomuleiðum skal vera fullnægjandi neyðarlýsing ef straumlaust verður.
- 8.6. Auðkenna skal sérstakar undankomuleiðir og neyðarútganga með skiltum í samræmi við gildandi reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.

**9. Brottlutnings- og flóttaaðgerðir.**

- 9.1. Starfsmenn skulu þjálfaðir í viðeigandi aðgerðum í neyðartilvikum.
- 9.2. Björgunarbúnaður skal hafður til taks á aðgengilegum og hentugum stöðum og vera tilbúinn til notkunar og skal vera auðkenndur með skiltum í samræmi við gildandi reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.

**10. Öryggisæfingar.**

Halda skal öryggisæfingar með reglulegu millibili á öllum vinnustöðum þar sem starfsmenn eru viðstaddir. Megintilgangurinn með slíkum æfingum er að þjálfka og kanna hæfni starfsmanna sem hafa tilteknum skyldum að gegna ef neyðarástand skapast sem felur í sér notkun, meðhöndlun og starfrækslu neyðarbúnaðar. Þar sem við á skulu starfsmenn sem hafa verið skipaðir til þessara starfa einnig æfðir í réttri notkun, meðhöndlun eða starfrækslu þessa búnaðar.

**11. Skyndihjálpar og búnaður.**

- 11.1. Búnaður til skyndihjálpar skal vera tiltækur alls staðar þar sem þess er þörf vegna aðstæðna á vinnustað og á að henta þeirri starfsemi sem fram fer. Búnaðurinn skal merktur með skiltum og vera aðgengilegur.
- 11.2. Sjúkrahferbergi skal vera á stórum vinnustöðum þar sem þörf er talin á.
- 11.3. Í sjúkrahferbergjum skulu vera nauðsynleg tæki og annar búnaður til að veita skyndihjálpar og skal aðgangur að þeim með sjúkrahörur vera greiður. Þær skulu auðkenndar með skiltum í samræmi við gildandi reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.
- 11.4. Einnig skal búnaður til að veita slösuðum skyndihjálpar vera tiltækur þar sem þess er þörf vegna aðstæðna á vinnustað. Þessi búnaður skal vera greinilega merktur og auðvelt skal vera að komast að honum.
- 11.5. Nægilegur fjöldi starfsmanna skal hafa hlotið þjálfun í notkun skyndihjálparbúnaðar.

**12. Dagsbirta og lýsing.**

- 12.1. Á vinnustöðum skal vera svo mikil dagsbirta sem kostur er og skulu þeir einnig búnir fullnægjandi lýsingu.
- 12.2. Búnaði til lýsingar skal komið þannig fyrir að hann valdi starfsmönnum engri slyshættu.
- 12.3. Á vinnustöðum þar sem starfsmönnum er sérstök hættu búin ef straumlaust verður skal séð fyrir fullnægjandi neyðarlýsingu. Ef það er ógerlegt skal sjá starfsmönnum fyrir annarri lýsingu.

**13. Hreinlætisaðstaða.**

- 13.1. *Búningsherbergi og fataskápar.*
- 13.1.1. Starfsmönnum skulu veitt afnot af viðeigandi búningsherbergjum ef þeir eiga að vera í sérstökum vinnufötum. Búningsherbergi skulu vera aðgengileg, nægilega rúmgóð og sætum búin.
- 13.1.2. Búningsherbergi skulu vera nægilega stór og útbúin þannig að hver starfsmaður geti geymt fót sín í læstri hirslu meðan á vinnu stendur. Ef aðstæður krefjast, svo sem vegna hættulegra efna, raka eða óhreininda, skulu vera sérstakir skápar fyrir vinnuföt og aðrir fyrir einkafatnað starfsmanna. Unnt skal vera að þurrka blaut vinnuföt í afmörkuðu rými.



- 13.1.3. Búningsherbergi karla og kvenna skulu vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin.
- 13.1.4. Ef búningsherbergja er ekki þörf skal hver starfsmaður hafa til umráða stað þar sem hann getur geymt fót sín.
- 13.2. *Steypiböð og handlaugar.*
- 13.2.1. Ef eðli starfsins eða heilbrigðisaðstæður krefjast þess skal starfsmönnum séð fyrir viðeigandi klefum með fullnægjandi aðstöðu til steypibaða. Baðklefar karla og kvenna skulu vera aðskildir eða notkun þeirra aðskilin.
- 13.2.2. Baðklefar skulu vera nægilega stórir til að hver starfsmaður geti baðast án truflunar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður. Til baða skal séð fyrir heitu og köldu vatni.
- 13.2.3. Ef baðklefa er ekki þörf skal séð fyrir fullnægjandi og viðeigandi handlaugum með heitu og köldu vatni í grennd við vinnustað og búningsherbergi. Handlaugar karla og kvenna skulu vera aðskildar eða notkun þeirra aðskilin ef þess er þörf.
- 13.3. *Salerni og handlaugar.*  
Starfsmenn skulu í grennd við vinnustað sinn, hvíldarherbergi, búningsherbergi og baðklefa eða handlaugar hafa aðgang að sérstakri hreinlætisaðstöðu með nægilegum fjölda salernisskála og handlauga. Salerni karla og kvenna skulu vera aðskilin. Ef um er að ræða jarðefnanám neðanjarðar má hreinlætisaðstaðan sem um getur í þessum hluta vera á yfirborði jarðar.

#### 14. **Úrgangslösuðstaðir og aðrar sorpgeymslur.**

Úrgangslösuðstaðir, ruslahaugar og aðrar sorpgeymslur, auk setlóna, skulu þannig skipulögð, byggð, starfrækt og haldið við að öryggi og heilbrigði starfsmanna sé tryggt.

#### 15. **Viðbótarmannvirki ofanjarðar.**

- 15.1. *Stöðugleiki og traustleiki.*  
Vinnustaðir skulu þannig skipulagðir, byggðir, starfræktir, og þeim stjórnað og þannig haldið við að þeir þoli þau umhverfisáhrif sem búast má við að verki á þá.
- 15.2. *Gólf, veggir, loft og þök á vinnustöðum.*
- 15.2.1. Á gólfum vinnustaða mega ekki vera neinar hættulegar upphækkanir, göt eða hallar, og skulu þau vera föst, stöðug og laus við hálfu. Vinnustaðir skulu vera nægilega einangraðir með hliðsjón af eðli þeirrar vinnu sem þar fer fram og líkamlegri áreynslu starfsmanna.
- 15.2.2. Yfirborð á gólfum, veggjum og loftum vinnustaða skal vera þannig að ná megi viðunandi hreinlæti með þvotti og hreinsun.
- 15.2.3. Gagnsæir eða hálf gagnsæir skilveggir, þar á meðal skilveggir sem eru að öllu leyti úr gleri, í vinnuherbergjum, í nágrenni vinnustaða og á leiðum er liggja að þeim eða frá skulu vera greinilega merktir og gerðir úr óbrothættu efni eða þannig fyrir komið að starfsmenn hvorki rekist á skilveggina né verði fyrir meiðslum ef þeir brotna.
- 15.2.4. Ekki má heimila aðgang að þökum gerðum úr efnum sem eru ekki af fullnægjandi styrk.
- 15.3. *Stærð og loftrými herbergja - vinnurými á vinnustað.*
- 15.3.1. Í vinnuherbergjum skal vera nægilegur gólfhlötur og loftrými til að starfsmenn geti stundað vinnu sína án þess að öryggi, heilbrigði og vellíðan þeirra sé í hættu.
- 15.3.2. Á vinnustöðvum skal vera nægilegt rými þannig að starfsmenn hafi það vinnurými sem þeir þurfa til að stunda vinnu sína með öruggum hætti.
- 15.4. *Gluggar og þakljórar.*

- 15.4.1. Gluggar, þakljórar og annar opnanlegur og festanlegur loftræstibúnaður skal þannig hannaður að starfsmönnum stafi ekki hætta af notkun hans. Staðsetning þeirra má ekki geta valdið starfsmönnum hættu þegar gluggar eru opnir.
- 15.4.2. Mögulegt skal vera að hreinsa glugga og þakljóra án þess að það hafi í för með sér hættu.
- 15.5. *Hurðir og hlið.*
- 15.5.1. Gagnsæjar hurðir skulu merktar á viðeigandi hátt í hæfilegri hæð.
- 15.5.2. Snúningshurðir og hlið skulu vera gagnsæ eða með gagnsæjum spjöldum.
- 15.5.3. Ef gagnsær eða hálf gagnsær fletir hurða eða hliða eru ekki gerðir úr sérstöku öryggisefni og starfsmönnum getur stafað af því hætta ef hurðin eða hliðið skellist skal verja þessa fleti gegn broti.
- 15.5.4. Á rennihurðum skal vera öryggisbúnaður sem kemur í veg fyrir að þær losni af spori og falli niður.
- 15.5.5. Lúgur sem opnast upp á við skulu útbúnar þannig að þær geti ekki fallið óvænt til baka aftur.
- 15.5.6. Dyr á undankomuleiðum skulu merktar á viðeigandi hátt. Þær skulu ávallt vera opnanlegar innan frá hvenær sem er án sérstakrar aðstoðar.
- 15.5.7. Sé ekki örugg leið fyrir fótgangandi um hlið sem aðallega eru ætluð fyrir umferð ökutækja skulu vera við þau greinilega merktar dyr fyrir þá, sem umgangur er ávallt óhindraður um.
- 15.5.8. Dyr og hlið sem opnast og lokast vélrænt skulu vinna þannig að starfsmönnum stafi ekki hætta af. Á slíkum dyrum og hliðum skal séð fyrir neyðarbúnaði til stöðvunar sem er auðþekkjulegur og auðvelt að komast að og ef þau opnast ekki sjálfkrafa er straumlaust verður skal einnig unnt að opna þau handvirkt.
- 15.6. *Loftræsting á vinnustöðum innandyra.*
- 15.6.1. Gera skal ráðstafanir til að tryggja, með hliðsjón af vinnuaðferðum og líkamlegri áreynslu starfsmanna, að nægilegt ferskt loft sé á vinnustöðum innandyra. Vélræn loftræstikerfi skulu vera í góðu lagi og undir reglulegu eftirliti. Nota skal búnað sem veitir viðvörðun um allar bilanir ef þess er þörf með tilliti til heilsu starfsmanna.
- 15.6.2. Ef notað er kerfi til að stjórna bæði raka og hita, eða vélrænt loftræstikerfi, ber að sjá til þess að það valdi starfsmönnum ekki óþægindum af dragsúgi. Fjarlægja skal án tafar allar útfellingar og óhreinindi sem gætu mengað loftið og þannig stefnt heilsu starfsmanna í bráða hættu.
- 15.7. *Hiti innanhúss.*
- 15.7.1. Í vinnurými skal hitastig vera hæfilegt með hliðsjón af vinnuaðferðum sem beitt er og líkamlegu álagi á starfsmenn eftir því sem aðstæður leyfa.
- 15.7.2. Hiti í hvíldarherbergjum, vaktstofum, herbergjum þar sem hreinlætisaðstaða er, matstofum og sjúkrastofum skal henta hlutverki slíkra vistarvera.
- 15.7.3. Haga ber gluggum, þakljórum og skilveggjum úr gleri þannig að áhrifa sólskins gæti ekki í of miklum mæli á vinnustað með hliðsjón af eðli starfseminnar og vinnustaðarins.
- 15.8. *Hvíldarherbergi.*
- 15.8.1. Ef nauðsynlegt er með tilliti til öryggis eða heilsu starfsmanna, svo sem vegna eðlis starfsins eða mikils fjölda starfsmanna, skal veita þeim afnot af hvíldarherbergi sem greiður aðgangur er að.
- 15.8.2. Hvíldarherbergi skulu vera nægilega stór og búin nægilega mörgum borðum og sætum með baki fyrir þann fjölda starfsmanna sem um er að ræða.

- 15.8.3. Ef hlé á vinnu eru tíð og reglubundin og hvíldarherbergi er ekki fyrir hendi skulu starfsmönnum ávallt, þegar þess er þörf með tilliti til öryggis þeirra og heilbrigði, veitt afnot af öðrum herbergjum þar sem þeir geta dvalist í vinnuhléi.
- 15.8.4. Veita skal þunguðum konum og konum með börn á brjosti kost á að leggjast til hvíldar við viðeigandi aðstæður.

## 16. Fatlaðir starfsmenn.

Þar sem við á skal skipuleggja vinnustaði þannig að tillit sé tekið til fatlaðra starfsmanna. Þetta ákvæði gildir sérstaklega um dyr, ganga, stiga, baðklefa, handlaugar, salerni og vinnustaði sem fatlaðir starfsmenn vinna við eða dvelja á.

## B. HLUTI

### Sérstakar lágmarkskröfur sem gilda um jarðefnanám á yfirborði jarðar.

#### 1. Almennt.

- 1.1. Atvinnurekanda sem er í forsvari á vinnustað sem fjallað er um í B-hluta, er skylt að tryggja að í öryggis- og heilsuskjalinu komi fram að gerðar hafi verið allar viðeigandi öryggisráðstafanir fyrir öryggis- og heilsuvernd starfsmanna.
- 1.2. Öryggis- og heilsuskjalið skal uppfært reglulega og vera aðgengilegt til skoðunar á vinnustað og skal vinna fara fram í samræmi við það.

#### 2. Starfsemi.

- 2.1. Skipuleggja skal vinnuna að teknu tilliti til þátta í öryggis- og heilsuskjalinu sem taka til hættu á falli og jarðskriði. Í forvarnarskygni skal því ákvarða hæð og halla jarðvinnslubakka og námasvæðis í samræmi við eðli og stöðugleika jarðvegs og vinnsluaðferðir.
- 2.2. Hallar og aðkeyrsluvegir skulu vera nægilega stöðugir fyrir þann vélbúnað sem notaður er. Þeir skulu vera þannig byggðir og haldið við að búnaðinn megi færa til með öruggum hætti.
- 2.3. Áður en hafist er handa við vinnu eða hún hefst á ný skal gengið úr skugga um að ekki sé laus jarðvegur né grjót í jarðvinnslubökkum og námasvæði yfir vinnusvæðum. Ef nauðsyn krefur skal fjarlægja grjót og lausan jarðveg.
- 2.4. Ekki má vinna við uppgröft eða fjarlægja lausan jarðveg með þeim hætti sem skapar ójafnvægi.

## C. HLUTI

### Sérstakar lágmarkskröfur sem gilda um jarðefnanám neðanjarðar.

#### 1. Almennt.

- 1.1. Atvinnurekanda sem er í forsvari á vinnustað sem fjallað er um í C-hluta, er skylt að tryggja að í öryggis- og heilsuskjalinu komi fram að gerðar hafi verið allar viðeigandi öryggisráðstafanir fyrir öryggis- og heilsuvernd starfsmanna.
- 1.2. Öryggis- og heilsuskjalið skal uppfært reglulega og vera aðgengilegt til skoðunar á vinnustað og skal vinna fara fram í samræmi við það.

**2. Teikningar af neðanjarðarvinnustað.**

- 2.1. Gera skal teikningar af neðanjarðarvinnusvæðum í mælikvarða sem gefur skýra mynd af þeim. Auk vega og vinnslusvæða skulu þær sýna þekktu þætti sem kunna að hafa áhrif á vinnu og öryggi. Þær skulu vera aðgengilegar og varðveittar eins lengi og nauðsyn krefur í öryggisskyni.
- 2.2. Teikningar af neðanjarðarvinnustað skulu uppfærðar reglulega.

**3. Útgönguleiðir.**

Allir neðanjarðarvinnustaðir skulu hafa aðgengi til yfirborðs jarðar um að minnsta kosti tvær aðskildar útgönguleiðir sem eru öruggar og auðveldlega aðgengilegar starfsmönnum neðanjarðar. Ef það kostar talsvert líkamlegt erfiði að fara um þessar útgönguleiðir skal koma fyrir vélrænum lyftum eða kláfum til að flytja starfsmenn.

**4. Vinnustaðir.**

Vinnustaðir neðanjarðar skulu byggðir, starfræktir, tækjum búnir og haldið við þannig að starfsmenn geti unnið eða hreyft sig um þá með sem minnstri áhættu. Vegir skulu merktir með skiltum til að starfsmenn geti ratað um vinnustaðinn.

**5. Flutningar.**

- 5.1. Flutningatækjum skal þannig fyrir komið og þau starfrækt og haldið við að öryggi og heilbrigði stjórnenda þeirra, notenda og annarra einstaklinga í nágrenninu sé tryggt.
- 5.2. Vélrænum lyftum eða kláfum skal haganlega fyrir komið og notkun þeirra skal vera í samræmi við skriflegar leiðbeiningar.

**6. Styrking og stöðugleiki jarðvegs.**

Komið skal fyrir styrkingum eins fljótt og auðið er eftir útgröft, nema ef stöðugleiki jarðvegs gerir það óþarft með tilliti til öryggis starfsmanna. Styrkingum skal komið fyrir í samræmi við teikningar og skriflegar leiðbeiningar. Vinnustaðir sem starfsmenn hafa aðgang að skulu skoðaðir reglulega með tilliti til stöðugleika jarðvegs og skal stöðum komið fyrir í samræmi við niðurstöður skoðunarinnar.

**7. Loftræsting.**

- 7.1. Allir vinnustaðir neðanjarðar sem aðgangur er heimill að skulu loftræstir með viðeigandi hætti. Loftræsting skal vera stöðug í því skyni að viðhalda innan viðeigandi öryggismarka:
  - heilnæmu andrúmslofti,
  - andrúmslofti þar sem haldið er í skefjum sprengihættu og innandanlegu ryki,
  - andrúmslofti þar sem vinnuaðstæður eru fullnægjandi meðan vinna stendur yfir, að teknu tilliti til vinnuaðferða sem beitt er og líkamlegri áreynslu starfsmanna.
- 7.2. Ef ekki er hægt að uppfylla skilyrði liðar 7.1. með náttúrulegri loftræstingu skal koma fyrir loftræstikerfi sem knúið er af einum eða fleiri vélrænum blásurum. Stuðlað skal að því að loftræsting sé stöðug og samfelld. Haft skal eftirlit með þrýstingi í loftræstikerfinu og sjálfvirkt viðvörðunarkerki skal gefa til kynna ef það hættir óvænt að starfa.
- 7.3. Niðurstöður reglulegra mælinga á breytistærðum skulu skráðar. Teikning af loftræstingu þar sem fram koma tilheyrandi upplýsingar um loftræstikerfið skal gerð, uppfærð reglulega og höfð aðgengileg á vinnustaðnum.

**8. Gasmettaðar námur.**

- 8.1. Vinnustaður neðanjarðar er álitinn gasmettaður ef líklegt er að námagas myndist í slíku magni að hætta sé á að ekki sé hægt að útiloka myndun sprengifims andrúmslofts.
- 8.2. Loftræstikerfi skal knúð af einum eða fleiri vélrænum blásurum.
- 8.3. Stuðla skal að því að takmarka eins og hægt er hættu af völdum námagass. Að viðbættum loftræstimælingunum sem um getur í lið 7.3. skal stöðugt greina magn námagass. Sé þess krafist í öryggis- og heilsuskjalinu skal einnig stöðugt fylgjast með magni námagass í bakstreymislofrás frá framleiðslueiningum þar sem vélrænn gröftur eða brot fer fram og þar sem vélrænt brot fer fram í blindgöngum.
- 8.4. Aðeins má nota sprengiefni og tundurbúnað sem er sérstaklega gerður fyrir gasmettaðar námur.
- 8.5. Í stað ákvæða í lið 4.1.2. í A-hluta komi eftirtalin kvæði:
  - Bannað er að reykja, bera á sér tóbak eða aðra hluti sem hægt er að nota til að mynda eld.
  - Aðeins má nota logskurðartæki, log- og rafsuðutæki eða önnur álíka tæki í undantekningartilvikum og skal það vera háð sérstökum ráðstöfunum sem tryggja öryggi og heilsu starfsmanna.

**9. Námur með eldfimu ryki.**

- 9.1. Kolanámur teljast innihalda eldfimt ryk nema ef öryggis- og heilsuskjalið sýnir að engin námugöng sem unnið er í innihaldi ryk sem valdið getur sprengingu.
- 9.2. Í námum með eldfimu gasi skulu ákvæði liða 8.5. og 8.6. C-hluta gilda.
- 9.3. Stuðla skal að því að draga úr myndun eldfims ryks og að fjarlægja, hlutleysa eða binda það.
- 9.4. Koma skal í veg fyrir dreifingu eldfims ryks eða sprenginga af völdum námagass sem kann að hrinda af stað frekari sprengingum í eldfimu ryki með því að koma fyrir kerfi sprengitálma. Staðsetning slíkra sprengitálma skal tilgreind í skjali sem er uppfært reglulega og haft aðgengilegt á vinnustaðnum.

**10. Skyndileg gaslosun, steinkast og vatnsflóð.**

- 10.1. Á svæðum þar sem hætta er á gaslosun með eða án þess að steinefni eða grjót þeytist til, steinkasti eða vatnsflóði skal gera starfsáætlun og framkvæma hana til að tryggja, eftir því sem hægt er, öruggt vinnukerfi og verndun starfsmanna.
- 10.2. Gera skal ráðstafanir til að bera kennsl á hættusvæði, vernda þá starfsmenn á vinnustöðum sem nálgast þessi svæði eða fara um þau og hafa eftirlit með hættunni.

**11. Eldar, sprengingar og hiti.**

- 11.1. Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir og ef við á, greina snemma hvort hætta er á íkveikju vegna yfirhita.
- 11.2. Takmarka skal þau eldfimu efni sem flutt eru til vinnustaða neðanjarðar við magn sem er algjörlega nauðsynlegt hverju sinni.
- 11.3. Sé nauðsynlegt að nota þrýstivökva (vökva til að flytja vatnstöðufræðilega eða vatnshreyfifræðilega, vélræna orku) skal eftir föngum nota vökva sem torvelt er að kveikja í til að koma í veg fyrir eldhættu og útbreiðslu elds. Þrýstivökvarnar skulu vera í samræmi við tækniforskriftir og prófunarskilyrði að því er varðar eldþol og kröfur um heilnæmi. Ef notaðir eru þrýstivökvar sem eru ekki í samræmi við tækniforskriftir, kröfur og viðmiðanir sem um getur í annarri undirgrein skal grípa til viðbótarvarúðarráðstafana til að forðast aukna eldhættu og útbreiðslu elds.

**12. Öryggisráðstafanir vegna brottflutnings starfsmanna.**

Svo hægt sé að flytja starfsmenn burt með öruggum hætti skal, ef nauðsyn krefur, sjá þeim fyrir öndunargrímum sem þeir skulu ætíð hafa í seilingarfjarlægð. Starfsmenn skulu hljóta þjálfun í notkun þessa búnaðar og skal hann geymdur á staðnum og haft reglulegt eftirlit með honum til að tryggt sé að hann virki eins og til er ætlast.

**13. Lýsing.**

Í stað ákvæðanna í 12. lið í A-hluta komi eftirtalin ákvæði:

- Útvega skal starfsmönnum hentugar luktir.
- Vinnustaðir skulu eftir föngum vera búnir nægilega góðri lýsingu til að tryggja öryggis- og heilsuvernd starfsmanna.
- Ljósabúnaði skal komið þannig fyrir að starfsmenn séu ekki í slysaþættu vegna þeirrar tegundar ljósa sem eru á staðnum.

**14. Eftirlit með viðveru starfsmanna.**

Nauðsynlegt er að hægt sé að vita nákvæmlega hverjir dvelja neðanjarðar hverju sinni.

**15. Björgunarmál.**

Svo hægt sé að grípa fljótt og örugglega til nauðsynlegra aðgerða ef stórslys verður skal koma á fullnægjandi skipulagi björgunarmála. Til að hægt sé að gera ráðstafanir á þeim stöðum þar sem námavinnsla eða jarðefnaleit fer fram neðanjarðar skulu nægilega margir þjálfaðir björgunarliðar starfa að björgunarmálum og fullnægjandi björgunarbúnaður vera fyrir hendi.

**REGLUR****um öryggisráðstafanir við jarðefnanám með borunum.****I. KAFLI****Almenn ákvæði.****1. gr.***Gildissvið.*

1. Reglur þessar gilda um vinnustaði þar sem jarðefnanám með borunum fer fram sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í reglunum eru gerðar lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd starfsmanna í jarðefnanámi með borunum, eins og skilgreint er í a-lið 2. gr.

2. Reglur þessar gilda ekki um öryggisráðstafanir við jarðefnanám þar sem borunum er ekki beitt, sbr. sérstakar reglur þar um.

**2. gr.***Skilgreiningar.*

Í reglum þessum merkir:

- a. *jarðefnanám með borunum* alla iðnaðarstarfsemi þar sem fram fer:
  - jarðefnanám, í þrengstu merkingu orðsins, með því að bora borholur, eða
  - leit með það í huga að hefja slíkt nám, eða
  - meðferð jarðefna á vinnustað, sbr. b. lið, fyrir afhendingu en ekki frekari vinnslu.
- b. *vinnustaður* svæði sem ætlað er að hýsa vinnuástöðu innan athafnasvæðis sem tengist beinni og óbeinni starfsemi og mannvirkjum til jarðefnanáms með borunum, þar með talin íveruástaða, sem starfsmenn hafa aðgang að við vinnu sína.

## II. KAFLI

### Skyldur atvinnurekenda.

#### 3. gr.

##### *Almennar skyldur.*

1. Til að gæta öryggis og heilsu starfsmanna skal atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

- vinnustaðir séu skipulagðir, byggðir, tækjum búnir, teknir í notkun, starfræktir og viðhaldið þannig að starfsmenn geti stundað vinnu þá sem þeim er falin án þess að öryggi og heilsu þeirra eða annarra starfsmanna stafi hættu af;
- ábyrgðarmaður sem hann hefur skipað sbr. lið 2.2 í viðauka hafi eftirlit með mönnum vinnustöðum á meðan vinna stendur yfir;
- sérstaklega hættuleg störf séu eingöngu falin hæfum starfsmönnum og þau séu leyst af hendi í samræmi við gefin fyrirmæli;
- allar öryggisleiðbeiningar séu skiljanlegar öllum starfsmönnum sem í hlut eiga;
- viðeigandi aðstoða sé til að veita skyndihjálp;
- viðeigandi öryggisæfingar séu haldnar reglulega.

2. Atvinnurekandi skal tryggja að útbúið verði skjal, um öryggi og heilsu, hér eftir kallað „öryggis- og heilsuskjalið.“

Öryggis- og heilsuskjalið skal einkum færa sönnur á:

- að hættu sem starfsmenn á vinnustað kunna að vera í hafi verið greind og metin,
- að fullnægjandi ráðstafanir verði gerðar til að ná markmiðum þessara reglna,
- að skipulag vinnustaðar, notkun og viðhald búnaðar sé öruggt.

Öryggis- og heilsuskjalið skal útbúið áður en vinna hefst og það skal endurskoða ef meiriháttar breyting eða stækkun hefur verið gerð á vinnustaðnum.

3. Ef starfsmenn margra verktaka starfa á sama vinnustaðnum skal hver atvinnurekandi vera ábyrgur fyrir þeim málum sem að hans mönnum snúa. Í slíkum tilfellum skulu þeir þó ávallt skipa samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana. Hann skal samræma framkvæmd allra ráðstafana sem snerta öryggi og heilsu starfsmanna og tilgreina í öryggis- og heilsuskjali markmið samræmingarinnar og aðferðir til að framkvæma hana. Samræmingin hefur ekki áhrif á ábyrgð einstakra atvinnurekenda samanber lög nr. 46/1980.

4. Atvinnurekanda ber að tilkynna til lögreglu og Vinnueftirlits ríkisins ef hættulegt ástand skapast á vinnustaðnum eins fljótt og mögulegt er.

#### 4. gr.

##### *Varnir gegn bruna, sprengingum og heilsuspillandi andrúmslofti.*

Atvinnurekandi skal gera viðeigandi varúðarráðstafanir til að fyrirbyggja hættu af völdum elds og sprenginga, og koma í veg fyrir að sprengifimt eða heilsuspillandi efni safnist fyrir í andrúmsloftinu.

#### 5. gr.

##### *Undankomu- og björgunarbúnaður.*

Atvinnurekandi skal útvega og viðhalda viðeigandi undankomu- og björgunarbúnaði til að tryggja að starfsmenn geti yfirgefið vinnustaðinn hratt og örugglega ef hættu staðjar að.

#### 6. gr.

##### *Samskipta-, viðvörunar- og hættubodkerfi.*

Atvinnurekandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að útvega nauðsynleg viðvörunarkerfi og önnur samskiptakerfi til að hægt sé að veita tafarlausa aðstoð ef nauðsyn krefur.

## 7. gr.

*Upplýsingar til starfsmanna.*

Starfsmenn eða fulltrúar þeirra skulu upplýstir á skilmerkilegan hátt um þær ráðstafanir sem gripið er til í sambandi við öryggi og hollustu á vinnustað, einkum þær sem tengjast framkvæmd 3. til 6. gr.

## 8. gr.

*Heilsuvernd.*

Heilsuvernd starfsmanna skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980 og reglna settra samkvæmt þeim. Þar sem sérstök áhætta fylgir starfinu, t.d. vegna mengunar af völdum varasamra efna, skulu starfsmenn gangast undir heilsufarsskoðanir áður en starf er hafið og síðan með reglubundnu millibili.

## 9. gr.

*Samráð við starfsmenn.*

Atvinnurekendur skulu hafa samráð við starfsmenn eða fulltrúa þeirra um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu þeirra á vinnustað samanber ákvæði laga nr. 46/1980 og gildandi reglur um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja.

## 10. gr.

*Lágmarkskröfur um öryggi og heilbrigði.*

1. Vinnustaðir sem teknir eru í notkun eftir gildistöku þessara reglna, skulu uppfylla þær lágmarkskröfur um öryggi og heilbrigði sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. Vinnustaðir sem eru í notkun þegar reglur þessar taka gildi, skulu uppfylla lágmarkskröfur þeirra eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku.

3. Ef gerðar eru breytingar á vinnustað eða hann stækkaður eftir gildistöku þessara reglna, skal farið eftir þeim lágmarkskröfum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

## III. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 11. gr.

*Áfrýjun úrskurða.*

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## IV. KAFLI

**Refsiákvæði.**

## 12. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## V. KAFLI

**Gildistaka.**

## 13. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun 92/91/EBE í viðbæti við XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

*Félagsmálaráðuneytinu, 19. september 1996.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Gylfi Kristinsson.*



## VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR UM ÖRYGGI OG HOLLUSTU EINS OG UM GETUR  
Í 10. GR. ÞESSARA REGLNA.

## A. HLU TI

## Sameiginlegar lágmarkskröfur sem gilda um vinnustaði á landi og á hafi úti.

## 1. Stöðugleiki og traustleiki.

Vinnustaðir skulu þannig skipulagðir, byggðir, starfræktir, þeim stjórnað og viðhaldið að þeir þoli þau umhverfisáhrif sem búast má við að verki á þá.

## 2. Eftirlit og stjórnun.

## 2.1 Skipulag vinnustaðar.

2.1.1 Vinnustaðir skulu þannig skipulagðir að nægileg vernd sé gegn hættum. Þeim skal haldið hreinum og hættuleg efni fjarlægð í því skyni að vernda heilsu starfsmanna.

2.1.2 Vinnustöðvar skulu skipulagðar og byggðar í samræmi við vinnuvistfræðisjónarmið, að teknu tilliti til þess að nauðsynlegt er fyrir starfsmenn að geta framkvæmt þau störf sem inna skal af hendi á vinnustöðinni.

2.1.3 Svæði þar sem hætta er mjög mikil skulu merkt og viðvörunarmerkjum komið fyrir.

## 2.2 Ábyrgðarmaður.

Ábyrgðarmaður sem hefur hæfi og getu sem nauðsynleg er og sem hefur verið skipaður af atvinnurekanda skal ætíð vera í forsvari á hverri vinnustöð þegar starfsmenn eru á staðnum. Atvinnurekandi má sjálfur taka að sér þessa ábyrgð hafi hann nauðsynlega sérfræðikunnáttu og hæfni til þess.

## 2.3 Eftirlit.

Til að tryggja öryggi og heilbrigði starfsmanna við alla starfsemi sem fer fram skal viðhafa nauðsynlegt eftirlit. Það skal framkvæmt af einstaklingum sem hafa sérfræðikunnáttu og hæfni til þess og skulu þeir skipaðir af atvinnurekanda eða fyrir hans hönd og starfa á hans vegum. Atvinnurekandinn má sjálfur taka að sér þetta eftirlit hafi hann sérfræðikunnáttu og hæfni sem er nauðsynleg til þess.

## 2.4 Hæfir starfsmenn.

Á hverjum vinnustað þar sem starfsmenn eru við vinnu skulu vera nægilega margir starfsmenn með nauðsynlega hæfni, reynslu og þjálfun til að leysa af hendi þau verk-efni sem þeim eru falin.

## 2.5 Upplýsingar, leiðbeiningar og þjálfun.

Starfsmenn þurfa að fá nauðsynlegar upplýsingar, leiðbeiningar, þjálfun og endurþjálfun til að tryggja heilbrigði þeirra og öryggi. Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn fái skilmerkilegar leiðbeiningar svo þeir stofni ekki eigin öryggi og heilsu og annarra starfsmanna í hættu.

## 2.6 Skriflegar leiðbeiningar.

Á hverjum vinnustað skulu samdar skriflegar leiðbeiningar þar sem tilgreindar eru reglur sem fara skal eftir til að tryggja heilbrigði og öryggi starfsmanna og örugga notkun búnaðar. Í þeim skulu vera upplýsingar um notkun neyðarbúnaðar og um aðgerðir sem grípa skal til í neyðartilvikum á eða nálægt vinnustað.

## 2.7 Öruggar starfsaðferðir.

Beita skal öruggum starfsaðferðum við öll störf á hverjum vinnustað.

**2.8 Vinnuleyfi.**

Ef þess er krafist samkvæmt öryggis- og heilsuskjalinu skal tekið upp kerfi vinnuleyfa til að leysa af hendi bæði hættuleg störf og venjubundin og hættulaus störf sem geta tengst öðrum störfum sem eru afar hættuleg. Einstaklingur sem er í forsvari skal gefa út vinnuleyfi áður en störf hefjast þar sem tilgreind eru þau skilyrði sem uppfylla skal og þær öryggisráðstafanir sem gera skal áður en starf hefst, á meðan það stendur yfir og eftir að því lýkur.

**2.9 Regluleg endurskoðun öryggis- og heilbrigðisráðstafana.**

Atvinnurekandi skal tryggja að ráðstafanirnar sem gerðar eru í því skyni að vernda heilsu og tryggja öryggi starfsmanna, þar með talin kerfi til að stjórna öryggismálum og hollustuháttum, séu endurskoðaðar reglulega til að tryggja að farið sé eftir ákvæðum þessara reglna.

**3. Vél- og rafbúnaður og stöðvar.****3.1 Almenn.**

Þegar vél- og rafbúnaður er valinn, settur upp, tekinn í notkun, starfræktur og viðhaldið skal það gert þannig að hliðsjón sé höfð af öryggi og heilsu starfsmanna, að teknu tilliti til ákvæða þessara reglna, gildandi reglna um vélar og tæknilegan búnað og reglna um notkun tækja. Ef slíkan búnað er að finna innan svæða þar sem hætta er á sprengingum ef eldur kviknar í gasi, gufum eða rokgjörnum vökvum sem þar eru eða líklegt er að þar sé að finna verður búnaðurinn að henta til notkunar á svæðinu. Búnaður skal, ef nauðsyn krefur, vera með hentugum hlífum og tækjum til að bregðast við bilunum.

**3.2 Sérákvæði.**

Vél- og rafbúnaður skal vera nægilega sterkur, aflmikill og henta til þeirra nota sem honum er ætlað. Hann skal varinn og þannig frá honum gengið að komið sé í veg fyrir hættu.

**4. Viðhald.****4.1 Almenn viðhald.**

Gera skal áætlun til að framkvæma kerfisbundna skoðun, viðhald og ef við á, prófanir á vél- og rafbúnaði. Allt viðhald, skoðanir og prófun á hverjum hluta búnaðarins skal framkvæmt af manni sem er til þess hæfur. Halda skal skýrslur um skoðanir og prófanir og skulu þær varðveittar á viðeigandi hátt.

**4.2 Viðhald öryggisbúnaðar.**

Öryggisbúnaði skal haldið í nothæfu og góðu ástandi. Viðhald skal fara fram með hliðsjón af þeirri starfsemi sem fram fer.

**5. Eftirlit með borholum.**

Hentugur búnaður til eftirlits með borholum skal vera fyrir hendi þegar starf við borholur fer fram í því skyni að koma í veg fyrir sprengingar. Þegar slíkum búnaði er komið fyrir skal tekið tillit til starfsaðstæðna á borunarstað.

**6. Varnir gegn skaðlegum lofttegundum og sprengihættu.**

6.1 Gera skal ráðstafanir til að meta hvort skaðleg eða hugsanlega sprengifim efni eru í andrúmslofti og mæla styrk slíkra efna. Sé þess krafist í öryggis- og heilsuskjalinu skal sjá fyrir eftirlitsbúnaði til að mæla gasstyrk á tilteknum stöðum sjálfvirkt og samfelld, sjálfvirkum viðvörunarbúnaði og búnaði til að rjúfa afl sjálfvirkt af rafstöðvum og

brunahreyflum. Ef sjálfvirkar mælingar eru gerðar skulu mæld gildi skráð og varðveitt með þeim hætti sem skilgreint er í öryggis- og heilsuskjalinu.

6.2 *Varnir gegn skaðlegum efnum í andrúmslofti.*

6.2.1 Ef skaðleg efni myndast eða kunna að safnast saman í andrúmsloftinu skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að:

- a. þau séu skilin frá eða fjarlægð þar sem þau myndast; eða
- b. að þau séu þynnt það mikið að starfsmönnum stafi ekki hætta af þeim.

6.2.2 Viðeigandi öndunar- og endurlífgunarbúnaður skal vera fyrir hendi á svæðum þar sem starfsmenn starfa í andrúmslofti sem er hættulegt heilsu manna. Í slíkum tilvikum skulu nægilega margir starfsmenn sem eru þjálfaðir í að nota búnað af þessu tagi vera tiltækir. Búnaðurinn skal geymdur á aðgengilegum stað og honum haldið við á viðeigandi hátt.

6.2.3 Ef brennisteinsvetni eða aðrar eitruðar lofttegundir eru eða kunna að vera í andrúmslofti skal vera fyrir hendi öryggisáætlun þar sem fram kemur hvaða öryggisbúnaður er fyrir hendi og til hvaða forvarnarráðstafana skal gripið.

6.3 *Varnir gegn sprengihættu.*

6.3.1 Allar nauðsynlegar ráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir að sprengifimt loft myndist og safnist upp.

6.3.2 Á svæðum þar sem sprengihætta er skal grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir að kvikni í sprengifimu andrúmslofti.

6.3.3 Gera skal áætlun um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn sprengingum þar sem greint er frá þeim búnaði og ráðstöfunum sem krafist er.

7. **Undankomuleiðir og neyðarútgangar.**

7.1 Undankomuleiðir og neyðarútgangar, svo og aðkomuleiðir og dyr að þeim, skulu ávallt vera greiðar þannig að þær megi hindrunarlaust nota hvenær sem er. Þeim skal haldið ótepptum og skal leiðin liggja sem beinast út undir bert loft eða á öruggan stað.

7.2 Öllum starfsmönnum skal vera unnt að yfirgefa vinnustað sinn í skyndi og á sem öruggastan hátt ef hætta skapast.

7.3 Fjöldi undankomuleiða og neyðarútganga, staðsetning þeirra og stærð skulu miðast við notkun, útbúnað og stærð vinnustaðar, og þann mannfjölda sem þar getur mestur orðið.

7.4 Neyðardyr skulu opnast út en ef það er ógerlegt skulu þær vera með rennihurð. Óheimilt er að læsa neyðarhurð eða festa hana þannig að hún verði ekki auðveldlega og tafarlaust opnuð af hverjum þeim sem nota þarf hana í neyð.

7.5 Auðkenna skal sérstakar undankomuleiðir og neyðarútganga með skiltum í samræmi við gildandi reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.

7.6 Þar sem lýsingar er þörf í neyðarútgöngum og á undankomuleiðum skal vera fullnægjandi neyðarlýsing ef strauलाust verður.

8. **Loftræsting á vinnustöðum innandyr.**

8.1 Gera skal ráðstafanir til að tryggja, með hliðsjón af vinnuaðferðum og líkamlegri áreynslu starfsmanna, að nægilegt ferskt loft sé á vinnustöðum innandyr.

8.2 Ef útblástursviftur eru notaðar til loftræstingar skal þeim haldið í lagi og ber að sjá til þess að þær valdi starfsmönnum ekki óþægindum af dragsúg.

8.3 Nota skal búnað sem veitir viðvörðun um allar bilanir ef þess er þörf með tilliti til öryggis starfsmanna.

**9. Hiti innanhúss.**

- 9.1 Í vinnurými skal hitastig vera hæfilegt með hliðsjón af vinnuaðferðum sem beitt er og líkamlegu álagi á starfsmenn eftir því sem aðstæður leyfa.
- 9.2 Hiti í hvíldarherbergjum, vaktstofum, herbergjum þar sem hreinlætisaðstaða er, matstofum og sjúkrastofum skal henta hlutverki slíkra vistarvera.
- 9.3 Haga ber gluggum, þakljórum og skilveggjum úr gleri þannig að áhrifa sólskins gæti ekki í of miklum mæli á vinnustað með hliðsjón af eðli starfseminnar og vinnustaðarins.

**10. Gólf, veggir, loft og þök á vinnustöðum.**

- 10.1 Á gólfum vinnustaða mega ekki vera neinar hættulegar upphækkanir, göt eða hallar, og skulu þau vera föst, stöðug og laus við hálfu.
- 10.2 Yfirborð á gólfum, veggjum og loftum vinnustaða skal vera þannig að ná megi viðunandi hreinlæti með þvotti og hreinsun.
- 10.3 Gagnsæir eða hálf gagnsæir skilveggir, þar á meðal skilveggir sem eru að öllu leyti úr gleri, í vinnuherbergjum, í nágrenni vinnustaða og á leiðum er liggja að þeim eða frá skulu vera greinilega merktir og gerðir úr óbrothættu efni eða þannig fyrir komið að starfsmenn hvorki rekist á skilveggina né verði fyrir meiðslum ef þeir brotna.
- 10.4 Ekki má heimila aðgang að þökum gerðum úr efnum sem eru ekki af fullnægjandi styrk.

**11. Dagsbirta og lýsing.**

- 11.1 Vinnustaðir skulu allir hafa lýsingu sem getur lýst nægilega til að tryggja öryggi og hollustu þeirra sem þar eru.
- 11.2 Á vinnustöðum skal vera svo mikil dagsbirta sem kostur er og skulu þeir einnig búnir fullnægjandi lýsingu.
- 11.3 Búnaði til lýsingar skal komið þannig fyrir að hann valdi starfsmönnum engri slyshættu.
- 11.4 Á vinnustöðum þar sem starfsmönnum er sérstök hættu búin ef straumlaust verður skal séð fyrir fullnægjandi neyðarlýsingu.
- 11.5 Búnaður til lýsingar skal vera þannig hannaður að tryggt sé að svæði þar sem framleiðslueftirlit fer fram, flóttaleiðir, hleðslustöðvar og hættuleg svæði séu lýst.

**12. Gluggar og þakljórar.**

- 12.1 Gluggar, þakljórar og annar opnanlegur og festanlegur loftræstibúnaður skal þannig hannaður að starfsmönnum stafi ekki hættu af notkun hans. Staðsetning þeirra má ekki geta valdið starfsmönnum hættu þegar gluggarnir eru opnir.
- 12.2 Mögulegt skal vera að hreinsa glugga og þakljóra án þess að það hafi í för með sér hættu.

**13. Hurðir og hlið.**

- 13.1 Gagnsæjar hurðir skulu merktar á viðeigandi hátt í hæfilegri hæð.
- 13.2 Snúningshurðir og hlið skulu vera gagnsæ eða með gagnsæjum spjöldum.
- 13.3 Ef gagnsæir eða hálf gagnsæir fletir hurða eða hliða eru ekki gerðir úr sérstöku öryggisefni og starfsmönnum getur stafað af því hættu ef hurðin eða hliðið skellist skal verja þessa fleti gegn broti.
- 13.4 Á rennihurðum skal vera öryggisbúnaður sem kemur í veg fyrir að þær losni af spori og falli niður.

- 13.5 Lúgur sem opnast upp á við skulu útbúnar þannig að þær geti ekki fallið óvænt til baka aftur.
- 13.6 Dyr á undankomuleiðum skulu merktar á viðeigandi hátt. Þær skulu ávallt vera opnanlegar innan frá hvenær sem er án sérstakrar aðstoðar.
- 13.7 Sé ekki örugg leið fyrir fótgangandi um hlið sem aðallega eru ætluð fyrir umferð ökutækja skulu vera við þau greinilega merktar dyr fyrir þá, sem umgangur er ávallt óhindraður um.
- 13.8 Dyr og hlið sem opnast og lokast vélrænt skulu vera þannig að starfsmönnum stafi ekki hættu af. Á slíkum dyrum og hliðum skal séð fyrir neyðarbúnaði til stöðvunar sem er auðþekkjjanlegur og auðvelt að komast að og ef þau opnast ekki sjálfkrafa er straumlaust verður skal einnig unnt að opna þau handvirkt.
- 13.9 Þar sem keðjur og svipaður búnaður er notaður til að hindra aðgang skulu þær auðsjáanlegar og merktar á viðeigandi hátt með skiltum þar sem fram koma bönn og viðvaranir.

#### **14. Umferðarleiðir.**

- 14.1 Unnt skal vera að komast að vinnustöðum án þess að það hafi hættu í för með sér og yfirgefa þá fljótt og örugglega í neyðartilviki.
- 14.2 Umferðarleiðir, þar með talda innbyggða eða fasta stiga, hlaðstæði og palla, skal staðsetja og útbúa þannig að fótgangandi og ökutæki geti notað þær vandkvæðalaust, með fullu öryggi og á þann hátt sem tilgangur þeirra segir til um, og þannig að starfsmönnum sem eru við vinnu í grennd við þær stafi ekki hættu af.
- 14.3 Rými á umferðarleiðum fyrir fótgangandi og flutning á vörum skal vera í samræmi við fjölda hugsanlegra notenda og þá starfsemi sem stunduð er. Ef flutningatæki eru notuð á umferðarleiðum skal séð til þess að fótgangandi hafi fullnægjandi öryggisrymi.
- 14.4 Umferðarleiðir fyrir ökutæki skulu vera í hæfilegri fjarlægð frá hurðum, hliðum, leiðum fyrir fótgangandi, göngum og stigum.
- 14.5 Umferðarleiðir skulu greinilega merktar til að tryggja öryggi starfsmanna.

#### **15. Hættusvæði.**

- 15.1 Ef hættusvæði eru á vinnustöðum þar sem starfsmenn geta hrasað eða hlutir fallið vegna þess hvernig vinnu er háttáð skal girða þau af eins og unnt er til að koma í veg fyrir aðgang óviðkomandi starfsmanna.
- 15.2 Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að vernda þá starfsmenn sem hafa aðgang að slíkum hættusvæðum.
- 15.3 Hættusvæðin skulu greinilega merkt.

#### **16. Stærð og loftrými herbergja - vinnurými á vinnustöð.**

- 16.1 Í vinnuherbergjum skal vera nægilegur gólfhlötur og loftrými til að starfsmenn geti stundað vinnu sína án þess að öryggi þeirra, heilbrigði og vellíðan sé í hættu.
- 16.2 Á vinnustöðvum skal vera nægilegt rými þannig að starfsmenn hafi það vinnurými sem þeir þurfa til að stunda vinnu sína með öruggum hætti.

#### **17. Hvíldarherbergi.**

- 17.1 Ef nauðsynlegt er með tilliti til öryggis eða heilsu starfsmanna, svo sem vegna eðlis starfsins eða mikils fjölda starfsmanna, skal veita þeim afnot af hvíldarherbergi sem greiður aðgangur er að.

- 17.2 Hvíldarherbergi skulu vera nægilega stór og búin nægilega mörgum borðum og sætum með baki fyrir þann fjölda starfsmanna sem um er að ræða.
- 17.3 Ef hlé á vinnu eru tíð og reglubundin og hvíldarherbergi er ekki fyrir hendi skulu starfsmönnum ávallt, þegar þess er þörf með tilliti til öryggis þeirra og heilbrigði, veitt afnot af öðrum herbergjum þar sem þeir geta dvalist í vinnuhléi.
- 17.4 Þar sem við á skal þunguðum konum og konum með börn á brjósti gefin kostur á að leggjast til hvíldar við viðeigandi aðstæður.

### **18. Vinnustaðir utanhúss.**

- 18.1 Skipuleggja skal vinnustöðvar, umferðarleiðir og aðra staði eða mannvirki undir beru lofti þar sem starfsmenn eru staddir vegna vinnu sinnar þannig að ekki stafi af hætta fyrir umferð fótgangandi eða ökutækja.
- 18.2 Vinnustaðir utanhúss skulu lýstir á fullnægjandi hátt.
- 18.3 Er starfsmenn vinna utanhúss skal vinnustöðin eins og kostur er skipulögð á þann hátt að:
- a. þeir séu í skjóli fyrir veðrum og ef með þarf varðir fyrir hlutum sem falla,
  - b. þeir verði ekki fyrir svo miklum hávaða að valdið geti heilsutjóni, eða fyrir öðrum skaðlegum utanaðkomandi áhrifum, svo sem af lofttegundum, gufum eða ryki,
  - c. þeir geti yfirgefið vinnustöð sína í skyndingu ef hætta kemur upp, eða að unnt sé að veita þeim aðstoð í skyndingu,
  - d. ekki sé hætta á að þeir renni til eða detti.

### **19. Fatlaðir starfsmenn.**

Þar sem við á skal skipuleggja vinnustaði þannig að tillit sé tekið til fatlaðra starfsmanna. Þetta ákvæði gildir sérstaklega um dyr, ganga, stiga, baðklefa, handlaugar, salerni og vinnustaði sem fatlaðir starfsmenn vinna við eða nota sjálfir.

## **B. HLUTI**

### **Sérstakar lágmarkskröfur sem gilda á vinnustöðum í landi.**

#### **1. Eldvarnir og slökkvistarf.**

- 1.1 Alls staðar þar sem vinnustaðir eru skipulagðir, byggðir, búnir tækjum, teknir í notkun, starfræktir eða viðhaldið skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að eldur komi upp og breiðist út frá þeim upptökum sem tilgreind eru í öryggis- og heilsuskjalinu. Gera skal ráðstafanir til að slökkvistarf geti gengið hratt og örugglega fyrir sig.
- 1.2 Vinnustaðir skulu búnir viðeigandi slökkvitækjum og, ef nauðsyn krefur, reyk-skyngjunar- og viðvörunarkerfum.
- 1.3 Ósjálfvirkur slökkvibúnaður skal vera aðgengilegur, einfaldur í notkun og, þar sem þörf krefur, varinn fyrir skemmdum.
- 1.4 Öryggisáætlunin þar sem fram kemur til hvaða forvarnarráðstafana skal gripið, í samræmi við 3., 4., 5. og 6. gr. þessara reglna, til brunavarna, eldskyngjunar og slökkvistarfa ef eldur kviknar og breiðist út skal varðveitt á svæðinu.
- 1.5 Slökkvibúnaðurinn skal auðkenndur með skiltum í samræmi við gildandi reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.

**2. Fjarstýring í neyðartilvikum.**

Ef þess er krafist í öryggis- og heilsuskjalinu skal vera hægt að stjórna tilteknum búnaði með fjarstýringu frá heppilegum stöðum ef neyðarástand skapast. Búnaður af þessu tagi skal innihalda tæki til að einangra og hreinsa borholur, stöðvar og leiðslur.

**3. Samskiptakerfi til almennra nota og til nota í neyðartilvikum.**

3.1 Sé þess krafist samkvæmt öryggis- og heilsuskjalinu, skal á hverjum vinnustað þar sem starfsmenn eru vera:

- a. hljóð- og sjónrænt kerfi sem getur sent viðvörnarmerki til allra mannaðra hluta vinnustaðarins eftir þörfum;
- b. hljóðkerfi sem heyrir greinilega í alls staðar innan stöðvarinnar þar sem starfsmenn eru oft viðstaddir.

3.2 Aðstöðu til að gefa viðvörnarmerki skal komið fyrir á heppilegum stöðum.

3.3 Þegar starfsmenn eru staddir á vinnustöðum sem eru ekki venjulega mannaðir skal koma fyrir viðeigandi samskiptakerfum til nota fyrir þá.

**4. Öruggir mótsstaðir og viðveruskrár.**

Sé þess krafist samkvæmt öryggis- og heilsuskjalinu, skal tilgreina örugga mótsstaði, viðveruskrár skulu haldnar og grípa skal til nauðsynlegra ráðstafana þar að lútandi eftir þörfum.

**5. Brottlutnings- og undankomuaðferðir.**

5.1 Starfsmenn skulu þjálfaðir í viðeigandi aðgerðum í neyðartilvikum.

5.2 Björgunarbúnaður skal hafður til taks á aðgengilegum og hentugum stöðum og vera tilbúinn til notkunar.

5.3 Ef ördugt er að fara um brottflutningsleiðir og þar sem andrúmsloft kann að vera óhæft til innöndunar skulu vera fyrir hendi á vinnustaðnum sjálfstæð flóttatæki til tafarlausrar notkunar.

**6. Öryggisæfingar.**

Halda skal öryggisæfingar með reglulegu millibili á öllum vinnustöðum þar sem starfsmenn eru venjulega viðstaddir. Megintilgangur slíkra æfinga er að þjálfar og kanna getu starfsmanna sem hafa tilteknum skyldum að gegna ef neyðarástand skapast sem felur í sér notkun, meðhöndlun og starfrækslu neyðarbúnaðar. Þar sem við á skulu starfsmenn sem hafa verið skipaðir til þeirra starfa einnig æfðir í réttri notkun, meðhöndlun eða starfrækslu þessa búnaðar.

**7. Hreinlætisaðstaða.**

7.1 *Búningsherbergi og fataskápar.*

7.1.1 Starfsmönnum skulu veitt afnot af viðeigandi búningsherbergjum ef þeir eiga að vera í sérstökum vinnufötum. Búningsherbergi skulu vera auðveld aðgöngu, nægilega rúmgóð og sætum búin.

7.1.2 Búningsherbergi skulu vera nægilega stór og útbúin þannig að hver starfsmaður geti geymt fót sín í læstri hirslu meðan á vinnu stendur. Ef aðstæður krefjast, svo sem vegna hættulegra efna, raka eða óhreininda, skulu vera sérstakir skápar fyrir vinnuföt og aðrir fyrir einkafatnað starfsmanna. Unnt skal vera að þurrka blaut vinnuföt í afmörkuðu rými.

7.1.3 Búningsherbergi karla og kvenna skulu vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin.

- 7.1.4 Ef búningsherbergja er ekki þörf skal hver starfsmaður hafa til umráða stað þar sem hann getur geymt föt sín.
- 7.2 *Steypiböð og handlaugar.*
- 7.2.1 Ef eðli starfsins eða heilbrigðisaðstæður krefjast þess skal starfsmönnum séð fyrir viðeigandi klefum með fullnægjandi aðstöðu til steypibaða. Baðklefar karla og kvenna skulu vera aðskildir eða notkun þeirra aðskilin.
- 7.2.2 Baðklefar skulu vera nægilega stórir til að hver starfsmaður geti baðast án truflunar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður. Til baða skal séð fyrir heitu og köldu rennandi vatni.
- 7.2.3 Ef baðklefa er ekki þörf skal séð fyrir fullnægjandi og viðeigandi handlaugum með rennandi heitu og köldu vatni í grennd við vinnustað og búningsherbergi. Handlaugar karla og kvenna skulu vera aðskildar eða notkun þeirra aðskilin ef þess er þörf.
- 7.2.4 Ef skilið er á milli baðklefa eða handlauga og búningsherbergja skal vera greiður gangur þar á milli.
- 7.3 *Salerni og handlaugar.*  
Starfsmenn skulu í grennd við vinnustað sinn, hvíldarherbergi, búningsherbergi og baðklefa eða handlaugar hafa aðgang að sérstakri hreinlætisaðstöðu með nægilegum fjölda salernisskála og handlauga. Salerni karla og kvenna skulu vera aðskilin.

## 8. Skyndihjálpar og búnaður.

- 8.1 Búnaður til skyndihjálpar skal henta þeirri starfsemi sem fram fer.
- 8.2 Sjúkraherbergi skal vera á stórum vinnustöðum þar sem þörf er á.
- 8.3 Í sjúkrastofum skulu vera nauðsynleg tæki og annar búnaður til að veita skyndihjálpar og skal aðgangur að þeim með sjúkrabörur vera greiður. Þær skulu auðkenndar með skiltum í samræmi við gildandi reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.
- 8.4 Einnig skal búnaður til að veita slösuðum skyndihjálpar vera alls staðar tiltækur þar sem þess er þörf vegna aðstæðna á vinnustað. Þessi búnaður skal vera greinilega merktur og auðvelt skal vera að komast að honum.
- 8.5 Nægilegur fjöldi starfsmanna skal hafa hlotið þjálfun í notkun skyndihjálparbúnaðar sem er fyrir hendi.

## 9. Umferðarleiðir.

Ef ökutækjum er ekið inn á vinnustaðinn skulu umferðarreglur settar eftir þörfum.

## C. HLUTI

### Almennar lágmarkskröfur sem gilda um vinnustaði á hafi úti.

#### 1. Ábending.

- 1.1 Atvinnurekanda sem er í forsvari á vinnustað sem fjallað er um í C-hluta, er skylt að tryggja að í öryggis- og heilsuskjalinu komi fram að gerðar hafi verið allar viðeigandi öryggisráðstafanir fyrir öryggis- og heilsuvernd starfsmanna. Í því skyni skal í skjalinu:
- tilgreina sérstakar hættulegar aðstæður á vinnustað, þar með talda tengda starfsemi sem gæti valdið slysum sem líklegt er að hefðu alvarlegar afleiðingar fyrir heilsu og öryggi starfsmanna sem í hlut eiga;
  - meta áhættuna sem er samfara hinum sérstöku hættulegu aðstæðum sem um getur í a-lið;



- c. sýnt fram á að nægilegar öryggisráðstafanir hafi verið gerðar til að forðast slys sem um getur í a-lið og til að unnt sé að flytja starfsmenn fljótt og örugglega brott af vinnustaðnum í neyðartilvikum;
  - d. sýnt fram á að stjórnunarkerfi séu fullnægjandi þannig að þau uppfylli skilyrði sem sett eru í þessum reglum.
- 1.2 Atvinnurekandi skal fylgja málsmeðferð og fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í öryggis- og heilsuskjalinu á skipulags- og framkvæmdastigi allra helstu þátta sem þessar reglur taka til.
- 1.3 Atvinnurekendur sem eru ábyrgir fyrir ólíkum vinnustöðum skulu hafa samvinnu, um að semja öryggis- og heilsuskjöl og um nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna.

## **2. Eldvarnir og slökkvistarf.**

- 2.1 Gera skal viðeigandi varúðarráðstafanir, eins og tilgreint er í öryggis- og heilsuskjalinu, til að greina eldsupptök og koma í veg fyrir að eldur kvikni og breiðist út. Þar sem við á skal koma fyrir eldraustum veggjum til að aðskilja svæði þar sem eldhætta er mikil.
- 2.2 Nægilega öflug eldvarnar-, slökkvi- og viðvörunarkerfi skulu vera fyrir hendi á öllum vinnustöðum í samræmi við þá hættu sem tilgreind er í öryggis- og heilsuskjalinu. Þessi kerfi eru meðal annars:
- eldskynjunarkerfi,
  - brunaviðvörunarkerfi,
  - brunavatnskerfi,
  - brunahanar og -slöngur,
  - vatnsflæðikerfi og vatnseftirlitstæki,
  - sjálfvirk vatnsúðunarkerfi,
  - kerfi til að slökkva gaselda,
  - froðukerfi,
  - handslökkvitæki,
  - búnaður slökkviliðsmanna.
- 2.3 Ósjálfvirkur slökkvibúnaður skal vera innan handar, einfaldur í notkun og þar sem þörf krefur, varinn fyrir skemmdum.
- 2.4 Verndaráætlun þar sem fram kemur til hvaða forvarnarráðstafana skal gripið til brunavarna, eldskynjunar og slökkvistarfa á vinnustaðnum.
- 2.5 Neyðarkerfi skulu aðskilin eða á annan hátt varin eins og nauðsynlegt er fyrir óhöppum til að tryggja að neyðarráðstafanir komi að gagni í neyð.
- 2.6 Slökkvibúnaðurinn skal auðkenndur með skiltum í samræmi við gildandi reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.

## **3. Fjarstýring í neyðartilvikum.**

- 3.1 Ef þess er krafist í öryggis- og heilsuskjalinu skal setja upp búnað með fjarstýringu ef neyðarástand skapast. Búnaður af þessu tagi skal innihalda eftirlitsstöðvar á heppi- legum stöðum sem nota má í neyðartilvikum, þar með talið ef nauðsyn krefur, eftirlitsstöðvar á öruggum mótsstöðum og brottflutningsstöðum.
- 3.2 Búnaður sem hægt er að fjarstýra sbr. í lið 3.1, skal að minnsta kosti innihalda loftræstikerfi, neyðarrofa fyrir búnað sem getur orsakað bruna, kerfi til að koma í veg fyrir að eldfimir vökvar og gas sleppi út, eldvarnir og eftirlit með borholum.

**4. Samskiptakerfi til almennra nota og til nota í neyðartilvikum.**

4.1 Sé þess krafist samkvæmt öryggis- og heilsuskjalinu skal á hverjum vinnustað þar sem starfsmenn eru vera:

- hljóð- og sjónrænt kerfi sem getur sent viðvörumarmerki til allra mannaðra hluta vinnustaðarins eftir þörfum;
- hljóðkerfi sem heyrir greinilega í alls staðar innan stöðvarinnar þar sem starfsmenn eru oft staddir;
- kerfi sem hægt er að nota til samskipta við strand- og björgunarstöðvar.

4.2 Slík kerfi skulu vera starfhæf þótt neyðarástand skapist.

Auk hljóðrænu kerfanna skal vera fyrir hendi samskiptakerfi sem er ekki háð orku frá viðkvæmum orkuveitum.

4.3 Búnaði til að gangsetja viðvörunarbúnað skal komið fyrir á hentugum stöðum.

4.4 Þegar starfsmenn eru staddir á vinnustöðum sem eru ekki venjulega mannaðir skal koma fyrir viðeigandi samskiptakerfum til nota fyrir þá.

**5. Öruggir mótsstaðir og viðveruskrár.**

5.1 Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að verja brottflutningsstaði og örugga mótsstaði fyrir hita, reyk og eins og hægt er, áhrifum sprengingar og að tryggja að undankomu-leiðir til og frá brottflutningsstöðum og öruggum mótsstöðum séu greiðar. Þessar ráðstafanir verða að vera þannig að þær verndi starfsmenn nægilega lengi til að hægt sé að skipuleggja og framkvæma undankomu og björgun þegar með þarf.

5.2 Sé þess krafist samkvæmt öryggis- og heilsuskjalinu, skal á öðrum vernduðu staðanna sem tilgreindir eru í 5.1 vera viðeigandi aðstaða þar sem tryggt er að hægt sé að fjarstýra búnaðinum sem tilgreindur er í 3. lið í þessum C-hluta og hafa samskipti við strand- og björgunarstöðvar.

5.3 Öruggir mótsstaðir og brottflutningsstaðir skulu vera greiðlega aðgengilegir frá afþreyingar- og vinnustöðum.

5.4 Á hverjum öruggum mótsstað skal halda skrá yfir nöfn starfsmanna sem skipað er niður á mótsstaðinn og skal henni haldið við og hún höfð til sýnis.

5.5 Skrá yfir starfsmenn sem falið hefur verið að inna af hendi tiltekna skyldur ef neyðarástand skapist skulu vera fyrir hendi og til sýnis á hentugum stöðum á vinnustað. Nöfnin skulu skráð í skriflegu leiðbeiningarnar sem um getur í lið 2.6 í A-hluta.

**6. Brottflutnings- og flóttaaðferðir.**

6.1 Starfsmenn skulu þjálfaðir í viðeigandi aðgerðum í neyðartilvikum.

Auk almennrar neyðarþjálfunar skulu starfsmenn hljóta þjálfun sem miðast sérstaklega við vinnustaðinn og skal hún tilgreind í öryggis- og heilsuskjalinu.

6.2 Starfsmenn skulu hljóta nægilega víðtæka þjálfun í aðferðum til að bjarga lífi sínu, að teknu tilliti til þeirra viðmiðana sem mælt er fyrir um í öryggis- og heilsuskjalinu.

6.3 Hentugar og nægilega góðar aðferðir til brottflutnings í neyðartilviki og aðferðir til að yfirgefa vinnustaðinn beint í sjóinn skulu vera á hverjum vinnustað.

6.4 Semja skal neyðaráætlun um björgun á sjó og brottflutning starfsmanna af vinnustöðum. Samkvæmt áætluninni, sem á að byggjast á öryggis- og heilsuskjalinu, skal kveðið á um björgunarskip og þyrlur og þar skulu vera viðmiðanir um burðargetu og viðbragðstíma björgunarskipa og björgunarþyrlna. Sá viðbragðstími sem krafist er skal tilgreindur í öryggis- og heilsuskjalinu fyrir hverja stöð. Björgunarskip skulu hönnuð og búin með það í huga að uppfylla kröfur um brottflutning og björgun.

- 6.5 Björgunarbátar, gúmmíbjörgunarbátar, björgunarhringir og björgunarvesti skulu uppfylla eftirtaldir lágmarkskröfur:
- vera hentug og búin þannig að þau viðhaldi lífi í nægilega langan tíma,
  - vera nægilega mörg fyrir alla starfsmenn sem kunna að vera viðstaddir,
  - vera af tegund sem hentar vinnustaðnum,
  - vera vel smíðuð og úr hentugu efni að teknu tilliti til björgunarhlutverks þeirra og aðstæðna sem þau kunna að vera notuð við, auk þess sem þau skulu vera tilbúin til notkunar, og
  - vera þannig á litinn að þau séu áberandi þegar þau eru í notkun og búin tækjum sem gera notandanum kleift að vekja athygli björgunarmanna á sér.
- 6.6 Nægilega öflugur björgunarbúnaður skal vera til taks til tafarlausrar notkunar.

## 7. Öryggisæfingar.

Halda skal öryggisæfingar með reglulegu millibili á öllum vinnustöðum þar sem starfsmenn eru venjulega viðstaddir og þar sem:

- starfsmenn sem hafa tilteknum skyldum að gegna ef neyðarástand skapast sem felur í sér notkun, meðhöndlun og starfrækslu neyðarbúnaðar eru þjálfaðir og prófaðir í meðferð slíks búnaðar, að teknu tilliti til þeirra viðmiðana sem mælt er fyrir um í öryggis- og heilsuskjalinu.

Þar sem við á skulu starfsmenn einnig æfðir í réttri notkun, meðhöndlun eða starfrækslu þessa búnaðar,

- allur neyðarbúnaður sem notaður er í æfingunni er skoðaður, hreinsaður og ef við á, endurhlaðinn eða skipt um hann, auk þess sem öllum handbúnaði sem notaður er aftur skal skilað til þeirra staða þar sem hann er venjulega geymdur.
- sannprófa skal hvort björgunarbátar eru í nothæfu ástandi.

## 8. Hreinlætisaðstaða.

### 8.1 *Búningsherbergi og fataskápar.*

- 8.1.1 Starfsmönnum skulu veitt afnot af viðeigandi búningsherbergjum ef þeir eiga að vera í sérstökum vinnufötum. Búningsherbergi skulu vera aðgengileg, nægilega rúmgóð og sætum búin.
- 8.1.2 Búningsherbergi skulu vera nægilega stór og útbúin þannig að hver starfsmaður geti geymt fót sín í læstri hirslu meðan á vinnu stendur. Ef aðstæður krefjast, svo sem vegna hættulegra efna, raka eða óhreininda, skulu vera sérstakir skápar fyrir vinnuföt og aðrir fyrir einkafatnað starfsmanna. Unnt skal vera að þurrka blaut vinnuföt.
- 8.1.3 Búningsherbergi karla og kvenna skulu vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin.
- 8.1.4 Ef búningsherbergja er ekki þörf samkvæmt fyrstu málsgrein í lið 8.1.1 skal hver starfsmaður hafa til umráða stað þar sem hann getur geymt fót sín.

### 8.2 *Steypiböð og þvottaaðstaða.*

- 8.2.1 Auk þeirrar aðstöðu sem er fyrir hendi á öllum affreyingarsvæðum skal, ef nauðsyn krefur, sjá starfsmönnum fyrir viðeigandi klefum með fullnægjandi aðstöðu til steypibaða og þvottar í grennd við vinnustaðina.

### 8.3 *Salerni og handlaugar.*

Auk þeirrar aðstöðu sem er fyrir hendi á öllum affreyingarsvæðum skal, ef nauðsyn krefur, sjá starfsmönnum fyrir salernum og handlaugum í grennd við vinnustaðinn. Salerni karla og kvenna skulu vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin.

**9. Skyndihjálp og búnaður.**

- 9.1 Séð skal fyrir einni eða fleiri sjúkrastofum í samræmi við stærð stöðvarinnar og þá tegund starfsemi sem þar fer fram.
- 9.2 Sjúkrastofurnar skulu vera búnar hentugum tækjum, aðstöðu og lyfjum og nægilega margir sérhæfðir starfsmenn skulu vera til staðar eftir aðstæðum til að veita skyndihjálp eða, ef við á, meðferð undir leiðsögn skráðs læknis (sem ekki þarf að vera viðstaddur). Þær skulu auðkenndar með skiltum í samræmi við gildandi reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.
- 9.3 Einnig skal búnaður til að veita slösuðum skyndihjálp vera alls staðar tiltækur þar sem þess er þörf vegna aðstæðna á vinnustað. Búnaður þessi skal greinilega merktur með skiltum.

**10. Íveruaðstaða.**

- 10.1 Sé það nauðsynlegt vegna eðlis, umfangs og tímalengdar framkvæmda skal atvinnurekandi einnig sjá starfsmönnum fyrir íveruaðstöðu sem skal:
- vera nægilega varin gegn áhrifum sprenginga, innstreymi reyks og gass og íkveikju og útbreiðslu elds eins og tilgreint er í öryggis- og heilsuskjalinu,
  - vera nægilega vel búin lofræstingu, upphitun og lýsingu,
  - hafa á hverri hæð að minnsta kosti tvær sjálfstæðar útgönguleiðir sem liggja til flóttaleiða,
  - vera varin gegn hávaða, lykt og gufum frá öðrum svæðum sem kunna að vera heilsuspillandi og gegn veðri og vindum,
  - vera aðskilin frá vinnustöðvum og staðsett fjarri hættulegum svæðum.
- 10.2 Í slíkri íveruaðstöðu skulu vera nægilega mörg rúm eða kojur fyrir þann fjölda einstaklinga sem búist er við að sofa á staðnum. Herbergi sem ætluð eru til svefnaðstöðu skulu vera nægilega rúmgóð þannig að íbúar þeirra geti geymt fót sín þar. Svefnherbergi fyrir karla og konur skulu vera aðskilin.
- 10.3 Í slíkri íveruaðstöðu skulu vera nægilega mörg steypiböð og þvottaaðstaða með rennandi, heitu og köldu vatni. Baðklefar karla og kvenna skulu vera aðskildir eða notkun þeirra aðskilin. Steypiböð skulu vera nægilega rúmgóð þannig að hver starfsmaður geti þvegið sér hindrunarlaust.
- 10.4 Í tengslum við svefnaðstöðu skulu vera nægilega mörg salerni og handlaugar. Aðstaða sem þessi fyrir karla og konur skal vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin.
- 10.5 Hreinlæti í svefnaðstöðu og búnaður hennar skal vera fullnægjandi.

**11. Þyrlustarfsemi.**

- 11.1 Þyrlupallar við vinnustaði skulu vera nægilega stórir og staðsettir þannig að greiðlega gangi fyrir stærstu þyrlur að nota þá við erfiðustu aðstæður sem búast má við í sambandi við þyrlustarfsemi. Þyrlupallurinn skal vera þannig hannaður og byggður að hann nýtist til þeirra nota sem til var ætlast.
- 11.2 Í næsta nágrenni við þyrlupallinn skal vera nauðsynlegur búnaður til nota ef slys verður og nauðsynlegt er að flytja slasaða með þyrlum.
- 11.3 Á vinnustað þar sem starfsmenn gista skulu við notkun þyrlna vera nægilega margir starfsmenn til staðar á þyrlupalli sem eru þjálfaðir í öryggisviðbrögðum í neyðartilvikum.

**12. Bygging stöðva á hafi úti - öryggi og stöðugleiki.**

- 12.1 Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir við byggingu stöðva á hafi úti til að tryggja öryggi og heilbrigði starfsmanna í jarðefnanámi með borunum.

- 12.2 Undirbúningi vegna byggingar stöðva á hafi úti skal hagað þannig að öryggi stöðvanna og stöðugleiki sé tryggður.
- 12.3 Búnaður sá sem notaður er við byggingarframkvæmdirnar sem um getur í 12.1 skal vera þannig gerður að áhætta starfsmanna í jarðefnanámi með borunum sé eins lítil og mögulegt er.

Nr. 554

19. september 1996

## REGLUR

### um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

###### Markmið.

Markmið með reglum þessum er að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna sem vinna með líffræðilega skaðvalda eða verða fyrir mengun af þeim.

###### 2. gr.

###### Gildissvið.

Reglur þessar gilda um alla starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun af líffræðilegum skaðvöldum.

###### 3. gr.

###### Skilgreiningar.

1. Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- „líffræðilegur skaðvaldur“: örverur, þar með taldar þær sem breytt hefur verið með erfðatækni, frumurækt og innri snýkjudyf í fólki, sem vera má að valdi smitun, ofnæmi eða eitrun af einhverju tagi;
  - „örvera“: örverufræðileg eining, mynduð af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðafnis;
  - „frumurækt“: frumur sem ræktaðar hafa verið úr fjölfruma lífverum í tilraunaglassi (in vitro);
    - „Líffræðilegir skaðvaldar“ skulu flokkaðir í fernt eftir smíthættu:
      - „líffræðilegur skaðvaldur af 1. flokki“: líffræðilegur skaðvaldur sem litlar líkur eru á að valdi sjúkdómum í mönnum;
| <i>Aspergillus fumigatus</i>   | 2       | A    |
| <i>Blastomyces dermatitidis (ajellomyces dermatitidis)</i>                                 | 3       |      |
| <i>Candida albicans</i>  | 2       | A    |
| <i>Coccidioides immitis</i>  | 3       | A    |
| <i>Cryptococcus neoformans var. neoformans (filobasidiella neoformans var. neoformans)</i> | 2       | A    |
| <i>Cryptococcus neoformans var. gattii (filobasidiella bacillispora)</i>                   | 2       | A    |
| <i>Emmonsia parva var. parva</i>   | 2       |      |
| <i>Emmonsia parva var. crescens</i>  | 2       |      |
| <i>Epidermophyton floccosum</i>  | 2       | A    |
| <i>Fonsecaea compact</i>   | 2       |      |
| <i>Fonsecaea pedrosoi</i>  | 2       |      |
| <i>Histoplasma capsulatum var. capsulatum (ajellomyces capsulatus)</i>                     | 3       |      |
| <i>Histoplasma capsulatum duboisii</i>   | 3       |      |
| <i>Madurella grisea</i>  | 2       |      |
| <i>Madurella mycetomatis</i>   | 2       |      |
| <i>Microsporum spp.</i>  | 2       | A    |
| <i>Neotestudina rosatii</i>  | 2       |      |
| <i>Paracoccidioides brasiliensis</i>   | 3       |      |
| <i>Penicillium marneffeii</i>  | 2       | A    |
| <i>Sporothrix schenckii</i>  | 2       |      |
| <i>Trichophyton rubrum</i>   | 2       |      |
| <i>Trichophyton spp.</i>   | 2       |      |

### IV. VIÐAUKI

#### LEIÐBEININGAR UM FRAMKVÆMD HEILSUEFTIRLITS MEÐ STARFSMÖNNUM. (8. mgr. 13. gr.)

1. Þeir sem annast skulu heilsueftirlit með starfsmönnum sem geta orðið fyrir mengun af líffræðilegum skaðvöldum verða að þekkja aðbúnað og aðstæður hvers starfsmanns sem þannig er ástatt um.
2. Heilsueftirlit með starfsmönnum verður að fara fram samkvæmt meginreglum og starfsaðferðum atvinnusjúkdómafræðinnar, og skal það fela í sér að minnsta kosti eftirfarandi:
  - að haldin sé skrá um heilsufarssögu og starfsferil starfsmanns;
  - að fram fari persónulegt mat á heilsufari starfsmanns;

— að fram fari, eftir því sem við á, líffræðilegt eftirlit og greining á einkennum sem koma snemma fram og unnt er að bæta úr.

Heimilt er að kveða á um frekari rannsóknir á einstökum starfsmönnum sem lúta heilsueftirliti í ljósi aukinnar þekkingar á sviði atvinnusjúkdómafræði.

## V. VIÐAUKI

### LEIÐBEININGAR UM EINANGRUNARRÁÐSTAFANIR OG EINANGRUNARSTIG. (3. tölul. 14. gr. og a- og b-liðir 1. tölul. 15. gr.)

#### Almenn athugasemd.

Ráðstafanir samkvæmt viðauka þessum skulu gerðar með hliðsjón af eðli starfseminnar, mati á áhættu vegna starfsmanna og eðli þess líffræðilega skaðvalds sem um er að ræða.

| A   | B                 |                             |   |
|---|-------------------|-----------------------------|---|
|   | Einangrunarstig   |                             |   |
| Einangrunarráðstafanir  | 2                 | 3                           | 4   |
| 1. Vinnustaður skal aðskilinn frá annarri starfsemi í sömu byggingu                         | Nei               | Æskilegt                    | Já  |
| 2. Inn- og útblástursloft til vinnustaðarins skal síað með HEPA-síu eða sambærilegum búnaði | Nei               | Já, útblástursloft          | Já, bæði inn- og útblástursloft             |
| 3. Aðgangur skal takmarkaður við sérstaklega tilgreinda starfsmenn                          | Æskilegt          | Já                          | Já, um loftlás                              |
| 4. Unnt skal vera að loftþétta vinnustaðinn til sóttþreinsunar                              | Nei               | Æskilegt                    | Já  |
| 5. Sérstaklega tilgreindar aðferðir við sóttþreinsun  | Já                | Já                          | Já  |
| 6. Loftþrýstingi á vinnustað skal haldið lægri en utanhúss                                  | Nei               | Æskilegt                    | Já  |
| 7. Aðgerðir til takmörkunar á smitberum, svo sem nagdýrum eða skordýrum                     | Æskilegt          | Já                          | Já  |
| 8. Yfirborðsflétir sem ekki taka í sig vatn og auðvelt er að þrifa                          | Já, á vinnuborðum | Já, á vinnuborðum og gólfum | Já, á vinnuborðum, gólfum, veggjum og lofti |
| 9. Yfirborðsflétir sem þola sýrur, basa, leysiefni og sóttþreinsunarefni                    | Æskilegt          | Já                          | Já  |
| 10. Örugg geymsla fyrir líffræðilega skaðvalda  | Já                | Já                          | Já, fullkomlega trygg geymsla               |
| 11. Hafa skal athunarglugga eða samsvarandi búnað, svo unnt sé að horfa á þá sem inni eru   | Æskilegt          | Æskilegt                    | Já  |
| 12. Rannsóknarstofa skal búin eigin tækjum  | Nei               | Æskilegt                    | Já  |

| A   | B               |                                  |               |
|---|-----------------|----------------------------------|---------------|
|   | Einangrunarstig |                                  |               |
| Einangrunarráðstafanir  | 2               | 3                                | 4             |
| 13. Efni sem smitað hefur verið, þar á meðal dýrum, skal komið fyrir í öryggis- eða innilokunarskápum, eða annarri viðeigandi geymslu | Þar sem við á   | Já, ef smit getur borist um loft | Já            |
| 14. Brennari til að farga dýrhræjum   | Æskilegt        | Já, til afnota                   | Já, á staðnum |

## VI. VIÐAUKI

EINANGRUNARRÁÐSTAFANIR Í IÐNAÐI.  
(3 tölul. 4. gr. og 2. tölul. 15. gr.)

*Líffræðilegir skaðvaldar af 1. flokki.*

Þegar unnið er með líffræðilega skaðvalda af 1. flokki, þar með talið veikt lifandi bóluafni, skal farið eftir góðum starfsvenjum um öryggi og hreinlæti á vinnustöðum.

*Líffræðilegir skaðvaldar af 2., 3. og 4. flokki.*

Nauðsynlegt getur reynst að velja og sameina kröfur um einangrun í hinum ýmsu flokkum hér að neðan á grundvelli áhættumats varðandi ákveðna aðferð eða þátt í vinnslu.

| A  | B  |  |  |
|--|--|--|--|
|  | Einangrunarstig                          |  |  |
| Einangrunarráðstafanir   | 2  | 3  | 4  |
| 1. Lífvænlegar örverur skulu við vinnslu meðhöndlaðar í lokuðu kerfi sem aðskilur þær frá umhverfinu                                     | Já                                       | Já   | Já   |
| 2. Með loft frá hinu lokaða kerfi skal farið þannig að:  | Sem minnst af lífverum berist út         | Engar lífverur berist út   | Engar lífverur berist út   |
| 3. Standa skal að sýnatöku, viðbót á efnun til hins lokaða kerfis og flutningi á lífvænlegum örverum til annars lokaðs kerfis þannig að: | Sem minnst af lífverum berist út         | Engar lífverur berist út   | Engar lífverur berist út   |
| 4. Ekki má taka verulegt magn ræktunarvökva úr hinu lokaða kerfi nema hann hafi verið:   | Dauðhreinsaður með viðurkenndum aðferðum | Dauðhreinsaður með viðurkenndum efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum | Dauðhreinsaður með viðurkenndum efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum |

| A  | B                                      |  |  |
|--|--|--|--|
|  | Einangrunarstig                        |  |  |
|  | 2                                      | 3  | 4  |
| Einangrunarráðstafanir   |  |  |  |
| 5. Þéttingar skulu vera þannig gerðar að:  | Sem minnst af lífverum berist út       | Engar lífverur berist út   | Engar lífverur berist út   |
| 6. Hinum lokuðu kerfum skal komið fyrir innan afmarkaðs eftirlitssvæðis                                      | Valkvætt                               | Valkvætt   | Já, sem sérstaklega er ætlað fyrir þau                           |
| a) Sett skulu upp skilti um hættu af líffræðilegum toga  | Valkvætt                               | Já   | Já   |
| b) Aðgangur skal takmarkaður við sérstaklega tilgreinda starfsmenn   | Valkvætt                               | Já   | Já, um loftlás   |
| c) Starfsmenn skulu klæðast sérstökum hlífðarfötum   | Já, vinnufötum                         | Já   | Já, full fataskipti  |
| d) Aðstaða skal vera fyrir starfsmenn til hreinsunar og þvotta   | Já                                     | Já   | Já   |
| e) Starfsmenn skulu taka steypibað áður en eftirlitssvæðið er yfirgefið                                      | Nei                                    | Valkvætt   | Já   |
| f) Frárennslisvatni frá vöskum og steypiböðum skal safnað saman og það dauðhreinsað áður en því er veitt frá | Nei                                    | Valkvætt   | Já   |
| g) Eftirlitssvæðið skal loftræst á fullnægjandi hátt til að draga sem mest úr loftmengun                     | Valkvætt                               | Valkvætt   | Já   |
| h) Loftþrýstingi á eftirlitssvæðinu skal haldið lægri en utanhúss  | Nei                                    | Valkvætt   | Já   |
| i) Loft til og frá eftirlitssvæðinu skal síað með HEPA-síu   | Nei                                    | Valkvætt   | Já   |
| j) Unnt skal vera að takmarka við eftirlitssvæðið útbreiðslu efnis sem berst úr hinu lokaða kerfi            | Nei                                    | Valkvætt   | Já   |
| k) Unnt skal vera að loftþétta eftirlitssvæðið til sóthreinsunar   | Nei                                    | Æskilegt   | Já   |
| l) Meðhöndlun á frárennslisvatni áður en það er endanlega leitt brott  | Dauðhreinsað með viðurkenndum aðferðum | Dauðhreinsað með viðurkenndum efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum | Dauðhreinsað með viðurkenndum efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum |

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Dalvíkur.

#### 1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Dalvíkur.



## 2. gr.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis.

## 3. gr.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

- |                                      |                              |
|--------------------------------------|------------------------------|
| a) Orkugjald skv. vatnsmæli .....    | kr. 30,07 pr. m <sup>3</sup> |
| b) Fast gjald fyrir hvern mæli ..... | kr. 10,80 pr. dag.           |

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksvatnsþörf.

Þegar um afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar er að ræða, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Ennfremur getur Hitaveita Dalvíkur veitt afslátt í þeim tilvikum að hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

## 4. gr.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrri notkun.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, eða hann hefur óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan 5 % frá réttri stillingu skal hann greiða kr. 2.065,00.

## 5. gr.

Hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega. Séu gjöldin krafín sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

## 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

## 7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

|  |                |
|--|----------------|
| Fyrir hús allt að 400 m <sup>3</sup> að utanmáli |                |
| og heimæð allt að 50 m .....                     | kr. 107.279,00 |
| og á m <sup>3</sup> þar yfir .....               | kr. 135,00     |

Ef skipulagsskilmálar eru þess efnis að bifreiðageymslur við raðhús skulu byggðar sameiginlega, þrjár eða fleiri, það langt frá íbúðum að eðlilegra teljist að leggja sérstaka hitaveituheimæð að bifreiðageymslum, skal gjald fyrir heimæð reiknast af rúmtaki hvernar geymslu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra verði kr. 268,00.

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Þó skal ekki reikna heimæðagjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum, nema þeim útihúsum sem tengd eru veitukerfinu.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi hitaveitunnar við önnur sveitarfélög, er heimilt að krefjast heimæðagjalds umfram 50 m lögn sem nemur útlögðum kostnaði við lagnir til viðkomandi aðila, nema um annað sé sérstaklega samið.

Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks tengigjaldi hitaveitunnar.

## 8. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. október 1996, 217,5 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við birtingu á nefndri vísitölu.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 3. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Dalvíkur, að fengnum tillögum frá veitunefnd.

Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

## 9. gr.

Nú er tengingu lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## 10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni kr. 2.065,00.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af veitunefnd Dalvíkur og samkvæmt orku-lögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. nóvember, 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 594, 13. desember 1991.

*Iðnaðarráðuneytinu, 18. október 1996.*

F. h. r.

**Halldór J. Kristjánsson.**

*Katrín Jóhannesdóttir.*

Nr. 556

## REIKNINGUR

**Bjargráðasjóðs fyrir árið 1995.**

**Sameinaður rekstrarreikningur.**

**Fjármunatekjur:**

Vaxtatekjur og verðbætur .....

Fjármunatekjur alls:

**kr.**

11.943.231

11.943.231

**Fjármagnsgjöld:**

|  |                  |
|--|------------------|
| Vaxtagjöld .....                       | 682.053          |
| Reikn. gjöld v/verðlagsbreytinga ..... | <u>4.814.478</u> |
| Fjármagnsgjöld alls:                   | <u>5.496.531</u> |

Hreinar fjármunatekjur: 6.446.700

**Aðrar tekjur:**

|                                      |                   |
|--------------------------------------|-------------------|
| Framlag sveitarfélaga .....          | 22.751.254        |
| Gjald af söluv. landbúnaðarins ..... | <u>30.025.552</u> |
| Aðrar tekjur alls:                   | <u>52.776.806</u> |

Tekjur alls: 59.223.506

**Styrkveitingar:**

|   |                     |
|---|---------------------|
| Styrkir .....                           | 68.216.663          |
| Kaltjón 1993 .....                      | 12.070.216          |
| -Sérframlag ríkissjóðs v/kaltjóna ..... | <u>(12.000.000)</u> |
| Styrkveitingar alls:                    | <u>68.286.879</u>   |

Hreinar tekjur (gjöld) fyrir rekstrargjöld ..... (9.063.373)

**Rekstrargjöld:**

|  |                   |
|--|-------------------|
| Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði ..... | 10.351.711        |
| Rekstrarkostnaður húsnæðis .....         | 1.263.784         |
| Sérkostnaður .....                       | 2.341.559         |
| Innheimtulaun búvörugjalds .....         | 602.415           |
| Afskriftir .....                         | <u>399.927</u>    |
| Rekstrargjöld alls:                      | <u>14.959.396</u> |

Tap ársins: (24.022.769)

**Sameinaður efnahagsreikningur þann 31. desember.****Eignir.****Veltufjármunir:**

|  | kr.                |
|--|--------------------|
| Bankainnstæður .....                         | 160.828.710        |
| Framleiðsluráð landbúnaðarins .....          | 0                  |
| Aðrar skammtímakröfur .....                  | 10.768.631         |
| Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar ..... | <u>0</u>           |
| Veltufjármunir alls:                         | <u>171.597.341</u> |

**Fastafjármunir:**

|                               |                   |
|-------------------------------|-------------------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir: |                   |
| Áhöld .....                   | 277.865           |
| Fasteignir .....              | <u>12.919.772</u> |
| Fastafjármunir alls:          | <u>13.197.637</u> |

Eignir samtals: 184.794.978

**Skuldir og eigið fé.**

| <b>Skammtímaskuldir:</b>            | <b>kr.</b>         |
|-------------------------------------|--------------------|
| Ógreiddir styrkir .....             | 4.836.460          |
| Viðskiptaskuldir .....              | 660.531            |
| Séreignadeild .....                 | 14.000.467         |
| Aðrar skammtímaskuldir .....        | <u>2.006.456</u>   |
| Skammtímaskuldir alls:              | <u>21.503.914</u>  |
| <b>Eftirlaunaskuldbinding</b> ..... | <u>11.466.000</u>  |
| Skuldir alls:                       | <u>32.969.914</u>  |
| <b>Eigið fé:</b>                    |                    |
| Endurmatsreikningur .....           | 153.305.005        |
| Óráðstafað (ójafnað) eigið fé ..... | <u>(1.479.941)</u> |
| Eigið fé alls:                      | <u>151.825.064</u> |
| Skuldir og eigið fé samtals:        | <u>184.794.978</u> |

**Áritun endurskoðenda.**

Ársreikning þennan fyrir Bjargráðasjóð fyrir árið 1995 höfum við endurskoðað.

Ársreikningurinn, sem er á 16 blaðsíðum, hefur að geyma sameinaðan rekstrarreikning, sameinaðan efnahagsreikning hinn 31. desember 1995, sjóðstreymi, skýringar nr. 1-8, rekstrarreikning almennrar deildar, efnahagsreikning almennrar deildar hinn 31. desember 1994, rekstrarreikning búnaðardeildar og efnahagsreikning búnaðardeildar hinn 31. desember 1995.

Endurskoðunin var framkvæmd eftir viðteknum endurskoðunarvenjum og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar, að ársreikningurinn sé saminn í samræmi við lög og samþykktir og gefi, miðað við þær reikningsskilaaðferðir, sem beitt er og lýst er í skýringum, glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1995, efnahag hans hinn 31. desember 1995 og breytingu handbærs fjár á árinu 1995.

Reykjavík, 2. júlí 1996.

Endurskoðunarstofa Gunnars Zoëga,  
Gunnar Zoëga, lögg. end. Gísli Guðmundsson, lögg. end.

**Staðfesting ársreiknings.**

Reykjavík, 11. júlí 1996.

Sesselja Árnadóttir.  
Guðbjartur Hannesson.  
Hörður Harðarson.

Ríkharð Brynjólfsson.  
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

**Áritun framkvæmdastjóra.**

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri.

Birgir L. Blöndal  
aðstoðarframkvæmdastjóri.

**REIKNINGUR****Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1995.****Rekstrarreikningur.**

|  | <b>kr.</b>         |
|--|--------------------|
| <b>Fjármunatekjur:</b>                                       |                    |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af útlánum .....       | 329.852.089        |
| Aðrar vaxtatekjur .....                                      | 7.006.192          |
| Lántökugjald .....   | <u>10.165.000</u>  |
| Fjármunatekjur alls:   | <u>347.023.281</u> |
| <b>Fjármagnsgjöld:</b>                                       |                    |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af langtímalánum .....  | 58.433.580         |
| Önnur vaxtagjöld .....                                       | 2.916              |
| Lántökugjöld .....   | <u>242.500</u>     |
| Fjármagnsgjöld alls:   | <u>58.678.996</u>  |
| Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld án verðbreytingafærslu ..... | 288.344.285        |
| Reiknuð gjöld v/verðbreytinga .....                          | <u>66.491.303</u>  |
| Hreinar fjármunatekjur:                                      | <u>221.852.982</u> |
| <b>Aðrar tekjur:</b>   |                    |
| Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....                    | <u>124.680.233</u> |
| Aðrar tekjur alls:   | <u>124.680.233</u> |
| <b>Rekstrargjöld:</b>  |                    |
| Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði .....                     | 11.615.495         |
| Sérkostnaður Lánasjóðs .....                                 | 4.700.733          |
| Afskr. varanl. rekstrarfjármuna .....                        | <u>962.230</u>     |
| Rekstrargjöld alls:  | <u>17.278.458</u>  |
| Tekjuafgangur ársins:  | <u>329.265.757</u> |

**Efnahagsreikningur 31. desember.****Eignir.**

|                                       | <b>kr.</b>           |
|---------------------------------------|----------------------|
| <b>Veltufjármunir:</b>                |                      |
| Sjóður .....                          | 10.000               |
| Bankainnstæður .....                  | 74.584.602           |
| Útistandandi skuldir .....            | 6.359.709            |
| Gjaldf. afborganir og vextir .....    | 16.797.690           |
| Áfallnir útistandandi vextir .....    | 117.320.493          |
| Afborg. sem gjaldf. á næsta ári ..... | <u>738.873.650</u>   |
| Veltufjármunir alls:                  | <u>953.946.144</u>   |
| <b>Fastafjármunir:</b>                |                      |
| Langtímakröfur:                       |                      |
| Skuldabréfaeign .....                 | 5.078.524.693        |
| Afb. til greiðslu á næsta ári .....   | <u>750.750.212</u>   |
| Langtímakröfur alls:                  | <u>4.327.774.481</u> |

## Áhættufé:

|                      |                |
|----------------------|----------------|
| Hlutabréfaeign ..... | 260.000        |
| Áhættufé alls:       | <u>260.000</u> |

## Varanlegir rekstrarfjármunir:

|                                    |                   |
|------------------------------------|-------------------|
| Fasteign .....                     | 31.083.454        |
| Varanlegir rekstrarfjármunir alls: | <u>31.083.454</u> |

Fastafjármunir alls: 4.359.117.935

Eignir samtals: 5.313.064.079

**Skuldir og eigið fé.****Skammtímaskuldir:**

|   |                   |
|---|-------------------|
| Skuldheimtumenn .....                   | 3.305.774         |
| Áfallnir ógr. vextir .....              | 13.660.083        |
| Afb. næsta árs af langtímaskuldum ..... | 60.662.529        |
| Skammtímaskuldir alls:                  | <u>77.628.386</u> |

**Langtímaskuldir:**

## Langtímalán:

|                                   |                    |
|-----------------------------------|--------------------|
| Framkvæmdasjóður Íslands .....    | 140.740.288        |
| Seðlabanki Íslands .....          | 4.841.823          |
| Norræni fjárfestingabankinn ..... | 619.223.826        |
|                                   | 764.805.937        |
| Afborganir næsta árs .....        | 60.662.529         |
| Langtímalán alls:                 | <u>704.143.408</u> |

## Ábyrgðarskuldbinding:

|                                     |                   |
|-------------------------------------|-------------------|
| Lífeyrisskuldb. v/starfsmanna ..... | 11.468.000        |
| Ábyrgðarskuldbinding alls:          | <u>11.468.000</u> |

Skuldir alls: 793.239.794

**Eigið fé:**

|                           |                      |
|---------------------------|----------------------|
| Endurmatsreikningur ..... | 2.054.499.458        |
| Óráðstafað eigið fé ..... | 2.465.324.827        |
| Eigið fé alls:            | <u>4.519.824.285</u> |

Skuldir og eigið fé samtals: 5.313.064.079

**Áritun endurskoðenda.**

Ég hefi endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1995. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-10.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar, voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem ég taldi nauðsynlegar.

Það er álit mitt, að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu árinu 1995, efnahag 31. desember 1995 og breytingu á handbæru fé á árinu 1995.

Reykjavík, 12. febrúar 1996.

Sveinn Sæmundsson,  
löggiltur endurskoðandi.

Við undirritaðir, skipaðir endurskoðendur Lánasjóðs sveitarfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við ákvæði laga og leggjum við til, að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 15. apríl 1996.

Ingimundur Sigurpálsson.

Sveinn Sæmundsson.

**Staðfesting ársreiknings.**

Reykjavík, 12. febrúar 1996.

**Kristján Magnússon.**

**Sigríður Stefánsdóttir.**

**Óli Jón Gunnarsson.**

**Ingvar Viktorsson.**

**Karl Björnsson.**

**Þórður Skúlason.**

**Birgir L. Blöndal.**

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.**

Samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku nr. 318 6. júní 1996, er taki gildi 1. nóvember 1996.

### IV. NIÐURGREIÐSLUR.

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30.000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og H490 og 42.000 kWh samkvæmt lið A5, en er skipt hlutfallslega niður á reiknings tímabilið. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

#### *Liður C1 hitun:*

Niðurgreidd er orka sem er allt að 82 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu (notkunartímabil=tímabilið milli álestra). Niðurgreiðsla nemur kr. 1,38 kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,47 kr. á kWh, eða samtals 1,85 kr/kWh.

#### *Liður A5 markmæling:*

Niðurgreidd er orka sem er allt að 115 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu.

Niðurgreiðsla nemur kr. 0,99 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,31 kr. á kWh, eða samtals 1,30 kr/kWh.

*Liður H490 Orka og vatnsmagn:*

Niðurgreidd er orka sem er allt að 82 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur kr. 1,29 á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,43 kr. á kWh eða samtals 1,72 kr. á kWh.

Aðrir liðir breytast ekki.

*Iðnaðarráðuneytinu, 18. október 1996.*

F. h. r.

**Halldór J. Kristjánsson.**

*Katrín Jóhannesdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1976 og lögum nr. 66 frá 31. ágúst 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 319 6. júní 1996, er taki gildi 1. nóvember 1996:

#### II. KAFLI

##### 3. gr.

*Orka og vatnsmagn H490/I494.*

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

|                 |                  |
|-----------------|------------------|
| Fastagjald..... | 13.294,00 kr/ári |
| Orkugjald.....  | 2,94 kr/kWh      |

*Orka og vatnsmagn H499/I495.*

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

|                 |                  |
|-----------------|------------------|
| Fastagjald..... | 13.294,00 kr/ári |
| Orkugjald.....  | 2,94 kr/kWh      |

Aðrir liðir breytast ekki.

*Iðnaðarráðuneytinu, 18. október 1996.*

F. h. r.

**Halldór J. Kristjánsson.**

*Katrín Jóhannesdóttir.*



## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 545/1990, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, eyðileggingar, rýrnunar, skemmda, vöntunar eða endursölu til útlanda o.fl.

1. gr.

2. málslíður 1. tölulíðar 9. gr. orðist svo:

Hafi vara sannanlega átt að koma til landsins undir innsigli erlends tollyfirvalds, farmflytjanda eða erlends seljanda hennar, t.d. í innsigliðum gámi, má taka tillit til vöntunar þrátt fyrir að fresturinn sé liðinn enda sé tollstjóra þegar tilkynnt skriflega um vöntunina og staðfest af farmflytjanda og innflytjanda að vöntun hafi fyrst komið í ljós er innsigli var rofið. Framvísa skal innsiglinu óski tollstjóri eftir því. Vöntun skal því aðeins tekin til greina að tilkynning berist tollstjóra innan viku frá því að innsigli er rofið hvort sem vöntun kemur í ljós í geymslu fyrir ótollafræiddar vörur eða í geymslu innflytjanda.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 112. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 22. október 1996.*

F. h. r.

**Guðrún Ásta Sigurðardóttir.**

*Bergþór Magnússon.*

Nr. 561

21. október 1996

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin einstefna á Laufásveg milli Skálholtsstígs og Skothúsvegar.

Ákvörðun þessi tekur gildi 7. nóvember 1996.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 21. október 1996.*

Böðvar Bragason,

e.u.

**Sturla Þórðarson.**

# STJÓRNARTÍÐINDI B 77 – 1996

30. október 1996

1461

Nr. 562

## VIÐAUKI

við reglugerð nr. 504, 20. september 1995, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 2. gr. er heimilt frá og með 31. október 1996 til 15. janúar 1997 að stunda veiðar með fiskibotnvörpu, flotvörpu og línu á svæðinu norður af Horni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. október 1996.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

---

*Jón B. Jónasson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 1996

Nr. 563

1462

31. október 1996

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á jólatrjám.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| <i>Tollnúmer:</i> | <i>Vara</i>       | <i>Tímabil</i>  | <i>Vörumagn<br/>kg</i> | <i>Verðtollur<br/>%</i> | <i>Magntollur<br/>kr/stk.</i> |
|-------------------|-------------------|-----------------|------------------------|-------------------------|-------------------------------|
| 0604.9101         | Jólatré, án rótar | 01.11.-31.12.96 | ótilgr.                | 30                      | 0                             |
| 0604.9102         | Jólatrésgreinar   | 01.11.-31.12.96 | ótilgr.                | 30                      | 0                             |
| 0604.9109         | Annað             | 01.11.-31.12.96 | ótilgr.                | 30                      | 0                             |
| 0604.9900         | Annars            | 01.11.-31.12.96 | ótilgr.                | 30                      | 0                             |

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

#### 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70 gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75 gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1997.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 31. október 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

23. október 1996

Nr. 564

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.**

1. gr.

Á eftir 2. gr. c. bætist við ný grein, 2. gr. d, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/96 frá 19. júlí 1996 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn (um samkeppni), bókun I (um altæka aðlögun) og öðrum ákvæðum samningsins:

reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1475/95 frá 28. júní 1995 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja.

2. gr.

Jafnframt fellur úr gildi d-liður 2. gr. þess efnis að reglugerð nr. 123/85/EBE, með síðari breytingum, hafi gildi hér á landi, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 1475/95/EB.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

*Viðskiptaráðuneytinu, 23. október 1996.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Halldór J. Kristjánsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 79 – 1996

Nr. 565

1464

17. október 1996

## SAMÞYKKT

### um kattahald á Seltjarnarnesi.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi er gerð til að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta fari vel með ketti og tryggi þeim góða vist og sjái jafnframt til þess að þeir séu ekki á flækingi og af þeim stafi ekki ónæði og óþrifnaður.

#### 2. gr.

Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Kattaeigendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem kettir þeirra sannanlega valda. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

#### 3. gr.

Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um eiganda, heimilisfang og símanúmer.

#### 4. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, með því að hengja bjöllu á ketti og takmarka útiveru katta.

#### 5. gr.

Ketti skal ormahreinsa reglulega, þ.e.a.s. einu sinni á ári eða oftast eftir þörfum. Eigendur katta skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta. Hvatt er til reglulegra bólusetninga katta gegn helstu smitsjúkdómum þeirra.

#### 6. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Heilbrigðisnefnd, heilbrigðisfulltrúi eða aðili sem hefur sérstakt umboð þeirra getur handsamað ketti. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður. Allur kostnaður greiðist af eiganda.

#### 7. gr.

Bæjarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

#### 8. gr.

Eigendur katta skulu sæta skriflegri áminningu fyrir brot á samþykkt þessari. Bæjarstjórn er heimilt að banna eða takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflegar áminningar um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að.

## 9. gr.

Seltjarnarnesbær annast eftirlit með kattahaldi, samkvæmt samþykkt þessari, undir yfirstjórn heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis. Leita má aðstoðar lögregluyfirvalda ef þörf krefur.

## 10. gr.

Skrá skal alla ketti í sveitarfélaginu. Við skráningu skal greiða kr. 1.000. Árlega eftir það skal greiða eftirlitsgjald kr. 1.000. Gjaldþagi eftirlitsgjalds er 1. maí ár hvert og eindagi 1. júní.

## 11. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. október 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Verslunarminjasafn á Hvammstanga.

## 1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og heitir Verslunarminjasafn á Hvammstanga. Heimili og varnarþing er á Hvammstanga. Stofnendur eru einstaklingar, fyrirtæki, félög og sveitarfélög, sem leggja stofnuninni til stofnfé samkvæmt stofnskrá.

## 2. gr.

Stofnfé verslunarminjasafnsins er kr. 500.000, sem gengur til endurbóta á húseigninni Brekkugötu 4, Hvammstanga, sem aldrei má skerða.

Eignir stofnunarinnar eru húseignin að Brekkugötu 4 (Pakkhús VSP), safngripir og annað það sem hún síðar kann að eignast fyrir gjöf eða á annan hátt.

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna stofnunarinnar.

## 3. gr.

Markmið og hlutverk stofnunarinnar er að varðveita og reka verslunarminjasafn að Brekkugötu 4 á Hvammstanga.

## 4. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru vaxtatekjur, aðgangseyrir og aðrar rekstrartekjur af minjasafninu, gjafir og hvers konar styrktarfé og önnur framlög sem veitt er viðtöku eða aflað. Tekjum skal einungis ráðstafað til starfsemi skv. 3. gr. skipulagsskrár þessarar.

## 5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum sem kosnir eru á stofnfundi. Meiri hluta stjórnar þarf til að skipa nýjan mann í stjórn og samþykki 4ra stjórnarmanna til að víkja manni úr stjórn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

## 6. gr.

Stjórnarfundi skal boða með minnst 3ja daga fyrirvara og er fundurinn lögmætur ef meiri hluti stjórnar mætir. Stjórnin skal halda fundargerðarbók um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar.

## 7. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum.

## 8. gr.

Breyta má skipulagsskrá þessari ef 4 stjórnarmanna samþykkja það. Verði stofnunin lögð niður þarf samþykki 4ra stjórnarmanna til þess og renna þá eigur stofnunarinnar til héraðsnefndar Vestur-Húnavatnssýslu.

Leita skal samþykkis dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari og breytingum sem á henni kunna að verða gerðar.

Svo samþykkt á stofnfundi Verslunarminjasafns á Hvammstanga þann 11. apríl 1996.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. október 1996.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

Nr. 567

28. október 1996

## AUGLÝSING

### **ríkisskattstjóra nr. 9/1996 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur.**

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið í umboði fjármálaráðuneytisins að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust að lokinni álagningu opinberra gjalda á skattaðila gjaldárið 1996.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1995 og eigna í lok þess árs 20. desember 1996 í stað 28. október 1996.

*Reykjavík, 28. október 1996.*

**Snorri Olsen** ríkisskattstjóri.

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 310/1992, um tollmeðferð póstsendinga, með áorðnum breytingum.

#### 1. gr.

3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er póststjórninni heimilt að afhenda póstsendingar án þess að viðtakandi leggi fram aðflutningsskýrslu þegar í póstsendingu eru neðangreindar vörur eða þjónusta:

- a) Vörur sem ekki eru háðar neins konar innflutningstakmörkunum eða -banni og undanþegnar eru öllum aðflutningsgjöldum, þ.m.t. virðisaukaskattur, t.d. tollfrjálsar gjafir og sýnishorn og annað sem ekki hefur neitt viðskiptalegt gildi,
- b) blöð og tímarit sem send eru í áskrift erlendis frá, sbr. reglugerð nr. 336/1993, um innheimtu virðisaukaskatts af blöðum og tímaritum sem send eru í áskrift erlendis frá í pósti,
- c) hugbúnaðargögn sem send eru án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar, uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar enda beri flutningsskjöl eða fylgibréf með sér að um slíka sendingu sé að ræða, og
- d) hugbúnaðarþjónusta, þ.e. kaup á rétti til nota á stöðluðu tölvuforriti fyrir fleiri notendur eða hugbúnaði sem sérstaklega er framleiddur og aðlagður að séróskum hvers kaupanda, enda sé um kaup virðisaukaskattsskylds aðila á framangreindri hugbúnaðarþjónustu að ræða sem fellur undir 2. gr. reglugerðar nr. 194/1990, hinn virðisaukaskattsskyldi aðili geti að fullu talið virðisaukaskatt vegna kaupanna til innskatts skv. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 194/1990 og hann verið skráður samkvæmt reglugerð nr. 515/1996 um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Aðilum sem veita viðtöku vöru eða þjónustu sem um ræðir í b- til d-lið ber að varðveita í bókhaldi sínu samning kaupanda og seljanda um afnot af hugbúnaðinum svo og önnur bókhaldsgögn sem slíkar sendingar varða og framvísa við töllyfirvöld sé þess óskað t.d. vegna endurskoðunar eftir á.

Tölvudisklingar og aðrir hliðstæðir tölvumiðlar, sem hafa að geyma hugbúnað sem um ræðir í c- og d-lið, teljast vera nauðsynlegur og óaðskiljanlegur hluti af hugbúnaðarþjónustunni.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 107. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 28. október 1996.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*



# AUGLÝSING

## um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir Bókaútgáfu Orators, nr. 335 24. júní 1988.

Stjórn Bókaútgáfu Orators hefur hinn 31. mars 1995 samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá bókaútgáfunnar sem staðfest var 24. júní 1988:

### 1. gr.

4. gr. orðist svo:

Stjórn Bókaútgáfu Orators skipa sjö menn: þrír menn úr útgáfuráði; formaður, ritari og gjaldkeri þess, formaður Orators og síðasti fyrirrennari hans á hverjum tíma, formaður Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands.

Segi einhver stjórnarmaður af sér eða geti af öðrum ástæðum ekki gegnt stjórnarstörfum tekur varamaður hans sæti í stjórninni.

Stjórnin kýs sér formann til eins árs í senn.

Stjórn stofnunarinnar hefur æðsta vald í málefnum hennar.

### 2. gr.

5. gr. orðist svo:

Aðalfund stjórnar skal halda í marsmánuði ár hvert.

Á aðalfundi kýs stjórnin fimm menn í útgáfuráð til eins árs.

### 3. gr.

6. gr. orðist svo:

Útgáfuráð skipa sjö menn: fimm kosnir á aðalfundi stjórnar til eins árs í senn og tveir kosnir á aðalfundi Orators, hvor til tveggja ára.

Útgáfuráð annast daglegan rekstur stofnunarinnar. Útgáfuráð gerir árlega áætlun um útgáfustarfsemi stofnunarinnar og leggur hana fyrir stjórn.

Útgáfuráð velur sér formann, ritara og gjaldkera og sitja þeir jafnframt í stjórn. Geti einhver þeirra ekki sinnt stjórnarstörfum tímabundið velur útgáfuráðið annan úr sínum röðum til þeirra starfa. Formaður, ritari og gjaldkeri rita sameiginlega firma Bókaútgáfu Orators.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Bókaútgáfu Orators staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. október 1996.*

F. h. r.  
**Þorsteinn Geirsson.**

---

*Fanney Óskarsdóttir.*

# REGLUGERÐ

## um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar.

### I. KAFLI

#### Gildissvið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

Skilgreiningar hugtaka:

**Vaktstöð:** varðstöð þar sem komið er fyrir nauðsynlegum tæknibúnaði og aðstöðu fyrir starfsfólk til að svara þegar hringt er í samræmda neyðarnúmerið 112.

**Þjónusta vaktstöðvar:** þjónusta, tengd neyðarsímsvörun, og önnur þjónusta sem veitt er samkvæmt sérstöku samkomulagi við vaktstöð.

**Neyðarþjónusta:** aðstoð sem lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningalið, lækna og björgunar-sveitir veita.

**Neyðarsveit (neyðarþjónustuaðili** í lögnum): sveit manna sem veitir neyðarþjónustu.

**Öryggisþjónusta:** sú starfsemi að gæta eigna einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila gegn greiðslu.

**Öryggisfyrirtæki:** fyrirtæki, sem sinnir fyrst og fremst öryggisþjónustu.

### II. KAFLI

#### Framkvæmd laganna.

##### 2. gr.

Þeim sem bera ábyrgð á síma- og fjarskiptamálum á Íslandi, er skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að símnötendur geti jafnan náð sambandi við símanúmerið 112. Óheimilt er að nota þá tölu sem símanúmer eða annað auðkenni í fjarskiptakerfi á Íslandi. Einnig er óheimilt að nota orðið neyðarnúmer eða neyðarsímanúmer eitt sér eða í orða-samböndum um aðra starfsemi hér á landi en reglugerð þessi og lög um samræmda neyðarsímsvörun kveða á um.

Þeim sem um getur í 1. mgr. er jafnframt skylt að viðhalda því ástandi sem þeim er ætlað að koma á til að tryggt verði, eins og kostur er, að jafnan megi ná sambandi við símanúmerið 112. Ber þeim í því skyni að viðhalda tæknibúnaði, endurnýja hann eftir þörfum og sjá til þess að hann sé ávallt í góðu ástandi.

##### 3. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður hverjir reka samræmda neyðarsímsvörun og semur við þá rekstrarfyrirkomulag og rekstrarkostnað. Honum er heimilt að semja við opinberar stofnanir, sveitarfélög og aðra aðila um fyrirkomulag, fjármögnun og þátttöku í slíkum rekstri.

Sá sem tekur að sér neyðarsímsvörun skal koma á fót og starfrækja vaktstöð eða vaktstöðvar til að taka við tilkynningum sem berast um samræmt neyðarsímanúmer og vinna úr þeim.

##### 4. gr.

Í vaktstöð skal m.a.:

1. svarað samræmda neyðarsímanúmerinu 112, enda einskorðist notkun þess við beiðnir um neyðaraðstoð frá lögreglu, slökkviliði, sjúkraflutningaliði, læknum og björgunar-sveitum,
2. sinnt boðun, upplýsinga- og fjarskiptaþjónustu í þágu neyðarsveita og gætt viðvörunar-kerfa fyrir öryggisfyrirtæki, enda komi sú starfsemi ekki niður á síma- og fjarskiptamálum skv. 1. tölul.

## 5. gr.

Rekstraraðila vaktstöðvar er heimilt að semja við neyðarsveitir um að stöðin annist boðun, upplýsinga- og fjarskiptaþjónustu í þeirra þágu.

Einnig er rekstraraðila vaktstöðvar heimilt að semja við öryggisfyrirtæki um að stöðin annist vöktun viðvörunkerfa (neyðarkerfa) að fullnægðum tilteknum skilyrðum skv. V. kafla þessarar reglugerðar.

Samningar um starfsemi skv. 1. og 2. mgr. eru háðir samþykki dómsmálaráðherra.

Aukaþjónusta vaktstöðvar skv. 1. og 2. mgr. má aldrei standa í vegi fyrir því að stöðin sinni lögbundinni neyðarsímavörslu.

## 6. gr.

Til þess að vaktstöð geti ávallt sinnt hlutverki sínu skal rekstraraðili hennar ábyrgjast svo góða afkomu og rekstur að starfsemin stöðvist ekki né lamist og að tækjabúnaður sé fullnægjandi og í góðu ástandi.

Bókhald og reikningshald er háð eftirliti og endurskoðun löggiltra endurskoðenda. Auk þess getur Ríkisendurskoðun skoðað reikninga í tengslum við rekstur vaktstöðvar og skal þá fá aðgang að öllum bókhaldsgögnum stöðvarinnar.

## 7. gr.

Þjónusta sem veitt er í tengslum við neyðarsímavörslu getur verið af þrennum toga:

1. Símsvörun og flutningur símtals.
2. Símsvörun og boðun neyðarsveitar.
3. Símsvörun, boðun neyðarsveitar og þjónusta við hana í útkalli.

Neyðarsveit velur einn eða fleiri af þessum kostum.

Öllum neyðarsveitum er skylt að tengjast vaktstöð og njóta þá annaðhvort símsvörunar og flutnings símtals eða símsvörunar og boðunar til hjálparstarfa. Þessi þjónusta er veitt án þess að sérstök greiðsla komi fyrir. Ef neyðarsveit óskar eftir þjónustu skv. 3. tölul. 1. mgr., þarf hún að fullnægja skilyrðum vaktstöðvar um tæknibúnað. Fyrir slíka aukaðþjónustu skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem dómsmálaráðherra samþykkir.

Skilyrði þess að neyðarsveit fái að tengjast vaktstöð og njóta einungis símsvörunar og símtalsflutnings er að hún haldi sjálf uppi vakt allan sólarhringinn.

Þjónustugítu skulu nánar skilgreind í starfsreglum skv. 10. gr. svo og gagnkvæmar skyldur vaktstöðvar og neyðarsveita.

## 8. gr.

Rekstraraðila vaktstöðvar ber að semja við neyðarsveit, vel búna tækjum og mannafla, um að taka við þjónustu stöðvarinnar ef mikið liggur við, svo sem vegna náttúruhamfara, hernaðaraðgerða eða annarra tilvika, sem gætu lamað starfsemi vaktstöðvarinnar.

## 9. gr.

Starfsmenn vaktstöðvar skulu hafa stúdentspróf eða sambærilega menntun þar sem sérstök áhersla er lögð á tungumálakunnáttu.

Sérhver nýr starfsmaður vaktstöðvar skal hljóta bóklega og verklega menntun sem hæfi væntanlegu starfi hans. Er rekstraraðila vaktstöðvar skylt að halda a.m.k. átta vikna námskeið fyrir nýliða, þar sem kenndar eru bóklegar og verklegar námsgreinar, og skulu þeir m.a. fá hagnýta þjálfun hjá völdum neyðarsveitum, sem skylt er að veita þessa þjónustu. Á námskeiðum skulu m.a. kennd undirstöðuatriði í mannlegum samskiptum og fyrstu viðbrögð við áföllum.

Árlega skulu haldin námskeið fyrir símaverði vaktstöðvar, sem standi eigi skemur en eina viku.

#### 10. gr.

Rekstraraðila vaktstöðvar ber að setja verklagsreglur um starfsemi vaktstöðvarinnar. Tilgangur þeirra er að staðla vinnureglur fyrir símaverði og gefa dómsmálaráðherra yfirsýn yfir þjónustu vaktstöðvar. Þar skulu vera ítarleg ákvæði um eftirfarandi atriði:

1. Starfsmenn: vaktaskipti og meðferð trúnaðarmála,
2. Símsvörun: framkomu símavarda, upplýsingasöfnun, afgreiðslu erinda, flokkun og forgangsröðun, forgangsröðun neyðarerinda og upptökur eða hljóðritanir,
3. Neyðarsveitir: flokkun neyðarsveita, símtalsflutning, boðun og útkallsþjónustu,
4. Samskipti eða fjarskipti: fjarskipti við neyðarsveitir, erindi til lögreglu, erindi til sjúkraflutningaliðs og erindi til slökkviliðs.

Starfsreglur skulu liggja fyrir eigi síðar en 6 mánuðum eftir að vaktstöð hefur starfsemi sína. Skulu þær lagðar fyrir samstarfsnefnd skv. VI. kafla til samþykktar og er skylt að fara eftir tilmælum nefndarinnar um breytingar á reglunum.

Starfsreglur eru háðar samþykki dómsmálaráðherra.

### III. KAFLI

#### Upplýsingaskylda við vaktstöðvar.

#### 11. gr.

Eftirtaldir aðilar skulu gefa vaktstöð upplýsingar um öll þau atriði sem stuðlað geta að bestum árangri í hjálparstarfi hverju sinni:

1. Lögregla.
2. Slökkvilið.
3. Sjúkraflutningalið.
4. Héraðslæknar.
5. Landsbjörg og Slysavarnarfélag Íslands.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu taka til eftirtalinna atriða að minnsta kosti:

1. Hverjir taka við beiðnum um aðstoð neyðarsveitar.
2. Hvaða þjónusta er í boði.
3. Hvert er menntunar- og þjálfunarstig sveitarinnar.
4. Hvaða tækjabúnaður er tiltækur.

Upplýsingar skv. 1. og 2. tölul. 2. mgr. skulu veittar skriflega án þess að um þær sé beið, en upplýsingar skv. 3. og 4. tölul. 2. mgr. skulu aðeins veittar ef þess er óskað. Mót-taka upplýsinganna skal staðfest af vaktstöð. Breytingum á áður gefnum upplýsingum skal einnig komið til vaktstöðvar og er það á ábyrgð neyðarsveitar að upplýsingarnar berist stöðinni.

Allar neyðarsveitir skulu veita vaktstöð sem fyllstar upplýsingar um allar nauðsynlegar samskiptaleiðir vegna neyðarútkalla.

Þær neyðarsveitir sem vaktstöð kallar út eða kveður á annan hátt til starfa skulu sjá um að ætíð liggja fyrir nýjar og réttar upplýsingar um það hverjir sinni útköllum, hvernig eigi að ná sambandi við þá og hvaða leiðir séu síðan til að veita þeim frekari upplýsingar og aðstoð.

Þegar um sérhæft aðstoðarlið eða björgunarhópa er að ræða, skulu enn fremur liggja fyrir listar um sérbúnað, sérþjálfun einstakra manna og hópa og sérþekkingu á einstökum sviðum. Í vaktstöð skal annast samhæfða skráningu á upplýsingum á þessu sviði.

Vaktstöð getur ekki krafist neyðarsveit, eða aðra sem hún veitir þjónustu, um upplýsingar um nein þau atriði, sem þessir viðskiptavinir hafa ákveðið að leynt eigi að fara, t.d. til að tryggja samkeppnisstöðu sína.

## IV. KAFLI

**Varðveisla og aðgangur að tilkynningum til vaktstöðvar o.fl.**

## 12. gr.

Í vaktstöð skulu skráðar og hljóðritaðar allar tilkynningar sem henni berast. Skráningin skal ná til eftirtalinnna atriða:

1. Hvaðan er hringt.
2. Hvenær er hringt.
3. Hver hringir.
4. Hvers vegna er hringt.

Tilgreina skal nákvæmlega staðinn sem hringt er frá og úr hvaða síma, klukkan hvað hringt er, fullt nafn þess sem hringir og hvert tilefnið er.

Hljóðrita skal samtal tilkynnanda (neyðarboða) og vaktstöðvar allt þar til símtalsflutningur til neyðarsveitar á sér stað. Símtal við neyðarsveit skal hljóðrita nema hún annist sjálf hljóðritun.

## 13. gr.

Hljóðritanir skulu varðveittar í a.m.k. tvo mánuði eftir upptöku. Séu þær meira en sólarhrings gamlar, skulu þær geymdar í öruggri, eldtraustri, læstri hirslu, og mega ekki aðrir en yfirmenn hafa aðgang að þeim.

Með efni þess sem skráð er og hljóðritað skal farið sem trúnaðarmál.

Þeir sem geta fengið aðgang að hljóðritunum eru neyðarsveitir, neyðarboðar og neyðarþolar eða löglegir talsmenn þeirra, enda geri þeir hverju sinni rökstudda grein fyrir þörf sinni fyrir slíkan aðgang. Skal við það miðað að sýnt sé fram á að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess að slíkur aðgangur verði veittur og ótvírætt sé að þörfin á að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess að þeim sé haldið leyndum.

Telji framkvæmdastjóri vaktstöðvar vafamál hvort beiðandi hafi sýnt fram á slíka hagsmuni er greint er í 3. mgr. skal hann vísa málinu til tölvunefndar til úrlausnar.

## 14. gr.

Starfsmenn vaktstöðvar skulu gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglugerðum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Skulu starfsmenn undirrita þagnarheit áður en þeir hefja störf.

Þagnarskyldan felur í sér að starfsmenn vaktstöðvar mega ekkert láta uppi um það, sem þeir verða áskynja í starfi sínu, hvorki um atburði né menn, nema í samskiptum við þær neyðarsveitir sem málið varðar.

Þagnarskyldan tekur einnig til þess að staðfesta hvorki né neita að tiltekið mál sé til meðferðar hjá neyðarsveit, og á það jafnt við gagnvart fjölmiðlum sem öðrum. Neyðarsveit getur þó aflétt þagnarskyldu samkvæmt þessari málsgrein.

Yfirstjórn vaktstöðvar er þó heimilt að bera af sér sakir ef starfsmenn hennar sæta alvarlegu ámæli, en gæta skal þess að gera það með þeim hætti að ekki valdi réttarspjöllum né spilli að öðru leyti fyrir afgreiðslu máls.

Rof á þagnarheiti getur varðað brottvísun úr starfi, auk viðurlaga sem lög kunna að mæla fyrir um.

## V. KAFLI Öryggisfyrirtæki.

15. gr.

Öryggisfyrirtæki sem vaktstöð getur samið við skv. 5. gr. þarf að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. vera skráð í firma- eða hlutafélagaskrá og hafa þau rekstrarleyfi sem lög og reglugerðir gera ráð fyrir,
2. hafa góða og örugga rekstrarafkomu samkvæmt ársreikningum,
3. hafa öryggisþjónustu að höfuðviðfangsefni, og skulu 90% af tekjum fyrirtækisins vera af þeirri þjónustu eða velta af henni nema a.m.k. 20 milljónum króna á ári miðað við byggingarvísitölu í janúar 1996,
4. hafa nægar og alhliða tryggingar til að standa undir þeim skaðabótakröfum sem upp kunna að koma vegna reksturs og hugsanlegrar vanrækslu eða mistaka í starfi,
5. að starfsmenn hafi tilskilin leyfi eða vottorð, sé farið fram á slíkt í lögum, og að aðbúnaður starfsmanna og fyrirkomulag starfsmannamála fullnægi ákvæðum Vinnu-  
eftirlits ríkisins,
6. leggja vaktstöð til þann viðtökubúnað sem þjóna á viðskiptavinum hennar sem stenst kröfur Evrópustaðla (EN) eða sambærilegra staðla á Norðurlöndum um brunaviðvör-  
unarkerfi, innbrotaviðvörunarkerfi eða neyðarkerfi, allt eftir því hvers konar kerfum hann þjónar,
7. gera skriflega samninga við viðskiptavini sína, þ.e. eigendur kerfanna, þar sem skýrt kemur fram skipting verka og ábyrgðar á kerfinu,
8. skilgreina og skjalfesta viðbrögð við boðum frá viðvörunarkerfum,
9. kynna fyrir neyðarsveitum fyrirkomulag vöktunar og farandgæslu, og hvernig hugsan-  
leg boðun þeirra fer fram í tengslum við viðvörunarkerfin,
10. hafa til umráða a.m.k. tvær vaktbifreiðir, til að bregðast við boðun frá vaktstöð og fara á vettvang ef nauðsyn krefur,
11. semja starfsreglur yfir þá þjónustu sem fyrirtækið veitir og snýr að samskiptum við vaktstöð.

Í samningum fyrirtækja og viðskiptavina þeirra skv. 7. tölul. 1. mgr. skal koma fram hvernig bregðast skuli við boðum um innbrot og eld, villuboðum og öðrum boðum, hverja skuli hafa samband við og í hvaða röð. Í samningnum skal kveðið á um skýrslur eða aðrar upplýsingar, sem viðskiptavinum eru sendar, lykلافyrirkomulag o.s.frv.

Auk þess sem segir í 10. tölul. 1. mgr. skulu bifreiðar vera til ráðstöfunar ef vaktmaður þarfnast liðsauka, boð koma frá fleiri en einu kerfi samtímis eða fyrri boðun bregst. Hafi fyrirtæki aðeins yfir einni vaktbifreið að ráða skal það semja við annað öryggisfyrirtæki um notkun vaktbifreiðar í forföllum, t.d. vegna bilana, viðhalds eða annarra truflana á notkun eigin bifreiðar fyrirtækisins.

Starfsreglur skv. 11. tölul. 1. mgr. skulu m.a. ná til eftirfarandi atriða: Þjónustu, samn-  
inga við viðskiptavini, rekstrarfyrirkomulags, skráningar og meðferðar upplýsinga, innra  
eftirlits og neyðaráætlunar.

## VI. KAFLI Skipun og starfssvið samstarfsnefndar.

16. gr.

Dómsmálaráðherra skipar samstarfsnefnd sem skal vera til eftirlits og ráðuneytis við framkvæmd laga um samræmda neyðarsímsvörun. Nefndin hefur ekki ákvörðunarvald um málefni neyðarsímsvörunar.

Í nefndinni eiga sæti 9 menn, skipaðir af dómismálaráðherra til tveggja ára í senn. Fimm aðilar tilnefna sinn manninn hver sem hér segir: Heilbrigðisráðuneyti, samgönguráðuneyti, landssamtök björgunarsveita, Landssamband slökkviliðsmanna og Landssamband sjúkraflutningamanna. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir tvo menn. Dómismálaráðherra skipar tvo menn án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar.

#### 17. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með því að neyðarsímsvörun sé á hverjum tíma rekin samkvæmt lögum og reglum sem um hana gilda. Nefndinni ber einkum að huga að eftirtöldum atriðum:

1. rekstrarfyrirkomulagi og rekstrarformi vaktstöðvar, einkum að því er varðar skyldur þess sem stöðina rekur til að hafa hana ávallt þannig búna að unnt sé að sinna lögbundnum starfsskyldum,
2. að neyðarverkefnum sé sinnt á fullnægjandi hátt,
3. að þjónustustarfsemi vaktstöðvar spilli ekki öryggi eða tefji fyrir úrlausn neyðarverkefna og að vaktstöðin taki ekki að sér verkefni sem ekki eru fullkomlega samrýmanleg starfsemi hennar samkvæmt lögum um samræmda neyðarsímsvörun, reglugerð þessari eða eðli máls,
4. að neyðarsveitir uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum um samræmda neyðarsímsvörun og reglugerð þessari.

Enn fremur skal samstarfsnefndin veita umsögn um kærur eða kvartanir sem berast dómismálaráðuneytinu vegna starfsmanna vaktstöðvar, þjónustu hennar, rekstrar eða rekstrarforms og koma á framfæri við ráðuneytið ábendingum um það sem hún telur að betur megi fara varðandi fyrirkomulag og framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar.

Þá skal samstarfsnefndin vera dómismálaráðherra til ráðuneytis um öll þau atriði er varða starfsfyrirkomulag og starfsemi þess sem rekur neyðarsímsvörun og samskipti hans við neyðarsveitir og almenning eða öll þau atriði sem dómismálaráðherra kveður nefndina til ráðuneytis um.

#### 18. gr.

Formaður samstarfsnefndar boðar til funda, stýrir störfum nefndarinnar og er tengiliður hennar við dómismálaráðuneyti.

Formanni er heimilt að kveðja tvo nefndarmenn með sér í sérstaka framkvæmdanefnd til að vinna að einstökum verkefnum.

Samstarfsnefndin skal fyrir 1. mars ár hvert skila ársskýrslu til dómismálaráðherra. Þar skal tilgreina störf nefndarinnar næstliðið almanaksár, fjalla um helstu viðfangsefni hennar og gera faglega úttekt á stöðu samræmdu neyðarsímsvörunarinnar og samskiptum forsvarsmanna hennar og dómismálaráðuneytis.

#### 19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 5., 6. og 8. gr. laga um samræmda neyðarsímsvörun, nr. 25 3. mars 1995, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. október 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Björg Thorarensen.*

## REGLUGERÐ

### um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til lánveitinga, verðbréfaeignar, eignarhluta og veittra ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila svo og annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart lánastofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu, hér eftir nefndar áhættuskuldbindingar, og mats á áhættu vegna slíkra skuldbindinga. Reglurnar taka einnig til samstæðu lánastofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu og fyrirtækja sem stunda starfsemi samkvæmt 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

#### 2. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

*Áhættuskuldbinding:* Eignaliðir og liðir utan efnahagsreiknings sem um getur í A, B og C liðum viðauka I með reglugerð þessari, þó ekki eignaliðir sem dragast frá eigin fé samkvæmt eiginfjárkvæðum laga um þær stofnanir sem reglugerð þessi tekur til.

*Eigið fé:* Samtala eiginfjáráttar A og B sbr. skilgreiningu eiginfjárkvæða þeirra laga sem gilda um þær stofnanir og fyrirtæki sem reglugerð þessi tekur til.

*Fjárhagslega tengdir aðilar:*

a. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur þar sem annar eða einn hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum og því teljist skuldbindingar þeirra vegna mynda eina áhættuskuldbindingu og

b. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur sem teljast mynda eina áhættuskuldbindingu þar sem þeir eru svo fjárhagslega tengdir innbyrðis að líkur séu á að fjárhagserfiðleikar annars eða eins leiði til greiðsluerfiðleika hins eða hinna.

*Fjölþjóða þróunarbankar:* Alþjóðabankinn, Alþjóðalánastofnunin, Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, Fjárfestingarsjóður Evrópu, Fjárfestingarlánastofnun Ameríkuríkja, Norræni fjárfestingarbankinn, Þróunarbanki Afríku, Þróunarbanki Ameríkuríkja, Þróunarbanki Asíu, Þróunarbanki Mið-Ameríkuríkja og Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins.

*Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu:* Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti.

*Lánastofnun:* Viðskiptabankar og sparisjóðir, sbr lög nr. 113/1996 svo og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir sbr. lög nr. 123/1993.

*Stór áhættuskuldbinding:* Áhættuskuldbinding lánastofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu vegna einstaks viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila, sem nemur 10% eða meira af eigin fé stofnunarinnar eða fyrirtækisins.

#### 3. gr.

Stórar áhættuskuldbindingar vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila mega ekki fara fram yfir 25% af eigin fé lánastofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega stórar áhættuskuldbindingar lánastofnunar og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu vera allt að 40% af eigin fé til og með 31. desember 1998. Síðan skal hlutfall þeirra fara lækkandi og vera að hámarki 35% þann 31. desember 1999, að hámarki 30% miðað við 31. desember 2000 og að hámarki 25% þann 31. desember 2001. Teljist



einhver hluti viðkomandi áhættuskuldbindingar vera staða í veltubók skal við mat á áhættu-grunni fara með þá stöðu sem umframáhættu sbr. ákvæði 7. kafla reglna Seðlabanka Íslands nr. 348/1996.

Heildarfjárhæð stórra áhættuskuldbindinga lánastofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu má ekki fara yfir 800% af eigin fé stofnunar.

Ákvæði 1.-3. mgr. eiga ekki við um áhættuskuldbindingar lánastofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu vegna fyrirtækja sem stunda starfsemi samkvæmt 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði og mynda samstæðu með hlutaðeigandi stofnun eða fyrirtæki.

#### 4. gr.

Við útreikning hlutfalla samkvæmt 1.-3. mgr. 3. gr. er heimilt að undanskilja eftirtalda liði í samræmi við eftirfarandi. Sé ekki annað tekið sérstaklega fram eiga einstakir liðir við bæði lánastofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu:

1. Kröfur á eða með ábyrgð ríkissjóða og seðlabanka á svæði A, sbr. viðauka II með reglugerð þessari, svo og kröfur á eða með ábyrgð Evrópusambandsins.
2. Kröfur á eða með ábyrgð ríkissjóða og seðlabanka á svæði B, sbr. viðauka II með reglum þessum, enda sé um að ræða kröfur í þarlendri mynt og sem fjármagnaðar eru í sömu mynt.
3. Kröfur lánastofnunar tryggðar með handveði í innstæðum og innlánskírteinum útgefnum af stofnuninni sjálfri eða lánastofnun sem er móðurfyrirtæki eða dótturfyrirtæki hennar.
4. Kröfur tryggðar með handveði í verðbréfum útgefnum af aðilum sem tilgreindir eru í 1. tölulið.
5. Kröfur á eða með ábyrgð innlendra sveitarfélaga og sveitarfélaga og svæðisbundinna stjórnvalda á svæði A, sbr. viðauka II að 80% hluta.
6. Kröfur á lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu innan Evrópska efnahags-svæðisins, viðurkenndra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu utan Evrópska efnahags-svæðisins, skipulegra verðbréfamarkaða og viðurkenndra greiðslujöfnunarstöðva og kröfur með ábyrgð sömu aðila með lánstíma eftirstöðva yfir einu ári og allt að þremur árum má undanskilja að 80% hluta, en kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir þremur árum eða lengur má undanskilja að 50% hluta. Ákvæðin varðandi kröfur með lánstíma eftirstöðva lengri en eitt ár eru háð því skilyrði að kröfurnar séu í formi skuldaskjala sem eru gefin út af einhverjum þeirra aðila sem getið er í 1. málslíð þessa töluliðar sem eru framseljanleg á markaði sem er starfræktur af viðurkenndum aðilum og að söluverð þeirra sé daglega skráð. Kröfur íslenskra sparisjóða með eftirstöðvatíma yfir einu ári á hendur eða með ábyrgð Sparisjóðabanka Íslands má þó undanskilja að 80% hluta. Víkjandi kröfur eru undanskildar ákvæðum þessa töluliðar.
7. Kröfur sem tryggðar eru á fullnægjandi hátt með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði sem lántaki nýtir eða leigir út allt að 50% af fasteignamati eða sérstöku mati Fasteignamats ríkisins á markaðsverði íbúðarhúsnæðis með sama viðmiðunartíma og fasteignamatið.
8. Kröfur tryggðar með handveði í verðbréfum öðrum en þeim sem tilgreind eru í 4. og 5. tölul. að því tilskyldu að þau séu ekki gefin út af viðskiptamanni lánastofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða hópi tengdra viðskiptamanna. Verðbréfin þurfa að vera skráð á skipulegum verðbréfamarkaði sbr. 10. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti. Þau skulu metin á markaðsvirði og

vera meira virði en áhætturnar sem tryggðar eru. Umframverð sem krafist er skal vera 100%. Þó skal það vera 150% þegar um hlutabréf er að ræða og 50% þegar um er að ræða skuldabréf útgefin af lánastofnunum, sveitarstjórnnum sbr. 5. tölul., Fjárfestingarbanka Evrópu og fjölþjóða þróunarböndum. Víkjandi kröfur eru undanskildar ákvæðum þessa töluliðar.

9. Þann hluta sölutryggingar verðbréfaútgáfu sem nemur niðurfærslu samkvæmt 1. mgr. 32. gr. reglna nr. 348/1996 um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.
10. Liði utan efnahagsreiknings samkvæmt lið B.3. í viðauka I með reglugerð þessari að 50% hluta.
11. Liði utan efnahagsreiknings samkvæmt lið B.4. í viðauka I með reglugerð þessari að undanskildum ónotuðum yfirdráttarheimildum, enda leiði samningur um lánsheimild eða sambærilega skuldbindingu við viðskiptamann eða fjárhagslega tengda aðila ekki til þess að áhættuskuldbinding vegna viðkomandi aðila fari yfir mörkin sem miðað er við í 3. gr.
12. Áhættuskuldbindingar í gjaldeyrisviðskiptum sem verða til í tengslum við eðlilegt uppgjör á 48 klukkustundum eftir greiðslu og áhættur í viðskiptum vegna kaupa og sölu á verðbréfum sem verða til í tengslum við eðlilegt uppgjör á fimm virkum dögum eftir greiðslu verðbréfanna, eða afhendingu þeirra, ef sú dagsetning fer á undan.

#### 5. gr.

Fari áhættuskuldbindingar lánastofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1.-3. mgr. 3. gr. skal það tilkynnt bankaeftirliti Seðlabanka Íslands sem er þá heimilt, ef aðstæður leyfa, að veita hlutaðeigandi stofnun eða fyrirtæki tiltekinn frest til að laga sig að gildandi takmörkum.

Þrátt fyrir ákvæði 1.-3. mgr. 3. gr. gilda ákvæði 7. kafla reglna nr. 348/1996 um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu að því er varðar heimildir til að fara yfir tilgreind mörk.

#### 6. gr.

Lánastofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu hafa yfir að ráða traustu stjórnunar- og upplýsingakerfi og innra eftirlitskerfi þar sem allar stórar áhættuskuldbindingar og breytingar á þeim eru auðkenndar og skráðar þannig að unnt sé að hafa eftirlit með þeim.

#### 7. gr.

Eigi sjaldnar en tvisvar á ári skulu lánastofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu tilkynna bankaeftirlitinu, með þeim hætti sem það ákveður, um einstaka viðskiptamenn eða fjárhagslega tengda aðila þar sem áhættuskuldbindingar eru yfir þeim mörkum sem um getur í 2. tölul. 2. gr.

Áhættuskuldbindingar samkvæmt 1. og 3. tölul. 4. gr. eru undanþegnar tilkynningar-skyldu samkvæmt 1. mgr.

#### 8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 46. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, 5. mgr. 8. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 366, 28. júní 1994, um hámark lána og ábyrgða viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Hafi áhættuskuldbindingar lánastofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu verið yfir þeim mörkum sem getið er í 1.-3. mgr. 3. gr. við gildistöku reglugerðar þessarar skal hlutað-eigandi stofnun eða fyrirtæki grípa til viðeigandi ráðstafana til að slíkar skuldbindingar verði innan þeirra marka miðað við þau tímamörk sem þar er kveðið á um.

Áætlun lánastofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu um aðlögun samkvæmt þessu ákvæði er háð samþykki bankaeftirlitsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er lánastofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu heimilt að halda áhættuskuldbindingum með lengri lánstíma en til ársloka 2001, enda sé stofnunin bundin samningsskilmálum þar að lútandi út lánstímann.

*Viðskiptaráðuneytinu, 25. október 1996.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Halldór J. Kristjánsson.*

## VIÐAUKI I

**Eignarliðir og liðir utan efnahagsreiknings sem vísað er til við skilgreiningu á áhættuskuldbindingu í 2. gr. reglugerðarinnar.**

**A. Liðir innan efnahagsreiknings.**

Allir eignaliðir í efnahagsreikningi.

**B. Liðir utan efnahagsreiknings aðrir en vaxta- og gjaldeyrissamningar sbr. C. lið.****B.1. Mikil áhætta**

- a) Ábyrgðir sem jafna má til beinna lána.
- b) Samþykktir víxlar.
- c) Sölu- og endurkaupatryggingar þar sem lánaáhættan helst hjá lánastofnuninni.
- d) Aðrir liðir með mikla áhættu.

**B.2. Miðlungsáhætta**

- a) Útgefnar skjalaábyrgðir og staðfestar skjalaábyrgðir.
- b) Ábyrgðir og tryggingar (þar með taldar tilboðs-, fullnustu-, tolla- og skatta-ábyrgðir) og ábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána.
- c) Ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til lengri tíma en 1 árs.
- d) Sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa.
- e) Aðrir liðir með miðlungsáhættu.

**B.3. Miðlungslítill áhætta**

- a) Skjalaábyrgðir þar sem vörusending er sett sem veð og önnur áþekk viðskipti.
- b) Aðrir liðir með miðlungs/litla áhættu.

**B.4. Lítil áhætta**

- a) Ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til eins árs eða skemmri tíma eða sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er.
- b) Aðrir liðir með litla áhættu.

**C. Vaxtasamningar og gjaldeyrissamningar.****C.1. Vaxtasamningar**

- a.- Vaxtaskipti innan sama gjaldmiðils.
- b.- „Basis“ vaxtaskiptasamningar.
- c.- Framvirkir vaxtasamningar.
- d.- Samningar um vaxtaviðskipti í framtíðinni.
- e.- Keyptur valréttur að vöxtum.
- f.- Aðrir svipaðir samningar.

**C.2. Gjaldyrissamningar að undanskildum samningum til 14 daga eða skemmri tíma**

- a.- Vaxtaskipti milli gjaldmiðla.
- b.- Framvirkir gjaldeyrissamningar.
- c.- Samningar um gjaldeyrisviðskipti í framtíðinni.
- d.- Keyptur valréttur að erlendum gjaldeyri.
- e.- Aðrir svipaðir samningar.

**D. Útreikningur á áhættu í tengslum við vaxta- og gjaldeyrissamninga.**

Þegar um er að ræða vaxtasamninga og gjaldeyrissamninga sbr. C. lið, skal áhættan vera hin sama og útlánaígildi slíkra samninga. Útlánaígildi slíkra samninga skal reikna samkvæmt aðferð markaðsvirðis eða aðferð upprunalegrar áhættu, sbr. 14. gr. reglna nr. 348/1996 um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og fyrir-  
tækja í verðbréfaþjónustu, án beitingar vægis vegna viðkomandi mótaðila.

**VIÐAUKI II****Flokkun ríkja í svæði A og B sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.**

Eftirtalin ríki falla undir svæði A<sup>1</sup>:

|            |           |              |                |
|------------|-----------|--------------|----------------|
| Austurríki | Grikkland | Lúxemborg    | Stóra Bretland |
| Ástralía   | Holland   | Mexíkó       | Sviss          |
| Bandaríkin | Írland    | Noregur      | Svíþjóð        |
| Belgía     | Ísland    | Nýja Sjáland | Tyrkland       |
| Danmörk    | Ítalía    | Portúgal     | Þýskaland      |
| Finnland   | Japan     | Saudi-Arabía |                |
| Frakkland  | Kanada    | Spánn        |                |

Svæði B:

Öll önnur ríki en þau sem falla undir svæði A.

<sup>1</sup> Ríki sem þurfa að skuldbreyta erlendum skuldum sínum eru útilokuð fra svæði A í 5 ár frá þeim tíma.

## AUGLÝSING

### um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 25. júní síðastliðinn, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Almenn bílastæði á Óðinstorgi, sem afmarkast af Týsgötu, Spítalastíg og Óðinsgötu, verði gjaldskyld. Sama gildi um þrjú stæði við syðri götukant Spítalastígs milli Óðinsgötu og Týsgötu. Á Óðinstorgi verður miðamælir með tímagjaldi til samræmis við staðsetningu stæðanna, á gjaldsvæði 2, nú 40 krónur á klukkustund, en á Spítalastíg verður komið fyrir þremur stöðumælum með tveggja klukkustunda leyfilegum hámarksstöðutíma og tímagjaldinu 50 krónum.

Ákvörðunin tekur gildi nú þegar.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 4. september 1996.*

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.**

Nr. 573

29. október 1996

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að biðskylda verði á Fylkisvegi sunnan við Hraunás
2. að biðskylda verði á Malarhöfða gagnvart umferð um Sævarhöfða
3. að banna bifreiðastöður norðan megin í Frostaskjól
4. að hámarkshraði verði 30 km/klst. á eftirtöldum götum í Lækja- og Laugarneshverfi:  
Kleppsvegi húsagötu á milli Laugarnesvegjar og Dalbrautar  
Brekkulæk  
Rauðalæk  
Bugðulæk  
Leirulæk  
Laugarnesvegi húsagötu á milli Laugalækjar og Sæbrautar  
Laugarnesvegi á milli Laugalækjar og Sundlaugavegar  
Laugalæk á milli Laugarnesvegjar og Sundlaugavegar  
Hrísateigi á milli Laugalækjar og Sundlaugavegar  
Otrateigi

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. október 1996.*

**Böðvar Bragason.**

# AUGLÝSING

## um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó.

### 1. gr.

Ákvæði ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/96 um breytingu á XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið skulu öðlast gildi sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 56b:

56c. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/1995 frá 8. desember 1995 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum.

### 2. gr.

Ofangreind gerð sem vísað er til í 1. gr. er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 32, dags. 25. júlí 1996, bls. 70.

### 3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 1. október 1996.*

**Halldór Blöndal.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

31. október 1996

Nr. 575

# AUGLÝSING

## um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna fyrir rafmagn.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Selfossveitna fyrir rafmagn er taki gildi við birtingu.

Við gjaldskrá Selfossveitna fyrir rafmagn nr. 250, 11. apríl 1995 bætist nýr liður:

### **Taxti A5. Orkuafhending rofin með dagsbirtu:**

Tengigjald: 17.220,00 kr/tengingu

Aflgjald: 30,00 kr/W/ár

Orkugjald: 32,00 kr/W/ár

Sækja skal sérstaklega um viðskipti skv. taxtanum á þar til gerðum eyðublöðum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 31. október 1996.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

---

*Katrín Jóhannsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna vöruflutninga á landi.

#### 1. gr.

Ákvæði ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/94 og 60/95 um breytingu á XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 26c:  
26d. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 792/94 frá 8. apríl 1994 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) 3118/93 varðandi fyrirtæki sem stunda vöruflutninga á vegum í eigin þágu.
2. Eftirfarandi bætist við lið 26c á undan aðlögunarliðnum:  
„eins og henni var breytt með“:  
Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3315/94 frá 22. desember 1994 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3118/93 um skilyrði fyrir því að farmflytjendur geti stundað flutningaþjónustu á vegum í aðildarríki þar sem þeir eru ekki búsettir.

#### 2. gr.

Ofantaldar gerðir sem vísað er til í 1. gr. eru birtar í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 45, dags. 3. október 1996, bls. 63 og viðbæti nr. 50, dags. 17. desember 1994, bls. 69.

#### 3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um vöruflutninga á landi nr. 47/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 1. október 1996.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

Nr. 577

1. nóvember 1996

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Verðlaunasjóð iðnaðarins.

#### 1. gr.

*Nafn, heimili.*

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður iðnaðarins. Heimili hans og vamarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn var upphaflega stofnaður með stofnskrá sem staðfest var 23. mars 1976, og kemur þessi stofnskrá í stað þeirrar stofnskrár.

#### 2. gr.

*Tilgangur.*

Tilgangur sjóðsins er að örva til dáða á sviði iðnaðarmála og jafnframt að vekja athygli á þeim afrekum, sem unnin hafa verið og unnin verða á því sviði.

Þessum tilgangi skal leitast við að ná m.a. með því að veita verðlaun, helst árlega, manni eða fyrirtæki, er unnið hefur eitthvað í þágu íslensks iðnaðar, er verðlaunavert þykir að dómi sjóðsstjórnar.

Stofnframlag sjóðsins er af gefendum helgað minningu þeirra fjölmörgu hugvits- og hagleiksmanna, sem fyrr og síðar hafa lifað og starfað á Íslandi, og misjafnrar umbunar notið fyrir verk sín.

### 3. gr.

#### *Stjórn.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum tilnefndum af eftirgreindum aðilum og skal tilnefningin gilda til tveggja ára.

Einum manni tilnefndum af fjölskyldu Kristjáns Friðrikssonar. Einum manni tilnefndum af Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík. Tveimur mönnum tilnefndum af Samtökum iðnaðarins, og skal annar þeirra ávallt vera formaður Samtaka iðnaðarins. Einum manni tilnefndum af félaginu Form Ísland.

Varamenn skulu útnefndir með sama hætti til jafnlangs tíma.

Stjórnin kýs sér formann, sem jafnframt er framkvæmdastjóri sjóðsins. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns.

### 4. gr.

#### *Um stofnfé.*

Upphaflegt stofnfé sjóðsins er framlag sem Últíma hf. gaf til stofnunar sjóðsins, 35 árum eftir stofnun þess fyrirtækis. Upphaflegur stofndagur sjóðsins telst 3. mars 1976.

Sjóðsstofnunin var ákveðin með fundarsamþykkt í stjórn Últímu hf. þann 10. október 1975 og staðfest á hluthafafundi sama félags þann 3. mars 1976.

Til þess er ætlast af gefendum, að verðlaunaafhending úr sjóðnum fari fram á Iðnþingi.

Stofnféð var nýrri hluti húseignar Últímu hf. í Kópavogi, þ.e. vestara húsið að Skeljabrekku 4. Bygging þessi er 162 fermetrar að flatarmáli, aðalhæð auk kjallara. Brunabótamat í ársbyrjun 1976 var gkr. 10.457.000,00 -tíu milljónir fjögur hundruð fimmtíu og sjö þúsund krónur-.

Á eigninni hvíla engin veðbönd.

Verðlaunasjóður iðnaðarins nýtur arðs af eigninni frá 1. mars 1976 og greiðir frá sama tíma öll gjöld af eigninni.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheimum. Sé um minningargjafir að ræða, sem verulegum upphæðum nema, skal færa nöfn gefenda og þeirra er minnst skal með gjöfunum, inn í gjörðabók sjóðsins, svo og í fylgirit, er fylgi með til þeirra, er verðlaun hljóta úr sjóðnum hverju sinni.

Samtök iðnaðarins skulu ávaxta lausafé og annast um eignir og reikningshald sjóðsins í samræmi við lög og reglur hverju sinni.

Heimilt er að selja fasteignina og ávaxta andvirði hennar á þann hátt sem sjóðsstjórnin telur best, án þess að um skerðingu á stofnfé verði að ræða, enda verði sú ráðstöfun samþykkt af dómsmálaráðherra.

Ekki skal taka á móti umsóknum um verðlaun úr sjóði þessum. Sjóðsstjórn skal þó heimilt að auglýsa eftir ábendingum.

Við val verðlaunaþega skal eftirgreint haft í huga:

1. Verðlaun skal gjarnan veita fyrir uppfinningar, sem líklegar teljast til að koma íslenskum iðnaði að gagni.



2. Verðlaun má einnig veita einstaklingum og fyrirtækjum fyrir happadrjúga forystu í uppbyggingu iðnaðar, hvort sem er til innanlands nota eða til sölu erlendis, eða fyrir forystu á sviði iðnaðarmála almennt.

3. Verðlaun má veita fyrir sérlega vel gerða iðnaðarframleiðslu t.d. sem fram kynni að koma á iðnsýningum eða kaupstefnum.

4. Verðlaun má einnig veita fyrir hönnun, sem er sérlega vel heppnuð að dómi sjóðsstjórnar.

Ofangreind upptalning er gerð til leiðbeiningar fyrir sjóðsstjórnina um það, hvað fyrir stofnendum vakti með sjóðsstofnuninni.

5. gr.

*Verðlaunaafhending.*

Verðlaun skulu að jafnaði veitt annað hvert ár á Iðnþingi. Verðlaun skulu afhent í formi peningaupphæðar. Verðlaunum skal fylgja skjal heft inn í skinnband, þannig gert, að það megi hengja á vegg og komi fram á forsiðu hverjum verðlaunin eru veitt og fyrir hvað, ásamt undirskrift sjóðsstjórnar.

Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórnin hverju sinni tilhögun verðlaunaafhendingar.

6. gr.

*Breytingar og sjóðsslit.*

Ef eitthvað það ber að höndum, er veldur því, að sjóðurinn verði með samþykkt sjóðsstjórnar lagður niður, skulu eignir hans renna til viðurkenndrar líknarstofnunar samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnarinnar. Breytingar má gera á skipulagsskrá sjóðsins ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna.

7. gr.

Sjóður þessi kemur í stað Verðlaunasjóðs iðnaðarins sem stofnaður var með skipulagsskrá, sem staðfest var 23. mars 1976.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 80 – 1996

---

11. nóvember 1996

1485

Nr. 578

## VIÐAUKI

við reglugerð nr. 504, 20. september 1995, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. er heimilt frá og með 13. nóvember 1996 til 15. janúar 1997 að stunda veiðar með fiskibotnvörpu, flotvörpu og línu á svæðinu norður af Horni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. nóvember 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Árni Kolbeinsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 1996

Nr. 579

1486

8. nóvember 1996

## GJALDSKRÁ

fyrir ljósrit eða afrit sem veitt eru á grundvelli upplýsingalaga.

1. gr.

*Gildissvið.*

Gjaldskrá þessi gildir fyrir ljósrit eða afrit af gögnum sem afhent eru samkvæmt beiðni á grundvelli upplýsingalaga.

2. gr.

*Ljósrit eða afrit af skjölum.*

Fyrir ljósrit eða afrit af skjölum er heimilt að krefjast 5 kr. fyrir hverja blaðsíðu í stærðinni A-4 eða A-5, allt að 11 blaðsíðum, en 3 kr. fyrir hverja blaðsíðu umfram það.

Fyrir ljósrit eða afrit skjala í stærðinni A-3 er heimilt að krefjast 7 kr. fyrir hverja blaðsíðu og 9 kr. í stærðinni A-2.

3. gr.

*Endurritun skjala.*

Þegar skjal er endurritað samkvæmt beiðni er heimilt að krefjast 100 kr. fyrir hverja blaðsíðu.

4. gr.

*Afrit af öðrum gögnum.*

Fyrir afrit af öðrum gögnum en skjölum, s.s. myndum, teikningum, örfilum, myndböndum og hljóðupptökum, má heimta þann kostnað sem af afrituninni leiðir.

5. gr.

*Aðkeypt þjónusta.*

Þegar fjölföldunaraðstaða er ekki fyrir hendi eða umfang verks er slíkt er heimilt að fela öðrum að annast ljósritun, afritun eða endurritun skjala eða annarra gagna.

Fyrir aðkeypta þjónustu skal greitt samkvæmt reikningi þess er hana annast.

8. nóvember 1996

1487

Nr. 579

6. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 12. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 til að öðlast gildi 1. janúar 1997.

*Forsætisráðuneytinu, 8. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Ólafur Davíðsson.**

---

*Kristján Andri Stefánsson.*

15. nóvember 1996

Nr. 580

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 511/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á blaðlauk og selju í 2. gr. reglugerðarinnar:

| <i>Tollnúmer:</i> | Vara                     | Tímabil         | Vörumagn<br>kg | Verðtollur<br>% | Magntollur<br>kr/kg |
|-------------------|--------------------------|-----------------|----------------|-----------------|---------------------|
| 0703.9001         | Blaðlaukur               | 15.11.-15.03.97 | ótilgr.        | 30              | 0                   |
| 0709.4000         | Selja, önnur en seljurót | 15.11.-15.03.97 | ótilgr.        | 30              | 0                   |

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi og gildir til 16. mars 1997.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 15. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

---

*Jón Höskuldsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 82 – 1996

---

Nr. 581

1488

14. nóvember 1996

## REGLUGERÐ um sérstök línu- og netasvæði.

### 1. gr.

Frá og með 20. nóvember 1996 til og með 31. desember 1996, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'N, 21°39'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39'V í punkt 63°40'N, 22°32'V. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°40'N, 22°32'V réttvísandi norður að Staðarbergi.

### 2. gr.

Frá og með 20. nóvember 1996 til og með 31. janúar 1997, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

Frá og með 1. febrúar 1997 til og með 30. apríl 1997, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

### 3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. nóvember 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

## SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 371/1987, sbr. samþykkt nr. 140/1996.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. samþykktarinnar:

#### a. 1. tölul. orðast svo:

Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, svo og að kjósa fulltrúa í samstarfsnefndir, -ráð og -stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að á hverjum tíma. Að kjósa skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bænum og stofnunum hans skv. VII. kafla fyrrnefndra laga, sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.

#### b. Í stað orðanna „ráða helstu starfsmenn hans“ í 4. tölul. kemur: starfsmannastefnu.

### 2. gr.

Í stað orðsins „bæjarins“ í lok 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. samþykktarinnar kemur: í helstu stjórnunarstöður bæjarins og stofnana hans.

### 3. gr.

Á eftir 1. mgr. 35. gr. samþykktarinnar kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna skulu setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu vera í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók bæjarstjórnar til varanlegrar varðveislu.

### 4. gr.

53. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins, fjármálastjórn og starfsmannastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráð fjallar um og gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu á þeim

dagskrárliðum í fundargerðum nefnda sem snerta fjárhag bæjarins, fjalla um starfsmannamál, verklegar framkvæmdir, samninga, samþykktir og dómsmál.

Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjar-sjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

#### 5. gr.

Við 60. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein, sem orðast svo:

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók nefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Nefndarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Formaður nefndar og a.m.k. einn fundarmanna skulu setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu vera í áframbaldandi töluröð. Undirritaðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók nefndarinnar til varanlegrar varðveislu.

#### 6. gr.

62. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

(i) **Nefndir.** Hér er um að ræða fagnefndir sem sinna faglegu starfi þeirra málaflokka sem þeim hafa verið falin af bæjarstjórn með sérstökum samþykktum.

**A.** Bæjarstjórn kýs, til eins árs, á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrjú aðalfulltrúa úr bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmarga til vara skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga.
2. *Kjörstjórnir.* Þrjú fulltrúa og jafnmarga til vara í yfirkjörstjórn. Undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru: Þrjú aðalmenn í hverja og jafnmarga varamenn. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin skv. ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna. Þær gegna jafnframt störfum kjörstjórna við forseta- og alþingiskosningar.

**B.** Bæjarstjórn kýs, til sama tíma og kjörtímabil bæjarstjórnar, á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Atvinnu- og ferðamálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með atvinnu- og ferðamál eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um hana.
2. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með byggingarmál samkvæmt byggingarlögum, auk annarra verkefna sem bæjarstjórn felur nefndinni með sérstakri samþykkt.
3. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með félagsmál eftir því sem kveðið er á um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Nefndin fer með verkefni áfengisvarnarnefndar skv. áfengislögum og verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum um vernd barna og ungmenna. Fulltrúar í félagsmálanefnd eru jafnframt fulltrúar í stjórnarnefnd vinnumiðlunar samkvæmt lögum um vinnumiðlun.
4. *Framkvæmdanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin hefur umsjón og eftirlit með verklegum framkvæmdum á vegum bæjarins eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina.

5. *Húsnæðisnefnd*. Þrjá aðalmenn og þrjá til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Um verkefni nefndarinnar fer eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og samþykkt bæjarstjórnar um nefndina.
  6. *Menningarmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Menningarmálanefnd fer með menningarmál eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Nefndin fer með málefni bókasafna skv. ákvæðum laga um almenningsbókasöfn. Einn fulltrúi frá Kjalarneshreppi og einn fulltrúi frá Kjósarhreppi skulu sitja fundi nefndarinnar þegar fjallað er um málefni Héraðsbókasafnsins. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja skv. þjóðminjalögum. Nefndin fer með vinnubæjasamskipti, málefni félagsheimila, hefur umsjón með listaverkæign bæjarins og fer með málefni Lista- og menningarsjóðs bæjarins.
  7. *Skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með skipulagsmál samkvæmt ákvæðum skipulagslaga og önnur verkefni eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Nefndin fer með verkefni umferðarnefndar skv. umferðarlögum.
  8. *Fræðslunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Fræðslunefnd fer með fræðslumál eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Nefndin fer með verkefni skólanefndar skv. lögum um grunnskóla og verkefni leikskólanefndar skv. lögum um leikskóla. Nefndin fer enn fremur með málefni tónlistarskóla skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
  9. *Íþrótt- og tómstundanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með íþrótt- og tómstundamál eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina.
  10. *Veitu- og umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með umhverfismál eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Nefndin fer með vatnsveitu-, hitaveitu- og fráveitumál. Hún fer með verkefni náttúruverndarnefndar skv. náttúruverndarlögum og verkefni gróðurverndarnefndar skv. lögum um landgræðslu. Nefndin fer með verkefni fjallskilanefndar skv. fjallskilareglugerð og hefur umsjón með búfjárefirliti skv. lögum um búfjárhald.
- (ii) **Samstarfsnefndir**. Hér er um að ræða tilnefningar í samstarfsnefndir sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e.a.s. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd.
1. *Almannavarnanefnd*. Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um skipan almanna-varna kýs bæjarstjórn aðal- og varafulltrúa í almannavarnanefnd á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
  2. *Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis*. Samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit kýs bæjarstjórn tvo aðalmenn og tvo til vara í heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
- (iii) **Lögbundin kosning embættismanna**. Samkvæmt lögum ber bæjarstjórn að kjósa eftirtalda embættismenn:
1. *Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga*. Bæjarstjórn kýs tvo skoðunarmenn og jafnmarga til vara skv. sveitarstjórnarlögum. Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna næstkomandi ársreikninga.



(iv) **Verkefnabundnar nefndir.** Bæjarstjórn getur kosir nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Bæjarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreind.

7. gr.

63. gr. samþykktarinnar fellur brott.

8. gr.

5. mgr. 65. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarritari er staðgengill bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn ákveði annað.

9. gr.

2. másl. 1. mgr. 67. gr. samþykktarinnar orðast svo: Þeir hafa, eftir því sem við á, sömu réttindi og skyldur og starfsmenn ríkisins.

10. gr.

1. másl. 68. gr. samþykktarinnar orðast svo: Um ráðningu annarra starfsmanna en kveðið er á um í 66. gr. skal farið eftir því sem bæjarstjórn hefur ákveðið í starfsmannastefnu sinni.

#### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Eftir gildistöku samþykktar þessarar kýs bæjarstjórn í nefndir skv. B-lið (i) 6. gr. samþykktar þessarar til loka yfirstandandi kjörtímabils.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 4. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Sigríður Lillý Baldursdóttir.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## REGLUGERÐ

**um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar.**

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

1. gr.

Eigendum og umráðaaðilum sauðfjár er skylt að tilkynna héraðsdýralækni án tafar ef riðuveiki gerir vart við sig í fjárstofni þeirra eða ef grunur leikur á að sjúkdómurinn leynist í sauðfénu.

Héraðsdýralæknir skal tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn og fylgja fyrirmælum hans um töku og meðferð á sýnum eða lifandi kindum sem senda skal til rannsóknar.

Nákvæm skýrsla um sjúkdómsástand hjarðar og upplýsingar um vanhöld skal fylgja. Héraðsdýralæknir ákveður, í umboði yfirdýralæknis, hvort farga skuli kind, sem grunur fellur á, gegn bótum skv. 25. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

## 2. gr.

Óheimilt er að flytja sauðfé úr hjörðum, sem riðuveiki hefur verið staðfest í, á aðra bæi eða í önnur fjárhús. Þá er óheimilt að flytja hey, heyköggla og hálm, húsdýraáburð, túnþökur og gróður mold, sláturúrgang og hrámeti úr sláturhúsum til fóðurs yfir varnarlínur eða milli sveita á sýktum svæðum. Óhreina ull má aðeins flytja beint á vinnslustað. Ullarumbúðir skal þvo og sótthreinsa í þvottastöð strax á eftir notkun. Ekki má endurnota ullarumbúðir án sótthreinsunar. Heimilt er yfirdýralækni að gera ráðstafanir til að stöðva flutning og notkun flutningstækja og leita fulltingis lögreglu til þess. Kostnað sem leiðir af ákvæðum greinarinnar bera aðilar sjálfir.

Yfirdýralæknir getur gefið undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

## 3. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, fyrirskipað að sauðfé sé haft í sóttkví um lengri eða skemmri tíma þar sem riðuveiki gerir vart við sig. Jafnframt að banna flutning sauðfjár milli héraða, hreppa og einstakra bæja, sé það talið hafa þýðingu til að hindra útbreiðslu riðuveiki. Þá getur yfirdýralæknir fyrirskipað sérstakar litamerkingar á sauðfé, þar sem sýking hefur fundist eða grunur leikur á um sýkingu. Merkin greiða ríkisjóður og viðkomandi sveitarfélag að jöfnu.

Ennfremur er landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að fyrirskipa varnaraðgerðir, svo sem sótthreinsun, lyfjameðferð, ónæmisáðgerðir, litamerkingu sauðfjár o.fl., eftir því sem þörf krefur og við á hverju sinni, á kostnað viðkomandi aðila.

## 4. gr.

Á bæjum þar sem riða hefur verið staðfest skal ekki hýsa sauðfé af öðrum bæjum né fóðra eða brynna því með heimafé, hvorki við fjárrag haust og vor né á öðrum tímum. Ef hýsing er óumflýjanleg skal nota til þess hús þar sem fé hefur ekki verið geymt, þó ekki hlöður né fjós. Sé gegn þessu brotið getur yfirdýralæknir ákveðið að þeim kindum, sem hýstar hafa verið, verði lógað.

Leitast skal við að samræma lögboðnar smalanir innan sveitar og milli sveita. Við allar lögréttir og skilaréttir (aukaréttir) skal vera aðstaða til að einangra sjúkar eða grunaðar kindur. Línubrjóta, fé, sjúkt af riðu og annað fé, sem vekur grunsemdir í göngum, rekstrum og fjársafni, skal einangra án tafar og senda beint í sláturhús eða lóga á staðnum, ef ekki er annars kostur. Héraðsdýralæknir getur ákveðið, að fengnu samþykki yfirdýralæknis og eftir tillögum sveitarstjórnar, að slátra skuli fé sem kemur fyrir að hausti fjarri eiginlegum sumarhögum og öðru fé, sem smíthætta kann að stafa af. Skylt er að taka hausinn til rannsóknar og staðfestingar og önnur sýni eftir einkennum samkvæmt áður fengnum leiðbeiningum héraðsdýralæknis. Hræið skal grafa djúpt eða urða rækilega. Eiganda og héraðsdýralækni skal tilkynnt um slíka lögum við fyrsta tækifæri.

Sauðfé af riðubæjum og sérmerkt sauðfé skal draga í sérstakan dilk og skal það njóta forgangs við sundurdrátt hvar sem réttað er. Fjallkóngar, réttarstjórar, hreppstjórar og bændur almennt, við smölun heimalanda sinna, annast framkvæmd 2. og 3. mgr.

## 5. gr.

Yfirdýralækni er heimilt að láta fara fram skoðun og sýnatöku á sauðfé til þess að kanna útbreiðslu riðuveiki og fyrirskipa að fargað verði sjúkum eða grunsamlegum kindum á hvaða tíma árs sem er. Fjáreigendum er skylt að greiða fyrir slíkum skoðunum og rannsóknnum og veita nauðsynlega aðstoð án sérstakrar þóknunar. Förgun skal framkvæmd í samráði við héraðsdýralækni. Hlíta skal fyrir mælum hans og yfirdýralæknis um allt er lýtur að þessu.

## 6. gr.

Þegar sauðfé er fargað vegna riðuveiki, skal gera skriflega samninga um allt er lýtur að förgun sauðfjárins, tímabundið fjárleysi á viðkomandi jörð og greiðslu bóta.

Verði riðuveiki vart eða komi upp rökstuddur grunur um riðuveiki og ágreiningur rís um framkvæmd niðurskurðar, þannig að ekki næst samkomulag skv. 1. mgr., getur ráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, fyriskipað niðurskurð alls sauðfjár á svæði og tímabundið fjárleysi í þeim tilgangi að hefta útbreiðslu veikinnar.

## 7. gr.

Þar sem riða er staðfest er skylt að gera þeim, sem erindi eiga í fjárhús á viðkomandi jörð, viðvart um smíthættu. Skylt er að gera nauðsynlegar ráðstafanir gegn því að menn geti borið veikina með sér. Yfirdýralækir lætur í té skilti til viðvörunar í þessu skyni, sé þess óskað. Óheimilt er að flytja vélar, tæki og annað sem snert hefur fé eða hugsanlega smitmengast á sýktu svæði til ósýktra svæða, nema héraðskýralæknir samþykki sóttþreinsun.

Fjárklippur, markatengur, lyfjadælur o.fl., sem notað hefur verið á riðubæjum, má ekki nota á öðrum bæjum. Þessi tæki og önnur sem óhreinkast af sauðfé á sýktum svæðum skulu sóttþreinsuð samkvæmt fyrir mælum héraðsdýralæknis að lokinni notkun á hverjum bæ.

Eyða skal að fullu sjúku sauðfé með því að brenna það eða grafa. Á sama hátt getur yfirdýralæknir fyrirskipað að eytt sé við förgun hausum og innyflum úr sauðfé frá bæjum þar sem riðuveiki hefur verið staðfest.

## 8. gr.

Umráðamönnum sauðfjár á svæðum, þar sem riðuveiki hefur verið staðfest eða fjárskipti hafa farið fram á síðustu fimm árum, er skylt að tilkynna viðkomandi riðunefnd eða héraðsdýralækni um fyrirhugaða flutninga á fé til lífs milli bæja og svæða eða breytingar á tilhögun upprekstrar innan sveitar þar sem riðuhætta er. Héraðsdýralækni er heimilt í samráði við yfirdýralækni að gera ráðstafanir til að stöðva slíka flutninga og láta flytja til baka eða lóga fé sem þannig hefur verið flutt án vitundar hans.

Þar sem fjárskipti hafa farið fram, er óheimilt að selja burt eða kaupa að líffé nema að fengu leyfi yfirdýralæknis.

## 9. gr.

Héraðsdýralæknir skal hlutast til um að fylgst sé með, hvort grunsamlegt sauðfé kemur fyrir í göngum, rekstrum og réttum, og að fé sé skoðað á húsi a.m.k. einu sinni á ári, þar sem riðuhætta er, og að fjáreigendur fái leiðbeiningar um hvernig best verði fylgt reglum um riðuvarnir.

Héraðsdýralæknir skal sjá um að allt sauðfé á bæjum, þar sem yfirdýralæknir hefur fyrirskipað sérstakar litamerkingar, sé merkt.

## 10. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að skipa riðunefnd, að fengnum tillögum dýrasjúkdómanefndar. Kostnaður af störfum riðunefndar greiðist úr sveitarsjóði.

## 11. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka einnig til kýlapestar í sauðfé, eftir því sem við á, riðuveiki í geitum og öðrum dýrategundum.

## II. KAFLI

**Kostnaður og bætur.**

## 12. gr.

Bætur fyrir sauðfé vegna niðurskurðar skulu fara eftir fjártölu skv. síðasta skattframtali, þó ekki umfram þann fjölda sem framvísað er til förgunar. Fullnaðargreiðsla fyrir felldan fjárstofn skal innt af hendi eigi síðar en 45 dögum eftir að förgun lauk, þó eigi fyrir en 21 degi eftir að samkomulag um bætur liggur fyrir.

Bætur skal miða við að fyrir hverja kind greiðist andvirði 16 kg dilks (DIA) auk gæru og sláturs skv. gildandi verðlags- eða kostnaðargrundvelli á hverjum tíma, að viðbættu 60% álagi sem greiðist vegna minni afurðasemi líflamba á fyrsta ári eftir fjártöku.

## 13. gr.

Afurðatjónsbætur skulu miðast við meðalafurðir sauðfjár á lögbýlinu síðustu þrjú ár fyrir niðurskurð skv. skattframtölum og innleggssæðlum.

Leggja skal til grundvallar framleitt dilkakjöt og kjöt af fullorönu fé, gætur og slátur af dilkum og fullorönu fé svo og ullarinnlegg og reikna meðalafurðir áranna eftir vetrarfóðraða kind, að teknu tilliti til bústofnsbreytinga. Þannig skal við bústofnsaukningu miða við 16 kg DIA fallþunga og við bústofnsskerðingu skal miða við 24 kg fallþunga í FI.

Afurðatjónsbætur reiknast á eftirfarandi hátt:

1. Beingreiðslur greiðast skv. greiðslumarki lögbýlisins á hverju fjárleysisári.
2. Meðalafurðir síðustu þriggja ára eftir hverja kind sem fargað er sbr. 2. mgr. skulu reiknaðar til verðs skv. verðskráningu á hverju fjárleysisári og að teknu tilliti til útflutningsverðs og hlutfalls. Frá bótaupphæð sem þannig er fundin skal draga tiltekið hlutfall af breytilegum kostnaði við framleiðslu sauðfjárafurða skv. gildandi verðlags- eða kostnaðargrundvelli á hverjum tíma, eins og hér greinir:
  - a) 80% á fyrsta/fyrri fjárleysisári, ef niðurskurður fer fram að hausti og unnt er að afsetja heyfeng eða heyöflun hefur ekki farið fram. Þetta hlutfall gildir einnig á síðari fjárleysisárum.
  - b) 40% á fyrsta/fyrri fjárleysisári, ef niðurskurður fer fram fyrir árslok og ekki er unnt að afsetja heyfeng.
  - c) 30% á fyrsta/fyrri fjárleysisári, ef niðurskurður fer fram á tímabilinu frá 1. janúar til 31. mars.
  - d) 8% á fyrsta/fyrri fjárleysisári, ef niðurskurður fer fram á tímabilinu frá 1. apríl og þar til sauðfé er sleppt í sumarhaga.

## 14. gr.

Ef unnt er að nýta afurðir sauðfjár sem fargað er að hluta eða í heild, kemur verðmæti þeirra afurða til frádráttar bótagreiðslum.

Réttur til bóta glatast að öllu leyti eða að hluta ef eigandi sauðfjár fer ekki eftir ákvæðum um varúðarráðstafanir, fjárleysi á jörðinni, lagfæringu á girðingum, sóttþreinsun húsa og kaup á líflömbum. Sama gildir ef eigandi sauðfjár verður sér úti um fé sem hann vissi eða mátti vita, með tilliti til aðstæðna, að haldið var sjúkdómi eða hefur valdið því með ásetningi eða vanrækslu að sauðfé hans smitaðist.

15. gr.

Aðili sem fargað hefur sauðfé vegna riðuveiki skal hreinsa útihús og nánasta umhverfi þeirra á eigin kostnað eftir fyrirmælum og undir eftirliti dýralæknis á svæðinu. Ákveða skal í samningi hvernig hreinsun húsa og umhverfis skuli hagað og hvenær lokið. Heimilt er að halda eftir allt að 20% bótafjár þar til sóttþreinsun er lokið.

Yfirdýralæknir leggur til sérstök sóttþreinsiefni og vinnu við sóttþreinsun, auk almennra hreinsiefna, svo sem fúavarnarefna og málningar. Heimilt er að leggja andvirði sóttþreinsikostnaðar til endurnýjunar efna sé það talið hagkvæmara. Þá er heimilt að taka þátt í kostnaði við jarðvegsskipti, ef sækja þarf efni um langan veg.

Yfirdýralæknir ákveður hvar heimilt sé að taka lömb til fjárskipta. Fjáreigendum á þeim svæðum er skylt að selja öll gimbrarlömb er þeir hafa til förgunar og hrútlömb, til þeirra sem ætla að taka sauðfé að loknu fjárleysi.

Ef flytja þarf líflömb vegna fjárskipta samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis úr fjarlægum héruðum, skal ríkissjóður greiða 90% flutningskostnaðar. Kaup á fjárskiptafé og vörslu í flutningum annast kaupendur líflamba.

### III. KAFLI

#### **Refsiákvæði og gildistaka.**

16. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25 7. apríl 1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar nr. 399 1. október 1993, með síðari breytingum.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 1. nóvember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Orgelsjóð Ingjaldshólskirkju - Jóhönnusjóð.

### 1. gr.

Kvenfélag Hellissands stofnar hér með Orgelsjóð Ingjaldshólskirkju - Jóhönnusjóð með eftirfarandi skipulagsskrá.

### 2. gr.

Sjóðurinn heitir Orgelsjóður Ingjaldshólskirkju - Jóhönnusjóður. Sjóðurinn er stofnaður í minningu Jóhönnu Vigfúsdóttur, sem var organisti í Ingjaldshólssókn 1928-1980. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Snæfellsbæ. Orgelsjóður Ingjaldshólskirkju - Jóhönnusjóður tók til starfa sem sjálfstæð stofnun 7. maí 1994.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að safna fyrir og kaupa pípuorgel í Ingjaldshólskirkju og til viðhalds á því.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum: Einum fulltrúa frá Kvenfélagi Hellissands sem er formaður sjóðsins, einum tilnefndum af kór Ingjaldshólskirkju og einum fulltrúa afkomenda Jóhönnu Vigfúsdóttur og Hjartar Jónssonar frá Munaðarhóli. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á varðveislu hans og skal sjá til þess að endurskoðaðir reikningar sjóðsins séu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert. Sjóðsstjórnin tilnefnir endurskoðanda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

### 5. gr.

Stofnfé sjóðsins eru frjáls framlög, gjafir og söfnunarfé sem lagðar hafa verið í sjóð til orgelkaupa í Ingjaldshólskirkju, þar af skal bundið í stofnfé 455.000 kr.

### 6. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög, tekjur af tónleikum, kaffisölu og annað fé sem sjóðnum hlotnast. Sjóðnum er heimilt að ráðstafa öllu því fé sem safnast og tekjum sjóðsins skal einungis varið til kaupa á orgeli í Ingjaldshólskirkju og viðhalds þess.

### 7. gr.

Sóknarnefnd Ingjaldshólskirkju skal árlega fá upplýsingar um stöðu sjóðsins fyrir safnaðarfund.

### 8. gr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með þeim eignum sem safnast hafa og munu safnast í orgelsjóð.

### 9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari með samþykkt meirihluta stjórnar. Tillaga um að leggja sjóðinn niður verður því aðeins gild að hún hljóti stuðning allra stjórnarmanna. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til eflingar tónlistarstarfs á Hellissandi, að ákvörðun sjóðsstjórnar.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

Nr. 585

31. október 1996

## AUGLÝSING

### um umferð á Ísafirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ísafjarðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Ísafirði:

Akstursstefnu Hafnarstrætis og Aðalstrætis frá gatnamótum Mánagötu, Pollgötu og Hafnarstrætis að gatnamótum Aðalstrætis og Pollgötu er breytt þannig að ekið verður niður Eyrina í austur- og suðurátt. Einstefna verður áfram á umræddum kafla Hafnarstrætis og Aðalstrætis en hún snýst nú við.

Bannað er að leggja bifreiðum í Hafnarstræti milli Mánagötu og Hrannargötu. Akstur frá Mánagötu yfir á Pollgötu er bannaður.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, öðlast gildi þann 1. desember 1996.

Úr gildi fellur 13. tl. III. kafla auglýsingar um umferð á Ísafirði nr. 189/1993, svo og allar aðrar reglur um umferð í kaupstaðnum, er kunna að hafa verið settar og brjóta í bága við reglur þessarar auglýsingar.

*Lögreglustjórinn á Ísafirði, 31. október 1996.*

**Ólafur Helgi Kjartansson.**

Nr. 586

4. nóvember 1996

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Hrísey.

1. gr.

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. staflíð g, samþykktar um hunda- og kattahald í Hrísey nr. 533/1996, skulu árlega greiða fyrir það kr. 6.000 í sveitarsjóð.

Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 1. janúar og eindaga 15. febrúar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga. Hafi gjald eigi verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

## 2. gr.

Allur kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hríseyjarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að gilda frá og með 1. janúar 1997.

*Umhverfissráðuneytinu, 4. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um heimild til innflutnings á vetnisklórflúorkolefnum (HCFC) á árinu 1997.**

## 1. gr.

Fyrirtæki sem óska eftir leyfi til að flytja inn vetnisklórflúorkolefni (HCFC) á árinu 1997 í samræmi við d. lið 4. gr. og 9. gr. reglugerðar nr. 546/1994, um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna, skulu senda umsóknir til Hollustuverndar ríkisins samkvæmt auglýsingu stofnunarinnar í Lögbirtingablaði þar að lútandi.

Umsóknir um innflutningsleyfi þurfa að berast innan þess frests sem kveðið verður á um í auglýsingu Hollustuverndar ríkisins í Lögbirtingablaðinu.

## 2. gr.

Við ákvörðun á magni HCFC til fyrirtækja skal stuðst við magn (HCFC) og klórflúorkolefna (CFC) sem flutt var inn til landsins árið 1989.

## 3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt ákvæðum 4. gr. og viðauka 2 reglugerðar nr. 546/1994, um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna og öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. nóvember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti.**

## 1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Aðili, sem selur skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 800.000 kr. á almanaksári, skal á næsta almanaksári nota það sem uppgjörstímabil. Jafnframt skulu aðilar sem eru að hefja skattskylda starfsemi nota almanaksárið sem uppgjörstímabil.



Ákvæði þetta tekur ekki til eftirtalinna aðila:

1. Aðila sem falla undir 2. gr., 1. mgr. 4. gr. og 5. gr.
2. Aðila sem falla undir I. kafla reglugerðar nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu fasteigna.
3. Aðila sem hafa yfirtekið rekstur skv. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, enda hafi seljanda ekki borið að gera upp virðisaukaskatt skv. 1. mgr.
4. Aðila sem fengið hafa skráningu skv. 4. gr. eða 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 515/1996, um skráningu virðisaukaskattskyldra aðila.
5. Aðila sem gera upp virðisaukaskatt samkvæmt reglugerð nr. 58/1991, um innheimtu virðisaukaskatts af dansleikjum og öðrum skemmtanaskattsskyldum samkomum.

Skattstjóri skal tilkynna aðila um breytt uppgjörstímabil hafi skattskyld velta hans undanfarið almanaksár verið undir þeim mörkum sem greinir í 1. mgr.

Fari skattskyld velta aðila skv. 1. mgr. umfram þau mörk sem þar greinir skal hann á næsta gjalddaga almennra uppgjörstímabila, sbr. 1. gr., gera upp mismun þess útskatts og innskatts sem fallið hefur á sölu og kaup skattaðila á almanaksárinu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal aðili sem hættir starfsemi gera upp mismun þess útskatts og innskatts sem fallið hefur á sölu og kaup hans á almanaksárinu á gjalddaga þess almenna uppgjörstímabils sem starfsemi lýkur.

2. gr.

Í stað orðanna „leiðréttingaruppgjör skv. 3. mgr. 3. gr.“ í 2. mgr. 6. gr. kemur: uppgjör skv. 4. eða 5. mgr. 3. gr.

3. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 3. gr.“ í 2. mgr. 15. gr. kemur: 4. eða 5. mgr. 3. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 24. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1997.

*Bráðabirgðaákvæði*

Aðilar sem hafa skattskylda veltu undir 800.000 kr. á almanaksárinu 1996 skulu nota ársuppgjörstímabil skv. 1. mgr. 3. gr. frá og með 1. janúar 1997.

*Fjármálaráðuneytinu, 7. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Guðrún Ásta Sigurðardóttir.**

*Hermann Jónasson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 1996

---

19. nóvember 1996

1501

Nr. 589

## REGLUGERÐ

### um bann við rækjuveiðum á Skjálfandadjúpi.

#### 1. gr.

Frá kl. 10.00 20. nóvember 1996 eru allar veiðar með rækjuvörpu bannaðar á svæði á Skjálfandadjúpi, sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°34'N - 17°44'V
2. 66°34'N - 17°37'V
3. 66°30'N - 17°37'V
4. 66°30'N - 17°25'V
5. 66°15'N - 17°25'V
6. 66°12'N - 17°42'V

#### 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. nóvember 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Þórður Eypórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 1996

Nr. 590

1502

25. nóvember 1996

## REGLUGERÐ

**um bann við línuveiðum á grunnslóð milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar.**

1. gr.

Frá og með 26. nóvember 1996 til og með 31. mars 1997 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 66°04,70 N – 19°21,00 V
2. 66°12,00 N – 19°13,00 V
3. 66°16,50 N – 18°53,50 V
4. 66°16,50 N – 18°42,00 V
5. 66°10,50 N – 18°34,00 V
6. 66°07,20 N – 18°36,50 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. nóvember 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 1996

11. nóvember 1996

1503

Nr. 591

## GJALDSKRÁ

fyrir efnarannsóknir og aðra þjónustu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efnarannsóknir sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast skulu vera sem hér segir:

### Fæðu- og fýðurefnagreiningar:

|  | kr.    |
|--|--------|
| Undirbúningur (purrfóður) .....                | 620    |
| Undirbúningur (fæða, votfóður) .....           | 1.250  |
| Purrefni (malað sýni) .....                    | 430    |
| Purrefni (ómalað sýni) .....                   | 530    |
| Frostþurrkun .....                             | 1.100  |
| Aska .....                                     | 450    |
| Sýruföst aska .....                            | 1.050  |
| Prótein / Kjeldahl-N .....                     | 1.200  |
| TVBN (reikult basískt N) .....                 | 850    |
| Fita (eterútdráttur) .....                     | 1.800  |
| Fita (sýrusúða) .....                          | 2.500  |
| Fita í mjólk (Röse-Gottlieb) .....             | 5.100  |
| Ca, Mg, K, Na eða P                            |        |
| upplausn sýnis .....                           | 550    |
| mæling 1 eða 2 efnanna .....                   | 1.000  |
| mæling 3, 4 eða 5 efnanna .....                | 1.800  |
| Klóríó .....                                   | 1.800  |
| Brennisteinn .....                             | 1.800  |
| Brunagildi .....                               | 5.200  |
| Fitusýrur í fitu .....                         | 3.200  |
| Fitusýrur í öðrum sýnum .....                  | 6.900  |
| A eða E vítamín .....                          | 10.000 |
| A og E vítamín .....                           | 12.500 |
| Snefilefni                                     |        |
| Upplausn sýnis .....                           | 900    |
| As, Se (mæling) .....                          | 3.000  |
| Hg (mæling) .....                              | 2.400  |
| Málmar aðrir en Hg                             |        |
| Mæling í loga eða plasma .....                 | 1.500  |
| Mæling í grafitofni (mjög lágir styrkir) ..... | 2.350  |
| Fe, Mn, Zn og Cu (öll fjögur, plasma) .....    | 2.600  |
| Nítrat eða nítrít í kjötvörum .....            | 1.950  |
| Nítrat og nítrít í kjötvörum .....             | 2.300  |
| Hýdroxíprólin (kollagen) .....                 | 2.000  |
| Fæðutrefjar .....                              | 6.500  |
| Tréni .....                                    | 2.500  |
| ADF .....                                      | 2.000  |
| NDF .....                                      | 2.000  |
| Lignín .....                                   | 2.400  |
| ADF og Lignín .....                            | 2.650  |
| Sýrur í votheyi .....                          | 3.100  |
| Meltanleiki .....                              | 2.300  |
| NIR - greining (gras) .....                    | 1.200  |

| <i>Jarðvegsefnagreiningar:</i>     | kr.   |
|------------------------------------|-------|
| Undirb./þurrkun/sigtun.....        | 500   |
| Sýrustig (pH).....                 | 350   |
| Leiðnitla .....                    | 350   |
| Kalíum (K).....                    | 1.050 |
| Fosfór (vegna ylraektar).....      | 1.000 |
| Fosfat (Olsen-aðferð).....         | 1.400 |
| Nítrat 1 (einföld litmæling) ..... | 900   |
| Nítrat 2 (nákvæm mæling) .....     | 1.300 |
| Kalkþörf (áætluð) .....            | 700   |
| Kolefni.....                       | 800   |
| Fe, Al og Si (oxalatskolun) .....  | 1.650 |
| Heildargreining á túnjarðvegi..... | 1.900 |
| Heildargreining á garðsýni.....    | 1.900 |

| <i>Vatnsefnagreiningar:</i>             |       |
|---|-------|
| Sýrustig (pH).....                      | 270   |
| Leiðnitla .....                         | 270   |
| Klóríð .....                            | 1.000 |
| Brennisteinn .....                      | 1.800 |
| Fosfat .....                            | 750   |
| Fosfór (heildarmagn) .....              | 1.200 |
| Ammóníum .....                          | 900   |
| Nítrat.....                             | 900   |
| Nítrít.....                             | 900   |
| Oxáð N í vatni (TON) .....              | 1.400 |
| Snefilefni                              |       |
| As eða Se .....                         | 3.000 |
| Hg .....                                | 2.400 |
| Málmur aðrir en Hg                      |       |
| Mæling í loga eða plasma .....          | 1.500 |
| Mæling í grafitofni.....                | 2.350 |
| Ca, Mg, K og Na.....                    | 2.600 |
| Fe, Mn, Zn og Cu, mæling í plasma ..... | 2.600 |

## 2. gr.

Önnur vinna er unnin í tímavinnu. Gjald fyrir útselda vinnu á rannsóknastofu er sem hér segir:

|                     |       |
|---------------------|-------|
| Rannsóknamaður..... | 2.000 |
| Sérfræðingur .....  | 3.200 |

## 3. gr.

Á öll framanskráð gjöld leggst virðisaukaskattur, 24,5%. 50% álag bætist við ef niðurstaðna er krafist innan viku. Heimilt er að veita afslátt á gildandi gjaldskrá ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni sem hafa vísindalegt eða almennt gildi.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 55. gr. laga nr. 64/1965 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um sama efni nr. 94 13. febrúar 1991.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 11. nóvember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

### um tekjumörk, eignamörk og greiðslugetu vegna félagslegra íbúða.

#### Tekjumörk.

##### 1. gr.

Tekjumörk miðast við meðaltekjur sl. þriggja ára, skv. skattskrá, áður en úthlutun á íbúð fer fram. Með meðaltekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna, 20 ára og eldri, sem búa á heimilinu.

##### 2. gr.

Tekjumörk við

- a. kaup á félagslegri eignaríbúð
- b. kaup á félagslegri kaupleiguíbúð
- c. leigu á félagslegri kaupleiguíbúð (með eða án eignarhluta)
- d. leigu á félagslegri leiguíbúð

eru að meðaltekjur nemi eigi hærri fjárhæð en 1.540.000 kr. fyrir hvern einstakling og 257.000 kr. fyrir hvert barn að 20 ára aldri sem býr á heimilinu. Viðmiðunartekjur hjóna skulu vera 25% hærri en hjá einstaklingi, þ.e. 1.925.000 kr.

#### Eignamörk.

##### 3. gr.

Eignamörk miðast við heildareign, að frádregnum heildarskuldum skv. síðustu skattskrá.

##### 4. gr.

Eignamörk við

- a. kaup á félagslegri eignaríbúð
- b. kaup á félagslegri kaupleiguíbúð
- c. leigu á félagslegri kaupleiguíbúð (með eða án eignarhluta)
- d. leigu á félagslegri leiguíbúð

eru 1.900.000 kr.

##### 5. gr.

Eignamörk við

- a. kaup á almennri kaupleiguíbúð með 90% láni
  - b. kaup á 10% eignarhluta í almennri kaupleiguíbúð
- eru 1.900.000 kr.

Séu eignir yfir gildandi eignamörkum, sbr. 1. mgr., er heimilt að veita 70% lán til kaupa á almennri kaupleiguíbúð.

#### Greiðslugeta.

##### 6. gr.

Greiðslugeta við

- a. kaup á félagslegri eignaríbúð
- b. kaup á félagslegri kaupleiguíbúð
- c. kaup á almennri kaupleiguíbúð

miðast við að greiðslubyrði allra fjárskuldbindinga fari ekki yfir 28% af tekjum.

Meðaltekjur síðustu þriggja mánaða skulu lagðar til grundvallar. Séu meðaltekjur síðustu þriggja mánaða meira en 10% hærri en meðaltekjur á mánuði á síðasta ári, skv. skattskrá, skal miða við þær meðalmánaðartekjur, að teknu tilliti til launavísitölu.

Greiðslumat skal byggt á þeim forsendum sem húsnæðismálastjórn hefur ákveðið og kynnt húsnæðisnefndum og öðrum framkvæmdaraðilum.

### Undanþáguheimildir.

#### 7. gr.

Heimilt er Húsnæðisstofnun að víkja frá ákvæðum 4. gr. um eignir, skv. rökstuddri ósk framkvæmdaraðila, þegar um er að ræða umsækjendur sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu.

Jafnframt er Húsnæðisstofnun heimilt að víkja frá 2. gr. og 4. gr. um tekjur og eignir, skv. rökstuddri ósk framkvæmdaraðila, þegar umsækjendur hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna atvinnuleysis, veikinda, fráfalls maka eða af öðrum ástæðum, lækkað svo í tekjum að þeir geta varla haldið íbúðum sínum. Ósk um undanþágu af framangreindum ástæðum skal fylgja umsögn frá félagsmálanefnd í viðkomandi sveitarfélagi.

#### 8. gr.

Heimilt er Húsnæðisstofnun að víkja frá ákvæði 6. gr. um greiðslugetu skv. rökstuddri ósk framkvæmdaraðila, enda felist í rökstuðningnum upplýsingar um félagslega hagi umsækjanda sem þyki staðfesta að umsækjandi geti, tímabundið, borið þyngrri greiðslubyrði en 6. gr. kveður á um.

### Gildistaka.

#### 9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 64., 66. og 76. gr. laga, nr. 97/1993, sbr. lög nr. 58/1995, öðlast þegar gildi.

Reglugerðin skal endurskoðuð fyrir 1. desember 1997.

*Félagsmálaráðuneytinu, 14. nóvember 1996.*

**Páll Pétursson.**

*Þorgerður Benediktsdóttir.*

Nr. 593

11. nóvember 1996

## AUGLÝSING

### um viðbót við aðalskipulag Ísafjarðar 1989-2009.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 11. nóvember 1996, staðfest viðbót við aðalskipulag Ísafjarðar 1989-2009 frá 31. október 1990 með síðari breytingum.

Viðaukinn er á þann veg að á svæði í Dagverðardal er gert ráð fyrir skotæfingasvæði neðan þjóðveggar og það auðkennt sem útivistarsvæði til sérstakra nota. Ekki er heimilt að reisa hús til næturvalar á svæðinu.

Uppdráttur þessi og greinagerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 11. nóvember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Hornafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 688/1994.

#### 1. gr.

Á eftir 1. mgr. 34. gr. samþykktarinnar koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók.

Í lok fundar skal fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og skrifarar eða a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu vera í áframhaldandi töluröð.

Undirritaðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók bæjarstjórnar til varanlegrar varðveislu.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hornafjarðarbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 7. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

7. nóvember 1996

Nr. 595

## AUGLÝSING

### um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar hefur verið ákveðið:

1. að biðskylda verði á Baugshlíð gagnvart umferð um Álfahlíð og Álfatanga
2. að biðskylda verði á Arnarhöfða gagnvart umferð um Baugshlíð
3. að biðskylda verði á Blikahöfða gagnvart umferð um Arnarhöfða
4. að biðskylda verði á Fálkahöfða gagnvart umferð um Arnarhöfða.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 7. nóvember 1996.*

Böðvar Bragason,  
e.u.

**Sturla Þórðarson.**



# GJALDSKRÁ

fyrir verð á upplýsingum úr fasteignaskrá, skrá um álagningarstofn fasteignaskatts og útselda vinnu Fasteignamats ríkisins.

## 1. gr.

Verð fyrir upplýsingar úr fasteignaskrá og skrá um álagningarstofn fasteignaskatts er tvíþætt:

a. Grunnverð fyrir upplýsingar.

b. Viðbótarverð ef um tekjuöflun á grundvelli upplýsinga úr skránum er að ræða.

Grunnverð skv. a-lið 1. málsg. skal vera kr. 20,00 á matseiningu og viðbótarverð skv. b-lið skal vera 1% af tekjum.

Séu keypt fleiri en eitt eintak af skrá skal verð fyrir hvert aukaeintak vera kr. 10,00 á matseiningu.

Sveitarfélög fá 50% afslátt af grunnverði skv. 2. mgr. Sama gildir um aukaeintaksverð skv. 3. mgr. Viðbótarverð til sveitarfélaga skv. b-lið 1. málsg. skal vera 0,005% af álagningarstofni fasteignaskatts.

Hafi aðili keypt aðaleintak úr annari skránni skoðast næstu eintök sem aukaeintök, þótt úr hinni skránni séu.

## 2. gr.

Fyrir sérvinnslur úr fasteignaskrá gildir eftirfarandi verðlagning:

a. Byrjunargjald kr. 15.000,00.

b. Fyrir hverja klst. umfram tvær: kr. 5.000,00. Þetta gjald innifelur álag á vinnu sérfræðings vegna afnota gagna og tölvu.

c. Fyrir límmiðaútprentun greiðist að auki kr. 1,85 fyrir hvern límmiða.

## 3. gr.

Fyrir beinlínutengingu við tölvuskra Fasteignamats ríkisins til uppfléttingar á tölvuskjá skal greiða svo sem hér segir:

1. Fyrir almennt leyfi:

a. kr. 3.400,00 á mánuði fyrir 1. notanda.

b. kr. 1.700,00 á mánuði fyrir 2. og 3. notanda.

c. kr. 1.000,00 á mánuði fyrir 4. og 5. notanda.

Séu notendur fleiri hjá sömu stofnun en um getur í liðum a - c skal gera sérstakan samning um endurgjald.

2. Fyrir sérstakt leyfi:

kr. 6.600,00 á mánuði fyrir hvern notanda.

Almennt leyfi innifelur almennar lágmarksupplýsingar úr fasteignaskrá, t.d. heiti eignar og greinitölur, fasteignamat, stærðir, heiti eigenda o.fl. Unnt er að leita að eignum eftir heiti og greinitölum eignanna.

Sérstakt leyfi innifelur víótækari upplýsingar um eignir, t.d. eigendasögu, o.fl. auk þess að geta flett upp eftir kennitölu eigenda.

## 4. gr.

Fyrir sérmöt skal greiða sem hér segir:

- |   |                    |
|---|--------------------|
| a. Sérmat á íbúð                                  | kr. 7.500,00       |
| b. Önnur sérmöt: Lágmarksgjald                    | kr. 7.500,00       |
| Fyrir vinnu sérfræðings við mat umfram 2,5 klst.  | kr. 3.000,00/klst. |
| Fyrir vinnu matsfulltrúa við mat umfram 4,0 klst. | kr. 1.800,00/klst. |

## 5. gr.

Tímavinnugjald fyrir aðra þjónustu Fasteignamats ríkisins skal vera svo sem hér segir:

- |                     |                    |
|---------------------|--------------------|
| a. Sérfræðingur     | 2.700,00 kr./klst. |
| b. Matsfulltrúi     | 1.600,00 kr./klst. |
| c. Aðrir starfsmenn | 1.200,00 kr./klst. |

## 6. gr.

Fyrir endurmat brunabótamats skal greiða samkvæmt auglýsingu um virðingar til brunatryggingar á húseignum o.fl., sbr. nú auglýsingu nr. 332 10. júní 1996.

## 7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 14. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, sbr. 27. gr. laga nr. 1/1992 um breytingu á þeim, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 461/1993 um sama efni.

*Fjármálaráðuneytinu, 18. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Magnús Pétursson.**

*Björn Hafsteinsson.*

Nr. 597

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Fáskrúðsfjarðarsókn í Kolfreyjustaðarprestakalli, Austfjarðaprófastsdæmi verði sameinuð Kolfreyjustaðarsókn í sama prestakalli.**

„Ráðuneytið hefur móttengið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 14. nóvember 1996, sbr. bréf Davíðs Baldurssonar, prófasts, dags. 15. október 1996, þar sem farið er fram á staðfestingu ráðuneytisins á því, að Fáskrúðsfjarðarsókn í Kolfreyjustaðarprestakalli, Austfjarðaprófastsdæmi, verði sameinuð Kolfreyjustaðarsókn í sama prestakalli og að hin nýja sókn mundi halda heitinu Kolfreyjustaðarsókn.

Ráðuneytið staðfestir hér með ofangreinda breytingu, enda liggur fyrir samþykki viðkomandi aðalsafnaðarfunda og héraðsfundar, sbr. 4. gr. laga nr. 25/1985 um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.

Þetta tilkynnist yður til frekari birtingar.“

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Rauðamelssókn í Staðarstaðarprestakalli, Snæfellsness- og Dalasýslu-prófastsdæmi verði sameinuð Fáskrúðarbakkasókn í sama prestakalli.**

„Ráðuneytið hefur mótttekið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 14. nóvember 1996, sbr. bréf Ingibergs Hannessonar, prófests, dags. 7. október 1996, þar sem farið er fram á staðfestingu ráðuneytisins á því að Rauðamelssókn í Staðarstaðarprestakalli, Snæfellsness- og Dalasýslu-prófastsdæmi, verði sameinuð Fáskrúðarbakkasókn í sama prestakalli og að hin nýja sókn hélði nafni Fáskrúðarbakkasókn.

Ráðuneytið staðfestir hér með ofangreinda breytingu, enda liggur fyrir samþykki viðkomandi aðalsafnaðarfunda og héraðsfundar, sbr. 4. gr. laga nr. 25/1985 um kirkjusóknir o.fl.

Þetta tilkynnist yður til frekari birtingar.“

Nr. 599

14. nóvember 1996

**SAMÞYKKT**  
**um hundahald í Neskaupstað.**

1. gr.

Hundahald er bannað í Neskaupstað.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í bæjarfélaginu, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklingsins og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann hund sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

Undanþágur má veita með eftirfarandi skilyrðum í þéttbýli:

- a) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi íbúða. Í fjölbýlishúsi með sérstökum inngangi fyrir hverja íbúð skal fylgja skriflegt leyfi allra íbúðareigenda.
- b) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða árlega til bæjarsjóðs eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn samþykkir og staðfest er af umhverfisráðherra. Heimilt er bæjarstjórn að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir nytjahunda, þ.e. hunda sem notaðir eru til lög-gæslu eða björgunarstarfa og minnkahunda. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjón-daprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu dýrs, og síðan árlega fyrirfram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- c) Við greiðslu gjalds samkvæmt b-lið ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis, um að hundurinn hafi verið hreinsaður af bandormum og hringormum, svo og öðrum skilríkjum sem máli skipta. Hundar skulu færðir til hreinsunar í október til nóvember ár hvert eftir nánar auglýstum tíma. Mæti eigandi ekki með hund sinn til árlegrar hreinsunar á boðuðum tíma, ber hann sjálfur kostnað sem af því kann að leiða.
- d) Leyfishafi skal hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafyrirtæki. Váttrygging skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Lágmarkstryggingarupphæð verði kr. 10.000.000,- (tíu milljónir). Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og árlegs leyfisgjalds.

- e) Hundurinn skal ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera plata, sem í er greipt skráningarnúmer dýrsins.
- f) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa í þéttbýli nema á þar til afmörkuðum svæðum. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utanhúss og í fylgd manneskju sem hefur fullt vald yfir þeim. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins. Hundeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
- g) Utan þéttbýlismarka er heimilt að sleppa hundi lausum undir eftirliti umsjónarmanns, án þess þó að gengið sé á rétt viðkomandi landeiganda.
- h) Leyfishafa ber að sjá svo um að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- i) Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli, íþróttavelli eða aðra þá staði sem um ræðir í III.-V. og VIII.-XV. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari breytingum, en þeir eru m.a. eftirfarandi:
1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
  2. Almennings- og útisalerni.
  3. Hvers konar sorpgeymslu- og sorpförgunarstaði.
  4. Gististaði, veitingastaði og matsölustaði.
  5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
  6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
  7. Skóla, kennslustaði, barnaheimili og gæsluvelli.
  8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
  9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaði.
  10. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
  11. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
  12. Kirkjugarða, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
  13. Almenn samgöngutæki.
- j) Bannað er að fara með hunda um fólkvanginn, sbr. auglýsingu frá menntamálaráðuneytinu, dags. 29. nóvember 1972, um fólkvang Neskaupstaðar.
- k) Bannað er að fara með hunda á almennar útisamkomur.
- l) Ákvæði stafliða f, i, j og k hér að framan gilda ekki um nytjahunda að störfum eða nytjahunda sem verið er að þjálfa.
- m) Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
- n) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo hunda á sama heimilinu.  
Undanþágur og skilyrði á lögbýlum í Neskaupstað:
- o) Ekki þarf að sækja sérstaklega um leyfi fyrir hundahaldi á lögbýlum nema fleiri en tveir fullorðnir hundar séu á heimilinu. Skal þá tilgreind ástæða og umsögn dýraeftirlitsmanns fylgja umsókninni.
- p) Ekki þarf að greiða leyfisgjald af hundum á lögbýlum í Neskaupstað, þó skulu eigendur hunda þar greiða þann kostnað sem af lögbundnum hreinsunum og læknisáðgerðum hlýst, sbr. c lið í 2. gr. eftir því sem við á.
- q) Hundar á lögbýlum mega ganga frjálsir á landareignum eigenda sinna.  
Að öðru leyti gilda ákvæði 2. mgr. eftir því sem við á.

### 3. gr.

Umsóknum um leyfi til hundahalds skal skila inn til bæjarstjórnar, eða fulltrúa hennar á þar til gerðum eyðublöðum. Bæjarstjóri gefur út umbeðið leyfi að fenginni umsögn dýraeftirlitsmanns. Leyfishafi fær afhenta plötu sbr. ákvæði e liðar í 2. gr. Sé leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

## 4. gr.

Dýraeftirlitsmaður skal vera starfandi í Neskaupstað og setur bæjarstjóri honum starfsreglur. Skal hann gefa bæjarstjóra eða fulltrúa hans, sem með þessi mál fer, skriflega skýrslu um þau dýr sem hann þarf að hafa afskipti af.

Dýraeftirlitsmaður skal færa upplýsingar um leyfð dýr í þar til gerða bók. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Dýraeftirlitsmaður skal árlega senda sýslumannsembættinu skrá yfir leyfða hunda.

Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar. Hann annast eftirlit með hundahaldi í Neskaupstað og nýtur til þess fulltingis lögreglu.

## 5. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundaeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað eða meiriháttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um hundahald gilda getur bæjarstjórn afturkallað leyfið. Skal leyfishafi þá afhenda hundinn dýraeftirlitsmanni eða lögreglu til ráðstöfunar. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

## 6. gr.

Hunda sem ganga lausir utan húss í þéttbýli skal handsama og færa í sérstaka geymslu á vegum bæjarins. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur og bita skal fjarlægja og er lögreglu og dýraeftirlitsmanni heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því að hundurinn er kominn í vörslu dýraeftirlitsmanns enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti ber að aflifa hundinn, enda hafi eiganda verið tilkynnt um töku hundsins, ef unnt er.

## 7. gr.

Sinni leyfishafi samkvæmt samþykktum þessum ekki skriflegri áminningu eða brjóti endurtekið af sér er bæjarstjórn heimilt að beita hann dagsektum og svipta hann leyfi, sbr. ákvæði 4. mgr. og 6. mgr. 27. gr. í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988, með síðari breytingum. Skal leyfishafi greiða allan kostnað er til fellur vegna brota hans á samþykktinni.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

## 8. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað. Um leið fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Neskaupstað útg. 12. ágúst 1992.

*Umhverfisráðuneytinu, 14. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# SAMÞYKKT

## um kattahald í Neskaupstað.

### 1. gr.

Kattahald er bannað í þéttbýli Neskaupstaðar. Einnig er bæjarstjórn heimilt að takmarka kattahald í dreifbýli ef þess er talin brýn þörf að mati heilbrigðisnefndar.

### 2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í bæjarfélaginu, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til kattahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklingsins og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni skv. eftirfarandi.

Undanþágur má veita með eftirfarandi skilyrðum í þéttbýli:

- a) Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi íbúða. Í fjölbýlishúsi með sérstökum inngangi fyrir hverja íbúð skal fylgja skriflegt leyfi allra íbúðareigenda.
- b) Árlega ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis, um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum, svo og öðrum skilríkjum sem máli skipta.
- c) Leyfishafi skal hafa kött sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafyrirtæki. Váttrygging skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Lágmarkstryggingarupphæð verði kr. 10.000.000,- (tíu milljónir).
- d) Kötturinn skal ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera bjalla og plata, sem í er greipt skráningarnúmer dýrsins.
- e) Leyfishafa ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- f) Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.
- g) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.
- h) Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma og eftir atvikum takmarka útiveru katta m.a. að næturlagi.

### 3. gr.

Umsóknum um leyfi til kattahalds skal skila inn til bæjarstjórnar, eða fulltrúa hennar á þar til gerðum eyðublöðum. Bæjarstjóri gefur út umbeðið leyfi að fenginni umsögn dýraeftirlitsmanns. Leyfishafi fær afhenta plötu, sbr. ákvæði e liðar 2. mgr. 2. gr.

Sé leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

### 4. gr.

Dýraeftirlitsmaður skal vera starfandi í Neskaupstað og setur bæjarstjóri honum starfsreglur. Skal hann gefa bæjarstjóra eða fulltrúa hans, sem með þessi mál fer, skriflega skýrslu um þau dýr sem hann þarf að hafa afskipti af.

Dýraeftirlitsmaður skal færa upplýsingar um leyfð dýr í þar til gerða bók. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Dýraeftirlitsmaður skal árlega senda sýslumannsembættinu skrá yfir leyfða ketti

Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar og hefur eftirlit með kattahaldi í Neskaupstað.

### 5. gr.

Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

6. gr.

Bæjarstjórn getur afturkallað leyfi til kattahalds telji hún þess brýna þörf.

7. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að láta eyða ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara.

8. gr.

Sé kvartað undan ágangi katta í íbúðarhverfum er meindýraeyði heimilt að veiða í búr og eyða ómerktum flækingsköttum án þess að það sé auglýst sérstaklega.

9. gr.

Með brot á samþykktum þessum skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

10. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þeir sem nú halda ketti skulu sækja um undanþágu frá banni samkvæmt 1. gr. fyrir 1. desember 1996.

*Umhverfissráðuneytinu, 14. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 410/1990 um ullarmat.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., svohljóðandi:  
Heimilt er að meta nýtingarhlutfall ullar 2,5 prósentustigum hærra eða lægra en tilgreint er í 1. mgr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 57/1990 um flokkun og mat á gærum og ull og öðast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 19. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

---

*Jón Höskuldsson.*

## SAMÞYKKT

### um niðurrif á þungavinnuvélum, bifreiðum o.þ.h. hlutum í Garðabæ.

#### 1. gr.

Samþykkt þessari er ætlað að tryggja rétta förgun spilliefna og hindra að íbúar verði fyrir óþægindum vegna hávaða, lyktar og óprýði í umhverfi. Partasölur og skyld starfsemi er háð starfsleyfi samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar.

#### 2. gr.

Niðurrif á þungavinnuvélum, bifreiðum o.þ.h. hlutum skal fara fram innandyra og þá á skipulögðum iðnaðarsvæðum. Afmarkað skal geymslusvæði fyrir vélar og bifreiðar, sem biða niðurrifs og eða förgunar, eða geyma þær innandyra. Óheimilt er að nýta almenn bílastæði sem slíka geymslu.

#### 3. gr.

Áður en rekstur partasölu er heimilaður skal liggja fyrir samþykkt byggingarnefndar um lóðarnýtingu, gerð bílastæða, girðingar og afmörkun og gerð geymslusvæða. Lausamuni er fylgja starfseminni skal geyma innandyra. Heimilt er þó að geyma stærri hluti á sérstaklega afmörkuðu svæði enda sé tryggt að þeir smiti ekki olíu né séu til lýta í umhverfi.

#### 4. gr.

Hafa skal fráveitulögn tengda olúgildru frá svæðum, þar sem tæki eru þrífín og niðurrif fer fram. Önnur niðurföll sem hætta er talin á að olía geti borist í skulu einnig tengd olúgildru. Gildran skal vera utandyra og aðgengileg til losunar og eftirlits. Stærð hennar og gerð skal ákveðin í samráði við heilbrigðisfulltrúa.

#### 5. gr.

Forsvarsmaður er ábyrgur fyrir geymslu allra spilliefna og skilum á þeim til förgunar. Halda ber nákvæma skrá yfir þau skil.

#### 6. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

#### 7. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

#### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Starfandi partasölur með gildandi starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd skulu uppfylla ákvæði 2. gr. og 3. gr. fyrir 1. janúar 1997.

*Umhverfissráðuneytinu, 15. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*



## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 86 24. febrúar 1993 með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Við 3. gr., lið 3.5., bætist ný málsgrein, sem verði 3. mgr., svohljóðandi:

Stjórn Íslenskrar getspár er heimilt að ákveða að þátttakanda, sem keypt hefur þátttökukvittun sem á eru 10 raðir eða fleiri, sé látin í té án greiðslu, sem kaupauki, þátttökukvittun sem á er 1 -ein- röð.

#### 2. gr.

5. gr., liður 5.5., orðist svo:

5.5. Til vinninga skal verja 40% af heildarsöluverði þátttökukvittanna hvernar leikviku, þar með talið andvirði þátttökukvittana sem látnar eru þátttakendum í té sem kaupauki án endurgjalds. Vinningsfjárhæðin skiptist þannig:

#### 3. gr.

5. gr., liður 5.6., 3. mgr., orðist svo:

Stjórn Íslenskrar getspár er heimilt að leggja viðbótarfé frá fyrirtækinu til 1. vinnings í báðum leikjunum við sérstök tækifæri svo og við sérstök tækifæri að efna til aukaútdráttar þar sem lagt er til fé frá fyrirtækinu til vinninga. Stjórnin skal leita samþykkis dómsmálaráðuneytisins fyrir slíkum framlögum og fyrirkomulagi útdráttar.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. nóvember 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Thors.*

Nr. 604

20. nóvember 1996

## AUGLÝSING

### um umferð í Hrísey.

Að fenginni tillögu hreppsnefndar Hríseyjarhrepps og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er hér með ákveðið að hámarkshraði ökutækja í Hrísey verði 30 km á klukkustund.

Ákvörðun þessi tekur gildi þegar í stað.

*Sýslumaðurinn á Akureyri, 20. nóvember 1996.*

**Björn Jósef Arnviðarson.**

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Bæjarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Bæjarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald. Gjaldldagi er 15. júlí ár hvert.

#### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

|                                     |     |        |
|-------------------------------------|-----|--------|
| Fyrir lögbýli sem er í ábúð allt að | kr. | 25.000 |
| Fyrir orlofshús allt að             | kr. | 5.000  |
| Fyrir sumarhúsað allt að            | kr. | 1.000  |
| Fyrir ferðaþjónustu allt að         | kr. | 20.000 |

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Bæjarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. er gjaldldagi gjalda árið 1996, 15. desember 1996.

*Umhverfísráðuneytinu, 15. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

21. nóvember 1996

Nr. 606

## AUGLÝSING

### um nýtt fasteignamat.

#### 1. gr.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfir-fasteignamatnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 1. nóvember sl. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, atvinnuhúsa og atvinnulóða, sumarhúsa og sumarhúsalóða, bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum, sbr. þó staflíði b., c. og d. hér á eftir, hækki um 2% og verði framreiknistuðull samkvæmt því 1,02.
- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í þéttbýli í eftirtöldum sveitarfélögum hækki um 12%: Eyrarsveit, Rangárvallahreppi, Stokkseyrarhreppi og Eyrarbakkahreppi og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,12.
- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í þéttbýli í eftirtöldum sveitarfélögum hækki um 8%: Sandgerði, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi, Akranesi, Stykkishólmi, Hvammstangahreppi, Ólafsfirði, Egilsstöðum, Eskifirði, Hvolhreppi og Ölfushreppi og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,08.

d. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á eftirtöldum þéttbýlisstöðum hækki um 5%: Borgarnesi, Dalvík, Höfn og Vestmannaeyjum og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,05.

e. Matsverð hlunninda verði óbreytt og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,0.

Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningum samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins um einstakar tegundir fasteigna.

Ofangreind breyting fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 1. desember 1995 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

#### 2. gr.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærur er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

#### 3. gr.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember nk. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

#### 4. gr.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1996.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 596 22. nóvember 1995.

*Fjármálaráðuneytinu, 21. nóvember 1996.*

**Friðrik Sophusson.**

*Björn Hafsteinsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð á Ísafirði.

Að tillögu bæjarstjórnar Ísafjarðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er gildistöku auglýsingar nr. 585/1996 um umferð á Ísafirði dagsettri 31. október 1996, sem birt var í Stjórnartíðindum 20. nóvember sl. og í Lögbirtingablaðinu þann 15. nóvember sl., frestað ótímabundið, en auglýsingin átti að taka gildi þann 1. desember 1996.

Reglur þær sem greinir í auglýsingu nr. 585/1996 eru eftirfarandi:

Aksturstefnu Hafnarstrætis og Aðalstrætis frá gatnamótum Mánagötu, Pollgötu og Hafnarstrætis að gatnamótum Aðalstrætis og Pollgötu er breytt þannig að ekið verður niður Eyrina í austur- og suðurátt. Einstefna verður áfram á umræddum kafla Hafnarstrætis og Aðalstrætis en hún snýst nú við.

Bannað er að leggja bifreiðum í Hafnarstræti milli Mánagötu og Hrannargötu. Akstur frá Mánagötu yfir á Pollgötu er bannaður.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, munu því ekki öðlast gildi þann 1. desember 1996, og er gildistöku þeirra frestað ótímabundið þar til annað verður ákveðið.

13. tl. III. kafla auglýsingar um umferð á Ísafirði nr. 189/1993 sem falla átti úr gildi við gildistöku framangreindrar auglýsingar mun því áfram vera í gildi, sem og allar aðrar reglur um umferð í kaupstaðnum, er kunna að hafa verið settar og brjóta í bága við reglur auglýsingar nr. 585/1996.

*Lögreglustjórinn á Ísafirði, 21. nóvember 1996.*

F. h. l.

**Gísli Rúnar Gíslason** fulltrúi.

## REGLUGERÐ

### um aðgang að leigulínum á almenna fjarskiptanetinu.

#### I. KAFLI

#### Gildissvið og merking.

##### 1. gr.

#### *Markmið og gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um framboð og notkun á leigulínum í almenna fjarskiptanetinu. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja opinn aðgang að leigulínum í almenna fjarskiptanetinu og setja ákveðin samræmd skilyrði um framboð þeirra og notkun.

##### 2. gr.

#### *Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari hafa orð og orðasambönd eftirfarandi merkingu:  
**Almennt fjarskiptanet:** Innviðir fyrir almenn fjarskipti sem gera kleift að flytja merki milli skilgreindra nettengipunkta með rafþræði, örbylgjum, ljóstækni-  
 legum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum.

**Leigulínur:** Aðgangur að almennu fjarskiptaneti fyrir gagnsæjan flutning milli nettengipunkta án skiptiþjónustu.

**Notendur:** Notendur og þjónustuaðilar, að meðtöldum fjarskiptafyrirtækjum þegar þau veita þjónustu sem aðrir veita eða geta veitt.

*Einföld endursala á flutningsgetu:*

Sala til almennings á gagnaflutningi á leigulínum sem látn er í té sem sérstök þjónusta og felur aðeins í sér þá sjálfvirku skiptingu, úrvinnslu eða geymslu gagna eða breytingu á samskiptareglum sem nauðsynleg er fyrir (rauntíma) sendingu til eða frá almenna sjálfvirka netinu.

*Fjarskiptafyrirtæki:*

Fyrirtæki eða stofnun sem er heimilt að bjóða fram leigulínur.

3. gr.

*Framboð á leigulínum.*

Fjarskiptafyrirtæki skal bjóða fram að lágmarki þær tegundir leigulína sem taldar eru upp í II viðauka. Þær skulu standa til boða um allt land. Skilmálar þessarar reglugerðar skulu einnig gilda um línur sem fjarskiptafyrirtæki nota fyrir samkeppnisþjónustu, þ.m.t. fyrir einfalda endursölu.

Fjarskiptafyrirtæki er heimilt að bjóða fram aðrar tegundir leigulína en samkvæmt 1. mgr. Um þær gilda ákveðnir skilmálar, sbr. 5. gr.

4. gr.

*Breytingar á skilmálum.*

Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja að sú þjónusta, sem er fyrir hendi, standi áfram til boða í hæfilegan tíma og að einungis sé heimilt að fella niður þjónustu að höfðu samráði við hlutaðeigandi notendur. Tilkynna skal hlutaðeigandi notendum um fyrirhugaðar breytingar eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 6 mánuðum fyrir áætlaða breytingu.

Fjarskiptafyrirtæki getur engu að síður frátengt leigulínu sem er komin í vanskil, enda hafi leigutaka verið send skrifleg aðvörðun þar að lútandi.

5. gr.

*Jafnræði.*

Fjarskiptafyrirtæki skal leigja línur sömu tegundar á eins kjörum.

Samgönguráðuneytið getur í ákveðnum tilvikum heimilað fjarskiptafyrirtæki að víkja frá þessu skilyrði. Þegar fjarskiptafyrirtæki notar leigulínu til að veita þjónustu sem einkaréttur gildir ekki um, skulu aðrir notendur njóta sömu kjara fyrir viðkomandi tegund leigulínu, óski þeir eftir því.

6. gr.

*Ákvörðun taxta.*

Samgönguráðherra setur gjaldskrá fyrir leigulínur að fengnum tillögum Pósts og síma hf.

Taxtar fyrir leigulínur skulu taka mið af kostnaði og fara eftir hlutlægum viðmiðunum í samræmi við eftirfarandi reglur:

1. Taxtar fyrir leigulínur skulu vera óháðir því til hvers þær eru notaðar.
2. Taxtar fyrir leigulínur skulu að jafnaði skiptast í: uppsetningargjald, afnotagjald, þ.e. fast leigugjald fyrir ákveðið tímabil.  
Þegar önnur skipting taxta er notuð skal hún vera auðskiljanleg og fara eftir hlutlægum viðmiðunum.
3. Taxtar fyrir leigulínur gilda um alla þjónustuþætti sem látnir eru í té milli nettengipunktanna þar sem notandinn hefur aðgang að línunni.  
Heimilt er að veita afslátt frá töxtum samkvæmt þessari grein.

## 7. gr.

*Kostnaðarbókhald*

Fjarskiptafyrirtæki skal móta og nota kostnaðarbókhaldskerfi sem gerir mögulegt að framkvæma 6. gr. reglugerðar þessarar.

Kostnaðarbókhaldið skal byggt á eftirfarandi:

1. Kostnaður við leigulínur skal m.a. fela í sér beinan útlagðan kostnað fjarskiptafyrirtækisins vegna uppsetningar, reksturs og viðhalds leigulína ásamt markaðssetningu og reikningsútskrift í tengslum við leigulínur.
2. Sameiginlegur kostnaður, þ.e. kostnaður sem hvorki er hægt að færa beint á leigulínur né á aðra starfsemi og skal honum skipt sem hér segir:
  - a. Þar sem hægt er skal sameiginlegum kostnaði skipt á grundvelli greiningar á uppruna hans.
  - b. Þegar slíki beinni greiningu verður ekki komið við, skal sameiginlegum kostnaði skipt eins og öðrum sambærilegum kostnaði er skipt þar sem bein heimfærsla er möguleg. Þetta gildir þegar um sambærilega kostnaðarsamsetningu er að ræða.
  - c. Þegar hvorki er hægt að koma við beinni eða óbeinni kostnaðarskiptingu skal kostnaðinum skipt í því hlutfalli sem beinn kostnaður skiptist milli umræddrar þjónustu annars vegar og annarrar þjónustutegundar hins vegar.

## 8. gr.

*Upplýsingaskylda fjarskiptafyrirtækis.*

Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja að upplýsingar um leigulínur, tæknilega eiginleika þeirra, taxa, skilmála um afhendingu og notkun, þörf á leyfisveitingum og yfirlýsingum ásamt skilyrðum fyrir tengingu notendabúnaðar séu birtar. Þessar upplýsingar skulu vera í samræmi við I viðauka og m.a. fela í sér eftirfarandi atriði:

- \* afgreiðslu pantana;
- \* afhendingarfrest, sem er talinn frá þeim degi, er notandi lagði fram endanlega beiðni um leigulínu fram að þeim tíma sem 80% allra leigulína af viðkomandi tegund hafa verið settar upp hjá notendum;
- \* samningstíma, þ.e. tímabilið sem samningur um leigu tekur til að jafnaði og lágmarks-samningstími sem notanda ber að samþykkja;
- \* dæmigerðan viðgerðartíma;
- \* sérhverja reglu um endurgreiðslu.

Fjarskiptafyrirtæki skal gera fyrir hvert almanaksár skýrslu um hvernig skilmálum þessarar greinar er fullnægt.

## 9. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984, sbr. nr. 32/1993 og með hliðsjón af tilskipun 92/44/EBE frá 5. júní 1992 og ákvörðun framkvæmdarstjórnar ESB 94/439/EBE frá 15. júní 1994, staðfestist hér með til að taka þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 30. október 1996.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**I. VIÐAUKI****Framsetning upplýsinga sem á að veita vegna leigulína samkvæmt 8. gr.**

Upplýsingarnar sem um getur í 8. gr. reglugerðarinnar skulu settar fram sem hér segir:

**A. Tæknilegir eiginleikar.**

Tæknilegri eiginleikar fela í sér eðlis- og rafmagnsfræðilega eiginleika auk sundurliðaðra tæknilegra forskrifta og skilaforskrifta sem gilda um nettengipunktinn. Skýr tilvísun til staðla sem hafa verið notaðir verða að koma fram.

**B. Taxtar.**

Taxtarnir fela í sér uppsetningargjöld, áskriftargjöld og önnur gjöld. Þegar gjöld eru sundurliðuð, til dæmis þegar um mismunandi gæðastig þjónustu er að ræða eða mismunandi fjölda leigulína sem notanda stendur til boða (magnafsláttur), verður það að koma fram.

**C. Afgreiðsluskilmálar.**

Afgreiðsluskilmálarnir feli að minnsta kosti í sér þau atriði, sem talin eru upp í 8. gr.

**D. Kröfur vegna leyfisveitingar.**

Upplýsingar um kröfur vegna leyfisveitingar, aðferðir við leyfisveitingu og/eða leyfisskilmála skulu gefa fullnægjandi yfirlit yfir alla þætti sem hafa áhrif á notkunarskilyrði vegna leigulína. Þær skulu fela í sér eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:

1. Greinargóða lýsingu á þeim þjónustuflokkum sem beita skal aðferðum leyfisveitingar við og sem uppfylla skal leyfisskilmála fyrir af notanda leigulínu eða viðskiptavinum hans.
2. Upplýsingar um eðli leyfisveitingarskilmálanna, sérstaklega hvort leyfið er almenns eðlis þannig að ekki sé krafist skráningar og/eða leyfis fyrir hvert einstakt tilvik eða að hve miklu leyti krafist er með leyfisveitingarskilmálunum skráningar og/eða leyfis fyrir hvert einstakt tilvik eða að hve miklu leyti krafist er með leyfisveitingarskilmálunum skráningar og/eða leyfis fyrir hvert einstakt tilvik.
3. Skýra vísbendingu um gildistíma leyfisins, ásamt eftir atvikum upplýsingum um hvenær endurskoðun geti farið fram.
4. Upplýsingar um skilyrði vegna grunnkraftna skv. 4. gr. reglugerðar nr. 383/1994.
5. Upplýsingar um aðrar skyldur sem aðildarríkjunum er heimilt að leggja á herðar notanda leigulína samkvæmt reglugerð nr. 382/1994<sup>1)</sup> að því er varðar pakka- eða rásaskipta gagnaflytninguþjónustu, þar sem þess er krafist að uppfylla verði skilyrði um gæði þjónustunnar auk þess sem hún verði að skila sér eins og til er ætlast og vera aðgengileg.
6. Skýra tilvísun til skilyrða sem hafa það að markmiði að tryggja að virt sé bann við að veita þjónustu þar sem [hlutaðeigandi aðildarríki hefur viðhaldið sérstökum réttindum eða einkarétti innan ramma bandalagsins].
7. Skrá yfir öll skjöl sem hafa að geyma upplýsingar um skilyrði tengd leyfisveitingum sem sett eru notendum leigulína, þegar þeir nota þær til að veita öðrum þjónustu.

**E. Skilyrði fyrir tengingu notendabúnaðar.**

Upplýsingar um tengingarskilyrði fela í sér nákvæmt yfirlit yfir þær kröfur sem notendabúnaður, sem á að tengja við viðkomandi leigulínu, verður að uppfylla samkvæmt reglugerð nr. 589/1994.<sup>2)</sup>

1) Reglugerð um skilyrði fyrir leyfum til að veita fjarskiptaþjónustu nr. 382/1994, sem sett er með tilliti til tilskipunar 90/388/EBE (þjónustutílskipunin).

2) Reglugerð um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða (CTR) á Evrópska efnahagssvæðinu.

## II. VIÐAUKI

## Skilgreining á lágmarkssamstæðu leigulína með samhæfða, tæknilega eiginleika, samanber 3. gr.

Tæknilegir eiginleikar<sup>1)</sup>

| Gerð leigulínu  | Interface presentation specifications                        | Connection charecteristics and performance specifications                    |
|---|--|--|
| Tallína með venjulegum gæðum                                | 2ja og 4ra víra hliðrænar                                    | ITU-T M.1040   |
| Tallína með sérstökum gæðum (dagskrárlína)                  | 2ja og 4ra víra hliðrænar                                    | ITU-T M.1020/M.1025  |
| 64 kbit/ stafræn <sup>2)</sup>                              | ETS 300 288 <sup>3)</sup>                                    | ETS 300 289 <sup>4)</sup>  |
| 2 048 kbit/s stafræn óskipuleg (unstructured) <sup>5)</sup> | ETS 300 246 <sup>6)</sup>                                    | ETS 300 247 <sup>7)</sup>  |
| 2 048 kbit/s stafræn skipuleg (structured)                  | ITU-T G.703 og G.704 (að undanskildum kafla 5) <sup>8)</sup> | Viðeigandi ITU-T tilmæli í G.800 röðinni In-service monitoring <sup>9)</sup> |

- 1) ITU-T tilmælin sem vísað er til, vísa til útgáfu 1988. ETSI hefur verið falið að vinna frekar að útgáfu staðla fyrir leigulínur.
- 2) Tengikröfum fyrir notendabúnað, sem tengja á við leigulínur, er lýst í sameiginlegri tæknilegri reglugerð 14 (CTR 14).
- 3) Þar til 31. desember 1996 er heimilt að bjóða leigulínur skv. ITU-T G. 703 í stað ETS 300 288. Til bráðabirgða, á tímabili eftir 31. desember 1996 er heimilt að bjóða leigulínur skv. ITU-T G. 703 í stað ETS 300 288. Til bráðabirgða á tímabili eftir 31. desember 1996 er heimilt að bjóða leigulínur sem nota aðra skilfleti, sem byggjast á X.21 eða X21 bis, í stað ETS 300 288.
- 4) Þar til 31. desember 1996 er heimilt að bjóða leigulínur skv. viðeigandi ITU-T G.800 tilmælum í stað ETS 300 289.
- 5) Tengikröfum fyrir notendabúnað, sem tengja á við leigulínur, er lýst í CTR 12.
- 6) Þar til 31. desember 1996 er heimilt að bjóða leigulínur skv. ITU-T G.703 í stað ETS 300 246.
- 7) Þar til 31. desember 1996 er heimilt að bjóða leigulínur skv. viðeigandi ITU-T G.800 tilmælum í stað ETS 300 247.
- 8) Með „cyclic redundancy checking“ í samræmi við ITU-T G.706.
- 9) In-service monitoring getur stuðlað að bættu viðhaldi hjá fjarskiptafyrirtækinu.



# REGLUGERÐ

## um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs.

### I. KAFLI

#### Tilgangur, gildissvið o.fl.

##### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja að umbúðaúrgangur hafi sem minnst skaðleg áhrif á umhverfið. Jafnframt er það markmið reglugerðarinnar að draga úr því magni umbúða sem er fargað, að minnka heildarrúmmál umbúða, að koma í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs og að stuðla að endurnotkun umbúða og endurnýtingu umbúðaúrgangs.

##### 2. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til allra umbúða sem settar hafa verið á markað og alls umbúðaúrgangs, hvort sem hann er notaður í eða kemur frá iðnaði og annarri vöruframleiðslu, skrifstofum, verslunum, þjónustufyrirtækjum, heimilum eða annars staðar frá, án tillits til þess úr hvaða efni umbúðirnar eru, nema sérlög eigi við.

Reglugerð þessi er sett með fyrirvara um gildandi gæðakröfur fyrir umbúðir, svo sem þær sem varða öryggi, hollustu og heilnæmi vöru í umbúðum, með fyrirvara um gildandi flutningskröfur og með fyrirvara um kröfur vegna spilliefnaförgunar.

##### 3. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

*Umbúðir:* allar vörur sem framleiddar eru, úr hvaða efni sem er og af hvaða gerð sem er, til að halda utan um vöru, vernda hana, meðhöndla, flytja, afhenda og kynna hana, hvort sem um er að ræða hráefni eða fullunna vöru, á öllum stigum frá framleiðanda til endanlegs notanda. Einnota hlutir sem eru notaðir í sama tilgangi skulu einnig teljast til umbúða. Undir umbúðir falla aðeins:

- a) söluumbúðir eða grunnumbúðir (fyrsta stigs umbúðir), þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær sölueiningu fyrir endanlegan notanda eða neytanda;
- b) safnumbúðir (annars stigs umbúðir), þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær safn tiltekins fjölda sölueininga, hvort sem þær eru seldar sem slíkar til endanlegs notanda eða neytanda eða aðeins notaðar við geymslu í hillum á sölustað. Hægt er að fjarlægja vöruna úr þeim án þess að það hafi áhrif á eiginleika hennar;
- c) flutningsumbúðir (þriðja stigs umbúðir), þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að þær auðveldi meðferð og flutning tiltekins fjölda sölueininga eða safnumbúða til að koma í veg fyrir tjón á vörunni við meðferð hennar og flutning. Gámar til vöruflutninga á landleiðum, með skipum og flugvélum eru ekki taldir til flutningsumbúða.

*Umbúðaúrgangur:* allar umbúðir eða umbúðahráefni sem fjallað er um í viðauka 18 í mengunarvarnareglugerð, að undanskildum framleiðsluleifum.

*Meðhöndlun umbúðaúrgangs:* meðhöndlun úrgangs eins og hún er skilgreind í mengunarvarnareglugerð.

*Að koma í veg fyrir:* að minnka magn og draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum af völdum efna sem finnast í umbúðunum sjálfum og umbúðaúrgangi á framleiðslustigi og á meðan umbúðir eru markaðssettar, þeim er dreift, þær notaðar og þeim síðan fargað, sérstaklega með því að þróa „hreinni“ tækni og „hreinar“ vörur.

*Endurnotkun:* allar aðgerðir þar sem umbúðir, sem eru hannaðar þannig að unnt sé að nota þær að minnsta kosti nokkrum sinnum á endingarferli þeirra, eru enduráfyltastar eða notaðar í sama tilgangi og áður, með eða án aukaafurða sem til eru á markaðinum og gera það kleift að enduráfylla umbúðirnar. Slíkar umbúðir verða að umbúðaúrgangi þegar ekki er lengur hægt að endurnota þær.

*Endurnýting:* allar aðgerðir sem leitt gætu til nýtingar, sbr. viðauka II-B, í 18. viðauka í mengunarvarnareglugerð.

*Endurvinnsla:* endurframleiðsla úrgangsefna til upprunalegra eða annarra nota, þar með talin lífræn endurvinnsla en ekki orkuvinnsla.

*Orkuvinnsla:* notkun brennanlegs umbúðaúrgangs til að framleiða orku beint við brennslu með eða án annars úrgangs en með nýtingu varmans.

*Lífræn endurvinnsla:* loftháð meðferð (mylting) eða loftfirrt meðferð (gasmyndun) samkvæmt tiltekinni áætlun og með aðstoð örvera á þeim hluta umbúðaúrgangs sem brotnar niður í stöðug lífræn efni eða metan. Urðun úrgangs telst ekki lífræn endurvinnsla.

*Förgun:* allar aðgerðir sem kveðið er á um í viðauka II-A, í 18. viðauka í mengunarvarnareglugerð.

*Upplýsingaskyldir aðilar:* í tengslum við umbúðir er um að ræða birgja umbúðaefna, þá sem framleiða umbúðir eða vinna úr þeim, þá sem fylla á umbúðir og nota þær, þá sem flytja þær inn, versla með þær eða dreifa þeim, opinberar stofnanir og ýmis samtök er málið varðar.

## II. KAFLI

### Um umbúðir.

#### 4. gr.

#### *Grunnkröfur.*

Eftir 1. júlí 1999 má aðeins setja á markað umbúðir sem eru í samræmi við allar kröfur sem kveðið er á um í reglugerð þessari, þ.m.t. grunnkröfur í I. viðauka þessarar reglugerðar um samsetningu umbúða og möguleika á endurnotkun og endurnýtingu þeirra.

#### 5. gr.

#### *Auðkenningarkerfi.*

Til að greiða fyrir söfnun, endurnotkun og endurnýtingu, þar með talinni endurvinnslu, skal tilgreina úr hverju umbúðaefnið/efnin eru gerð til að hægt sé að bera kennsl á þau og flokka.

Auðkenningarkerfi verður gefið út eigi síðar en 1. júlí 1997 sem viðauki við reglugerð þessa.

Umbúðirnar skulu merktar á viðeigandi hátt, annaðhvort á umbúðirnar sjálfar eða á merki miða sem á þær er festur. Merkingar skulu vera augsýnilegar og auðlæsilegar. Merkingar skulu halda sér og endast eins og við á, einnig þegar umbúðirnar eru opnaðar.

## III. KAFLI

### Markmið.

#### 6. gr.

#### *Styrkur þungmálma í umbúðum.*

Heildarstyrkur blýs, kadmíums, kvikasilfurs og sexgilds króms í umbúðum skal ekki fara yfir: 600 ppm miðað við þyngd, eftir 1. júlí 1998.

250 ppm miðað við þyngd, eftir 1. júlí 1999.

100 ppm miðað við þyngd, eftir 1. júlí 2001.

Styrkur sem um getur í 1. mgr. skal ekki gilda um umbúðir sem eru eingöngu úr blýkristallsgleri eins og það er skilgreint í tilskipun 69/493/EB.

## 7. gr.

*Minnkun umbúðargangs og endurnotkun umbúða.*

Setja skal upp áætlun um hvernig komið verður í veg fyrir myndun umbúðargangs og hvernig umbúðir verði endurnotaðar. Við gerð þessarar áætlunar skal meðal annars taka mið af kröfum um verndun umhverfis og um hreinlæti, um heilbrigði og öryggi neytenda, um verndun gæða, ósvikni og tæknilega eiginleika þeirra pökkuðu vara og hráefna sem notuð eru, svo og verndun hugverkaréttar á sviði iðnaðar og viðskipta.

## 8. gr.

*Endurnýting og endurvinnsla umbúðargangs.*

Eftir 1. júlí 2001 skal í minnst 50% og mest 65% af þyngd umbúðargangs endurnýtt.

Innan þeirra marka og á sama tíma, og um getur í 1. mgr., skal minnst 25% og mest 45% af þyngd allra umbúðaefna í umbúðargangi endurunnið, þar af minnst 15% af þyngd allra umbúðaefna í umbúðargangi fyrir hverja tegund umbúðaefnis.

Orkuvinnsla úr umbúðargangi og lífræn endurvinnsla umbúðargangs eru aðferðir til endurnýtingar.

## 9. gr.

*Áætlun að markmiðunum.*

Til að ná markmiðum samkvæmt 6. - 8. gr. reglugerðar þessarar og til að setja upp áætlun þar að lútandi, skipar umhverfisráðherra umsjónarnefnd samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Hollustuverndar ríkisins, Vinnuveitendasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsjónarnefndin skal hafa lokið við gerð áætlunarinnar eigi síðar en ári eftir gildistöku reglugerðar þessarar.

## IV. KAFLI

**Um upplýsingar.**

## 10. gr.

*Upplýsingakerfi.*

Hollustuvernd ríkisins, eða aðili sem stofnunin semur við, skal koma upp og varðveita gagnagrunn um umbúðir og umbúðargang. Allir upplýsingaskyldir aðilar sem málið varðar skulu veita Hollustuvernd ríkisins, eða aðila sem stofnunin hefur samið við, áreiðanleg gögn um atvinnugrein sína.

Tillit skal taka til þeirra sérvandamála sem fylgja því fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki að útvega ítarleg gögn.

## 11. gr.

*Upplýsingar fyrir notendur umbúða.*

Eigi síðar en 1. júlí 1998 skal Hollustuvernd ríkisins veita notendum umbúða, en þar er einkum átt við neytendur, nauðsynlegar upplýsingar um þau skilagjalds-, söfnunar- og endurnýtingarkerfi sem þeir hafa aðgang að, um hvaða þátt þeir geti átt í því að stuðla að endurnotkun, endurnýtingu og endurvinnslu umbúða og umbúðargangs, um hvað felst í þeim umbúðamerkingum sem eru á markaðinum og loks um þá þætti í áætlunum um meðhöndlun umbúða og umbúðargangs sem koma neytendum við.

## V. KAFLI

**Eftirlit og brot.**

## 12. gr.

*Eftirlit.*

Hollustuvernd ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar.

## 13. gr.

*Viðurlög.*

Um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum.

## VI. KAFLI

**Gildistaka o.fl.**

## 14. gr.

*Undanþágur.*

Kröfur varðandi framleiðslu umbúða skulu ekki í neinu tilfelli gilda um umbúðir sem notaðar eru fyrir tiltekna vöru fyrir 1. janúar 1995.

Til 31. desember 1999 skal leyfa notkun umbúða sem eru framleiddar fyrir 1. janúar 1995 og eru í samræmi við önnur lög og reglugerðir varðandi umbúðir.

## 15. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og í samræmi við 7. tölulið XVII. kafla í II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun 94/62/EB, um umbúðir og umbúðaúrgang).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfísráðuneytinu, 19. nóvember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Ingimar Sigurðsson.*

**I. VIÐAUKI****Grunnkröfur um samsetningu umbúða og möguleika á endurnotkun og endurnýtingu þeirra þar með talinni endurvinnslu.****1. Sérstakar kröfur varðandi framleiðslu og samsetningu umbúða.**

Umbúðir skal framleiða þannig að rúmmáli og þyngd umbúðanna sé haldið í því lágmarki sem nægir til að viðhalda því öryggis-, hollustu- og viðurkenningarstigi sem er nauðsynlegt fyrir umbúðavöruna og gagnvart neytendum.

Umbúðir skal hanna, framleiða og markaðssetja þannig að unnt sé að endurnota þær og endurnýta, þar með talið endurvinna, og halda áhrifum þeirra á umhverfið í lágmarki þegar umbúðaúrgangi eða leifum frá meðhöndlun umbúðaúrgangs er fargað.

Umbúðir skal framleiða þannig að skaðleg efni og önnur hættuleg efni og grunnefni í umbúðunum eða efnisþáttum þeirra séu í lágmarki í útgeislun, ösku eða sigvatni þegar brenna eða urða á umbúðir eða leifar eftir meðhöndlun umbúðaúrgangs.

**2. Sérstakar kröfur varðandi möguleika á endurnotkun umbúða.**

Eftirfarandi kröfum skal fullnægt samtímis:

efnislegir eiginleikar umbúðanna skulu vera þannig að unnt sé að endurnota umbúðirnar nokkrum sinnum við eðlilegar, fyrirsjáanlegar aðstæður,

mögulegt skal vera að meðhöndla notaðar umbúðir þannig að kröfum um heilsu og öryggi vinnuafls sé fullnægt,

umbúðir skulu fullnægja kröfum um möguleika á endurnýtingu þegar umbúðirnar eru ekki lengur endurnotaðar og teljast því úrgangur.

### 3. Sérstakar kröfur varðandi möguleika á endurnýtingu umbúða.

a) *Endurnýting með endurvinnslu efna.*

Umbúðir skal framleiða þannig að unnt sé að endurvinna ákveðið hlutfall af þyngd efnanna sem eru notuð og gera úr þeim markaðshæfa vöru í samræmi við gildandi staðla bandalagsins. Hlutfallið getur verið mismunandi eftir því úr hvaða efni umbúðirnar eru.

b) *Endurnýting með orkuvinnslu.*

Umbúðaúrgangur sem er unninn til orkuvinnslu skal hafa lágmarksbrennsluvarma til að ná hámarkshagkvæmni í vinnslu orkunnar.

c) *Endurnýting með myltingu.*

Umbúðaúrgangur sem er unninn í því skyni að mylta hann skal geta brotnað niður lífrænt að því marki að það hindri ekki sérstaka söfnun og myltingarvinnslu úrgangsins eða moltun hans.

d) *Umbúðir sem geta brotnað lífrænt niður.*

Umbúðaúrgangur sem getur brotnað lífrænt niður skal vera unnt að mylta með eðlisfræðilegum, efnafræðilegum eða lífrænum aðferðum þannig að stærstur hluti moltunnar brotni að lokum niður í koldíoxíð, lífmassa og vatn.

## II. VIÐAUKI

### Auðkenningarkerfi

Nota skal tölurnar 1 til 19 fyrir plast, 20 til 39 fyrir pappír og pappa, 40 til 49 fyrir málma, 50 til 59 fyrir við, 60 til 69 fyrir textílefni og 70 til 79 fyrir gler.

Í auðkenningarkerfinu má einnig nota skammstafanir fyrir viðeigandi efni (t.d. HDPE: High Density Polyethylene (þétt pólýetýlen)). Hægt er að auðkenna efni með talna- og/eða skammstöfunarkerfi. Auðkennin skulu birtast fyrir miðju eða fyrir neðan myndtákn um möguleika á endurnotkun eða endurnýtingu umbúðanna.

## III. VIÐAUKI

### Gagnagrunnur fyrir umbúðir og umbúðaúrgang.

Í gagnagrunnum um umbúðir og umbúðaúrgang skulu vera eftirfarandi gögn í samræmi við töflur 1 til 4.

1. Að því er varðar grunnumbúðir, annars stigs umbúðir og þriðja stigs umbúðir:
  - a) magn umbúða sem er notað í landinu, flokkað eftir helstu efnum (framleiðsla + innflutningur - útflutningur) (tafla 1);
  - b) endurnotað magn (tafla 2).
2. Að því er varðar umbúðaúrgang frá heimilum og öðrum:
  - a) magn umbúða sem er endurnýtt og fargað í landinu, flokkað eftir helstu efnum (framleiðsla + innflutningur - útflutningur) (tafla 3);
  - b) magn endurunnsins og magn endurnýttts úrgangs, flokkað eftir helstu efnum (tafla 4).

## TAFLA 1

Magn umbúða (grunn-, annars stigs og þriðja stigs umbúða) sem notað er.

|  | Framleitt magn<br>í tonnum | - Útflutt magn<br>í tonnum | + Innflutt magn<br>í tonnum | =<br>Samtals |
|--|----------------------------|----------------------------|-----------------------------|--------------|
| Gler                                     |                            |                            |                             |              |
| Plast                                    |                            |                            |                             |              |
| Pappír/pappi<br>(þ.m.t.<br>samsetningar) |                            |                            |                             |              |
| Málmur                                   |                            |                            |                             |              |
| Viður                                    |                            |                            |                             |              |
| Annað                                    |                            |                            |                             |              |
| Samtals                                  |                            |                            |                             |              |

## TAFLA 2

Magn umbúða (grunn-, annars stigs og þriðja stigs umbúða) sem notað er.

|  | Magn notaðra<br>umbúða í tonnum | <u>Endurnotaðar umbúðir</u><br><u>Tonn</u> | <u>Hlutfall</u> |
|--|---------------------------------|--|-----------------|
| Gler                                     |                                 |  |                 |
| Plast                                    |                                 |  |                 |
| Pappír/pappi<br>(þ.m.t.<br>samsetningar) |                                 |  |                 |
| Málmur                                   |                                 |  |                 |
| Viður                                    |                                 |  |                 |
| Annað                                    |                                 |  |                 |
| Samtals                                  |                                 |  |                 |

## TAFLA 3

Magn umbúðaúrgangs sem er endurnýtt eða fargað.

|  | Framleitt magn<br>úrgangs í tonnum | - Útflutt magn<br>úrgangs í tonnum | + Innflutt magn<br>úrgangs í tonnum | = Samtals |
|--|------------------------------------|------------------------------------|-------------------------------------|-----------|
| <b>Úrgangur frá heimilum</b>             |                                    |                                    |                                     |           |
| Glerumbúðir                              |                                    |                                    |                                     |           |
| Plastumbúðir                             |                                    |                                    |                                     |           |
| Pappírs-/pappaumbúðir                    |                                    |                                    |                                     |           |
| Samsættar pappaumbúðir                   |                                    |                                    |                                     |           |
| Málmumbúðir                              |                                    |                                    |                                     |           |
| Viðarumbúðir                             |                                    |                                    |                                     |           |
| Heildarúrgangur<br>frá heimilum          |                                    |                                    |                                     |           |
| <b>Úrgangur frá öðrum en heimilum</b>    |                                    |                                    |                                     |           |
| Glerumbúðir                              |                                    |                                    |                                     |           |
| Plastumbúðir                             |                                    |                                    |                                     |           |
| Pappírs-/pappaumbúðir                    |                                    |                                    |                                     |           |
| Samsættar pappaumbúðir                   |                                    |                                    |                                     |           |
| Málmumbúðir                              |                                    |                                    |                                     |           |
| Viðarumbúðir                             |                                    |                                    |                                     |           |
| Heildarúrgangur frá öðrum en<br>heimilum |                                    |                                    |                                     |           |

## TAFLA 4

Magn umbúðaúrgangs sem er endurunnið eða endurnýtt.

|  | Heildarmagn sem er<br>endurnýtt eða fargað<br>í tonnum | Endurunnið magn |          | Endurnýtt magn |          |
|--|--|-----------------|----------|----------------|----------|
|  |  | Tonn            | Hlutfall | Tonn           | Hlutfall |
| <b>Úrgangur frá heimilum</b>             |  |                 |          |                |          |
| Glerumbúðir                              |  |                 |          |                |          |
| Plastumbúðir                             |  |                 |          |                |          |
| Pappírs-/pappaumbúðir                    |  |                 |          |                |          |
| Samsettar pappaumbúðir                   |  |                 |          |                |          |
| Málmumbúðir                              |  |                 |          |                |          |
| Viðarumbúðir                             |  |                 |          |                |          |
| Heildarúrgangur<br>frá heimilum          |  |                 |          |                |          |
| <b>Úrgangur frá öðrum en heimilum</b>    |  |                 |          |                |          |
| Glerumbúðir                              |  |                 |          |                |          |
| Plastumbúðir                             |  |                 |          |                |          |
| Pappírs-/pappaumbúðir                    |  |                 |          |                |          |
| Samsettar pappaumbúðir                   |  |                 |          |                |          |
| Málmumbúðir                              |  |                 |          |                |          |
| Viðarumbúðir                             |  |                 |          |                |          |
| Heildarúrgangur frá öðrum en<br>heimilum |  |                 |          |                |          |



## REGLUGERÐ

### um löggildingu rafiðnfræðinga, rafvirkjameistara og rafvirkja sem raflagnahönnuða.

#### 1. gr.

Rafiðnfræðingar, rafvirkjameistarar og rafvirkjar, sem höfðu á tímabilinu 1. janúar 1992 til 1. janúar 1996 fengið samþykki opinberra aðila fyrir raflagnauppdráttum, eiga rétt á að starfa sem raflagnahönnuðir, með þeim takmörkunum, sem greinir í reglugerð þessari, enda sækji þeir um slíkt leyfi til umhverfisráðuneytisins fyrir 1. janúar 1997.

Sama rétt eiga þeir rafiðnfræðingar, rafvirkjameistarar og rafvirkjar, sem störfuðu þann 1. janúar 1996 við raflagnahönnun undir umsjón og eftirliti aðila með löggildingu skv. 12. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, án þess að hafa í eigin nafni fengið samþykki opinberra aðila fyrir raflagnauppdráttum.

#### 2. gr.

Í umsókn um starfsleyfi og meðfylgjandi gögnum skal eftirfarandi koma fram:

1. Nafn umsækjanda og kennitala.
  2. Heimilisfang umsækjanda.
  3. Vottorð um að umsækjandi hafi lokið sveinsprófi eða meistaraþrófi í rafvirkjun eða rafiðnfræðingsprófi frá Tækniskóla Íslands.
  4. Skrá yfir raflagnauppdrætti sem umsækjandi hefur hannað ásamt upplýsingum um stærð heimtauga viðkomandi veitna í amperum.
  5. Vottorð frá byggingarfulltrúa eða rafveitum, sem starfað hafa í umboði byggingarfulltrúa, um móttöku og viðurkenningu á verkum þeim sem um getur í 4. tölulið.
  6. Þeir sem starfað hafa við raflagnahönnun, en ekki fengið í eigin nafni samþykki opinberra aðila fyrir raflagnauppdráttum skulu, auk þeirra gagna sem um getur í 1.- 4. tölulið, leggja fram vottorð frá vinnuveitanda um að þeir hafi starfað við hönnun raflagnauppdráttanna. Í vottorði vinnuveitanda skal koma fram hvaða raflagnauppdrætti umsækjandi hefur hannað ásamt upplýsingum um stærð heimtauga viðkomandi veitna í amperum.
- Ef gögn þau sem talin eru upp í 1.-6. tölulið 2. mgr. eru ófullnægjandi, skal umsækjanda gefinn kostur á að bæta úr því.

#### 3. gr.

Umhverfisráðherra veitir takmarkað starfsleyfi að fenginni umsögn nefndar sem í eiga sæti fulltrúi umhverfisráðherra, Félags byggingarfulltrúa, Iðnfræðingafélagsins, Rafiðnaðarsambands Íslands, Skipulags ríkisins, Tæknifræðingafélags Íslands og Verkfræðingafélags Íslands. Skal nefndin hafa lokið störfum fyrir 1. mars 1997 og ráðherra gefið út leyfin fyrir 1. apríl 1997.

#### 4. gr.

Starfsleyfi rafiðnfræðinga, rafvirkjameistara og rafvirkja til hönnunar raflagna er takmarkað samkvæmt því sem hér segir:

1. Þeir sem ekki hafa starfað við hönnun að staðaldri, en fengið teikningar samþykktar hjá opinberum aðilum, eiga rétt á leyfi til að hanna raflagnir til og með 63 A (230/400 V).
2. Þeir sem störfuðu við hönnun að staðaldri þann 1. janúar 1996, eiga rétt á leyfi til að hanna raflagnir í hús með heimtaugar til og með 315 A (230/400 V).

3. Þeir sem starfað hafa að staðaldri við raflagnahönnun, eiga rétt á takmörkuðu starfsleyfi til að hanna raflagnauppdrætti í samræmi við stærð þeirra uppdráttu sem þeir hafa hannað undir umsjón og eftirliti löggildra aðila eða fengið samþykki opinberra aðila fyrir.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 92/1996 um breyting á byggingarlögum, nr. 54/1978, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 26. nóvember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## SAMÞYKKT

fyrir reynslusveitarfélagið Reykjavíkurborg.

### Félagslegar íbúðir.

## 1. gr.

Borgarstjórn eða Húsnæðisnefnd Reykjavíkur ákvarðar til hvers konar félagslegra íbúða (lánaflokka) lánnum í því skyni er varið, þ.e. félagslegra eignaríbúða, félagslegra kaupleiguíbúða, félagslegra leiguíbúða eða almennra kaupleiguíbúða.

## 2. gr.

Allar umsagnir um íbúðakaup eða framkvæmdir verða unnar af Reykjavíkurborg. Á framkvæmdatímanum ber Reykjavíkurborg ábyrgð og hefur eftirlit með framkvæmdum jafnt tæknilegum sem fjárhagslegum og sendir staðfestingu á verkstöðu hverju sinni. Um stærð og gæði íbúða fer eftir almennum reglum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

## 3. gr.

Að öðru leyti gilda lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.

## 4. gr.

Úttektaraðili skv. 6. gr. laga um reynslusveitarfélög fylgist með framkvæmd samþykktar þessarar og metur hvernig til hafi tekist.

## 5. gr.

Samþykkt þessi, sem borgarráð Reykjavíkur hefur staðfest með heimild í 10. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, öðlast gildi þegar í stað og gildir til 1. janúar 2000.

*Félagsmálaráðuneytinu, 18. nóvember 1996.*

**Páll Pétursson.**

*Þorgerður Benediktsdóttir.*

# REGLUGERÐ

## um ársreikninga og samstæðureikninga líftryggingafélaga.

### I. KAFLI

#### Gildissvið. Skilgreiningar.

##### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um líftryggingastarfsemi líftryggingafélaga með starfsleyfi sem gefið hefur verið út hér á landi, sbr. 23. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi. Hún gildir einnig eftir því sem við á um starfsemi í sjúkra- og heilsutryggingum sem reknar eru eingöngu eða í aðalatriðum á tæknilegum grunni eins og líftryggingar. Um aðra starfsemi líftryggingafélaga gilda ákvæði reglugerðar um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga.

##### 2. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

1. *félag*: fyrirtæki sem semja skal ársreikning eða samstæðureikning samkvæmt reglugerð þessari.
2. *hlutdeildarfélag*: félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag, eða annað félag og dótturfélög þess eiga eignarhluta í og hafa veruleg áhrif á. Félag er talið hafa veruleg áhrif ef það og dótturfélög þess fara með 20% eða meira af atkvæðum í hlutdeildarfélaginu.
3. *móðurfélag*: félag sem hefur yfirráð í öðru félagi.
4. *dótturfélag*: félag sem er undir yfirráðum annars félags. Dótturfélag dótturfélags telst einnig dótturfélag móðurfélagsins.
5. *yfirráð*: að félag (móðurfélag) ráði yfir meirihluta atkvæða í öðru félagi, eða eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi rétt til að tilnefna eða víkja frá meirihluta stjórnarmanna eða stjórnenda, eða eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi rétt til að hafa afgerandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykka félagsins eða samninga við það, eða eigi eignarhluti í öðru félagi og ráði meirihluta í félaginu á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða aðra eignaraðila, eða eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi ráðandi stöðu í því, eða hliðstæð tengsl einstaklinga eða lögaðila við félag.
6. *félagasamstæða*: móðurfélag og dótturfélög þess.
7. *samstæðureikningur*: ársreikningur félagasamstæðu þar sem reikningar móðurfélags og dótturfélaga þess eru sameinaðir í eitt.
8. *endurtrygging*: samningur, sem felur í sér að váttryggingafélag, endurtryggingataki, kaupir sér vernd hjá öðru váttryggingafélagi, endurtryggjanda, vegna váttryggingaáhættu sem endurtryggingataki hefur tekið á sig gagnvart váttryggingatökum sínum.
9. *líftryggingaskuld*: óuppperðar heildarskuldbindingar félags vegna gerðra líftryggingasamninga.
10. *iðgjaldaskuld*: sá hluti líftryggingaskuldar sem svarar til framtíðarskuldbindinga félags vegna gerðra líftryggingasamninga.
11. *bótaskuld*: sá hluti líftryggingaskuldar sem svarar til áfallinna óuppperðra skuldbindinga félags vegna gerðra líftryggingasamninga.

12. *ágóðaskuld*: áunnin ógjaldfallin ágóðahlutdeild líftryggingataka samkvæmt reikni-grundvelli félags.
13. *ágóðajöfnunarskuld*: sá hluti líftryggingaskuldar sem svarar til fjárhæða sem færðar eru líftryggingatökum og líftryggðum til góða vegna gerðra líftryggingasamninga en ekki hefur verið ráðstafað.

## II. KAFLI

### Almenn ákvæði.

#### 3. gr.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Einnig skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Ákvæði reglugerðar þessarar gilda um samstæðureikning eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Í móðurfélagi skal semja samstæðureikning. Samstæðureikningur skal hafa að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Hlutir í eigu minnihluta skulu tilgreindir sérstaklega í efnahagsreikningi og hlutdeild minnihluta í hagnaði eða tapi skal koma fram sem sérstakur liður í rekstrarreikningi nema um óverulegar fjárhæðir sé að ræða.

Móðurfélög sem ekki falla undir skilgreiningu 1. gr. en hafa eingöngu eða aðallega þann tilgang að eiga hluti í dótturfélögum sem eingöngu eða aðallega reka váttryggingastarfsemi, skulu einnig semja samstæðureikning í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Þegar veruleg innbyrðis tengsl eru milli félaga og eitt þeirra er tilnefnt sem móðurfélag án þess að um félagasamstæðu sé að ræða, sbr. 4. gr. laga nr. 60/1994, skal einnig semja samstæðureikning nema þess sé ekki þörf, sbr. 4. gr.

#### 4. gr.

Halda má dótturfélagi sem ekki er váttryggingafélag utan samstæðureiknings þegar:

1. Það hefur óverulega þýðingu fyrir rekstur eða efnahag samstæðunnar vegna smæðar þess.
2. Stjórnun þess er ekki lengur í höndum eigenda þess eða verulegar og varanlegar hindranir eru á að félag geti nýtt eignarhluta sinn í dótturfélaginu eða haft áhrif á stjórn þess.
3. Ekki er unnt að afla nauðsynlegra upplýsinga tímanlega og án óeðlilegs kostnaðar.
4. Eignarhluti í því er eingöngu ætlaður til endursölu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 4. gr. skulu félög, sem hvert um sig hafa óverulega þýðingu, vera með í samstæðureikningi ef þau hafa verulega þýðingu samanlagt.

Þegar starfsemi dótturfélags er svo ólík starfsemi móðurfélags að það gæfi villandi mynd af félagasamstæðunni að hafa það með í samstæðureikningi, skal halda því utan við hann. Eignarhluti móðurfélagsins í dótturfélaginu skal þá færður samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Sé dótturfélagi haldið utan samstæðureiknings skv. 1. eða 3. mgr. skal gerð grein fyrir því í skýringum.

Í samstæðureikningi er heimilt að færa fjárfestingartekjur og fjárfestingargjöld í váttryggingum öðrum en líftryggingum með öðrum fjárfestingartekjum og -gjöldum og yfirfæra hluta þeirra á váttryggingarekstur annan en líftryggingarekstur.

Félög í sömu félagasamstæðu skulu hafa sama reikningsár nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars, en aldrei skulu þó líða meira en sex mánuðir frá lokum reikningsárs

samstæðufélags til loka reikningsárs félagasamstæðu. Ef munurinn er meiri en þrjú mánuðir skal félagið fellt undir samstæðuna á grundvelli bráðabirgðauppjörðs sem miðast við uppjörðsdag samstæðunnar.

Þurfi ekki að semja samstæðureikning en hann er samt saminn, skal það gert samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

#### 5. gr.

Ársreikningur og samstæðureikningur skulu gerðir í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og gefa glögga mynd af rekstrarafkomu á reikningsárinu og efnahag í lok þess. Nægi ákvæði laga eða góð reikningsskilavenja ekki til að gefa glögga mynd af rekstrarafkomu og efnahag skal veita frekari upplýsingar í skýringum.

Ársreikningur og samstæðureikningur skulu settir upp með hliðstæðum hætti frá ári til árs nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Breytingar skulu tilgreindar og rökstuddar í skýringum.

#### 6. gr.

Ársreikningurinn skal gerður í því formi sem fyrir er mælt í viðauka I, sem er hluti af þessari reglugerð, og skal heiti liða og röð þeirra vera eins og þar segir.

Sameina má liði er nema óverulegum fjárhæðum öðrum liðum. Þó skulu undirliðir iðgjalda, líftryggingabóta og breytinga á iðgjaldaskuld og annarri líftryggingaskuld ávallt tilgreindir í rekstrarreikningi og undirliðir líftryggingaskuldar eigna- og skuldamegin í efnahagsreikningi.

Frekari greiningu má gera undir einstökum liðum sé það nauðsynlegt til að gera reikningsskilin gleggri og að því tilskildu að heiti tilgreindra liða sé ekki breytt né röð þeirra.

Fjárstreymisyfirlit skal gert sem sjóðstreymi, en í því skal m.a. gerð grein fyrir framlagi rekstrar af handbæru fé, fjárfestingu á árinu, fjármögnun og annarri breytingu á handbæru fé.

#### 7. gr.

Í rekstrarreikningi og efnahagsreikningi skal birta fjárhæðir úr ársreikningi fyrra árs við hlið viðkomandi liða. Gæta skal þess að einstakir liðir séu samanburðarhæfir milli ára, en ef svo er ekki skal lagfæra liði fyrra árs og gera grein fyrir breytingum í skýringum.

Sé ekki um neina fjárhæð að ræða undir einhverjum lið skal hans getið í ársreikningnum hafi einhver fjárhæð verið þar árið áður.

#### 8. gr.

Ef eigna- eða skuldaliður heyrir undir fleiri en einn lið í viðauka I skal tengsla getið annaðhvort þar sem liðurinn er færður, eða í skýringum ef slíkt er nauðsynlegt til skilnings á ársreikningnum.

Annist félagið eignaumsýslu í eigin nafni fyrir lífeyrissjóð skulu eignirnar koma fram í efnahagsreikningi séu þær skráðar á nafn félagsins. Heildarfjárhæðir slíkra eigna og skuldbindinga skulu koma fram í skýringum sundurliðaðar á eigna- og skuldaliði.

Eignir sem aflað er í nafni eða fyrir hönd þriðja aðila skulu ekki koma fram í efnahagsreikningi.

## III. KAFLI

**Einstakir liðir rekstrarreiknings.*****Tekjur og gjöld af líftryggingarekstri.****Iðgjöld.*

## 9. gr.

Undir lið 1.1 *Bókfærð iðgjöld* skal færa heildarfjárhæð iðgjalda vegna þeirra líftryggingasamninga sem félagið hefur gert fyrir lok reikningsárs í frumtryggingum og endurtryggingum hvort sem iðgjöldin eru greidd eða ógreidd. Bókfærð iðgjöld skulu færð að frádregnum endurgreiddum og niðurfelldum iðgjöldum. Veittan afslátt og ágóðahlutdeild skal færa undir lið 7. Gjöld til opinberra aðila sem innheimt eru með iðgjöldum skal ekki færa undir þennan lið. Þegar um samtryggingu er að ræða skal eingöngu færa þann hluta iðgjaldsins sem samsvarar þátttöku félagsins.

Undir lið 1.2 *Hluti endurtryggjenda í bókfærðum iðgjöldum* skal færa heildarfjárhæð iðgjalda til endurtryggjenda hvort sem iðgjöldin eru greidd eða ógreidd.

*Fjárfestingartekjur.*

## 10. gr.

Undir lið 2 *Fjárfestingartekjur* skal færa allar fjárfestingartekjur félagsins. Reki félagið aðrar greinar en líftryggingar og sé sú starfsemi í beinum tengslum við líftrygginga-starfsemina skulu fjárfestingartekjur vegna hennar einnig færðar undir þennan lið.

Undir lið 2.1 *Tekjur frá samstæðufélögum* skal færa hlut félagsins í afkomu félaga í félagasamstæðu á reikningsárinu.

Undir lið 2.2 *Tekjur frá hlutdeildarfélögum* skal færa hlut félagsins í afkomu hlutdeildarfélaga á reikningsárinu.

Undir lið 2.3 *Tekjur af öðrum eignarhlutum* skal færa arð af eignarhlutum í félögum sem ekki færast undir lið 2.1 eða 2.2.

Undir lið 2.4 *Tekjur af húseignum og lóðum* skal færa hagnað eða tap af rekstri húseigna og lóða félagsins, þar með taldar reiknaðar leigutekjur af húseignum og lóðum sem félagið á og notar fyrir eigin rekstur. Draga skal frá allan kostnað við reksturinn nema vexti sem skulu færðir meðal vaxtagjalda undir lið 9.2.

Undir lið 2.5 *Vaxtatekjur og gengismunur* skal færa vaxtatekjur, verðbætur og aðrar hliðstæðar tekjur af fjárfestingum félagsins, þar með talin afföll af verðbréfum og skuldbindingum sem ekki er fært á markaðsvirði og skal þeim dreift miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu. Hér skal einnig færa gengismun vegna umreiknings erlendra gjaldmiðla í íslenskar krónur og skal hans getið sérstaklega í skýringum.

Undir lið 2.6 *Tekjur vegna matsbreytinga á fjárfestingum* skal færa jákvæðan mismun á bókfærðu verði þessara eigna í lok reikningsársins og bókfærðu verði þeirra í upphafi reikningsársins, sem ekki ber að færa undir aðra liði. Hafi verið fjárfest á reikningsárinu skal miða við kostnaðarverð fjárfestingar.

Undir lið 2.7 *Hagnaður af sölu fjárfestinga* skal færa hreinan hagnað af sölu fjárfestinga. Hagnaðurinn er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs á söludegi. Fjárfestingartekjur frá samstæðufélögum og hlutdeildarfélögum sem falla undir liði 2.4 - 2.7 skulu sérgreindar í skýringum.

## 11. gr.

Undir lið 3 *Óinnleystar tekjur vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka* skal færa tekjur vegna breytinga á markaðsverði fjárfestinga vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka á reikningsárinu.

*Aðrar tekjur.*

## 12. gr.

Undir lið 4 *Aðrar tekjur að frádregnum hluta endurtryggjenda* skal færa tekjur í líftryggingarekstri sem ekki eru taldar annars staðar. Í skýringum skal gerð grein fyrir þessum lið.

*Líftryggingabætur.*

## 13. gr.

Undir lið 5.1 *Bókfærðar líftryggingabætur* skal færa heildarfjárhæð greiddra bóta á reikningsárinu til líftryggingataka og réttihafa samkvæmt líftryggingasamningum, þar með taldar greiddar líftryggingafjárhæðir vegna andláts eða í lifanda lífi og vegna örorku svo og lífeyrisgreiðslur og endurkaup. Hér skal færa kostnað við einstök bótatilvik, svo sem við mat og uppgjör bótafjárhæða, svo og kostnað vegna endurtrygginga sem félagið hefur tekið að sér. Hér skal einnig færa kostnað sem félagið greiðir til að takmarka afleiðingar bótatilvika svo sem kostnað vegna sjúkrameðferðar og endurhæfingar. Í skýringum skal koma fram sundurliðun bótafjárhæða á tegundir bóta með samanburði við árið áður.

Undir lið 5.2 *Hluti endurtryggjenda í bókfærðum líftryggingabótum* skal færa þann hluta bókfærðra líftryggingabóta sem félagið á kröfu á sem endurtryggingataki vegna endurtryggingaverndar samkvæmt endurtryggingasamningum.

Undir lið 5.3 *Breyting á bótaskuld* skal færa mismun bótaskuldar í lok reikningsárs og bótaskuldar í upphafi reikningsárs.

Undir lið 5.4 *Breyting á hluta endurtryggjenda í bótaskuld* skal færa mismun á hluta endurtryggjenda í bótaskuldinni í lok reikningsárs og í upphafi þess.

*Breyting á iðgjaldaskuld og annarri líftryggingaskuld.*

## 14. gr.

Undir lið 6.1 *Breyting á iðgjaldaskuld* skal færa breytingar á iðgjaldaskuld á reikningsárinu. Breyting á ágóðahlutdeild færir undir lið 7, sbr. 15. gr.

Undir lið 6.2 *Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld* skal færa breytingar á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld í heild á reikningsárinu.

Undir lið 6.3 *Breyting á annarri líftryggingaskuld að frádregnum hluta endurtryggjenda* skal færa breytingar á líftryggingaskuld sem ekki eru færðar annars staðar þ. á m. breytingu vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka. Hér skal einnig færa breytingar vegna líftryggingastofna sem yfirfærðir eru til annarra félaga eða eru yfirteknir frá öðrum á árinu. Í skýringum skal gerð grein fyrir þessum lið.

*Ágóðahlutdeild og afsláttur.*

## 15. gr.

Undir lið 7 *Ágóðahlutdeild og afsláttur að frádregnum hluta endurtryggjenda* skal færa ágóðahlutdeild til líftryggingataka og líftryggðra á reikningsárinu sem rekja má til afkomu eða reynslu á líftryggingasamningum félagsins í heild eða í einstökum líftryggingagreinum,

svo og breytingu á ágóðaskuld og ágóðajöfnunarskuld, sbr. liði 11.1 og 11.3 í 35. gr. Þá skal færa hér afslátt af iðgjöldum, greiddan og ógreiddan á reikningsárinu, sem rekja má til reynslu á einstökum líftryggingasamningum.

Sundurliða skal þennan lið á ágóðahlutdeild og afslátt í skýringum þegar um verulegar fjárhæðir er að ræða og skal þá einnig greina frá breytingum á ágóðaskuld, ágóðajöfnunarskuld og ógreiddum afslætti.

#### *Rekstrarkostnaður.*

##### 16. gr.

Undir lið 8 *Rekstrarkostnaður* skal færa kostnað félagsins við öflun líftrygginga og rekstur líftryggingastofnsins svo sem launakostnað vegna þessa rekstrarþáttar, umboðslaun, kostnað við markaðssetningu og sölu, leigukostnað, skrifstofu- og stjórnunarkostnað, þar með talinn kostnað við skrifstofubúnað, og afskriftir á eignum sem færðar eru undir eignarlið 7.1 í efnahagsreikningi.

Hér skal færa sem frádráttarlið þóknun sem félagið kann að fá vegna hliðarstarfsemi í sérstökum félögum eða vegna starfsemi samstæðufélaga og talin skal til vátryggingarekstrar. Færa má þóknunina undir lið 8.1 eða 8.2 eða sem sérstakan undirlið við þá liði. Gera skal nánari grein fyrir færslum í skýringum.

Undir lið 8.1 *Sölu­kostnaður* skal færa kostnað við öflun og gerð líftryggingasamninga svo sem umboðs- og sölulaun, markaðskostnað og skrifstofukostnað við sölu og útgáfu líftryggingasamninga.

Undir lið 8.2 *Breyting á yfirfærðum sölu­kostnaði* skal færa breytingu á reikningsárinu þegar hluti sölu­kostnaðar er yfirfærður milli ára. Hér skal færa breytingu vegna sölu­kostnaðar sem samkvæmt reiknigrundvelli líftrygginga er dreift á iðgjöld sem greiðast í framtíðinni og dreginn er frá iðgjaldaskuldinni í efnahagsreikningi.

Undir lið 8.3 *Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður* skal færa kostnað við rekstur líftryggingastofnsins svo sem starfsmannakostnað, kostnað við innheimtu og endurnýjun líftryggingasamninga, kostnað við endurtryggingar og afskriftir skrifstofubúnaðar svo fremi að ekki beri að færa kostnaðinn undir lið 8.1 *Sölu­kostnaður*, 5 *Líftryggingabætur* eða 9 *Fjárfestingargjöld*.

Undir lið 8.4 *Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum* eru færð sem frádráttarliður, fengin umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum vegna endurtryggingaverndar félagsins.

#### *Fjárfestingargjöld.*

##### 17. gr.

Undir lið 9 *Fjárfestingargjöld* skal færa öll fjárfestingargjöld félagsins. Reki félagið aðrar greinar en líftryggingar og sé sú starfsemi í beinum tengslum við líftryggingastarfsemina skulu fjárfestingargjöld vegna hennar einnig færð undir þennan lið.

Undir lið 9.1 *Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður* skal færa kostnað á reikningsárinu við umsýslu og stjórnun vegna fjárfestinga félagsins.

Undir lið 9.2 *Vaxtagjöld* skal færa vaxtagjöld, verðbætur og önnur hliðstæð gjöld af skuldum og reiknuðum skuldbindingum félagsins, þar með talin afföll af verðbréfum og skuldbindingum sem ekki eru færð á markaðsvirði og skal þeim dreift miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.



Undir lið 9.3 *Gjöld vegna matsbreytinga á fjárfestingum* skal færa neikvæðan mismun á bókfærðu verði þessara eigna í lok reikningsársins og bókfærðu verði þeirra í upphafi reikningsársins sem ekki ber að færa undir aðra liði. Hafi verið fjárfest á reikningsárinu skal miða við kostnaðarverð fjárfestingar.

Undir lið 9.4 *Tap af sölu fjárfestinga* skal færa hreint tap af sölu fjárfestinga. Tapið er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs á söluþegi.

18. gr.

Undir lið 10 *Óinnleyst tap vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka* skal færa tap vegna breytinga á markaðsverði fjárfestinga vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka á árinu.

19. gr.

Undir lið 11 *Annar kostnaður að frádregnum hluta endurtryggjenda* skal færa áður ótalin kostnaður vegna líftryggingarekstrarins og skal nánari grein gerð fyrir honum í skýringum.

*Yfirfærðar fjárfestingartekjur.*

20. gr.

Undir lið 12 *Yfirfærðar fjárfestingartekjur* skal færa fjárfestingartekjur á reikningsárinu sem tilfærðar eru öðrum rekstri en líftryggingarekstri. Fjárfestingartekjurnar eru reiknaðar sem hlutfall af samanlögðum tekjum samkvæmt liðum 2 og 3 en að frádregnum gjöldum samkvæmt liðum 9 og 10. Hlutfall þetta reiknast sem meðaltal eigin fjár og eigin líftryggingaskuldar í upphafi og lok reikningsársins á móti meðaltali samanlagðs eigin fjár og eigin líftryggingaskuldar í útreikning meðaltalsins skal umreikna eigið fé og eigin líftryggingaskuld í ársbyrjun með tilliti til breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu. Fjárhæðin bætist við undir lið 14.

Í skýringum skal gera nánari grein fyrir þessum lið.

*Tekjur og gjöld af öðrum rekstri.*

*Yfirfærðar fjárfestingartekjur.*

21. gr.

Undir lið 14 *Fjárfestingartekjur yfirfærðar frá líftryggingarekstri* eru færðar reiknaðar fjárfestingartekjur samkvæmt lið 12.

*Áhrif verðlagsbreytinga.*

22. gr.

Undir lið 15 *Reiknaðar tekjur eða gjöld vegna verðlagsbreytinga* skal færa áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs.

*Aðrar tekjur og gjöld af reglulegri starfsemi.*

23. gr.

Undir liði 16.1 *Aðrar tekjur* og 16.2 *Önnur gjöld* skal færa tekjur og gjöld af reglulegri starfsemi sem ekki teljast til líftryggingarekstrarins eða fjárfestinga félagsins svo sem tekjur

og gjöld vegna umboðsstarfsemi, þjónustu við önnur félög og annarrar hliðarstarfsemi. Hér skal einnig færa niðurfærslu á kröfum sbr. 50. gr.

Undir lið 17 *Tekju- og eignarskattur* skal færa tekjuskatt vegna reglulegrar starfsemi á reikningsárinu. Tekjuskatt skal færa þegar til hans er stofnað án tillits til þess hvenær hann kemur til greiðslu. Tekjuskatt sem gjaldfellur eftir meira en eitt ár skal færa sem skatt-skuldbindingu meðal langtímaskulda, sbr. lið 13.2 *Skattskuldbinding* í efnahagsreikningi. Hér skal einnig færa eignarskatt sem kemur til greiðslu innan árs.

Séu fjárhæðir undir þessum liðum verulegar skal gerð grein fyrir þeim í skýringum.

#### *Óreglulegar tekjur og gjöld.*

24. gr.

Undir lið 19 *Óreglulegar tekjur og gjöld* skal færa óreglulegar tekjur undir lið 19.1 og óregluleg gjöld undir lið 19.2. Þessir liðir taka til atvika og viðskipta sem eru óvenjuleg og óvænt og varða ekki meginstarfsemi félagsins, enda sé um verulegar fjárhæðir að ræða.

Undir lið 19.3 *Tekjuskattur af óreglulegum tekjum og gjöldum* skal færa reiknaðan tekjuskatt vegna óreglulegra rekstrarliða.

Gerð skal nánari grein fyrir þessum liðum í skýringum.

### IV. KAFLI

#### **Einstakir liðir efnahagsreiknings.**

##### *Eignir.*

#### *Hlutaftjór- eða stofnfjárloforð.*

25. gr.

Undir lið 1 *Hlutaftjór- eða stofnfjárloforð* skal færa skráð en óinnkallað hlutafé eða stofnfé í félaginu.

#### *Óefnislegar eignir.*

26. gr.

Undir lið 2 *Óefnislegar eignir* skal færa keypta viðskiptavild, eignfærðan rannsóknar- og þróunarkostnað og annan langtímakostnað og önnur óefnisleg réttindi sem aflað hefur verið gegn greiðslu. Í skýringum skal sundurliða þennan lið. Kostnað við stofnun félagsins má ekki eignfæra.

#### *Fjárfestingar.*

27. gr.

Undir lið 3.1 *Húseignir og lóðir* skal færa húseignir og lóðir í eigu félagsins, fullgerðar og í byggingu, þar með taldar fyrirframgreiðslur vegna húsbygginga eða lóða og réttinda sem þeim fylgja. Í skýringum skal sérgreina húseignir og lóðir til eigin nota.

Undir lið 3.2 *Samstæðu- og hlutdeildarfélög* skal færa eignarhluti í samstæðu- og hlutdeildarfélögum og lán til þeirra sem talin eru til fjárfestinga félagsins og ekki eru almennar viðskiptakröfur.

Undir lið 3.3.1 *Verðbréf með breytilegum tekjum* skal færa framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda og ekki falla undir lið 3.2.

Undir lið 3.3.2 *Verðbréf með föstum tekjum* skal færa framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum en samstæðu- eða hlutdeildarfélögum. Með skuldabréfum og öðrum verðbréfum er hér átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun.

Undir lið 3.3.3 *Hlutir í sameiginlegri fjárfestingu* skal færa hlut félagsins í sameiginlegri fjárfestingu félaga eða sjóða sem eru undir stjórn eins þessara félaga eða sjóða.

Undir lið 3.3.4 *Veðlán* skal færa útlán sem veitt eru gegn veði í fasteign, skipi eða öðru lausafé sem tryggingu fyrir greiðslu.

Undir lið 3.3.5 *Önnur útlán* skal færa útlán önnur en þau sem falla undir lið 3.3.4. Nemi þessi liður verulegri fjárhæð skal gerð nánari grein fyrir honum í skýringum.

Undir lið 3.3.6 *Bundin innlán hjá lánastofnunum* skal færa innlán sem eru bundin hjá þessum stofnunum. Önnur innlán skal færa undir lið 6.2.

Undir lið 3.3.7 *Aðrar fjárfestingar* skal færa fjárfestingar sem ekki eru færðar annars staðar. Nánari grein skal gerð fyrir þessum lið í skýringum nemi hann verulegri fjárhæð.

Undir lið 3.4 *Geymslufé vegna endurtrygginga* skal færa geymslufé vegna endurtrygginga sem félagið tekur að sér og er samkvæmt endurtryggingasamningum í vörslu endurtryggingataka eða þriðja aðila. Geymslufé má ekki sameina öðrum kröfum félagsins á endurtryggingataka eða jafna á móti skuldum félagsins við þá. Verðbréf sem komið er fyrir í vörslu endurtryggingataka eða þriðja aðila og eru eign félagsins skulu færð undir viðeigandi liði fjárfestinga.

#### *Fjárfestingar vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka.*

28. gr.

Undir lið 4 *Fjárfestingar vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka* skal færa fjárfestingar þar sem líftryggingatakar bera fjárfestingaráhættuna og fjárfestingarnar eru ákvarðandi um ávöxtun og virði þessara líftrygginga, þ.m.t. verðbreytingar vegna vísitöluviðmiðunar.

Undir þennan lið skal einnig færa fjárfestingar vegna söfnunarsjóða sem félagið hefur til ávöxtunar fyrir hönd sjóðfélaga, þegar hlutverk sjóðsins er dreifing sjóðsinneignar til þeirra.

#### *Hluti endurtryggjenda í líftryggingaskuld.*

29. gr.

Undir lið 5 *Hluti endurtryggjenda í líftryggingaskuld* skal færa hluta endurtryggjenda í líftryggingaskuld félagsins, sbr. liði 11 og 12, með sundurliðun á iðgjaldaskuld, bótaskuld, líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka og aðra líftryggingaskuld undir liðum 5.1 - 5.4. Ekki má sameina þessa liði.

#### *Kröfur.*

30. gr.

Undir lið 6.1 *Kröfur á samstæðu- og hlutdeildarfélög* skal færa heildarfjárhæð krafna á samstæðu- og hlutdeildarfélög sem ekki falla undir lið 3.2. Í skýringum skal sundurgreina þessar kröfur eftir eðli þeirra, sbr. liði 6.2 - 6.5.

Undir lið 6.2.1 *Kröfur á líftryggingataka* skal færa kröfur á líftryggingataka sem stofnað hefur verið til í frumtryggingastarfsemi félagsins svo sem iðgjaldakröfur, endurkröfur, verð-

bréf og kröfur vegna samninga um greiðslu sem að jafnaði eru ekki til lengri tíma en eins árs. Verðbréf og samninga til lengri tíma skal færa undir viðeigandi liði fjárfestinga.

Undir lið 6.2.2 *Kröfur á váttryggingamiðlara* skal færa kröfur á váttryggingamiðlara sem stofnað hefur verið til í frumtryggingastarfsemi félagsins.

Undir lið 6.2.3 *Aðrar kröfur vegna frumtryggingastarfsemi* skal færa kröfur sem ekki falla undir 6.2.1 eða 6.2.2 svo sem kröfur á önnur váttryggingafélög og umboðsmenn.

Undir lið 6.3 *Kröfur vegna endurtryggingastarfsemi* skal færa kröfur sem félagið á sem endurtryggjandi eða endurtryggingataki og ekki ber að færa undir aðra liði.

Undir lið 6.4 *Aðrar kröfur* skal færa kröfur sem ekki falla undir aðra liði. Þegar um verulegar fjárhæðir er að ræða skal gerð grein fyrir þeim í skýringum.

Undir lið 6.5 *Kröfur vegna ógreiddra hlutafjár- eða stofnfjárloforða* skal færa kröfur vegna innkallaðs hlutafjár eða stofnfjár sem er ógreitt.

#### *Aðrar eignir.*

##### 31. gr.

Undir lið 7.1 *Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir* skal færa rekstrarfjármuni og efnislegar eignir aðrar en húseignir og lóðir undir lið 3.1 svo sem innréttingar, áhöld og búnað og fyrirframgreiðslur vegna þeirra.

Undir lið 7.2 *Sjóður og bankainnstæður* skal færa sjóð og innstæður í öllum gjaldmiðlum sem eru til frjálsrar ráðstöfunar hjá lánastofnunum.

Undir lið 7.3 *Eigin hlutabréf* skal færa til eignar hluti í félaginu sem það á sjálf enda hafi þeir verið keyptir á síðustu tveimur reikningsárum í þeim tilgangi að selja þá aftur. Aðrir eigin hlutir skulu færðir til lækkunar á heildarhlutafé, sbr. lið 9.1.

Undir lið 7.4 *Aðrar eignir* skal færa eignir sem ekki falla undir aðra liði. Ef slíkar eignir eru verulegar skal gerð grein fyrir þeim í skýringum.

#### *Fyrirframgreiddur kostnaður og áfallnar tekjur.*

##### 32. gr.

Undir lið 8.1 *Áfallnir vextir* skal færa vexti sem eru áfallnir í lok reikningsárs en gjaldfalla eftir lok þess.

Undir lið 8.2 *Fyrirframgreiddur kostnaður og áfallnar tekjur* skal færa gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari ár, og tekjur sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess. Ef þessi liður nemur verulegum fjárhæðum skal sundurliða hann í skýringum.

#### *Skuldir og eigið fé.*

##### *Eigið fé.*

##### 33. gr.

Undir lið 9.1 *Hlutafé eða stofnfé* skal færa skráð hlutafé eða stofnfé félagsins sbr. þó lið 7.3.

Undir lið 9.2 *Yfirverðsreikningur hlutafjár eða stofnfjár* skal færa yfirverð við útgáfu nýs hlutafjár eða stofnfjár í félaginu.

Undir lið 9.3 *Lögbundinn varasjóður* skal í hlutafélagi færa varasjóð sem stofnað er til samkvæmt 100. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Undir lið 9.4 *Endurmatsreikningur* skal færa endurmat fastafjármuna og önnur áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag.

Undir lið 9.5 *Aðrir varasjóðir* skal sundurliða varasjóði sem myndaðir eru samkvæmt lögum eða samþykktum félagsins.

Undir lið 9.6 *Óráðstafað eigið fé* skal færa frjálst eigið fé frá fyrra ári að viðbættum hagnaði eða að frádregnu tapi ársins. Til frádráttar færist ráðstöfun á aðra eiginfjárliði og önnur lögmæt ráðstöfun.

*Víkjandi skuldir.*

34. gr.

Undir lið 10 *Víkjandi skuldir* skal færa skuldir félagsins sem samið hefur verið um að víki fyrir öllum öðrum skuldum þess.

*Líftryggingaskuld.*

35. gr.

Undir lið 11.1 *Iðgjaldaskuld* skal færa heildarframtíðarskuldbindingu félagsins samkvæmt líftryggingasamningum að frádregnu núvirði framtíðariðgjalda og kostnaði við framtíðarrekstur líftryggingastofnsins en að frádregnum yfirfærðum sölukostnaði. Hér skal einnig færa ágóðaskuld, þ.e. áunna ógjaldfallna ágóðahlutdeild líftryggingataka samkvæmt reiknigrundvelli. Sundurliða skal iðgjaldaskuldina í skýringum á einstaka liði og greinaflokka líftrygginga.

Undir lið 11.2 *Bótaskuld* skal færa heildarskuldbindingar félagsins vegna ógreiddra en áfallinna líftryggingabóta reikningsársins eða frá fyrri árum, tilkynnta og ótilkynnta í lok reikningsársins ásamt áætluðum kostnaði við mat og uppgjör einstakra bóatílvika.

Undir lið 11.3 *Ágóðajöfnunarskuld* skal færa óráðstafaða og ógreidda ágóðahlutdeild og ógreiddan afslátt sem ekki færist undir lið 11.1.

Undir lið 11.4 *Önnur líftryggingaskuld* skal færa líftryggingaskuld aðra en þá sem færð er undir liði 11.1 - 11.3 eða lið 12. Hér skal færa líftryggingaskuld vegna yfirtekens líftryggingastofns frá öðrum félögum eða stofns sem yfirfærður hefur verið til annarra félaga á árinu. Gerð skal grein fyrir þessum lið í skýringum.

*Líftryggingaskuld vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka.*

36. gr.

Undir lið 12 *Líftryggingaskuld vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka* skal færa líftryggingaskuld vegna líftrygginga sem tengdar eru fjárfestingum er færast undir lið 4. Aðrar skuldbindingar þeim viðkomandi svo sem vegna dánaráhættu og bóta af öðru tagi eða kostnaðar færast undir viðeigandi liði líftryggingaskuldar samkvæmt 35. gr.

Undir þennan lið skal einnig færa líftryggingaskuld sem svarar til skuldbindinga vegna söfnunarsjóða, sbr. 28. gr., sem félagið hefur umsjón með fyrir hönd sjóðsfélaga. Nemi þessi liður verulegri fjárhæð skal gerð nánari grein fyrir honum í skýringum.

*Aðrar skuldbindingar.*

37. gr.

Undir lið 13.1 *Lífeyrisskuldbinding* skal færa skuldbindingar félagsins vegna áunninna lífeyrisréttinda og annarra hliðstæðra réttinda starfsmanna.

Undir lið 13.2 *Skattskuldbinding* skal færa frestaða skattskuldbindingu félagsins, sbr. 23. gr.

Undir lið 13.3 *Aðrar skuldbindingar* skal færa fjárhæðir vegna annarra skuldbindinga sem ekki hefur verið stofnað til vegna líftrygginga félagsins en mæta eiga tilteknu tapi, tilteknum skuldbindingum eða kostnaði á reikningsárinu eða frá fyrri árum þegar fjárhæð þeirra er óviss eða óvíst hvenær greiðsla fer fram. Í skýringum skal gerð grein fyrir þessum lið ef um verulega fjárhæð er að ræða.

*Geymslufé frá endurtryggjendum.*

38. gr.

Undir lið 14 *Geymslufé frá endurtryggjendum* skal færa geymslufé vegna endurtrygginga félagsins sem samkvæmt endurtryggingasamningum er í vörslu þess. Þessar fjárhæðir má ekki leggja við eða draga frá öðrum fjárhæðum sem endurtryggjendur kunna að skulda eða eiga inni hjá félaginu.

*Viðskiptaskuldir.*

39. gr.

Undir lið 15.1 *Skuldir við samstæðu- og hlutdeildarfélög* skal færa heildarfjárhæð skulda við þessi félög. Í skýringum skal sundurgreina þessar skuldir eftir eðli þeirra, sbr. liði 15.2 - 15.7.

Undir lið 15.2 *Skuldir vegna frumtryggingastarfsemi* skal færa skuldir við líftryggingataka, váttryggingafélög, umboðsmenn og váttryggingamiðlara sem stofnað hefur verið til í frumtryggingastarfsemi félagsins og ekki ber að færa annars staðar.

Undir lið 15.3 *Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi* skal færa skuldir félagsins sem endurtryggjanda eða endurtryggingataka, og ekki ber að færa annars staðar.

Undir lið 15.4 *Breytanleg skuldabréfalán* skal færa skuldir félagsins í formi breytanlegra skuldabréfalána.

Undir lið 15.5 *Skuldir við lánastofnanir* skal færa allar skuldir félagsins við lánastofnanir.

Undir lið 15.6 *Önnur skuldabréfalán* skal færa skuldabréfalán félagsins sem ekki ber að færa annars staðar.

Undir lið 15.7 *Aðrar skuldir* skal færa skuldir sem ekki falla undir aðra liði, þ.m.t. ógreidda skatta. Þegar um verulegar fjárhæðir er að ræða skal gerð grein fyrir þeim í skýringum.

*Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur.*

40. gr.

Undir lið 16 *Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur* skal færa gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, og tekjur sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár og falla ekki undir aðra liði. Verulegar fjárhæðir undir þessum lið skal sundurgreina í skýringum.

V. KAFLI  
**Matsreglur.**

*Almenn ákvæði.*

41. gr.

Mat á einstökum liðum ársreikningsins skal byggt á tilhlýðilegri varkárni og skal eingöngu færa tekjur sem áunnar eru fyrir lok reikningsárs og taka tillit til allra fyrirsjáanlegra skuldbindinga sem hafa myndast á reikningsárinu eða á fyrri reikningsárum. Hliðstæðum aðferðum skal beitt við matið frá ári til árs.

42. gr.

Beita skal sömu matsaðferðum innan sama liðar ársreiknings þegar um fjárfestingar er að ræða sbr. 27. gr. Í skýringum skal greint frá þeim matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga.

*Varanlegir rekstrarfjármunir o.fl.*

43. gr.

Óefnislegar eignir samkvæmt lið 2, húseignir og lóðir samkvæmt lið 3.1 og varanlegir rekstrarfjármunir samkvæmt lið 7.1 skulu færðir á framreiknuðu kaup- eða kostnaðarverði. Framreiknað kaupverð er endurmetið verð samkvæmt breytingu á vísitölu neysliverðs, sbr. 56. gr.

Ef raunvirði varanlegra rekstrarfjármuna er verulega hærra en framreiknað kostnaðarverð þeirra af ástæðum sem taldar eru varanlegar er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi.

Um myndun endurmatsreikninga meðal eiginfjárliða, sbr. 1. og 2. mgr., og ráðstöfun þeirra fer að lögum um ársreikninga.

Endurmetið kostnaðarverð eigna skv. 1. og 2. mgr., sem hafa takmarkaðan endingartíma, skal afskrifa á kerfisbundinn hátt þannig að afskriftir svari til verðrymnar eignanna. Óefnislegar eignir skulu þó ekki afskrifaðar á lengri tíma en fimm árum.

Þegar eignir samkvæmt þessari grein hafa verið seldar eftir lok reikningsársins, en áður en ársreikningur er gerður, eða ákveðið hefur verið að selja innan skamms, skal færa eignimar á söluverði eða áætluðu söluverði að frádregnum útlögðum eða áætluðum sölu-kostnaði.

44. gr.

Ef raunvirði eigna skv. 43. gr. er lægra en bókfært verð þeirra og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa bókfært verð þeirra niður til samræmis við hið lægra verðgildi. Niðurfærsluna skal færa á rekstrarlið 19.2 óregluleg gjöld. Endurmatsreikningur sem myndaður er með endurmati skv. 2. mgr. 43. gr., skal þó leystur upp áður en kemur til gjaldfærslu.

Ef eignir hafa verið færðar niður og ástæður lækkunarinnar eiga ekki lengur við ber að færa bókfært verð þeirra til fyrra horfs.

*Verðbréf.*

45. gr.

Skuldabréf skal færa til eignar miðað við þau vaxtakjör sem um var samið þegar bréfið var keypt eða móttekið, enda séu vaxtakjörin í samræmi við það sem almennt gerist á markaði. Hafi orðið breyting á markaðsvöxtum, sem telst varanleg og er talin hafa mikil áhrif, skal taka tillit til slíkrar breytingar við mat á skuldabréfaeign.

Skuldabréf skal færa með áföllnum verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi. Verðbætur skal miða við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok reikningsárs. Skuldabréf í erlendum gjaldmiðli skal færa við kaupgengi í lok reikningsárs.

Óverðtryggð skuldabréf sem bera hæfilega nafnvexti miðað við vaxtakjör á markaði skal færa á nafnverði.

Við mat á skuldabréfaeign skal með hæfilegri niðurfærslu taka tillit til þeirrar tapshættu sem kann að vera fyrir hendi á uppgjörsteggi og skal færa niðurfærsluna undir lið 9.3 í rekstrarreikningi.

#### 46. gr.

Hlutabréf skal færa á framreiknuðu kaupverði eða markaðsverði, hvort sem lægra er í lok reikningsárs, sbr. þó 47. gr.

Hlutdeildarskírteini skal færa á markaðsverði í lok reikningsárs.

#### 47. gr.

Verðbréf, sem ekki eru ætluð til varanlegrar eignar og skráð eru á opinberu verðbréfaþingi, er heimilt að færa á markaðsverði. Tilgreina skal í skýringum ef þessu ákvæði er beitt. Hækkun eða lækkingun á matsverði slíkra eigna skal færa í rekstrarreikning. Sé þessi heimild notuð og verðbréf sem falla undir sama lið eru jafnframt metin skv. 45. eða 46. gr. skal skipta viðkomandi lið í efnahagsreikningi með hliðsjón af 42. gr.

#### 48. gr.

Þegar fjárfestingar eru færðar á framreiknuðu kaupverði skal tilgreina markaðsverð þeirra í skýringum ársreikningsins og með sama hætti skal tilgreina framreiknað kaupverð þeirra fjárfestinga sem færðar eru á markaðsverði.

Þegar fjárfestingar eru skráðar á opinberu verðbréfaþingi telst markaðsverð vera verðið á síðasta skráningardeggi reikningsársins.

Þegar markaðsverð fjárfestinga sem ekki eru skráðar á opinberu verðbréfaþingi er til, skal miða við meðalverð þeirra á síðasta skráningardeggi reikningsársins ef meðalverð liggur fyrir þá, annars á næsta degi á undan þegar meðalverð lá fyrir.

Þegar fjárfestingar samkvæmt 2. og 3. mgr. hafa verið seldar eftir lok reikningsársins, en áður en ársreikningur er gerður, eða ákveðið hefur verið að selja innan skamms, skal færa eignimar á söliverði eða áætluðu söliverði að frádregnum útlögðum eða áætluðum sölu-kostnaði.

Þrátt fyrir ákvæði 45. - 47. gr. og önnur ákvæði þessarar greinar skulu fjárfestingar vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka færðar á markaðsverði.

#### *Eignarhluti í dóttur- og hlutdeildarfélagum.*

#### 49. gr.

Eignarhluti félags í dótturfélagum og hlutdeildarfélagum skal færður samkvæmt hlutdeildaraðferð í samræmi við hlutdeild félagsins í eigin fé þessara félaga.

Séu eignir og skuldir dótturfélags metnar á annan hátt en hjá móðurfélaginu skulu þessar eignir og skuldir endurmetnar eftir aðferðum móðurfélagsins, nema sá munur sé óverulegur.



*Kröfur.*

50. gr.

Meta skal kröfur með hliðsjón af tapshættu og færa framlag í afskriftarreikning eftir niðurstöðu slíks mats. Afskriftarreikningur skal myndaður með sérstökum og almennum niðurfærslum sem draga skal frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi. Framlag í afskriftarreikning skal færa undir lið 16.2 Önnur gjöld í rekstrarreikningi.

51. gr.

Eignir og skuldir í erlendri mynt skulu umreiknaðar í íslenskar krónur á opinberu gengi í lok reikningsárs.

*Líftryggingaskuld.*

52. gr.

Líftryggingaskuld skal metin þannig að ætla megi að félagið geti á hverjum tíma mætt öllum skuldbindingum sínum, vegna líftryggingasamninga, hverju nafni sem nefnast, sem unnt er að sjá fyrir með bestu yfirsýn.

Hluta endurtryggjenda í líftryggingaskuld skal meta með hliðstæðum aðferðum og líftryggingaskuld og í samræmi við endurtryggingasamninga félagsins.

53. gr.

Iðgjaldaskuld líftrygginga skal reiknuð árlega af tryggingastærðfræðingi eða öðrum sérfræðingi með sambærilega þekkingu, samkvæmt viðurkenndum tryggingastærðfræðilegum reglum í samræmi við tæknilegan reiknigrundvöll tilkynntan til Vátryggingaeftirlitsins, sbr. lög um vátryggingastarfsemi. Iðgjaldaskuldin er tryggingafræðilegt mat fyrir hverja líftryggingu fyrir sig á heildarframtíðarskuldbindingu félagsins samkvæmt líftryggingasamningum að frádregnu núvirði framtíðariðgjalda, en að frádregnum yfirferðum sölu-kostnaði samkvæmt reiknigrundvelli. Með iðgjaldaskuld færast ágóðaskuld sem svarar til áunninnar ógjaldfallinnar ágóðahlutdeildar sem ráðstafað hefur verið til líftryggingataka og líftryggðora vegna líftryggingasamninga.

Heimilt er að beita öðrum viðurkenndum tölfræðilegum reglum við mat iðgjaldaskuldarinnar, megi vænta þess að þær gefi hliðstæðar niðurstöður og einstaklingsbundið mat.

Í því tilviki skal meginforsendna getið í skýringum.

54. gr.

Bótaskuldina skal að jafnaði reikna á grundvelli áætlunar í hverju tilviki fyrir sig um áfallnar bætur, sbr. 2. mgr. 35. gr., sem búast má við að félagið sé skuldbundið að greiða þ.m.t. bætur vegna ótilkynnta bóatilvika. Bótaskuldin skal vera nægileg til að mæta öllum greiðslum í framtíðinni vegna bóta ásamt kostnaði við mat og uppgjör þeirra.

Þegar rélag er aðili að samtryggingu með öðrum vátryggingafélögum á Evrópska efnahagssvæðinu skal bótaskuldin aldrei vera lægri hlutfallslega en sú bótaskuld sem ákvörðuð er af því félagi sem er í forystu á samtryggingarsamningnum.

55. gr.

Ágóðajöfnunarskuldin svarar til fjárhæða sem ákveðið er að færa líftryggingatökum og líftryggðum til góða vegna afkomu félagsins í heild eða reynslu í einstökum greinum líftrygginga og óráðstafað er og ekki telst til ágóðaskuldar sbr. 1. mgr. 53. gr.

Við sérstakar aðstæður, svo sem þegar skilyrði laga um váttryggingastarfsemi um lágmarksgjaldþol líftryggingafélaga eru ekki uppfyllt, getur Váttryggingaeftirlitið heimilað að óráðstöfuð ágóðajöfnunarskuld sem ekki er ákveðin samkvæmt reiknigrundvelli verði reiknuð sem hluti af gjaldþoli félagsins.

*Áhrif verðlagsbreytinga.*

56. gr.

Áhrif verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu félags skal reikna með eftirfarandi hætti og færa í ársreikninginn, enda sé það í samræmi við góða reikningskilavenju:

1. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir, þ.m.t. líftryggingaskuld, skulu reiknuð og færð undir lið 15 í rekstrarreikningi.
2. Eignir skv. 43. og 46. gr. skulu endurmetnar með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til loka reikningsársins og skal breytingin færð á viðkomandi eignarliði.

Hin reiknuðu áhrif verðlagsbreytinga skulu færð á endurmatsreikning meðal eiginfjárliða. Einnig skulu eiginfjárliðir leiðréttir vegna áhrifa verðlagsbreytinga eftir því sem við getur átt, og færast mótfærsla þess endurmats á endurmatsreikninginn. Við útreikninginn skal miða við breytingu á vísitölu neysliverðs.

Í skýringum skal gera grein fyrir útreikningi á áhrifum verðlagsbreytinga samkvæmt þessari grein.

VI. KAFLI

**Skýringar.**

*Almenn ákvæði.*

57. gr.

Í skýringum skal veita upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru í II. - V. kafla. Í eftirtöldum liðum kafla III og IV er gert ráð fyrir upplýsingum í skýringum:

*Í rekstrarreikningi:*

*Kafla III:* liðum 2.4 - 2.7 í 10. gr., lið 4 í 12. gr., lið 5.1 í 13. gr., lið 6.3 í 14. gr., lið 7 í 15. gr., lið 8 í 16. gr., lið 11 í 19. gr., lið 12 í 20. gr., liðum 16 og 17 í 23. gr. og lið 19 í 24. gr.

*Í efnahagsreikningi:*

*Kafla IV:* lið 2 í 26. gr., liðum 3.1, 3.3.5 og 3.3.7 í 27. gr., liðum 6.1 og 6.4 í 30. gr., lið 7.4 í 31. gr., lið 8.2 í 32. gr., liðum 11.1 og 11.4 í 35. gr., lið 12 í 36. gr., lið 13.3 í 37. gr., liðum 15.1 og 15.7 í 39. gr. og lið 16 í 40. gr.

Við einstaka liði ársreikningsins skal vísað til viðeigandi skýringa.

58. gr.

Gera skal grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er við mat á hinum ýmsu liðum ársreiknings. Greint skal frá aðferðum við endurmat, afskriftir og útreikning verðbreytinga svo og við uppfærslur og niðurfærslur. Einnig skal tilgreina það gengi sem miðað er við þegar einstakir liðir eru umreiknaðir frá öðrum gjaldmiðli í íslenskar krónur.

## 59. gr.

Þegar fjárhæðir eru ekki samanburðarhæfar milli ára í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi skal í skýringum gera grein fyrir ástæðum þess og áhrifum sem það hefur á samanburðarhæfi einstakra liða.

## 60. gr.

Tilgreina skal nöfn, heimilisföng og félagsform dótturfélaga og hlutdeildarfélaga. Geta skal hlutdeildar í hverju þeirra, eigin fjár og rekstramiðurstöðu samkvæmt síðasta ársreikningi. Þegar félagið er dótturfélag skal tilgreina nafn og heimilisfang móðurfélags sem gerir samstæðureikning.

Víkja má frá ákvæðum 1. mgr. um upplýsingar um eigið fé og rekstrarárangur einstakra félaga annarra en váttryggingafélaga, ef eignarhlutur er undir 50% af eigin fé viðkomandi félags og upplýsingarnar hafa óverulega þýðingu eða þær geta valdið viðkomandi félagi tjóni, enda sé ástæðunnar getið.

## 61. gr.

Í skýringum skal tilgreina nöfn, heimilisföng og form félaga með ótakmarkaðri ábyrgð sem félagið er aðili að. Ekki þarf að gefa þessar upplýsingar ef þær hafa óverulega þýðingu.

## 62. gr.

Hafi samningar verið gerðir eða færslur átt sér stað sem teljast meiri háttar milli félagsins annars vegar og félaga sem beint eða óbeint eru tengd því hins vegar, skal gerð grein fyrir eðli þeirra og umfangi og hvernig aðilar ákvarða verð sín í milli.

*Eignarliðir.*

## 63. gr.

Fyrir hvern eignarliðanna 2 *Óefnislegar eignir*, 3.1 *Húseignir og lóðir* og 6.1 *Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir* skal eftirfarandi koma fram:

1. Bókfært verð í upphafi reikningsárs.
2. Eignfært á árinu.
3. Selt og niðurlagt á árinu.
4. Fært á aðra liði á árinu.
5. Endurmat á árinu.
6. Afskrifað alls í upphafi reikningsárs.
7. Afskrifað og niðurfært á árinu.
8. Leiðréttingar vegna fyrri afskrifta og niðurfærslna þess sem selt er eða látið er af hendi á árinu.
9. Samanlagðar afskriftir og niðurfærslur til loka reikningsárs.
10. Bókfært verð í lok reikningsárs.

## 64. gr.

Upplýsa skal um síðasta opinbert fasteignamat og um váttryggingaverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna.

Gera skal grein fyrir bókfærðu verði húseigna og lóða sem félagið hefur til eigin nota. Noti félagið hluta húseignar skal reikna verðið hlutfallslega.

## 65. gr.

Tilgreina skal fjárhæðir lána svo og veðsetningar, ábyrgðir og tryggingar sem veittar hafa verið félagsaðilum eða stjórnendum félags eða móðurfélags þess, vegna tengsla þessara aðila við félögin, sundurliðað á hvern flokk fyrir sig ásamt upplýsingum um vexti, greiðslu- kjör og aðra helstu skilmála.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við gagnvart einstaklingum nátengdum þeim sem þar eru taldir.

## 66. gr.

Í hlutafélagi skal tilgreina fjölda hluta, nafnverð og bókfært verð. Sundurliða skal hluta- fé eftir hlutaflokkum og tilgreina fjölda hluta og nafnverð þeirra.

Gerð skal grein fyrir eign félagsins á eigin hlutum í lok reikningsársins, bókfærðu verði þeirra, fjölda og nafnverði ásamt hlutfalli af heildarhlutafé. Greint skal frá fjölda og nafn- verði eigin hlutabréfa sem aflað hefur verið á reikningsárinu og bréfa sem félagið hefur látið af hendi á reikningsárinu, kaup- og söluverði þeirra ásamt hlutfalli af heildarhlutafé. Upplýst skal um ástæður öflunar eigin hlutabréfa á reikningsárinu.

Sömu upplýsingar og getið er í 2. mgr. skal veita ef tekið hefur verið veð í eigin hlutum.

Upplýsa skal með sama hætti um hluti í félagi sem dótturfélag hefur eignast eða látið af hendi á reikningsárinu.

*Skulda- og eiginfjárliðir.*

## 67. gr.

Sundurliða skal allar breytingar á eiginfjárliðum félagsins á reikningsárinu.

Upplýst skal um reiknað gjaldþol félagsins í lok reikningsárs og lágmarksgjaldþol sam- kvæmt lögum um váttryggingastarfsemi, og gerð grein fyrir mismuninum ef gjaldþol er annað en bókfært eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi.

Þegar verulegur munur er á bótagreiðslum og bótaskuld til næsta árs tilheyrandi fyrri reikningsárum annars vegar, og bótaskuld frá fyrra ári vegna bótatilvika sömu reikningsára hins vegar, skal tilgreina mismuninn í skýringum með sundurliðun heildarfjárhæða og fjár- hæða í eigin hlut eftir tegundum bóta.

## 68. gr.

Greina skal frá samningum sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjóra og starfsmenn um eftirlaun og hliðstæð réttindi, og tilgreina heildarfjárhæðir. Áfallnar skuld- bindingar félags vegna þessa skulu sundurliðaðar á stjórn, framkvæmdastjóra og aðra stjórn- endur annars vegar og aðra starfsmenn hins vegar.

## 69. gr.

Veita skal upplýsingar um þann hluta áhvílandi lána sem á hverju ári fellur til greiðslu næstu fimm árin frá lokum reikningsárs og það sem fellur til greiðslu síðar.

## 70. gr.

Hafi félagið tekið skuldabréfalán er veitir lánardrottnum rétt til að breyta kröfum sínum á hendur félaginu í hluti í því, skal tilgreina eftirstöðvar hvers láns, skiptihlutfall og frest þann sem veittur hefur verið til breytingar í hluti.

Hafi skuldabréfalán með rétti til vaxta verið tekið og vaxtakjörin ráðast að nokkru eða öllu leyti af rekstrarárangri félagsins skjal tilgreina eftirstöðvar hvers láns og hina umsömdu ávöxtun.

Sams konar upplýsingar skal veita um hlutdeildarskírteini og önnur sambærileg réttindi eftir því sem við á, m.a. um fjölda þeirra.

#### 71. gr.

Upplýsa skal um heildarfjárhæð skatta vegna rekstrar á reikningsárinu og eigna í lok þess og óvenjulegar skattalegar tekjur eða gjöld sem áhrif hafa á niðurstöðuna á reikningsárinu.

Gefa skal upplýsingar um frestaða skattskuldbindingu, sbr. lið 17 í rekstrarreikningi og lið 13.2 í efnahagsreikningi, vegna mismunar á gjaldfærðum sköttum á reikningsárinu og fyrri árum annars vegar, og þeim sköttum sem álagðir eru vegna sömu ára hins vegar, nema þessar upplýsingar hafi óverulega þýðingu. Upplýsingarnar skulu bera með sér á hvaða liðum ársreiknings skattkvöðin hvílir.

#### 72. gr.

Hafi félag sett eignir að veði skal veita upplýsingar um fjárhæð veðsetninganna og bókfært verð veðsettra eigna sundurliðað eftir eignum. Heildartryggingar í þágu dótturfélaga og annarra félaga innan sömu félagasamstæðu skulu tilgreindar sérstaklega.

#### 73. gr.

Gera skal grein fyrir virkum afleiðuviðskiptum þar sem sérstaklega komi fram, fyrir hverja tegund viðskipta, fjárhæðir samninga og áhrif þeirra á ársreikninginn. Þá skal koma fram í hvaða tilgangi þeir eru gerðir svo sem til að draga úr áhrifum vaxtabreytinga, gengisbreytinga eða breytinga á markaðsverði. Tekjur og gjöld vegna þessara viðskipta eru færð í rekstrarliði 2 *Fjárfestingartekjur* eða 9 *Fjárfestingargjöld*.

#### 74. gr.

Veita skal upplýsingar um heildarfjárhæðir ábyrgðar- og tryggingaskuldbindinga, seld viðskiptabréf og aðrar fjárskuldbindingar sem ekki eru tilfærðar í efnahagsreikningi, að því leyti sem það skiptir máli við mat á fjárhagsstöðu. Hafi félagið gert leigusamninga sem nema verulegum fjárhæðum skulu slíkar skuldbindingar tilgreindar sérstaklega. Skuldbindingar gagnvart móðurfélagi og dótturfélögum þess skal einnig tilgreina sérstaklega.

#### *Rekstrarliðir.*

#### 75. gr.

Bókfærð iðgjöld félagsins í líftryggingum skal sundurliða eins og hér segir:

- 1.1 Einstaklingsbundnar líftryggingar.
- 1.2 Hóplíftryggingar.
- 2.1 Líftryggingar þegar iðgjöld eru greidd í eitt skipti fyrir öll.
- 2.2 Líftryggingar þegar iðgjöld eru greidd með öðrum hætti.
- 3.1 Líftryggingar án ágóðahlutdeildar.
- 3.2 Líftryggingar með ágóðahlutdeild.
- 3.3 Líftryggingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka.

Nemi iðgjöld endurtrygginga 10% eða meiru af bókfærðum iðgjöldum samanlagt skal sundurliða framangreinda liði á frumtryggingar og endurtryggingar.

76. gr.

Tilgreina skal niðurstöðu gagnvart endurtryggjendum í heild á reikningsárinu, þ.e. mismun iðgjalda og bóta að umboðslaunum, ágóðahluta, vöxtum af geymslufé og breytingum á líftryggingaskuld endurtryggjenda meðtöldum.

Nemi bókfærð iðgjöld frumtrygginga vegna starfsemi félags erlendis meiru en 5% samanlagðra bókfærðra iðgjalda, skal sundurliða iðgjöldin á önnur aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og ríki utan þess.

77. gr.

Greint skal frá meðalfjölda starfsmanna miðað við fullt starf á reikningsárinu og starfsmannakostnaði. Kostnaðinn skal sundurliða á laun, eftirlaun og launatengd gjöld.

Gefa skal upplýsingar um heildarlaun og þóknun til stjórnar og framkvæmdastjóra, sundurliðað á laun og þóknun, gjaldfærð áunnin eftirlaunaréttindi og launatengd gjöld sem tengjast þessum gjaldfærslum.

Greina skal frá heildarfjárhæð umboðslauna vegna frumtrygginga á reikningsárinu þ.m.t. umboðslaunum vegna öflunar líftrygginga, vegna endurnýjunar og innheimtu og vegna rekstrar líftryggingastofnsins.

*Fimm ára yfirlit.*

78. gr.

Ársreikningur skal hafa að geyma yfirlit með helstu niðurstöðutölum og kennitölum úr rekstri og efnahag félagsins í heild á reikningsárinu og samsvarandi upplýsingum fjögurra undangenginna reikningsára. Í yfirlitinu skal að lágmarki koma fram:

1. Eigin iðgjöld.
2. Eigin líftryggingabætur.
3. Hreinn rekstrarkostnaður.
4. Hagnaður eða tap af líftryggingarekstri.
5. Hagnaður eða tap ársins fyrir skatta.
6. Skattar.
7. Hagnaður eða tap ársins.
8. Eigin líftryggingaskuld.
9. Eigið fé.
10. Eignir samtals.
11. Gjaldþolshlutfall. Hlutfallið milli gjaldþols og lágmarksgjaldþols samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu eins og frekast er unnt vera sambærilegar milli ára. Þess skal getið sérstaklega ef svo er ekki og ástæða þess. Sé ekki unnt að birta tölur sem bera má saman milli ára er heimilt að birta yfirlit yfir skemmra tímabil en fimm ár.

## VII. KAFLI

### Skýrsla stjórnar.

79. gr.

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi skal upplýsa um atriði sem eru mikilvæg við mat á fjárhagslegri stöðu félags og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í rekstrarreikningi eða efnahagsreikningi eða í skýringum með þeim, nema sérstakar ástæður séu til að ætla að slíkt geti skaðað félagið. Einnig skal veita upplýsingar um mikilvæg atvik sem orðið hafa eftir lok reikningsársins, um framtíðarhorfur félagsins og um útibú erlendis ef einhver eru. Í skýrslunni skal gera grein fyrir tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á reikningsárinu.

Í hlutfélögum skal upplýsa um fjölda hluthafa í upphafi og lok reikningsárs og greina frá eignarhluta þeirra hluthafa sem eiga a.m.k. 10% hlutfjár í félaginu í lok reikningsárs. Í öðrum félögum skal greina frá því hvernig eignaraðild að þeim er háttáð og upplýsa skal um atkvæðavægi og hvernig stjórnarkjör fer fram.

80. gr.

Ársreikningur ásamt ársskýrslu og áritun löggilts endurskoðanda skal liggja frammi, og til afhendingar ef óskað er, á afgreiðslustað félagsins eftir samþykkt hans á aðalfundi. Krefjast má hóflegs gjalds fyrir afhendingu ársreikningsins sem ekki má vera hærra en nemur kostnaði félagsins þar að lútandi.

## VIII. KAFLI

### Gildistökuákvæði.

81. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. mgr. 44. gr. laga 60/1994 um váttryggingastarfsemi og með hliðsjón af tilskipun ráðherraáðs ESB frá 19. desember 1991 91/674/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga, og tilskipun ráðsins 92/96/EBE um líftryggingar. Reglugerðin öðlast þegar gildi og kemur í fyrsta sinn til framkvæmda við gerð ársreiknings fyrir árið 1996.

#### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Við gerð ársreiknings fyrir árið 1996 er heimilt að víkja frá ákvæðum 59. gr.

Áhættusjóður, sem myndaður var samkvæmt 19. gr. laga nr. 50/1978 um váttryggingastarfsemi, skal við gildistöku reglugerðar þessarar vera óbundið eigið fé. Geta skal um ráðstöfun áhættusjóðs á árinu í skýringum.

Líftryggingasjóði í upphafi árs 1996 skal skipt á einstaka liði líftryggingaskuldar samkvæmt ákvæðum 52. - 55. gr.

*Viðskiptaráðuneytinu, 26. nóvember 1996.*

**Finnur Ingólfsson.**

---

*Halldór J. Kristjánsson.*

## VIÐAUKI I

## REKSTRARREIKNINGUR

*Tekjur og gjöld af líftryggingarekstri***1. Iðgjöld**

|     |                       |       |       |
|-----|-----------------------|-------|-------|
| 1.1 | Bókfærð iðgjöld       | _____ |       |
| 1.2 | Hluti endurtryggjenda | _____ |       |
|     | <i>Eigin iðgjöld</i>  | _____ | _____ |

**2. Fjárfestingartekjur**

|     |  |       |       |
|-----|--|-------|-------|
| 2.1 | Tekjur frá samstæðufélögum                 | _____ |       |
| 2.2 | Tekjur frá hlutdeildarfélögum              | _____ |       |
| 2.3 | Tekjur af öðrum eignarhlutum               | _____ |       |
| 2.4 | Tekjur af húseignum og lóðum               | _____ |       |
| 2.5 | Vaxtatekjur og gengismunur                 | _____ |       |
Váttryggingaeftirlitið ákveður hámark útjöfnunarskuldarinnar í einstökum váttrygginga-greinum og setur nánari reglur um útreikninginn, sbr. þó 4. mgr. Hámarkið skal m.a. ákveðið á grundvelli fyrirliggjandi tölfræðilegra gagna þannig að yfirgnæfandi líkur séu taldar á því að útjöfnunarskuldin nægi til að mæta sveiflum í tjónareynslu í fyrirsjáanlegri framtíð. Breyting á útjöfnunarskuldinni færast sem sérstakur liður í rekstrarreikningi undir tekjum og gjöldum í váttryggingarekstri. Váttryggingaeftirlitið getur heimilað við sérstakar aðstæður, að útjöfnunarskuld sé ráðstafað með öðrum hætti en til að mæta tapi á váttryggingarekstrinum.

Þegar bókfærð iðgjöld greiðsluváttrygginga nema meiru en 4% af bókfærðum iðgjöldum félags samantlagt eða 200 milljónum kr. eða meiru, skal árlega gjaldfæra framlag til myndunar útjöfnunarskuldar í þessum greinaflokki. Gjaldfærslan skal á hverju reikningsári nema 75% af rekstrarniðurstöðu þessara váttrygginga, þó aldrei meiru en nemur 12% af bókfærðum iðgjöldum greiðsluváttrygginga. Framlög skulu falla niður nemi útjöfnunarskuldin 150% bókfærðra iðgjalda eins og þau hafa hæst verið á einu ári á síðasta fimm ára tímabili.

#### 55. gr.

Ágóðaskuldin svarar til fjárhæða sem færðar eru váttryggingatökum og váttryggðum til góða og rekja má til afkomu eða tjónareynslu félagsins í heild eða í einstökum váttrygginga-greinum.

Váttryggingaeftirlitið getur heimilað að sá hluti ágóðaskuldar sem ekki hefur verið ráðstafað til einstakra váttryggingataka og váttryggðra verði notaður til að mæta tapi á váttryggingarekstrinum enda hafi útjöfnunarskuldin verið tekjufærð að fullu.

Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem þegar skilyrði laga um váttrygginga-starfsemi um lágmarksgjaldþol váttryggingafélaga eru ekki uppfyllt, getur Váttrygginga-  
eftirlitið heimilað að óráðstöfuð ágóðaskuld verði reiknuð sem hluti af gjaldþoli félagsins.

#### 56. gr.

Þegar váttryggingar eru þess eðlis að upplýsingar um iðgjöld eða tjón á upphafsári samninga eru ófullnægjandi í lok reikningsárs, þannig að ekki er unnt að beita aðferðum 49. - 55. gr. við ákvörðun váttryggingaskuldar vegna hlutaðeigandi samninga, skal annarri hvorri eftirfarandi aðferða beitt:

1. Mismunur bókfærðra iðgjalda annars vegar og bókfærðra tjóna og kostnaðar hins vegar skal færður sem tjónaskuld.

2. Tiltekið hlutfall bókfærðra iðgjalda skal fært sem tjónaskuld. Þeirri aðferð skal beitt þegar það á við með tilliti til þess hvers eðlis hin váttryggða áhætta er. Þegar þörf er á, vegna þess að skuldbindingar félagsins eru taldar meiri, skal tjónaskuld samkvæmt 1. eða 2. tölul. hækkuð sem því nemur.

Aðferðinni sem valin er skal beitt kerfisbundið árin á eftir nema aðstæður breytist. Í skýringum skal getið þeirrar aðferðar sem beitt er og ástæðum þess. Sé aðferðinni breytt skal þess getið sérstaklega hvaða áhrif það hefur á eignir, skuldbindingar, fjárhagsstöðu og rekstrarmiðurstöðu hjá félaginu. Einnig skal getið tímalengdarinnar þar til tjónaskuldin verður metin samkvæmt hefðbundnum aðferðum.

Jafnskjótt og fullnægjandi upplýsingar hafa borist félaginu skal tjónaskuldin metin með aðferðum 49. - 55. gr. og eigi síðar en í lok 3. árs frá lokum upphafsárs samninga.

### *Áhrif verðlagsbreytinga.*

57. gr.

Áhrif verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu félags skal reikna með eftirfarandi hætti og færa í ársreikninginn, enda sé það í samræmi við góða reikningsskilavenju:

1. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir, þ.m.t. váttryggingaskuld, skulu reiknuð og færð undir lið 13 í rekstrarreikningi.
2. Eignir skv. 40. og 43. gr. skulu endurmetnar með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til loka reikningsársins og skal breytingin færð á viðkomandi eignaliði.

Hin reiknuðu áhrif verðlagsbreytinga skulu færð á endurmatsreikning meðal eiginfjárliða. Einnig skulu eiginfjárliðir leiðréttir vegna áhrifa verðlagsbreytinga eftir því sem við getur átt og færast mótfærsla þess endurmats á endurmatsreikninginn. Við útreikninginn skal miða við breytingu á vísitölu neysliverðs.

Í skýringum skal gera grein fyrir útreikningi á áhrifum verðlagsbreytinga samkvæmt þessari grein.

## VI. KAFLI

### **Skýringar.**

#### *Almenn ákvæði.*

58. gr.

Í skýringum skal veita upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru í II. - V. kafla. Í eftirtöldum liðum kafla III og IV er gert ráð fyrir upplýsingum í skýringum:

#### *Í rekstrarreikningi:*

*Kafla III:* lið 2 í 10. gr., lið 3 í 11. gr., lið 5 í 13. gr., lið 6 í 14. gr., lið 7 í 15. gr., lið 8 í 16. gr., lið 9 í 17. gr., liðum 11.4 - 11.7 í 18. gr., liðum 16 og 17 í 22. gr. og lið 19 í 23. gr.

#### *Í efnahagsreikningi:*

*Kafla IV:* lið 2 í 25. gr., liðum 3.1, 3.3.5 og 3.3.7 í 26. gr., liðum 5.1 og 5.4 í 28. gr., lið 6.4 í 29. gr., lið 7.3 í 30. gr., lið 10.5 í 33. gr., lið 11.3 í 34. gr., liðum 13.1 og 13.7 í 36. gr. og lið 14 í 37. gr.

Við einstaka liði ársreikningsins skal vísað til viðeigandi skýringa.

## 59. gr.

Gera skal grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er við mat á hinum ýmsu liðum ársreiknings. Greint skal frá aðferðum við endurmat, afskriftir og útreikning verðbreytinga svo og við uppfærslur og niðurfærslur. Einnig skal tilgreina það gengi sem miðað er við þegar einstakir liðir eru umreiknaðir frá öðrum gjaldmiðli í íslenskar krónur.

## 60. gr.

Þegar fjárhæðir eru ekki samanburðarhæfar milli ára í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi skal í skýringum gera grein fyrir ástæðum þess og áhrifum sem það hefur á samanburðarhæfi einstakra liða.

## 61. gr.

Tilgreina skal nöfn, heimilisföng og félagsform dótturfélaga og hlutdeildarfélaga. Geta skal hlutdeildar í hverju þeirra, eigin fjár og rekstrarniðurstöðu samkvæmt síðasta ársreikningi. Þegar félagið er dótturfélag skal tilgreina nafn og heimilisfang móðurfélags sem gerir samstæðureikning.

Víkja má frá ákvæðum 1. mgr. um upplýsingar um eigið fé og rekstrarárangur einstakra félaga annarra en vátryggingafélaga, ef eignarhlutur er undir 50% af eigin fé viðkomandi félags og upplýsingarnar hafa óverulega þýðingu eða þær geta valdið viðkomandi félagi tjóni, enda sé ástæðunnar getið.

## 62. gr.

Í skýringum skal tilgreina nöfn, heimilisföng og form félaga með ótakmarkaðri ábyrgð sem félagið er aðili að. Ekki þarf að gefa þessar upplýsingar ef þær hafa óverulega þýðingu.

## 63. gr.

Hafi samningar verið gerðir eða færslur átt sér stað sem teljast meiri háttar milli félagsins annars vegar og félaga sem beint eða óbeint eru tengd því hins vegar, skal gerð grein fyrir eðli þeirra og umfangi og hvernig aðilar ákvarða verð sín í milli.

*Eignarliðir.*

## 64. gr.

Fyrir hvern eignarliðanna 2 *Óefnislegar eignir*, 3.1 *Húseignir og lóðir* og 6.1 *Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir* skal eftirfarandi koma fram:

1. Bókfært verð í upphafi reikningsárs.
2. Eignfært á árinu.
3. Selt og niðurlagt á árinu.
4. Fært á aðra liði á árinu.
5. Endurmat á árinu.
6. Afskrifað alls í upphafi reikningsárs.
7. Afskrifað og niðurfært á árinu.
8. Leiðréttingar vegna fyrri afskrifta og niðurfærslna þess sem selt er eða látið er af hendi á árinu.
9. Samanlagðar afskriftir og niðurfærslur til loka reikningsárs.
10. Bókfært verð í lok reikningsárs.

## 65. gr.

Upplýsa skal um síðasta opinbert fasteignamat og um váttryggingaverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna.

Gera skal grein fyrir bókfærðu verði húseigna og lóða sem félagið hefur til eigin nota. Noti félagið hluta húseignar skal reikna verðið hlutfallslega.

## 66. gr.

Tilgreina skal fjárhæðir lána svo og veðsetningar, ábyrgðir og tryggingar sem veittar hafa verið félagsaðilum eða stjórnendum félags eða móðurfélags þess, vegna tengsla þessara aðila við félögin, sundurliðað á hvern flokk fyrir sig ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við gagnvart einstaklingum nátengdum þeim sem þar eru taldir.

## 67. gr.

Í hlutafélagi skal tilgreina fjölda hluta, nafnverð og bókfært verð. Sundurliða skal hlutfé eftir hlutaflokkum og tilgreina fjölda hluta og nafnverð þeirra.

Gerð skal grein fyrir eign félagsins á eigin hlutum í lok reikningsársins, bókfærðu verði þeirra, fjölda og nafnverði ásamt hlutfalli af heildarhlutfé. Greint skal frá fjölda og nafnverði eigin hlutabréfa sem aflað hefur verið á reikningsárinu og bréfa sem félagið hefur látið af hendi á reikningsárinu, kaup- og söluverði þeirra ásamt hlutfalli af heildarhlutfé. Upplýst skal um ástæður öflunar eigin hlutabréfa á reikningsárinu.

Sömu upplýsingar og getið er í 2. mgr. skal veita ef tekið hefur verið veð í eigin hlutum.

Upplýsa skal með sama hætti um hluti í félagi sem dótturfélag hefur eignast eða látið af hendi á reikningsárinu.

*Skulda- og eiginfjárliðir.*

## 68. gr.

Sundurliða skal allar breytingar á eiginfjárliðum félagsins á reikningsárinu.

Upplýst skal um reiknað gjaldþol félagsins í lok reikningsárs og lágmarksgjaldþol samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi, og gerð grein fyrir mismuninum ef gjaldþol er annað en bókfært eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi.

## 69. gr.

Þegar verulegur munur er á tjonagreiðslum og tjonaskuld til næsta árs vegna tjóna sem tilheyra fyrri reikningsárum annars vegar, og tjonaskuld frá fyrra ári vegna tjóna sömu reikningsára hins vegar, skal tilgreina mismuninn í skýringum með sundurliðun heildarfjárhæða og fjárhæða í eigin hlut eftir greinaflokkum váttrygginga. Sé félagið endurtryggjandi skal við samanburðinn taka með iðgjöld og umboðslaun á reikningsárinu vegna fyrri váttryggingaára.

Greint skal frá því hafi frá váttryggingaskuldinni verið dregið virði eigna eða réttinda sem félagið hefur yfirtekið eða mun yfirtaka við greiðslu bóta og fjárhæð þeirra sé það verulegt. Séu veruleg verðmæti af þessu tagi í vörslu félagsins skal sundurliða þau eftir tegund og greint frá hluta endurtryggjenda í þeim. Samsvarandi upplýsingar skal tilgreina fyrir reikningsárið á undan.

## 70. gr.

Greina skal frá samningum sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjóra og starfsmenn um eftirlaun og hliðstæð réttindi, og tilgreina heildarfjárhæðir. Áfallnar skuldbindingar félags vegna þessa skulu sundurliðaðar á stjórn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur annars vegar og aðra starfsmenn hins vegar.

## 71. gr.

Veita skal upplýsingar um þann hluta áhvílandi lána sem á hverju ári fellur til greiðslu næstu fimm árin frá lokum reikningsárs og það sem fellur til greiðslu síðar.

## 72. gr.

Hafi félagið tekið skuldabréfalán er veitir lánardrottnum rétt til að breyta kröfum sínum á hendur félaginu í hluti í því, skal tilgreina eftirstöðvar hvers láns, skiptihlutfall og frest þann sem veittur hefur verið til breytingar í hluti.

Hafi skuldabréfalán með rétti til vaxta verið tekið og vaxtakjörin ráðast að nokkru eða öllu leyti af rekstrarárangri félagsins skal tilgreina eftirstöðvar hvers láns og hina umsömdu ávöxtun.

Sams konar upplýsingar skal veita um hlutdeildarskírteini og önnur sambærileg réttindi eftir því sem við á, m.a. um fjölda þeirra.

## 73. gr.

Upplýsa skal um heildarfjárhæð skatta vegna rekstrar á reikningsárinu og eigna í lok þess og óvenjulegar skattalegar tekjur eða gjöld sem áhrif hafa á niðurstöðuna á reikningsárinu.

Gefa skal upplýsingar um frestaða skattskuldbindingu, sbr. lið 17 í rekstrarreikningi og lið 11.2 í efnahagsreikningi, vegna mismunar á gjaldfærðum sköttum á reikningsárinu og fyrri árum annars vegar, og þeim sköttum sem álagðir eru vegna sömu ára hins vegar, nema þessar upplýsingar hafi óverulega þýðingu. Upplýsingarnar skulu bera með sér á hvaða liðum ársreiknings skattkvöðin hvílir.

## 74. gr.

Hafi félag sett eignir að veði skal veita upplýsingar um fjárhæð veðsetninganna og bókfært verð veðsettra eigna sundurliðað eftir eignum. Heildartryggingar í þágu dótturfélaga og annarra félaga innan sömu félagasamstæðu skulu tilgreindar sérstaklega.

## 75. gr.

Gera skal grein fyrir virkum afleiðuviðskiptum þar sem sérstaklega komi fram, fyrir hverja tegund viðskipta, fjárhæðir samninga og áhrif þeirra á ársreikninginn. Þá skal koma fram í hvaða tilgangi þeir eru gerðir svo sem til að draga úr áhrifum vaxtabreytinga, gengisbreytinga eða breytinga á markaðsverði. Tekjur og gjöld vegna þessara viðskipta eru færð í rekstrarliði 11 *Fjárfestingartekjur* eða 12 *Fjárfestingargjöld*.

## 76. gr.

Veita skal upplýsingar um heildarfjárhæðir ábyrgðar- og tryggingaskuldbindinga, seld viðskiptabréf og aðrar fjárskuldbindingar sem ekki eru tilfærðar í efnahagsreikningi, að því leyti sem það skiptir máli við mat á fjárhagsstöðu. Hafi félagið gert leigusamninga sem nema

verulegum fjárhæðum skulu slíkar skuldbindingar tilgreindar sérstaklega. Skuldbindingar gagnvart móðurfélagi og dótturfélögum þess skal einnig tilgreina sérstaklega.

*Rekstrarliðir.*

77. gr.

Sundurliða skal liði rekstrarreiknings samkvæmt 78. gr. á eftirfarandi greinaflokka váttrygginga:

1. Eignatryggingar.
2. Sjótryggingar, flugtryggingar og farmtryggingar.
3. Lögboðnar ökutækjatrýggingar.
4. Aðrar ökutækjatrýggingar.
5. Almennar ábyrgðatrýggingar.
6. Greiðslu- og efndaváttryggingar.
7. Slys- og sjúkratrýggingar.
8. Réttaraðstoðatrýggingar.
9. Ferðamannaaðstoð.
10. Aðrar frumtryggingar.
11. Innlendar endurtryggingar.
12. Erlendar endurtryggingar.

Geti váttryggingar tilheyrt fleirum en einum flokki 1 - 9, skulu þær taldar til þess flokks þar sem meginhluti áhættunnar er.

Nái bókfærð iðgjöld frumtrygginga ekki 50 milljónum króna í greinaflokki má telja hann til greinaflokks 10 Aðrar frumtryggingar. Nemi bókfærð iðgjöld vegna endurtrygginga minna en 10% af bókfærðum iðgjöldum félagsins samanlagt má telja endurtryggingar í einum greinaflokki. Ávallt skal að lágmarki sundurliða þá þrjá greinaflokka félagsins þar sem bókfærð iðgjöld eru mest.

78. gr.

Eftirfarandi rekstrarliði skal sundurliða á greinaflokka váttrygginga, sbr. 77. gr.:

1. Bókfærð iðgjöld.
2. Iðgjöld ársins.
3. Tjón ársins.
4. Ágóðahluta og afslátt að fráregnum hluta endurtryggjenda.
5. Rekstrarkostnað og annan kostnað að fráregnum hluta endurtryggjenda.
6. Til endurtryggjenda.
7. Breytingu á útjöfnunarskuld.
8. Fjárfestingartekjur og aðrar tekjur að fráregnum hluta endurtryggjenda.
9. Hagnað eða tap af váttryggingarekstri.

Einstakir liðir svara til samsvarandi liða rekstrarreiknings eftir því sem við á og skal tilgreina samtölu allra greinaflokka.

Tilgreina skal niðurstöðu gagnvart endurtryggjendum samkvæmt 6. tölul. í heild á reikningsárinu, þ.e. mismun iðgjalda og tjóna að umboðslaunum, ágóðahluta, vöxtum af geymslufé og breytingum á váttryggingaskuld endurtryggjenda meðtöldum.

Bókfærð iðgjöld innlendra og erlendra endurtrygginga skal sundurliða á skaðatrýggingar og líftryggingar eftir því sem við verður komið.



Nemi bókfærð iðgjöld frumtrygginga vegna starfsemi félags erlendis meiru en 5% samanlagðra bókfærðra iðgjalda, skal sundurliða iðgjöldin á önnur aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og ríki utan þess.

79. gr.

Greint skal frá meðalfjölda starfsmanna miðað við fullt starf á reikningsárinu og starfsmannakostnaði. Kostnaðinn skal sundurliða á laun, eftirlaun og launatengd gjöld.

Gefa skal upplýsingar um heildarlaun og þóknun til stjórnar og framkvæmdastjóra, sundurliðað á laun og þóknun, gjaldfærð áunnin eftirlaunaréttindi og launatengd gjöld sem tengjast þessum gjaldfærslum.

Greina skal frá heildarfjárhæð umboðslauna vegna frumtrygginga á reikningsárinu þ.m.t. umboðslaunum vegna öflunar váttrygginga, vegna endurnýjunar og innheimtu og vegna rekstrar váttryggingastofnsins.

*Fimm ára yfirlit.*

80. gr.

Ársreikningur skal hafa að geyma yfirlit með helstu niðurstöðutölum og kennitölum úr rekstri og efnahag félagsins í heild á reikningsárinu og samsvarandi upplýsingum fjögurra undangenginna reikningsára. Í yfirlitinu skal að lágmarki koma fram:

1. Eigin iðgjöld.
2. Eigin tjón.
3. Hreinn rekstrarkostnaður.
4. Fjárfestingartekjur og aðrar tekjur af váttryggingarekstri.
5. Hagnaður eða tap af váttryggingarekstri.
6. Hagnaður eða tap af fjármálarekstri.
7. Hagnaður eða tap ársins fyrir skatta.
8. Skattar.
9. Hagnaður eða tap ársins.
10. Eigin váttryggingaskuld.
11. Eigið fé.
12. Eignir samtals.

Í yfirlitinu skulu eftirfarandi kennitölur koma fram:

1. Tjónahlutfall. Hlutfallið milli eigin tjóna og eigin iðgjalda.
2. Kostnaðarhlutfall. Hlutfallið milli hreins rekstrarkostnaðar og eigin iðgjalda.
3. Hlutfall milli fjárfestingartekna og annarra tekna af váttryggingarekstri, og eigin iðgjalda.
4. Samanlögð hlutföll í 1. og 2. tölul. að frádregnu hlutfalli í 3. tölul.
5. Hlutfall milli eigin fjár og eigin iðgjalda.
6. Hlutfall milli eigin váttryggingaskuldar og eigin iðgjalda.
7. Samanlögð hlutföll í 5. og 6. tölul.
8. Gjaldþolshlutfall. Hlutfallið milli gjaldþols og lágmarksgjaldþols samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi.

Upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. skulu eins og frekast er unnt vera sambærilegar milli ára. Þess skal getið sérstaklega ef svo er ekki og ástæða þess. Sé ekki unnt að birta tölur sem bera má saman milli ára er heimilt að birta yfirlit yfir skemmra tímabil en fimm ár.

VII. KAFLI  
Skýrsla stjórnar.

## 81. gr.

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi skal upplýsa um atriði sem eru mikilvæg við mat á fjárhagslegri stöðu félags og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í rekstrarreikningi eða efnahagsreikningi eða í skýringum með þeim, nema sérstakar ástæður séu til að ætla að slíkt geti skaðað félagið. Einnig skal veita upplýsingar um mikilvæg atvik sem orðið hafa eftir lok reikningsársins, um framtíðarhorfur félagsins og um útibú erlendis ef einhver eru. Í skýrslunni skal gera grein fyrir tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á reikningsárinu.

Í hlutafélögum skal upplýsa um fjölda hluthafa í upphafi og lok reikningsárs og greina frá eignarhluta þeirra hluthafa sem eiga a.m.k. 10% hlutafjár í félaginu í lok reikningsárs. Í öðrum félögum skal greina frá því hvernig eignaraðild að þeim er háttað og upplýsa skal um atkvæðavægi og hvernig stjórnarkjör fer fram.

## 82. gr.

Ársreikningur ásamt ársskýrslu og áritun löggilts endurskoðanda skal liggja frammi, og til afhendingar ef óskað er, á afgreiðslustað félagsins eftir samþykkt hans á aðalfundi. Krefjast má hóflegs gjalds fyrir afhendingu ársreikningsins, sem ekki má vera hærra en nemur kostnaði félagsins þar að lútandi.

VIII. KAFLI  
Gildistökuákvæði.

## 83. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. mgr. 44. gr. laga nr. 60/1994 um váttrygginga-  
starfsemi og með hliðsjón af tilskipun ráðherraráðs ESB frá 19. desember 1991 91/674/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga, tilskipun ráðsins 78/473/EBE um samtryggingar, svo og tilskipun 87/343/EBE um greiðslu- og efnдавáttryggingar með breytingu samkvæmt tilskipun 92/49/EBE. Reglugerðin öðlast þegar gildi og kemur í fyrsta sinn til framkvæmda við gerð ársreiknings fyrir árið 1996.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Við gerð ársreiknings fyrir árið 1996 er heimilt að víkja frá ákvæðum 60. gr.

Áhættusjóður, sem myndaður var samkvæmt 19. gr. laga nr. 50/1978 um váttryggingar-  
starfsemi, skal við gildistöku reglugerðar þessarar vera óbundið eigið fé. Geta skal um ráð-  
stöfun áhættusjóðs á árinu í skýringum.

*Viðskiptaráðuneytinu, 26. nóvember 1996.*

**Finnur Ingólfsson.**

---

*Halldór J. Kristjánsson.*

## VIÐAUKI I

## REKSTRARREIKNINGUR

*Tekjur og gjöld af váttryggingarekstri***1. Iðgjöld**

1.1 Bókfærð iðgjöld \_\_\_\_\_

1.2 Hluti endurtryggjenda \_\_\_\_\_

1.3 Breyting á iðgjaldaskuld \_\_\_\_\_

1.4 Breyting á hluta endurtryggjenda \_\_\_\_\_

*Eigin iðgjöld* \_\_\_\_\_**2. Fjárfestingartekjur af váttryggingarekstri (líður 14)** \_\_\_\_\_**3. Aðrar tekjur að fráðregnum hluta endurtryggjenda** \_\_\_\_\_**4. Tjón**

4.1 Bókfærð tjón \_\_\_\_\_

4.2 Hluti endurtryggjenda \_\_\_\_\_

4.3 Breyting á tjónaskuld \_\_\_\_\_

4.4 Breyting á hluta endurtryggjenda \_\_\_\_\_

*Eigin tjón* \_\_\_\_\_**5. Breyting á annarri váttryggingaskuld að fráðregnum hluta endurtryggjenda** \_\_\_\_\_**6. Ágóðahlutdeild og afsláttur að fráðregnum hluta endurtryggjenda** \_\_\_\_\_**7. Rekstrarkostnaður**

7.1 Sölu­kostnaður \_\_\_\_\_

7.2 Breyting á yfirfærðum sölu­kostnaði \_\_\_\_\_

7.3 Skrifstofu- og stjór­nunarkostnaður \_\_\_\_\_

7.4 Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum \_\_\_\_\_

*Hreinn rekstrarkostnaður* \_\_\_\_\_**8. Annar kostnaður að fráðregnum hluta endurtryggjenda** \_\_\_\_\_**9. Breyting á útjöfnunarskuld** \_\_\_\_\_**10. Hagnaður/tap af váttryggingarekstri** \_\_\_\_\_

**Tekjur og gjöld af fjármálarekstri****11. Fjárfestingartekjur**

|      |  |       |       |
|------|--|-------|-------|
| 11.1 | Tekjur frá samstæðufélögum                 |       |       |
| 11.2 | Tekjur frá hlutdeildarfélögum              | _____ |       |
|      |  | _____ |       |
| 11.3 | Tekjur af öðrum eignarhlutum               |       | _____ |
| 11.4 | Tekjur af húseignum og lóðum               | _____ |       |
| 11.5 | Vaxtatekjur og gengismunur                 | _____ |       |
| 11.6 | Tekjur vegna matsbreytinga á fjárfestingum | _____ | _____ |
| 11.7 | Hagnaður af sölu fjárfestinga              |       | _____ |
|      | <i>Fjárfestingartekjur</i>                 |       | _____ |

**12. Fjárfestingargjöld**

|      |   |  |       |
|------|---|--|-------|
| 12.1 | Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður        |  |       |
| 12.2 | Vaxtagjöld                                |  | _____ |
| 12.3 | Gjöld vegna matsbreytinga á fjárfestingum |  | _____ |
| 12.4 | Tap af sölu fjárfestinga                  |  | _____ |
|      | <i>Fjárfestingargjöld</i>                 |  | _____ |

**13. Reiknaðar tekjur eða gjöld vegna verðlagsbreytinga****14. Fjárfestingartekjur yfirfærðar á váttryggingarekstur (liður 2)****15. Hagnaður eða tap af fjármálarekstri****16. Aðrar tekjur og gjöld af reglulegri starfsemi**

|      |   |  |       |
|------|---|--|-------|
| 16.1 | Aðrar tekjur  |  |       |
| 16.2 | Önnur gjöld   |  | _____ |
|      | <i>Aðrar tekjur – gjöld af reglulegri starfsemi</i> |  | _____ |

**17. Tekju- og eignarskattur****18. Hagnaður eða tap af reglulegri starfsemi eftir skatt****19. Óreglulegar tekjur og gjöld**

|      |   |  |       |
|------|---|--|-------|
| 19.1 | Óreglulegar tekjur                            |  |       |
| 19.2 | Óregluleg gjöld                               |  | _____ |
| 19.3 | Tekjuskattur af óreglulegum tekjum og gjöldum |  | _____ |
|      | <i>Óreglulegar tekjur – gjöld</i>             |  | _____ |

**20. Hagnaður eða tap ársins****EFNAHAGSREIKNINGUR****Eignir**

1. Hlutfjár- eða stofnfjárloforð \_\_\_\_\_
2. Óefnislegar eignir \_\_\_\_\_

**3. Fjárfestingar**

|       |                                      |       |
|-------|--------------------------------------|-------|
| 3.1   | Húseignir og lóðir                   | _____ |
| 3.2   | <i>Samstæðu- og hlutdeildarfélag</i> |       |
| 3.2.1 | Hlutir í samstæðufélögum             | _____ |
| 3.2.2 | Lán til samstæðufélaga               | _____ |
| 3.2.3 | Hlutir í hlutdeildarfélagum          | _____ |
| 3.2.4 | Lán til hlutdeildarfélaga            | _____ |
| 3.3   | <i>Aðrar fjárfestingar</i>           |       |
| 3.3.1 | Verðbréf með breytilegum tekjum      | _____ |
| 3.3.2 | Verðbréf með föstum tekjum           | _____ |
| 3.3.3 | Hlutir í sameiginlegri fjárfestingu  | _____ |
| 3.3.4 | Veðlán                               | _____ |
| 3.3.5 | Önnur útlán                          | _____ |
| 3.3.6 | Bundin innlán hjá lánastofnunum      | _____ |
| 3.3.7 | Aðrar fjárfestingar                  | _____ |
| 3.4   | Geymslufé vegna endurtrygginga       | _____ |

**4. Hluti endurtryggjenda í váttryggingaskuld**

|     |                         |       |
|-----|-------------------------|-------|
| 4.1 | Iðgjaldaskuld           | _____ |
| 4.2 | Tjónaskuld              | _____ |
| 4.3 | Ágóðaskuld og afsláttur | _____ |
| 4.4 | Önnur váttryggingaskuld | _____ |

**5. Kröfur**

|       |  |       |
|-------|--|-------|
| 5.1   | <i>Kröfur á samstæðu- og hlutdeildarfélag</i>          |       |
| 5.1.1 | Kröfur á samstæðufélag                                 | _____ |
| 5.1.2 | Kröfur á hlutdeildarfélag                              | _____ |
| 5.2   | <i>Kröfur vegna frumtryggingastarfsemi</i>             |       |
| 5.2.1 | Kröfur á váttryggingataka                              | _____ |
| 5.2.2 | Kröfur á váttryggingamiðlara                           | _____ |
| 5.2.3 | Aðrar kröfur vegna frumtryggingastarfsemi              | _____ |
| 5.3   | Kröfur vegna endurtryggingastarfsemi                   | _____ |
| 5.4   | Aðrar kröfur   | _____ |
| 5.5   | Kröfur vegna ógreiddra stofnfjár- eða hlutafjárloforða | _____ |

**6. Aðrar eignir**

|     |  |       |
|-----|--|-------|
| 6.1 | Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir | _____ |
| 6.2 | Sjóður og bankainnstæður                     | _____ |
| 6.3 | Eigin hlutabréf                              | _____ |
| 6.4 | Aðrar eignir                                 | _____ |

**7. Fyrirframgreiddur kostnaður og áfallnar tekjur**

|     |  |       |
|-----|--|-------|
| 7.1 | Áfallnir vextir                                      | _____ |
| 7.2 | Fyrirframgreiddur kostnaður vegna sölustarfsemi      | _____ |
| 7.3 | Annar fyrirframgreiddur kostnaður og áfallnar tekjur | _____ |

*Eignir samtals* \_\_\_\_\_

**Skuldir og eigið fé****8. Eigið fé**

|     |  |       |
|-----|--|-------|
| 8.1 | Hlutfé eða stofnfé                         | _____ |
| 8.2 | Yfirverðsreikningur hlutfjár eða stofnfjár | _____ |
| 8.3 | Lögbundinn varasjóður                      | _____ |
| 8.4 | Endurmatsreikningur                        | _____ |
| 8.5 | Aðrir varasjóðir                           | _____ |
| 8.6 | Óráðstafað eigið fé                        | _____ |

**9. Víkjandi skuldir**

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

**10. Vátryggingaskuld**

|      |                         |       |
|------|-------------------------|-------|
| 10.1 | Iðgjaldaskuld           | _____ |
| 10.2 | Tjónaskuld              | _____ |
| 10.3 | Útjöfnunarskuld         | _____ |
| 10.4 | Ágóðaskuld og afsláttur | _____ |
| 10.5 | Önnur vátryggingaskuld  | _____ |

\_\_\_\_\_

**11. Aðrar skuldbindingar**

|      |                      |       |
|------|----------------------|-------|
| 11.1 | Lífeyrisskuldbinding | _____ |
| 11.2 | Skattskuldbinding    | _____ |
| 11.3 | Aðrar skuldbindingar | _____ |

\_\_\_\_\_

**12. Geymslufé frá endurtryggjendum**

\_\_\_\_\_

**13. Viðskiptaskuldir**

|        |  |       |
|--------|--|-------|
| 13.1   | <i>Skuldir við samstæðu- og hlutdeildarfélag</i> |       |
| 13.1.1 | Skuldir við samstæðufélag                        | _____ |
| 13.1.2 | Skuldir við hlutdeildarfélag                     | _____ |
| 13.2   | Skuldir vegna frumtryggingastarfsemi             | _____ |
| 13.3   | Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi            | _____ |
| 13.4   | Breytanleg skuldabréfalán                        | _____ |
| 13.5   | Skuldir við lánastofnanir                        | _____ |
| 13.6   | Önnur skuldabréfalán                             | _____ |
| 13.7   | Aðrar skuldir                                    | _____ |

\_\_\_\_\_

**14. Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur**

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

*Skuldir og eigið fé samtals*

\_\_\_\_\_

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, sbr. reglugerð nr. 175/1994.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

a. a-liður orðast svo:

*Vatnsgjald:* Gjald sem sveitarstjórn leggur á eigendur fasteigna er geta notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélagsins í samræmi við 7. gr. laga nr. 81/1991, sbr. lög nr. 149/1995, og ætlað er ásamt öðrum tekjum að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu.

b. e-liður orðast svo:

*Aðalæð:* Vatnslögn sem liggur frá vatnsbóli að miðlunarstað þaðan sem stofnæðar dreifast til einstakra hverfa og dreifiæðar eru lagðar frá.

c. f-liður orðast svo:

*Dreifiað:* Vatnslögn sem liggur frá stofnæð og ætlað er að flytja vatn um einstakar götur eða opin svæði.

d. g-liður orðast svo:

*Heimæð:* Vatnslögn sem liggur frá dreifiæð og ætlað er að sjá einstökum notendum fyrir vatni.

#### 2. gr.

Við 7. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðast svo:

Tekjum vatnsveitu samkvæmt reglugerð þessari skal varið til að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu.

#### 3. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Sveitarstjórn er heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið ásamt öðrum tekjum standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu.

Álagningarstofn vatnsgjalds skal vera afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Stofn til álagningar vatnsgjalds á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Nú liggur matsverð fullfrágenginnar fasteignar eigi fyrir við álagningu vatnsgjalds, en fasteign hvort sem hún er fullfrágengin eða ekki getur notið vatns frá vatnsveitu og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða upphæð vatnsgjaldsins með hliðsjón af því hver verður líklegur álagningarstofn fullfrágenginnar eignar. Ber þá að taka mið af fasteignamati sambærilegra fasteigna í sveitarfélaginu. Verði ágreiningur um gjaldstofn samkvæmt þessari málsgrein skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds að fenginni tillögu stjórnar vatnsveitu og má það nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna.

Þrátt fyrir ákvæði 2.-4. mgr. greinar þessarar er sveitarstjórn heimilt að miða vatnsgjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar fasteignar og/eða notkunar samkvæmt mæli. Álagning samkvæmt málsgrein þessari má þó aldrei vera hærri en segir í 4. mgr. þessarar greinar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts í sveitarfélaginu og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga nr. 4/1995.

4. gr.

2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Sveitarstjórn/vatnsveitan lætur þeim er greiða skulu aukavatnsgjald eða vatnsgjald samkvæmt mældri notkun í té viðurkennda vatnsmæla.

5. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Til þess að standa straum af kostnaði vatnsveitu við lagningu heimæðar frá dreifiæð í stofnkрана húss og uppsetningu hans skal fasteignareigandi greiða heimæðargjald. Sveitarstjórn ákveður upphæð heimæðargjalds, sbr. 3. gr. reglugerðar þessarar, og skal gjaldið miðað við gerð, stærð og lengd heimæðarinnar. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við lagningu heimæða í sveitarfélaginu, þ.e. miðað skal við að fasteignareigandi greiði jafnaðargjald fyrir lagningu heimæðar en ekki beinan kostnað við lagningu tiltekinnar heimæðar að sinni fasteign.

Gjalddagi heimæðargjalds skal ákveðinn í gjaldskrá, sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar, en gjaldið getur þó fyrst fallið í gjalddaga við útgáfu byggingarleyfis eða úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags.

6. gr.

Við 16. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsljóðandi: Sveitarstjórn/vatnsveitan skal auglýsa gjaldskrána og breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

7. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Sveitarfélag er eigandi vatnsveitu þess. Sveitarstjórn sér um alla uppbyggingu vatnsveitu sveitarfélagsins, þ.e. virkjun vatnsból, lagningu vatnsæða, þ.e. aðalæða, dreifiæða og heimæða, auk byggingar annarra mannvirkja, sem nauðsynleg kunna að vera til reksturs veitunnar, svo sem dælustöðva og miðlunargeyma. Sveitarstjórn/vatnsveitan annast og kostar viðhald þessa.

8. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein sem verður 18. gr. og orðast svo:

Heimæðar, sem lagðar hafa verið fyrir 1. janúar 1992 og liggja yfir einkalóðir, verða eign vatnsveitu sveitarfélags í framhaldi af endurnýjun vatnsveitunnar á þeim, þ.e. þegar sveitarstjórn/vatnsveitan stendur straum af kostnaði við endurnýjunina. Endurnýjun sveitarstjórnar/vatnsveitu á heimæð sem er í eigu annars aðila en sveitarfélagsins/vatnsveitunnar, skal að jafnaði fara fram samkvæmt beiðni viðkomandi eiganda. Sveitarstjórnin/vatnsveitan metur þó hvort hún telur þörf vera á endurnýjun heimæðarinnar.

Eignarhald á öðrum heimæðum skal vera óbreytt nema um annað náist samkomulag milli sveitarstjórnar/vatnsveitu og eiganda heimæðarinnar. Frumkvæði að slíku samkomulagi getur viðkomandi eigandi eða sveitarstjórn/vatnsveita átt.



## 9. gr.

1. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar, sem verður 21. gr., orðast svo:

Eigandi eða rétthafi lóðar við veg eða opið svæði, þar sem dreifiæð liggur, á rétt á að fá eina heimæð lagða frá vatnsveitulögn. Óski hann eftir að fá fleiri en eina heimæð inn á lóðina af hagkvæmnisástæðum skal hann hlíta þeim reglum um tæknileg atriði sem sveitarstjórn/vatnsveitan setur og skal sú heimæð teljast hans einkaeign, nema sérstakt samkomulag hafi verið gert við sveitarstjórn/vatnsveitu um annað.

## 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. reglugerðarinnar, sem verður 22. gr.:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Vatnsinntak skal að jafnaði vera á þeirri hlið húss sem snýr að vatnslögn þeirri sem leggja á heimæð frá, nema sveitarstjórn/vatnsveita samþykki annars konar fyrirkomulag. Sveitarstjórn/vatnsveitu er heimilt að gera kröfu um gerð, staðsetningu og frágang inntaksrýmis.
- b. Í stað orðsins „götuæð“ í 2. mgr. kemur: dreifiæð.

## 11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. reglugerðarinnar, sem verður 23. gr.:

- a. Í stað orðsins „götuæðum“ í 1. mgr. kemur: dreifiæðum.
- b. Í stað orðsins „götuæðar“ í 2. og 3. mgr. kemur: dreifiæðar.
- c. Á eftir orðunum „í götu“ í 4. mgr. kemur: eða opið svæði.

## 12. gr.

Í stað orðanna „frá götu“ í 3. málsl. 2. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar, sem verður 25. gr., kemur: frá dreifiæð.

## 13. gr.

Reglugerð þessi sem sett er á grundvelli laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, sbr. lög nr. 149/1995, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 19. nóvember 1996.*

**Páll Pétursson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 87 – 1996

22. nóvember 1996

1589

Nr. 615

## SAMÞYKKT

### um stjórn Vesturbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

#### I. KAFLI

#### Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

##### *Skipan bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn Vesturbyggðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

##### 2. gr.

##### *Starfstímabil.*

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

##### 3. gr.

##### *Valdsvið.*

Bæjarstjórn fer með stjórn Vesturbyggðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

##### 4. gr.

##### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

##### 5. gr.

##### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

##### 6. gr.

##### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Meðal verkefna bæjarstjórnar Vesturbyggðar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.

3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða bæjarstjóra og helstu starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.

## II. KAFLI

### Um fjármálastjórn bæjarins.

#### 7. gr.

##### *Þriggja ára áætlun.*

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

#### 8. gr.

##### *Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.*

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og -stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

#### 9. gr.

##### *Fjárhagsáætlun.*

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig aflu skuli fjár til þeirra útgjalda svo sem með lækku annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

#### 10. gr.

##### *Endurskoðun fjárhagsáætlunar.*

Bæjarstjórn er heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

#### 11. gr.

##### *Afgreiðsla ársreikninga.*

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga. Strax og lokið er fullnaðarafgreiðslu ársreikninga frá hendi bæjarstjórnar skulu þeir liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til skoðunar. Skal það auglýst samhliða auglýsingu um bæjarstjórnarfund.

## III. KAFLI

**Um fundarsköp bæjarstjórnar.**

## 12. gr.

*Fundartími bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði annan þriðjudag hvers mánaðar. Leitast verður við að fundir bæjarstjórnar verði haldnir sem víðast í bæjarfélaginu.

Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

## 13. gr.

*Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar.*

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

## 14. gr.

*Boðun bæjarstjórnarfunda.*

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

## 15. gr.

*Dagskrá bæjarstjórnarfunda.*

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, ef eða að svo miklu leyti sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir sem í þeim felast, sbr. 60. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn fyrir hádegi fyrsta fimmtudag hvers mánaðar.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

## 16. gr.

*Boðsending fundarboða.*

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum. Að

minnsta kosti einum varamanni þeirra framboða er eiga fulltrúa í bæjarstjórn skal boðsend dagskrá ásamt fundargögnum.

## 17. gr.

*Boðun aukafunda.*

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Að minnsta kosti einum varamanni þeirra framboða er eiga fulltrúa í bæjarstjórn skal boðsend dagskrá ásamt fundargögnum.

## 18. gr.

*Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar.*

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þeir eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseti á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

## 19. gr.

*Kjör skrifara.*

Bæjarstjórn kys tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

## 20. gr.

*Fundarstaður.*

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Meðan ákvæðum 1. mgr. er ekki fullnægt skal bæjarstjórn sjá til þess að fatlað fólk fái nauðsynlega aðstoð æski það að hlýða á bæjarstjórnarfund.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Oheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

## 21. gr.

*Lögmæti bæjarstjórnarfunda.*

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

## 22. gr.

*Fundarstjórn.*

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og ber bæjarfulltrúum að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

## 23. gr.

*Afgreiðsla dagskrármála á fundi.*

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

## 24. gr.

*Afgreiðsla mála, tvær umræður.*

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 25. gr.

*Fundarsókn, varamenn.*

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundum ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundum bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveði sér hljóðs á bæjarstjórnarfundum.

## 26. gr.

*Fundarsköp: Málfrelsi fundarmanna.*

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um

er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

## 27. gr.

*Fundarsköp: Takmarkanir á málfrelsi.*

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftartil máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftartil en tvisvar við hverja umræðu máls. Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

## 28. gr.

*Fundarsköp: Vítur á bæjarfulltrúa.*

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigsalum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

## 29. gr.

*Fundarsköp: Takmarkanir á ræðutíma.*

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

## 30. gr.

*Fundarsköp: Meðferð tillagna.*

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

## 31. gr.

*Fundarsköp: Afgreiðsla mála.*

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórna eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

## 32. gr.

*Fundarsköp: Atkvæðagreiðsla.*

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

## 33. gr.

*Fundarsköp: Úrslit atkvæðagreiðslu.*

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar sem fram fara í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar samkvæmt d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

## 34. gr.

*Fundarritun - fundargerð.*

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerðar í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem vill gera athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.



## IV. KAFLI

**Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.**

35. gr.

*Dagskrá bæjarstjórnarfundu.*

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

*Fundarseta.*

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.

*Lausn úr bæjarstjórn.*

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

38. gr.

*Málfrelsi, tillöguréttur og atkvæðisréttur.*

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39. gr.

*Hagsmunir bæjarfélagsins.*

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.

*Aðgangur að upplýsingum.*

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum, skjölum og öðrum gögnum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

41. gr.

*Þagnarskylda.*

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

42. gr.

*Vanhæfi bæjarfulltrúa.*

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt megi ætla að vilja-afstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

43. gr.

*Þóknun bæjarfulltrúa.*

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

44. gr.

*Orlof.*

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

*Fjarvera vegna veikinda, varamenn.*

Bæjarfulltrúi sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

46. gr.

*Varamenn.*

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem sitja bæjarstjórnarfundum.

## V. KAFLI

**Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.**

47. gr.

*Kosning í bæjarráð, ráð, nefndir og stjórnir.*

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

*Kosning í bæjarráð.*

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarrád.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem bæjarfulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði, sem áheyrnarfulltrúa, samkvæmt lögum þar um.

Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila, sem sæti á í bæjarstjórn, kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

#### 49. gr.

##### *Fundartími bæjarráðs.*

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í mánuði 1. og 3. þriðjudag frá kl. 17.00. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

#### 50. gr.

##### *Undirbúningur og boðun bæjarráðsfunda.*

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

#### 51. gr.

##### *Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.*

Bæjarstjórn kys formann og varaformann bæjarráðs. Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

#### 52. gr.

##### *Bæjarráð: Fjármálastjórn og fullnaðarafgreiðsla.*

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnarsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarstjórn setur reglur ár hvert til handa bæjarráði um hámark þeirra fjárhæða er teljast á fjárhagslegu valdsviði bæjarráðs. Bæjarráð ákveður

skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

53. gr.

*Starfsmenn á fundi bæjarráðs.*

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

54. gr.

*Kjör formanna og varaformanna nefnda og ráða.*

Bæjarstjórn kýs nefndum/ráðum formann og varaformann, en nefndin/ráðið kýs sér ritara á fyrsta fundi sínum. Formaður nefndar/ráðs boðar eða lætur boða fundi í nefnd/ráði með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

55. gr.

*Fundarseta nefndarmanna.*

Nefndarmanni/ráðsfulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd/ráði forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni/ráðinu. Þegar aðalmaður í nefnd/ráði flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalman að nýju. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

56. gr.

*Lokaðir fundir.*

Fundir í ráðum og nefndum skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd/ráð getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd/ráð boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

57. gr.

*Fundarstjórn.*

Formaður nefndar/ráðs stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins, eftir því sem við á.

58. gr.

*Hlutverk og valdsvið ráða, stjórna og nefnda.*

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd/ráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

59. gr.

*Fundargerðabækur.*

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar/ráðs skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn/ráðsfulltrúar undirrita hana.

## 60. gr.

*Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarráðs og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld skal ætíð lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

## 61. gr.

*Nefndir, ráð og stjórnir.*

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

- A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:
1. *Forseti bæjarstjórnar.*
  2. *Fyrsti varaforseti bæjarstjórnar.*
  3. *Annar varaforseti bæjarstjórnar.*
  4. *Tveir skrifarar* bæjarstjórnar og tveir til vara, úr hópi bæjarfulltrúa.
  5. *Bæjarráð.* Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
  6. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
  7. *Fulltrúar á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga* skv. samþykktum samtakanna og jafnmargir til vara.
  8. *Kjörstjórnir við alþingiskosningar.* Skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis. *Fjórar undirkjörstjórnir til alþingis- og sveitarstjórnarkosninga:* Skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og lögum um kosningar til Alþingis nr. 80/1987. Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir til vara.
- B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:
1. *Almannavarnanefnd.* Kjósa skal sjö menn og jafnmarga til vara í almannavarnarnefnd.
    - a) *Patreksfjarðarhverfi:* Tveir menn.
    - b) *Bíldudalshverfi:* Þrír menn.
    - c) *Barðastrandarhverfi:* Einn maður.
    - d) *Rauðasandshverfi:* Einn maður.
  2. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum. Nefndin skal velja þrjá úr sínum hópi til setu í stjórn vinnumiðlunar, sbr. 9. gr. laga nr. 18/1985. Nefndin skal einnig annast málefni landbúnaðar (þ.m.t. fjallskil, forðagæslu og búfjárefirlit), sjávarútvegs- og ferðamála og annarra mála er varða uppbyggingu atvinnuvega í Vesturbyggð. Nefndinni skal sett sérstakt erindisbréf frá bæjarstjórn.
  3. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálanefnd fer með:
    - a) Verkefni áfengisvarnarnefndar skv. lögum nr. 82/1969, sbr. 50. gr. laga nr. 40/1991.
    - b) Verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. 32. gr. laga nr. 40/1991.
    - c) Framkvæmd laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, að því leyti sem þau mæla fyrir um þjónustu sveitarfélags við fatlaða á sviði almennrar ráðgjafar, fjárhagsaðstoðar, húsnæðis og atvinnu.
    - d) Öldrunarmál skv. 5. gr. laga nr. 82/1989.
    - e) Verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991.

4. *Hafnarstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994. Bæjarstjórn setur nefndinni erindisbréf.
5. *Skipulags-, umhverfis- og heilbrigðisnefnd*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Nefndin annast skipulags- og byggingamál, umhverfismál og heilbrigðismál skv. lögum sem um þessa málaflokka gilda hverju sinni. Nefndinni skal sett sérstakt erindisbréf af bæjarstjórn.
6. *Húsnaðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 39. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnaðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 58/1995. Nefndinni skal sett sérstakt erindisbréf af bæjarstjórn.
7. *Fræðslu- og menningarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með verkefni grunnskóla, íþrótt- og æskulýðsmála, lista- og menningarmála, leikskóla og tónlistarskóla skv. lögum sem um þessa málaflokka gilda hverju sinni. Fræðslu- og menningarnefnd fer með stjórn bókasafna í bæjarfélaginu skv. lögum um almenningsbókasöfn eins og þau eru hverju sinni. Nefndinni skal sett sérstakt erindisbréf af bæjarstjórn.
8. *Kjörstjórnir*. Skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.  
*Yfirkjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
9. *Hafnasamband sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og annar til vara á aðalfund sambandsins skv. samþykktum þess.
10. *Héraðsnefnd Barðstrendinga*. Samkvæmt gildandi samþykktum héraðsnefndarinnar.
11. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn aðalfulltrúi og annar til vara á landsþing sambandsins.
12. *Stjórnir félagsheimila*. Skv. gildandi samþykktum viðkomandi félagsheimila. Stjórnir félagsheimila skulu þannig skipaðar:  
Húsnefnd Birkimels, Barðaströnd, einn fulltrúi.  
Húsnefnd Fagrahvamms, Rauðasandi, einn fulltrúi.  
Húsnefnd Félagsheimilis Patreksfjarðar, Patreksfirði, þrír fulltrúar.  
Húsnefnd Baldurshaga, Bildudal, einn fulltrúi.
13. *Strönd hf.* Tveir fulltrúar á aðalfund Strandar hf. og jafnmargir til vara.

62. gr.

*Verkefnabundnar nefndir.*

Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Bæjarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreind.

VI. KAFLI

**Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.**

63. gr.

*Ráðning bæjarstjóra.*

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

64. gr.

*Hlutverk bæjarstjóra.*

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar í samráði við formann bæjarráðs og forseta bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar

til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum ráða bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs bæjarins.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn feli það öðrum í forföllum hans.

Bæjarritari hefur með höndum umsjón með skrifstofu bæjarsjóðs og daglega stjórn á fjármálum bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra þar á meðal innheimtu tekna bæjarsjóðs.

65. gr.

*Ráðning stjórnenda.*

Bæjarstjórn ræður forstöðumenn stofnana og veitir þeim lausn frá störfum, nema lög kveði á um annað.

66. gr.

*Ráðning annarra starfsmanna.*

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 65. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

67. gr.

*Fastráðnir starfsmenn.*

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eftir því sem við á. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

68. gr.

*Lausráðnir starfsmenn.*

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Vesturbyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 575/1994.

*Félagsmálaráðuneytinu, 22. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

# REGLUR

## um útboðslýsingar verðbréfasjóða.

### 1. gr.

Reglur þessar taka til innlendra verðbréfasjóða sem starfa hér á landi á grundvelli laga um verðbréfasjóði og reglna settra samkvæmt þeim lögum.

### 2. gr.

Rekstrarfélag skal gefa út útboðslýsingu vegna hvers verðbréfasjóðs sem það annast rekstur á.

### 3. gr.

Útboðslýsing skal hafa að geyma upplýsingar sem viðskiptavinum verðbréfasjóða eru nauðsynlegar til að geta metið þá fjárfestingu sem þeim stendur til boða.

Í útboðslýsingu skulu að lágmarki koma fram eftirfarandi upplýsingar:

*Upplýsingar um verðbréfasjóð:*

1. Heiti.
2. Stofndagur.
3. Hvort sjóður er deildaskiptur.
4. Hvar fá megi reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins.
5. Stutt lýsing á skattareglum og skattalegri meðferð sem gilda um verðbréfasjóðinn og upplýsingar um kostnað og annan frádrátt frá tekjum eða hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins sem eigendur hlutdeildarskírteina fá í sinn hlut.
6. Birtingartími ársreiknings og ársfjórðungsuppgjörs og hvenær arður eða annar hagnaður af verðbréfum sjóðsins verði greiddur út.
7. Nöfn og heimilisfang löggiltra endurskoðenda sjóðsins.
8. Upplýsingar um tegundir og helstu einkenni hlutdeildarskírteina, meðal annars:
  - eðli þeirra réttinda sem hlutdeildarskírteini veitir,
  - skilríki sem veita sönnun fyrir eignarrétti að hlutdeildarskírteinum og eða, færslum á skrá eða reikning,
  - einkenni hlutdeildarskírteina. Tilgreining á fyrirfram ákveðnu verðgildi,
  - atkvæðisréttur eigenda hlutdeildarskírteina ef við á,
  - við hverjar aðstæður megi ákveða að gera upp sjóðinn og hvernig að því skuli staðið, einkum með tilliti til réttar eiganda skírteinanna.
9. Þar sem við á skal tilgreina á hvaða skipulegum mörkuðum hlutdeildarskírteinin eru eða munu verða skráð eða ganga kaupum og sölum.
10. Tilhögun og skilyrði fyrir útgáfu og sölu hlutdeildarskírteinanna.
11. Tilhögun og skilyrði fyrir endurkaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina og við hverjar aðstæður megi fresta endurkaupum eða innlausn.
12. Reglur um útreikning og ráðstöfun tekna.
13. Fjárfestingarmarkmið verðbréfasjóðsins, þar á meðal fjárhagslegur tilgangur (þ.e. upp-söfnunar- eða tekjusjóður), fjárfestingarstefna (t.d. sérhæfing eftir landsvæðum eða atvinnugreinum), takmarkanir á þeirri fjárfestingarstefnu og tilgreining um aðferðir og skjöl eða lántökuheimild sem heimilt er að nota við rekstur sjóðsins.
14. Reglur um mat eigna.
15. Ákvörðun um sölu- eða útgáfuverð og endurkaups- eða innlausnarverð hlutdeildarskírteina, meðal annars:



- hvernig og hve oft verð sé reiknað,
  - upplýsingar um gjöld af sölu, útgáfu, endurkaup eða innlausn skírteina,
  - hvernig og hvar og hve oft þetta verð sé birt.
16. Upplýsingar um þóknun er verðbréfasjóðurinn greiðir rekstrarfélagi, vörslufyrirtæki eða þriðja aðila, hvers eðlis hún sé, upphæð hennar og endurgreiðslu sjóðsins á kostnaði til þeirra.

*Upplýsingar um rekstrarfélag:*

1. Heiti, félagsform, skráð skrifstofa og aðalskrifstofa.
2. Stofndagur.
3. Aðrir verðbréfasjóðir sem félagið annast rekstur á.
4. Nöfn og staða þeirra manna innan félagsins sem eiga sæti í fyrirsvars-, stjórnunar- og eftirlitshópum þess. Upplýsingar um helstu störf þeirra utan félagsins, ef þau skipta máli hvað félagið snertir.
5. Hlutfé og hve mikið hefur verið greitt.

*Upplýsingar um vörslufyrirtæki:*

1. Heiti og félagsform.
2. Skráð skrifstofa.
3. Meginstarfsemi.

Samþykktir verðbréfasjóðs skulu vera hluti útboðslýsingar og fylgja henni. Upplýsingar sem fram koma í samþykktum verðbréfasjóðs þarf ekki að taka sérstaklega fram í útboðslýsingu.

4. gr.

Útboðslýsing skal liggja frammi á starfsstöð rekstrarfélags verðbréfasjóðsins og kynnt viðskiptamönnum verðbréfasjóða áður en viðskipti fara fram. Í hvers konar auglýsingum eða kynningum sem fela í sér tilboð um kaup á hlutdeildarskírteinum skal tekið fram að útboðslýsing verðbréfasjóðs sé fyrir hendi og hvar almenningur getur nálgast hana.

5. gr.

Útboðslýsing verðbréfasjóðs skal send bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Verði breytingar á efnisatriðum útboðslýsingar skulu þær sendar bankaeftirlitinu og kynntar viðskiptamönnum verðbréfasjóðs með opinberum hætti.

Helstu atriði útboðslýsingar skulu að jafnaði endurnýjuð eigi sjaldnar en árlega.

6. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 2. mgr. 38. gr. laga nr. 10, 5. mars 1993, um verðbréfasjóði, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 21/1996, og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 22. nóvember 1996.

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísleifur Gunnarsson.**

---

*Pórður Ólafsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Grein 91.1.5. í reglugerðinni orðist svo:

Dagsbirta og lýsing skal vera góð. Góð dagsbirta miðast við gluggastærð í hlutfalli við gólfhlöt. Gott ljós af lampa telst fyrir skólastofur 500-1000 lux. Heimilt er að hafa lýsingu á göngum í skólum breytilega, þannig að möguleiki sé á góðri lýsingu við ræstingu, en minni þess utan.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfissráðuneytinu, 19. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

21. nóvember 1996

Nr. 618

## GJALDSKRÁ

### vegna hundahalds í Garðabæ.

#### 1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ frá 11. mars 1983, skal vera kr. 9.500.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 15. nóvember ár hvert.

#### 2. gr.

Gjald vegna töku á hundum sbr. 2. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000.

#### 3. gr.

Um vexti á vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

#### 4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 21. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# AUGLÝSING

## um umferð í Hveragerði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Hveragerði hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Að í stað stöðvunarskyldu á Breiðumörk, beggja megin Suðurlandsvegur komi biðskylda.
2. Að í stað biðskyldu á Hveramörk við Breiðumörk komi:
  - a) biðskylda á Hveramörk við miðbæjartorg,
  - b) biðskylda á miðbæjartorg við Breiðumörk, beggja megin torgsins.
3. Að bannað sé að leggja ökutækjum við syðri akbrautarkant Heiðmerkur milli Bláskóga og Laufskóga.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Sýslumaðurinn á Selfossi, 19. nóvember 1996.*

**Karl Gauti Hjaltason** ftr.

# REGLUGERÐ

## um breyting á reglugerð nr. 183/1990, um skil á staðgreiðslu, með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 73/1993.

1. gr.

A. liður 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjaldheimtan í Reykjavík er innheimtuaðili staðgreiðslu í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 41. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1997.

*Fjármálaráðuneytinu, 3. desember 1996.*

F. h. r.

**Jón Guðmundsson.**

---

*Margrét Gunnlaugsdóttir.*

# AUGLÝSING

um skrá Vinnuheimilisins að Reykjalundi um störf þau, sem falla undir 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

## Læknadeildir og sameiginlegt

|   |            |
|---|------------|
| Yfirlæknir                                      | 1 staða    |
| Hjúkrunarforstjóri                              | 1 staða    |
| Læknar  | 1 staða    |
| Lyfjafræðingur                                  | 0,25 staða |
| Hjúkrunarfræðingur á næturvöktum 7 nætur í viku | 1,4 staða  |
| Yfirlæknafulltrúi                               | 1 staða    |
| Súrefnisþjónusta                                | 0,6 staða  |

## Hjúkrunardeildir:

### Deild A rúmafjöldi 28

|   |            |
|---|------------|
| Hjúkrunarfræðingur á dag-/kvöldvakt 7 daga í viku | 2,8 stöður |
|---|------------|

### Deild B rúmafjöldi 25

|   |            |
|---|------------|
| Hjúkrunarfræðingur á dag-/kvöldvakt 7 daga í viku | 2,8 stöður |
| Sjúkraliðar á kvöld-/næturvakt 7 daga í viku      | 2,8 stöður |

### Hlein heimili 7 fjölfatlaðra vistmanna

|               |          |
|---------------|----------|
| Deildarstjóri | 1 staða  |
| Þroskaþjálfar | 1 staða  |
| Sjúkraliðar   | 5 stöður |
| Bílstjóri     | 1 staða  |

### Deild C rúmafjöldi 29

|   |            |
|---|------------|
| Hjúkrunarfræðingur dag-/kvöldvakt 7 daga í viku | 2,8 stöður |
| Sjúkraliðar á kvöld-/næturvakt 7 daga í viku    | 2,8 stöður |

### Deild D rúmafjöldi 30

|   |            |
|---|------------|
| Hjúkrunarfræðingur dag-/kvöldvakt 7 daga í viku | 2,8 stöður |
| Sjúkraliðar á kvöld-/næturvakt 7 daga í viku    | 2,8 stöður |

### Deild E rúmafjöldi 25

|   |            |
|---|------------|
| Hjúkrunarfræðingur dag-/kvöldvakt 7 daga í viku | 2,8 stöður |
| Sjúkraliðar á kvöld-/næturvakt 7 daga í viku    | 2,8 stöður |

### Deild F rúmafjöldi 32

|   |            |
|---|------------|
| Hjúkrunarfræðingur dag-/kvöldvakt 7 daga í viku | 2,8 stöður |
|---|------------|

## Eldhús

|                 |         |
|-----------------|---------|
| Bryti           | 1 staða |
| Matreiðslumaður | 1 staða |

## Símavakt

|            |            |
|------------|------------|
| Símaverðir | 2,4 stöður |
|------------|------------|

Vaktmenn  
Vaktmenn

3 stöður

*Heilsugæslustöð*

Yfirlæknir  
Hjúkrunarforstjóri  
Ljósmeðir  
Læknafulltrúi

1 staða  
0,8 staða  
0,5 staða  
1 staða

*Skrifstofa*

Forstjóri  
Framkvæmdastjóri  
Launafulltrúi

1 staða  
1 staða  
1 staða

*Reykjalundi, 29. nóvember 1996.*

**Jón M. Benediktsson** framkvæmdastjóri.

## SAMÞYKKT

**um niðurfellingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Húsavík.**

1. gr.

Samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Húsavík nr. 438/1985, sbr. samþykktir nr. 8/1989 og 45/1992, er úr gildi felld.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar hefur gert með heimild í 1. gr. laga nr. 17/1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 2. desember 1996.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 88 – 1996

6. desember 1996

1609

Nr. 623

## AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 525/1996 um innflutning  
á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. auglýsingarinnar orðast svo:

Innflutningur er heimilaður frá eftirtöldum löndum, að uppfylltum skilyrðum 3. gr.:

*Grænland:* Hreindýrakjöt.

*Finnland:* Hreindýrakjöt, kjöt af svínum og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.

*Noregur:* Hreindýrakjöt, kjöt af svínum og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.

*Svíþjóð:* Hreindýrakjöt, kjöt af svínum og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 479/1995 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi dýra sem fengið hafa vaxtaraukandi efni, sbr. lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, til þess að öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 6. desember 1996.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

*Jón Höskuldsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 89 – 1996

Nr. 624

1610

6. desember 1996

## GJALDSKRÁ OG REGLUR

### fyrir símaþjónustu í einkarétti.

(Virðisaukaskattur, 24,5%, er innifalinn).

Gildir frá 16. desember 1996.

#### I. KAFLI

##### Talsími.

#### 1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir hvert númer í símstöð og línu ..... kr. 10 645,00  
Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutað-eigandi símstöð og greiðist við pöntun. Aukagjald greiðist, þegar sími er tengdur í hús, sem er meira en 50 metra frá aðaljarðsímum.  
Utan þeirra marka greiðist aukagjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Aukagjald er ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.  
Ekki greiðist aukagjald vegna eins síma á hverja ábýlisjörð sem er í ábúð allt árið. Póst- og símamálastofnunin setur reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

#### 2. Afnotagjald.

Fast afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.

Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í símstöð og línu er kr. 1 600,00 fyrir heimili og kr. 3 200,00 fyrir verslunar- eða atvinnusíma.

Þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsíma-notendakerfi er yfir 500 metrar er greitt fyrir viðhald sérlagnarinnar skv. reikningi. Þetta gildir ekki þegar um er að ræða ábýlisjörð sem er í ábúð allt árið.

Í ársfjórðungsgjaldinu er innifalinn sjálfvirk notkun fyrir kr. 1 328,00 (400 skref), nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama gjaldsvæði, þar er notkun fyrir kr. 664,00 (200 skref) innifalinn í fastagjaldinu. Fyrir umframnotkun greiðist samkvæmt II. kafla eða sérstökum ákvæðum um aðrar þjónustugreinar. Þegar fleiri en ein lína eru tengdar sama uppkallsnúmeri (PBX-tenging) miðast innifalinn notkun við þann línufjölda sem greitt er fyrir.

#### 3. Einkasímstöðvar og sérbúnaður.

Eigendur einkasímstöðva geta fengið úthlutað númerum úr almenna talsímanetinu fyrir notendur einkasímstöðvanna og fá jafnframt möguleika á beinu innvali inn í þær.

Einkasímstöð getur verið tengd við almenna símakerfið annað hvort með einum eða fleiri 2 Mb/s straumum eða venjulegum tallinum.

## 3.1. Innval.

3.1.1. Stofngjald fyrir innvalið er kr. 163 499,00 fyrir hverja einkasímstöð, sem tengist við almenna talsímanetið.

Ef margar einkasímstöðvar eru samtengdar í einkaneti greiðist stofngjaldið fyrir hverja stöð, sem tengist beint við almenna kerfið.

3.1.2. Ársfjórðungsgjald fyrir innvalið er kr. 82,00 fyrir hvert númer í frátekinni númeraröð, sem verður að vera heilt margfeldi af 100.

3.1.3. Ef einkasímstöð tengist við almenna símakerfið með venjulegum tallinum er greitt fyrir þær línur stofngjald og afnotagjald eins og fyrir atvinnusíma samkvæmt 1. og 2. grein, en fjöldi lína skal vera heilt margfeldi af 10. Ef einkasímstöð tengist hins vegar við almenna símakerfið með 2 Mb/s sambandi greiðist fyrir hvert samband stofngjald og afnotagjald eins og fyrir 20 tallínur, þ.e. stofngjald kr. 212 840,00 og ársfjórðungsgjald kr. 55 200,00. Þeir notendur, sem ekki vilja nýta allar 30 rásirnar í 2 Mb/s sambandinu geta fengið færri rásir virkar þó að lágmarki 12 rásir. Fyrir hverja rás greiðist þá venjuleg afnotagjöld fyrir atvinnusíma en stofngjaldið verður kr. 212 840,00. Línurnar má nota hvort sem er fyrir innval eða útval.

Í afnotagjaldinu er innifalin sjálfvirk notkun samkvæmt (I.2.) og er hún reiknuð í hlutfalli við þann fjölda afnotagjalda sem greitt er fyrir, þ.e. þegar greitt er fyrir 2 Mb/s samband er innifalin notkun miðað við 20 línur.

## 3.2. PBX-tenging.

Þegar fleiri en ein lína eru tengdar sama uppkallsnúmeri (PBX-tenging) skal greiða stofngjald fyrir slíka tengingu kr. 6 225,00 og að auki kr. 747,00 fyrir hverja línu í hópnum. Ef síðar er bætt við línunum í hópinn greiðast kr. 747,00 fyrir hverja línu sem bætist við.

Gjald fyrir PBX-tengingu greiðist ekki af línunum í beinu innvali. Ekkert afnotagjald er greitt fyrir þessa þjónustu.

## 3.3. Talningar til notenda.

Fyrir búnað í símstöð til að senda talningar til notenda greiðist kr. 629,00 á ársfjórðungi.

## 4. Línur tengdar einkasímstöðvum.

|  | Stofngjald<br>kr. | Afnotagjald<br>á ársfj.<br>kr. |
|--|-------------------|--------------------------------|
| 4.1. Línur frá einkasímstöð.   |                   |                                |
| 4.1.1. Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði.<br>Talfæri ekki innifalið, afnotagjald sjá VII. kafla   | 8 927,00          |                                |
| 4.1.2. Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði<br>(Rvík). Talfæri ekki innifalið   | 8 927,00          | 8 491,00                       |
| 4.1.3. Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvar-<br>svæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið  | 8 927,00          | 12 139,00                      |
| 4.2. Þverlínusambönd.  |                   |                                |
| 4.2.1. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvar-<br>svæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi  | 8 927,00          | 7 370,00                       |
| 4.2.2. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi<br>stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv.<br>reikningi  | 8 927,00          | 9 219,00                       |
| 4.2.3. Þverlínusamband milli einkasímstöðva, sem eru ekki<br>á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður<br>greiðist skv. reikningi                                  | 8 927,00          | 11 056,00                      |
| 4.2.4. Fyrir 2 Mb/s þverlínusamband milli einkasímstöðva<br>greiðist 18 falt gjald sbr. 4.2.1.-4.2.3. Gildir aðeins<br>þegar 2 Mb/s straumur tengist einkasímstöð beint. |                   |                                |



### 5. Flutningsgjald.

Flutningsgjald fyrir hvert númer kr. 5 322,00

Flutningsgjald greiðist að fullu, þó sími sé fyrir í húsi sem flutt er í.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað eru samkvæmt kostnaði. Sé sími fluttur innan eins árs má lækka flutningsgjaldið í allt að kr. 3 393,00.

### 6. Viðtökugjald, gjald fyrir númeraskipti og geymslugjald.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símaréttindum eldri réttihafa, sem afsalar sér réttindum til hans eða hættir að vera réttihafi, án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 5 976,00. Viðtökugjald lækkar í kr. 1 064,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Þegar nýr lögaðili tekur við fleiri en einu númeri er gjaldið kr 5 976,00 fyrir fyrsta númer en kr. 249,00 fyrir hvert númer umfram eitt. 2 Mbit/s tenging skoðast í þessu tilfelli sem 30 númer.

Ekki greiðist viðtökugjald þegar ábúendaskipti verða á ábýlisjörðum sem eru í ábúð allt árið.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 2 129,00.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálf tölubúnaðsgjald sbr. 5. hér að framan.

Aldrei er heimil viðtaka nema nýi réttihafinn sækji um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda. Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum.

Hægt er að fá símanúmer geymt í allt að tvö ár gegn greiðslu eins ársfjórðungsgjalds viðkomandi númers sem greiðist í upphafi geymslutímans.

Stofnunin getur ákveðið við slit símaréttinda að viðkomandi símanúmer séu ekki til ráðstöfunar nema viðtaka símaréttindanna fari fram. Í því tilviki tekur nýi réttihafinn á sig óþægindi, sem kunna að vera því samfara að eldri réttihafinn er skráður í síma-skrá.

### 7. Græn símanúmer.

Réttihafi græns símanúmers greiðir fyrir öll innkomandi staðarsímtöl kr. 3,32 við svar og kr. 1,66 á mínútu frá kl 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags en kr. 0,83 á mínútu á öðrum tímum. Fyrir innkomandi langlínusímtöl greiðir réttihafi kr. 3,32 við svar og kr. 4,98 á mínútu frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags en kr. 2,49 á mínútu á öðrum tímum. Ef grænu númeri er vísað til útlanda greiðir réttihafi samkvæmt gjaldskrá viðkomandi lands fyrir umferð til Íslands. Notandi sem hringir úr almenna talsímakerfinu í grænt númer greiðir ekkert.

Kr.

|  |           |
|--|-----------|
| 7.1. Stofngjald fyrir þjónustuna .....                 | 34 505,00 |
| 7.2. Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi ..... | 13 801,00 |

Innhringingum í græna númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt eða fleiri, sem réttihafinn greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá.

### 8. Sérþjónusta í talsímakerfinu.

Í boði eru ýmsir möguleikar fyrir notendur í talsímakerfinu og eru þeir án stofngjalds.

- 8.1. Allir notendur hafa aðgang að eftirtöldum þjónustum og eru þær án afnotagjalds.

- 8.1.1. Vakning. Sjálfvirk upphringing frá símsstöð á tilteknum tíma sem notandinn sjálfur ákveður. Notkunargjald er kr. 16,60 í hvert sinn.
- 8.1.2. Endurval. Síðast valda númerið er endurvalið.
- 8.1.3. Símtalspöntun. Hægt er að leggja inn pöntun ef hringt er í númer sem er á tali og verður þá sambandið sett upp þegar síminn sem hringt var í losnar. Notkunargjald er kr. 9,96 í hvert sinn sem þjónustan er notuð.
- 8.2. Um eftirtalдар þjónustur þarf að sækja sérstaklega og eru þær án afnotagjalds.
  - 8.2.1. Símtalsflutningur (hringiflutningur).
    - a) Öll símtöl flutt.
    - b) Þegar númerið er upptekið.
    - c) Þegar ekki er svarað.  
Sá sem flytur símtalið greiðir fyrir það notkunargjöld samkvæmt gjaldskrá við það númer sem flutt er í.
  - 8.2.2. Símtal bíður. Tónn gefur til kynna að verið sé að reyna að ná í viðkomandi númer. Hægt er að geyma fyrri símtal meðan öðru símtali er svarað.
  - 8.2.3. Símtalavíxl. Hægt er að hringja í tvö símanúmer og skipta milli þeirra. Notkunargjöld reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.
  - 8.2.4. Þriggja manna tal. Þrjú geta talast við í einu. Notkunargjöld reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.
- 8.3. Um eftirtalдар þjónustur þarf að sækja sérstaklega og greiða afnotagjald.
  - 8.3.1. Skammval. Afnotagjald fyrir hver 10 númer er kr. 190,00 á ársfjórðungi.
  - 8.3.2. Sjálfvirk hringing í fyrirfram ákveðið númer þegar lyft er af. Afnotagjald er kr. 190,00 á ársfjórðungi.
    - a) Hringing samstundis.
    - b) Hringing eftir 6 sekúndur.
  - 8.3.3. Læsing. Hægt er að velja milli margra mismunandi möguleika. Afnotagjald er kr. 190,00 á ársfjórðungi nema fyrir læsingu í Símatorg sem er gjaldfrjáls. Hægt er að vali notanda að læsa í stöð eða með lykilorði.
  - 8.3.4. Númerabirting. Fyrir að sjá númer þess sem hringir er greitt ársfjórðungsgjald kr. 190,00. Númerið sést ekki ef hringt er frá útlöndum.
  - 8.3.5. Númeraleynd. Fyrir að hindra að símanúmerið sjáist ef hringt er úr símanum er greitt ársfjórðungsgjald kr. 190,00.

### 9. Fundarsími.

Símnotendur hafa aðgang að fundarsímaþjónustu, án þess að gera til þess sérstakar ráðstafanir og greiða því hvorki stofngjald né fast afnotagjald. Á sama símafundi geta verið allt að 10 þátttakendur og koma þeir sér saman um sérstakt aðgangsorð fyrir fundinn.

- 9.1. Hver fundarmaður greiðir fyrir aðgang að fundinum kr. 3,32 við svar og síðan kr. 9,96 fyrir hverja mínútu sem fundurinn stendur.

### 10. Símatorg.

Símsvarabúnaður og annar búnaður tengdur upplýsingaveitunni er í eigu rekstrar- aðilans (SP).

- 9.1. Greitt er fyrir tengingu við almenna símakerfið á sama hátt og fyrir tengingu einkasímsstöðvar þ.e. stofngjald kr. 10 645,00 og fast afnotagjald á ársfjórðungi kr. 2 764,00. Greitt er fyrir hverja línu.

- 9.2. Fyrir hvert uppkallsnúmer er greitt stofngjald kr. 10 645,00 og fast afnotagjald á ársfjórðungi kr. 5 528,00.
- 9.3. Notkunargjald er samkvæmt fimm mismunandi flokkum þar sem bil milli skrefatölninga er 16 sek., 12 sek., 8 sek., 5 sek. og 3 sek. Mínútgjald og skipting er eftirfarandi:

| Flokkur   | Mínútgjald<br>kr. | Hluttur<br>P&S<br>kr. | Hluttur<br>SP<br>kr. | Hluttur<br>SP í<br>% |
|-----------|-------------------|-----------------------|----------------------|----------------------|
| I .....   | 12,45             | 6,22                  | 6,23                 | 50,0                 |
| II .....  | 16,60             | 8,30                  | 8,30                 | 50,0                 |
| III ..... | 24,90             | 11,20                 | 13,70                | 55,0                 |
| IV .....  | 39,84             | 15,30                 | 24,54                | 61,6                 |
| V .....   | 66,38             | 21,17                 | 45,21                | 68,1                 |

Auk þessa er tekið kr. 3,32 við svar sem alltaf kemur í hlut Pósts og síma.

### 11. Sundurliðun símtala í talsímakerfinu.

Réttthafa í talsímakerfinu er gefinn kostur á að fá símtöl sundurliðuð á eftirfarandi hátt:

- Öll símtöl
- Öll símtöl önnur en staðarsímtöl
- Utanlandssímtöl

Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt að undanskildum tveimur síðustu stöfum, hvenær var hringt, hve lengi símtalið stóð og verð þess. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.

|                               |            |
|-------------------------------|------------|
| 10.1. Ársfjórðungsgjald ..... | kr. 187,00 |
| 10.2. Gjald pr. símtal.....   | kr. 1,25   |

### 12. Lánssímar.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir annað gjald en venjulegt stofngjald og fast afnotagjald. Gjaldið skal vera sem hér segir:

Lánssímagjald í allt að 3 mánuði:

|                     |              |
|---------------------|--------------|
| Heimilissímar ..... | kr. 5 110,00 |
| Atvinnusímar .....  | kr. 6 672,00 |

Lánssímagjald í allt að 6 mánuði:

|                     |               |
|---------------------|---------------|
| Heimilissímar ..... | kr. 10 221,00 |
| Atvinnusímar .....  | kr. 13 345,00 |

Uppsetningarkostnaður er ekki innifalinn.

Fyrir allt umfram 6 mánuði skal greiða fullt stofngjald auk afnotagjalda. Greitt er fyrir alla notkun, þ.e. engin notkun innifalin í afnotagjaldi, og skal lánssímagjald greitt við úthlutun.

Ef lánssímanotandi gerist fastur notandi þá skal hann greiða 2/3 af stofngjaldi ef hann var með lánssíma í 3 mánuði en 1/3 af stofngjaldi ef hann var með lánssíma í 6 mánuði.

Ef lánssíma er breytt í almennan síma þá reiknast afnotagjald frá tengingardeggi lánssímans en menn eiga hinsvegar aðeins rétt á innifalinni notkun frá þeim degi sem lánssíma er breytt í almennan síma.

## II. KAFLI Símtalagjald.

### 1. Sjálfvirk símtöl innanlands.

Fyrir símtöl sem valin eru sjálfvirk er greitt samkvæmt tímamælingu. Við svar greiðast venjulega kr. 3,32 en áframhaldandi gjaldtaka fer eftir gjaldflokki og tíma sólarhrings þegar hringt er.

Ef gjaldtakan er í skrefum er verð á hverju skrefi kr. 3,32. Fyrsta talning kemur við svar en næsta talning kemur einhvern tíma á tímabili þar á eftir hvers lengd ákvarðast af gjaldflokki og tíma sólarhrings þegar hringt er. Eftir það ákvarðar gjaldflokkurinn nákvæmlega tímann milli talninga.

- 1.1. Staðarsímtöl.
 

|                                   |  |
|-----------------------------------|--|
| Byrjunargjald.....                | kr. 3,32 á símtal.                     |
| Dagtaxti .....                    | kr. 1,11 á mínútu (180 sek. í skrefi). |
| Kvöld-, nætur- og helgartaxti ... | kr. 0,55 á mínútu (360 sek. í skrefi). |
- 1.2. Langlínusímtöl.
 

|                                   |                                       |
|-----------------------------------|---------------------------------------|
| Byrjunargjald.....                | kr. 3,32 á símtal.                    |
| Dagtaxti .....                    | kr. 4,15 á mínútu (48 sek. í skrefi). |
| Kvöld-, nætur- og helgartaxti ... | kr. 2,07 á mínútu (96 sek. í skrefi). |

Dagtaxti gildir frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags.  
Kvöld-, nætur- og helgartaxti gildir frá kl. 19:00 til 08:00 virka daga og frá kl. 19:00 á föstudegi til kl. 08:00 næsta mánudag.
- 1.3. Símtöl í NMT-farsímakerfið.
 

|                    |  |
|--------------------|--|
| Byrjunargjald..... | kr. 3,32 á símtal.                     |
| Tímagjald .....    | kr. 16,60 á mínútu (12 sek. í skrefi). |
- 1.4. Símtöl í GSM-farsímakerfið.
 

|                                   |  |
|-----------------------------------|--|
| Byrjunargjald.....                | kr. 3,32 á símtal.                     |
| Dagtaxti .....                    | kr. 24,89 á mínútu (8 sek. í skrefi).  |
| Kvöld-, nætur- og helgartaxti ... | kr. 16,60 á mínútu (12 sek. í skrefi). |

Dagtaxti gildir frá 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags.  
Kvöld-, nætur- og helgartaxti gildir frá kl. 19:00 til 08:00 virka daga og frá kl. 19:00 á föstudegi til kl. 08:00 næsta mánudag.
- 1.5. Uppköll í boðtæki.
  - 1.5.1. Almenn boðtæki ..... kr. 9,96 hvert boðkall (3 skref).
  - 1.5.2. Einkaboðtæki ..... kr. 39,83 hvert boðkall (12 skref).
  - 1.5.3. Stafaboðtæki.
 

|                    |  |
|--------------------|--|
| Byrjunargjald..... | kr. 3,32 hvert uppkall.                |
| Tímagjald .....    | kr. 66,38 á mínútu (3. sek. í skrefi). |
- 1.6. Þjónustunúmer Pósts og síma.
  - 1.6.1. Upplýsingaþjónustan í 114.
 

|                    |                                       |
|--------------------|---------------------------------------|
| Byrjunargjald..... | kr. 3,32 á símtal.                    |
| Tímagjald .....    | kr. 24,89 á mínútu (8 sek. í skrefi). |
  - 1.6.2. Upplýsingaþjónustan í 118.
 

|                    |                                       |
|--------------------|---------------------------------------|
| Byrjunargjald..... | kr. 3,32 á símtal.                    |
| Tímagjald .....    | kr. 39,83 á mínútu (5 sek. í skrefi). |
- 1.6.3. Klukkan 155.
 

Fyrir hvert uppkall ..... kr. 9,96 (3 skref).
- 1.6.4. Fyrir hringingar í önnur þriggja stafa þjónustunúmer er greitt samkvæmt staðartaxta en þá er greitt fyrir þjónustuna með öðrum hætti. Hér er t.d. um að ræða talsamband innanlands og við útlönd, skeytaþjónustu, bilanir og aðgang að gagnanetinu.

## 2. Sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu.

Staðgreidd sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu, viðskiptavinur velur og er þá 30% álag á venjulegt notkunargjald fyrir sjálfvirka þjónustu. Afgreiðslugjald er kr. 34,00.

## 3. Símtöl afgreidd um handvirkar afgreiðslur.

|  | Minnsta<br>gjald kr. | Umframgjald<br>pr. mín. kr. |
|--|----------------------|-----------------------------|
| 3.1. Innan sama gjaldsvæðis .....  | 26,00                | 9,00                        |
| Milli gjaldsvæða .....   | 45,00                | 15,00                       |
| Við farsíma .....  | 75,00                | 25,00                       |
| 3.2. Kvaðning kr. 34,00. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.  |                      |                             |
| 3.3. Afgreiðslugjald: kr. 73,00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala. Kvaðning er ekki innifalin.  |                      |                             |
| 3.4. Boðun í síma: kr. 103,00 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 52,00 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Símaþóunargjald greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki. |                      |                             |
| 3.5. Handvirk vakning kr. 71,00. Föst vakning pr. mánuð kr. 1 195,00.  |                      |                             |

## 4. Símtöl um strandarstöðvar.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar.

- 4.1. Radiósímtöl við skip og bíla. Minnsta gjald er fyrir 3 mínútur og umframgjald fyrir hverja byrjaða mínútu þar fram yfir.

| Tiðnisvið               | Minnsta<br>gjald kr. | Umframgjald<br>pr. mín. kr. |
|-------------------------|----------------------|-----------------------------|
| Metrabylgja (VHF) ..... | 112,00               | 37,00                       |
| Millibylgja (MF) .....  | 138,00               | 46,00                       |
| Stuttbylgja (HF) .....  | 190,00               | 64,00                       |

- 4.2. Afgreiðsla við farsíma í skipi eða bíl. Minnsta gjald er fyrir 3 mínútur og umframgjald fyrir hverja byrjaða mínútu þar fram yfir.

| Tiðnisvið               | Minnsta<br>gjald kr. | Umframgjald<br>pr. mín. kr. |
|-------------------------|----------------------|-----------------------------|
| Metrabylgja (VHF) ..... | 128,00               | 43,00                       |
| Millibylgja (MF) .....  | 154,00               | 51,00                       |
| Stuttbylgja (HF) .....  | 207,00               | 69,00                       |

- 4.3. Fyrir aukþjónustu að ósk símtalsbeiðanda greiðist samkvæmt 3. grein.
- 4.4. Fyrir radiósímtöl við skip til og frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
- Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
  - Afgreiðslugjald samkvæmt 4.1. og 4.2. í þessari grein.
  - Fyrir aukþjónustu að ósk símtalsbeiðanda greiðist samkvæmt 3 grein.

## 5. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

## III. KAFLI

**Samnet (ISDN).**

Notendur geta valið um tvenns konar aðgang að samnetinu:

Með grunnaðgangi (2B+D) fá notendur tvær 64 kbit/s rásir og eina gagnarás 16 kbit/s, en með stofnaðgangi (30B+D) fá þeir þrjátíu 64 kbit/s rásir og að auki eina gagnarás 64 kbit/s.

**1. Stofngjald.**

- 1.1. Fyrir hverja grunntengingu ..... kr. 26 612,00  
Ef notandi breytir áskrift að almenna talsímanetinu í áskrift að samnetinu skal þó draga frá stofngjald fyrir almennan síma eins og það er hverju sinni. Ekki skal draga nema eitt stofngjald fyrir almennan síma frá fyrir hverja grunntengingu.
- 1.2. Fyrir hverja stofntengingu ..... kr. 266 119,00  
Þeir notendur sem áður hafa fengið beint innval, sem 2Mbit/s tengingu greiða hálf t stofngjald fyrir hverja tengingu sem breytt er í stofntengingu við samnetið. Ef grunntengingu er breytt í stofntengingu innan árs frá fyrstu tengingu ganga áður greidd stofngjöld upp í stofngjald fyrir stofntengingu.
- 1.3. Stofngjald fyrir ferjald sem er innbyggt í netendabúnaði er kr. 15 563,00.

Ef boðið er um samnetsþjónustu utan samfelldrar þéttar byggðar þar sem jarðsímakerfi er ekki fyrir hendi gilda sömu reglur um aukastofngjald og tilgreindar eru í I. kafla 1.1.

**2. Afnotagjald.**

- 2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja grunntengingu ..... kr. 6 910,00
- 2.2. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja stofntengingu ..... kr. 69 098,00  
Þeir notendur sem ekki vilja nýta allar 30 rásirnar í stofntengingunni geta fengið færri virkar rásir, þó að lágmarki 12. Fyrir hverjar tvær rásir greiðist þá sama fasta afnotagjaldið og fyrir grunntengingu.
- 2.3. Notkunargjöld fyrir hverja B-rás eru þau sömu og fyrir samsvarandi notkun í almenna símakerfinu. Fast gjald fyrir hvert símtal er kr. 3,32 eins og í talsímanetinu og síðan kemur tímamæling sem miðast við viðkomandi gjaldflokk samkvæmt II. kafla. Fyrir hvert uppkall sem ekki heppnast milli tveggja samnetsnotenda greiðist uppkallsgjald kr. 1,66.  
Ekki er nein notkun innifalin í föstu afnotagjaldi fyrir samnetið.  
Ef rásin tengist við aðrar þjónustur eða net greiðast gjöld samkvæmt gjaldskrá fyrir þá þjónustu.  
Notkunargjöld fyrir gagnaflutning á D-rás verða birt síðar en ekki er boðið upp á þá þjónustu í upphafi.

**3. Flutningsgjald, viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.**

- 3.1. Flutningsgjald fyrir aðgang að samnetinu er jafnt hálfu stofngjaldi fyrir samsvarandi tengingu.
- 3.2. Viðtökugjald án númeraskipta er kr. 5 976,00 fyrir fyrsta númer en kr. 249,00 fyrir hvert númer umfram eitt. Aldrei er heimil viðtaka nema nýi rétthafinn sækir um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda. Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum.  
Stofntenging skoðast í þessu tilfelli sem 30 númer.
- 3.3. Óski rétthafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir númeraskipti kr. 2 129,00.

#### 4. Sérþjónusta á samnetinu.

Eftirtaldar tegundir sérþjónustu, sem boðnar eru notendum í almenna talsímanetinu, standa samnetsnotendum til boða á sömu kjörum og þar:

Símtal bíður, Viðmælandi „geymdur“, Símtalavíxl, Símtalsflutningur (öll símtöl), Vakning, Endurval, Skammval, Bein lína, Læsing og Sundurliðun símtala.

Auk þess hafa notendur samnetsins möguleika á eftirtöldum tegundum sérþjónustu til viðbótar.

- 4.1. Allir samnetsnotendur hafa aðgang að eftirfarandi möguleikum án gjalds:
  - 4.1.1. Númerabirting (CLIP).
  - 4.1.2. Flutningur tækja innanhúss eða skipt milli tækja innanhúss.
- 4.2. Eftirtaldar þjónustur þarf að sækja um og greiða fyrir:
  - 4.2.1. Númeraleynd (CLIR). Ekkert stofngjald, en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.
  - 4.2.2. Undirnúmer. Ekkert stofngjald, en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.
  - 4.2.3. Aukanúmer. Ekkert stofngjald en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00 fyrir hvert aukánúmer. Ef notandi vill sundurliðun notkunar á aukánúmer greiðist fyrir það eins og fyrir sundurliðun á aðalnúmeri.
  - 4.2.4. Beint innval. Fyrir þessa þjónustu greiða notendur stofngjald kr. 163 499,00. Þeir notendur sem hafa greitt stofngjald fyrir innval í almenna talsímanetinu greiða þó ekki nýtt stofngjald. Ársfjórðungsgjald fyrir beint innval er kr. 82,00 fyrir hvert númer í frátekinni númeraröð.
  - 4.2.5. Afmarkaður notendahópur.
 

Stofngjald fyrir hvern hóp kr. 7 470,00.  
 Ársfjórðungsgjald fyrir hvern hóp kr. 1 587,00.  
 Skráningargjald er kr. 778,00 sem greiðist í hvert sinn sem nýtt númer tengist inn í hópinn eða önnur breyting er gerð á tengingum við hann.
  - 4.2.6. Merkjasetning milli notenda.
 

Ekkert stofngjald er tekið en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.

#### 5. Skammtímatenging.

Tenging í allt að 3 mánuði:

|                                 |                |
|---------------------------------|----------------|
| Grunntenging .....              | kr. 15 780,00  |
| Stofntenging .....              | kr. 157 800,00 |
| Tenging með beinu innvali ..... | kr. 180 743,00 |

Tenging í allt að 6 mánuði:

|                                 |                |
|---------------------------------|----------------|
| Grunntenging .....              | kr. 31 561,00  |
| Stofntenging .....              | kr. 315 610,00 |
| Tenging með beinu innvali ..... | kr. 361 486,00 |

Uppsetningarkostnaður er ekki innifalinn.

Fyrir allt umfram 6 mánuði skal greiða 1/1 stofngjald kr. 21 375,00 fyrir grunntengingu og kr. 213 750,00 fyrir stofntengingu auk afnotagjalda.

Tengingargjald skal greitt við úthlutun. Þegar um er að ræða tengingu með beinu innvali eru engin skref innifalinn.

Ef skammtímanotandi gerist fastur notandi þá skal hann greiða 2/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 3 mánuði en 1/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 6 mánuði. Þetta gildir þó aðeins á þeim stöðum sem samnetsmöguleiki er fyrir hendi. Annars greiðist fullt stofngjald.

## IV. KAFLI

**Talhólf, faxhólf.**

Talhólf er geymsla fyrir töluð skilaboð og faxhólf er geymsla fyrir faxsendingar. Hólfinu fylgir sérstakt símanúmer, með því að hringja beint í hólfíð er hægt að leggja inn skilaboð eða fax og einnig er hægt að vísa farsíma og síma í stafræna símakerfinu yfir í hólfíð og koma þannig sendingu í hólfíð. Kerfið getur hringt í fyrirfram ákveðið símanúmer eða boðtækisnúmer og látið vita af innkomnum skilaboðum eða faxi.

**1. Stofngjald.**

- 1.1. Stofngjald fyrir talhólf er kr. 623,00.
- 1.2. Stofngjald fyrir faxhólf er kr. 1 494,00.
- 1.3. Ef talhólfsnotandi gerist notandi að faxhólfi greiðist mismunur á stofngjaldi.

**2. Afnotagjald.**

- 2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir talhólf er kr. 374,00.
- 2.2. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir faxhólf er kr. 996,00.
- 2.3. Fyrir hringingu í tal- eða faxhólf úr almenna símakerfinu greiðir sá sem hringir kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu. Ef hringt er í hólf úr farsíma greiðist notkunargjald frá viðkomandi farsíma. Sama gjald greiðist hvort sem verið er að lesa inn skilaboð eða hlusta á þau.

Þegar kerfið hringir í fyrirfram ákveðið símanúmer til að láta vita af skilaboðum greiðir réttthafi hólfins samsvarandi gjald, þ.e. kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu ef hringt er í númer í almenna símakerfinu. GSM-notkunargjald ef hringt er í GSM-farsímakerfið og NMT-notkunargjald ef hringt er í NMT-farsímakerfið.

Ef notandi í almenna símakerfinu vísar innkomnu símtali eða faxsendingu yfir í hólf greiðir réttthafi símans kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu fyrir öll skilaboð. Notandi farsíma í GSM-farsímakerfinu eða NMT-farsímakerfinu greiðir ekkert gjald fyrir skilaboð sem vísað er í hólf.

## V. KAFLI

**Telexþjónusta.****1. Stofngjald.**

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en tengt er, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma.

|  | Kr.       |
|--|-----------|
| 1.1. Númer í telexstöð .....               | 19 036,00 |
| 1.2. Bæjarlína .....                       | 4 756,00  |
| 1.3. Viðtökugjald fyrir telexnúmer .....   | 4 600,00  |
| 1.4. Flutningsgjald fyrir telexnúmer ..... | 9 518,00  |
| 1.5. Breyting á telexheiti .....           | 2 446,00  |

**2. Afnotagjald á ársfjórðungi.**

|                              | Kr.      |
|------------------------------|----------|
| 2.1. Númer í telexstöð ..... | 2 646,00 |
| 2.2. Bæjarlína .....         | 797,00   |



### 3. Gjald fyrir telexritanir.

- 3.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 3,22 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 8,07 á mínútu.
- 3.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

## VI. KAFLI

### Símskeyta- og símatelexgjöld.

#### 1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

- 1.1. Venjulegt símskeyti: Grunn gjald kr. 82,00 og kr. 4,48 fyrir hvert orð: Lágmarks-orðafjöldi 7 orð.
- 1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald auk hraðboðagjalds kr. 311,00 og gjald fyrir afhendingarkvittun kr. 30,00.
- 1.3. Veðurskeyti: Kr. 36,00 fyrir hvert skeyti.
- 1.4. Heillaskeyti: Venjulegt skeytagjald auk kr. 96,00 fyrir heillaskeytiseyðublaðið og hálf hraðboðagjald kr. 156,00.
- 1.5. Samúðarskeyti: Grunn gjald kr. 82,00 og hálf hraðboðagjald kr. 156,00. Sendanda er í sjálfvald sett hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert í Landspítalaskjóð.
- 1.6. Afhending símskeyta.
  - 1.6.1. Venjulegt símskeyti. Hringt er í viðtakanda og texti skeytisins lesinn. Skeytið er síðan póstagt. Viðtakandi getur sótt skeytið til ákvörðunarsímstöðvar ef hann óskar þess.
  - 1.6.2. Hraðskeyti: Texti skeytis sendur símleiðis til viðtakanda samstundis eða samkvæmt forgangsrétti. Leitast skal við að hafa upp á viðtakanda sem fyrst til afhendingar skeytisins.
    - 1.6.3. Heillaskeyti: Heillaskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
    - 1.6.4. Samúðarskeyti. Samúðarskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
  - 1.7. Hraðafhending símskeyta. Óski sendandi eða viðtakandi venjulegs skeytis afhendingar samdægurs, mun það verða sent gegn hraðboðagjaldi, kr. 311,00. Óski sendandi, að skeyti sé afhent gegn kvittun, er gjald fyrir það kr. 30,00 að auki.
  - 1.8. Fyrirfram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjöldu svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

#### 2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjöld fyrir símskeyti til útlanda eru ákveðin af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

#### 3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

- 3.1. Almenn loftskkeyti.
  - 3.1.1. Gjald fyrir loftskkeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknuð:
    - a. Grunn gjald fyrir hvert skeyti kr. 82,00.
    - b. Línugjald kr. 4,48 á hvert orð.
    - c. Strandargjald kr. 5,04 hvert orð.
    - d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
    - e. Gjald fyrir aukabjónustu að beiðni sendanda. Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
- 3.2. Sérstök loftskkeyti.
  - 3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu

Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 36,00 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 25,21.

- 3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukabjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
- 3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

#### 4. Símatelex.

- 4.1. Gjald fyrir sendingu.
- 4.1.1. Grunnjald fyrir hvert sent telex kr. 187,00.
- 4.1.2. Afgreiðslugjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex frá kl. 8:00 til 21:00 er kr. 93,38.
- 4.1.3. Mínútugjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.
- 4.2. Gjald fyrir móttöku.
- 4.2.1. Símnefni á ári kr. 822,00.
- 4.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir áskrift að símatelex kr. 791,00.
- 4.2.3. Afgreiðslugjald pr. telex (úthringing skv. reglum og póstsending) kr. 187,00.

#### 5. Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 822,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 187,00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

### VII. KAFLI

#### Sambönd.

Póst- og símamálastofnun starfrækir almenna fjarskiptaþjónustu um land allt. Stofnunin leigir út línur til þess að auðvelda notendum aðgang að hinu almenna fjarskiptaneti, en að auki línur til að mæta sérþörfum: Gerður er greinarmunur á langlínunum og notendalínunum. Langlínur teljast þær línur, sem tengja saman símstöðvar eða notendur, sem venjulega mundu tengjast mismunandi símstöðvum. Notendalínur tengja notendur við næstu símstöð eða við langlínu. Á gjaldsvæði Reykjavíkur og nágrennis eru línur milli stöðva, sem leigðar eru út, gjaldfærðar sem notendalínur. Ef völ er á bæði langlínu og notendalínu fyrir tiltekið leigusamband ákveður Póst- og símamálastofnun hvora tegundina skuli nota. Hliðrænar leigulínur má ekki nota án sérstakrar heimildar fyrir hærri tíðni en 4 Khz. Undanþeginn þessu ákvæði er gagnaflutningur með grunnbandsmótöldum fyrir hraða allt að 19,2 Kb/s. en slík sambönd skulu takmarkast við svæði einnar sjálfvirkar símstöðvar.

#### Gjaldafyrirkomulag fyrir leigulínur.

Gjaldið skiptist í stofngjald og afnotagjald. Það er reiknað milli endapunkta í samræmi við þá leið, sem línan fer um í fjarskiptakerfinu og er heildargjaldið summa langlínugjalds og notendagjalds eftir því sem við á. Skemmstur leigutími er almennt 6 mánuðir, en að öðru leyti gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir talið frá næstu mánaðamótum eftir uppsögn. Gjald fyrir línu, sem leigð er til skemmri tíma en 6 mánaða, er reiknað samkvæmt 3. grein.

Mismunandi gjald er tekið fyrir leigulínur eftir því hver flutningsgeta þeirra er. Línur fyrir tal greinast í línur milli einkabúnaðar sama notanda á mismunandi stöðum án tengingar við miðstöð og línur, sem tengja einkabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.

Línur milli einkasímstöðva, sem tengjast hinu almenna símkerfi, reiknast sem þverlínur. Fyrir stafrænar línur í notendakerfum er reiknað fast gjald auk km-gjalds.

### 1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir notendalínur greiðist stofngjald, sem er áttfalt ársfjórðungsgjald fyrir línuna samkvæmt þeirri gjaldskrá sem gildir þegar línan er tekin á leigu, að frádregnum þeim hluta gjaldsins, sem er óháður línulengd í liðum 2.1.3. til 2.1.7.
- 1.2. Fyrir langlínur ákveðst stofngjald af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

### 2. Afnotagjald.

- 2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir notendalínur er sem hér segir. Línulengdir reiknast í hálfum km þrepum, en lágmarksgjald línu eða línuhluta er 2 km, nema annað sé tekið fram.

|  | Gjald fyrir hvern km |                 |
|--|----------------------|-----------------|
|  | 2ja víra<br>kr.      | 4ra víra<br>kr. |
| 2.1.1. Tallína .....   | 928,00               | 1 482,00        |
| 2.1.2. Lína fyrir hraða allt að 19,2 Kb/s. ....  | 1 164,00             | 1 868,00        |
| 2.1.3. Lína fyrir hraða 48-64 Kb/s.<br>Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið .....  |                      | 11 000,00       |
| Gjald fyrir hvern km. ....   |                      | 2 054,00        |
| 2.1.4. Lína fyrir hraða 128 Kb/s.<br>Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið .....  |                      | 13 204,00       |
| Gjald fyrir hvern km. ....   |                      | 2 474,00        |
| 2.1.5. Lína fyrir hraða 256 Kb/s.<br>Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið .....  |                      | 16 500,00       |
| Gjald fyrir hvern km. ....   |                      | 3 390,00        |
| 2.1.6. Lína fyrir hraða 512 Kb/s.<br>Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið .....  |                      | 19 799,00       |
| Gjald fyrir hvern km .....   |                      | 4 109,00        |
| 2.1.7. Lína fyrir hraða 2 Mb/s.<br>Gjald fyrir hvern enda .....  |                      | 38 499,00       |
| Gjald fyrir hvern km. ....   |                      | 8 217,00        |
| Gjald fyrir X.21 mótald (ef notað) pr. enda .....  |                      | 14 915,00       |
| 2.1.8. Fjarstýringarlína .....   | 928,00               | 1 482,00        |
| 2.1.9. Ritsímalína í tónritsíma .....  |                      | 479,00          |
| 2.1.10. Gjald fyrir fjarstýringu eða fjarvísun á línu, sem einnig er notuð fyrir tal, skal vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.1.8. Þegar um er að ræða kerfi með mörgum línur innan sama stöðvarsvæðis skal reikna gjaldið eftir meðallínulengd sem telst vera 2 km. |                      |                 |
| 2.1.11. Ritsímalína, sem ekki er flutt á tónritsíma, reiknast sem tallína.   |                      |                 |
| 2.2. Langlínukerfi. Ársfjórðungsgjald fyrir langlínur er sem hér segir:  |                      |                 |
| 2.2.1. Tallína milli einkabúnaðar notanda á milli svæða, án tengingar við símstöð. Fjarlægðin er reiknuð eins og leið liggur í símkerfinu milli símstöðva. Auk þess er tekið gjald fyrir línu milli notanda og viðkomandi símstöðvar.  |                      |                 |
|  |                      | Kr.             |
| Gjald fyrir hvern enda, eða úttak .....  |                      | 28 100,00       |
| Gjald fyrir hvern km. ....   |                      | 293,00          |
| 2.2.2. Gjald fyrir línu, sem tengir einkasímabúnað notanda símanúmeri í símstöð eða  |                      |                 |

einkasímstöð á öðru gjaldsvæði, er reiknað samkvæmt 2.2.1. en að auki reiknast langlínugjald, sem samvarar 7500 mínútum á ársfjórðungi á því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val að degi til milli viðkomandi gjaldsvæða eða innan gjaldsvæðis. Þetta er til viðbótar afnotagjaldi, sem greiða skal fyrir síma skv. I. kafla.

- 2.2.3. Fyrir línur á mismunandi bitahraða er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

| Flokkur | Hraði (bit/s) | Stuðull |
|---------|---------------|---------|
| A1      | 0-4800        | 1,10    |
| A2      | 4801-9600     | 1,21    |
| A3      | 9601-19200    | 1,43    |
| A4      | 48000-64000   | 1,76    |
| A5      | 128 kb/s      | 2,64    |
| A6      | 256 kb/s      | 4,93    |
| A7      | 512 kb/s      | 7,04    |
| A8      | 1024 kb/s     | 8,80    |
| A9      | 2048 kb/s     | 10,56   |

- 2.2.4. Fyrir ritsímalínur í tónritsímakerfum er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

| Flokkur | Hraði (Baud) | Stuðull |
|---------|--------------|---------|
| B1      | 50           | 0,22    |
| B2      | 75           | 0,22    |
| B3      | 100          | 0,24    |
| B4      | 300          | 0,33    |

Ef óskað er eftir ritsímalínu á leið þar sem ekki er tónritsímakerfi, fær notandi talínu til afnota og er þá reiknað með margfeldisstuðli jafnt og 1.

- 2.2.5. Gjald fyrir fjarstýringarlínur er hið sama og fyrir tallínur, ef heil lína er tekin undir fjarstýringuna. Ef fjarstýring getur, án þess að valda truflunum, farið fram á línu, sem notuð er fyrir tal skal gjaldið vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.2.1.

### 3. Leigur í stuttan tíma.

- 3.1. Eftirfarandi gjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ.e.a.s. í minna en 6 mánuði. Leigutími skal tilgreindur við pöntun. Stofngjald er ekki tekið fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.
- 3.1.1. Fyrir línur eða línuhluta í notendakerfi er tekið gjald, sem er eitt ársfjórðungsgjald skv. 2.1. Lágmarksgjaldið innifelur allt að 5 sólarhringa notkun. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar í allt að 10 sólarhringa greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring umfram 10 sólarhringa.
- 3.1.2. Fyrir línur eða línuhluta í langlínukerfum er tekið lágmarksgjald, sem er 1/6 af ársfjórðungsgjaldi skv. 2.2., og innifelur allt að 5 sólarhringa notkun. fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar, allt að 10 sólarhringum, greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en umfram 10 sólarhringa greiðist 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring.

## VIII. KAFLI

### Sjónvarps- og hljóðvarpsflutningur.

Póst- og símamálastofnun annast flutning sjónvarps og hljóðvarps innanbæjar og milli staða. Flutningurinn fer fram á dagskrárlínunum í fjarskiptakerfinu og er einátta,

nema annað sé tekið fram. Þegar stutt er á milli endapunkta er mögulegt að flytja hljóðvarpsmerki á grunnlínu. Sama gjaldskrá gildir fyrir flutning hvort sem hann fer fram á notendalínunum eða langlínu. Gjald fyrir flutning er mismunandi eftir gæðum þess merkis, sem skilað er og er miðað við alþjóðlega staðla\*. Með flutningi sjónvarps fylgir ein mónó hljóðvarpsrás án gjalds. Sérstakt gjald gildir fyrir flutning fleiri hljóðvarpsrása á leiðum, þar sem sjónvarpsflutningur er fyrir hendi, en með því skilyrði að tæki fyrir hljóðmerkið rýmist í endabúnaði sjónvarps.

### 1. Stofngjald.

- 1.1. Stofngjald ákveðst af Póst- og símamálastofnun hverju sinni. Við ákvörðun stofngjalds skal taka tillit til þess hvort setja þurfi upp nýjar leiðir fyrir flutning merkjanna.

### 2. Afnotagjald.

- 2.1. Fast afnotagjald í kr. á ársfjórðungi er sem hér segir. Línulengdir eru reiknaðar í heilum km en lágmarksgjald miðast við 2 km. Kr.
- |   |           |
|---|-----------|
| 2.1.1. 2 víra dagskrárlína fyrir mónó hljóðvarp á stuttri grunnlínu á km. ...   | 3 816,00  |
| 2.1.2. 4 víra dagskrárlína fyrir stereó hljóðvarp á stuttri grunnlínu á km. ...   | 6 525,00  |
| 2.1.3. Stafræn dagskrárlína fyrir mónó hljóðvarp.   |           |
| Fast gjald fyrir hvern enda eða úttak óháð lengd .....  | 31 057,00 |
| Að auki fyrir hvern km., allt að 6 km .....   | 1 276,00  |
| Fyrir hvern km umfram 6 km .....  | 410,00    |
| 2.1.4. Stafræn dagskrárlína fyrir stereó hljóðvarp.   |           |
| Fast gjald fyrir hvern enda eða úttak óháð lengd .....  | 62 113,00 |
| Að auki fyrir hvern km., allt að 6 km. ....   | 2 123,00  |
| Fyrir hvern km. umfram 6 km. ....   | 820,00    |
| 2.1.5. Stafræn dagskrárlína fyrir sjónvarp.   |           |
| Fast gjald fyrir hvern enda eða úttak óháð lengd .....  | 62 113,00 |
| Að auki fyrir hvern km. ....  | 4 803,00  |
| 2.1.6. Auka mónó hljóðvarpsrás sem flutt er á stafrænni dagskrárlínu fyrir sjónvarp (gildir einungis fyrir sama aðila og með sömu enda- og úttaksstöðum og pöntuð samtímis sjónvarpinu).    |           |
| Fast gjald fyrir hvern sendianda .....  | 4 498,00  |
| Fast gjald fyrir hvern móttökuenda .....  | 1 795,00  |
| Að auki fyrir hvern km. ....  | 351,00    |
| 2.1.7. Auka stereó hljóðvarpsrás, sem flutt er á stafrænni dagskrárlínu fyrir sjónvarp (gildir einungis fyrir sama aðila og með sömu enda- og úttaksstöðum og pöntuð samtímis sjónvarpinu). |           |
| Fast gjald fyrir hvern sendianda .....  | 6 027,00  |
| Fast gjald fyrir hvern móttökuenda .....  | 2 993,00  |
| Að auki fyrir hvern km. ....  | 410,00    |

### 3. Flutningur í stuttan tíma.

- 3.1. Eftirfarandi gjöld eru tekin fyrir flutning sjónvarps og hljóðvarps í skamman tíma í einu, þ.e.a.s. í minna en 3 mánuði. Leigutíma ber að tilgreina við pöntun. Stofngjald er ekki tekið, nema í sérstökum tilvikum.

\* Fyrst um sinn er einungis boðinn sjónvarpsflutningur sem samsvarar gæðum 4. þreps í 5 þrepa mælikvarða, þegar mælt er samkvæmt aðferðum staðalsins ITU-R BT.500.

- 3.1.1. Fyrir flutning samkvæmt 2.1.1. til 2.1.4. í notendakerfi greiðist fyrir fyrstu 5 sólarhringa 1/8 af ársfjórðungsgjaldi þ.m.t. af fasta gjaldinu. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar í allt að 10 sólarhringa greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring en 1/60 á sólarhring umfram 10 sólarhringa.
- 3.1.2. Fyrir flutning samkvæmt 2.1.5. til 2.1.7. greiðist eftirfarandi:
- |   | Kr.       |
|---|-----------|
| Tengigjald fyrir sjónvarp (ein mónó hljóðvarpsrás innifalin) .....  | 16 478,00 |
| Gjald pr. mínútu .....  | 162,00    |
| Gjald pr. mínútu/10 km. ....  | 29,00     |
| Gjald pr. mínútu/10 km. umfram 30 mínútur .....   | 14,00     |
| Viðbótar tengigjald fyrir hverja mónó eða stereó hljóðvarpsrás, sem send er af sama aðila og með sömu enda- og úttaksstöðum ..... | 2 490,00  |
| Gjald pr. mínútu fyrir hverja slíka rás .....   | 16,00     |
| Gjald pr. mínútu/10 km fyrir hverja slíka rás .....   | 3,00      |
| Gjald pr. mínútu/10 km umfram 30 mínútur fyrir hverja slíka rás ...   | 2,00      |
- 3.1.3. Tengigjald er einungis tekið einu sinni, ef flutningur sjónvarps eða hljóðvarps á sér stað oftast en einu sinni innan sama sólarhrings milli sömu staða. Ef tengigjald er fellt niður af þessum ástæðum er lágmarkslengd hverrar sendingar 10 mínútur.

## IX. KAFLI

### Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum.

#### 1. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsíma-, fax-, farsíma- eða boðtækisnotandi fær nafn sitt eða heiti, starfstítil og heimilisfang skráð án sérstaks gjalds í einni línu í símaskránni fyrir hvert númer. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma ber að greiða kr. 436,00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotandi getur ekki öðlast sama rétt og aðalsímnotandi, t.d. rétt til að fá símann fluttan eða breyta skráningu án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald. Breytir engu þótt aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt viðkomandi aukagjald.

Póst- og símamálastofnun ákveður tilhögun símaskrárinnar og áskilur sér rétt til að synja um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

Skrá má aukanöfn á númer annað hvort í rétttri stafrófsröð eða sem aukalínu undir aðalsímnotanda.

Aukalínur undir fyrirtækjaheitum með eftirfarandi upplýsingum gjaldfærast samkvæmt lið 1.3.

- a) opnunartími fyrirtækis, ein lína
- b) tilkynning um að samband sé frá skiptiborði við deildir, ein lína
- c) tilkynning um beint innval
- d) sérgrein fyrirtækis í einni línu
- e) heimilisnúmer starfsmanna
- f) tilvísun í aðra skráningu í einni línu
- g) eftirlökun skiptiborðs, ein lína

Fyrir aðrar aukalínur greiðist samkvæmt lið 1.4.

|   | Kr.    |
|---|--------|
| 1.1. Breytt letur í skrá, hver lína .....   | 436,00 |
| 1.2. Aukanafn í skrá, hver sjálfstæð lína eða aukalína og aukaeiti<br>fyrirtækis í stafrófsröð eða sem aukalína, hver lína .....  | 436,00 |
| 1.3. Aukalínur undir nöfnum einstaklinga og aukalínur undir nöfnum<br>fyrirtækja í samræmi við liði a-g að framan, hver lína .....  | 255,00 |
| 1.4. Aukalínur undir nöfnum fyrirtækja sem ekki samræmist liðum a-g<br>að framan og línur umfram eina í þeim tilfellum þar sem einnar<br>línu hámark er sett í liðum a-g, hver lína ..... | 872,00 |

### 2. Skráning í gulu síðurnar.

Hver símnotandi, sem greiðir atvinnu- eða verslunarsímagjald, á rétt á að fá án endurgjalds eina skráningu í einn vöru- eða þjónustuflokk í gulu síðunum. Ef símnotandi vill skrá sig í fleiri en einn flokk greiðast kr. 224,00 fyrir hvern flokk umfram hinn fyrsta. Sama gjald gildir fyrir fleiri en eina skráningu í sama flokk.

### 3. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnun er heimilt að birta auglýsingar í símaskránni samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni.

## X. KAFLI

### Þjónusta um radióstöðvar.

#### 1. Viðskiptagjöld.

- 1.1. Símtöl við skip og báta.  
Sjá kafla II. 4. hér að framan.
- 1.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.  
Sjá kafla VI. 3. hér að framan.
- 1.3. Viðskiptagjöld vegna radióstöðva í verstöðvum. Vegna radióstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi gjöld.
 

|                              | Kr.    |
|------------------------------|--------|
| Fyrir 1-5 báta .....         | 193,00 |
| Fyrir 6-15 báta .....        | 355,00 |
| Fyrir 16-30 báta .....       | 504,00 |
| Fyrir 31 bát og fleiri ..... | 672,00 |

 Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.
- 1.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 355,00 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.
- 1.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.
  - 1.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 672,00.
  - 1.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvarþjónustunni til annars gjaldsvæðis í síma-kerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 96,00.

#### 2. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjaraskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

|  | Kr.    |
|--|--------|
| Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó .....   | 355,00 |
| Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó .....   | 529,00 |
| Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó .....  | 703,00 |
| Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir..... | 965,00 |

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrirfram ársfjórðungslega.

Oheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

## XI. KAFLI

### 1. Almennir skilmálar.

- 1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða breytingar á þjónustu, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn. Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og á afgreiðslustöðum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, kennitölu og heimilisfang.
- 1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaut að koma fyrir strengjum og öðrum símabúnaði í húsi og á lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáiast. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
- 1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt.
- 1.4. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar nema með heimild hennar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símataækjum og símalögnum.
- 1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnunum.  
Óheimilt er að tengja notendabúnað við kerfi Póst- og símamálastofnunarinnar nema að hann sé samþykktur af Fjarskiptaeftirliti ríkisins.
- 1.6. Verði bilun í símakerfinu ber notanda þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símstöðvar. Póst og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar á viðgerð síma má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
- 1.7. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða samtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.
- 1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum föst afnot talsímakerfisins nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar.
- 1.9. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símanúmerum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirka símkerfisins, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.



- 1.10. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.
- 1.11. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaværðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

## 2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Skráður réttihafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.
- 2.2. Gjaldldagi fyrir síma-, radió- og önnur fjarskiptagjöld er fyrsti hvers mánaðar. Póst- og símamálastofnun skal sjá svo um að reikningar séu sendir notendum með góðum fyrirvara.
- 2.3. Eindagi gjaldanna er 15 dögum eftir gjaldldagann. Falli gjöldin í eindaga, ber notanda að greiða dráttarvexti af gjaldskuldinni frá gjaldldaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögtaksréttur sbr. 9. gr. fjarskiptalaga nr. 73/1984 og 1. grein 3. töluliðar lögtakslaga nr. 29/1885.
- 2.4. Frá 15. næsta mánaðar eftir gjaldldagann, er heimilt að beita útilokun símasambanda gagnvart þeim notendum, sem skulda vangreidd gjöld, krónur 1 000,00 eða meira, þar til þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Innheimt verður gjald, krónur 212,00, fyrir enduroppnun símasambands.
- 2.5. Ef ætla má vegna framkominna atvika að notandi geti ekki greitt gjaldskuldir sínar á gjaldldaga þeirra, er heimilt að beita útilokun símasambanda fyrirvaralaust, nema notandi setji fullnægjandi tryggingu fyrir gjaldskuldinni og væntanlegri notkun á yfirstandandi afnotatímabili.

## 3. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem önnur ákvæði gilda, og skal uppsögn verða skrifleg.

## XII. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti með áorðnum breytingum samkvæmt 5. gr. laga nr. 32 frá 1993 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 16. desember 1996. Reiknast nýju gjöldin fyrir notkun, sem fram fer 16. desember 1996 eða síðar. Jafnframt falla þá úr gildi gjaldskrár og reglur nr. 278 24. maí 1996.

*Samgönguráðuneytinu, 6. desember 1996.*

**Halldór Blöndal.**

---

*Halldór S. Kristjánsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Happraætti Háskóla Íslands,  
nr. 348 8. október 1976 með síðari breytingum.

### 1. gr.

14. gr. orðist svo:

Vinningar í happraættinu skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal fjárhæð vinninga nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum. Vinningar í hverjum flokki skiptast í tvo hluta, almennan hluta og sjóðshluta.

Stjórn happraættisins ákveður, að fengnu samþykki happraættisráðs, vinningatölu og verðmæti vinninga í hinum almenna hluta vinninga hvers flokks. Til almennra vinninga skal verja 6/7 hlutum af heildarfjárhæð vinninga ársins. Vinningaskrá vegna almenna hlutans skal samin fyrirfram fyrir hvert ár. Til vinninga í sjóðshluta skal verja 70% af 1/7 hluta af andvirði hvers selds miða í hverjum flokki. Falli sjóðsvinningur í flokki á óseldan miða skal hann leggjast við heildarfjárhæð sjóðsvinninga í næsta flokki. Í 12. flokki skal útrætti sjóðsvinninga haldið áfram með þeim hætti að einn seldur miði í hverri útgefni miðaröð happraættisins hljóti vinning. Fjárhæð sjóðsvinninga í 12. flokki skal ákvörðuð þannig að sú fjárhæð sem varið var á árinu til vinninga í sjóðshluta verði að fullu ráðstafað sem vinningum á selda miða.

### 2. gr.

19. gr. orðist svo:

Útráttur vinninga fer fram með eftirfarandi hætti:

- I. Fyrri hluti útráttar vinninga í hverjum flokki happraættisins fer fram með tvennum hætti:
  - A. Með notkun tölvu:
    - a. Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með notkun tilskilins stokks og er sú 8 stafa tala sem fram kemur skráð. Aðgerðin er endurtekin þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
    - b. Tölvun er hreinsuð og færð í upphafstöðu.
    - c. Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna.
    - d. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útráttinn, svo sem fjöldi númera og vinningsfjárhæðir, eru settar inn frá lyklaborði tengdu tölvunni og prentast út jafnhliða.
    - e. Tölvun dregur og prentar út skrá sem verður hluti af vinningaskrá.
    - f. Sé óskað eftir afriti skrárinnar á segulbandi er það nú gert.
    - g. Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn til varðveislu af happraættisráði.
  - B. Með notkun stokks:

Valdar eru tveggja stafa tölur. Valið fer fram með notkun tilskilins stokks og er sú tala, sem fram kemur og fyrstu tveir stafir mynda, skráð. Þetta er endurtekið þar til tilskilinn fjöldi talna hefur fengist. Tölurnar verða hluti af vinningaskrá, en þær vísa til síðustu tveggja tölustafa í hverju miðanúmeri. Þau miðanúmer sem þannig er vísað til eru vinningsnúmer.

Að þessum útdrætti loknum er prentuð úr heildarvinningaskrá sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.

Happdrættisráð færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdráttarins.

II. Síðari hluti útdráttar vinninga í einstökum flokkum happdrættisins fer fram með eftirfarandi hætti:

A. Í 1. til 11. flokki skal notuð tölva:

- a. Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með notkun tilskilins stokks og er sú 8 stafa tala sem fram kemur skráð. Aðgerðin er endurtekin þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
- b. Tölvun er hreinsuð og færð í upphafstöðu.
- c. Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna.
- d. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinningsfjárhæðir, eru settar inn frá lykllaborði tengdu tölvunni og prentast út jafnhliða.
- e. Tölvun dregur og prentar út skrá sem verður hluti af vinningaskrá.
- f. Sé óskað eftir afriti skrárinnar á segulbandi er það nú gert.
- g. Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn til varðveislu af happdrættisráði.

Að þessum síðari útdrætti, vegna 1. til 11. flokks, loknum er prentuð út heildarvinningaskrá fyrir útdráttinn sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.

Happdrættisráð færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdráttarins.

B. Í 12. flokki skal notaður stokkur:

Í 12. flokki skal draga sérstaklega út einn vinning í hverri röð, B, E, F, G og H, sbr. 9. gr., sem dreginn skal eingöngu úr seldum miðum.

Drátturinn fer þannig fram:

- a. Valið er númer með notkun stokks. Ef fimm fyrstu stafir sem koma upp mynda tölu á bilinu 1-60.000 skal sú tala skráð og telst hún vinningsnúmer. Ella skal valið endurtekið þar til slík tala kemur upp.
- b. Athugað er hvaða happdrættismiðar með vinningsnúmerum eru seldir. Seldur miði sem ber númerið og bókstaf miðaraðar hlýtur vinning.
- c. Ef allar miðaraðir hljóta ekki vinning í þessum drætti skal dráttur endurtekinn vegna þeirra raða.
- d. Dráttur skal endurtekinn þar til miði í hverri miðaröð hefur hlotið vinning.

Happdrættisráð færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdráttarins.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1997.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. nóvember 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón Thors.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 37/1989, um greiðslur samkvæmt 38. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. reglugerð nr. 37/1993 og reglugerð nr. 109/1996.**

1. gr.

A. liður 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:  
Gjaldheimtan í Reykjavík er innheimtuaðili staðgreiðslu í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 41. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1997.

*Fjármálaráðuneytinu, 3. desember 1996.*

F. h. r.

**Jón Guðmundsson.**

---

*Margrét Gunnlaugsdóttir.*

9. desember 1996

Nr. 627

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um pósthjónustu nr. 161/1990.**

1. gr.

Greinar 1.3.10 til og með 1.3.14 falla brott. Tölusetning annarra greina breytist í samræmi við það.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 38. gr. póstlaga nr. 33/1986, öðlast gildi 1. janúar 1997 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytinu, 9. desember 1996.*

**Halldór Blöndal.**

---

*Halldór S. Kristjánsson.*

# REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð nr. 690/1994 um snyrtivörur.

### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðast svo:  
Ákvæði reglugerðar þessarar taka ekki til vöru sem fellur undir lyfjalög nr. 93/1994.

### 2. gr.

17. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðis-  
eftirlit með síðari breytingum og 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, sbr.  
og í lögum nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Reglugerðin er í samræmi við 1. tl., XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska  
efnahagssvæðið, tilskipun 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur,  
ásamt breytingum í tilskipunum 79/661/EBE, 82/147/EBE, 82/368/EBE, 83/191/EBE,  
83/341/EBE, 83/496/EBE, 83/574/EBE, 84/415/EBE, 85/391/EBE, 86/179/EBE, 86/199/  
EBE, 87/137/EBE, 88/233/EBE, 88/667/EBE, 89/174/EBE, 89/679/EBE, 90/121/EBE,  
91/184/EBE, 92/8/EBE, 92/86/EBE, 93/35/EBE, 93/47/EBE, 94/32/EB, 95/34/EB og  
96/41/EB, svo og tilskipun 80/1335/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi  
nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, ásamt breytingum í  
tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE, 85/490/EBE, 93/73/EBE,  
95/32/EB og 96/45/EB.

### 3. gr.

Viðauki 7 orðist svo:

#### VIÐAUKI 7

#### **Greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara.**

Við eftirlit með samsetningu snyrtivara skulu notaðar aðferðir sem birtar eru í tilskipun  
framkvæmdastjórnarinnar 80/1335/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi  
nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, ásamt breytingum í  
tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE, 85/490/EBE, 93/73/EBE,  
95/32/EB og 96/45/EB.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðis-  
eftirlit með síðari breytingum og 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, sbr.  
og lög nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu til þess að öðlast þegar gildi.  
Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 444/1996 um breytingu á reglugerð nr. 690/1994 um  
snyrtivörur.

*Umhverfisstjórnin, 3. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 90 – 1996

10. desember 1996

1633

Nr. 629

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri, ostum og eggjum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur er nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, hefur gert.

#### 2. gr.

Eftirfarandi ákvæði taflna a, b, c og d gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| Tollnúmer | Vara                                     | Tímabil       | Vörumagn<br>kg | Verðtollur<br>% | Magntollur<br>kr./kg |
|-----------|--|---------------|----------------|-----------------|----------------------|
| <b>a)</b> |  |               |                |                 |                      |
| 0405.0000 | Smjör og önnur fita                      | 01.01.-30.06. | 18.100         | 0               | 201                  |
| <b>b)</b> | Ostur til almennra nota:                 |               | 26.100         |                 |                      |
| 0406.1000 | Nýr ostur, mysuostur o.fl.               | 01.01.-30.06. |                | 0               | 143                  |
| 0406.2000 | Hvers konar rifinn eða mulinn ostur      | 01.01.-30.06. |                | 0               | 143                  |
| 0406.3000 | Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn    | 01.01.-30.06. |                | 0               | 107                  |
| 0406.4000 | Gráðostur                                | 01.01.-30.06. |                | 0               | 164                  |
| 0406.9000 | Annar ostur                              | 01.01.-30.06. |                | 0               | 160                  |
| <b>c)</b> | Ostur til iðnaðar- og/eða matvælagarðar: |               | 13.000         |                 |                      |
| 0406.1000 | Nýr ostur, mysuostur o.fl.               | 01.01.-30.06. |                | 0               | 143                  |
| 0406.2000 | Hvers konar rifinn eða mulinn ostur      | 01.01.-30.06. |                | 0               | 143                  |
| 0406.3000 | Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn    | 01.01.-30.06. |                | 0               | 107                  |
| 0406.4000 | Gráðostur                                | 01.01.-30.06. |                | 0               | 164                  |
| 0406.9000 | Annar ostur                              | 01.01.-30.06. |                | 0               | 160                  |
| <b>d)</b> | Eggjarauða:                              |               |                |                 |                      |
| 0408.1900 | Önnur                                    | 01.01.-30.06. | ótilgr.        | 15              | 195                  |

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ótilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

### 4. gr.

Til úthlutunar í vörulið 0406 eru samtals 39.100 kg. Til almennra nota, annað en til iðnaðar- og/eða matvælagarðar, skv. töflu b) í 2. gr. eru til úthlutunar 26.100 kg og til iðnaðar- og/eða matvælagarðar skv. töflu c) eru 13.000 kg. Það teljast almenn not í þessu sambandi ef aðeins er um niðurhlutun og umpökkun í neytendaumbúðir að ræða.

Tilgreina skal í umsóknum hvort sótt er um tollkvóta í osti til almennra nota, eða hvort sótt er um ost til iðnaðar- og/eða matvælagarðar. Verði sótt um minna magn af osti en auglýst er í öðrum hvorum flokknum, skal því magni sem umfram er bætt við hinn.

### 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildir og gildir til 1. júlí 1997.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

**um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.**

### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur er nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, hefur gert.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| Vara   | Tímabil       | Vörumagn<br>kg | Verðtollur<br>% | Magntollur<br>kr./kg |
|--|---------------|----------------|-----------------|----------------------|
| <b>Tollnúmer: Kjöttvörur úr vörulið 1602:</b>          |               | 29.400         |                 |                      |
| 1602.1001 Blönduð matvara meira en 60% af kjöti        | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 84                   |
| 1602.1009 Meira en 20% til og með 60%                  | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 84                   |
| 1602.2011 Meira en 60% af dýralifur                    | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 117                  |
| 1602.2012 Meira en 20% til og með 60% af dýralifur     | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 117                  |
| 1602.2019 Annað  | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 44                   |
| 1602.2021 Annað, meira en 60% af dýralifur             | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 117                  |
| 1602.2022 Annað, meira en 20%, til og með 60%          | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 78                   |
| 1602.2029 Annað  | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 26                   |
| 1602.3101 Úr kalkúnum meira en 60%                     | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 203                  |
| 1602.3102 Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%      | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 203                  |
| 1602.3109 Annað  | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 115                  |
| 1602.3201 Úr hænsnum meira en 60%                      | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 203                  |
| 1602.3202 Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%      | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 203                  |
| 1602.3209 Annað  | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 115                  |
| 1602.3901 Annað meira en 60% úr alifuglum              | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 203                  |
| 1602.3902 Annað 20% til og með 60% úr alifuglum        | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 203                  |
| 1602.3909 Annað  | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 115                  |
| 1602.4101 Úr svinum meira en 60%, læri og lærissneiðar | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 522                  |
| 1602.4102 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti        | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 343                  |
| 1602.4109 Annað  | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 115                  |
| 1602.4201 Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar   | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 412                  |
| 1602.4202 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti        | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 247                  |
| 1602.4209 Annað  | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 83                   |
| 1602.4901 Annað meira en 60% af kjöti, blöndur         | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 511                  |
| 1602.4902 Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti  | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 307                  |
| 1602.4909 Annað  | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 102                  |
| 1602.5001 Meira en 60% kjöt úr nautgripum              | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 362                  |
| 1602.5002 Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti        | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 304                  |
| 1602.5009 Annað  | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 102                  |
| 1602.9011 Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti          | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 442                  |
| 1602.9012 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti        | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 265                  |
| 1602.9019 Annað  | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 89                   |
| 1602.9021 Annað, úr öðru kjöti meira en 60%            | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 442                  |
| 1602.9022 Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 265                  |
| 1602.9029 Annað  | 01.01.-30.06. | -              | 0               | 89                   |

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleysis og er ekki framseljanleg.



Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

## 4. gr.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta. Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

|           |           |          |
|-----------|-----------|----------|
| vöruliðir | 1602.10XX | 800 kg   |
| vöruliðir | 1602.20XX | 800 kg   |
| vöruliðir | 1602.3XXX | 5.800 kg |
| vöruliðir | 1602.4XXX | 4.500 kg |
| vöruliðir | 1602.50XX | 1.600 kg |
| vöruliðir | 1602.90XX | 1.200 kg |

## 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1997.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| Vara              | Tímabil                               | Vörumagn<br>kg  | Verðtollur<br>% | Magntollur<br>kr/kg |
|-------------------|---------------------------------------|-----------------|-----------------|---------------------|
| <i>Tollnúmer:</i> |                                       |                 |                 |                     |
| 0407.0000         | Frjóegg (af tegund Gallus domesticus) | 01.01.-31.12.97 | ótilgr.         | 77                  |
| 0404.9000         | Annað (mysuduft)                      | 01.01.-31.12.97 | ótilgr.         | 5                   |

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407-0000) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

## 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1997 og gildir til 1. janúar 1998.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

6. desember 1996

Nr. 632

## REGLUGERÐ um Orkustofnun.

## 1. gr.

Orkustofnun er sjálfstæð ríkisstofnun, sem starfar undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

## 2. gr.

Meginhlutverk Orkustofnunar er sem hér segir:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál, samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 og önnur auðlindamál sem stofnuninni eru falin með lögum og stjórnvaldsákvörðunum.
2. Að safna og varðveita grundvallarupplýsingar um auðlindirnar og standa fyrir rannsóknnum á þeim, þannig að unnt sé að veita ráðgjöf um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra.
3. Að halda skrár um orkubúskap landsmanna, þar með talið um orkunýtingu, og standa fyrir nauðsynlegum rannsóknum og upplýsingaöflun í því skyni og gefa út árlega yfirlit um þessi mál.
4. Að vinna að áætlunargerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda landsins í samvinnu við aðra.
5. Að stuðla að samvinnu þeirra sem að orkumálum starfa og samræmingu á rannsóknum og gerð rannsóknáætlunar til langs tíma.
6. Að annast þau stjórnsýsluverkefni sem Orkustofnun eru falin skv. lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

7. Að miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings um orkubúskap og nýtingu auðlindanna.
8. Að hafa umsjón með auðlindasvæðum í eigu ríkisins.
9. Að annast rannsóknir á þeim sviðum sem tengjast starfsemi stofnunarinnar gegn greiðslu, eftir því sem tilefni gefst til og um semst.

Með auðlindum er í reglugerð þessari átt við orkuauðlindir svo og aðrar jarðrænar auðlindir, eftir því sem fyrir er mælt í lögum.

### 3. gr.

Iðnaðarráðherra skipar orkumálastjóra til fimm ára í senn. Hlutverk orkumálastjóra er að fara með stjórn og daglegan rekstur Orkustofnunar. Hann skal sjá til þess að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða svo og þess fjárhagsramma sem fjárlög afmarka hverju sinni. Ennfremur skal hann annast um að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna stofnunarinnar. Nánar skal kveðið á um verksvið og skyldur orkumálastjóra í erindisbréfi.

Orkumálastjóri kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar.

### 4. gr.

Stjórn Orkustofnunar er skipuð af iðnaðarráðherra. Í henni skulu sitja þrír menn til tveggja ára í senn.

Hlutverk stjórnar er að fylgjast með að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Þá fjallar stjórnin um meginstefnu í starfsemi stofnunarinnar, þar með talið um starfsáætlun, fjárhagsáætlun og skipurit fyrir stofnunina svo og um langtíma markmiðssetningu.

Um starfskjör stjórnarmanna fer skv. nánari ákvörðun ráðherra.

### 5. gr.

Starfsemi Orkustofnunar skiptist í tvo málaflokka, orkumál og orkurannsóknir. Hvor málaflokkur skiptist í tvær sjálfstæðar rekstrareiningar með eftirfarandi hætti:

1. Orkumál:
  - Orkumálasvið, sbr. 6. gr.
  - Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sbr. 7. gr.
2. Orkurannsóknir:
  - Rannsóknasvið, sbr. 8. gr.
  - Vatnamælingar, sbr. 8. gr.

Fjárveitingum af fjárlögum til Orkustofnunar skal varið til reksturs orkumálasviðs og embættis orkumálastjóra svo og til verkkaupa vegna orkurannsókna og vatnamælinga í samræmi við ákvæði fjárlaga og rannsóknáætlun sem stofnunin semur og ráðherra staðfestir, sbr. t.d. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Skrifstofa orkumálastjóra skal, sem sérstök rekstrareining, annast sameiginlega þjónustu fyrir stofnunina, eftir því sem hagkvæmt og skynsamlegt þykir.

Rekstrareiningarnar skulu vera fjárhagslega aðgreindar eða aðskildar eftir því sem við á. Hver fyrir sig skal standa undir þeim kostnaði sem af starfsemi hennar hlýst, þ.m.t. vegna þjónustu sem einingarnar selja hver annarri, sameiginlegri þjónustu stofnunarinnar og þjónustu annarra aðila.

Heimilt er að ráða sérstaka yfirmenn rekstrareininga stofnunarinnar, sbr. 1. og 3. mgr. Skal fela þeim þann starfa tímabundið til fimm ára í senn. Orkumálastjóri skal setja yfirmönnum þessum erindisbréf þar sem m.a. skal kveða á um valdsvið og verkaskiptingu þeirra.

## 6. gr.

Hlutverk orkumálasviðs er að uppfylla ákvæði laga um Orkustofnun gagnvart stjórnvöldum, sbr. fyrstu átta töluliði 2. mgr. 2. gr. Þetta hlutverk sitt rækir orkumálasviðið m.a. með því:

1. Að hafa í þjónustu sinni hæfa sérfræðinga með greinargóða yfirlitsþekkingu á meginatriðum íslenskra orkumála, orkubúskap, vatnsorku og jarðhita til að geta m.a. veitt ríkisstjórninni ráðgjöf um skynsamlega nýtingu auðlindanna.
2. Að skilgreina og gera áætlun um þau rannsóknarverk sem vinna skal fyrir fjárveitingar úr ríkissjóði til orku- og auðlindarannsókna, semja um framkvæmd þeirra, hafa eftirlit með framvindu rannsókna og meta og túlka niðurstöður.

Við samninga skal m.a. gætt að eðlilegri verðlagningu á rannsóknastarfsemi sem ekki býr við samkeppni á markaði.

## 7. gr.

Starfrækja skal jarðhitaskóla samkvæmt samningi við Háskóla Sameinuðu þjóðanna, eftir því sem fé er veitt til skólans eða hann aflar.

## 8. gr.

Hlutverk rannsóknasviðs og vatnamælinga er sem hér segir:

1. Að annast rannsóknir á auðlindunum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., eðli þeirra og skilyrðum til nýtingar samkvæmt samningi við þá sem slíkar rannsóknir kosta, m.a. orkumálasvið stofnunarinnar, orkufyrirtæki o.fl.
2. Að vinna að sérstökum verkefnum fyrir orkumálasvið, sem miða að því að uppfylla hlutverk þess.
3. Að sinna, eftir því sem um semst, kennslu og leiðbeiningarstörfum við jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sbr. 7. gr.
4. Að annast aðrar rannsóknir á auðlindasviði en um getur í 1. töluliði eftir því sem tilefni gefst til og um semst.
5. Að markaðsfæra erlendis þekkingu Orkustofnunar, enda sé ekki tekin meiri áhætta en samrýmist fjárhagslegri getu viðkomandi rekstrareiningar.
6. Að finna upp, þróa og aðlaga aðferðir og tæki til rannsókna á orkulindum landsins í samræmi við fjárhag viðkomandi rekstrareiningar hverju sinni.

Keppt skal að því að veita viðskiptavinum örugga og góða ráðgjöf og þjónustu. Í því skyni skal m.a. gæta þess:

1. Að til staðar sé nægileg fagþekking og að henni sé haldið við.
2. Að tiltækur sé tækjabúnaður sem nauðsynlegur er til að beita fremstu rannsóknartækni eftir því sem fjárhagur leyfir og við verður komið á hverjum tíma.

Orkumálastjóri skal kveða á um verkaskiptingu í orkurannsóknamálum milli rannsóknasviðs og vatnamælinga.

Verkefni sem rannsóknasvið og vatnamælingar annast, fyrir orkumálasviðið eða aðra, skulu að jafnaði standa undir sér og verðlagning taka mið af markaðsverði þegar slíkt á við.

Rekstrarafgangi rannsóknasviðs og vatnamælinga skal í samráði við orkumálastjóra ráðstafa til að efla rannsóknarfærni viðkomandi rekstrareiningar, m.a. með hliðsjón af því hlutverki sem fram kemur í 6. töluliði 1. mgr. og 2. töluliði 2. mgr. þessarar greinar.

## 9. gr.

Ráðherra skipar tækninefnd orkumálastjóra til ráðuneytis. Hlutverk tækninefndar er að vera samráðsvettvangur orkumálasviðs Orkustofnunar og orkuiðnaðarins til að stuðla að samvinnu þeirra og vera ráðgefandi t.d. við undirbúning orkurannsóknáætlunar og mótun langtímastefnu í orku- og auðlindarannsóknunum. Í nefndinni skulu eiga sæti:

1. Orkumálastjóri, sem jafnframt er formaður.
2. Fulltrúi Landsvirkjunar.
3. Tveir fulltrúar Samorku.
4. Fulltrúi Rafmagnsveitna ríkisins.
5. Fulltrúi Rannsóknarráðs Íslands.
6. Fulltrúi Þjóðhagsstofnunar.

Tækninefndin skal auk þess kalla til starfa aðra í samræmi við hlutverk sitt eins og við á. Starf í tækninefndinni er ólaunað.

## 10. gr.

Setja skal Orkustofnun skipurit þar sem nánar er kveðið á um innra skipulag hennar. Ráðherra staðfestir skipuritið.

## 11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. orkulaga nr. 58 frá 29. apríl 1967. Reglugerðin öðlast gildi 1. jan. 1997. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 79 frá 29. mars 1968 um tækninefnd Orkustofnunar.

*Iðnaðarráðuneytinu, 6. desember 1996.*

**Finnur Ingólfsson.**

\_\_\_\_\_  
*Halldór J. Kristjánsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akraness eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

Bannað verði að leggja bifreiðum austan megin við Vogabraut á Akranesi, frá gangbraut að nyrðri enda heimavistar Fjölbrautaskóla Vesturlands, Akranesi.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akranesi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Lögreglustjórinn á Akranesi, 5. desember 1996.*

**Kristrún Kristinsdóttir** fulltrúi.

## SAMÞYKKT

### um gatnagerðargjöld í Ísafjarðarbæ.

#### 1.0 Almenn ákvæði.

- 1.1 Bæjarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land sem samþærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.
- 1.2 Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum undir bundið slitlag.
- 1.3 Gatnagerðargjaldi B skal varið til að leggja bundið slitlag á götur og leggja gangstéttir.
- 1.4 Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjaldið samkvæmt gjaldskrá, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni, sbr. þó grein 1.6.
- 1.5 Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færirist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði sem nemur mismuni á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Þegar veitt er leyfi fyrir stækkun húss greiðist gatnagerðargjald af henni samkvæmt gjaldskrá.
- 1.6 Hafi byggingarleyfi verið veitt og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta byggingarinnar sem byggingarleyfið er endurnýjað fyrir, að frádregnu því gatnagerðargjaldi sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.
- 1.7 Lóðin er veitt í því ástandi, sem hún er í við afhendingu og á lóðarhafi engar kröfur á hendur bæjarfélaginu síðar vegna ástands hennar. Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum svo og öðrum þeim lögum og reglum, sem til greina kunna að koma og settar kunna að verða.
- 1.8 Rífi lóðarhafi gamalt hús á eigin kostnað og byggir nýtt á sömu lóð, skal lækka gatnagerðargjaldið af nýja húsinu samsvarandi rúmmáli þess húss sem var rífið skv. gr. 2.3. Gjaldstuðull fyrir hús sem er fjarlægð getur þó ekki orðið hærri en fyrir nýja húsið.

#### 2.0 Gjaldstofn.

- 2.1 Upphæð gatnagerðargjalda skal miðast við ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar hvers rúmmetra í „vísitölufjölbýlishúsi“. Gjaldskráin er því háð vísitölu byggingarkostnaðar og skal breytast samkvæmt henni. A-gjald skal miðast við samþykki byggingarnefndar á teikningum, en B-gjald skal miðast við lok framkvæmda.
- 2.2 Gjöldin skulu og miðast við brúttórúmmál húss. Rúmmál skal reikna samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins. Rúmmál skal reikna samkvæmt samþykktum uppdráttum.

## 2.3 Gjaldstofn til A-gjalds:

|   |      |
|---|------|
| Einbýlishús .....   | 7,0% |
| Rað- og sambýlishús (mest 4 íbúðir) .....                     | 5,0% |
| Fjölbýlishús (fleiri en 5 íbúðir) .....                       | 2,5% |
| Verslunar- og skrifstofuhúsnæði .....                         | 8,0% |
| Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði .....                        | 3,0% |
| Sérbyggðar bifreiðageymslur í áður byggðum hverfum .....      | 4,5% |
| Skólamannvirki .....  | 6,0% |
| Áfastir sólskálar (a.m.k. 80% veggja skal vera glermál) ..... | 2,5% |

Af kjöllurum, rishæðum sem ekki eru notaðar til íbúðar- eða atvinnureksturs, svo og bifreiðageymslum, skal gjald skv. gr. 2.3 vera 50% af gjaldstuðli viðkomandi húss.

## 2.4 Gjaldstofn til B-gjalds:

|   |       |
|---|-------|
| Einbýlishús .....                         | 2,0%  |
| Raðhús, sambýlishús (mest 4 íbúðir) ..... | 1,5%  |
| Fjölbýlishús (fleiri en 5 íbúðir) .....   | 0,75% |
| Atvinnuhúsnæði .....                      | 0,75% |
| Verslanir og skrifstofur .....            | 2,0%  |
| Opinberar byggingar .....                 | 2,0%  |

### 3.0 Um afsögn veittrar lóðar og lækkingu gatnagerðargjalda.

- 3.1 Óski lóðarhafi eftir að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi, verðbættu miðað við byggingarvísitölu en vaxtalaus. Heimilt er þó að fresta greiðslunni eins og hér segir: 50% gatnagerðargjaldsins greiðast eftir 12 mánuði. Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt að fullu þegar sú lóðarveiting fer fram.
- 3.2 Bæjarstjórn getur samkvæmt tillögu bæjarráðs ákveðið að lækka eða fella niður gatnagerðargjald á íbúðarhúsalóðum, sem óbyggðar eru í annars byggðum hverfum og að mati byggingarnefndar eru verulega erfiðar og dýrar í byggingu miðað við venjulega byggingartækni á hverjum tíma. Einnig er bæjarstjórn heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af fjölbýlishúsum samkvæmt þessari grein.
- Þá er bæjarstjórn heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Ennfremur getur bæjarstjórn ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar eru sérhæfðar og/eða afbrigðilegar um notkun og annað slíkt. Þá er bæjarstjórn heimilt að fresta innheimtu gatnagerðargjalda af tekjulágum eigendum fasteignar, sem náð hafa 67 ára aldri, og þeim sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.
- Verði eigendaskipti á húseign þar sem frestað hefur verið innheimtu á gatnagerðargjaldi, skal bæjarstjórn heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram með áorðnum breytingum á byggingarvísitölu, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.
- 3.3 Þegar svo hagar til að B-gatnagerðargjaldið er ætlað til lagningar gangstétta eingöngu, skal gjaldstuðull vegna gangstétta vera 1/3 af gjaldstuðli fyrir viðkomandi fasteign skv. gr. 2.4.

### 4.0 Um greiðslu gjalda.

- 4.1 Greiða skal 20% af áætluðu gatnagerðargjaldi skv. gr. 2.3 innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar greiðast þegar byggingarleyfi er veitt, þó ekki síðar en 4 mánuðum frá lóðarúthlutun, nema byggingarskilmálar setji annan frest til að leggja fram fullnaðar-teikningar. Bæjarstjóra er heimilt að veita lengri gjaldfrest á eftirstöðvum gatnagerðargjalds, þó ekki lengur en í 6 mánuði frá veitingu byggingarleyfis, enda séu fullnægjandi tryggingar settar. Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar greinar ef um umfangsmiklar byggingarframkvæmdir er að ræða.

- 4.2 Sé gatnagerðargjald ekki greitt í samræmi við ákvæði 4. gr. fellur lóðarúthlutun sjálfkrafa úr gildi og getur bæjarstjórn þá úthlutað lóðinni á ný.
- 4.3 Gatnagerðargjöld skv. gr. 2.4 miðast við byggingarkostnað á þeim tíma sem lokaframkvæmd við gerð götu fer fram. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miða við byggingarkostnað þegar byggingarleyfi var veitt.
- 4.4 Gatnagerðargjald skv. gr. 2.4 fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafla er lokið eða einum mánuði eftir að byggingarleyfi er veitt, sé um hús við fullgerða götu að ræða. Heimilt er þó gjaldanda að greiða hluta gjaldsins með skuldabréfi, sem greiðist með jöfnum afborgunum á næstu fjórum árum. Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi eign og ákveður bæjarstjórn við hverja álagningu hvaða vexti þau skuli bera. Bæjarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin þriðja aðila. Bæjarráði er heimilt að veita staðgreiðsluafslátt af gatnagerðargjöldum.
- 4.5 Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á sbr. lög nr. 51/1974 og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Aðför má gera til fullnustu gjöldum samkvæmt samþykkt þessari, sbr. lög nr. 90/1989.

### 5.0 Um ágreining.

- 5.1 Bæjarráð sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt samþykkt þessari.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerð um gatnagerðargjöld í Flateyrarhreppi nr. 283/1985, samþykkt um gatnagerðargjald í Ísafjarðarkaupstað nr. 598/1989, reglugerð um gatnagerðargjöld í Suðureyrarhreppi nr. 342/1975, reglugerð um gatnagerðargjald A í Suðureyrarhreppi nr. 103/1977 og reglugerð um gatnagerðargjöld í Þingeyrarhreppi nr. 155/1983.

*Félagsmálaráðuneytinu, 3. desember 1996.*

F. h. r.

**Sigríður Lillý Baldursdóttir.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## REGLUGERÐ

### um notkun lyfja og meðferð á sýningar- og keppnishrossum.

1. gr.

#### *Skilgreiningar.*

- Knapi:** Reiðmaður, einstaklingur sem stjórnar hesti í keppni eða sýningu.
- Keppni:** Hvers kyns kappleikir, mót eða samkomur, sem haldin eru með þátttöku hrossa.
- Sýning:** Hvers konar skipulagðar samkomur, sem haldnar eru með þátttöku hrossa, þar sem riðið er fyrir dóm eða áhorfendur.
- Mótshaldari:** Einstaklingur eða samtök, sem skipuleggja, undirbúa og halda sýningar eða keppni hvers konar.



- Lyfjasýni: Sýnishorn af blóði og þvagi, eða í vissum tilvikum líffærum hrossa, sem nota skal við rannsóknir á lyfjum (lyfjainnihaldi).
- Trúnaðar-  
dýralæknir: Dýralæknir sem kemur fram sem fulltrúi samtaka hestamanna eða annarra aðila sem standa að keppni eða sýningum á hrossum sbr. 5. gr.
- Ábyrgðaraðili: Knapi, eigandi eða hver sá aðili sem er ábyrgur fyrir hesti í keppni, á sýningu eða við undirbúning fyrir keppni eða sýningu.

## 2. gr.

Óheimilt er að láta hest taka þátt í sýningu eða keppni hafi hestinum verið gefið lyf og/eða lyf greinist í lyfjasýni sem tekið hefur verið úr hestinum.

Óheimilt er að láta hest taka þátt í sýningu eða keppni ef hesturinn er staðdeyfður. Innan þeirra tímamarka sem getið er í 3. gr. þessarar reglugerðar er óheimilt að láta hest taka þátt í keppni, og/eða sýningu hvers konar, ef gefið hefur verið lyf eða beitt hefur verið sérstakri meðferð í því skyni að hafa áhrif á afkastagetu eða skapgerð hestsins, óháð því hvort lyfið eða meðferðin hefur haft slík áhrif í viðkomandi tilviki, og óháð því hvort lyfinu eða meðferðinni hefur verið beitt til að fyrirbyggja eða lækna meiðsli eða sjúkdóm í hestinum.

Til lyfja í þessu tilliti teljast m.a.:

- Lyf sem virka á miðtaugakerfið (s.s. deyfandi lyf, hitastillandi lyf o.fl.).
- Lyf sem virka á ósjálfráða miðtaugakerfið.
- Lyf sem virka á hjarta- og æðakerfið.
- Lyf sem virka á meltingakerfið.
- Lyf sem virka á storknunargetu blóðsins.
- Lyf gegn örverum og sníklum.
- Ofnæmislyf.
- Hitastillandi og deyfandi lyf, verkjalyf og bólgueyðandi lyf.
- Þvagræsilyf.
- Staðdeyfilyf.
- Vöðvaslakandi eða örvandi lyf.
- Öndunarfærallyf.
- Kynhormónar, bolsterar (anabolsterar) og barksterar.
- Aðrir hormónar eða hliðstæð samtengd efni.
- Innsþýting eða vökvagjöf vítamína, snefilefna og næringarlausna.
- Frumueyðandi lyf.
- Náttúrulækningalyf (smáskammtalækningalyf).

Til sérstakrar meðferðar telst:

- Vökvagjöf og/eða innsþýting blóðs, blóðefna eða blóðvökvalíkis.
- Notkun öndunargrímu með lyfjum.
- Sjúkrameðferð sem felur í sér notkun hljóðbylgna, stuttbylgna, segulsviðsmeðferðar, leysigeisla, önnur tauga- eða vöðvagegnumleiðni, spanstraumsmeðferð, önnur raförvun, jónageislun (m.a. röntgenmeðferð) og önnur samsvarandi meðferð.
- Kæling líkamshluta með ís, kuldameðferð, notkun varmaskiptivélar, kæliumbúðir eða þvílíkt.
- Nálastungur, hnykkingar (kírópraktík).
- Í vafatilvikum skal dýraverndarráð í samráði við yfirdýralækni skera úr um hvort lyfjanotkun eða önnur meðferð telst heimil.

## 3. gr.

Um meðferð þá sem getið er í 2. gr. gildir almennur fjögurra sólarhringa frestur, sem í öllum tilfellum reiknast til kl. 12.00 á viðkomandi sýningar- og/eða keppnisdegi, enda séu ekki sett önnur tímamörk. Eftirfarandi önnur tímamörk gilda:

## 1. 180 sólarhringar:

Ígræðsla efna þar með talin innspýting efna með forðaverkun (depot).

Yfirdýralæknir getur þó veitt heimild til undanþágu frá ofangreindum tímamörkum, í þeim tilvikum þar sem um er að ræða hryssur er hafa óeðlilegan (langan/áhrifaríkan) fengitíma eða gangmál, og gefið hefur verið hormónalyf með forðaverkun. Skrifleg umsókn skal berast yfirdýralækni a.m.k. viku fyrir keppni eða sýningu. Umsóknin skal vera rökstudd og henni skal fylgja vottorð viðkomandi dýralæknis til staðfestingar.

## 2. 90 sólarhringar:

Kynhormón og bolsterar.

## 3. 14 sólarhringar:

Staðbundin og óstaðbundin (systemísk) notkun barkstera, bólgueyðandi lyfja, sem ekki eru sterar (fenylbutason, oksyfenbutazon, flunixinmeglumin, metamizol, naproxen o.fl.) og óstaðbundin notkun benzympenicillinprocains.

Innspýting lyfja í liði, sinaskeiðar o.þ.h. ásamt innspýtingum og liðvökvatöku í sjúkdómsgreiningarskyni auk meðferðar með mismunandi lyfjum nema lengri tímamörk gildi um notkun þeirra.

## 4. 12 stundir:

Kæling líkamshluta með ís, kuldameðferð, varmaskiptivél, kæliumbúðum o.þ.h.

## 5. Enginn frestur (leyft fram að upphafi sýningar eða keppni):

Staðbundin notkun lyfja á húð gegn örverum og notkun lyfja á húð sem hlífa, mýkja, gleypa, herpa eða verka leysandi á hornhúðina. Staðbundin notkun lyfja gegn örverum í auga. Notkun seltra (t.d. glábersalt) eða smyrjandi hægðalyfja.

Bannað er að láta hest hefja keppni ef honum hefur verið gefið blóð, blóðefni eða blóðvökvalíki í æð eða verið sprautaður með slíku nema meðferðin hafi verið veitt í tengslum við sjúkdómstilvik. Í sérstökum tilvikum getur yfirdýralæknir engu að síður leyft að hestur taki þátt í keppni enda séu minnst 60 dagar liðnir síðan vökvagjöfin eða innspýtingin átti sér stað.

## 4. gr.

Þegar dýralæknir er kvaddur til hests vegna sjúkdóms eða meiðsla er knapa eða ábyrgðaraðila skylt að veita dýralækninum sem meðferðina annast vitneskju um hvort og þá hvenær ætlunin sé að hesturinn taki þátt í keppni og/eða sýningu.

Dýralækni sem stundar keppnis- og/eða sýningarhest er skylt að kynna sér hvort læknis-meðferð hans fellur undir 2. eða 3. gr. reglugerðar þessarar. Ef meðferðin á sér stað innan þeirra tímamarka sem getið er í 3. gr. er dýralækninum skylt að vekja athygli knapa eða ábyrgðaraðila á því að ekki er heimilt að láta hestinn taka þátt í keppni eða sýningu og afhenda dýralæknisvottorð ritað á viðurkennt eyðublað því til staðfestingar.

Leiki vafi á um hvort meðferðin fellur undir reglugerð þessa, skal leggja dýralæknisvottorð á viðurkenndu eyðublaði fyrir trúnaðardýralækni eða fulltrúa hans til úrskurðar tímanlega áður en keppnin og/eða sýningin hefst.

Þegar hestur tekur þátt í sýningu eða keppni skal knapi eða ábyrgðaraðili tilkynna trúnaðardýralækni eða fulltrúa hans, áður en keppni hefst, um notkun lyfja eða annarra efna og/eða meðferð sem kann að falla undir 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar.

Þó að trúnaðardýralæknir eða fulltrúi hans meti það svo að 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar hafi ekki verið brotnar og hesturinn tekur þátt í keppni eða sýningu firrir það ekki knapa eða ábyrgðaraðila, ábyrgð á að hafa notað lyf eða beitt sérstakri meðferð sem stríðir gegn þessari reglugerð.

Telji trúnaðardýralæknir eða fulltrúi hans að þátttaka brjóti í bága við 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar skal hann gera knapa eða ábyrgðaraðila grein fyrir því og afleiðingum þess að taka þátt í keppinni eða sýningunni.

#### 5. gr.

Á skipulegum sýningum eða mótum skal reglubundið taka lyfjasýni. Um sýnatöku skal fara að reglugerð Íþróttasambands Íslands um framkvæmd lyfjaprófs ásamt reglugerðum viðkomandi samtaka s.s. Hestaíþróttasambands Íslands, Landsambands hestamannafélaga og Bændasamtaka Íslands. Ofangreind samtök sem og aðrir aðilar sem standa að sýningum eða keppni á hrossum skulu hafa trúnaðardýralækni starfandi á sínum vegum. Yfirdýralæknir getur falið fulltrúa sínum að taka lyfjasýni á sýningum eða mótum ofangreindra aðila sem og á sýningum eða mótum sem aðrir aðilar standa að og gilda þá sömu reglur um töku lyfjasýna.

#### 6. gr.

Reykingar eru bannaðar í þeim húsakynnum þar sem sýnataka vegna lyfjaprófs fer fram eða sýnatökubúnaður er geymdur.

#### 7. gr.

Hafi mótshaldari, yfirdómnefnd eða dómarráðgjafi á mótum eða sýningum, grun um brot á reglugerð þessari, er þeim heimilt í samráði við trúnaðardýralækni eða fulltrúa hans að láta taka lyfjasýni úr viðkomandi hesti og skal töku þess háttáð eftir sömu reglum og gilda skv. 5. gr.

#### 8. gr.

Hestaíþróttasambandi Íslands, Landsambandi hestamannafélaga, Bændasamtökum Íslands eða hverjum öðrum samtökum sem hafa á stefnuskrá sinni sýningu og/eða keppni á hrossum ber að setja reglur um bann við lyfjanotkun á sýningum eða í keppni á sínum vegum og tilkynna dýraverndarráði um þær reglur sem þau hafa sett. Dýraverndarráði og yfirdýralækni skal tilkynnt, innan 10 daga um allar breytingar, sem verða kunna á reglunum.

#### 9. gr.

Komi í ljós við rannsókn lyfjasýna að þau innihaldi lyf sem brjóta í bága við reglugerð þessa og leiki grunur á um að ákvæði laga um dýravernd hafi verið brotin, skulu viðkomandi samtök umsvifalaust tilkynna það til lögreglufirvalda og dýraverndarráðs.

#### 10. gr.

Kostnað af sýnatökum samkvæmt reglugerð þessari skal mótshaldari eða samtök mótshaldara bera.

#### 11. gr.

Um eftirlit með lögum þessum fer samkvæmt lögum um dýravernd nr. 15/1994.

## 12. gr.

Með brot á reglugerð þessari skal fara skv. ákvæðum 19. gr. laga nr. 15/1994.

## 13. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 23. gr. laga nr. 15/1994, um dýravernd, og að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneyti hvað varðar hlutverk yfirdýralæknis, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um álagningarstofn fasteignaskatts.

## 1. gr.

Fasteignamat ríkisins hefur í samræmi við II., sbr. I. kafla laga nr. 4/1995, reiknað álagningarstofn fasteignaskatts fyrir hverja einstaka fasteign í landinu.

## 2. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest skrá um álagningarstofn fasteignaskatts fyrir landið allt eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Skráin er hluti af fasteignaskrá þeirri, er ráðuneytið staðfesti hinn 21. nóv. sl. Skráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofninn með tilkynningu um fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 606/1996 um nýtt fasteignamat.

## 3. gr.

Með vísan til laga nr. 4/1995 tilkynnir ráðuneytið hér með, að álagningarstofn fasteignaskatts eins og hann er ákveðinn með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins tekur gildi frá og með 1. janúar 1997 og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 608 30. nóvember 1995.

*Fjármálaráðuneytinu, 7. desember 1996.*

F. h. r.

**Dórhallur Arason.**

---

*Björn Hafsteinsson.*

# FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað.

## I. KAFLI

### Um stjórn fjallskilamála, fjallskiladeildir og afrétti.

#### 1. gr.

Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu hefur á hendi yfirstjórn fjallskilamála í sýslunni og Akraneskaupstað. Sveitarstjórnir fara með framkvæmd þeirra og gæta þess, að farið sé eftir ákvæðum laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og fjallskilasamþykktar þessarar. Þær geta og sett nánari ákvæði í einstökum atriðum, en eigi mega þær ákvarðanir raska samþykkt þessari.

#### 2. gr.

Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður eru eitt fjallskilaumdæmi, er skiptist í sjö fjallskiladeildir. Svæði það er fjallskiladeild nær yfir, er hið sama og leitarsvæði hversrar skilaréttar, sbr. 24. gr., og dregur hver deild nafn sitt af skilarétt þess svæðis.

#### 3. gr.

Afréttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þeir sem verið hafa, og eru þessir:

1. Geitland milli Hvítár og Geitár, eign Hálsa- og Reykholtaldshreppa, en þeir hreppar eiga meginafrétt sinn á Arnarvatnsheiði í Mýrasýslu.
2. Afréttur Lunddæla og Andkílinga, eign þeirra hreppa milli Grímsár og Flóku, upp frá heimalöndum Gullberastaða og Oddsstaða og austur að sýslumörkum Borgarfjarðarsýslu og Árnessýslu.
3. Sandaland, leiguland Hvalfjarðarstrandarhrepps norðvestan Bláskeggsár og upp á Botnsheiði.
4. Kirkjuland Fitja á Botnsheiði, eign Akraneskaupstaðar.

Sveitarstjórnir geta breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra heimalönd eða hluta einstakra jarða með samþykki landeiganda og umráðamanna og sveitarstjórnar þess sveitarfélags, er land það, er lagt skal til afréttar, liggur í. Skylt er að leita samþykkis hjá héraðsnefnd fyrir slíkum breytingum.

#### 4. gr.

Ef tvö eða fleiri sveitarfélög eða sveitarhlutar eru innan sömu fjallskiladeildar, skulu sveitarstjórnir þeirra koma sér saman um framkvæmd fjallskilamála.

## II. KAFLI

### Um vorsmalanir og not afrétta.

#### 5. gr.

Hver sem hefur jörð til ábúðar eða umráða, þar með taldar eyðijarðir eða eyðilönd, er skyldur að hlíta þeim samþykktum er sveitarstjórn gerir um vorsmalanir hver á sínu svæði.

## 6. gr.

Þeir sem afréttarnot hafa, mega reka þangað sauðfé sitt þegar árferði og önnur atvik leyfa, að mati sveitarstjórnar. Skal sveitarstjórn tilkynna ábúendum hvenær reka megi fé á afrétt. Hafa má allt sauðfé í heimalandi, ef það er girt fjárheldri girðingu eða sveitarstjórn samþykkir, og er ekki fleira en landgæði og landrými nægja til að mati sveitarstjórnar. Sveitarstjórn getur skyldað ábúanda jarðar til að reka fé sitt á afrétt telji hún þess þörf.

## 7. gr.

Hross má reka á afrétt ef sveitarstjórn leyfir, að höfðu samráði við gróðurverndarnefnd sýslunnar og Landgræðslu ríkisins.

## 8. gr.

Enginn má nota annan afrétt en þann er hann á upprekstur í nema með leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórna. Enginn má, án leyfis sveitarstjórnar, leyfa upprekstur né selja hagamöngungu af neinu tagi í landi umráðajarðar sinnar nema girt sé fjárheldri girðingu. Þess skal ávallt gætt, að taka ekki meiri fénað í hagamöngungu en umráðalandið ber með góðu móti eða samkvæmt ítölu ef í gildi er. Sá er tekur fénað í hagamöngungu ber sömu ábyrgð á honum og væri hann hans eigin, hvað varðar fjallskil og ágang og usla í annarra landi.

## 9. gr.

Óheimilt er að reka á afrétt sauðfé eða hross sem tekin hafa verið í hagamöngungu í heimalönd, nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórna.

## 10. gr.

Verði veruleg brögð að ágangi búfjár úr afrétti í heimahaga, getur sá er fyrir verður gert sveitarstjórn aðvart. Sé ágangur verulegur eða óeðlilegur að mati sveitarstjórnar skal hún skipa fyrir um smölun ágangsfénaðar og rekstur eða flutning til afréttar eða skilaréttar. Kostnaður greiðist að 3/4 úr fjallskilasjóði þess sveitarfélags eða sveitarfélaga er þann afrétt nota er ágangsfénaður kom frá, en landráðandi 1/4. Heimilt er þó sveitarstjórn þess sveitarfélags sem sú bújörð liggur í er ágangi sætir, að greiða þann hluta kostnaðar sem landráðanda er annars ætlað að bera. Stafi verulegur ágangur af búfé sem skylt hefur verið að reka á afrétt, ber sveitarstjórn að sjá um, að eigandi reki féð á afrétt. Nú stafar óeðlilegur ágangur af fé sem heimilt er að hafa í heimahögum og ber þá sveitarstjórn að láta smala því og reka eða flytja til eiganda. Um kostnað í því tilviki fari þannig, að fjáreigandi greiði 3/4, landráðandi 1/4. Verði ágreiningur með sveitarstjórn og landráðanda um hvað teljist vera verulegur eða óeðlilegur ágangur, geta aðilar skotið máli sínu til héraðsnefndar er þá skipar þrjú óvilhalla menn til þess að skera úr slíkum ágreiningi.

## III. KAFLI

## Um ítölu.

## 11. gr.

Héraðsnefnd getur gert samþykkt um ítölu, eftir ákvæðum III. kafla laga um afréttamálefni fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og ber þá búfjáreigendum að fara eftir henni.

#### IV. KAFLI Um fjallskil.

##### 12. gr.

Skylt er að gera fjallskil af öllu sauðfé. Leyfi sveitarstjórn rekstur stóðhrossa á afrétt skal gera fjallskil af þeim. Fjallskilagjald af hrossi má vera allt að tíu sinnum hærra en af vetrarfóðraðri sauðkind.

Sveitarstjórn jafnar niður fjallskilum. Skal hver leggja til fjallskila það sem sveitarstjórn ákveður. Hver ábúandi er skyldur að gera fjallskil fyrir þann fénað, sem hann hafði á fóturum næstliðinn vetur eða hann eða hans heimamenn hafa eignast síðan og flutt inn í sveitarfélagið. Skylt er ábúanda að tilkynna sveitarstjórn fyrir júlilok um breytingar frá vetri á tölu fjallskilaskylds búpenings. Heimilt er sveitarstjórn að jafna fjallskilakostnaði allt að helmingi á landverð allra jarða, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, er eigandi eða umráðandi greiði.

Heimilt er að greiða úr sveitarsjóði kostnað við byggingu almenningsréttta (skilarétta), leitarmannaskála og annarra mannvirkja sem þörf er á vegna aðalleita og réttarhalds, svo og girðinga milli heimalanda og afrétta, að því leyti sem aðilum innan sveitar er skylt að leggja til þeirra. Einnig er heimilt að greiða annan fjallskilakostnað úr sveitarsjóði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og héraðsnefnd leyfir, sbr. 16. gr.

##### 13. gr.

Tvennar aðalleitir skal gera á hverju hausti á afrétti og heimalöndum. Nú er heimland girt fjárheldri girðingu eða afmarkað af ám og vötnum er mega teljast fjárheld og er þá sveitarstjórn heimilt að leyfa að það sé ekki smalað til fyrri réttar ef smölun til förgunar verður að fara fram næstu daga. Komi afbæjarfé fram í þeirri smölun skal sá er smalar geyma það til næstu skilaréttar eða koma því til eigenda á sinn kostnað. Eftir aðalleitir skal fara fram eftirleit á afrétti eftir ákvörðun sveitarstjórnar og öll heimalönd skal smala laugardaginn í 25. viku sumars. Með afbæjarfénað sem kemur fyrir í þessum leitum eða smölunum skal farið eins og sveitarstjórn segir til um. Senda skal menn eftir því sem þörf krefur til að hirða fé í útréttum. Útréttir kallast skilaréttir utan leitarsvæðisins.

##### 14. gr.

Hver bóndi er skyldur að leita land ábýlisjarðar sinnar, nema sveitarstjórn telji landið að einhverju leyti notað sem afrétt, eða hafi gert samning um það við umráðendur jarðarinnar (sbr. 16. gr.). Þótt jörð sé ekki í ábúð, hvíla sömu skyldur á eiganda hennar eða umráðanda. Vanræki einhver smölun, er sveitarstjórn skylt að láta smala á kostnað umráðanda eða eiganda landsins. Skylt er að koma úrtúningi til skilaréttar í tæka tíð. Heimilt er sveitarstjórn að meta til fjallskila haustsmalanir landstórra jarða, þótt sveitarfélagið eigi afrétt, enda sé landið ekki varið annarra fénaði.

##### 15. gr.

Ef bóndi notar beitarréttindi utan sinnar heimasveitar skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir koma sér saman um álagningu fjallskila í þeim tilvikum. Skal skipta álagningunni með tilliti til beitarnota bónda og skyldum sveitarfélaganna við hann hvað fjallskil varðar. Bóndi skal gera sveitarstjórnnum grein fyrir beitarnotum sínum.

Fjallskilasjóður heimasveitar kostar hirðingu búfjár bónda í útréttum, öðrum en þeim er teljast skilaréttir þeirra afrétta eða jarða er hann nýtir beitarrétt á. Bóndi hefur sama

afnotarétt af og skyldur við skilarétt ábúðarjarðar sinnar og aðrir sveitungar. Hafa má aðra skipan á en hér er greint ef allir aðilar eru því sammála. Verði ágreiningur um deilingu fjallskilalagningar, skulu þeir óvilhallir menn, er héraðsnefnd skipar, skera úr.

## 16. gr.

Hafi sveitarfélag engin afréttarnot getur sveitarstjórn ákveðið, að haustsmalanir heimalanda sem ekki eru varin annarra fénaði verði metnar til fjallskila. Nú þykir sveitarstjórn ekki ástæða til að svo verði gert um smalanir allra óvarinna heimalanda vegna landsmæðar eða mjög auðveldrar smölunar sumra þeirra og er henni þá heimilt að leggja lægri fjallskil á þær jarðir eða fella þau niður. Sveitarstjórn getur einnig fellt niður að einhverju eða öllu leyti fjallskilagjöld þar sem heimalönd eru varin. Sveitarstjórn skal annast um ráðningu manna til að sækja fé sveitunga í útréttir. Kostnað í þessum tilvikum má greiða úr sveitar-sjóði.

## 17. gr.

Sveitarstjórnir allra sveitarfélaga innan hversrar fjallskiladeildar skulu koma sér saman um fyrirkomulag leita og annað það er þörf þykir til bera að samvinna sé höfð um. Hafi tvö eða fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarstjórnir gera áætlun um fjallskilakostnað á upprekstrarsvæðinu og skipta með sér sameiginlegum kostnaði.

## 18. gr.

Sveitarstjórn jafnar niður fjallskilum, bæði fjallskilavinnu og peningagreiðslum. Leggja má allan kostnað fjallskilaskylds aðila á í peningum ef henta þykir. Fjallskilagjald rennur í fjallskilasjóð og skal hann vera í varðveislu oddvita þeirrar sveitar sem gjald er á lagt. Öll vinna við fjallskil skal lögð í dagsverkum.

Á niðurrjónunarfundi skal kjósa leitarstjóra, réttarstjóra og tvo marklýsingamenn. Þeir skulu kosnir af sveitarstjórn þeirrar sveitar er skilarétt stendur í. Niðurrjónun skal lokið svo tímanlega að hún verði öllum kunn er leggja eiga fram vinnu, eigi síðar en viku áður en leitir byrja. Fjallskilaseðill skal sendur eða birtur sérhverjum er fjallskil ber að gera. Á honum skal tilgreina fjallskil hvers og eins, hvaða fjallskilaverk hver þarf að leysa af hendi og hversu mikið hverjum ber að greiða í peningum svo og annað það er þörf þykir að taka fram varðandi fjallskilin.

## 19. gr.

Sérhver er á að leggja fram vinnu við fjallskil skal vanda vel tillag sitt, svo sem með því að senda fullgilda og vel útbúna menn í leitir og útréttir o.s.frv. Sé þess sérstaklega vel gætt að þeir hafi hlýjan vatnsheldan klæðnað í áberandi lit, séu nestaðir og vel ríðandi eftir atvikum.

Láti einhver farast fyrir að senda mann í leitir eða gera þau fjallskil sem hann er tilkvaddur og birt eru á fjallskilaseðli, skal hann auk greiðslu fyrir fjallskil eins og þau eru metin, gjalda sekt í fjallskilasjóð, allt að helmingi af matsverði fjallskilanna. Ef einhver sendir mann í leitir sem leitarstjóri telur óhæfan, skal vísa honum heim aftur ef kostur er, og er þá sá er þann mann sendi skyldur til að borga fjallskil og sekt eins og hann hafi engan sent. Sama gildir um mann í útréttir.



Sannist það að leitarmaður eða annar er fjallskil á að vinna vanræki skyldu sína, getur sveitarstjórn krafist uppbótar frá honum eða þeim er hann sendi. Vilji hann ekki hlíta úrskurðinum getur hann skotið máli sínu til héraðsnefndar.

Gjaldi fyrir leitarsvik eða aðra vanrækslu á fjallskilum má verja til að kaupa mann til fjallskilanna, ella renni það fé í fjallskilasjóð leitarsvæðis er hlut á að máli.

#### 20. gr.

Leitarsvæði hvernar skilaréttar skal hafa sameiginlegan fjallskilasjóð, er oddviti þess sveitarfélags er skilarétt stendur í, varðveitir. Í þann sjóð rennur andvirði alls óskilapenings (þ.m.t. ómerkingar), er ekki finnst eigandi að. Geti sjóðurinn ekki staðið undir þeim gjöldum er úr honum ber að greiða, leggja fjallskilasjóðir sveitarfélaganna honum það til er á vantar. Framlag fjallskilasjóða sveitarfélaganna greiðist eftir því hlutfalli sem sveitarstjórnir er hlut eiga að máli hafa ákveðið.

Kostnaður við fjallskilamál greiðist úr fjallskilasjóði nema að því leyti sem sveitarsjóði er ætlað að greiða hann eða öðruvísi er ákveðið.

#### 21. gr.

Enga aðalleit má gera nema leitarstjóri stjórn henni og sé í henni, enda skulu leitar-menn skyldir að hlýða honum. Áður en leit hefst kannar leitarstjóri lið sitt, og ef svo reynist að einhverja vanti eða einhverjir eru taldir óhæfir til að fara í leit, kaupir hann menn í þeirra stað ef unnt er. Skal leitarstjóri sérstaklega gæta þess að framfylgt sé ákvæðum 19. gr. um útbúnað leitarmanna. Leitarstjóri skipar fyrir um hvernig hver leitarmaður hagi leit sinni, gætir þess að allir vandi verk sín, að safn sé rekið með reglu til réttar svo að það sé komið þangað í tæka tíð, allrar mannúðar sé gætt, að lamakindur séu fluttar til byggða eða þeim lógað sé ekki annað unnt og að safnsins sé gætt uns gæslumanni eða réttarstjóra ber að taka við því.

#### 22. gr.

Skilamenn í útréttum skulu gera sitt ítrasta til að fénaður verði ekki eftir þar og mega þeir ekki fara frá réttinni fyrr en töfludrætti er lokið. Fénaði úr útréttum skal komið þangað sem sveitarstjórnir ákveða hver á sínu svæði.

#### 23. gr.

Nú þykir einhverjum niðurböfnun fjallskila eigi rétt og vill fá leiðréttingu á því. Þá ber honum eigi að síður að inna álögð fjallskil af hendi, en getur sent skriflega kæru til sveitarstjórnar fyrir októberlok næstu á eftir og beðið hana leiðréttingar. Sætti kærandi sig ekki við viðbrögð sveitarstjórnar getur hann krafist úrskurðar héraðsnefndar.

### V. KAFLI

#### Fjallskiladeildir (leitarsvæði), réttir og réttardagar.

#### 24. gr.

Fjallskiladeildir og skilaréttir í Borgarfjarðarsýslu skulu vera þessar:

1. Rauðsgilsrétt: Leitarsvæðið nær yfir öll lönd í Hálsahreppi og Reykholtaldshreppi að undanskildu Kálfanesi. Fyrri Rauðsgilsrétt skal fara fram föstudaginn í 22. viku sumars og hin seinni sunnudaginn í 23. viku sumars.

2. Oddsstaðarétt: Leitarsvæðið nær yfir Lundarreykjadalshrepp allan, Andakílhrepp norðan Andakílsár, lönd jarða í Skorradal norðan- og neðanverðum, frá og með Stálpastaðalandi að sveitarendu. Ennfremur land Kálfaness. Fyrri Oddsstaðarétt skal fara fram miðvikudaginn í 21. viku sumars, og hin seinni sunnudaginn í 23. viku sumars. Sundurdráttarétt má vera á Þverfelli. A meðan núverandi reglur gilda um sauðfjárveikivarnir á þessu svæði, skal Þverfellsrétt vera skilarétt. Fyrri Þverfellsrétt skal fara fram sunnudaginn í 22. viku sumars og hin seinni sunnudaginn í 24. viku sumars.  
Sundurdráttarétt má vera á Varmalæk.
3. Hreppsrétt: Leitarsvæðið nær yfir lönd jarða í Andakílhreppi sunnan Andakílsár og jarða í sunnan- og neðanverðum Skorradal að landamerkjum Haga. Fyrri Hreppsrétt skal fara fram sunnudaginn í 22. viku sumars og hin seinni laugardaginn í 24. viku sumars.
4. Bakkakotsrétt: Leitarsvæðið nær yfir fremri hluta Skorradals frá svæðamörkum Oddsstaðaréttar norðan Skorradalvatns og að svæðamörkum Hreppsréttar sunnan vatns. Fyrri Bakkakotsrétt skal fara fram laugardaginn í 22. viku sumars og hin seinni laugardaginn í 24. viku sumars.
5. Svarthamarsrétt: Leitarsvæðið nær yfir Hvalfjarðarstrandarhrepp allan og upprekstrarland Akraneskaupstaðar á Botnsheiði. Fyrri Svarthamarsrétt skal fara fram sunnudaginn í 22. viku sumars og hin seinni sunnudaginn í 24. viku sumar.
6. Núparétt: Leitarsvæðið nær yfir Leirár- og Melahrepp allan. Fyrri Núparétt skal fara fram sunnudaginn í 22. viku sumars og hin seinni laugardaginn í 24. viku sumars.
7. Reynisrétt: Leitarsvæðið nær yfir allan Skilmannahrepp, Innri-Akraneshrepp og Akraneskaupstað. Fyrri Reynisrétt skal fara fram laugardaginn í 22. viku sumars og hin seinni laugardaginn í 24. viku sumars.  
Heimilt er héraðsnefnd að leyfa sveitarstjórnnum að breyta leitar tíma og réttardögum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

#### 25. gr.

Sveitarstjórn eða sveitarstjórnir hvarrar fjallskiladeildar skulu sjá um byggingu aðalréttar þar sem slíkar réttir skulu vera, og tryggja, að sómasamleg aðstaða sé til sundurdráttar. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði eftir samþykkt sveitarstjórnar (sbr. 12. gr.). Þess skal gætt að rétt sé þannig byggð, að nægjanlegt rými sé fyrir allan fænað er til réttar rekst og að allir er fjárvon eiga hafi þar nóg dilkrými. Þar séu og dilkar fyrir útréttarfé, ómerkinga og annað óskilafé. Rétt skal svo vel byggð og vel við haldið að fænaður geti ekki sloppið út úr henni. Svo skal einnig um náttthagagirðingar við rétt. Sveitarstjórn eða sveitarstjórnir skulu og annast um byggingu leitar mannaskála og húss fyrir leitarhesta, eins vistleg og rúmgóð og þörf er talin á.

#### 26. gr.

Réttarbóndi skal fá gjald fyrir átroðning eftir samkomulagi. Verði ágreiningur um gjald sker héraðsnefnd úr.

## 27. gr.

Réttarstjóri stjórnar skilarétt og tekur hann við af leitarstjóra eða gæslumanni. Hann gerir sér far um að allt fari skipulega fram meðan á réttarhaldinu stendur. Allir eru skyldir að hlýða skipunum réttarstjóra. Hann getur skipað annan í sinn stað um stundarsakir ef á þarf að halda.

Réttarstjóri skal sjá um að ómerkingar (lömb og folöld) séu settir í ómerkingadilk svo eigendum gefist kostur á að láta mæður helga sér þá. Enginn má taka ómerking án leyfis réttarstjóra. Marklýsingamenn skulu lýsa öllum mörkum eftir að töfludráttur hefst. Greini marklýsingamenn á úrskurðar réttarstjóri um mörk.

## 28. gr.

Það er skylda hvers manns á upprekstrarsvæðinu er fjárvon á í skilaréttinni, að hafa þar nægan mannafla að hirða fénað sinn. Ef einhver vanrækir þetta er réttarstjóra heimilt að láta draga fénað hans og reka eða flytja heim á hans kostnað.

Sveitarstjórn annast um ráðningu manna til eftirleita eins og þörf krefur.

## VI. KAFLI

**Meðferð óskilapenings.**

## 29. gr.

Hver, sem innir fjallskil af höndum eða annast smölun heimalands, skal leitast við að handsama ómerkinga eins fljótt og við verður komið, og auðkenna þá ef þeir fylgja móður. Ómerkinga og annað óskilafé, er til réttar rekst, skal réttarstjórinn láta draga í ómerkingadilk, þar sem menn eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga, og sanna eignarrétt sinn á þeim og öðru óskilafé. Ómerkingar, og annað óskilafé sem ekki gengur út, skal að lokinni skilarétt flutt í sláturhús til förgunar undir umsjón hreppstjóra. Ómerkinga og annað óskilafé, er kemur fyrir eftir réttir, eða fé sem ekki kemst til eiganda vegna fjarlægðar eða vegna búfjárveikivarna, skal fara með á sama hátt. Áður en fénað er lógað skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið er marks og annarra einkenna, sem eigendur geta helgað sér féð eftir.

Leggja skal andvirði slíks fjár inn á reikning skilaréttar á því svæði, er það kemur fyrir í, og skal reikningur færður þannig að greiða megi andvirði hveirrar kindar sér, ef upplýsingar fást um eiganda. Ef fullvíst er um eiganda, áður en fé er lagt inn í sláturhús, skal leggja inn á nafn hans og skrá númer kindarinnar á innleggsnótuna, ef merkt er. Ber sláturleyfishafa að tilkynna eiganda um innleggið innan þriggja mánaða frá sláturdegi.

Sömu ákvæði gilda um geitfé og óskilanautgripi eins og um sauðfé hvað þetta varðar.

## 30. gr.

Í lok skilaréttar skal hreppstjóri selja á uppboði óskilahross, þar með talin folöld, er ekki gengu út í réttinni. Óskilahross er koma fyrir síðar skal selja á opinberu uppboði af hreppstjóra þeirrar sveitar er óskilahrossin koma fyrir í. Auglýsa skal slíkt uppboð með a.m.k. viku fyrirvara. Innlausnarfrestur á óskilahrossum skal verða 12 vikur frá söludegi. Kaupandi skal geyma gripi þá er hann hefur keypt meðan innlausnarfrestur varir. Áfallinn kostnað vegna geymslu skal greiða eftir mati sveitarstjórnar og draga frá andvirðinu. Verði kaupandi eigandi að grip að innlausnarfresti liðnum, ber honum ekki greiðsla fyrir tilkostnað.

## 31. gr.

Hreppstjóri skal auglýsa í Lögbirtingablaði óskilafé sem fargað hefur verið, fyrir áramót næstu á eftir, en óskilahross seld á uppboði skal auglýsa á sama hátt, þegar eftir sölu. Geti einhver sannað eignarrétt sinn innan 6 mánaða frá auglýsingardegi, skal honum greitt andvirðið að frádregnum áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skal andvirðið renna í fjallskilasjóð skilaréttarinnar og sendir hreppstjóri skýrslu um sölu óskilapenings ásamt eftirstöðvum af andvirði til þess oddvita er heldur reikning skilaréttar. Skal hreppstjóri hafa lokið þessum skilum innan tveggja mánaða frá því að víst er um hversu mikið fjallskilasjóði beri af andvirðinu.

## VII. KAFLI

**Um vörslu og smölun hrossa.**

## 32. gr.

Heimilt er sveitarstjórnnum að ákveða, að öllum hrossaeigendum sé skylt að hafa hross sín í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta þess, nema að því leyti, sem sveitarstjórn kann að leyfa að stóðhross séu rekin á afrétt (sbr. 4. og 5. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991).

Sveitarstjórn er og heimilt að skylda alla landeigendur til að smala hrossum síðasta dag sumars og koma þeim hrossum, er ekki ganga út heima hjá þeim, til þess staðar er sveitarstjórn ákveður.

## VIII. KAFLI

**Mörk sauðfjár og hrossa og markaskrár.**

## 33. gr.

Hver maður skal aukenna sauðfé og hross með glöggu eyrnamerki. Honum er og heimilt að plötumerkja sauðfé í eyra með bæjar- og sveitarmerki (hrepps-brennimarki) og skulu merkin bera lit samkvæmt ákvæðum um litamerkingar eftir varnarsvæðum. Heimilt er að brennimerkja hyrnt fé, en frostmerkja stórgripi eftir settum, auglýstum reglum.

Sveitarmerki skulu vera þessi:

|                                |    |
|--------------------------------|----|
| Fyrir Hvalfjarðarstrandarhrepp | B1 |
| Fyrir Innri-Akraneshrepp       | B2 |
| Fyrir Skilmannahrepp           | B3 |
| Fyrir Leirár- og Melahrepp     | B4 |
| Fyrir Andakílshrepp            | B5 |
| Fyrir Skorradalshrepp          | B6 |
| Fyrir Lundarreykjadalshrepp    | B7 |
| Fyrir Reykholtisdalshrepp      | B8 |
| Fyrir Hálsahrepp               | B9 |
| Fyrir Akraneskaupstað          | AK |

Ef fullorðið sauðfé er ekki sveitarmerkt á hornum eða eyrnaplötu getur eigandi þess ekki krafist skaðabóta þótt fé hans verði eftir í útréttum, enda ber þá fjallskilasjóði ekki að borga fyrir gæslu né annan kostnað er á slíkt fé kann að falla.

## 34. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Markið helgar eiganda kind nema sönnun komi fyrir að annar eigi. Kind sem ekki ber rétt mark manns er honum óheimilt að draga sér hve lítið sem á vantar, sama gildir um hross.

Á sauðfé er hornbrennimark réttthæst, þá löggilt plötumerki í eyra og loks eyrnamark. Á stórgripum er frostmerking réttthæst, þá plötumerki í eyra og loks eyrnamark.

Ef mörkum ber ekki saman á grip er eiganda rétt hærra marks skylt að gera grein fyrir eignarétti sínum ef eigandi réttlægra marks krefst þess. Um ágreining er rísa kann út af vafamörkum skera marklýsingamenn.

### 35. gr.

Enginn má taka upp mikil særingarmörk né mörk, sem vandi er að marka svo auðþekkjanleg séu. Ekki má nota mark sem er meira en níu hnífsbrögð alls.

Þessi mörk er leyfilegt að nota: Alheilt, andfjaðrað, biti, blaðrifað, blaðstýft, boðbúdur, bragð, fjöður, gagnbitað, gagnfjaðrað, gagnhangfjaðrað, gagnhöfbitað, gagnstigað, geirstýft, hamrað, hangfjöður, hálf taf, heilhamrað, heilrifað, hófbiti, hvatt, lögg, miðhlutað, miðhlutað í stúf, oddfjaðrað, sneiðrifað, sneitt, stig, stúfrifað, stýft, stýft hálf taf, sýlt, tvíbitað, tvífjaðrað, tvírifað í heilt, tvírifað í sneitt, tvístýft.

Fleiri en tvö undirben má ekki nota sömu megin á eyra. Mörk þau, sem ekki er leyft að nota samkvæmt þessari grein, mega þó notast af núverandi eigendum þeirra, en mega ekki ganga að erfðum kaupum eða gjöfum og ekki má flytja þau inn í fjallskilaumdæmið. Jafnan skal auglýst í markaskrá sýslunnar, hvaða mörk leyfilegt er að nota.

### 36. gr.

Héraðsnefnd skal láta gefa út markaskrá. Skal hver markeigandi koma marki sínu í hana. Héraðsnefnd ákveður greiðslu fyrir hvert mark, en markeigandi fær ókeypis eitt eintak af markaskránni. Héraðsnefnd skal sjá um að nægilega mörg eintök af markaskránni séu send ókeypis til allra sveitarfélaga utan sýslu sem fjársamgöngur eru við, enda séu slík skipti gagnkvæm.

Gjald það er héraðsnefnd ákveður fyrir mörkin skal ætíð vera svo hátt að nægi fyrir kostnaði við markasöfnun, umsjón með skrásetningu og útgáfu markanna. Ef afgangur verður leggst hann í sjóð héraðsnefndar.

Markavarsla fjallskilaumdæmisins getur geymt mark sem markeigandi tilkynnir ekki til prentunar í markaskrá með því að prenta það í skrána og leyfa öðrum í umdæminu að taka það upp þegar átta ár eru liðin, eða fyrr með samþykki fyrri eiganda. Hafi markavarsla geymt mark lengur en átta ár fellur aldursréttur þess niður.

### 37. gr.

Héraðsnefnd ræður markavörð til að sjá um útgáfu markaskrár og til þess að hafa umsjón með upptöku nýrra marka á milli þess, sem markaskrá er gefin út. Markasöfnun skal fara fram fyrir næstu áramót áður en prenta skal skrá. Hreppstjórum er skylt að safna mörkum, hver í sínum hreppi, ef markavörður óskar þess.

### 38. gr.

Að lokinni söfnun marka skal markavörður athuga um sammerkingar innan sýslu og í nærliggjandi sýslum. Skal hann fella niður þau nýupptekin mörk, sem eru sammerkt eða um of lík eldri mörkum, svo og mörk, er líkjast um of hvert öðru, og ennfremur mörk, sem ekki má upptaka samkvæmt ákvæðum samþykktar. Nú hefur markavörður fellt niður mark og skal hann þá tilkynna það marktakanda bréflæga og jafnframt benda honum á annað mark, er hann geti fengið sem líkast því, sem hann hefir kosið. Hafi hann eigi svarað bréfi

markavarðar fyrir janúarlok, skal líta svo á, að hann taki marki er markavörður benti honum á og skal þá prenta það í markaskránni.

Vilji einhver taka upp nýtt mark milli þess er markaskrá er prentuð, skal hann tilkynna það markaverði og fá til þess leyfi hans. Að því fengnu skal markavörður láta birta það á kostnað markeiganda í Lögbirtingablaði, og er það þá fyrst heimilt til notkunar. Sama máli gegnir um þann, er flyst inn í fjallskilaumdæmið, að hann verður að fá samþykki markavarðar til þess að mega nota áfram það mark, er hann áður átti. Eigandaskipti að marki skulu og auglýst í Lögbirtingablaði.

Hreppstjórum er skylt að færa öll mörk úr sýslunni, sem auglýst eru í Lögbirtingablaði inn í markaskráreintök þau, sem nota skal við töfludrátt í skilaréttum. Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu skal leita samvinnu við héraðsnefndir í Mýrasýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Árnassýslu, Kjósarsýslu og Gullbringusýslu um ráðstafanir til þess að afstýra sammerkingum á þeim svæðum, er fjársamgöngur geta komið fyrir á í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar um búfjármörk o.fl. nr. 579/1989, með síðari breytingum.

## IX. KAFLI

### Fjárrekstrar og fjárflutningar.

#### 39. gr.

Þegar hross eða sauðfé er rekið um héraðið, skal þess gætt, að rekstri hverjum fylgi ætíð nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði fyrir þá, er þau lönd eiga, sem um er rekið eða í er áð. Eigi má leggja upp með slíka rekstra fyrr en markljóst er orðið, og eigi má halda áfram að kvöldi, þegar mjög er orðið skuggsýnt, nema brýna nauðsyn beri til.

Þegar fénaður er fluttur á bifreiðum eða tengivögnum, skal þess gætt, að hann hafi nægilegt rými og að vel fari um hann. Skaða, sem hlýst af því, að út af þessu er brugðið, ber eiganda eða umsjónarmanni rekstursins eða flutningatækis að greiða eiganda fjárins, nema váttryggingataki greiði. En sannist það, að skaðinn stafi af skeytingarleysi rekstrarmanns eða ökumanns, skal hann sæta sektum.

Heimilt er sláturleyfishafa að láta fara fram markaskoðun á öllu fé, sem hann lætur slátra.

#### 40. gr.

Stranglega er bannað að svelta fénað, umfram það, sem ekki verður hjá komist, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum, flutningi, gæslu, fjallgöngum eða við heimasömlun.

## X. KAFLI

### Almenn ákvæði.

#### 41. gr.

Héraðsnefnd sker úr öllum ágreiningi milli sveitarstjórna um fjallskil. Undir úrskurð hennar heyra líka allar kærur og kröfur á hendur sveitarstjórnnum og hreppstjórnnum er snerta fjallskil. Ennfremur geta einstakir menn lagt slík mál undir úrskurð héraðsnefndar.

## 42. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar varða sektum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum og renna sektir í fjallskilasjóð þess leitarsvæðis, sem brotið er framið í. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað nr. 374/1986 og breyting á henni nr. 396/1988.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 12. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

Jón Höskuldsson.

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Rangárvallahreppi fyrir árið 1997.

## 1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 344/1987 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 1997 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

|  |            |
|--|------------|
| a) Íbúðir í þéttbýli m.v. 1 poka á viku .....                | kr. 7.173  |
| b) Íbúðir í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki .....        | kr. 3.586  |
| c) Sumarhús .....  | kr. 3.586  |
| d) Fyrirtæki (þar sem pokahirða er) m.v. 1 poka á viku ..... | kr. 7.173  |
| e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald .....                   | kr. 26.841 |

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

## 2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum til þess að gilda fyrir árið 1997.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. desember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

## GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hellu fyrir árið 1997.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 76/1975, skal á árinu 1997 vera kr. 6.568. Gjaldþagi er 1. janúar og eindagi 28. febrúar.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkalls-kostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að gilda fyrir árið 1997.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 9. desember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Eyrarbakka.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. b. lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Eyrarbakkaheppi nr. 101/1975, skal verða kr. 3.585 á ári.

Lausnargjald samkvæmt 3. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 2.500 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 5.000 fyrir ítrekuð brot.

2. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldun samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahepps staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 9. desember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*



# AUGLÝSING

## um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu í einkarétti nr. 624/1996.

### 1. gr.

Grein 3.1.3. í I. kafla orðist svo:

- 3.1.3. Ef einkasímstöð tengist við almenna símakerfið með venjulegum tallinum er greitt fyrir þær línur stofngjald og afnotagjald eins og fyrir atvinnusíma samkvæmt 1. og 2. grein, en fjöldi lína skal vera heilt margfeldi af 10. Ef einkasímstöð tengist hins vegar við almenna símakerfið með 2 Mb/s sambandi greiðist fyrir hvert samband stofngjald og afnotagjald eins og fyrir 20 tallínur, þ.e. stofngjald kr. 212 840,00 og ársfjórðungsgjald kr. 64 000,00. Þeir notendur, sem ekki vilja nýta allar 30 rásirnar í 2 Mb/s sambandinu geta fengið færri rásir virkar þó að lágmarki 12 rásir. Fyrir hverja rás greiðist þá venjuleg afnotagjöld fyrir atvinnusíma en stofngjaldið verður kr. 212 840,00. Línurnar má nota hvort sem er fyrir innval eða útval. Í afnotagjaldinu er innifalin sjálfvirk notkun samkvæmt (I.2.) og er hún reiknuð í hlutfalli við þann fjölda afnotagjalda sem greitt er fyrir, þ.e. þegar greitt er fyrir 2 Mb/s samband er innifalin notkun miðað við 20 línur.

### 2. gr.

7. grein í I. kafla orðist svo:

#### 7. Græn símanúmer.

Réttthafi græns símanúmers greiðir fyrir öll innkomandi staðarsímtöl kr. 3,32 við svar og kr. 2,22 á mínútu frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags en kr. 1,11 á mínútu á öðrum tímum. Fyrir innkomandi langlínusímtöl greiðir réttthafi kr. 3,32 við svar og kr. 4,98 á mínútu frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags en kr. 2,49 á mínútu á öðrum tímum. Ef grænu númeri er vísað til útlanda greiðir réttthafi samkvæmt gjaldskrá viðkomandi lands fyrir umferð til Íslands.

Notandi sem hringir úr almenna talsímakerfinu í grænt númer greiðir ekkert.

Kr.

- |      |  |           |
|------|--|-----------|
| 7.1. | Stofngjald fyrir þjónustuna.....                 | 34 505,00 |
| 7.2. | Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi..... | 13 801,00 |
- Innhringingum í græna númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt eða fleiri, sem réttthafinn greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá.

### 3. gr.

Greinar 10.1. og 10.2. í I. kafla orðist svo:

- 10.1. Greitt er fyrir tengingu við almenna símakerfið á sama hátt og fyrir tengingu einkasímstöðvar þ.e. stofngjald kr. 10 645,00 og fast afnotagjald á ársfjórðungi kr. 3 200,00. Greitt er fyrir hverja línu.
- 10.2. Fyrir hvert uppkallsnúmer er greitt stofngjald kr. 10 645,00 og fast afnotagjald á ársfjórðungi kr. 6 400,00.

### 4. gr.

Grein 12 í I. kafla orðist svo:

#### 12. Lánssímar.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir annað gjald en venjulegt stofngjald og fast afnotagjald. Gjaldið skal vera sem hér segir:

Lánssímagjald í allt að 3 mánuði:

|                    |              |
|--------------------|--------------|
| Heimilissímar..... | kr. 5 148,00 |
| Atvinnusímar.....  | kr. 6 748,00 |

Lánssímagjald í allt að 6 mánuði:

|                    |              |
|--------------------|--------------|
| Heimilissímar..... | kr.10 297,00 |
| Atvinnusímar.....  | kr.13 497,00 |

Uppsetningarkostnaður er ekki innifalinn.

Fyrir allt umfram 6 mánuði skal greiða fullt stofngjald auk afnotagjalda. Greitt er fyrir alla notkun, þ.e. engin notkun innifalín í afnotagjaldi, og skal lánssímagjald greitt við úthlutun.

Ef lánssímanotandi gerist fastur notandi þá skal hann greiða 2/3 af stofngjaldi ef hann var með lánssíma í 3 mánuði en 1/3 af stofngjaldi ef hann var með lánssíma í 6 mánuði.

Ef lánssíma er breytt í almennan síma þá reiknast afnotagjald frá tengingardegi lánssímans en menn eiga hinsvegar aðeins rétt á innifalinni notkun frá þeim degi sem lánssíma er breytt í almennan síma.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti með áorðnum breytingum samkvæmt 5. gr. laga nr. 32 frá 1993 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 31. desember 1996. Reiknast nýju gjöldin fyrir notkun, sem fram fer 31. desember 1996 eða síðar.

*Samgönguráðuneytinu, 17. desember 1996.*

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 381/1994, um bifreiðagjald.

#### 1. gr.

2. gr. orðast svo:

Bifreiðagjald skal vera 5,86 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Sé bifreið þyngri en 1000 kg skal að auki greiða 3,80 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar sem er umfram 1000 kg. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2.993 kr. né hærri gjald en 18.915 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a-liður orðast svo: Bifreiðir í eigu þeirra, sem njóta örorkustyrks, örorkubóta, bensínstyrks eða umönnunarbóta og -greiðslna vegna örorku barna frá Tryggingastofnun ríkisins. Jafnframt eiga þeir öryrkjar sem notið hafa niðurfellingar skv. 1. másl. rétt á niðurfellingu ef þeir hafa öðlast rétt til ellilífeyrisgreiðslna eða dveljast á stofnun sbr. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Réttur til niðurfellingar samkvæmt þessum staflíð er bundinn því skilyrði að um fólksbifreið sé að ræða og að bifreið sé skráð eign þess aðila er nýtur niðurfellingar. Ef sá sem á rétt á niðurfellingu á fleiri en eina bifreið skal bifreiðagjald fellt niður af þeirri bifreið sem er þyngst.
- b. Við d-lið bætist nýr máslíður er orðast svo: Jafnframt er innheimtumönnum ríkissjóðs heimilt að fella niður bifreiðagjald af ónýtum bifreiðum sem sannanlega hafa ekki verið í notkun á gjaldtímabili.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. Orðin „en eindagi er síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott og við bætist nýr málslíður er verður 2. málsl. og orðast svo: Eindagar bifreiðagjalds eru 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „1.141 kr.“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: 523 kr.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er verður 3. málsl. sem orðast svo: Eiganda eða umráðamanni bifreiðar er þó ekki skylt að færa sönnur á að hafa greitt gjaldfallið bifreiðagjald fyrir en eftir eindaga.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein er verður svohljóðandi:  
Óheimilt er að skrá eigendaskipti að bifreið nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt.

## 5. gr.

6. gr. orðast svo:

Innheimtumaður ríkissjóðs annast álagningu, niðurfellingu og aðra framkvæmd bifreiðagjalds samkvæmt reglugerð þessari. Ákvörðun innheimtumanns ríkissjóðs um bifreiðagjald er kæránleg til fjármálaráðuneytisins í samræmi við stjórnýslulög nr. 37/1993.

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri“ í 1. mgr. kemur: innheimtumenn ríkissjóðs.
- b. Í stað orðanna „Bifreiðaskoðun Íslands hf.“ kemur: skoðunarstöðvum.

## 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 12. desember 1996.*

F. h. r.

**Jón Guðmundsson.**

*Hermann Jónasson.*

## REGLUGERÐ

**um útreikning örorkulífeyris og tekjutryggingar hjá örorkulífeyrisþegum,  
sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta.**

## 1. gr.

Við útreikning örorkulífeyris og tekjutryggingar, sbr. 12. og 17. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 er Tryggingastofnun ríkisins heimilt frá 1. september 1996 að hækka tekjuviðmiðun þeirra lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna

örorku að frádregnum áætluðum örorkulífeyri og tekjutryggingu til framtíðar frá Tryggingastofnun ríkisins.

## 2. gr.

Bótapegi, sem óskar eftir útreikningi, sbr. 1. gr. skal leggja fram gögn um greiðslu skaðabóta og frádrátt vegna áætlaðs örorkulífeyris og tekjutryggingar frá Tryggingastofnun ríkisins.

## 3. gr.

Lífeyrstryggingadeild skal vinna úr þeim gögnum skv. eftirfarandi formúlu:

$$F \cdot \frac{(H - B)}{H} : 2 = F1$$

Skýringar:

H = Heildarbætur í eingreiðslu án skerðingar vegna TR

B = Reiknaðar heildarbætur frá TR sem dregnar eru frá heildarbótum

F = Fjármagnstekjur skv. skattframtali

:2 = 50% fjármagnstekna

F1 = Fjármagnstekjur pr. mánuð, eftir lækun vegna eingreiðslu skaðabóta

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. gr. laga nr. 95/1996 og 28. gr. laga nr. 144/1995, sbr. 10. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993 öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. desember 1996.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

17. desember 1996

Nr. 644

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 508/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

## 1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

| Tollnúmer:            | Vara                                    | Tímabil         | Vörumagn<br>kg | Verðtollur<br>% | Magnatollur<br>kr/kg |
|-----------------------|---|-----------------|----------------|-----------------|----------------------|
| 0602.9093             | Aðrar pottaplöntur til og með 1 m á hæð | 01.01.-30.04.97 | 2.500          | 30              | 0                    |
| 0603.1009             | Annars (afskorin blóm)                  | 01.01.-30.04.97 | 5.500          | 30              | 0                    |
| <i>Úr tollnúmeri:</i> |   |                 |                |                 |                      |
| 0603.1009             | Forsythia (páskagreinar)                | 01.03.-31.03.97 | ótilgr.        | 30              | 0                    |

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 17. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

## AUGLÝSING

### um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu skipulags- og umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 17. desember 1996, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Bílastæði á Lækjargötu við vestari götukant frá Austurstræti að syðri mörkum Lækjargötu 4 verði gjaldskyld. Settir verða upp stöðumælar með einnar klukkustundar leyfilegum hámarkstíma og tímagjaldinu 50 krónur á klukkustund. Á svæðinu eru stæði fyrir 7 bíla.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 17. desember 1996.

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.**

Nr. 646

13. desember 1996

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Reyðarfjarðarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

|                     |                           |
|---------------------|---------------------------|
| Sorphreinsunargjald | 4.500 kr. á hverja tunnu. |
| Sorpeyðingargjald   | 3.500 kr. á hverja tunnu. |

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 1997.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. desember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 92 – 1996

17. desember 1996

1665

Nr. 647

## SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 305/1989.

1. gr.

1. ml. 2. mgr. hljóði svo:

Heilbrigðisnefnd, í umboði borgarstjórnar, er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í Reykjavík undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur með eftirfarandi skilyrðum:

2. gr.

1. ml. stafl. d. 2. mgr. hljóði svo:

Skylt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan og getur heilbrigðisnefnd ákveðið að gera heildarsamning við tryggingarfélag, eitt eða fleiri.

3. gr.

1. mgr. 3. gr. hljóði svo:

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, sem gefur út umbeðið leyfi að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar.

4. gr.

Í 4. gr. komi í stað orðsins „borgarstjórn“ orðið „heilbrigðisnefnd“.

5. gr.

Í 5. gr. komi í stað orðsins „borgarstjórn“ orðið „heilbrigðisnefnd“.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur niður.

7. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu. Framangreindar breytingar á samþykktinni gilda til 1. janúar 1998.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. desember 1996.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# GJALDSKRÁ

vegna eftirlits og vinnslu starfsleyfa  
og vegna þjónustu á sviði mengunarvarna.

1. gr.

*Gjöld fyrir vinnslu starfsleyfa og mengunareftirlit  
með starfsleyfisskyldri starfsemi.*

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjöld vegna vinnslu starfsleyfa og eftirlits með starfsleyfisskyldri starfsemi samkvæmt viðauka 7 í reglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum, í samræmi við gjaldskrá þessa.

Atvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 7 í reglugerð nr. 48/1994 skal greiða gjald fyrir vinnslu starfsleyfis, samkvæmt 8. kafla reglugerðarinnar og gjald vegna eftirlits samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar sem hér segir:

|            | <b>Starfsleyfisvinnsla</b> | <b>Eftirlit</b> |
|------------|----------------------------|-----------------|
| 1. flokkur | kr. 490.000                | kr. 245.000     |
| 2. flokkur | kr. 87.000                 | kr. 61.000      |
| 3. flokkur | kr. 46.000                 | kr. 26.000      |
| 4. flokkur | kr. 15.500                 | kr. 21.000      |
| 5. flokkur | kr. 15.500                 | kr. 10.500      |

Gjald fyrir starfsleyfi skal greiða við umsókn en gjald fyrir eftirlit þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Þegar unnið er starfsleyfi fyrir ólíka þætti í starfsemi sama fyrirtækis, er heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir hvern þátt.

2. gr.

*Úttekt vegna starfsleyfisvinnslu.*

Telji Hollustuvernd ríkisins eða umsagnaraðilar að upplýsingar um mengun og áhrif hennar á umhverfið skorti er heimilt að setja sem skilyrði að fram fari úttekt, þ.e.a.s. athuganir, mælingar eða rannsóknir á kostnað umsækjanda, samkvæmt 3. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 48/1994.

Taki Hollustuvernd ríkisins þátt í að undirbúa, framkvæma eða hafa eftirlit með úttekt, það er athugunum, mælingum eða rannsóknum samkvæmt þessari grein, skal umsækjandi greiða stofnuninni samkvæmt gjaldskrá yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins, eins og hún er á hverjum tíma.

3. gr.

*Breyting á starfsleyfi.*

Fyrir breytingu á starfsleyfi, upplýsingagjöf og aðstoð við gerð skýrslu um mat á umhverfisáhrifum, sérstakar athuganir og aðra sérfræðiþjónustu skal greiða samkvæmt gjaldskrá yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins, eins og hún er á hverjum tíma.

4. gr.

*Úttekt vegna umhverfisvandamála.*

Gefi eftirlit til kynna að um veruleg umhverfisvandamál sé að ræða, getur eftirlitsaðili krafist úttektar á kostnað hlutaðeigandi aðila, samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 48/1994. Ágreiningi um nauðsyn slíkrar úttektar og/eða um kostnað má vísa til sérstakrar úrskurðarnefndar eigi Hollustuvernd ríkisins hlut að máli.

Annist Hollustuvernd ríkisins úttektina skal greitt fyrir hana samkvæmt gjaldskrá yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins, eins og hún er á hverjum tíma.

## 5. gr.

*Gjöld vegna sérstakrar þjónustu á sviði mengunarvarna.*

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjöld vegna eftirfarandi þjónustu sem hér segir:

- |  |            |
|--|------------|
| 1. Vegna viðurkenningar á rotþrósm, .....                                | kr. 10.000 |
| sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum.             |            |
| 2. Vegna viðurkenningar á olíuskiljum, .....                             | kr. 10.000 |
| sbr. 51. gr. reglugerðar nr. 35/1994.                                    |            |
| 3. Vegna viðurkenningar á amalgamskiljum, .....                          | kr. 25.000 |
| sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 79/1996.                                     |            |
| 4. Vegna afgreiðslu tilkynninga um flutning á úrgangi milli landa, ..... | kr. 25.000 |
| sbr. reglugerð nr. 377/1994.   |            |

## 6. gr.

*Innheimta.*

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

Eindagi er 30 dögum eftir útsendingu reiknings. Heimilt er að innheimta dráttarvexti sé gjald þetta ekki greitt á eindaga.

Um innheimtu fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

## 7. gr.

*Frávik frá gjaldskrá.*

Fari mengunarmælingar ekki fram samkvæmt því sem segir í 5. gr. reglugerðar nr. 48/1994 er heimilt að lækka gjaldið til þess tíma að mengunarmæling hefur farið fram.

## 8. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti, og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 183/1993.

*Umhverfísráðuneytinu, 13. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

**um frestun álagningar gjalda samkvæmt 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald.**

Álagningu gjalda samkvæmt 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald er frestað til 1. mars 1997, samkvæmt heimild í ákvæðum til bráðgabirgða í lögnum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfísráðuneytinu, 13. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*



## REGLUGERÐ

### um skráningar-, árgjöld og önnur leyfisgjöld vegna lyfja.

#### 1. gr.

##### *Skráningargjöld.*

Umsóknir um skráningu lyfja, þ.e. sérlyfs og samhliða lyfs, skal senda til lyfjanefndar ríkisins. Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt lyf í einu lyfjaformi og einum styrkleika. Nefndin sendir reikning fyrir tilskildum skráningargjöldum til ríkisfjárhirslu, sem sendir umsækjanda/umboðsmanni giróseðil til greiðslu.

Rita skal nýja umsókn þegar sótt er um meiriháttar breytingu á forsendum markaðsleyfis (tegund II breytingu samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins) og gildir hver umsókn um eina breytingu. Meiriháttar breyting á forsendum markaðsleyfis á við umsókn um nýtt lyfjaform, nýjan styrkleika og nýja ábendingu. Breytt skammtastærð fellur einnig undir þessa skilgreiningu.

Rita skal nýja umsókn þegar sótt er um endurskráningu á lyfi og gildir hver umsókn aðeins fyrir eitt lyf í einu lyfjaformi og í einum styrkleika.

Upphæðir skráningargjalda eru samkvæmt viðauka I við reglugerð þessa.

Framangreind skráningargjöld eru óafturkræf þótt umsókn sé synjað.

#### 2. gr.

##### *Árgjöld.*

Af hverju formi og styrkleika sérlyfs og samhliða lyfs sem er á lyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal handhafi markaðsleyfis þess greiða árlegt gjald, samkv. gjaldskrá í viðauka I við reglugerð þessa, er greiðist fyrir 1. mars ár hvert, skv. reikningi frá lyfjanefnd ríkisins. Reikninga fyrir árgjöldum lyfja skulu greiddir hjá ríkisfjárhirslu.

Árgjöldum er m.a. ætlað að standa undir kostnaði við afgreiðslu á umsóknum um minniháttar breytingu á forsendum markaðsleyfis, tegund I breyting samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins.

Sé handhafi markaðsleyfis lyfs erlendur ber umbjóðanda hans hér á landi að standa skil á greiðslu árgjalds.

#### 3. gr.

##### *Markaðsleyfi sérlyfja og samhliða lyfja.*

Umsækjandi um markaðsleyfi sérlyfs eða samhliða lyfs skal greiða fyrir markaðsleyfi lyfsins samkvæmt gjaldskrá í viðauka I við reglugerð þessa. Hvert markaðsleyfi gildir fyrir eitt lyf í einu lyfjaformi og í einum styrkleika.

Lyfjanefnd ríkisins gefur út markaðsleyfi fyrir sérlyf og samhliða lyf.

#### 4. gr.

##### *Klínískar lyfjarannsóknir og rannsóknir á aðgengi lyfja.*

Sækja ber um heimild til klínískrar lyfjarannsóknar og rannsóknar á aðgengi lyfs til lyfjanefndar ríkisins, sbr. ákvæði 4. tl. 4. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og síðari breytinga, og skal greiða fyrir slíka umsókn samkvæmt gjaldskrá í viðauka I við reglugerð þessa.

Þessi gjöld eru óafturkræf þótt umsókn um heimild til klínískrar lyfjarannsóknar eða rannsóknar á aðgengi lyfs sé synjað.

## 5. gr.

*Óskráð sérlyf.*

Heimilt er að innheimta gjöld vegna innflutnings og sölu óskráðra lyfja, sbr. ákvæði 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

Lyfjanefnd ríkisins innheimtir 2% af heildarinnkaupsverði lyfsins á árinu ef heildarinnkaupsverð er umfram 10.000 kr. og er gjaldið innheimt eftir á. Gjald vegna heimildar til innflutnings og sölu óskráðs lyfs skal þó aldrei nema hærri upphæð en 75.000 kr.

Lyfjanefnd ríkisins getur í undantekningartilfellum fallið frá gjaldtöku vegna innflutnings óskráðra lyfja, t.d. ef um sjaldgæf lífsnauðsynleg lyf er að ræða.

## 6. gr.

*Undanþágur frá greiðslu árgjalda.*

Lyfjanefnd ríkisins er heimilt að veita undanþágu frá greiðslu árgjalds lyfs, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist nefndinni með nákvæmum upplýsingum um heildarmagn, sem selt hefur verið af lyfinu á fyrra ári, auk upplýsinga um heildarupphæð heildsöluverðs lyfsins ári.

## 7. gr.

*Sértekjur lyfjanefndar ríkisins.*

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu standa straum af kostnaði við starfsemi lyfjanefndar ríkisins, sbr. ákvæði 4. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og eru þau aðfararhæf.

## 8. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 593/1995 um skráningar-, árgjöld og önnur leyfisgjöld vegna lyfja.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. desember 1996.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## VIÐAUKI I

*Flokkar gjalda.*

| Flokkur  | Upphæð skráningargjalda í kr. |
|--|-------------------------------|
| Nýtt sérlyf, nýtt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika)   | 75.000                        |
| Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki   | 15.000                        |
| Nýtt sérlyf, þegar skráð virkt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika)  | 50.000                        |
| Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki   | 10.000                        |
| Samhliða lyf (eitt lyfjaform í einum styrkleika)   | 30.000                        |
| Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki   | 6.000                         |
| Meiriháttar breyting á forsendum markaðsleyfis (tegund II skilgr. ES)<br>(s.s. nýtt lyfjaform, styrkleiki og ábending, einnig ný skammtastærð) | 30.000                        |
| Endurskráning lyfja  | 25.000                        |
| Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki   | 5.000                         |
| Markaðsleyfi   | 2.000                         |
| Árgjald fyrir hvern styrkleika/lyfjaform   | 11.000                        |
| Klínísk lyfjaprófun  | 25.000                        |
| Klínísk frásogsprófun  | 12.500                        |

# SAMÞYKKT

## um hunda- og kattahald á Dalvík.

### I. KAFLI

#### Hundahald.

##### 1. gr.

Óheimilt er einstaklingum að halda hunda í Dalvíkurkaupstað nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar og að uppfylltum þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem tilgreindar eru í samþykkt þessari.

##### 2. gr.

Leyfi til hundahalds er bundið við nafn tiltekins einstaklings, 18 ára eða eldri og ákveðið heimilisfang. Leyfið er ekki framseljanlegt.

Alla hunda, sem leyfi er veitt fyrir skal skrá á skrifstofu Dalvíkurbæjar og gefa um þá eftirfarandi upplýsingar: Tegund, kyn, aldur, litur og önnur útlitseinkenni og nafn. Þá skal og skila nýrri ljósmynd af hundinum. Ekki er þó skylt að skrá hunda fyrr en þeir hafa náð þriggja mánaða aldri.

Sé heimilisfangið sem leyfið er bundið í fjölbýlishúsi (parhúsi, raðhúsi, blokk) skal leggja fram skriflegt samþykki annarra húsráðenda eða stjórnar húsfélags (ef það er til).

Framvísa skal vottorði um ábyrgðartryggingu frá viðurkenndu tryggingarfélagi fyrir öllu því tjóni, sem hundurinn kynni að valda þriðja aðila og heilbrigðisvottorði frá dýralækni.

Við skráningu skal afhenda eiganda hunds samþykkt þessa og kynna honum ákvæði hennar. Jafnframt skal hann undirrita yfirlýsingu þess efnis að hann skuldbindi sig til að hlýta í öllu ákvæðum samþykktarinnar.

##### 3. gr.

Leyfishafar skulu fylgja eftirfarandi reglum:

- a) Hundurinn skal ekki ganga laus á almannafæri. Undanþegnir eru minkahundar, dýrhundar og sporhundar þegar þeir eru að störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna og með sérstöku leyfi eftirlitsaðila.
- b) Þess skal gætt að hundurinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna.
- c) Óheimilt er að fara með hund inn í almenningsfarartæki, þjónustustofnanir og fyrirtæki, einkarekin eða opinber, skóla og aðrar slíkar stofnanir, framleiðslu-, geymslu- og/eða sölustaði matvæla auk eftirtalinna staða:
  1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunna og sjóveitur.
  2. Almennings- og útisalerni.
  3. Sorpgeymslur og sorpförgunarstaði.
  4. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
  5. Kirkjugarða, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
- d) Hundurinn skal ávallt hafa um hálsinn ól með merki. Á merkið skal skráð skráningar- númer hundsins, nafn eiganda, heimilisfang og símanúmer. Á ólina skal einnig fest merki (ártal) til sannindamerkis um að greitt hafi verið árlegt skráningar- og eftirlitsgjald og að skoðun hafi farið fram samkvæmt e- og f-liðum þessarar greinar.
- e) Leyfishafar skulu árlega (í okt. - nóv.) og á eigin kostnað færa hunda sína til skoðunar og hreinsunar hjá dýralækni.

- f) Leyfishafar skulu fyrir árslok ár hvert framvísa á bæjarskrifstofu kvittun fyrir ábyrgðartryggingu og vottorði frá dýralækni um hreinsun og skoðun.
- g) Við brot á reglum þessum skal veita umráðamanni hunds viðvörðun og gera honum ljóst að endurtekin brot varða sviptingu leyfis. Við þriðja brot skal leyfið fellt úr gildi. Eiganda hundsins skal gefinn 10 daga frestur til að losa sig við hundinn ella verði hundinum lógað strax að loknum þeim fresti.

#### 4. gr.

Heilbrigðisnefnd eða aðilar á hennar vegum annast framkvæmd og eftirlit með hunda-haldi á Dalvík. Leita má aðstoðar lögreglu þegar þörf krefur vegna brota á samþykktum þessum.

Hunda sem ganga lausir má handsama og færa í geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óskráða. Tilkynna skal eigendum merktra hunda strax um töku þeirra.

Teljast hundur hættulegur að mati dýralæknis og/eða eftirlitsmanns, er heimilt að lóga honum þegar í stað. Aðra hunda má afhenda, ef leyfi er framvísað, innan 7 daga frá því að hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, gegn greiðslu kostnaðar við handsömun og vörslu. Að liðnum þeim fresti er heimilt að lóga hundinum.

#### 5. gr.

##### *Gjaldtaka.*

Leyfishafar skulu árlega greiða gjald samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn Dalvíkur setur og samþykkt er af umhverfisráðherra. Gjald þetta skal standa undir kostnaði bæjarsjóðs við skráningu, eftirlit og vörslukostnað sbr. 2. mgr. 4. gr.

### II. KAFLI

#### **Katta- og gæludýrahald.**

#### 6. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að takmarka kattahald og annað gæludýrahald í þéttbýli í samráði við heilbrigðisnefnd, héraðslækni eða héraðsdýralækni.

#### 7. gr.

Allir heimiliskettir skulu bera merkta hálsól með bjöllu, þar sem fram kemur nafn eiganda, heimili og símanúmer.

Eigendum katta og annarra gæludýra er skylt að gæta þess að þau valdi ekki nágrönnum ónæði. Berist skriflegar, rökstuddar kvartanir, geta eigendur búist við að verða að sæta takmörkunum á dýrahaldi, sbr. 1. mgr. 8. gr.

Bæjaryfirvöldum er heimilt að láta eyða ómerktum flækingsköttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í bænum a.m.k. 7 sólarhringum áður en hún á sér stað.

### III. KAFLI

#### **Almenn ákvæði.**

#### 8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

9. gr.

Samþykkt þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 11. desember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.***REGLUGERÐ**

**um niðurfellingu reglugerðar nr. 99/1985 um eftirgjöf  
á hinu fasta ársfjórðungsgjaldi fyrir venjulegan síma  
hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.**

1. gr.

Reglugerð nr. 99/1985 um eftirgjöf á hinu fasta ársfjórðungsgjaldi fyrir venjulegan síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum skal falla úr gildi frá og með 1. janúar 1997.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 73. 28. maí 1984 um fjarskipti til að öðlast gildi 1. janúar 1997.

*Samgönguráðuneytinu, 12. desember 1996.*

**Halldór Blöndal.**

---

*Halldór S. Kristjánsson.***REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi  
launagreiðenda nr. 60/1991, ásamt síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað 0,07% í 1. gr. reglugerðarinnar komi 0,06%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1990 ásamt síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1997.

*Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 1996.*

**Páll Pétursson.**

## REGLUGERÐ

### um (3.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði nr. 158/1996.

#### 1. gr.

1. og 2. tl. 3. gr. orðast svo:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 800 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 800 kr. greiðir sjúkratryggður 24%, en þó aldrei meira en 1.500 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 250 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 250 kr. skulu þeir greiða 12 %, en þó aldrei meira en 400 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

#### 2. gr.

1. og 2. tl. 4. gr. orðast svo:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 800 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 800 kr. greiðir sjúkratryggður 40%, en þó aldrei meira en 3.000 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 250 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 250 kr. skulu þeir greiða 20 %, en þó aldrei meira en 800 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast gildi 1. janúar 1997.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. desember 1996.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

---

*Davíð Á. Gunnarsson.*

# SAMÞYKKT

## um takmörkun hundahalds í Hrunamannahreppi.

### 1. gr.

Hundahald í Hrunamannahreppi sæti eftirfarandi takmörkunum:

- a) Skylt er að skrá alla hunda í Hrunamannahreppi, þar með talda smalahunda á lögbýlum.
- b) Eigandi er ábyrgur fyrir hverju því tjóni sem hundur hans kann að valda. Eigendur eru hvattir til að hafa ábyrgðartryggingu.
- c) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa utan eigin lóða og/eða lögbýlis nema smalahunda, minkahunda, dýrhunda og sporhunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna. Aðrir hundar skulu aldrei ganga lausir á almannafæri, heldur vera í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þótt í taumi séu, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús eða verslanir svo og starfstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað. Þeim sem þurfa aðstoð leiðsöguhunda (blindrahunda) skal þó heimill aðgangur að opinberum byggingum og vinnustöðum öðrum en þeim sem framleiða, framreiða eða selja matvöru.
- d) Hundaeigendum er skylt að sjá um að hundar raski eigi ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Skilyrði fyrir hundahaldi í fjölbýlishúsum er að allir íbúðareigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds.
- e) Hundaeigendum ber að öðru leyti að hlíta lögum og reglum er hundahald varða, þ.á m. reglum um árlega hreinsun svo og öðrum fyrirmælum er heilbrigðisnefnd kann að setja. Skylt er að bandormahreinsa alla hunda einu sinni á ári. Skila skal vottorðum þar að lútandi til skrifstofu sveitarstjórnar fyrir 20. desember ár hvert.

### 2. gr.

Fyrir brot á samþykkt þessari skal hundaeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu.

### 3. gr.

Allir flækingshundar sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni skulu teknir úr umferð. Á það jafnt við um hunda sem skráðir eru í Hrunamannahreppi sem og aðkomu hunda. Gefi eigandi sig ekki fram og/eða vitji ekki hundsins innan 7 daga hefur lögregla heimild til að lóga honum í samræmi við ákvæði laga nr. 15/1994 um dýravernd á kostnað hundaeiganda.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og þeim lógað þegar í stað af eiganda og/eða lögreglu. Sveitarstjórn og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari nema um lögreglumál sé að ræða.

### 4. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hrunamannahrepps og staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1997.

*Umhverfissráðuneytinu, 11. desember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Reykhólahreppi árið 1997.

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Reykhólahreppi fyrir árið 1997 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

- |                                    |           |
|------------------------------------|-----------|
| A. Íbúðir m.v. 1 poka á viku ..... | kr. 7.500 |
| B. Sumarhús .....                  | kr. 3.750 |

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðis-  
eftirlit, með síðari breytingum, til þess að gilda árið 1997.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. desember 1996.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUR

**um Þróunarsjóð grunnskóla.**

1. gr.

Menntamálaráðherra veitir árlega fé úr Þróunarsjóði grunnskóla til styrktar þróunar-  
verkefnum í grunnskólum landsins. Með þróunarverkefnum er átt við nýjungar, tilraunir og  
nýbreytni í skipulagi náms, kennsluháttum, kennslu, námsgögnum, námsmati í grunnskólum  
og mati á skólasterfi.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna ráðgjafarnefnd til tveggja ára í senn. Nefndin  
skal skipuð einum fulltrúa án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar, tveimur  
tilnefndum af samtökum kennara í grunnskólum og skal annar vera skólástjórmandi, einum  
tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands og einum af Háskólanum á Akureyri. Jafnmargir skulu  
tilnefndir til vara.

3. gr.

Ráðgjafarnefndin gerir tillögur til menntamálaráðherra um ráðstöfun fjármuna sjóðsins  
til þróunarverkefna í grunnskólum. Nefndin skilgreinir og lýsir nýjungum og tilraunum sem  
þykja horfa til framfara í grunnskólum, áætlar umfang þeirra og tímamörk og áætlar kostnað  
við að hrinda þeim í framkvæmd. Nefndin leitar álits og aðstoðar sérfræðinga ef hún telur  
þörf á.



## 4. gr.

Auglýsa skal eftir skólum til að taka að sér skilgreind þróunarverkefni í janúar ár hvert. Skólastjórar grunnskóla fyrir hönd skóla, kennarahópa eða einstakra kennara geta sent inn þátttökutilkynningu. Viðkomandi sveitarstjórn, sveitarstjórnir eða þeir aðilar sem sveitarstjórn gefur umboð sitt (t.d. skólanefnd, skólamálaskrifstofa, skólamálafulltrúi) skal staðfesta þátttökutilkynningu skóla.

Aðrir aðilar en grunnskólar geta tekið að sér auglýst verkefni. Krefjist slík verkefni beinna tengsla við starfandi skóla, skal staðfesting á þátttöku skóla fylgja umsókn.

## 5. gr.

Að fengnum þátttökutilkynningum gerir ráðgjafarnefnd tillögur til ráðherra um val á skólum eða öðrum aðilum, svo og um forgang verkefna ef þess þarf. Ráðgjafarnefndin aðstoðar við frekari útfærslu verkefnanna ef með þarf, eftir að framkvæmdaraðili hefur verið valinn.

## 6. gr.

Ráðuneytið og viðkomandi sveitarstjórn eða sá sem hún gefur umboð sitt, gera skriflegan samning um verkefnið þar sem fram kemur m.a. í hverju verkefnið er fólgið, markmið þess og lýsing á framkvæmd, skilgreindir áfangar og tímasetningar, umsjónarmenn og skil í lok verks. Einnig skal þar tilgreindur heildarfjárstyrkur til verksins, hvernig staðið skuli að greiðslum og lokauppgjöri. Sveitarstjórn eða skólanefnd/skólafulltrúi í umboði hennar skal staðfesta samninginn.

## 7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 52. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 10. desember 1996.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

## AUGLÝSING

### um stofnun fólkvangs við Ástjörn og Ásfjall.

Að tillögu umhverfisnefndar Hafnarfjarðar og að fengnu samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur Náttúruverndarráð ákveðið að landsvæði umhverfis friðlandið við Ástjörn og Ásfjall verði lýst fólkvangur, með skírskotun til 26. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

Mörk svæðisins eru: að vestan: Íprótta- og útivistarsvæði Knattspyrnufélagsins Hauka, að norðan: Stekkur og framtíðaríbúðarbyggð, að austan: Austurhlíð Ásfjalls, og að sunnan: Grísanes.

Hnit svæðisins eru: (23516,25; 7717,11) (23471,5; 7702,5) (23118; 7800) (22860; 7600) (22560; 7564) (22450; 7800) (22368; 7755) (22417; 7247) (23150; 7020) (23535; 7075) (23974,51; 7208,13) (23523,69; 7670,64).

Eftirfarandi reglur gilda um fólkvanginn:

1. Gangandi fólk er frjálst umferð um svæðið enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfa truflun á dýralífi.
2. Umferð ökutækja innan svæðisins er aðeins heimil á akvegum.
3. Svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

4. Óheimilt er að beita búpeningi innan fólkvangsins.
5. Lausaganga hunda er bönnuð í fólkvanginum
6. Losun alls sorps og úrgangs er bönnuð innan fólkvangsins.
7. Losun mengandi efna á vatnasviði Ástjarnar er óheimil. Settar verði sérstakar reglur um áburðarnotkun hjá gróðrarstöðinni.
8. Meðferð skotvopna er óheimil á svæðinu.
9. Mannvirkjagerð skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag. Önnur mannvirkjagerð er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
10. Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar fer með stjórn og eftirlit með fólkvanginum.
11. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi umhverfisnefndar Hafnarfjarðar og Náttúruverndarráðs.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.


Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Umhverfisráðuneytinu, 13. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

### Fylgiskjal.



## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Hrunamannahreppi.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

## 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

|   | Kr.          |
|---|--------------|
| <b>A. Sorpeyðing</b>                                      |              |
| Íbúðarhús .....   | 5 000 á ári  |
| Atvinnurekstur, bújarðir,<br>garðyrkjustöðvar o. fl. .... | 5 000 á ári  |
| Sumarhús .....  | 3 000 á ári  |
| Stærri atvinnurekstur allt að .....                       | 30 000 á ári |
| <b>B. Sorphreinsun</b>                                    |              |
| Sótt vikulega, íbúðarhús .....                            | 3 000 á ári  |

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hrunamannahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1997.

*Umhverfísráðuneytinu, 11. desember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 660

11. desember 1996

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Ölfushreppi 1997.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Ölfushrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum.

## 2. gr.

Gjaldið leggst á árlega sem hér segir:

- A. Íbúðarhús, hver pokaening (einn poki vikulega eða tveir poka hálfsmánaðarlega) kr. 6.000. Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna hvernar viðbótar pokaeningar kr. 4.000.
- B. Atvinnuhúsnæði, hver pokaening kr. 8.250 fyrir hvern poka.
- C. Öll fyrirtæki lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald, samkvæmt eftirfarandi:

|            | <b>Sorpeyðingargjald</b> | <b>Sorphreinsunargjald</b> |
|------------|--------------------------|----------------------------|
| 1. flokkur | kr. 5.750                | kr. 23.000                 |
| 2. flokkur | kr. 11.500               | kr. 46.000                 |
| 3. flokkur | kr. 23.000               | kr. 92.000                 |
| 4. flokkur | kr. 46.000               | kr. 184.000                |
| 5. flokkur | kr. 92.000               | kr. 368.000                |
| 6. flokkur | kr. 138.000              | kr. 552.000                |

Hreppsnefnd raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs.

Heimilt er að fella sorphreinsunargjald niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Ölfushreppur samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að gilda fyrir árið 1997.

*Umhverfisráðuneytinu, 11. desember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUR

### um smíði báta styttri en 6 metrar.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um báta og önnur tæki styttri en 6 metrar að lengd, mælt milli stafna, sem notuð eru í atvinnuskyni á sjó, ám eða vötnum. Bátarnir og/eða tækin eru skilgreind í reglunum sem smábátar.

Með orðalaginu „notkun báta í atvinnuskyni“ er átt við báta sem skapa eigendum tekjur, til dæmis með notkun bátanna við fiskveiðar eða farþegaflutning eða vegna leigu á bátunum til almennings. „Vinnubátur“ er samheiti á bátum sem notaðir eru í atvinnuskyni.

Bátasmiðir, innflytjendur eða eigendur skemmtibáta geta fengið þá samþykkt, enda uppfylli bátarnir ákvæði reglna um skemmtibáta.

2. gr.

*Samþykki smábáta.*

Smábátar, sem notaðir eru í atvinnuskyni hér á landi, skulu samþykktir af Siglingastofnun Íslands og skráðir hjá skipaskráningardeild stofnunarinnar.

Smábátar skulu samþykktir af Siglingastofnun samkvæmt reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum, þó sbr. 2. gr. 3. mgr. Slöngur sem notaðar eru sem flotholt á smábáta skulu uppfylla ákvæði í viðauka 1 við reglur þessar.

Smábátar sem leigðir eru út til almennings til stuttra ferða á lygnum vatni í sjónmáli frá eftirlitsstöð bátaleigunnar eða notaðir til farþegaflutninga á ám undir stjórn leiðsögu-

manna, sbr. ákvæði í 7. gr. 1. mgr., skulu samþykktir sérstaklega með hliðsjón af þeim aðstæðum sem eru á þeim slóðum sem bátarnir verða notaðir. Þó skal hver smábátur búinn fullnægjandi flotholtum með tilliti til fjölda bátsverja.

## 3. gr.

*Skráning smábáta.*

Í skrá yfir smábáta skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar þó sbr. 3. gr. 3. mgr.:

- Smábátanúmer, sem er skráningarnúmer bátsins.
- Nafn og heimilisfang framleiðanda.
- Smíðanúmer og smíðaár.
- Aðalmál (lengd, breidd, dýpt og brúttótonn).
- Nafn bátsins.
- Umdæmisbókstafir og tölur, ef báturinn er fiskibátur.
- Fullt nafn og heimilisfang eiganda.
- Skrásetningardagur og ár.

Heimilt er að strika út af skrá þá smábáta sem ekki eru skoðaðir samkvæmt ákvæðum í 6. gr. 1. mgr. í þrjú ár samfleytt. Við endurskráningu bátanna skal fara að sem við nýskráningu, þ.e. gengið skal úr skugga um að bátarnir uppfylli að öllu leyti ákvæði reglna.

Smábáta sem samþykktir eru til leigu eða farþegaflutninga á ám, sbr. ákvæði í 2. gr. 3. mgr., þarf ekki að skrá hvern og einn, heldur nægir að skrá bátsgerðina sem viðkomandi fyrirtæki hefur til leigu eða farþegaflutninga, enda beri fyrirtækið fulla ábyrgð á að ekki séu notaðir bátar af annari gerð.

## 4. gr.

*Merking smábáta.*

Smábátar, aðrir en þeir sem samþykktir eru samkvæmt gr. 2. gr. 3. mgr., skulu merktir með smíðanúmeri eða öðru númeri, sem Siglingastofnun tekur gilt. Þetta númer skal varanlega fest eða grópað í bol smábátsins samkvæmt ákvörðun Siglingastofnunar. Auk þess skulu viðkomandi smábátar vera merktir sem hér segir:

- Skráningarnúmeri á heppilegum stað á báðum hliðum.
- Nafni bátsins.
- Umdæmisbókstöfum og tölum, ef báturinn er fiskibátur.

Bókstafir og tölur skulu vera dökkir stafir á ljósum grunni eða ljósir stafir á dökku grunni og hæð stafanna ekki minni en 10 cm.

## 5. gr.

*Öryggisbúnaður.*

Í smábátum skal vera eftirgreindur öryggisbúnaður, þó sbr. 5. gr. 2. mgr.:

- Bjargbelti fyrir alla um borð.
- Þrjú rauð handblys.
- Vatnshelt vasaljós.
- Sjúkrakassi.
- Legufæri, austurbúnaður og handslökkvitæki samkvæmt reglum um smíði og búnað báta með mesta lengd allt að 15m.

Siglingastofnun kveður nánar á um öryggisbúnað vinnubáta með hliðsjón af farsviði þeirra, svo og ef bátarnir hafa leyfi til sjósóknar utan þess tíma sem tilgreindur er í 6. gr. 3. mgr. Skal þá tekið mið af reglum um björgunar- og öryggisbúnað báta lengri en 6 metrar.

Allur laus búnaður skal vera í lokuðum hirslum eða umbúðum, sem eru fasttengdar í bátnum.

## 6. gr.

*Skoðun smábáta.*

Smábátar skulu skoðaðir eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ber eiganda að óska eftir skoðun hjá umdæmisstjórum Siglingastofnunar. Þó nægir að bolur báta úr plasti sé skoðaður annað hvert ár. Bátunum skal veitt skoðunartorturð uppfylli þeir ákvæði reglna.

Siglingastofnun er heimilt að fela siglingaklúbbum, bátaleigum og þeim sem stunda farþegaflutninga og hafa starfsleyfi stofnunarinnar sbr. 7. gr. 1. mgr., eftirlit með eigin bátum, enda beri þeir þar með fulla ábyrgð á að reglum sé framfylgt.

Skoðunartorturð skal aðeins gilda á tímabilinu 1. apríl til 30. september. Smábátar sem á að nota á takmörkuðu svæði á fjörðum, flóum eða vötnum, eða við fiskveiðar eða fiskeldi nálægt ströndum landsins, geta þó fengið sérstakt leyfi til sjósóknar með takmarkað farsvið utan þess tímabils sem að framan greinir.

Siglingastofnun er heimilt að gera skyndiskoðanir á smábátum þeim sem þessar reglur fjalla um, hvar og hvenær sem hentugt þykir. Sé smábáti á einhvern hátt áfátt í gerð eða búnaði má fella skoðunartorturð úr gildi. Ennfremur má fella úr gildi starfsleyfi siglingaklúbba, bátaleiga eða þeirra sem stunda farþegaflutning, ef í ljós kemur að þeir fari ekki í einu og öllu eftir settum reglum eða þeim skilyrðum sem starfsleyfið byggir á.

## 7. gr.

*Starfsleyfi.*

Siglingaklúbbar og bátaleigur, sem og þeir sem stunda farþegaflutninga á smábátum, skulu hafa til þess sérstakt starfsleyfi frá Siglingastofnun.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg á eyðublaði samkvæmt viðauka 2.

Starfsleyfi skal gefið út á nafn þess sem ábyrgur er fyrir starfsemi bátaklúbbsins/ bátaleigunnar.

Starfsleyfi er háð því skilyrði að starfsemin sé rekin á grundvelli reglna um öryggi og umhverfisvernd á sjó og vötnum og í samráði við Siglingastofnun.

Með umsókn um starfsleyfi skuldbindur umsækjandi sig til:

- að nota eingöngu báta sem viðurkenndir eru af Siglingastofnun til starfseminnar.
- að hafa yfir að ráða starfsmönnum sem viðurkenndir eru af Siglingastofnun sem leiðsögumenn eða leiðbeinendur.
- að hafa nákvæma áætlun um hvernig best má tryggja öryggi farþega og annarra sem nota báta umsækjandans og skal öryggisáætlunin vera samþykkt af Siglingastofnun.
- að kynna farþegum og öðrum sem nota báta umsækjandans öryggisáætlunina og undirbúa þá undir bátsferðina eins og kostur er.

Leiðsögumenn, leiðbeinendur og aðrir starfsmenn siglingaklúbba og bátaleiga, sem óska viðurkenningar Siglingastofnunar, skulu hafa þá þekkingu og þjálfun í meðferð báta, fyrstu hjálp og öðrum öryggisþáttum sem forstjóri Siglingastofnunar telur nauðsynlega með tilliti til viðkomandi starfsemi.

## 8. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993 með síðari breytingum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 357/1990 um sama efni og reglugerð um breytingu á reglum nr. 357/1990, nr. 380/1992.

*Samgönguráðuneytinu, 21. nóvember 1996.*

**Haldór Blöndal.**

*Jón Birgir Jónsson.*

## VIÐAUKI I

### Siglingastofnun Íslands gerir eftirtaldar kröfur um slöngur sem notaðar eru sem flotholt á smábáta.

#### 1. Efniskröfur og prófanir

##### 1.1. Togþol.

##### 1.1.1 Togþol og toglanging skal prófað sem hér greinir:

|   |  |
|---|--|
| Prófunarstykki:                           | Breidd 50 mm<br>Lengd 400 - 500 mm                                 |
| Fjarlægð milli festinga á togprófunartæki | 200 mm   |
| Toghraði:                                 | 50 mm/mín.   |
| Fjöldi sýna:                              | 5 stk. í uppistöðu (átt)<br>5 stk. í ívafs (átt)                   |
| Útreikningur:                             | Meðaltal á 5 prófunum í uppistöðu<br>Meðaltal á 5 prófunum í ívafi |

##### 1.1.2 Kröfur til efnis í lofthólf og botn eru sem hér greinir:

|  |
|--|
| Togþol 2200 N ~ 225 kp í uppistöðu (átt) |
| Togþol 2200 N ~ 225 kp í ívafs (átt)     |
| Toglanging mest 35% í uppistöðu          |
| Toglanging mest 35% í ívafi.             |

##### 1.2. Rifþol.

##### 1.2.1 Rifþol skal prófað samkvæmt þýskri aðferð:

|                 |                                     |
|-----------------|-------------------------------------|
| Prófunarstykki: | Breidd 50 mm<br>Lengd 100 mm        |
| „Innskurður“:   | 55 mm upp í miðju skammhliðar       |
| Fjöldi sýna:    | 5 stk. í uppistöðu<br>5 stk. í ívaf |
| Toghraði:       | 100 mm/mín.                         |
| Prófun:         | Í gegnum 10 þræði                   |

##### 1.2.2 Kröfur til efnis í lofthólf og botn eru sem hér greinir:

|                 |   |
|-----------------|---|
| Rifþol lágmark: | 220 N ~ 20 kp í uppistöðu   |
| Rifþol lágmark: | 200 N ~ 20 kp í ívafi<br>180 N ~ 18 kp lágmarksgildi fyrir veikasta þráð. |

##### 1.2.3 Viðloðun þéttiefnis við vefinn skal prófuð sem hér greinir:

|                 |   |
|-----------------|---|
| Prófunarstykki: | Lengd 300 mm<br>Breidd $25 \pm 0.5$ mm<br>Fjöldi 12 stk.<br>Merkingar á annarri hliðinni. |
|-----------------|---|

**Líming:** Á prófunarstykkinn er borin límrönd 25 x 150 mm þannig að á 6 stk. af prufunum er borin límrönd á merktu hliðina og á hin 6 stk. á ómerkту hliðina. Stykkinn með límröndinni á merktu hliðunum límast saman og stykkinn með límröndunum á ómerkту hliðunum límast saman.

**Límejni:** Límið, sem notað er skal vera sterkara en viðloðun þéttiefnisins við vefinn. Eftir herslu er þéttiefnið losað þar sem skil þéttiefnis og vefs eru og sýnin togprófuð.

Toghraði: 100 mm/mín.

##### 1.2.4 Kröfur til viðloðunar þéttiefnis við vefinn eru sem hér greinir:

30 N/2,5 cm ~ 3 kp/2,5 á hvorri hlið efnisins.

## 1.3. Loftþéttleiki.

## 1.3.1 Loftþéttleiki (gljúpleiki) (porosity) fyrir efni í lofthólf og botn skal prófaður sem hér greinir:

|                 |  |
|-----------------|--|
| Prófunarstykki: | Hringlaga og passandi fyrir prófunartæki                           |
| Fjöldi prófana: | 2 stk.   |
| Loftþrýstingur: | $2,5 \times 10^4 \text{ N/m}^2 \sim 2,5 \text{ m vatnssúlu á m}^2$ |
| Prófunartími:   | 5 mín.   |

## 1.3.2 Kröfur til loftþéttleika:

Ekkert loft má komast í gegnum efnið.

## 1.4. Þrýstiprófun.

## 1.4.1 Þrýstiprófun á efni í lofthólf og botn:

|                 |   |
|-----------------|---|
| Prófunarstykki: | Hringlaga með 12 cm þvermáli innan við festingar á prófunarhylki. |
| Prófun:         | Loftþýstingur   |
| Fjöldi prófana: | 2 stk.  |

Sprengiþrýstingur má ekki vera minni en  $1\text{MN/m}^2 = 10 \text{ bar}$ .

## 1.5. Kuldapól

## 1.5.1 Kuldapól efnis í lofthólf og botn.

|                       |  |
|-----------------------|--|
| Prófunarstykki:       | Breidd 50 mm<br>Lengd $\sim 100 \text{ mm}$        |
| Fjöldi prófana:       | 3 stk. í uppistöðu<br>3 stk. í ívaf                |
| Hiti:                 | $-55^\circ\text{C}$                                |
| Geymslutími í frosti: | 30 mínútur.  |
| Prófun:               | Efnið skal brjóta í $180^\circ$ á hvora hlið.      |
| Kröfur:               | EKKI mega sjást sprungur í efninu við 7 x stækkun. |

## 1.6. Prófun á þoli efnis við að liggja í broti.

## 1.6.1 Efni í lofthólf og botn skal prófað sem hér greinir:

|                  |  |
|------------------|--|
| Prófunarstykki:  | Breidd 30-40 cm<br>Lengd sem þurfa þykir |
| Fjöldi prófana:  | 3 stk. í uppistöðu<br>3 stk. í ívafi     |
| Prófunartæki:    | Er lýst í DIN staðli 53359               |
| Hiti við prófun: | $20^\circ\text{C} \pm 2^\circ\text{C}$   |
| Brot:            | Sjá lýsingu á DIN staðli 53359 hluta A   |
| Fjöldi brota:    | 100.000                                  |

## 1.6.2 Kröfur: EKKI mega sjást rifur í efninu við 7 x stækkun.

## 1.7. Aldursþol

## 1.7.1 Aldursþol á efni í lofthólf og botn skal prófað sem hér greinir:

Prófunarstykki með málunum  $500 \times 500 \text{ mm}$  skal sett í stöðugan hita  $70^\circ\text{C} \pm 1^\circ\text{C}$  í 7 daga. Að því loknu skulu eftirtaldar prófanir gerðar:

- Togprófun eins og lýst er í 1.1. í þessum viðauka.
- Rifþolsprófun eins og lýst er í 1.2. í þessum viðauka.
- Prófun á loftþéttleika eins og lýst er í 1.3. í þessum viðauka.

## 1.7.2 Kröfur: Togþol og rifþol skal vera minnst 90% af gildunum fyrir hitaraun.

Toglenging má mest vera 35%.

Ekkert loft má fara í gegnum efnið við prófun eins og lýst er í 1.3.

Í prófunarstykki má ekki merkja sprungur eða efnið virðast klístrað viðkomu.

## 1.8. Oluþol

## 1.8.1 Þol efnis í lofthólf og botn skal prófað sem hér greinir:

|                 |  |
|-----------------|--|
| Prófunarstykki: | Hæfileg í prófunartæki                 |
| Fjöldi prófana: | 2 stk.                                 |
| Prófunarhiti:   | $20^\circ\text{C} \pm 2^\circ\text{C}$ |



Gerðir olíu: Jarðolía sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:  
 Anilinmark  $120^{\circ}\text{C} \pm 5^{\circ}\text{C}$   
 Blossamark minnst  $240^{\circ}\text{C}$   
 Seigja 10-25 c St við  $99^{\circ}\text{C}$

Eftirtaldar olíur er heimilt að nota:

ASTM olía nr. 1

ASTM olía nr. 5

ISO olía nr. 1

Geymslutími í olíu 3 tímar á hvora hlið.

1.8.2 Kröfur: Efnid má ekki losna frá vefnum og yfirborð efnisins má ekki virðast klístrað eða feitt eftir meðferð.

1.9. Sjóþol

1.9.1 Þol gegn sjó á efni í lofthólf og botn skal prófað sem hér greinir:

Efninu skal sökkt í „gerfi sjó“ í sjö daga

Prófunarhiti  $20 \pm 2^{\circ}\text{C}$ .

1.9.2 Efnid má ekki losna frá vefnum og yfirborðið má ekki virðast rifid eða vera feitt viðkomu. Engin mislitun er leyfileg.

1.10. Þol litar.

1.10.1 Litur á slöngum skal prófaður sem hér greinir:

Prófunarstykkinn eru sett í xenonlýsingu í 80 tíma.

1.10.2 Krafa: Við samanburð á stykki, sem ekki hefur verið í ljósi má ekki sjást verulegur litamunur milli stykkja.

## 2. Gæðaeftirlit með límingum á slöngum.

2.1. Prófunaraðferðir og kröfur til líminga.

2.1.1 Af hverjum efnisstranga er notaður er í lofthólf skal skera út 10 réttþyrmda strimla í málunum  $50 \times 200$  mm þar sem langhliðin er samhliða uppistöðunni. Annað yfirborðið meðhöndlast á sama hátt og gert er við samsetningu á slöngum og sett lím á  $3/4$  af yfirborðinu en yfirborð, sem er  $50 \times 50$  mm er ekki límborinn. Strimlarnir eru settir saman 2 og 2, þannig að úr verði 5 prufur er hafa málin  $200 \times 200$  mm er enda í tveim ósamlímdum endum  $50 \times 50$  mm. Prufustykki skulu látin harðna. Skrá skal niður dagsetningu og tíma. Við límingu og hörðun skal fara eftir forskrift framleiðenda um blöndun og herðingu, þar með talin tími og hitastig til að ná fullri herslu.

2.1.2 Prófunaraðferð. Eftir að límið er fullharðnað skal fast setja ólímdu endana í togprófunartækið sem skal toga í endana með toghraðanum  $20$  mm/mín. Dagsetning og tími hvernar prófunar skal skráður ásamt þeim krafti er þurfi til að toga strímlana frá hvor öðrum.

2.1.3 Kröfur. Við togprófun samkvæmt 2.1.2 má togkrafturinn ekki vera minni en  $60$  N  $\sim 6,0$  kp pr/50 mm.

## VIÐAUKI II Umsókn um starfsleyfi.

Ég undirritaður \_\_\_\_\_ sæki með umsókn þessari um leyfi til að annast:

– leigu á smábátum til stuttra ferða sbr. farsvið E, í sjónmáli frá eftirlitsstöð bátaleigunnar, á eftirgreindu svæði: \_\_\_\_\_

– leigu á smábátum til ferða sbr. farsvið \_\_\_\_\_ á eftirgreindu svæði: \_\_\_\_\_

– ferðir með farþega sbr. farsvið \_\_\_\_\_ á eftirgreindu svæði: \_\_\_\_\_

– aðra starfsemi en framan greinir. Hvaða starfsemi ? \_\_\_\_\_

Sjá skilgreiningu á farsviði í viðauka III.

Ég undirritaður ábyrgist að nota eingöngu báta sem viðurkenndir eru af Siglingastofnun Íslands til starfseminnar og hafa við starfsemina menn með þekkingu og þjálfun eins og reglur mæla fyrir um og geri mér ljóst að samþykki Siglingastofnunar getur fallið úr gildi að öðrum kosti.

Staður og dagsetning

Undirskrift

### VIÐAUKI III Skilgreining á farsviði.

Smíði og búnaður báta með mestu lengd allt að 15 metrum miðast við farsvið sem skiptist í A, B, C, D og E.

- A. **Úthaf:** Smíði og búnaður miðaður við langsiglingu við aðstæður þar sem vindhraði getur farið yfir 8 stig og ölduhæð yfir 4 metra, án þess að báturinn þurfi aðstoð.
- B. **Fjarri ströndum:** Smíði og búnaður miðaður við siglingu fjarri ströndum, þar sem vindhraði getur náð 8 stigum og ölduhæð 4 metrum.
- C. **Við strendur:** Smíði og búnaður miðaður við strandsiglingar á stórum flóum, við árósa, á vötnum og ám, þar sem vindhraði getur náð 6 stigum og ölduhæð 2 metrum.
- D. **Í skjóli:** Smíði og búnaður miðaður við siglingu á litlum vötnum, ám og fljótum, þar sem vindhraði fer ekki yfir 4 stig og ölduhæð er hámark 0,5 metrar.
- E. **Takmarkað:** Smíði og búnaður miðaður við siglingu í björtu á tímabilinu 1. apríl til 30. september á takmörkuðu svæði innan við 3 sjómílar frá landi og mest 5 sjómílar frá höfn eða bátalendingu, þar sem leita má vars eða lenda bátinum ef í nauðir rekur, eða á takmörkuðu svæði á ám og á vötnum. Sjósókn er miðuð við að vindhraði fari ekki yfir 3 stig og ölduhæð sé hámark 0,3 metrar.

20. desember 1996

Nr. 662

## AUGLÝSING

### um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 1997.

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, hefur innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1997 verið ákveðið 11,57%.

*Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 1996.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Ástráður Karl Guðmundsson.*

## REGLUR

### um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma og slysa.

#### 1. gr.

Greiðslur tannlækniskostnaðar skv. reglum þessum miðast við gildandi gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins á hverjum tíma.

#### 2. gr.

1. Sjúkratryggingar greiða 90% nauðsynlegs kostnaðar við almenna tannlæknis-meðferð þeirra barna, sem falla undir 1. og 2. flokk reglugerðar nr. 150 frá 22. apríl 1992, svo og andlega þroskahamlaðra, 16 ára og eldri, sem dveljast á vistheimilum eða sambýlum. Þátttaka sjúkratrygginga í almennum tannlækniskostnaði hvers einstaklings, án umsóknar, takmarkast við greiðslu allt að 20.000 kr. á ári. Þátttaka sjúkratrygginga vegna umfangsmeiri meðferðar er háð samþykki sjúkratrygginga að undangenginni umsókn.

2. Sjúkratryggingar greiða 75% nauðsynlegs kostnaðar vegna barna, 16 ára og yngri, en 50% vegna einstaklinga 17 ára og eldri. Heimilt er að auka þátttöku sjúkratrygginga í allt að 90% af kostnaði skv. reglum tryggingaráðs, vegna efnaleysis umsækjenda eða forráðenda þeirra.

3. Sjúkratryggingum er heimilt að taka þátt í kostnaði við nauðsynlega endurnýjun tannaðgerða, sem stofnað hefur verið til vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa, þegar sýnt þykir að endurnýjunar er þörf vegna takmarkaðs endingartíma viðurkenndra efna eða aðferða.

#### 3. gr.

Sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði við nauðsynlegar tannlækningar, aðrar en tannréttingar, vegna eftirtalinna tilvika, enda verði þau ekki rakin til stórkostlegs gáleysis umsækjanda, sbr. 4.-7. tl.:

1. meðfæddrar tannvöntunar,
2. vansköpunar tanna, sem leiðir til alvarlegra útlitslýta eða starfrænna truflana þeirra,
3. rangstæðra tanna, sem valdið geta alvarlegum skaða,
4. alvarlegra einkenna frá kjálkaliðum eða tyggivöðvum,
5. alvarlegrar sýrueyðingar tannvefs,
6. alvarlegs niðurbrots á stoðvefjum tanna einstaklinga 25 ára og yngri,
7. annarra sambærilegra, alvarlegra tilvika.

#### 4. gr.

Sjúkratryggingar skulu taka þátt í kostnaði við nauðsynlegar tannréttingar vegna eftirtalinna, alvarlegra tilvika:

1. Skarðs í vör eða gómi, sem valdið getur grófri tannskekku;
2. Meðfæddrar tannvöntunar 4 eða fleiri fullorðinstanna, sem ekki verður bætt án réttingar;
3. Annarra sambærilegra tilvika, s.s. alvarlegs misræmis í vexti kúpu og kjálka.

#### 5. gr.

Sjúkratryggingar skulu veita styrk vegna kostnaðar við tannréttingar barna og ungmenna 20 ára og yngri vegna annarra tilvika en um getur í 4. gr. samkvæmt reglum sem tryggingaráð setur. Ákvæði 2. gr., 2. tl., 2. ml. um tekjutengingu nær ekki til styrkja vegna tannréttinga skv. þessari grein.

## 6. gr.

Sjúkratryggingar skulu taka þátt í nauðsynlegum tannlækniskostnaði vegna alvarlegra slysaatburða, þegar slys verður ekki rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis umsækjanda og slysatryggingar, skv. lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, bæta ekki kostnað, eða skaðabætur þriðja aðila fást sannanlega ekki greiddar.

Umsóknum einstaklinga, 17 ára og eldri, um þátttöku sjúkratrygginga vegna slysaatburða skulu fylgja áverkavottorð og skýrsla lögreglu og/eða vinnueftirlits.

## 7. gr.

Sjúkratryggingum er heimilt að endurgreiða tannlækniskostnað við tannplantaaðgerðir vegna tilvika sem falla undir 3., 4. og 6. gr., sbr. 2. gr., svo sem hér greinir:

1. Kosið er að beita tannplöntum í stað hefðbundinna aðgerða og er þá endurgreiðslufjárhæð í báðum þessum tilvikum hin sama.
2. Gert er að stærri eða meiriháttar vanskapnaði og sambærilegum áunnum lýtum og slysaáverkum, þegar sýnt þykir, að viðunandi mælanlegur árangur náist þá aðeins, að tannplantar séu notaðir, enda séu aðrir möguleikar hefðbundinna aðgerða áður kannaðir.

## 8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru að fengnum tillögum tryggingaráðs skv. c-lið 33. gr. og síðustu málsgreinar 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með áorðnum breytingum, koma í stað reglna nr. 58/1994 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. desember 1996.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

**um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við almennar tannlækningar.**

## 1. gr.

Samkvæmt reglum þessum skal þátttaka sjúkratrygginga í nauðsynlegum tannlækniskostnaði eftirtalinnna einstaklinga vera eftirfarandi:

1. 100%: elli- og örorkulífeyrisþegar, sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrastofnunum eða í þjónustuhúsnæði aldraðra og njóta vasapeninga.
2. 75%: elli- og örorkulífeyrisþegar með óskerta tekjutryggingu; elli- og örorkulífeyrisþegar, sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrastofnunum eða í þjónustuhúsnæði aldraðra og njóta engra vasapeninga; börn, 15 ára og yngri, sbr. þó 2. gr. gjaldskrár nr. 166/1992.
3. 50%: elli- og örorkulífeyrisþegar með skerta tekjutryggingu; 16 ára börn; börn, 16 ára og yngri, varðandi smíði steyptra tanngerva skv. 4. gr.

## 2. gr.

Sjúkratryggð börn, 16 ára og yngri, skulu hafa einn ábyrgðartannlækni sem annast allar nauðsynlegar almennar tannlækningar þeirra. Heimilt er, vegna ófyrirsjáanlegra atvika, að leita aðkallandi aðstoðar annars en ábyrgðartannlæknis. Ábyrgðartannlæknir getur verið hvort heldur er, skólatannlæknir eða einkatannlæknir.

## 3. gr.

Þátttaka sjúkratrygginga í tannlækningum barna og unglinga, 15 ára og yngri, öðrum en gullfyllingum, krónu- og brúargerð, skal vera 75% og 16 ára unglinga 50%. Um skoðun og fræðslu, röntgenmyndir og flúormeðferð umfram það sem að neðan greinir á hverju 12 mánaða tímabili, skal sækja fyrirfram:

1. Vegna einstaklinga með lága skemmdatiðni, sem þurfa mest 1 fyllingu á ári:

1 - 2 tímaeiningar vegna skoðunar og fræðslu, 1-2 röntgenmyndir, 1 flúormeðferð en 2 ef sérstök þörf er fyrir hendi.

Um skorufyllur fer eftir þörfum, skv. faglegu mati tannlæknis, enda sé meðferð í samræmi við reglur sem viðurkenndar eru af Tryggingastofnun ríkisins.

2. Vegna einstaklinga með miðlungsháa skemmdatiðni, sem þurfa 2-3 fyllingar á ári:

1-2 tímaeiningar vegna skoðunar og fræðslu, 2 röntgenmyndir, 1-2 flúormeðferðir.

Um skorufyllur fer eftir þörfum, skv. faglegu mati tannlæknis, enda sé meðferð í samræmi við reglur sem viðurkenndar eru af Tryggingastofnun ríkisins.

## 4. gr.

Þátttaka sjúkratrygginga við nauðsynlega smíði steyptra tanngerva barna, 16 ára og yngri, er háð samþykki sjúkratrygginga að undangenginni umsókn.

## 5. gr.

1. Sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega vegna smíði gervigóma, heilgóma eða parta, á sex ára fresti hið mesta, og fóðrana þeirra á þriggja ára fresti hið mesta.

Sjúkratryggingum er heimilt, þegar sérstakar ástæður krefja, að veita undanþágu frá þessu ákvæði að undangenginni umsókn.

2. Sjúkratryggingar taka ekki þátt í kostnaði lífeyrisþega við gullfyllingar, krónur, brýr eða við aðra sambærilega meðferð, svo sem tannplanta.

## 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, sbr. 66. gr. s.l., kemur í stað reglna nr. 63/1993 og reglugerðar nr. 235/1993 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. desember 1996.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Akureyrar.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafveitu Akureyrar.

Orkugjald kr/kWh er lækkað um 3% nema á hitatöxtum frá gjaldskrá 1. janúar 1996.

Allar tölur án VSK

| Almennir taxtar:      |  | Grunnverð kr.:          |
|-----------------------|--|-------------------------|
| <b>A1</b>             | <b>Almenn notkun</b>                           |                         |
|                       | Orkugjald kr/kWh .....                         | 5,32                    |
|                       | Fast gjald kr/ár.....                          | 2.443                   |
| <b>A2</b>             | <b>Víkjandi orka</b>                           |                         |
|                       | Orkugjald kr/kWh .....                         | 3,81                    |
|                       | Fast gjald kr/ár.....                          | 10.607                  |
| <b>A3</b>             | <b>Mannvirkjagerð</b>                          |                         |
|                       | Orkugjald kr/kWh .....                         | 5,32                    |
|                       | Fast gjald kr/ár.....                          | 10.744                  |
| <b>Afltaxtar:</b>     |  |                         |
| <b>B1</b>             | <b>Afl- og orkumæling</b>                      |                         |
|                       | Orkugjald kr/kWh vetur .....                   | 3,09                    |
|                       | Orkugjald kr/kWh sumar.....                    | 1,54                    |
|                       | Aflgjald kr/kW/ár .....                        | 6.939                   |
|                       | Fast gjald kr/ár.....                          | 49.697                  |
| <b>B2</b>             | <b>Afl- og orkumæling 11 kV</b>                |                         |
|                       | Orkugjald kr/kWh vetur .....                   | 2,86                    |
|                       | Orkugjald kr/kWh sumar.....                    | 1,43                    |
|                       | Aflgjald kr/kW/ár .....                        | 6.465                   |
|                       | Fast gjald kr/ár .....                         | 49.697                  |
| <b>B3</b>             | <b>Aflmæling, útilýsing</b>                    |                         |
|                       | Útilýsing rofin, viðhaldsgjald kr/kW/ár .....  | 20.400                  |
|                       | Útilýsing rofin, aflgjald kr/kW/ár .....       | 18.620                  |
|                       | Útilýsing órofin, aflgjald kr/kW/ár .....      | 29.260                  |
| <b>B4</b>             | <b>Hemill</b>                                  |                         |
|                       | Aflgjald kr/A/ár .....                         | 1.535                   |
| <b>B5</b>             | <b>Mælaleiga</b> .....                         | 1 - fasa mælir<br>700   |
| <b>B6</b>             | <b>Mælaleiga</b> .....                         | 3 - fasa mælir<br>1.400 |
| <b>Aðrir taxtar :</b> |  |                         |
| <b>C1</b>             | <b>Rofin daghitun. Rofími 3 klst. á dag</b>    |                         |
|                       | Orkugjald kr/kWh .....                         | 2,65                    |
|                       | Fast gjald kr/ár.....                          | 7.071                   |
| <b>C2</b>             | <b>Rofin næturhitun. Rofími 15 klst. á dag</b> |                         |
|                       | Orkugjald kr/kWh .....                         | 2,22                    |
|                       | Fast gjald kr/ár.....                          | 7.071                   |

**Grunnverð kr.:**

|           |   |       |        |
|-----------|---|-------|--------|
| <b>C3</b> | <b>Rofin iðnaðarhitun. Rofítími 2x1 1/2 klst.</b> |       |        |
|           | Orkugjald kr/kWh .....                            | vetur | 3,66   |
|           | Orkugjald kr/kWh .....                            | sumar | 1,83   |
|           | Fast gjald kr/ár.....                             |       | 7.071  |
| <b>C4</b> | <b>Rofin iðnaðarhitun. Rofítími 2x1 1/2 klst.</b> |       |        |
|           | Orkugjald kr/kWh .....                            |       | 2,88   |
|           | Fast gjald kr/ár.....                             |       | 7.071  |
| <b>C5</b> | <b>Órofin iðnaðarhitun</b>                        |       |        |
|           | Orkugjald kr/kWh .....                            |       | 5,32   |
|           | Fast gjald kr/ár.....                             |       | 2.443  |
| <b>C6</b> | <b>Næturráfmagn. Rofítími 15 klst.</b>            |       |        |
|           | Orkugjald kr/kWh .....                            |       | 2,42   |
|           | Fast gjald kr/ár.....                             |       | 7.071  |
| <b>C7</b> | <b>Blönduð notkun</b>                             |       |        |
|           | Orkugjald kr/kWh .....                            |       | 3,41   |
|           | Fast gjald kr/ár.....                             |       | 10.422 |

**Aðalheimtaugar****230V**

|                                 |         |
|---------------------------------|---------|
| 25 A 1 fasa kr. heimtaug .....  | 20.882  |
| 63 A 3 fasa kr. heimtaug .....  | 49.632  |
| 125 A 3 fasa kr. heimtaug ..... | 77.822  |
| 200 A 3 fasa kr. heimtaug ..... | 116.732 |
| 260 A 3 fasa kr. heimtaug ..... | 147.860 |
| 315 A 3 fasa kr. heimtaug ..... | 199.063 |
| 400 A 3 fasa kr. heimtaug ..... | 252.926 |

**400 V**

|                                 |         |
|---------------------------------|---------|
| 25 A 1 fasa kr. heimtaug .....  | 20.882  |
| 63 A 3 fasa kr. heimtaug .....  | 49.632  |
| 125 A 3 fasa kr. heimtaug ..... | 81.714  |
| 200 A 3 fasa kr. heimtaug ..... | 162.454 |
| 260 A 3 fasa kr. heimtaug ..... | 208.173 |
| 315 A 3 fasa kr. heimtaug ..... | 272.375 |
| 400 A 3 fasa kr. heimtaug ..... | 350.197 |

**Bráðabirgðaheimtaugar**

|                                 |        |
|---------------------------------|--------|
| 63 A 1 fasa kr. heimtaug .....  | 9.027  |
| 63 A 3 fasa kr. heimtaug .....  | 12.640 |
| 100 A 3 fasa kr. heimtaug ..... | 13.316 |

**Lengdargjald**

|                   |       |
|-------------------|-------|
| 63 A. kr/m. ....  | 1.333 |
| 100 A. kr/m. .... | 1.760 |

**Innheimtugjald** vegna vanskila notenda kr. .... 810

**Lokunargjald** vegna lokunar kr. .... 1.150

**Raforkuverð / skýringar**

**A1** Taxi fyrir heimili, iðnað, verslanir, skrifstofur, skóla og alla notkun sem ekki er getið um annars staðar.

**A2** Víkjandi taxi eða rofin orkuafhending á mesta álagstíma rafveitunnar. Sé orkunotkun meiri en 200.000 kWh á ári er hægt í stað rofs að kaupa orku á háalagsgjaldi á roftíma samkvæmt sérstökum samningi við rafveituna. Ef þessi taxi er notaður ásamt öðrum töxtum í sömu neysluveitu er ekki heimilt að hafa tengla á honum.

**A3** Taxi fyrir alla skammtímanotkun vinnuvéla, vinnuljósa og annars í sambandi við mannvirkjagerð.

**B1** Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 30 mínútna meðalgildi afls. Sumarorkugjald reiknast á mælda orku í mánuðunum maí-september. Vetrarorkugjald reiknast á mælda orku í janúar-apríl og október-desember.

a) Iðnaðartaxi.

Þessi taxi er fyrir alla raforkunotkun um sömu heimtaug. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

b) Notendum sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira, er heimilt að kaupa alla raforku sína samkvæmt þessum taxa.

**B2** Taxi fyrir sölu á 11 kV. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 30 mínútna meðalgildi afls. Sumarorkugjald reiknast á mælda orku í mánuðunum maí-september. Vetrarorkugjald reiknast á mælda orku í janúar-apríl og október-desember.

**B3** Taxi fyrir útilýsingu. Gildir fyrir alla útilýsingu, roftími er breytilegur og fylgir dagsbirtu. Aflgjald (kr/kW/ár) er greitt fyrir uppsett afl ljósbúnaðar. Viðhaldsgjald (kr/kW/ár) er greitt fyrir viðhald og eftirlit á viðkomandi ljósbúnaði. Ef notandi vill getur hann sjálfur annast viðhald og eftirlit á ljósbúnaði. Ljósbúnaður skal fullnægja kröfum rafveitunnar og skal notandi greiða stofnkostnað að fullu.

**B4** Taxi fyrir verbúðir og skepnuhús.

**B5** Taxtar fyrir leigu á raforkumælum.

**B6** Óski notandi þess leigir rafveitan honum mælitæki til innra uppgjörs. Ársleiga skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, sama gildir um önnur tæki.

**C1** Rofin daghitun. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag á mesta álagstíma, þó ekki lengur en 1/2 klst. í senn.

**C2** Rofin næturhitun. Straumur er rofinn á tímabilinu frá kl. 06 til 24.

**C3** Rofin daghitun til iðnaðar og annarra nota en hitunar húsa. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1 1/2 klst. í senn. Sumarorkugjald reiknast á mælda orku í mánuðunum maí-september. Vetrarorkugjald reiknast á mælda orku í janúar-apríl og október-desember.

**C4** Rofin daghitun til iðnaðar og annarra nota en hitunar húsa. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1 1/2 klst. í senn.

**C5** Órofin iðnaðarhitun.

**C6** Næturráfmagn. Rofin orkuafhending, sem rofin er í 15 klst. á tímabilinu frá kl. 07 til 22.

**C7** Taxi fyrir verbúðir, skepnuhús og sumarbústaði. Gildir bæði sem almenn notkun og raffiti. Öll raforka er afhent órofin. Einnig geta notendur keypt orku til þessara nota samkvæmt A1.

**Heimtaugargjöld / skýringar**

**1** Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.

**2** Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.



3 Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

4 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

5 Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loflínu í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frá-dregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

6 Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

### Ýmis ákvæði

1. Innheimtugjald leggst á viðskiptavin þegar innheimtuaðgerð er hafin. Komi til lokunar og þar með stöðvunar á orkuafhendingu skal notandi greiða lokunargjald. Lokunargjald kemur til viðbótar innheimtugjaldi.

2. Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 50% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 30 mín. meðalgildi afls.

3. Rafveitan leiðbeinir notendum er þess óska um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

### Önnur notkun

1. Rafveitan getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitunnar.

2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá nr. 86 frá 24. janúar 1996, með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 20. desember 1996*

F. h. r.

**Halldór J. Kristjánsson.**

*Jón Ögmundur Þormóðsson.*

## REGLUGERÐ

### um innheimtu markaðsgjalds á árinu 1997.

1. gr.

Markaðsgjald sem lagt er á veltu atvinnufyrirtækja, eins og hún er skilgreind í 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga, skal greitt á tíu gjalddögum á árinu 1997. Er gjalddagi fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

## 2. gr.

Þar til álagning ársins 1997 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Fyrirframgreiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 8% af álögðu markaðsgjaldi á árinu 1996.

## 3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á markaðsgjaldi sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1997 skv. 2. gr., ef sýnt er fram á að markaðsgjald muni lækka um a.m.k. 25% milli ára að teknu tilliti til lægra gjaldhlutfalls.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

## 4. gr.

Um greiðslur markaðsgjalds á árinu 1997 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í bráðabirgðaákvæði I við lög nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, sbr. 52. gr. laga nr. 122/1993, öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

*Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 1996.*

F. h. r.

**Jón Guðmundsson.**

*Bragi Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

### um innheimtu þinggjalda á árinu 1997.

## 1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1996 skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1997. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

## 2. gr.

Þar til álagning ársins 1997 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 10,5% af þeim þinggjöldum, sbr. 1. gr., er honum bar að greiða á árinu 1996. Að því er menn varðar er átt við önnur þinggjöld gjaldársins 1996 en tekjuskatt, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ekki skal innheimta fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. af hún er undir 1.000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

## 3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1997 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

## 4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um er að ræða hafi lækkað svo mjög milli árána 1995 og 1996 að þeir séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 1995. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

## 5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

## 6. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupum launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. sbr. og 113. gr. sömu laga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

## 7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1997 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

## 8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110., 113. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

*Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 1996.*

F. h. r.

**Jón Guðmundsson.**

*Bragi Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

### un álagningarstofn fasteignaskatts 1997.

## 1. gr.

Fasteignamat ríkisins hefur í samræmi við II., sbr. I. kafla laga nr. 4/1995, sbr. lög nr. 122/1996 um breyting á þeim, reiknað álagningarstofn fasteignaskatts fyrir hverja einstaka fasteign í landinu.

## 2. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest skrá um álagningarstofn fasteignaskatts fyrir landið allt eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Skráin er hluti af fasteignaskrá þeirri, er ráðuneytið staðfesti hinn 21. nóvember sl. Skráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofninn með tilkynningu um fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 606/1996 um nýtt fasteignamat.

## 3. gr.

Með vísan til tilvitnaðra laga tilkynnir ráðuneytið hér með, að álagningarstofn fasteignaskatts eins og hann er ákveðinn með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. janúar 1997 og falla þá jafnframt úr gildi auglýsingar nr. 608/1995 og 636/1996.

*Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 1996.*

F. h. r.

**Björn Hafsteinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Guðmundur Jóhannsson.*

## REGLUGERÐ

### um gjaldhlutfall af söluvörum landbúnaðarins til Bjargráðasjóðs fyrir árið 1997.

## 1. gr.

Gjaldhlutfall af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga um Búnaðarmálasjóð nr. 41/1990, til Bjargráðasjóðs fyrir árið 1997 skiptist eftir búgreinum á eftirfarandi hátt:

- a) Greiða skal 0,2% af hrossaafurðum.
- b) Greiða skal 0,3% af afurðum sauðfjár, nautgripa, svína, alifugla (egg), æðardúni, loðskinum og kartöflum.
- c) Greiða skal 1,0% af afurðum alifugla (kjöt).

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt b-lið 5. gr. laga um Bjargráðasjóð nr. 146/1995, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 16. desember 1996.*

**Páll Pétursson.**

\_\_\_\_\_  
*Húnbogi Þorsteinsson.*

# REGLUGERÐ

## um einkennisfatnað fangavarða og forstöðumanna fangelsa, merki þeirra og búnað.

### 1. GERÐ FATNAÐAR.

#### A. *Einkennisfatnaður*

**1.1 Húfa** skal vera úr bláu efni með 5 sm breiðri uppistandandi gjörð, 5 sm breiðri reisu, kringlóttum, flötum kolli, gljáleðurskyggni og hökuól, er fest sé á gjörðina með tveimur litlum einkennishnoppum. Á gjörðinni skal vera svartur borði úr upphleyptu efni.

Framan á reisininni skal vera skjaldarmerki ríkisins, 4 sm að hæð, úr málmi. Undir merkinu skal vera jafnstór hringur úr mjúku svörtu plastefni eða svörtu taui.

Húfa skal borin samkvæmt sérstakri ákvörðun yfirmanns í fangelsi hverju sinni.

**1.2 Jakki** skal vera úr bláu klæðisefni úr blöndu af ullarefni og gerviefni sem ákveðin er af fangelsismálastofnun, einhnepptur með þremur einkennishnoppum, með venjulegum kraga. Starfsnúmer hlutaðeigandi starfsmanns skal ísaumað fyrir ofan brjóstvasa vinstra megin.

Á hvorri ermi skulu vera þrír litlir einkennishnappar, fremst meðfram ermasaum.

Á jakkanum skal vera einn brjóstvasi vinstra megin og tveir innri brjóstvasar. Einnig skulu vera tveir hliðarvasar.

**1.3 Buxur** skulu vera úr sama efni og jakki, án uppbrota, með fjórum vösum, auk handjárnvasa og kylfuvasa, og festingum fyrir öryggisbúnað samkvæmt nánari ákvörðun fangelsismálastofnunar.

**1.4 Skyrta** skal vera ljósblá úr blöndu af bómull og gerviefni, sem ákveðin er af fangelsismálastofnun, heilerna með venjulegum kraga. Á henni skulu vera axlasmeygar með tilheyrandi stöðutákni hlutaðeigandi starfsmanns. Á skyrtunni skulu vera tveir djúpír brjóstvasar með loki, en þó skal vera u.þ.b. 2 sm opið bil þar sem lok er saumað fast innanvert á vasaloki. Starfsnúmer hlutaðeigandi starfsmanns skal ísaumað fyrir ofan brjóstvasalok vinstra megin. Armmmerki út taui með merki fangelsismálastofnunar skal vera fest á vinstri ermi, og skal efri brún vera 7 sm fyrir neðan axlasaum.

**1.5 Peysa** skal vera blá að lit, sem ákveðin er af fangelsismálastofnun. Hún skal búin axlasmeygum með tilheyrandi stöðutákni hlutaðeigandi starfsmanns og armmmerki úr taui skal fest á vinstri ermi eins og um skyrtu væri að ræða. Starfsnúmer hlutaðeigandi starfsmanns skal saumað framan á peysuna. Um heila peysu er að ræða með v-laga hálsmáli.

**1.6 Hálsbindi** skal vera úr tauefni í sama lit og jakki og buxur.

**1.7 Fjölnotaúlpa** skal vera af vandaðri gerð og skal efni hennar vera viðurkennt vatns- og vindhelt úlpuefni. Gert skal ráð fyrir að úlpan sé nothæf sem yfirhöfn allt árið og skal fylgja henni innra fóður úr flísefni eða öðru hlýju efni sem má fjarlægja eða setja í úlpuna eftir þörfum. Að öðru leyti skal gerð hennar ákveðin af fangelsismálastofnun.

Einkennismerki og starfsnúmer skulu fest á úlpuna.

**1.8 Skór** skulu vera svartir reimaðir flatbotna leðurskór eftir ákvörðun fangelsismálastofnunar.

**1.9 Sokkar** skulu vera svartir.

**1.10 Hanskar** skulu vera svartir fóðraðir leðurhanskar.

**1.11 Belti** skal vera svart eða dökkblátt leðurbelti eftir ákvörðun fangelsismálastofnunar.

### **B. Annar fatnaður**

**1.12 Kuldasmfestingur** úr hlýju og sterku efni skal vera í bláum lit og með einkennismerki fangelsismálastofnunar, ákveðin af fangelsismálastofnun.

**1.13 Vinnusloppur** skal vera samkvæmt ákvörðun fangelsismálastofnunar og með merki samkvæmt ákvörðun hennar.

**1.14 Íþróttagalli** skal vera tvískiptur, buxur og peysa, með eða án hettu og merktur fangelsismálastofnun. Gerð hans skal vera samkvæmt ákvörðun fangelsismálastofnunar.

## 2. KLÆÐABURÐUR.

**2.1** Fangaverðir í fangelsum skulu ganga í einkennisfatnaði við störf sín samkvæmt þessari reglugerð.

**2.2** Fangaverðir skulu ávallt vera snyrtilegir til fara. Fatnaði, sem þeim er lagður til, ber þeim að halda vel við og sjá til þess að hann sé hreinn og snyrtilegur. Yfirmenn skulu fylgjast með klæðaburði fangavarða, og ber þeim að sjá til þess að klæðnaður sé í samræmi við gildandi reglur. Þess skal gætt að samræmi sé í klæðaburði þegar tveir eða fleiri eru saman að störfum.

**2.3** Forstöðumenn einstakra fangelsa mega vera óeinkennisklæddir við störf sín, enda sé það ákveðið í samráði við forstjóra fangelsismálastofnunar. Þeir skulu þó ávallt bera auðkenniskilríki innan fangelsisins sem sýnir að þeir eru starfsmenn fangelsisins. Sama gildir um aðra óeinkennisklædda starfsmenn fangelsismálastofnunar.

**2.4** Þegar fangaverðir sinna sérstökum verkefnum, svo sem fangaflutningum, mega þeir vera í einkennisfatnaði án einkenna í samráði við forstöðumann, en þá er þeim skylt að bera á sér fangavarðaskilríki.

**2.5** Við sérstök tækifæri getur forstöðumaður fangelsis eða forstjóri fangelsismálastofnunar ákveðið tiltekinn klæðaburð, en slík fyrirmæli skulu vera í fullu samræmi við þessa reglugerð.

**2.6** Nemar í fangavarðaskólanum skulu jafnan klæðast einkennisfatnaði í kennslustundum. Skólinn leggur nemendum til bláa samfestinga til æfinga og nota utanhúss, merkta skólanum.

**2.7** Kennarar úr röðum fangelsiskerfisins, skulu jafnan klæddir einkennisfatnaði stöðu sinni samkvæmt, hvort heldur eru fastir kennarar eða stundakennarar. Frávik eru heimil með samþykki skólastjóra í samráði við skólanefnd.

## 3. AUÐKENNISMERKINGAR OG SKILRÍKI FANGAVARÐA.

**3.1 Einkennismerki** fangavarða er skjöldur með bláum grunni og gylltri rönd umhverfis skjöldinn. Í miðju merkisins er skjaldarmerki Íslands en ofan við skjaldarmerkið er áletrunin FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS en neðan við skjaldarmerkið er áletrunin STOFNUÐ 1989.

**3.2 Fangavarðaskilríki** skulu vera úr pappír, plasthúðuð eða í plasthylki, þar sem fram kemur nafn og staða hlutaðeigandi starfsmanns svo og ljósmynd af honum. Skilríkin skulu vera með stimpli embættisins og undirrituð af forstjóra fangelsismálastofnunar. Þegar fangavörður er að störfum, skal hann sanna á sér deili með framvísun skilríkisins sem borið skal í sérstöku leðurveski en í því veski skal einnig vera skjaldarmerki úr málmí eða einkennismerki fangelsismálastofnunar úr málmí. Skilríki ber að afhenda forstöðumanni þegar látið er af starfi.

**3.3 Einkennishnappar** fangavarða eru hringlaga, gylltir með upphleyptri mynd af skjaldarmerki Íslands. Hnapparnir eru í tveimur stærðum. Minni gerðin er 16 mm að þvermáli en sú stærri 21 mm að þvermáli.

**3.4 Nafnmerki** getur fangelsismálastofnun ákveðið að starfsmenn skuli bera í jakka, peysu og skyrtu, og ákveður hún gerð þess.

#### 4. STÖÐUEINKENNI FANGAVARÐA (sjá fylgiskjal).

**4.1** Fangaverðir skulu bera starfsnúmer til auðkenningar. Starfsnúmerin skulu vera ísaumuð með gylltum þræði og skulu vera 19 mm á hæð á dökkbláum klæðisgrunni sem skal vera 21 mm á hæð og að lengd í samræmi við stærð viðkomandi númers. Um staðsetningar fer eftir greinum 1.2, 1.4 og 1.7.

**4.2** Starfsnúmer er myndað úr fjórum tölustöfum. Fyrri tvær tölurnar skulu vera síðari tvær tölur þess árs sem þeir hófu störf við fangavörslu. Seinni tvær tölur starfsnúmers skulu vera númeraröð sem byrjar á 01 og skal miðað við að sá sem hóf störf fyrstur á viðkomandi ári fái lægsta númerið. Hafi tveir eða fleiri hafið störf sama dag skal lífaldur ráða þannig að sá sem elstur er fái lægsta númerið.

**4.3** Fangelsismálastofnun gefur út nafnalista með starfsnúmerum og skal miðað við að allir starfsmenn fangelsanna fái starfsnúmer úr einu og sama númerakerfi.

- Fangavörður án skóla og fangavarðarnemi;*  
skulu bera axlarsmeyga án borða.
- Fangavörður með fyrrihluta skóla;*  
skal bera tvo gyllta borða 3 mm breiða með 2 mm millibili á hvorum enda axlarsmeys.
- Fangavörður að loknum síðari hluta skóla;*  
skal bera einn gylltan borða 6 mm breiðan nær axlarbrún og einn gylltan borða 3 mm breiðan nær hálsmáli.
- Flokkstjóri og fangavörður í sérhæfðu starfi;*  
skulu bera einn gylltan borða 6 mm breiðan nær axlarbrún og annan 3 mm, 2 mm innar og einn gylltan borða 3 mm breiðan nær hálsmáli.
- Aðstoðarvarðstjóri og fulltrúi;*  
skulu bera einn gylltan borða 6 mm breiðan nær axlarbrún og annan 3 mm, 2 mm innar og einn gylltan borða 3 mm breiðan nær hálsmáli. Þeir skulu bera eina slétta, gyllta plötu, 24 x 10 mm að stærð á hvorum axlarsmeyg. Á jakka bera þeir eitt lítið skjaldarmerki úr málmí, 22 mm að hæð, á hvoru kragahorni.
- Varðstjóri;*  
skal bera einn gylltan borða 6 mm breiðan nær axlarbrún og annan 3 mm, 2 mm innar og einn gylltan borða 3 mm, breiðan nær hálsmáli. Hann skal bera tvær sléttar, gylltar

plötur, 24 x 10 mm að stærð á hvorum axlarsmeyg. Á jakka ber hann eitt lítið skjaldarmerki úr málm, 22 mm að hæð, á hvoru kragahorni.

7. *Aðalvarðstjóri;*

skal bera tvo gyllta borða 6 mm breiða nær axlarbrún með 2 mm millibili og einn gylltan borða 3 mm, breiðan nær hálsmáli. Hann skal bera eina gyllta fimmarma stjörnu, 16 mm í þvermál, á hvorum axlarsmeyg. Á jakka ber hann eitt lítið skjaldarmerki úr málm, 22 mm að hæð, á hvoru kragahorni.

8. *Yfirfangavörður og deildarstjóri;*

skulu bera tvo gyllta borða 6 mm breiða nær axlarbrún með 2 mm millibili og einn gylltan borða 3 mm, breiðan nær hálsmáli. Þeir skulu bera tvær gylltar fimmarma stjörnur, 16 mm í þvermál, á hvorum axlarsmeyg. Þeir skulu bera tvo 10 mm breiða borða á hvorri jakkaermi ofan við ermahnappa, með 5 mm millibili og ná milli ermasauma. Á jakka bera þeir eitt lítið skjaldarmerki úr málm, 22 mm að hæð, á hvoru kragahorni.

9. *Forstöðumaður;*

skal bera tvo gyllta borða 6 mm breiða nær axlarbrún með 2 mm millibili og einn gylltan borða 3 mm, breiðan nær hálsmáli. Hann skal bera þrjár gylltar fimmarma stjörnur, 16 mm í þvermál, á hvorum axlarsmeyg. Hann skal bera þrjá 10 mm breiða borða á hvorri jakkaermi ofan við ermahnappa, með 5 mm millibili og ná milli ermasauma. Á jakka ber hann eitt lítið skjaldarmerki úr málm, 22 mm að hæð, á hvoru kragahorni.

## 5. ÚTHLUTUN EINKENNISFATA TIL FANGAVARÐA.

**5.1** Fangaverðir sem eru fastráðnir í fullt starf fá afhent einkennisföt sem hér segir:

**5.1.1** Tvo jakka, eina fjölnota úlpu, tvennar buxur, þrjár skyrtur, eina peysu, einn íþróttagalla, tvö hálsbindi, eitt belti, eitt par af hönskum, eitt par af skóm og fjögur pör af svörtum sokkum.

**5.2** Fastráðnir fangaverðir fá einkennisföt endurnýjuð sem hér segir :

**5.2.1** Á hverju ári tvær skyrtur, tvennar buxur, eitt par af skóm og fjögur pör af sokkum.

**5.2.2** Annað hvert ár einn jakka, eina peysu og einn íþróttagalla.

**5.2.3** Þriðja hvert ár fjölnota úlpu, eitt belti og eitt par af hönskum.

**5.3** Fangaverðir sem ráðnir eru til afleysinga skulu í upphafi starfs fá afhent einkennisföt til láns samkvæmt mati forstöðumanns, en þó ekki minna en sem hér segir:

**5.3.1** Í upphafi starfs einn jakka, tvennar buxur, tvær skyrtur, eitt hálsbindi og eina peysu.

**5.3.2** Endurlánsúthlutun til afleysingafangavarða skal fara fram eftir eitt ár samfelld í starfi eða eftir mati forstöðumanns ef aðeins er um sumarvinna að ræða. En eftir tvö ár samfelld í starfi skulu þeir fá sömu úthlutun og fastráðnir fangaverðir fá og öðlast sömu réttindi til eignar og viðhalds á einkennisfatnaðinum.

**5.3.3** Við starfslok skulu afleysingafangaverðir skila þeim fötum sem þeim hafa verið lánuð nema þeir verði fastráðnir, en þá skulu þeir halda þeim og dragast þau þá frá úthlutun einkennisfata samkv. 5.1.1.

**5.4** Venjulegt viðhald og þrif einkennisfata annast fangaverðir sjálfir, en fastráðnir fangaverðir skulu þó eiga rétt á að fá tvisvar á ári greiddan kostnað við hreinsun einkennisfata.



**5.5** Nú eyðileggjast eða skemmast einkennisföt svo að ekki verður úr bætt, og skal fangaverði þá úthlutað nýjum einkennisfötum í stað þeirra samkvæmt ákvörðun forstöðumanns. Ónýtu fötin skulu afhent forstöðumanni. Slík aukaúthlutun dregst ekki frá næstu reglulegu úthlutun.

**5.6** Fastráðnir fangaverðir teljast vera eigendur einkennisfata, sem þeim hafa verið úthlutað, eftir að þeim hafa verið afhent ný sams konar einkennisföt við næstu reglulegu úthlutun, sjá þó grein 5.7 um einkennishúfu.

**5.7** Fastráðnir fangaverðir skulu fá afhenta eina einkennishúfu eftir að þeir hafa staðist próf í fangavarðaskóla ríkisins, og síðan framvegis eftir mati forstöðumanns. Við afhendingu nýrrar einkennishúfu skal fangavörður skila síðustu húfu sem hann hefur fengið afhenta.

**5.8** Við starfslok skulu fastráðnir fangaverðir skila aftur þeim einkennisfötum sem þeir fengu síðast afhent og teljast ekki vera þeirra eign. Við starfslok skulu þeir jafnframt skila öllum einkennum og einkennismerkjum.

**5.9** Allur öryggisbúnaður sem fangaverðir fá afhentan er eign ríkisins og ber fangavörðum að skila honum eftir ákvörðun forstöðumanns og aldrei síðar en þegar starfi lýkur.

**5.10** Vinnusloppa, kuldaskamfestinga, hálsbindi og annan vinnufatnað afhenda forstöðumenn fangelsa á hverjum vinnustað í samræmi við reglur sem fangelsismálastofnun setur.

**5.11** Að öllu jöfnu skal einkennisfatnaður vera afhentur starfsmanni á hans vinnustað á vinnutíma.

## 6. ÖRYGGISBÚNAÐUR.

**6.1** Daglegur öryggisbúnaður fangavarða er öryggishnappur, talstöð, handjárn og einnota hanskar. Fangelsismálastofnun ákveður gerð öryggishnappa og talstöðva og hvernig bera skuli tækin. Hanska ber að hafa í vasa án sérstaks veskis. Handjárn skulu vera í sérstökum handjárnvasa á buxum eða í jakkavasa þannig að þau séu ekki sýnileg.

**6.2** Lykla skal festa í smeyga á buxnastreng eða á beltí með keðju eða sérstökum lásnum. Lyklar mega ekki vera utanálíggjandi né sýnilegir.

**6.3** Á varðstofu skal vera til taks nauðsynlegur búnaður í sérstökum beltum sem fljótlegt er að grípa til þegar þörf krefur. Handjárn skulu ávallt vera á slíkum beltum, hulstur fyrir talstöð, hulstur fyrir táragas og annan búnað sem fangelsismálastofnun ákveður. Kyllur skulu vera til taks á varðstofum.

**6.4** Sérstakan viðlagabúnað, skotheld vesti, hjálma, skildi og aðra slíkar verjur skal geyma á öruggum stað í fangelsum. Slíkur búnaður er ætlaður til nota þegar fást þarf við uppbot, uppreisn, gíslatöku eða meiriháttar mótþróa fanga. Einungis fangavörðum, sem hlotið hafa tilskilda þjálfun í meðferð búnaðarins er heimilt að nota hann. Það sama á við um notkun reykköfunartækja og annars viðlíka björgunarbúnaðar sem til staðar kann að vera.

**6.5** Varðstjóri eða yfirmaður á vakt skal taka ákvörðun um notkun öryggisbelta og kylla. Sama gildir um notkun viðlaga- og björgunarbúnaðar. Um notkun viðlagabúnaðar skulu þó gilda sérstakar reglur.

## 7. ÖNNUR ÁKVÆÐI.

**7.1** Fangelsismálastofnun annast framkvæmd þessarar reglugerðar í umboði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Hún getur falið tiltekinni stofnun að annast afhendingu fatnaðarins, og verður fatnaðurinn aðeins afhentur gegn tilvísun forstöðumanns.

7.2 Heimilt er fangelsismálastofnun að ákvæða, samræmis vegna, að aðrir starfsmenn fangelsismálastofnunar en fangaverðir, gangi í fatnaði merktum stofnuninni.

7.3 Dómsmálaráðuneytið sker úr ágreiningi er rísa kann vegna túlkunar á þessari reglugerð.

7.4 Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 30. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist, öðlast gildi 1. janúar 1997. Jafnframt fellur niður reglugerð um sama efni nr. 629 2. nóvember 1981 ásamt breytingu nr. 24 29. janúar 1982.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Fangavörðum er heimilt að nota núverandi einkennisföt fram til þess tíma að fangelsismálastofnun tilkynnir að reglurnar hér að ofan um einkennisfatnað, búnað o.fl. skuli koma til framkvæmda.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. desember 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Hjalti Zóphóníasson.*

### Fylgiskjal.



### STÖÐUEINKENNI FANGAVARÐA

| Stöðuheiti:                                  | Starfsnúmer: | Einkennishúfa: | Axlar smeygur: | Kragahorn á jakka: | Ermar á jakka: |
|--|--------------|----------------|----------------|--------------------|----------------|
| Fangavörður án skóla og fangavarðarnemi      | XXXX         |                |                |                    |                |
| Fangavörður með fyrri hluta skóla            | XXXX         |                |                |                    |                |
| Fangavörður að loknum síðari hluta skóla     | XXXX         |                |                |                    |                |
| Flokkstjóri og fangavörður í sérhæfðu starfi | XXXX         |                |                |                    |                |
| Aðstoðarvarðstjóri og fulltrúi               | XXXX         |                |                |                    |                |
| Varðstjóri                                   | XXXX         |                |                |                    |                |
| Aðalvarðstjóri                               | XXXX         |                |                |                    |                |
| Yfirfangavörður og deildarstjóri             | XXXX         |                |                |                    |                |
| Forstöðumaður                                | XXXX         |                |                |                    |                |

# SAMÞYKKT

## um tilraun reynslusveitarfélagsins Reykjanesbæjar í atvinnumálum.

### I. KAFLI

#### Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa og markaðs- og atvinnumálanefnd.

##### 1. gr.

Á vegum Reykjanesbæjar er starfrækt markaðs- og atvinnumálaskrifstofa. Hlutverk hennar er að annast þjónustu við atvinnulausa og atvinnulífið með því að aðstoða atvinnulausa við að fá störf og vinnuveitendur við að fá hæfa starfsmenn til vinnu og með því að veita einstaklingum og fyrirtækjum upplýsingar og ráðgjöf um nýsköpun í atvinnulífinu. Skrifstofan annast framkvæmd samþykktar bæjarstjórnar um aðgerðir til þess að fjölga störfum í sveitarfélaginu og samþykktar hennar um úrræði fyrir atvinnulausa.

##### 2. gr.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar skipar til fjögurra ára í senn fimm aðalmenn og fimm varamenn í markaðs- og atvinnumálanefnd.

Nefndin skal hafa umsjón með starfsemi markaðs- og atvinnumálaskrifstofu og gera tillögur til bæjarstjórnar um aðgerðir til þess að fjölga störfum í sveitarfélaginu. Í því felst m.a. að gera tillögur til bæjarstjórnar um hvernig laða megi ný fyrirtæki til þess að hefja rekstur í sveitarfélaginu, hvernig unnt sé að hvetja fyrirtæki í sveitarfélaginu til nýsköpunar og stuðla að eflingu ferðamannaþjónustu. Nefndin skal enn fremur gera tillögur til bæjarstjórnar um úrræði fyrir atvinnulausa, svo sem starfs- og námsúrræði.

Nefndin skal í störfum sínum hafa nán samráð við aðila vinnumarkaðarins og framhaldsskóla í sveitarfélaginu og utan þess eftir því sem tilefni er til.

##### 3. gr.

Af 2. gr. leiðir að markaðs- og atvinnumálanefnd tekur að sér verkefni stjórnarnefndar vinnumiðlunar.

### II. KAFLI

#### Vinnumiðlun.

##### 4. gr.

Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa annast skráningu atvinnulausra og vinnumiðlun. Skrifstofan hefur eftirlit með því að sá sem nýtur atvinnuleysisbóta fullnægi þeim skilyrðum laga um atvinnuleysistryggingar að vera atvinnulaus og tilbúinn að taka vinnu sem býðst. Skrifstofan sendir á tveggja vikna fresti, viðkomandi úthlutunarnefnd staðfestingu á því að hinn atvinnulausi fullnægi skilyrðum til að fá greiddar atvinnuleysisbætur (dagpeningavottorð).

##### 5. gr.

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig á tveggja vikna fresti hjá Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu að viðlögðum missi bótaréttar. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda skal hann láta skrá sig næsta dag sem honum er unnt.

Skrái hinn atvinnulausi sig ekki á tilskildum degi skal hann sæta missi bóta í fimm daga, auk þeirra daga sem liðnir eru frá því að hann átti að skrá sig þar til hann skráir sig á ný.

Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa sendir úthlutunarnefndum dagpeningavottorð á tveggja vikna fresti miðað við skráningu.

## 6. gr.

Svo fljótt sem unnt er eftir að maður lætur skrá sig sem atvinnulausan skulu starfsmaður Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu og hinn atvinnulausi gera í sameiningu starfsleitaráætlun þar sem fram komi hvernig hinn atvinnulausi ætli sér að vinna að því að fá vinnu og hvaða aðstoð og úrræði Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu honum skuli standa til boða þar til því marki er náð. Áætlunin skal miðast við persónulegar forsendur hins atvinnulausa en einnig taka mið af framboði á atvinnu og atvinnuhorfum í landinu. Afrit starfsleitaráætlunar skal sent úthlutunarnefnd og Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Starfsmaður skrifstofunnar og hinn atvinnulausi skulu í sameiningu og a.m.k. á þriggja mánaða fresti fara yfir hvernig gengur að vinna að markmiðum starfsleitaráætlunar og endurskoða hana eftir því sem tilefni er til.

## 7. gr.

Markmið starfs- og námsúrræða á vegum Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu eru að auka starfsgetu og starfsmöguleika hins atvinnulausa. Val á því hverjum skuli bjóða úrræði, hvers konar úrræði og í hve langan tíma byggist á mati skrifstofunnar í hverju tilviki fyrir sig á þörf hins atvinnulausa fyrir slík úrræði og hvaða árangurs megi vænta af þeim. Með náms- og starfsúrræðum í samþykkt þessari er átt við:

1. Úrræði samkvæmt reglum um átaksverkefni á vegum sveitarfélaga. Um réttarstöðu þess sem ráðinn er í slíkt átaksverkefni fer samkvæmt almennum reglum um átaksverkefni á vegum sveitarfélaga.

2. Tilboð til hins atvinnulausa um starfsþjálfun þar sem fræðsla og vinna eru samþætt undir umsjón og eftirliti Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu. Forsenda fyrir starfsþjálfun á atvinnuleysisbótum er að hinn atvinnulausi komi til starfa til viðbótar við fastan starfsmannafjölda, eða muni vinna við störf sem ekki væru framkvæmd í launaðri vinnu, og að tryggt sé að starfsþjálfun feli ekki í sér röskun á samkeppnisstöðu fyrirtækja. Það er enn fremur forsenda að ekki hafi reynst unnt að ráða menn í slíka starfsþjálfun á almennum launakjörum samkvæmt reglum um átaksverkefni á vegum sveitarfélaga.

Hámarkstími sem maður getur notið úrræða skv. 2. lið er sex mánuðir og a.m.k. sex mánuðir skulu líða á milli þess sem maður getur tekið þátt í slíkum úrræðum. Sá sem tekur þátt í úrræðum samkvæmt þessum liðum er undanþeginn skráningarskyldu en skal í þess stað á fjögurra vikna fresti framvísa staðfestingu á þátttöku í þeim. Verði misbrestur á því glatar viðkomandi samkvæmt ákvörðun Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu rétti sínum til starfs- og námsúrræða. Ákvörðun skrifstofunnar þar að lútandi er unnt að skjóta til Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

Þátttaka í náms- og starfsúrræðum á vegum skrifstofunnar hefur áhrif til skerðingar á 16 vikna biðtíma samkvæmt almennum reglum.

## 8. gr.

Ákvæði 5.-7. gr. eiga ekki við um þá sem fengið hafa tímabundið leyfi hjá þeirri vinnumiðlun, þar sem þeir eru skráðir atvinnulausir, til að skrá sig reglulega hjá Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu.

## III. KAFLI

**Eftirlit og mat á árangri tilraunar.**

## 9. gr.

Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa heldur saman upplýsingum um framkvæmd samþykktar þessarar. Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins fylgist með framkvæmd starfsleitaráætlanana og náms- og starfsúrræða. Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa mun senda Vinnumálaskrifstofu ársfjórðungslega greinargerð þar að lútandi sem Vinnumálaskrifstofa mun kynna fyrir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og ráðgjafarnefnd Vinnumálaskrifstofu. Í lok tilraunatímabils munu fulltrúar félagsmálaráðuneytisins og bæjarstjórnar Reykjanesbæjar meta í sameiningu árangur tilraunar. Úttektaraðili skv. 6. gr. laga um reynslusveitarfélög mun einnig fylgjast með framkvæmd tilraunar og meta í lok tilraunatímabils hvernig til hefur tekist.

Ofangreind samþykkt sem gerð er af bæjarstjórn Reykjanesbæjar skv. 1. mgr. 7. gr. laga um reynslusveitarfélög og felur í sér frávík frá 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun og 18. og 20. gr. laga nr. 93/1993 um atvinnuleysistryggingar, staðfestist hér með samkvæmt heimild í 2. mgr. 7., sbr. og 12. gr. laga nr. 82/1994 um reynslusveitarfélög, til þess að öðlast gildi frá 1. janúar 1997 og til og með 31. desember 1999.

*Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 1996.*

**Páll Pétursson.**

**REGLUGERÐ****um ábyrgðargjald atvinnurekenda.**

## 1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda í ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota skal árið 1997 vera 0,08% af gjaldstofni sbr. 6. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990, með síðari breytingum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 16. desember 1996.*

**Páll Pétursson.**

---

*Húnbogi Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

### um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.

#### I. KAFLI

#### Gjöld fyrir einkaleyfi.

##### 1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra skal, auk árgjalda skv. 2. gr., greiða eftirtalin gjöld:

Kr.

- |   |        |
|---|--------|
| 1) Umsóknargjald skv. 5. mgr. 8. gr. einkaleyfalaga (ell.) nr. 17/1991 fyrir einkaleyfisumsókn:   | 28.700 |
| a) grunngjald .....   | 28.700 |
| b) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu .....   | 1.330  |
| 2) Grunngjald fyrir alþjóðlega einkaleyfisumsókn skv. 1. mgr. 31. gr. eða 2. mgr. 38. gr. (ell.) .....  | 28.700 |
| 3) Umsóknargjald skv. 5. mgr. 8. gr. ell. fyrir alþjóðlega umsókn, sem yfirfærð er skv. 31. gr. laganna, eða fyrir einkaleyfisumsókn sem lögð er inn í samræmi við 38. gr. ell.:                          |        |
| a) grunngjald telst greitt hafi gjald skv. 2. tl. verið greitt,   |        |
| b) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu .....   | 1.330  |
| 4) Gjald skv. 36. og 37. gr. ell. ....  | 35.000 |
| 5) Viðbótargjald vegna viðbótarfrests til að leggja inn tilskilda þýðingu vegna yfirfærðrar umsóknar skv. 3. mgr. 31. gr. ell. ....   | 10.250 |
| 6) Endurupptökugjald skv. 3. mgr. 15. gr. eða 3. mgr. 19. gr. ell. ....   | 5.150  |
| 7) Útgáfugjald skv. 1. mgr. 19. gr. ell.:   |        |
| a) grunngjald fyrir fyrstu 40 blaðsíður lýsingar með tilheyrandi einkaleyfiskröfum, teikningum og ágripi .....  | 12.000 |
| b) viðbótargjald fyrir hverja blaðsíðu sem byrjar umfram 40 .....   | 600    |
| c) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu sem bætt er við þær sem greitt var fyrir við innlagningu umsóknar .....  | 1.330  |
| 8) Rannsóknargjald fyrir umsókn sem lögð var inn fyrir 1. janúar 1992 og send verður í nýnæmisrannsókn skv. viðauka I í auglýsingu nr. 575/1991 um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir (augl. ell.) ..... | 25.000 |
| 9) Viðbótargjald fyrir umsókn sem berst með símbréfi eða hliðstæðum samskiptabúnaði .....   | 550    |

Gjöld skv. 2.-4. tl. 1. mgr. skulu greidd innan 20 mánaða frá alþjóðlegum umsóknardegi eða, sé forgangsréttar krafist, frá forgangsréttardegi. Ef umsækjandi hefur óskað eftir að gerð verði alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi lengist áður nefndur frestur í 30 mánuði. Hafi viðbótargjald skv. 3. tl. b) ekki verið greitt innan áður nefndra fresta gefst kostur á að greiða það innan venjulegs frests sem veittur er vegna ágalla.

Gjald skv. 5. tl. 1. mgr. skal greitt innan 2ja mánaða frá því að frestum skv. 2. mgr. lýkur.

Þegar umsækjanda er tilkynnt um að unnt sé að veita einkaleyfi, sbr. 1. mgr. 19. gr. ell. skal jafnframt geta um upphæð útgáfugjalds. Fjöldi síðna skv. 7. tl. 1. mgr. miðast við þá lýsingu ásamt einkaleyfiskröfum, teikningum og ágripi sem fyrir liggur þegar tilkynningin er send.

## 2. gr.

Árgjöld fyrir einkaleyfisumsóknir og einkaleyfi skv. 5. mgr. 8. gr., 40.–42. og 82. gr. ell., eru sem hér segir:

|             |       |             |        |
|-------------|-------|-------------|--------|
| 1. gjaldár  | 2.560 | 11. gjaldár | 7.600  |
| 2. gjaldár  | 2.560 | 12. gjaldár | 10.100 |
| 3. gjaldár  | 2.560 | 13. gjaldár | 10.100 |
| 4. gjaldár  | 3.900 | 14. gjaldár | 12.650 |
| 5. gjaldár  | 3.900 | 15. gjaldár | 12.650 |
| 6. gjaldár  | 5.200 | 16. gjaldár | 14.900 |
| 7. gjaldár  | 5.200 | 17. gjaldár | 17.400 |
| 8. gjaldár  | 6.300 | 18. gjaldár | 19.850 |
| 9. gjaldár  | 6.300 | 19. gjaldár | 22.350 |
| 10. gjaldár | 7.600 | 20. gjaldár | 24.800 |

Árgjald fellur í gjalddaga síðasta dag fyrsta almanaksmánaðar í gjaldári sem miðast við umsóknardag skv. 5. mgr. 8. gr. og skv. 1. ml. 1. mgr. 41. gr. ell. Heimilt er að greiða árgjald allt að þremur mánuðum fyrir gjalddaga.

Árgjald, sem greitt er innan 6 mánaða frá gjalddaga skv. 3. mgr. 41. gr. eða 3. mgr. 42. gr. ell. skal hækka um 20%. Ef árgjald fyrir umsókn eða einkaleyfi er ekki greitt innan þessa frests verður viðkomandi umsókn afskrifuð eða viðkomandi einkaleyfi fellt úr gildi, sbr. 4. mgr. 15. gr. og 51. gr. ell.

## 3. gr. a

Gjöld fyrir einkaleyfi sem veitt eru í samræmi við eldri lög, skv. 76. gr. ell., á grundvelli umsókna sem lagðar hafa verið inn fyrir 1. janúar 1992, sbr. 78. gr. ell., skulu (í samræmi við gjaldafyrirkomulag sem tekur mið af hámarksgildistíma leyfis) vera sem hér segir:

- a) Fyrir einkaleyfi sem getur náð allt að 15 ára gildistíma talið frá útgáfudegi:
- |                                   |        |
|-----------------------------------|--------|
| 1) fyrir 1.– 5. ár gildistímans   | 22.000 |
| 2) fyrir 6.– 10. ár gildistímans  | 52.000 |
| 3) fyrir 11.– 15. ár gildistímans | 96.000 |
- b) Fyrir einkaleyfi sem getur náð allt að 20 ára gildistíma talið frá umsóknardegi greiðast árgjöld skv. 2. gr. Númer gjaldára miðast við aldur viðkomandi umsóknar.

Við veitingu einkaleyfisins skal, innan 3ja vikna frá því að umsækjanda var tilkynnt um leyfisveitinguna, greiða gjald fyrir fyrstu fimm ár gildistímans frá útgáfudegi (eða því sem næst, sbr. skýringu aftan við þessa mgr.). Að öðrum kosti fellur einkaleyfið úr gildi skv. 51. gr. ell.

(Skýring varðandi útreikning á gjöldum skv. a- og b-lið 1. mgr.: Ef greiðsla árgjalda af umsókn hefur hafist skv. 2. mgr. 82. gr., sbr. 41. gr. ell., áður en einkaleyfi er veitt skal draga frá viðkomandi gjaldi þann hluta árgjalds yfirstandandi gjaldárs, sem skarast við gjald skv. a-lið 1. mgr. Umræddur hluti árgjalds skal reiknast eftir hlutfallinu: fjöldi efirstandandi daga gjaldárs/365. Þegar gildistíminn miðast við 20 ár (b-liður 1. mgr. á við) skal greiða fyrir þau gjaldár til viðbótar yfirstandandi gjaldári þannig að greiðslutímabilið verði sem næst 5 ár talið frá útgáfudegi einkaleyfisins.)

Gjalddagi vegna 2. og 3. gildistímabils, sbr. a-lið 1. mgr., er sá almanaksdagur í upphafi hvors tímabils sem svarar til útgáfudags einkaleyfisins. Gjalddagi síðari árgjalda sbr. b-lið 1. mgr., er síðasti dagur fyrsta almanaksánaðar í gjaldári. Frestur til að greiða þessi gjöld er 6 mánuðir og sé hann nýttur hækka gjöldin um 20%. Einnig er heimilt að greiða þessi gjöld allt að þremur mánuðum fyrir gjalddaga.

## 3. gr. b

Upphæð árgjalds, sem gjaldfellur í fyrsta sinn, af einkaleyfi sem veitt hefur verið eftir 1. janúar 1982 í samræmi við eldri lög og gilt getur í allt að 20 ár talið frá umsóknardegi, er skv. 2. gr. og miðast gjaldár við aldur viðkomandi umsóknar. Ennfremur skal upphæðin, ef við á, reiknast sem hlutfall af viðkomandi árgjaldi eftir hlutfallinu: fjöldi eftirstandandi daga gjaldárs/365. Gjalddagi er sá almanaksdagur sem samsvarar útgáfudegi einkaleyfisins við lok gildistímabils sem er að ljúka. Eftir það greiðast árgjöld skv. 2. gr. fyrir eitt ár í senn.

Gjöld fyrir þau einkaleyfi, sem um getur í 1. mgr., og gilt geta í 15 ár talið frá útgáfudegi leyfis eru skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. a. Gjalddagi er skv. 3. mgr. sömu greinar.

## 4. gr.

Ýmis gjöld vegna umsókna og veittra einkaleyfa:

|   |        |
|---|--------|
| 1) Beiðni um innritun í einkaleyfadagbók eða einkaleyfaskrá, s.s. varðandi eiganda, aðilaskipti (framsal), uppfinningamann og nytjaleyfi, sbr. 9. og 48. gr. rg. ell. ....                                | 1.600  |
| 2) Afrit af almennt aðgengilegri einkaleyfisumsókn (lýsing, einkaleyfiskröfur, ágríp og teikningar) eða af veittu einkaleyfi .....  | 550    |
| 3) Afrit af eintökum skv. 1. mgr. 25. gr. rg. ell. eða af einkaleyfi eða framlagningarskjali, allt að .....   | 550    |
| 4) Staðfest afrit af skjölum skv. 2. og 3. tl., m.a. forgangsréttarskjöl .....  | 2.260  |
| 5) Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr einkaleyfaskrá .....  | 1.200  |
| 6) Skyndikönnun á því hvort umsókn eða einkaleyfi sé skráð í nafni ákveðins eiganda eða uppfinningamanns eða fyrir uppfinningu í tilteknum alþjóðlegum tækniflokki (að öðrum kosti skv. tímagjaldi) ..... | 0      |
| 7) Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða einkaleyfis .....   | 1.500  |
| 8) Endurveitingargjald skv. 72. gr. ell. ....   | 12.850 |

## II. KAFLI

## Gjöld fyrir vörumerki.

## 5. gr.

Fyrir umsókn um skráningu vörumerkis greiðist:

|  |        |
|--|--------|
| a) Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn .....                                    | 11.300 |
| b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn .....                               | 2.500  |
| c) Ef sótt er um skráningu á myndmerki eða stílfærðu orðmerki greiðist að auki ..... | 1.300  |

## 6. gr.

Fyrir umsókn um endurnýjun vörumerkis greiðist:

|  |        |
|--|--------|
| a) Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn .....      | 11.300 |
| b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn ..... | 2.500  |



## 7. gr.

Fyrir umsókn um skráningu gæðamerkis og endurnýjun greiðist:

|  |        |
|--|--------|
| a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn .....        | 14.400 |
| b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn ..... | 2.500  |

## 8. gr.

Ýmis gjöld vegna vörumerkja:

|  |       |
|--|-------|
| a) Beiðni um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjálaga og 9. gr. reglugerðar nr. 1/1969 .....  | 2.000 |
| – fylgi beiðnin umsókn um endurnýjun .....   | 1.000 |
| b) Beiðni um innritun nýs eiganda (framsals) í vörumerkjaskrá .....  | 1.600 |
| – fylgi beiðnin umsókn um endurnýjun eða beiðni skv. a-lið .....   | 0     |
| c) Beiðni um innritun nytjaleyfis .....  | 1.600 |
| d) Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða skráningar .....   | 1.500 |
| e) Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr vörumerkjaskrá .....   | 1.200 |
| f) Útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr vörumerkjaskrá .....  | 550   |
| g) Skyndikönnun á því hvort tiltekið vörumerki sé að finna í vörumerkjaskrá (allt að tvö tilvik í senn) .....  | 0     |
| h) Athugun og mat á því hvort tiltekið vörumerki telst það líkt skráðu vörumerki eða merki sem sótt hefur verið um skráningu á að ruglingshætta yrði hugsanlega talin vera fyrir hendi ef umsókn yrði lögð inn ..... | 2.300 |

## III. KAFLI

## Gjöld fyrir hönnunarvernd.

## 9. gr.

Fyrir umsókn um skráningu á hönnunarvernd greiðist:

|   |       |
|---|-------|
| a) Grunnjald, birting einnar myndar innifalinn .....              | 7.700 |
| b) Fyrir hverja hönnun umfram eina í umsókn um samskráningu ..... | 3.000 |
| c) Fyrir birtingu hvernar myndar umfram eina .....                | 2.000 |

## 10. gr.

Fyrir rannsókn skv. 18. gr. laganna:

|   |       |
|---|-------|
| a) Ef krafist er rannsóknar á því hvort tiltekin hönnun sé eins eða svipuð hönnun sem skráð er hér á landi eða sótt hefur verið um skráningu á, sbr. 1. mgr. .... | 4.300 |
| b) Ef krafa um rannsókn kemur fram við innlagningu umsóknar sbr. 2. mgr. ...  | 2.700 |

## 11. gr.

Gjöld fyrir endurnýjun skv. 24. gr. laganna:

|   |        |
|---|--------|
| a) Fyrsta endurnýjunartímabil .....   | 9.000  |
| b) Viðbótargjald á fyrsta endurnýjunartímabili fyrir hverja hönnun umfram eina í samskráningu ..... | 3.000  |
| c) Síðari endurnýjunartímabil .....   | 12.000 |
| d) Viðbótargjald á síðari endurnýjunartímabilum fyrir hverja hönnun í samskráningu .....            | 5.000  |

## 12. gr.

|   |       |
|---|-------|
| Gjald vegna kröfu um ógildingu skráningar ..... | 6.000 |
|---|-------|

## 13. gr.

Ýmis gjöld vegna hönnunar:

|   |       |
|---|-------|
| a) Beiðni um innritun nýs eiganda (framsals) eða nytjaleyfis í hönnunarskrá ... | 1.600 |
| b) Útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr hönnunarskrá .....                   | 550   |
| c) Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr hönnunarskrá .....          | 1.200 |

## IV. KAFLI

**Gjöld vegna áfrýjunar.**

## 14. gr.

|   |        |
|---|--------|
| Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. 1. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 67. gr. laga nr. 17/1991, lög nr. 31/1984 og 30. gr. laga nr. 48/1993 ..... | 80.000 |
| Áfrýjunargjald greiðist íðnaðarráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun.   |        |

## V. KAFLI

**Gjöld fyrir þjónustuverkefni.**

## 15. gr.

Fyrir þjónustu sem ekki verður heimfærð undir einingarverð reglugerðarinnar, s.s. umfangsmeiri leit, athuganir, úrvinnslu eða tölvuútskriftir á grundvelli upplýsinga í einkaleyfaskrá, vörumerkjaskrá eða hönnunarskrá, greiðist tímagjald:

|  |       |
|--|-------|
| a) Sérfræðingar, á klst. ....  | 2.900 |
| b) Aðrir starfsmenn, á klst. ....  | 1.600 |
| c) Fyrir ljósrit af gögnum varðandi einkaleyfi, vörumerki eða hönnun greiðist fyrir hverja síðu í stærðinni A4 ..... | 50    |

Ef beiðni um ljósritun útheimtir verulega úrvinnslu gagna eða leit í skjalasafni reiknast að auki tímagjald samkvæmt staflið a eða b eftir því sem við á.

## VI. KAFLI

**Gjöld fyrir Vörumerkja- og einkaleyfatíðindi o.fl.**

## 16. gr.

|   |       |
|---|-------|
| a) Áskriftargjald á ári .....   | 2.100 |
| b) Lausasala, hvert eintak .....  | 250   |
| c) Sérrit 1993-1995, hvert eintak .....   | 2.500 |
| d) Sérrit, eldri árgangar, hvert eintak .....   | 1.100 |
| e) Áskrift að ágripi vegna birtra og/eða aðgengilegra einkaleyfisumsókna .....  | 1.200 |
| f) Ýmsar útskriftir í prentuðu eða fjölrituðu formi, þ.á m. íslensk lög og reglugerðir í erlendri þýðingu eða alþjóðlegir sáttmálar í íslenskri þýðingu ..... | 220   |

## VII. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 17. gr.

Gjöld skv. reglugerð þessari greiðast Einkaleyfastofunni, ef ekki er annað tekið fram.

Gjöld skv. 1.-3. gr. og 8. tl. 4. gr. endurgreiðast ekki þótt einkaleyfisumsókn verði afskrifuð, henni hafnað eða hún dregin til baka, beiðni um endurupptöku eða endurveitingu verði hafnað eða hún dregin til baka eða þótt einkaleyfishafi kjósi að láta einkaleyfi sitt falla úr gildi.

Gjöld skv. 5., 6., 7. og 9. grein skulu greidd við afhendingu umsóknar. Gjöld þessi verða ekki endurgreidd þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð. Undantekning er þó varðandi c-lið 9. gr.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi með síðari breytingum, 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki og 40. gr. laga nr. 48/1993 um hönnunarvernd, og öðlast gildi 1. janúar 1997. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 632/1995 og I. kafli reglugerðar nr. 288/1996.

*Iðnaðarráðuneytinu, 17. desember 1996.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Halldór J. Kristjánsson.*

## REGLUR

### **um aðgang að gögnum Seðlabanka Íslands, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 50 24. maí 1996.**

Bankastjórn Seðlabanka Íslands setur hér með eftirfarandi reglur um aðgang að gögnum bankans á grundvelli ákvæða 2. mgr. 10. gr. upplýsingalaga nr. 50 24. maí 1996:

1. gr.

Beiðni um aðgang að gögnum skal vera skrifleg á eyðublaði sem bankinn leggur til. Eyðublöð liggja frammi í afgreiðslu bankans að Kalkofnsvegi 1, Reykjavík.

2. gr.

Fullbúinni beiðni á eyðublaði skv. 1. gr. skal skilað til bankastjórnar Seðlabankans. Bankastjórn tekur ákvörðun um afgreiðslu hvernar beiðnar um aðgang að gögnum.

3. gr.

Um gjald fyrir ljósrit eða afrit af gögnum fer skv. gjaldskrá fyrir ljósrit eða afrit sem veitt eru á grundvelli upplýsingalaga, nú nr. 579/1996.

4. gr.

Reglur þessar taka ekki til reglulegra munnlegra eða skriflegra fyrirspurna um ákveðna þætti úr upplýsingakerfum Seðlabankans, svo sem gengi gjaldmiðla, vexti á tilteknum tíma eða ákvæði reglna sem bankinn hefur sett. Slíkum fyrirspurnum verður svarað hér eftir sem hingað til af starfsmönnum þess sviðs bankans sem við á hverju sinni.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 2. mgr. 10. gr. upplýsingalaga, nr. 50 24. maí 1996, öðlast gildi 1. janúar 1997.

Reykjavík, 23. desember 1996.

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísleifur Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 469/1996 um greiðslu verðmiðlunargjalda af kindakjöti.

#### 1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein er verði svohljóðandi:

Á árinu 1996 skal greiða jöfnun flutningskostnaðar skv. 2. tl. 4. gr. fyrir hvern einfaldan km kr. 1,60 í stað kr. 1,15 að meðaltali á hverja 100 km, sem flutt er umfram 100 km vegalengd.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 24. desember 1996.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

*Jón Höskuldsson.*

20. desember 1996

Nr. 676

## AUGLÝSING

### ríkisskattstjóra nr. 10/1996 um verðbreytingarstuðul fyrir árið 1996.

#### 1. Verðbreytingarstuðull skv. 26. gr.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75, 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 36, 2. apríl 1991, um breyting á þeirri grein, hefur ríkisskattstjóri reiknað verðbreytingarstuðul fyrir árið 1996. Nemur hann **1,0608** miðað við 1,0000 á árinu 1995.

#### 2. Sérstakur verðbreytingarstuðull fyrir árið 1996.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum, sem samþykkt voru á Alþingi 11. desember 1996, skal ríkisskattstjóri, auk framangreinds stuðuls, reikna út sérstakan verðbreytingarstuðul fyrir tekjuárið 1996. Þessi verðbreytingarstuðull miðast við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Tekur hann mið af þeirri vísitölu sem gildir fyrir janúarmánuð 1996 og þeirri sem gildir fyrir janúarmánuð 1997. Nemur hann **1,0207** miðað við 1,0000 árið 1995.

Skattaðila skal heimilt í skattframtali 1997 í stað verðbreytingarstuðuls skv. 26. gr. laga nr. 75/1981 að miða verðbreytingar við þennan sérstaka stuðul. Sama stuðli skal beitt á allar eignir og skuldir.

Fyrir annað reikningsár, sbr. 60. gr. laga nr. 75/1981, sem lýkur á árinu 1996, skal með sama hætti heimilt að nota sérstakan verðbreytingarstuðul sem ákveðinn er með sama hætti og hér að framan greinir.

*Reykjavík, 20. desember 1996.*

**Snorri Olsen** ríkisskattstjóri.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um ársreikninga og samstæðureikninga líftryggingafélaga, nr. 612/1996.

#### 1. gr.

7. mgr. 27. gr. orðast svo:

Undir lið 3.3.5 Önnur útlán skal færa útlán önnur en þau sem falla undir lið 3.3.4. Hér skal færa útlán sem veitt eru með veði í líftryggingum hjá félaginu allt að endurkaupsverði. Heildarfjárhæða þeirra skal getið í skýringum. Útlán með veði í líftryggingum sem einnig eru veitt með öðru veði skulu færð undir lið 3.3.4. Nemi þessi liður verulegri fjárhæð skal gerð nánari grein fyrir honum í skýringum.

#### 2. gr.

2. og 3. mgr. 53. gr. verða ein málsgrein, 2. mgr.:

Heimilt er að beita öðrum viðurkenndum tölfraðilegum reglum við mat iðgjaldaskuldarinnar, megi vænta þess að þær gefi hliðstæðar niðurstöður og einstaklingsbundið mat. Í því tilviki skal meginforsendna getið í skýringum.

#### 3. gr.

75. gr. orðast svo:

Bókfærð iðgjöld félagsins í líftryggingum skal sundurliða á frumtryggingar og endurtryggingar nemi iðgjöld endurtrygginga 10% eða meira af bókfærðum iðgjöldum samanlagt.

Greina skal frá skiptingu bókfærðra iðgjalda frumtrygginga í flokka sem hér segir:

- 1.1 Einstaklingsbundnar líftryggingar.
- 1.2 Hóplíftryggingar.
- 2.1 Líftryggingar þegar iðgjöld eru greidd í eitt skipti fyrir öll.
- 2.2 Líftryggingar þegar iðgjöld eru greidd með öðrum hætti.
- 3.1 Líftryggingar án ágóðahlutdeildar.
- 3.2 Líftryggingar með ágóðahlutdeild.
- 3.3 Líftryggingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka.

Ekki er gerð krafa um að greint sé frá skiptingu á undirliði 1, 2 eða 3 nema bókfærð iðgjöld í hverjum flokki fyrir sig fari yfir 10% bókfærðra iðgjalda í frumtryggingum samanlagt.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 44. gr. l. nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi. Óðlast hún þegar gildi og kemur í fyrsta sinn til framkvæmda við gerð ársreiknings fyrir árið 1996.

*Viðskiptaráðuneytinu, 27. desember 1996.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Halldór J. Kristjánsson.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Lífeyrissjóð blaðamanna.

#### 1. gr.

##### *Nafn og heimili.*

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður blaðamanna. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

#### 2. gr.

##### *Hlutverk sjóðsins.*

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlátnum mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

#### 3. gr.

##### *Sjóðfélagar.*

Sjóðfélagar skulu vera allir þeir launþegar, sem kjarasamningar Blaðamannafélags Íslands og viðsejenda þess taka til.

Heimilt er launþega, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi í starfsgrein sinni, að halda áfram þátttöku í sjóðnum. Sama gildir, ef sjóðfélagi hverfur að framhaldsnámi í grein sinni eða námi til undirbúnings öðru starfi.

Heimilt er sjóðstjórn að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn fyrirtækja, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum samkvæmt 1. mgr., aðra en þá, sem þar eru nefndir, svo og forstöðumenn slíkra fyrirtækja. Enn fremur getur hún heimilað sjóðfélaga að halda áfram þátttöku í sjóðnum, ef hann fær tímabundið leyfi frá störfum eða hverfur að öðrum störfum, sem ekki veita honum rétt til þátttöku samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar greinar, enda sé sérstök ástæða til að heimila áframhaldandi aðild.

Þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, teljast sjóðfélagar, nema um sé að ræða réttindi samkvæmt 3. mgr. 14. gr.

#### 4. gr.

##### *Stjórn.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum, tveimur tilnefndum af Blaðamannafélagi Íslands og tveimur tilnefndum af þeim viðsejendum þess, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt, og skal við tilnefningu tekið fram, í hvaða röð þeir taka sæti.

Stjórnarmenn skulu tilnefndir til þriggja ára í senn.

Náist ekki samkomulag hjá atvinnurekendum um tilnefningu fulltrúa í sjóðstjórn, skulu þeir kosnir hlutfallskosningu. Hafi fráfarandi sjóðstjórn ekki borist tilkynning um tilnefningu eða kosningu, áður en kjörtímabili lýkur, skal hún láta kosningu fara fram innan eins mánaðar. Skal eitt atkvæði gilda fyrir hverjar eitt hundrað þúsund krónur, sem atvinnurekandi og starfsmenn hans hafa greitt samanlagt á fyrsta og öðru ári liðins kjörtímabils. Reikna skal iðgjöld í heilum hundruðum þúsunda, þannig að hálf t hundrað eða stærra brot skal hækkað upp, en minna broti sleppt.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Stjórnarsamþykkt er ekki lögmæt nema a.m.k. þrjár stjórnarmenn greiði henni atkvæði.

## 5. gr.

*Reikningar, endurskoðun og afgreiðsla.*

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda svo og af tveimur félagslegum endurskoðendum, öðrum tilnefndum af Bláðamannafélagi Íslands og hinum af viðsemjendum þess, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum. Endurskoðendur skulu tilnefndir til sama tíma og valdir á sama hátt og stjórnarmenn, sbr. 4. gr. Ársreikningur skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Reikningar sjóðsins skulu liggja frammi sjóðfélögum til sýnis á þeim stað, sem sjóðurinn hefur afgreiðslu sína.

Stjórn sjóðsins skal gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru fyrir starfrækslu hans, afgreiðslu, bókhald og endurskoðun. Heimilt er henni að semja við endurskoðunarskrifstofu eða annan aðila um þessi störf að nokkru eða öllu leyti, svo og að semja við aðra lífeyrissjóði um sameiginlegan rekstur.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal sjóðurinn senda þeim sjóðfélögum, sem iðgjöld hafa borist frá á undanfarandi ári, yfirlit um áunnin réttindi í sjóðnum.

## 6. gr.

*Tryggingafræðileg athugun.*

Stjórn sjóðsins skal eigi sjaldnar en fimmta hvert ár fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins. Hann skal semja skýrslu um athugun sína og gera upp efnahagsreikning á grundvelli útreikninganna.

Telji tryggingafræðingurinn með hliðsjón af kaupgjaldsþróun og öðrum atriðum, er máli skipta, rannsókn sína leiða í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé svo ótryggur, að við svo búið megi ekki standa, skal hann gera tillögu til sjóðstjórnar um hlutfallslega lækun lífeyrisréttinda.

Að lokinni tryggingafræðilegri athugun skal sjóðstjórn gera Bláðamannafélagi Íslands og viðsemjendum þess grein fyrir niðurstöðum hennar og skýra frá fyrirætlunum sínum um ráðstafanir í framhaldi af henni.

## 7. gr.

*Ávöxtun á fé sjóðsins.*

Eignir sjóðsins skal ávaxta á eftirgreindan hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs eða stofnana ríkis og/eða sveitarfélaga.
3. Í bönkum og sparisjóðum.
4. Í skuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum, enda sé þess gætt að fjárhæð skuldabréfs, að meðtöldum þeim veðskuldum sem framar standa, sé innan við 50% af brunabótamati fasteignar eða markaðsverði hennar sé það álitid lægra.
5. Í skuldabréfum banka, fjárfestingarlánasjóða og annarra lánastofnana en þeirra, sem að framan eru greindar, enda starfi þeir á grundvelli laga eða sérstakrar viðurkenningar Seðlabanka Íslands.
6. Í öðrum innlendum skuldabréfum en þeim sem að framan greinir, að því tilskildu að skuldabréfin séu skráð á Verðbréfaþingi Íslands, eða erlendum skuldabréfum sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi í aðildarríkjum OECD (Efnahags- og framfarastofnunar-

- innar í París). Þó er óheimilt að verja meira en 20% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á slíkum verðbréfum og mega slík verðbréf, útgefin af einum einstökum skuldara aldrei nema hærra hlutfalli en 5% af heildareignum sjóðsins.
7. Í hlutabréfum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands, sbr. lög nr. 11/1993 og reglur settar samkvæmt þeim með síðari breytingum, eða sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi í aðildarríkjum OECD. Þó er óheimilt að verja meira en 7% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á innlendum eða erlendum hlutabréfum. Sjóðnum er þó óheimilt að eiga meira en 5% af hlutafé í einstöku hlutafélagi og jafnframt er honum óheimilt að verja samtals hærra hlutfalli en 2,5% af eignum sjóðsins til kaupa á hlutabréfum í einstöku hlutafélagi.
8. Í hlutdeildarskírteinum innlendra verðbréfasjóða sem starfa samkvæmt lögum nr. 10/1993 með síðari breytingum og skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands, eða í hlutdeildarskírteinum erlendra verðbréfasjóða sem eingöngu fjárfesta í verðbréfum skráðum á opinberu verðbréfaþingi í einu eða fleirum af aðildarríkjum OECD. Þó er óheimilt að verja hærra hlutfalli en 20% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og sjóðnum er óheimilt að verja samtals hærra hlutfalli en 15% af eignum sínum til kaupa á hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða.

#### 8. gr.

##### *Iðgjöld.*

Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af launum þeim, sem tilgreind eru í 2. mgr. eða ákveðin af sjóðstjórn samkvæmt þeirri mgr. Sé um launþega að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launþegi greiðir 4%, en launagreiðandi 6%.

Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast, og gera upp mánaðarlega. Stjórn sjóðsins getur sett reglur um, við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld annarra sjóðfélaga, í því skyni að iðgjöldin fylgi eðlilegri launþróun.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til 75 ára aldurs.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Menn, sem nefndir eru í 2. mgr. 3. gr. og 2. málslíð 3. mgr. sömu greinar, skulu sjálfir sjá um, að iðgjöldum sé skilað, og hafa vanskil í för með sér missi réttinda, eins og um niðurfall launagreiðslna væri að ræða samkvæmt 2. og 3. mgr. 14. gr. Gjaldþagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti þá, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjaldþaga til greiðsludags.

Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

#### 9. gr.

##### *Grundvöllur lífeyrisréttinda.*

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvern almanaks mánuð grundvallarlaun sjóðsins. Mánaðarleg grundvallarlaun skulu frá 1. janúar 1992 vera tengd lánskjaravísitölu þeirri, sem Seðlabanki Íslands auglýsir með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum. Reiknast grundvallarlaun janúarmánaðar 1992 kr. 45.602, miðað við lánskjaravísitölu 3.196 stig, og breytast síðan mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á lánskjaravísitölunni. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún



ákveða annan stigagrundvöll svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir, ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn, reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar. Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30, skal þó aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára, sem afgangs verða.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

#### 10. gr.

##### *Ellilífeyrir.*

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins og er orðinn fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum, eins og þau eru 1. hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,5.

Heimilt er sjóðfélaga að hefja töku ellilífeyris, áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrir en frá 65 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka frá því, sem í 2. mgr. segir, um 0,6% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem vantar á 67 ára aldur, er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,6% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 75 ára aldri.

#### 11. gr.

##### *Örorkulífeyrir.*

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 40% eða meira, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann

- a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,4 stig hvert þessara þriggja ára,
- b. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum,
- c. orðið fyrir tekjuserðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir samkvæmt 3. mgr. 13. gr. vera hærrí en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau, sem nefnd eru í a-lið, er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og álit trúnaðarlæknis sjóðsins eða tryggingayfirlæknis, hafi sjóðurinn ekki ráðið sér trúnaðarlækni. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal skerðing starfsorku metin á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélagens til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar hans og störf og árangurs af endurhæfingu.

Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 10. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknaðs samkvæmt 4. mgr. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast hámark örorkulífeyris í samræmi við 3. mgr. 14. gr.

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri, er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt 3. mgr. á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:

- a. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.
- b. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár, sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal þá miða framreikning við þetta meðaltal að viðbættum 10%, verði árleg stig með þessu móti lægri en stig reiknuð í samræmi við a-lið.
- c. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,4 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri, og sennilegt má telja, að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,4, og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.
- d. Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt liðunum a. eða b., meira en tveimur stigum, skal reikna með meðaltalinu í allt að 10 árum, en síðan skal til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga, sem umfram eru.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó c-lið 1. mgr.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunninn stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

## 12. gr.

*Makalífeyrir.*

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 42 ára að aldri við fráfall sjóðfélagsins, hjónabandið hafi staðið a.m.k. 5 ár og verið stofnað, áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og eftirlifandi maka. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagsins, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt 1. eða 2. mgr. eða greiðsla samkvæmt 2. mgr. stendur skemur en 24 mánuði, og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagsins. Heimilt er sjóðstjórn að lengja þetta tímabil, ef starfsorka hins eftirlifandi maka er talin skert um a.m.k. 50%.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 1.-3. mgr. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.

Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum, eins og þau eru 1. hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stiga-fjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður. Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna stiga telja þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 3. mgr. 11. gr. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 8. mgr. 11. gr., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 3. mgr. 14. gr.

Sé eftirlifandi maki yngri en 55 ára við fráfall sjóðfélaga, skerðist makalífeyrir samkvæmt 1. mgr. um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem eftirlifandi maka vantar á 55 ára aldur. Lífeyrir greiðist jafnan óskertur þann tíma, sem réttur er samkvæmt 2. eða 3. mgr.

Ekkja eða ekill samkvæmt þessari grein telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

## 13. gr.

*Barnalífeyrir.*

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og fullur lífeyrir úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er hinn samanlagði lífeyrir tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal fullur lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi, ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins. Fullur barnalífeyrir greiðist, ef árleg stig, áætluð í samræmi við 5. mgr. 12. gr., eru a.m.k. 0,5. Séu áætluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður, ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,1.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum vegna 100% örorku. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal þó ávallt reikna með, að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé einnig 100%. Sé örorka samkvæmt 11. gr. metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri.

Fósturbörn og stjúpbörn er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

#### 14. gr.

##### *Iðgjaldagreiðslur falla niður.*

Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda, og ávinnur hann sér ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessari ástæðu, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt. Sama gildir, ef launagreiðslur hafa fallið niður vegna atvinnuleysis, þó ekki lengur en 12 mánuði samfleytt, enda hafi sjóðfélaginn á því tímabili ekki verið 6 mánuði eða lengur í starfi, er veitti honum aðgang að öðrum lífeyrissjóði.

Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en þeim, sem nefndar eru í 1. mgr., telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd.

Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu og hverfi úr sjóðnum, en miðast þá einungis við áunnin stig.

#### 15. gr.

##### *Flutningur í aðra sjóði.*

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna, með vöxtum, er sjóðstjórn ákveður. Sama gildir, ef sjóðfélaginn kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyst til, eða hjá tryggingafélagi eða stofnun svo sem að framan greinir.

Það skal enn fremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari grein, að tilsvarendi takmarkanir gildi um endurgreiðslu eða endurkaup, þar sem réttindi eru leyfð, eins og eftir þessari reglugerð. Fé, sem yfirfært kann að verða úr öðrum lífeyrissjóði, veitir ekki víðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum, sem það var yfirfært úr.

#### 16. gr.

##### *Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.*

Heimilt er stjórn sjóðsins að semja við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu

réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn, fyrr en þeir hafa hlotið samþykki Blaðamannafélags Íslands.

## 17. gr.

*Tilhögun lífeyrisgreiðslna.*

Lífeyrir greiðist mánaðarlega, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur stofnast, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda, og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

Sé lífeyrisgreiðsla ekki vitjað í 5 ár, getur stjórn sjóðsins úrskurðað, að rétturinn til hennar falli niður, og rennur þá fjárhæðin til sjóðsins.

## 18. gr.

*Bann við framsali og veðsetningu.*

Rétturinn til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

## 19. gr.

*Gerðardómur.*

Rísi ágreiningur út af reglugerð þessari, skal skjóta málinu til gerðardóms, sem í skulu vera einn maður skipaður af stjórn Blaðamannafélags Íslands og annar af fulltrúum viðsemjenda þess í stjórn lífeyrissjóðsins. Gerðardómsmenn þessir koma sér síðan saman um oddamann. Verði ekki samkomulag um oddamann, skal hann tilnefndur af héraðsdómi Reykjavíkur.

## 20. gr.

*Eldri réttindi.*

Réttindi áunnin í lífeyrissjóðnum til ársloka 1991 skulu reiknuð til stiga í samræmi við ákvæði reglugerðar þeirrar, sem gilt hefur frá 1. janúar 1979.

Þeir lífeyrisþegar sjóðsins, sem njóta lífeyris í desembermánuði 1993 eða fá síðar úrskurðaðan lífeyri fyrir þann mánuð, skulu frá 1. janúar 1994 taka lífeyri samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, þó aldrei lægri fjárhæð á mánuði en þeir fá fyrir desember 1993.

## 21. gr.

*Breytingar á reglugerðinni.*

Breytingar á reglugerð þessari verða sammingsatriði milli Blaðamannafélags Íslands og viðsemjenda þess.

## 22. gr.

*Gildistökuákvæði.*

Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar þeirrar, sem gilt hefur frá 1. janúar 1994 og gildir frá 1. janúar 1997, að telja.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 18. desember 1996.*

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

*Ragnheiður Snorradóttir.*

17. desember 1996

Nr. 679

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl.,  
nr. 574/1991, með síðari breytingum, og auglýsingu um reglur varðandi  
einkaleyfisumsóknir, nr. 575/1991, með síðari breytingum.**

1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Umsóknargögn skulu vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku. Ef lýsing, einkaleyfiskröfur, ágríp og texti á teikningum eru ekki á íslensku skulu einkaleyfiskröfur, ágríp og texti á þeirri mynd sem birta skal með því, liggja fyrir í íslenskri þýðingu áður en umsókn er gerð aðgengileg. Ef umsókn leiðir til veitingar einkaleyfis skal samþykkt gerð lýsingar, einkaleyfiskrafna, ágríps og texta á teikningum liggja fyrir í íslenskri þýðingu innan fjögurra mánaða frá því að umsækjanda var tilkynnt um að unnt væri að veita einkaleyfi skv. 1. mgr. 19. gr. ell.

2. gr.

1. mgr. 57. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Ef lýsing, einkaleyfiskröfur, ágríp og texti á teikningum í alþjóðlegri umsókn er ekki á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku skal þýðing á þessum gögnum á eitthvert fyrrgreindra tungumála lögð inn við yfirfærslu umsóknarinnar í samræmi við 31. gr. ell. eða við endurskoðun ákvörðunar skv. 1. mgr. 38. gr. laganna. Sé þýðingin á öðru tungumáli en íslensku skal afhenda þýðingu á íslensku í samræmi við ákvæði 3. gr. sem einnig á við varðandi þýðingar á öðrum umsóknargögnum.

3. gr.

Á eftir kaflaheitinu „**Þýðing á gögnum með einkaleyfisumsókn.**“ í auglýsingunni kemur:

**(3. og 57. gr. rg. ell.)**

4. gr.

38. gr. auglýsingarinnar fellur niður en greinaröð helst óbreytt.

5. gr.

1. mgr. 39. gr. auglýsingarinnar orðast svo:

Einkaleyfastofan getur krafist þess að þýðing sú sem nefnd er í 31. gr. ell. á lýsingu, einkaleyfiskröfum, ágrípi og texta á teikningum skuli vera staðfest.

6. gr.

Í stað tilvísana til 38. gr. auglýsingarinnar, í reglugerðinni og auglýsingunni, komi tilvísanir til 3. gr. reglugerðarinnar.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 17/1991, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1997.

*Iðnaðarráðuneytinu, 17. desember 1996.*

F. h. r.

**Halldór J. Kristjánsson.**

---

*Jón Ögmundur Þormóðsson.*

Nr. 680

20. desember 1996

## REGLUR

### um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði árið 1997 til átaksverkefna á vegum sveitarfélaga.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

1. gr.

Á árinu 1997 er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að styrkja sérstök verkefni á ábyrgð sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi í samræmi við reglur þessar.

Reglur þessar ná ekki til styrkja skv. 37. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

2. gr.

##### *Fjárhæð styrkja.*

Hámarksfjárhæð styrks skal vera jafnhá þeim atvinnuleysisbótum og lífeyrissjóðs-greiðslum, sem ella hefðu verið greiddar þeim einstaklingum sem falla af atvinnuleysisskrá vegna þátttöku í verkefninu, þó þannig að ef hlutaðeigandi einstaklingur á bótarétt á bilinu 25-50% þá greiðast hálfar bætur og fullar bætur ef hlutaðeigandi á bótarétt á bilinu 51-100%, enda sé hann ráðinn í fullt starf.

Annar kostnaður við verkefnið, svo sem launakostnaður umfram atvinnuleysisbætur, þ.m.t. launatengd gjöld, efniskostnaður, stjórnunarkostnaður, kostnaður við eftirlit og umsýslu, skipulagningu og undirbúning, skal borinn af viðkomandi sveitarfélagi eða vera á ábyrgð þess.

3. gr.

##### *Almenn skilyrði.*

Til að verkefni teljist styrkhæft þarf það að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Vera til að fjölga atvinnutækifærum, við sem flestra hæfi.
2. Vera unnið hjá sveitarfélagi eða þriðja aðila. Sveitarfélagi er ekki heimilt að fela öðrum, svo sem verktaka, að sjá um framkvæmd verkefnis fyrir sig. Ef verkefni er unnið hjá þriðja aðila skal sveitarfélag gefa umsögn um umsókn hans og bera ábyrgð á verkefninu með þeim hætti að það skal hafa eftirlit með að framkvæmd þess sé í samræmi við þær áætlanir sem þriðji aðili lagði fram.
3. Vera skýrt afmarkað og tímabundið. Verkefnið skal að jafnaði ekki ná yfir lengri tíma en sex mánuði og skal unnið í einu lagi.
4. Nota vinnuafli á atvinnuleysisskrá í viðkomandi sveitarfélagi. Þeir sem lengst hafa verið á atvinnuleysisskrá skulu hafa forgang að starfi við verkefni. Þó getur verið um að ræða verkefni með störfum fyrir tiltekna hópa atvinnulausra þar sem tekið er tillit til félagslegra aðstæðna. Sömuleiðis er heimilt að víkja frá skilyrði um forgang eftir lengd atvinnuleysis ef um er að ræða verkefni sem krefst sérhæfðs starfskrafts.

Verkefni við atvinnusköpun fyrir fólk sem ekki á bótarétt úr Atvinnuleysisstryggingasjóði, eru ekki styrkhæf.

## II. KAFLI

### Styrkhæf verkefni.

#### 4. gr.

#### *Tímabundin verkefni umfram venjuleg umsvif.*

Heimilt er að veita styrki til að atvinnulausir einstaklingar verði ráðnir hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum til sérstakra tímabundinna verkefna umfram venjuleg umsvif. Hefðbundin verkefni sveitarfélaga, svo sem gatna- og lóðahreinsun, gatna- og holræsagagnir, viðhald og viðgerðir eigna sveitarfélagsins, eru ekki styrkhæf, nema um sérstakt tíma- og staðbundið verkefni sé að ræða.

#### 5. gr.

#### *Verkefni fyrir námsmenn og fólk með skerta starfsorku.*

Heimilt er að styrkja sérstök verkefni sem ætluð eru námsmönnum, einkum námsmönnum sem lokið hafa námi og komast ekki á vinnumarkað vegna atvinnuástands, enda njóti þeir bótaréttar. Enn fremur sérstök verkefni sem ætluð eru fólki með skerta starfsorku sem nýtur bótaréttar.

#### 6. gr.

#### *Styrkir til atvinnulausra einstaklinga til eigin reksturs.*

Heimilt er að styrkja atvinnulausa einstaklinga til að hleypa af stokkunum eigin viðskiptahugmynd með þeim hætti að þeir haldi atvinnuleysisbótum meðan látið er á það reyna að hugmyndin sé framkvæmanleg, enda verði starfsemin ekki í beinni samkeppni við annan atvinnurekstur.

#### 7. gr.

#### *Varanleg atvinnusköpun.*

Heimilt er að veita styrk til þess að aðstoða fyrirtæki við að skapa ný störf vegna nýrrar framleiðslu, enda sé það ekki talið fela í sér röskun á samkeppnisstöðu. Það er forsenda styrkveitingar að atvinnulausir einstaklingar séu ráðnir ótímabundið í störfin og styrkhafi skuldbindi sig til þess að viðhalda störfunum eftir að styrktímabil rennur út, í a.m.k. jafnlangan tíma og styrkur náði til. Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs er heimilt að endurkrefja styrkhafa um styrk ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt.

#### 8. gr.

Verkefni sem ella væru ekki framkvæmd í launaðri vinnu.

Heimilt er að veita íþróttafélögum, líknafrélögum, skógræktarfélögum góðgerðarstofnunum, og öðrum sambærilegum aðilum styrk til að ráða atvinnulausan einstakling til starfa við verkefni sem ella væri ekki framkvæmt í launaðri vinnu.

#### 9. gr.

#### *Starfsþjálfun og skiptistörf.*

Heimilt er að veita styrk til þess að ráða mann af atvinnuleysissskrá í starfsþjálfun þar sem fræðsla og vinna er samþætt enda feli ráðning hans í sér aukningu á starfsmannafjölda. Enn fremur er heimilt að veita styrk til þess að ráða mann af atvinnuleysissskrá til þess að leysa af fastan starfsmann sem fengið hefur launað leyfi til endurmenntunar eða til þess að sinna nýsköpun fyrir atvinnulífíð, enda sé starfsmanni ekki tryggður réttur til endurmenntunar í kjarasamningi.



## III. KAFLI

**Ráðningar- og starfskjör.**

## 10. gr.

Það er skilyrði fyrir styrkveitingu að ráðningar og kjör starfsfólks séu í samræmi við gildandi kjarasamninga. Að jafnaði er ekki heimilt að veita styrki til að ráða sama starfsmann til lengri tíma en sex mánaða í sama eða sams konar verkefni.

Við ráðningu skal gerður skriflegur samningur milli starfsmanns og styrkhafa. Ef styrkveiting er til þriðja aðila skal sveitarfélag vera aðili að slíkum samningi. Í samningi skal kveðið á um ráðningar- og starfskjör. Í honum skal vera lýsing á verkefnum starfsmanns og kveðið á um þá leiðsögn og fræðslu sem hann á rétt á. Afrit samnings skal sent skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Starfsmanni er skylt að tilkynna skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs ef framkvæmd verkefnis er ekki í samræmi við ákvæði samnings.

## IV. KAFLI

**Umsóknir og meðferð þeirra.**

## 11. gr.

*Umsóknarfrestir.*

Styrkjum er úthlutað þrisvar á ári. Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir 15. febrúar vegna fyrstu úthlutunar, fyrir 1. maí vegna annarrar úthlutunar og fyrir 15. september vegna þriðju úthlutunar. Heimilt er að víkja frá þessum frestum, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Sveitarfélög skulu hafa milligöngu um að koma umsóknum frá þriðja aðila á framfæri við skrifstofu sjóðsins, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

## 12. gr.

*Upplýsingar og gögn sem fylgja skulu umsókn.*

Með umsókn skulu fylgja sem nákvæmastar upplýsingar um fyrirhuguð verkefni, svo sem kostnað við þau, markmið þeirra og væntanleg áhrif þeirra á atvinnuástand í sveitarfélaginu og á atvinnumöguleika hins atvinnulausa. Fjárhagsáætlun sveitarfélags fyrir árin 1996-97 skal enn fremur fylgja, ásamt nýjustu upplýsingum um atvinnuleysi í sveitarfélaginu samkvæmt atvinnuleysisskráningu.

Umsókn um styrk vegna afleysingar, sbr. 9. gr., skulu fylgja upplýsingar um kjör starfsmanns í launuðu leyfi og tilgang leyfis.

Umsækjendur um styrki skv. 6. og 7. gr. skulu gefa yfirlýsingu um þá ríkisaðstoð sem þeir hafa notið á síðastliðnum þremur árum, sbr. EES-reglur um ríkisaðstoð.

## 13. gr.

*Umsagnarnefnd.*

Áður en umsóknir eru lagðar fyrir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal nefnd sem skipuð var samkvæmt yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagsmála- og fjármálaráðherra frá 12. desember 1994, fjalla um umsóknir og gefa umsögn um þær.

Nefndin skal undirbúa afgreiðslu umsókna í hendur stjórnarinnar. Hún skal sjá um að afla viðbótarupplýsinga og -gagna frá sveitarfélögum, ef þörf er á, og getur beint tillögum og ábendingum til þeirra.

Nefndin skal sjá um að notuð séu sérstök stöðluð umsóknareyðublöð og form fyrir samninga skv. 2. mgr. 10. gr.

## 14. gr.

*Afgreiðslutími.*

Hraða skal umfjöllun og afgreiðslu styrkumsókna svo sem kostur er.

Að jafnaði skal umsókn lögð fyrir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs til afgreiðslu eigi síðar en tveimur vikum eftir að frestur til að leggja fram umsókn rann út.

## 15. gr.

*Meðferð stjórnar og staðfesting ráðherra.*

Þegar stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur afgreitt umsóknir af sinni hálfu skal hún leggja tillögu sína um styrkveitingar fyrir félagsmálaráðherra til staðfestingar.

Þess skal freistað að ná samstöðu innan stjórnarinnar um afgreiðslu umsókna.

Nú verður ágreiningur í stjórninni um afgreiðslu umsóknar og skal þá í tillögu til ráðherra gera grein fyrir hvernig atkvæði féllu og rökstuðningi fyrir atkvæðum.

Félagsmálaráðherra skal að jafnaði innan viku frá því að tillaga um afgreiðslu barst frá stjórninni staðfesta tillöguna eða hafna henni.

## V. KAFLI

**Eftirlit með framkvæmd verkefna.**

## 16. gr.

*Gögn og upplýsingar.*

Þegar verkefni hefst skal sveitarfélag senda tilkynningu þar að lútandi til skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Tilkynningu skal fylgja listi með nöfnum fólks á atvinnuleysisskrá, ásamt upplýsingum um hversu lengi það hefur verið á skrá og skýringum á því hvers vegna þeir sem lengst hafa verið á skrá fá ekki störf við verkefni, ef við á. Einnig skulu fylgja upplýsingar um þá sem hafnað hafa þátttöku í verkefni með viðeigandi skýringum og gögnum, svo sem læknisvottorðum. Afrit samninga skv. 2. mgr. 10. gr. skulu fylgja. Eftir að þessar upplýsingar hafa borist greiðist styrkfjárhæð með mánaðarlegum greiðslum eftir á þann tíma sem verkefnið stendur yfir.

## 17. gr.

*Hlutverk umsagnarnefndar.*

Nefnd skv. 13. gr. skal hafa eftirlit með því að framkvæmd verkefnis sé í samræmi við forsendur styrkveitingar og getur hún að eigin frumkvæði óskað eftir nauðsynlegum upplýsingum og gögnum.

Komi í ljós að framkvæmd verkefnis sé á einhvern hátt ekki í samræmi við forsendur styrkveitingar skal nefndin tilkynna það stjórn sjóðsins sem er heimilt að stöðva greiðslu styrksins. Jafnframt getur það, samkvæmt ákvörðun stjórnarinnar, haft áhrif á framtíðarstyrkveitingar til átaksverkefna á vegum sama aðila.

## 18. gr.

*Reikningshald.*

Kostnaður við verkefni skal færður sérstaklega og haldið aðskildum frá öðrum kostnaði hjá viðkomandi sveitarfélagi eða þriðja aðila.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að óska eftir því að Ríkisendurskoðun endurskoði bókhald þeirra verkefna sem unnin eru með styrk samkvæmt reglum þessum.

19. gr.

*Greinargerð um framkvæmd.*

Innan fjögurra vikna frá því að verkefni lýkur skal sveitarfélag senda skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs greinargerð um framkvæmd verkefnis sem unnið er hjá sveitarfélagi eða á ábyrgð þess. Þar skal sérstaklega láta koma fram áhrif verkefna á atvinnuástand í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að stöðva greiðslur, eða synja frekari umsóknum frá sveitarfélögum sem ekki sinna skýrslugerð skv. 1. mgr.

## VI. KAFLI

**Lokaákvæði.**

20. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í V. ákvæði til bráðabirgða í lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum, sbr. 13. gr. laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997, nr. 140 öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þegar eftir gildistöku þessara reglna skal skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóðs hlutast til um að vinnumiðlanir kynni hlutaðeigandi aðilum þær. Sérstaklega skal vekja athygli á umsóknarfrestum, sbr. 11. gr.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. desember 1996.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.****REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl.,  
nr. 787 13. desember 1983.**

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Umsækjandi skal hafa fasta búsetu hér á landi eða hafa dvalið hér við nám í a.m.k. sex mánuði. Með fastri búsetu er átt við þann stað þar sem hlutaðeigandi býr að jafnaði, þ.e. í a.m.k. 185 daga á hverju almanaksári, vegna persónu- eða atvinnutengsla eða, ef um er að ræða þann sem hefur engin atvinnutensl, vegna persónulegra tengsla sem sýna hið nána samband milli hlutaðeigandi og staðarins þar sem hann býr.

Engum er heimilt að hafa undir höndum ökuskírteini frá meira en einu ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu.

2. gr.

Í stað „vörubifreiða“ í 1. mgr. 13. gr., sbr. reglugerð nr. 202/1993, komi: bifreiða, annarra en hópibifreiða.

## 3. gr.

Á eftir 2. máls. 4. mgr. 17. gr., sbr. reglugerð nr. 219/1994, komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Skal ökukennari veita leiðbeinanda aðstoð við skipulagningu æfingaakstursins, svo sem með því að leiðbeinandinn fylgist með kennslustund nemandans í akstri.

## 4. gr.

Í stað „vörubifreið“ í mgr. 42. gr. komi: bifreið, annarri en hópibifreið.

## 5. gr.

3. mgr. 46. gr., sbr. reglugerð nr. 202/1993, orðist svo:

Eigi má veita þeim sem er yngri en 21 árs réttindi til að stjórna hópibifreið né þeim sem er yngri en 20 ára réttindi til að stjórna bifreið, annarri en hópibifreið, sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd eða bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

## 6. gr.

2. mgr. 51. gr., sbr. reglugerð nr. 116/1988, orðist svo:

Sá sem hefur gilt ökuskírteini útgefið í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, eða í öðru ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, má stjórna ökutækjum sem ökuskírteinið nær til, einnig eftir að hann sest að hér á landi, þó ekki lengur en til 70 ára aldurs. Önnur gild erlend ökuskírteini veita slíka heimild í allt að einn mánuð eftir að skírteinishafi sest að hér á landi.

## 7. gr.

52. gr. breytist þannig:

- a. 2. máls. 1. mgr. orðist þannig: Umsækjandi skal afhenda hið erlenda ökuskírteini, svo og ljósmyndir og læknisvottorð, sbr. 2. gr.
- b. Við 1. mgr. bætist: Það á þó ekki við um þann sem hefur gilt ökuskírteini útgefið í einhverju ríki sem nefnt er í 1. máls. 2. mgr. 51. gr.

## 8. gr.

a-liður ákvæðis til bráðabirgða, sbr. reglugerð nr. 202/1993, falli niður.

## 9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 50., 52., 54. og 57. gr. umferðarlaga, nr. 50 30 mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993 og nr. 138 18. desember 1996, svo og með hliðsjón af 24. a tölul. í XIII. viðauka (tilskipun 91/439/EBE) við EES-samninginn, öðlast gildi 1. janúar 1997.

EBE-gerðin sem vísað er til er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 4, bls. 346-369.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. desember 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Bæjarhrepps í Strandasýslu 1995 - 2015.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 17. desember 1996 staðfest aðalskipulag Bæjarhrepps í Strandasýslu 1995 - 2015.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki hreppsnefndar Bæjarhrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

Nr. 683

17. desember 1996

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á svæðisskipulagi 1995 - 2015 fyrir Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 17. desember 1996 staðfest svæðisskipulag 1995 - 2015 fyrir Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa.

Landnotkunaruppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um, samþykki sveitarstjórna ofangreindra hreppa og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

Nr. 684

17. desember 1996

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breyttu deiliskipulagi af norðurhluta miðbæjar Akureyrar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 17. desember 1996 staðfest breytt deiliskipulag af miðbæ Akureyrar. Um er að ræða endurskipulagningu á norðurhluta þess miðbæjarskipulags er staðfest var 13. maí 1981.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Akureyrar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

# REGLUGERÐ

## um úthlutun veiðiheimilda á Flæmingjagrunni.

### 1. gr.

Frá 1. janúar 1997 er íslenskum skipum óheimilt að stunda rækjuveiðar á deilissvæði 3M (Flæmingjagrunni), sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 676, 28. desember 1995, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Á árinu 1997 er Fiskistofu aðeins heimilt að veita íslenskum fiskiskipum leyfi til rækjuveiða á deilissvæði 3M hafi þau stundað slíkar veiðar um einhvern tíma á árunum 1993, 1994, 1995 eða 1996, og útgerð þeirra hafi skilað skýrslum um þær veiðar til Fiskistofu.

### 2. gr.

Hverju íslensku fiskiskipi, sem á kost á veiðileyfi samkvæmt 1. gr., skal reiknuð aflahlutdeild í rækju, sem úthlutað er samkvæmt reglugerð þessari, og skal aflahlutdeild hvers skips byggð á veiðireynslu þess, miðað við þrjú bestu veiðiár þess árin 1993, 1994, 1995 og 1996. Þó skal, sbr. 11. mgr. 6. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 5% heildar kvótans úthlutað til þeirra skipa einna, sem rækjuveiðar stunduðu á árunum 1993 og 1994 og skal miðað við afla beggja árana.

### 3. gr.

Á árinu 1997 er þeim íslensku skipum, sem veiðileyfi fá á deilissvæði 3M, sbr. 1. gr. heimilt að veiða samtals 6.800 lestin af rækju. Fiskistofa skal skipta því heildarmagni milli einstakra fiskiskipa á grundvelli aflahlutdeildar hvers skips sbr. 2. gr.

### 4. gr.

Úthlutun aflahlutdeildar, samkvæmt reglugerð þessari, er bundin því skilyrði að útgerð skips afsali sér aflahlutdeild, sem úthlutað er á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem nemi 4% af þeirri rækjuhlutdeild, sem þeim er úthlutað á árinu 1997 samkvæmt reglugerð þessari. Frádráttur aflahlutdeildar reiknast á grundvelli verðmætastuðuls, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 362/1996, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997, miðað við leyfilegan heildarafla yfirstandandi árs, en frádráttur kemur til framkvæmda 1. september 1997. Verðmætastuðull fyrir rækju á deilissvæði 3M er hinn sami og fyrir rækju, sem veidd er innan lögsögunnar. Þau skip, sem ekki hafa veiðiheimildir innan lögsögunnar, skulu sæta 4% skerðingu í úthlutun aflahlutdeildar í rækju á deilissvæði 3M.

### 5. gr.

Fiskistofa skal veita þeim skipum, sem rækjuveiðar stunda í janúar 1997, bráðbirgða-veiðileyfi. Afli, sem fæst í janúar 1997, reiknast til aflamarks skipsins á árinu 1997.

Fiskistofa skal fyrir 15. janúar 1997 senda útgerðum þeirra skipa, sem veiðireynslu hafa á ofangreindu viðmiðunartímabili, tilkynningu um bráðbirgðaúthlutun samkvæmt ofangreindum reglum og forsendur hennar. Útgerðir skulu fyrir 25. janúar 1997 tilkynna til Fiskistofu, hvort þær vilji nýta sér rétt til úthlutunar samkvæmt ofangreindum reglum og í hvaða tegundum aflahlutdeild verði skilað, sbr. 4. gr. Fyrir sama tímamark gefst þeim kostur á að koma athugasemdum á framfæri um bráðabirgðaúthlutunina.

Fyrir 1. febrúar 1997 skal Fiskistofa úthluta aflahlutdeild, aflamarki fyrir 1997 og endanlegum veiðileyfum.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Reglur laga nr. 38/1990 um flutning aflamarks milli ára og heimildir til breytinga milli tegunda gilda ekki um aflamark, sem úthlutað er í rækju samkvæmt þessari reglugerð.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga frá 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum frá 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast gildi 1. janúar 1997 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. desember 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

## AUGLÝSING

### um umferð í Ólafsfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Ólafsfjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Ólafsfirði:

1. Biðskylda frá Vesturgötu inn á Hafnargötu er aflögð.
2. Biðskylda frá Kirkjuvegi inn á Hafnargötu er aflögð.
3. Bann við lögn bifreiða við Strandgötu er breytt þannig að bannað er að leggja bifreiðum við syðri brún frá húsi nr. 5 að húsi nr. 11.
4. Að færanlegar hraðahindranir verða settar á Aðalgötu sunnan Gunnólfsgötu, Ólafsvog við Ólafsvog 25 og á Hlíðaveg við hús nr. 43.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Ólafsfirði sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Sýslumaðurinn í Ólafsfirði, 20. desember 1996.*

**Björn Rögnvaldsson.**

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Rithöfundasjóð Ríkisútvarpsins.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Rithöfundasjóður Ríkisútvarpsins. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita íslenskum rithöfundum viðurkenningu fyrir ritstörf.

### 3. gr.

Sjóðurinn var stofnaður 26. september 1956 með framlagi Ríkisútvarpsins kr. 120.000,00 og fé styrktar- og minningarsjóðs er stofnaður var 21. febrúar 1952, kr. 232.371,65 samtals kr. 352.371,65. Stofnfé sjóðsins telst vera 550 þús. kr. Eign sjóðsins var í árslok 1995 kr. 1.638.257,00.

Tekjur sjóðsins eru árlegt framlag Ríkisútvarpsins skv. samningi við Rithöfundasamband Íslands, vextir af innstæðu sjóðsins, höfundalaun sem Ríkisútvarpinu ber að greiða höfundum skv. samningi, en höfundar finnast ekki að og frjáls framlög hverju nafni sem nefnast.

### 4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Landsbanka Íslands eða með öðrum hætti sem stjórn sjóðsins telur jafn tryggilegan. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu hans.

### 5. gr.

Ábyrgðarhafi framkvæmir lokasamþykkt vöru. Fyrir lokasamþykkt sérhverrar framleiðslulotu skal ábyrgðarhafi votta að lotan sé framleidd í samræmi við þessa reglugerð og önnur fyrirmæli. Þegar um er að ræða lyf sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir, skal hann einnig votta að lyfið uppfylli kröfur sem liggja til grundvallar markaðsleyfinu.

Halda skal skrá yfir lokasamþykkt einstakra framleiðslulota og skal hún alltaf innihalda nýjustu upplýsingar. Skrána skal geyma í minnst 6 ár og skal hún vera aðgengileg Lyfjaeftirliti ríkisins.

## 29. gr.

Gæðavottorð skal fylgja sérhverri framleiðslulotu af ónæmisefnum fyrir dýr sem flytja á til annars lands innan Evrópska efnahagssvæðisins.

## 30. gr.

Sýni úr hverri lotu af fullunninni vöru skal geyma í minnst eitt ár eftir að lotan er fyrnd.

Sýni af hráefnum (annarra en leysiefna, lofitegunda og vatns) skal geyma í að minnsta kosti 2 ár eftir lokasamþykkt lotu. Ef stöðugleiki efnanna er takmarkaður má stytta þennan tíma.

Sýni af fullunninni vöru og hráefnum skulu vera nægilega stór til að mögulegt sé að endurtaka allar nauðsynlegar prófanir.

## 31. gr.

Við framleiðslu á forskriftarlyfjum þar sem aðeins er framleidd ein eða fáar einingar af lyfi, er heimilt að sleppa sýnatöku, prófunum og geymslu á viðmiðunarsýnum tilbúins lyfs.

Lyfjaeftirlit ríkisins getur heimilað í samráði við lyfjanefnd ríkisins, að fyrir önnur lyf sem framleidd eru í einni eða fáeinum einingum, eða þegar geymsla lyfs er sérstökum vandkvæðum bundin, séu settar sérstakar reglur fyrir sýnatöku, prófanir og geymslu á viðmiðunarsýnum af tilbúna lyfinu.

*Framleiðsla og prófanir samkvæmt verksamningi.*

## 32. gr.

Skriflegur verksamningur skal liggja fyrir á milli verkkaupa og verktaka fyrir sérhvert verk sem verktaki vinnur fyrir verkkaupa.

Verktaki verður sjálfur að vera handhafi framleiðsluleyfis lyfja þar sem hann starfar.

Í samningnum skal skýrt kveðið á um skyldur hvors um sig. Þar skal koma fram hvornig ábyrgðarhafinn framfylgir skyldum sínum og hvar og hvornig lokasamþykkt vörunnar fer fram.

## 33. gr.

Verktaki má ekki gera samning við þriðja aðila um verk sem hann hefur gert samning um við verkkaupa án skriflegs samþykkis verkkaupans.

Sömu ákvæði eiga við um skriflega verksamninga um framleiðslu og um prófanir á lyfjum.



*Kvartanir og innkallanir.*

## 34. gr.

Fyrirtæki skal hafa skriflegar leiðbeiningar um hvernig brugðist er við kvörtunum sem berast vegna lyfja. Haldnar skulu skrár um allar kvartanir sem berast.

Kvartanir skal rannsaka um leið og þær berast og gripið til nauðsynlegra aðgerða.

Í leiðbeiningunum skal koma fram hvernig megi á fljótan og skilvirkan hátt innkalla vöru af markaði gerist þess þörf.

Lyfjaeftirliti ríkisins skal strax tilkynnt um kvartanir séu þær þess eðlis að grípa þurfi til innköllunar eða sambærilegra aðgerða, t.d. vegna galla, rangrar merkingar eða þess að geymsluþol er ekki sem skyldi.

*Innri úttektir.*

## 35. gr.

Koma skal upp þannig fyrirkomulagi að hjá framleiðanda séu reglulega gerðar úttektir í einstaka deildum til að ganga úr skugga um hvort farið sé í öllum atriðum að grundvallarreglum um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð.

Innri úttektir framleiðanda eru liður í gæðatryggingu starfseminnar.

Skrá skal slíkar úttektir og gera um þær skýrslur þar sem tilgreindar eru allar athuganir sem gerðar eru og tillögur og ráðstafanir til úrbóta.

**4. Eftirlit og viðurlög.**

## 36. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með viðurkenndum framleiðendum og gæðaftirlitsstofum sem annast rannsóknir fyrir þá. Þeim er skylt að láta Lyfjaeftirliti ríkisins í té gögn og upplýsingar sem það telur nauðsynleg til að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu. Þeim er enn fremur skylt á öllum tímum að veita eftirlitsmönnum aðgang að húsnæði og búnaði sem varðar starfsemina svo og að afhenda sýni af framleiðslunni sé þess óskað.

Telji Lyfjaeftirlit ríkisins einhverjum atriðum hjá framleiðanda ábótavant, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, skal stofnunin gefa fyrirmæli um úrbætur og skal fyrirtæki verða við þeim innan þess frests sem Lyfjaeftirlit ríkisins ákveður.

## 37. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins getur mælt með því við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að fyrirtæki verði undanþegið tilteknum ákvæðum þessarar reglugerðar.

Lyfjaeftirlit ríkisins getur veitt fyrirtæki lengri eða skemmri frest til að bæta úr því sem ábótavant er í starfseminni.

## 38. gr.

Gerist handhafi leyfis brotlegur við ákvæði þessarar reglugerðar, eða önnur ákvæði sem starfsemina varða, getur ráðherra svipt hann leyfinu að fenginni umsögn Lyfjaeftirlits ríkisins.

Yfirvöld skulu færa nákvæm rök fyrir ákvörðun um að synja um, fresta eða afturkalla leyfi sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð og skal við slíkar ákvarðanir gætt ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993, meðal annars um rökstuðning og andmælarétt.

39. gr.

Um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar fer samkvæmt 43. gr. laga nr. 93/1994, samanber 2. gr. laga nr. 55/1995.

### 5. Undanþágur.

40. gr.

Framleiðsla á lyfjum, fyrir einstaka sjúkling samkvæmt lyfjaávisun læknis, er undanþegin ákvæðum þessarar reglugerðar.

### 6. Lagagrundvöllur og gildistaka.

41. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 289/1970 um búnað og rekstur lyfjagerða og lyfjaheildsala og eftirlit með þeim.

Ákvæði reglugerðarinnar eru í samræmi við ákvæði tilskipana ráðs Evrópubandalagsins sem taldar eru upp í viðauka I.

### 7. Bráðabirgðaákvæði.

42. gr.

Starfandi lyfjaframleiðendur skulu sækja um leyfi til framleiðslu lyfja samkvæmt þessari reglugerð fyrir 1. maí 1997. Ákvæði 6. gr. um afgreiðslutíma umsókna gildir ekki um meðferð þeirra. Afgreiðslu umsókna skal vera lokið eigi síðar en 1. nóvember 1997. Frá þeim tíma falla úr gildi framleiðsluleyfi sem veitt voru fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

Lyfjabúðir sem framleiða lyf í meira magni en sem svarar lyfjaávisun læknis hverju sinni, skulu hafa hætt þeirri framleiðslu fyrir 1. nóvember 1997.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 27. desember 1996.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Einar Magnússon.*

## VIÐAUKI I

### Yfirlit yfir tilskipanir Evrópubandalagsins sem koma til framkvæmda að hluta eða öllu leyti með reglugerðinni.

- 75/319/EBE: Önnur tilskipun ráðsins frá 20. maí 1975 um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnisýslufyrirmælum um sérlyf.<sup>\*)</sup>
- 81/851/EBE: Tilskipun ráðsins frá 28. september 1981 um samræmingu laga aðildarríkjanna um dýralyf.<sup>\*)</sup>
- 89/342/EBE: Tilskipun ráðsins frá 3. maí 1989 þar sem gildissvið tilskipana 65/65/EBE og 75/319/EBE er fært út og bætt við ákvæðum um ónæmislyf sem eru bóluefni, eitur eða sermi og efni sem valda ofnæmi.<sup>\*)</sup>

- 89/343/EBE: Tilskipun ráðsins frá 3. maí 1989 þar sem gildissvið tilskipana 65/65/EBE og 75/319/EBE er fært út og bætt við ákvæðum um geislavirk lyf.\*)
- 89/381/EBE: Tilskipun ráðsins frá 14. júní 1989 þar sem gildissvið tilskipana 65/65/EBE og 75/319/EBE um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um sérlyf er fært út og settar sérstakar reglur um lyf úr mannsblóði eða blóðvökva.\*)
- 90/676/EBE: Tilskipun ráðsins frá 13. desember 1990 um breytingu á tilskipun 81/851/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um dýralyf.\*)
- 90/677/EBE: Tilskipun ráðsins frá 13. desember 1990 þar sem gildissvið tilskipunar 81/851/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um dýralyf er fært út og bætt við ákvæðum um ónæmislyf fyrir dýr.\*)
- 91/356/EBE: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. júní 1991 þar sem mælt er fyrir um meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti lyfja sem ætluð eru mönnum.\*)
- 91/412/EBE: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. júní 1991 þar sem mælt er fyrir um meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti í dýralyfjagerð.\*\*)

\*) Tilskipanir eru birtar í sérriti 16 sbr. C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, II. viðauki: Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun (13. hefti af 26) XIII. Lyf.

\*\*) Tilskipanir eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB Bók 3. (ISSN 1022-9337).

## REGLUGERÐ

### fyrir Lífeyrissjóð verkafólks í Grindavík.

#### 1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður verkafólks í Grindavík. Heimili hans og varnarþing er Víkurbraut 44, 240 Grindavík.

#### 2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

#### 3. Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar skulu vera allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og starfa á samningssviði eftirtalinnna stéttarféлага: Verkalýðsfélags Grindavíkur.
- 3.2. Sé launamanni samkvæmt lögum skylt að vera félagi í öðrum lífeyrissjóði, veitir hlutaðeigandi starf ekki rétt til þátttöku í þessum sjóði.

- 3.3. Heimilt er launamanni, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í sjóðnum. Þá er atvinnurekendum sem tengjast starfssviði sjóðsins heimil sjóðsaðild, en biðtími skv. 12.-14. gr. skal reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni.
- 3.4. Nú óskar stéttarfélag eftir aðild að þessum sjóði og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum þess og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launþega, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.
- 3.5. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við lífeyrissjóðinn. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna.
- 3.6. Þeir, sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðfélagar.

#### 4. Stjórn.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Stjórnin skal skipuð fjórum mönnum og skulu tveir kjómir af þeim stéttarfélagum sem aðild eiga að sjóðnum og tveir af samtökum atvinnurekenda sem aðild eiga að sjóðnum. Fulltrúar stéttarféлага skulu tilnefndir eftir þeim reglum, sem þau stéttarfélög sem aðild eiga að viðkomandi sjóði koma sér saman um og fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands.
- 4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra.
- 4.3. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð 20 ára aldri, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eru þó undanþegnir þessu búsetuskilyrði.
- 4.4. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarféлага hafa á hendi formennsku til skiptis, eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur; hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.
- 4.5. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins getur ráðið sjóðnum framkvæmdastjóra. Stjórnin ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur.
- 4.5.1. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, til dæmis ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum, skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, eða samkvæmt áætlun sem samþykkt

- hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.
- 4.5.2. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 4.6. Allar meiriháttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.
- 4.6.1. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem samþykkt er á ársfundi, skv. 5. grein og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglu-bundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
- 4.6.2. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn, endurskoðanda og skoðunarmönnum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 4.7. Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls, ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki, þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnsýslulaga. Skylt er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfni skv. framansögðu.
- 4.7.1. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru til þess fallnar, að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum, ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra, eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það, sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eðli máls samkvæmt.
- 4.7.2. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins, né heldur áhættufjármagnsfyrirtæki sem sjóðurinn á hluti í. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í, getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarformennsku í lífeyrissjóðnum.
- 5. Ársfundur.**
- 5.1. Fyrir júnílok ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðsins boða til ársfundar sjóðsins og hefur hann æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðruvísi ákveðið í reglugerð þessari. Allir greiðandi sjóðfélagar, svo og elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins, eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt.
- 5.2. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar, þegar þurfa þykir. Skylt er stjórninni að boða til aukafundar, ef meirihluti þeirra stéttarféлага, sem eiga aðild að sjóðnum, krefst þess skriflega og tilgreinir fundarefni. Sama gildir ef slík ósk berst frá VSÍ. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarféлага sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

- 5.3. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtaka sjóðsins og í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu, án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig á fundinum. Fulltrúar stéttarfélaganna þeirra, sem aðild eiga að sjóðnum samkvæmt grein 3.1., skulu valdir eftir þeim reglum sem stéttarfélögin koma sér saman um. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu valdir eftir þeim reglum sem Vinnuveitendasamband Íslands setur.
- 5.4. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð þessari. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaganna greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.
- 5.5. Á ársfundi skal tekið fyrir:
- 5.5.1. Skýrsla stjórnar.
- 5.5.2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings.
- 5.5.3. Tryggingafræðileg úttekt.
- 5.5.4. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
- 5.5.5. Stjórnarkjör, samkvæmt grein 4.1.
- 5.5.6. Kosning skoðunarmanna. Fulltrúar stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda skulu hvor um sig kjósa einn skoðunarmann ársreikninga og einn til vara. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs.
- 5.5.7. Tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 22. greinar.
- 5.5.8. Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- 5.5.9. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

## 6. Reikningar og endurskoðun.

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og ennfremur af tveimur skoðunarmönnum, sem kjörnir eru á ársfundi, sbr. 5.5.6.

## 7. Tryggingafræðileg athugun.

- 7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins getur árlega fengið tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Tryggingarleg athugun skal þó framkvæmd eigi sjaldnar en fimmta hvert ár. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda, sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark.
- 7.2. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að eignir sjóðsins séu umfram skuldbindingar, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, getur stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gert tillögur til ársfundar um hækkun lífeyrisréttinda. Uppbót skv. þessu getur numið allt að 10%. Ákvörðun um greiðslu uppbótar gildi þá fyrir 5 ár í senn. Greiði sjóðurinn uppbætur á lífeyri skv. þessu ákvæði skal sú ákvörðun endurmetin árlega fyrir 5. árið þaðan í frá.

- 7.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um lækkun lífeyrisréttinda, sem grípa skal til, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Ekki er þó hægt að lækka réttindi meira en að þeim lágmarksréttindum, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2.
- 7.4. Nú leiðir tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins er svo ótryggur að við svo búið má ekki standa og ætla má, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, að eignir hans muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við þau lágmarksréttindi, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. grein 2.2. Skal stjórn sjóðsins þá boða til aukaársfundar eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða lá fyrir. Á fundinum skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um sameiningu við annan samtryggingarsjóð, eða lokun sjóðsins. Jafnframt skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um hjá hvaða lífeyrissjóði tryggja beri sjóðfélögum lífeyrisrétt. Tillögurnar skal afgreiða með sama hætti og tillögur að reglugerðarbreytingum.

## 8. Ávöxtun fjár sjóðsins.

- 8.1. Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og er skylt að ávaxta það á sem bestan hátt að teknu tilliti til öryggis og áhættu. Heimilt er að ávaxta fjármuni sjóðsins með eftirfarandi hætti:
- 8.1.1. Í ríkisskuldabréfum.
- 8.1.2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
- 8.1.3. Í skuldabréfum bæjarfélaga, enda séu heildarskuldir og ábyrgðir viðkomandi bæjarfélaga innan viðurkenndra marka að mati sjóðsstjórnar.
- 8.1.4. Í innlánum banka og sparisjóða.
- 8.1.5. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum, sem er innan við 50% af fasteignamati. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessu mati, ef markaðsverð eigna gefur tilefni til.
- 8.1.6. Í skuldabréfum banka, sparisjóða, lánasjóða og fjármálafyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu, enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum, eða séu undir eftirliti banka- eftirlits Seðlabanka Íslands.
- 8.1.7. Í skuldabréfum og víxlum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, enda séu viðkomandi skuldabréf skráð á Verðbréfaþingi Íslands.
- 8.1.8. Í hlutabréfum. Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Þetta ákvæði gildir þó ekki gagnvart eignarhlutum í félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal á hverjum tíma ekki vera meiri en sem nemur 15% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Hlutabréfaeign sjóðsins í félögum skráðum á Verðbréfaþingi Íslands, skal aldrei vera lægri en sem nemur 85% af heildarhlutabréfaeign sjóðsins. Allt að 15% af heildarhlutabréfaeign þurfa ekki að vera skráð á Verðbréfaþingi Íslands, enda hafi þau hlutabréf skráð kaup- og sölugengi á opinberum markaði.
- 8.1.9. Í traustum erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfararstofnunar Evrópu (OECD) og í skráðum

verðbréfasjóðum. Verðbréf skulu keypt fyrir milligöngu viðurkenndra verðbréfamiðlara. Þó er sjóðnum heimilt að kaupa milliliðalaust hlutdeildarskírteini í skráðum verðbréfasjóðum. Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 15% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

- 8.2. Fjárfestingar lífeyrissjóðsins skulu miðast við, að heildarkröfur á hendur einum aðila fari ekki umfram 2,5% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Þó er heimilt að hafa allt að fjórfalt þetta hlutfall í heildarkröfum gagnvart einstökum bönkum. Þessi takmörk eiga ekki við um kröfur með ríkisábyrgð.
- 8.3. Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið um að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignum. Þar skal ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins leggja fram fjárfestingarstefnuna, sbr. 5.5.4.
- 8.4. Heimilt er sjóðnum að eiga fasteign fyrir skrifstofur sínar.

## 9. Iðgjöld.

- 9.1. Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af launum starfsmanna 16 ára til 70 ára, sem tilgreind eru í 9.2. eða ákveðin af sjóðsstjórn samkvæmt 9.3. Sé um launþega að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launþegi greiðir 4%, en launagreiðandi 6%.
- 9.2. Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast og gera upp mánaðarlega. Nú eru laun greidd vikulega og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.
- 9.3. Stjórn sjóðsins setur reglur um, við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem gerast sjálfstæðir atvinnurekendur eða stunda sjálfstæða atvinnu við inngöngu í sjóðinn, svo og þeirra, sem hún veitir heimild til þátttöku sbr. 3.4.
- 9.4. Launagreiðandi ber að halda eftir 4% iðgjöldum sbr. 9.1. af launum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldldagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti þá sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga til greiðsludags.
- 9.5. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 9.6. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 9.7. og 9.8. Þó ber lífeyris-sjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 6. gr. laga nr. 53/1993.
- 9.7. Tvisvar á ári skal senda greiðandi sjóðfélögum yfirlit um iðgjöld og réttindi sín. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd.
- 9.8. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt



með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Heimilt er lífeyrissjóði að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil.

- 9.9. Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagreini eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og mynda réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli, þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.8. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað, samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagreini telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

## 10. Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 10.1. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans samkvæmt reglugerð þessari.
- 10.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera kr. 49.084 og breytist hún mánaðarlega, í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluserðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðsstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðsstjórn reynist síðar ónothæfur.
- 10.3. Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarfjárhæð ársins samkvæmt 10.2. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða, skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.
- 10.4. Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.
- 10.5. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.
- 10.6. Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 10.4., fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 16. greinar.

## 11. Ellilífeyrir.

- 11.1. Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.
- 11.2. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,4.
- 11.3. Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,6% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.
- 11.4. Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri.

## 12. Örorkulífeyrir.

- 12.1. Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. 12.2. og áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

- 12.1.1. Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki, ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekju-skerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barna-lífeyrir skv. 14. grein vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.
- 12.2. Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess, skal ákvarða að fengnum upp-lýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann svo og álitu trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið, skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu, skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.
  - 12.2.1. Heimilt er, að fengnu álitu trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorku-lífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.
- 12.3. Þegar skilyrði 12.1. og þessa töluliðs eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 11. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stiga-fjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknað samkvæmt 12.4., margfölduðum með 1,4, enda hafi sjóðfélagi:
  - a. Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára.
  - b. Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
  - c. Ekki orðið fyrir orkutapi, sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja, eða fikni-efna.
- 12.3.1. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 12.3.2. Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins.
- 12.3.3. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a.-lið 12.3., er sjóðsstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.
- 12.4. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt 12.3. á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:
  - 12.4.1. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðsstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt, vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðal-tal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.
  - 12.4.2. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal miða framreikning við þetta meðaltal.
  - 12.4.3. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa

- fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári, fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldgreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.
- 12.4.4. Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt liðunum 12.4.1. eða 12.4.2. meira en tveimur stigum, skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.
- 12.4.5. Ef rekja má sjúkdóma þá, sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, til þess tíma er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.
- 12.5. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 12.1.
- 12.6. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap skv. 12.2. hefur varað skemur en í sex mánuði.
- 12.7. Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.
- 12.8. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx, ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 12.9. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.
- 13. Makalífeyrir.**
- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- 13.2. Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.
- 13.3. Sé maki a.m.k. 50% öryrki, skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára.
- 13.4. Stofnist réttur til makalífeyris skv. 13.1., 13.2., 13.3. eða 15.3. skal fullur makalífeyrir alltaf greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

- 13.5. Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 13.1. - 13.4. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.
- 13.6. Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,7. Þegar skilyrði 13.1. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna stiga telja þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 12.4. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 12.9., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 13.1. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 15.3.
- 13.7. Ekkja eða ekill samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem var í hjúskap eða sambúð sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlátið, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

#### **14. Barnalífeyrir.**

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagens börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 14.2. Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 7.500 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaks mánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 10.2. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 13.6., eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.
- 14.3. Sé sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 12.3.a. og 12.3.b., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn, sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt 14.2. með þeirri undantekningu, að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaks mánuð er 5.500 kr. með hverju barni. Sé örorka samkvæmt 12. grein metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.
- 14.4. Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.
- 14.5. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

**15. Iðgjaldagreiðslur falla niður.**

- 15.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 15.2. Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 16. gr.
- 15.3. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin stig sbr. þó 15.1. og 15.2.

**16. Endurgreiðsla iðgjalda.**

- 16.1. Heimilt er, skv. umsókn, að endurgreiða iðgjaldahluta launþega erlendum ríkisborgurum, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum.
- 16.2. Endurgreiðslufjárhæð er 4% af grundvallarfjárhæð á greiðsludegi, miðað við heilt ár, samkvæmt 10.2., margfölduð með stigum viðkomandi sjóðfélaga.

**17. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.**

- 17.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni, að koma í veg fyrir niðurfall réttinda þegar sjóðfélagi skiptir um starf og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum, skuli samanlagt ekki vera meiri en heildaréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn fyrr en þeir hafa hlotið samþykki Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands svo og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

**18. Tilhögun lífeyrisgreiðslna.**

- 18.1. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðsstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.
- 18.2. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi, samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

**19. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.**

- 19.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

**20. Gerðardómur.**

20.1. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms, sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum tilnefndum af Sambandi almennra lífeyrissjóða og oddamanni tilnefndum af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar.

**21. Eftirlit.**

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 27/1991.

**22. Breytingar á reglugerðinni.**

22.1. Tillögur um breytingar á reglugerð þessari má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. þremur mánuðum fyrir ársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal, fullum tveimur mánuðum fyrir ársfund, senda aðildarfélögum sjóðsins og VSÍ tillögurnar til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris, skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum, samkvæmt samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig, að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.

22.2. Tillaga að breytingum á ákvæðum sem teljast efni kjarasamninga, s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðsins, þ.m.t. ákvæði um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar, verða einungis teknar fyrir á ársfundi, að fengnu samþykki aðildarfélaga viðkomandi lífeyrissjóðs.

22.3. Reglugerðarbreytingar taka því aðeins gildi, að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

**23. Gildistaka.**

23.1. Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar þeirrar, sem gilt hefur frá 1. janúar 1994 og gildir frá 1. janúar 1997.

Með vísan til laga nr. 55/1980, staðfestist reglugerð þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 27. desember 1996.*

F. h. r.

**Áslaug Guðjónsdóttir.**

---

*Hermann Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um lífeyrisréttindi í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.

#### 1. gr.

##### *Ellilífeyrir.*

Hver sjóðfélagi sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8.

Heimilt er sjóðfélagi að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka frá því sem í 2. mgr. segir um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 67 ára aldur er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris frá því sem segir í 2. mgr. vegna réttinda sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 70 ára aldri.

#### 2. gr.

##### *Örorkulífeyrir.*

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. 3. mgr. og hefur áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjuserðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 4. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann svo og áleti trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gengt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagsins til að gegna almennum störfum.

Heimilt er, að fengnu áleti trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.

Pegar skilyrði 1. mgr. og þessarar málsgreinar eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunnin lífeyrisrétt skv. 1. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuðum samkvæmt ákvæðum 9. mgr., margfölduðum með 1,8 enda hafi sjóðfélagi:

- greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára,
- greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum,
- ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Hafi sjóðfélaginn skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins.

Verði sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a-lið 5. mgr. er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri, er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. 5. mgr. á framreikningi stiga skal sá framreikningur vera reiknaður út frá meðaltali stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.

Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjald til sjóðsins. Skal þá í slíkum tilvikum miða framreikning við þetta meðaltal.

Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími styttr í hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskylda til lífeyrissjóða.

Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við skv. 9. og 10. mgr. meira en fjórum stigum skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 67 ára aldurs, reiknað með fjórum stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.

Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hármarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vegna orkutaps vara í þrjá mánuði eða lengri tíma.

Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömu leiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.



Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ár aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

### 3. gr.

#### *Makalífeyrir.*

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá maki hans rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans, hjúskapur hafi staðið a.m.k. í 5 ár og til hans stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Láti sjóðfélaginn eftir sig barn innan 19 ár aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal þó makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðing átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést. Ennfremur skal makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans ef tryggingayfirlæknir telur makann vanta 50% eða meira á fulla starfsorku.

Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt framangreindum ákvæðum og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni eða sambúðarkonu lífeyri í samræmi við ákvæði 2. og 3. mgr.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stiga-fjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður.

Auk áunninna stiga skal telja með þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hafi áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 9. mgr. 2. gr. en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfall hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókominis tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þess sjóðs.

Ekkja eða ekkil samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem var í hjúskap eða sambúð sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlátið, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

## 4. gr.

*Barnalífeyrir.*

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 19 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 19 ára aldurs.

Veiti fráfall sjóðfélagsins börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er kr. 7.500 með hverju barni fyrir hvern almanaxsmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 5. og 6. mgr. 3. gr., eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

Sé sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 5. mgr. 2. gr., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta skv. 3. mgr. með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaxsmánuð er 5.500 kr. með hverju barni. Sé örorka skv. 2. gr. metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

## 5. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 21. gr. laga nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 30. desember 1996.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Áslaug Guðjónsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 349, 25. júní 1996, um loðnuveiðar 1996/1997.

#### 1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Á loðnuvertíðinni 1996/1997 sbr. 1. gr. er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða 1.217.000 lestir af loðnu.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. desember 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

\_\_\_\_\_  
*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 362, 27. júní 1996, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.

#### 1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist svo:

|    |                              |              |
|----|------------------------------|--------------|
| 5. | Innfjarðarækja samtals ..... | 9.900 lestir |
|    | þ.a. Eldey .....             | 1.000 lestir |
|    | þ.a. Arnarfjörður .....      | 700 lestir   |
|    | þ.a. Ísafjarðardjúp .....    | 2.300 lestir |
|    | þ.a. Húnaflói .....          | 2.100 lestir |
|    | þ.a. Skagafjörður .....      | 1.500 lestir |
|    | þ.a. Skjálfandi .....        | 800 lestir   |
|    | þ.a. Öxarfjörður .....       | 1.500 lestir |

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 402, 15. júlí 1996, um breytingu á reglugerð nr. 362, 27. júní 1996, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. desember 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

\_\_\_\_\_  
*Árni Kolbeinsson.*

## AUGLÝSING

### um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að fresta gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta samkvæmt 2.-5. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 189 21. mars 1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

Frestun þessi gildir til 1. apríl 1997.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 35/1993 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 27. desember 1996.*

**Halldór Blöndal.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Lífeyrissjóðinn Lífiðn.

#### 1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóðurinn Lífiðn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

#### 2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

#### 3. Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar skulu vera allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og starfa á samningssviði eftirtalinna stéttarféлага: Rafiðnaðarsambands Íslands og aðildarféлага þess, Félags matreiðslumanna og Félags framreiðslumanna.
- 3.2. Sé launamanni samkvæmt lögum skylt að vera félagi í öðrum lífeyrissjóði veitir hlutaðeigandi starf ekki rétt til þátttöku í þessum sjóði.
- 3.3. Heimilt er launamanni, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í sjóðnum. Þá er atvinnurekendum sem tengjast starfssviði sjóðsins heimil sjóðsaðild, en biðtími skv. 12. - 14. gr. skal reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni.

- 3.4. Nú óskar stéttarfélag eftir aðild að þessum sjóði, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum þess og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launþega, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.
- 3.5. Þeir sem njóta eftirlauna- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðfélagar.

#### 4. Stjórn.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Stjórnin skal skipuð sex mönnum og skulu þrír kjörnir af þeim stéttarfélögum, sem aðild eiga að sjóðnum og þrír af samtökum atvinnurekenda sem aðild eiga að sjóðnum. Fulltrúar stéttarféлага skulu tilnefndir eftir þeim reglum sem stéttarfélag með aðild að sjóðnum koma sér saman um og fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilnefndir af framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðildarfélög þ.e. Landssamband íslenskra rafverktaka og Samband veitinga- og gistihúsa. Meirihluti stjórnarmanna skal vera sjóðfélagar í sjóðnum.
- 4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra.
- 4.3. Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum skulu hafa náð 20 ára aldri, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu.
- 4.4. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarféлага hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur, hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmat þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna eru mættir eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.
- 4.5. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í lífeyrissjóðnum.
- 4.5.1. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins í fullu samráði við stjórn. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.
- 4.5.2. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 4.6. Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn, og að fengnu samþykki hennar.

- 4.6.1. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem samþykkt er á ársfundi skv. 5. gr. og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
  - 4.6.2. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn, endurskoðanda og skoðunarmönnum allar upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins hvenær sem þeir óska.
  - 4.7. Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnsýslulaga. Skylt er þeim sem í hlut á að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfni samkvæmt framansögðu. Varamaður skal taka sæti aðalmanns meðan fjallað er um mál sem svo er vaxið.
  - 4.7.1. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að atla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna, umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eftir eðli máls.
  - 4.7.2. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins né heldur áhættufjármagnsfyrirtækjum sem sjóðurinn á hluti í. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarformennsku í lífeyrissjóðnum. Þess skal og jafnan gætt að sjóðurinn styðji menn ekki til stjórnarkjörs í hlutafélögum ef stjórnarsetan getur valdið hagsmunaárekstrum eða skert sjálfstæði sjóðsins.
- 5. Ársfundur.**
- 5.1. Fyrir maílok ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðsins boða til ársfundar sjóðsins og hefur hann æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðruvísi ákveðið í reglugerð þessari. Allir greiðandi sjóðfélagar, svo og eftirlauna- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins, eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt.
  - 5.2. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar, þegar þurfa þykir. Skylt er stjórninni að boða til aukafundar ef meirihluti þeirra stéttarféлага, sem aðild eiga að sjóðnum, krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Sama gildir ef slík ósk berst frá VSÍ. Stjórn skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarféлага sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess zuglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.
  - 5.3. Sérstakt fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa fer með atkvæði á fundinum í umboði aðildarsamtaka sjóðsins og í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig á fundinum. Fulltrúar stéttarféлага þeirra, sem aðild eiga að sjóðnum samkvæmt grein 3.1. skulu valdir eftir þeim reglum, sem stéttarfélögin koma sér

saman um, þó þannig að hvert stéttarfélag eigi einn fulltrúa fyrir allt að 100 félagsmenn og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 100 félaga eða brot úr þeirri tölu, ef það nemur 50 eða meira. Fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráðið skulu kosnir eftir þeim reglum sem framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands setur.

- 5.4. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð þessari. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarféлага greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.
- 5.5. Á ársfundi skal tekið fyrir:
  - 5.5.1. Skýrsla stjórnar.
  - 5.5.2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings.
  - 5.5.3. Tryggingafræðileg úttekt.
  - 5.5.4. Fjárfestingastefna sjóðsins.
  - 5.5.5. Stjórnarkjör, samkvæmt grein 4.1. og 4.2.
  - 5.5.6. Kosning skoðunarmanna. Fulltrúar stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda skulu hvor um sig á ársfundi kjósa einn skoðunarmann ársreiknings og einn til vara. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs.
  - 5.5.7. Tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Með tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 21. greinar.
  - 5.5.8. Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
  - 5.5.9. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

## 6. Reikningar og endurskoðun.

- 6.7. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og ennfremur af tveim skoðunarmönnum, sem kjörmir eru á ársfundi sbr. gr. 5.5.6.

## 7. Tryggingafræðileg athugun.

- 7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda, sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda, sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark.
- 7.2. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins eru umfram skuldbindingar miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins að höfðu samráði við tryggingafræðing gera tillögur til ársfundar um hækkun lífeyrisréttinda.
- 7.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins er ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, skal stjórn sjóðsins að höfðu samráði við tryggingafræðing gera tillögur til ársfundar um lækku lífeyrisréttinda, sem grípa skal til, enda finnast ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Ekki er þó hægt að lækka réttindi meira en að þeim lágmarksréttindum, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2.

- 7.4. Nú leiðir tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins er svo ótryggur að við svo búíð má ekki standa og ætla má, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, að eignir hans muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við þau lágmarksréttindi, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. grein 2.2. Skal stjórn sjóðsins þá boða til aukaársfundar eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða lá fyrir. Á fundinum skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um sameiningu við annan samtryggingasjóð eða lokun sjóðsins. Jafnframt skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um hjá hvaða lífeyrissjóði tryggja beri sjóðfélögum lífeyrisrétt. Tillögurnar skal afgreiða með sama hætti og tillögur að reglugerðarbreytingum.

## 8. Ávöxtun fjár sjóðsins.

- 8.1. Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og er skylt að ávaxta það á sem bestan hátt að teknu tilliti til öryggis og áhættu. Heimilt er að ávaxta fjármuni sjóðsins með eftirfarandi hætti:
- 8.1.1. Í ríkisverðbréfum.
- 8.1.2. Í verðbréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
- 8.1.3. Í verðbréfum bæjarfélaga, enda séu heildarskuldir og ábyrgðir viðkomandi bæjarfélaga innan viðurkenndra marka að mati sjóðstjórnar.
- 8.1.4. Í innlánnum banka og sparisjóða.
- 8.1.5. Í verðbréfum tryggðum með veði í fasteignum sem er innan við 50% af fasteignamati og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kaupúnum. Stjórn sjóðsins er heimilt að víkja frá þessu mati ef markaðsverð eignar gefur tilefni til þess. Stjórn sjóðsins skal á hverjum tíma setja nánari reglur þar um.
- 8.1.6. Í verðbréfum banka, sparisjóða, lánasjóða og fjármálafyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu, enda starfi þau samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti banka- eftirlits Seðlabanka Íslands.
- 8.1.7. Í skuldabréfum og víxlum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, enda séu viðkomandi skuldabréf skráð á Verðbréfaþingi Íslands.
- 8.1.8. Í hlutabréfum. Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Þetta ákvæði gildir þó ekki gagnvart eignarhlutum í félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal á hverjum tíma ekki vera meiri en sem nemur 15% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Hlutabréfaeign sjóðsins í félögum skráðum á Verðbréfaþingi Íslands, skal þó aldrei vera lægri en sem nemur 85% af heildarhlutabréfaeign sjóðsins. Allt að 15% af heildarhlutabréfaeign þurfa ekki að vera skráð á Verðbréfaþingi Íslands, enda hafi þau hlutabréf skráð kaup- og sölugengi á opinberum markaði.
- 8.1.9. Í traustum erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) og í skráðum verðbréfasjóðum. Verðbréf skulu keypt fyrir milligöngu viðurkenndra verðbréfamíðlara. Þó er sjóðnum heimilt að kaupa milliliðalaust hlutdeildarskírteini í skráðum verðbréfasjóðum. Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 15% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.
- 8.2. Fjárfestingar lífeyrissjóðsins skulu miðast við að heildarkröfur á hendur einum aðila fari ekki umfram 2,5% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Þó er heimilt að



- hafa allt að fjórfalt þetta hlutfall í heildarkröfum gagnvart einstökum bönkum. Þessi takmörk eiga ekki við um kröfur með ríkisábyrgð.
- 8.3. Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu þar sem sett eru viðmið um að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum tegundum eigna. Þar skal ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímallengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins leggja fram fjárfestingarstefnuna, sbr. 5.5.4.
- 8.4. Heimilt er sjóðnum að eiga fasteign fyrir skrifstofur sínar.

## 9. Iðgjöld.

- 9.1. Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af launum starfsmanna 16 til 70 ára, sem tilgreind eru í 9.2. eða ákveðin af sjóðstjórn samkvæmt 9.3. Sé um launþega að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launþegi greiðir 4%, en launagreiðandi 6%.
- 9.2. Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast, og gera upp mánaðarlega. Nú eru laun greidd vikulega, og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.
- 9.3. Stjórn sjóðsins setur reglur um, við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem gerast sjálfstæðir atvinnurekendur eða stunda sjálfstæða atvinnu við inngöngu í sjóðinn, svo og þeirra, sem hún veitir heimild til þátttöku sbr. 3.4.
- 9.4. Launagreiðanda ber að halda eftir 4% iðgjöldum sbr. 9.1. af launum starfsmanna sinna og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjald-dagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti þá sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga til greiðsludags.
- 9.5. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 9.6. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og móttframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 9.7. og 9.8.
- 9.7. Tvisvar á ári skal senda greiðandi sjóðfélögum yfirlit um iðgjöld og réttindi sín. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framansögðu að gera sjóðnum án tafar viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd.
- 9.8. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðenda. Heimilt er lífeyrissjóði að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil.
- 9.9. Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagreini eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskila-

vaxta launagreiðanda og mynda réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.8. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilgrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

- 9.10. Senda skal lokaadvörun til launagreiðenda, ef iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum hans hafa verið í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga. Formlega innheimtu skal hefja innan 15 daga frá útsendingu lokaadvörunar.

## **10. Grundvöllur lífeyrisréttinda.**

- 10.1. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.
- 10.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera kr. 67.621 og breytist hún mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir, ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn reynist síðar ónothæfur.
- 10.3. Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarfjárhæð ársins samkvæmt 10.2.
- 10.4. Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar, er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.
- 10.5. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.
- 10.6. Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 10.4. fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 16. gr.

## **11. Eftirlaunalífeyrir.**

- 11.1. Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á eftirlaunalífeyri úr sjóðnum.
- 11.2. Upphæð eftirlaunalífeyris er hundradshluti af grundvallarfjárhæð eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundradshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,55.
- 11.3. Heimilt er sjóðfélagi að hefja töku eftirlaunalífeyris, áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri. Skal þá upphæð eftirlaunalífeyris lækka frá því, sem í 11.2. segir, um 0,6% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem vantar á 67 ára aldur, er taka hans hefst.
- 11.4. Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku eftirlaunalífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð eftirlaunalífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,6% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.
- 11.5. Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku eftirlaunalífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri.

## **12. Örorkulífeyrir.**

- 12.1. Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 40% eða meira skv. 12.2. og áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

- 12.1.1. Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekju-  
skerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barna-  
lífeyrir skv. 14.3. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur  
sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.
- 12.2. Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum  
um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og álit  
trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal mat orkutaps aðallega  
miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt og aðild  
hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps  
ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagsins til að gegna almennum  
störfum.
- 12.2.1. Heimilt er að fengnu álit trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorku-  
lífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans.
- 12.3. Þegar skilyrði 12.1. og þessa tölulíðs eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við  
unninn lífeyrisrétt samkvæmt 11. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stiga-  
fjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknað samkvæmt  
12.4., margfaldað með 1,55 enda hafi sjóðfélagi:
- a: greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og  
áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára.
  - b: greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
  - c: ekki orðið fyrir orkutapi, sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja, eða fíkni-  
efna.
- 12.3.1. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins  
fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til  
þessa sjóðs.
- 12.3.2. Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa  
sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í  
þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hefur til  
orkutapsins.
- 12.3.3. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess  
valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau, sem nefnd eru í a-lið  
12.3., er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi  
almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir  
orkutap.
- 12.4. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri, er hann verður fyrir orkutapi, rétt  
samkvæmt 12.3. á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:
- 12.4.1. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu fimm almanaksárin fyrir orkutapið.  
Telji sjóðstjórnin þetta fimm ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna  
sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðal-  
tal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast  
er.
- 12.4.2. Hafi sjóðfélagi skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjald-  
greiðslur til sjóðsins, og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna  
meðaltal stiga hans öll þau almanaksár, sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal þá miða  
framreikning við þetta meðaltal.
- 12.4.3. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa  
fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess

árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri, og sennilegt má telja, að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja eða fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

- 12.4.4. Ef rekja má sjúkdóma þá, sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann, að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs, er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, til þess tíma, er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.
- 12.5. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 12.1.
- 12.6. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir, ef orkutap, skv. 12.2. hefur varað skemur en í sex mánuði.
- 12.7. Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.
- 12.8. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 12.9. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Eftirlaunalífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs.

### 13. Makalífeyrir.

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut eftirlauna- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hjónabandið staðið a.m.k. 5 ár og verið stofnað, áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.
- 13.2. Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.
- 13.3. Sé maki a.m.k. 50% öryrki, skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára.
- 13.4. Stofnist réttur til makalífeyris skv. 13.1., 13.2., 13.3. eða 15.3. skal fullur makalífeyrir alltaf greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.
- 13.5. Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 13.1. - 13.4. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabíl fyrir andlát hans.
- 13.6. Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með

- 0,775. Þegar skilyrði 13.1. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna stiga telja þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 12.4. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 12.9. en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreiknaðra réttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 13.1. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 15.3.
- 13.7. Ekkja eða ekill samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem var í hjúskap eða sambúð sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlátíð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.
- 13.8. Nú hafa greiðslur makalífeyris fallið niður áður en makinn nær 67 ára aldri og stofnast þá réttur á ný til makalífeyris, vegna áunninna stiga, enda sé hann ekki í hjónabandi eða sambúð sbr. gr. 13.7. og eigi ekki rétt til makalífeyris vegna síðara hjónabands.
- 13.9. Skarist réttur skv. gr. 13.4. og 13.8. þá greiðist ávallt sá makalífeyrir sem er hærrí skv. þessum greinum.

#### **14. Barnalífeyrir.**

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 19 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 19 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagens börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 14.2. Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 8.600 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 10.2. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 13.6., eru a.m.k. 0,8. Séu áætluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður, ef árlegur stigafjöldi er minni en 0.4.
- 14.3. Sé sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 12.3.a. og 12.3.b., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn, sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt 14.2. Sé örorka samkvæmt 12. gr. metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður, þótt sjóðfélaginn nái eftirlaunalífeyrisaldri.
- 14.4. Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.
- 14.5. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

**15. Iðgjaldagreiðslur falla niður.**

- 15.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 15.2. Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 16. gr.
- 15.3. Réttur til eftirlauna-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin stig sbr. þó 15.1. og 15.2.

**16. Endurgreiðsla iðgjalda.**

- 16.1. Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjaldahluta launþega erlendum ríkisborgurum, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum.
- 16.2. Endurgreiðslufjárhæð er 4% af grundvallarfjárhæð á greiðsludegi samkvæmt 10.2. margfölduð með stigum viðkomandi sjóðfélaga.

**17. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.**

- 17.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða, að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn, fyrr en þeir hafa hlotið samþykki Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, svo og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

**18. Tilhögun lífeyrisgreiðslna.**

- 18.1. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.
- 18.2. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda, og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

**19. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.**

- 19.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

**20. Gerðardómur.**

- 20.1. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms, sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélaga, einum tilnefndum af Sambandi almennra lífeyrissjóða og oddamanni tilnefndum af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar.

**21. Eftirlit.**

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 27/1991.

**22. Breytingar á reglugerðinni.**

- 22.1. Tillögur um breytingar á reglugerð þessari má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. þremur mánuðum fyrir ársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal, fullum tveimur mánuðum fyrir ársfund senda aðildarfélögum sjóðsins og VSÍ tillögum til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingarfræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum samkvæmt samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísa frá ársfundi. Tillögum skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.
- 22.2. Tillaga að breytingum á ákvæðum sem teljast efni kjarasamninga, s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðanna, þ.m.t. ákvæði um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórna, verða einungis teknar fyrir á ársfundi að fengnu samþykki aðildarfélaga viðkomandi lífeyrissjóðs
- 22.3. Reglugerðarbreytingar taka því aðeins gildi að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

**23. Gildistaka.**

- 23.1. Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1997.

Fyrirvari er settur vegna nokkurra breytinga sem gerðar hafa verið á drögum á reglugerðinni frá því hún var samþykkt formlega af stéttarfélagnum. Breytingarnar hafa verið kynntar innan félaganna og ekki er ágreiningur um efni þeirra en ársfundir fara með formlega lokaafgreiðslu þeirra.

Reglugerðin þannig samþykkt á stofnfundi Lífeyrissjóðsins Lífiðnar þann 30. september 1996.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 1996.*

F. h. r.

**Áslaug Guðjónsdóttir.**

*Ragnheiður Snorradóttir.*

## ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Langavatns og Fjallabaksár á Skaga.

| Bæjarheiti   | Langavatn     |               | Fjallabaksá       |               |      |
|--------------|---------------|---------------|-------------------|---------------|------|
|              | Einingafjöldi | Einingafjöldi | Einingafjöldi     | Einingafjöldi |      |
| Ásbúðir      | 1             | 0,5           | Kurfur            | 1             | 0,5  |
| Mánavík      | 1             | 0,5           | Hlíð              | 1             | 0,5  |
| Víkur        | 1             | 0,5           | Örlygsstaðir      | 1             | 0,5  |
| Hafnir       | 1             | 0,5           | Örlygsstaðir II   | 1             | 0,5  |
| Tjörn        | 1             | 0,5           | Hof               | 19            | 15,5 |
| Ós           | 1             | 0,5           | Hvammkot          | 1             | 0,5  |
| Saurar       | 1             | 0,5           | Skeggjastaðir     | 1             | 0,5  |
| Kálfshamar   | 1             | 0,5           | Fjall             | 21            | 0,5  |
| Sviðningur   | 1             | 0,5           | Steinnýjarstaðir  | 1             | 0,5  |
| Ytri-Björg   | 1             | 0,5           | Álfhóll           | 1             | 0,5  |
| Syðri-Björg  | 1             | 0,5           | Kelduland         | 1             | 0,5  |
Heimilt er að gefa þeim nemendum sem hyggja á háskólanám í garðyrkju, þar sem ákveðnar kröfur eru gerðar um lágmarksundirbúning í garðyrkjuskóla, kost á því að sitja í skólanum og stunda þar nauðsynlegt undirbúningsnám, þó þannig að þeir nemendur er hyggja á reglulegt garðyrkjunám hafi forgang að skólavist.

## 10. gr.

Heimilt er að kenna ýmsar greinar, t.d. blómaskreytingar, garðagróður, landmælingar, véla- og verkfærafræði o.fl., í allt að hálfan mánuð á ári utan hins venjulega skólatíma, og telst sá tími til verknáms.

## II. KAFLI

**Stjórnun og starfslið.**

## 11. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn Garðyrkjuskóla ríkisins og heyrir öll starfsemi skólans undir landbúnaðarráðuneytið.

Landbúnaðarráðherra skipar skólanefnd við Garðyrkjuskóla ríkisins til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja þrír menn sem ráðherra skipar án tilnefningar. Einn fulltrúi tilnefndur af kennurum skólans og einn fulltrúi tilnefndur af nemendafélagi skólans hafa seturétt á fundum skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt þegar fjallað er um mál er snerta námsefni, kennslutilhögun og dvöl nemenda á skólastaðnum. Áheyrmarfulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn. Aðrir starfsmenn skólans skulu kallaðir til þegar fjallað er um mál er snerta þeirra verksvið. Skólastjóri situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt.

## 12. gr.

Skólanefnd mótar stefnu skólans og áherslur í starfi. Hún hefur á hendi skipulagsmál á skólastaðnum, forgangsraðar framkvæmdum í samráði við skólastjóra og hefur yfirumsjón með þeim. Skólastjóri gerir í samvinnu við skólanefnd starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára og skal hún hljóta samþykki landbúnaðarráðherra. Áætlunina skal endurskoða árlega. Skólastjóri gerir í upphafi hvers árs fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og skal hún lögð fyrir skólanefnd til samþykktar. Skólastjóri gerir skólanefnd reglulega grein fyrir rekstrarstöðu skólans.

Skólastjóri og skólanefnd ákveða upphæð innritunargjalda sem nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfangi, svo og efnisgjöld og pappírsgjöld. Nemendasjóðsgjöld ákvarðast af nemendafélagi skólans. Upphæð gjalda er háð samþykki landbúnaðarráðherra.

Laun skólanefndar skulu ákveðin af landbúnaðarráðherra og greiðast af starfsfé skólans.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um störf og verksvið skólanefndar.

## 13. gr.

Skólastjóri veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegu starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög og reglugerð, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun, hefur umsjón með framkvæmdum, reikningshaldi skólans og kennslu. Skólastjóri gerir landbúnaðarráðuneytinu grein fyrir rekstrarstöðu skólans a.m.k. tvisvar á ári, þ.e.a.s. í mars og september.

Skólaráð skal vera skólastjóra til ráðuneytis við stjórn skólans. Skólastjóri er oddviti skólaráðs, sem auk hans skal skipað yfirkennara, tveimur fulltrúum fastraráðinna kennara og tveimur fulltrúum nemenda, kjörnum af nemendaráði. Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti.

## 14. gr.

Kennarafundi skal halda eigi sjaldnar en fjórum sinnum á hverju skólaári. Skylt er skólastjóra að halda kennarafund ef fulltrúar kennara í skólaráði eða helmingur fastra kennara

skólans óska þess. Á kennarafundum skal fjalla um stefnumörkun í starfi skólans, um námsskipan, kennsluhætti, þar með talið námsmat, og aðra starfsemi. Skólastjóri boðar til kennarafunda og stýrir þeim.

#### 15. gr.

Í skólanum skal starfa nemendaráð sem skipað er einum fulltrúa af hverri námsbraut skólans. Nemendaráð er fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra og skal vera skólastjóra til ráðuneytis um mál er varða nemendur. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun. Nánar skal kveða á um störf nemendaráðs í námsvísi.

#### 16. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar skólastjóra til fimm ára í senn, að fenginni tillögu skólanefnar. Kennari sem skipaður er skólastjóri skal fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma sem hann gegnir starfi skólastjóra.

Skólastjóri ræður kennara (sérfræðinga) að höfðu samráði við skólanefnd. Skólastjóri ræður annað starfsfólk. Kennarar skólans skulu hafa háskólapróf, garðyrkjutæknapróf eða hliðstæða menntun. Umsækjendur, sem auk tilskilins fagnáms hafa lagt stund á uppeldis- og kennslufræði í námi sínu, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir um kennslustörf.

Ráða má kennara í starf yfirkennara. Hann skal, í samráði við skólastjóra, sjá um gerð stundaskrár og önnur þau atriði er varða framkvæmd kennslunnar og dvöl nemenda á skóla- staðnum.

Á hverri námsbraut skal vera fagdeildarstjóri. Fagdeildarstjóri hefur umsjón með verk- námi nemenda ásamt skólastjóra og yfirkennara.

Landbúnaðarráðherra setur skólastjóra, yfirkennara, kennurum og öðrum starfsmönnum skólans erindisbréf.

#### 17. gr.

Starfsmenn skólans skulu vera nemendum til leiðsagnar utan kennslustunda, eftir því sem aðstæður leyfa, og gegna öllum störfum sínum í þágu skólans af alúð og samviskusemi.

Störf fastráðinna kennara skiptast milli kennslu, stjórnunar og ritstarfa svo og rannsókna og ráðgjafar sbr. 20. gr. Nú hefur fastráðinn kennari ekki fullt starf við þessi verkefni og ber honum þá að vinna önnur störf í þágu stofnunarinnar í samráði við skólastjóra.

Á sama hátt ber kennurum að vinna að ofangreindum störfum þótt skóla sé slitið, þar til þeir hafa leyst af hendi vinnuskyldu sína.

Heimilt er að kalla saman þriggja manna matsnefnd á störfum kennara við skólann. Nefndina skipi skólastjóri, fulltrúi tilnefndur af kennurum og fulltrúi landbúnaðarráðu- neytisins. Nefnd þessi meti störf kennara við skólann til vinnustunda.

Nánar skal kveða á um störf kennara í starfslýsingu.

#### 18. gr.

Við skólann skal rækja heilsuvernd. Viðkomandi heilsugæslulæknir hefur umsjón með þessari starfsemi, í samráði við skólastjóra.

Nemendum skal standa til boða ráðgjöf og leiðsögn um persónuleg mál er snerta nám þeirra og skólavist. Slíka þjónustu veita skólastjóri, kennarar og annað starfsfólk eftir því sem við á.

## 19. gr.

Skólaráð setur skóla- og heimavistarreglur. Brot á þeim getur varðað brottvísun úr skóla. Setja skal sérstakar skólasóknarreglur og reglur um skil á verkefnum og skulu þær hljóta samþykki landbúnaðarráðuneytisins.

## III. KAFLI

**Rannsóknir, tilraunir og leiðbeiningar.**

## 20. gr.

Við skólann skulu gerðar ýmsar tilraunir og rannsóknir með ræktun garðjurta, bæði við almenn skilyrði og í gróðurhúsum undir faglegri umsjón Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Skólanefnd ákveður áherslur í rannsóknnum og tilraunum að fengnum tillögum Fagráðs í garðyrkju og skólastjóra, í samráði við fagdeildarstjóra einstakra námsbrauta.

Tilraunastjóri, sem skólanefnd ræður að höfðu samráði við skólastjóra og Rannsóknastofnun landbúnaðarins, stýrir tilraunastarfinu og hefur umsjón með daglegri framkvæmd þess. Nánar skal kveðið á um störf og verksvið tilraunastjóra í starfslýsingu sem landbúnaðarráðherra setur. Garðyrkjuskólinn leggur til aðstöðu fyrir rannsóknir og tilraunir á skólastaðnum samkvæmt nánari ákvörðun skólanefndar í samráði við skólastjóra.

Heimilt er skólanefnd, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að gera samkomulag við Bændasamtök Íslands um að garðyrkjuráðunautar samtakanna fái starfsaðstöðu við skólann. Einnig er skólanefnd heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að gera samkomulag við Samband garðyrkjubænda og önnur félagasamtök garðyrkjunnar um að þau fái aðstöðu fyrir starfsemi sína á skólastaðnum.

Heimilt er, samkvæmt sérstöku samkomulagi við Bændasamtök Íslands, að garðyrkjuráðunautar sinni kennslu við skólann sem hluta af vinnuskyldu sinni.

## IV. KAFLI

**Námsefni, bóknám og verknám.**

## 21. gr.

Í bóknámsdeild skólans skal kennslan fara fram með fyrirlestrum, úrlausn verkefna, æfingum, námsferðum og athugunum, eftir nánari ákvörðun kennara og skólastjóra.

## 22. gr.

Námsgreinum við skólann skal skipt í almennan kjarna, sviðskjarna og sérgreinar. Námsgreinar sem eru sameiginlegar námssviðum eða námsbrautum skulu kenndar við komandi nemendum sameiginlega eftir því sem við verður komið.

Í námsskrá fyrir bóklega námið skal vera námsgreinayfirlit, áfangalýsingar og kennsluyfirlit.

Kennslu á einstökum námsbrautum skal hagað samkvæmt námsgreinayfirliti, sem landbúnaðarráðuneytið staðfestir að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Kennslu í einstökum námsgreinum skal hagað samkvæmt áfangalýsingu, sem landbúnaðarráðuneytið staðfestir að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar.

Kennarar semja kennsluyfirlit, sem kveður nánar á um kennslu í einstökum námsgreinum, sem skólastjóri staðfestir.

## 23. gr.

Í verklegu námi skal leggja áherslu á, að nemendur læri sem flest störf tengd viðkomandi námsbraut og fái sem bestan skilning á þeim störfum, sem unnin eru. Verklegu námi hjá vinnuveitanda/skrúðgarðyrkjumeistara skal hagað í samræmi við starfsskrá (náms-skrá í verknámi), sem landbúnaðarráðuneytið staðfestir. Í starfsskránni skal vera yfirlit yfir alla helstu verkþætti sem nemandinn þarf að vinna við.

## 24. gr.

Til þess að nemendur hafi sem best not af verknáminu og fái æfingu í sjálfstæðri hugsun og starfi skulu þeir færa vinnudagbók.

Vinnuvika í verknámi er 40 vinnustundir. Vinnuveitandi og nemandi staðfesta að rétt sé fært í dagbókina og framvísa henni til skólans. Einkunn skal gefa fyrir vinnudagbók.

Kennarar og skólastjóri setja nánari reglur um færslu og skil vinnudagbóka.

## 25. gr.

Nemendur skulu skila plöntusafni samkvæmt nánari reglum sem kennarar og skólastjóri setja.

## 26. gr.

Nemendur skulu í lok vorannar á fyrra vetri velja sér aðalverkefni. Verkefni þetta skal vinna eftir nánari reglum, sem skólastjóri og fagdeildarstjórar setja.

## 27. gr.

Heimilt er að taka upp kennslu í nýjum námsgreinum og bjóða upp á val, ef hægt er að koma því við.

Heimilt er, með samþykki landbúnaðarráðherra, að taka upp kennslu á nýjum námsbrautum.

## 28. gr.

Fræðslunefndir skulu vera starfandi fyrir hverja námsbraut, og skulu þær vera skipaðar sem hér segir:

*Á blómaskreytingabraut:*

Einn fulltrúi tilnefndur af skólanum, einn af Félagi garðyrkjumanna, einn af Sambandi garðyrkjubænda, einn af Félagi blómaverslana og einn af Félagi blómaskreytingafræðinga.

*Á garðplöntubraut:*

Einn fulltrúi tilnefndur af skólanum, einn af Félagi garðyrkjumanna, einn af Félagi garðplöntuframleiðenda og einn af Bændasamtökum Íslands.

*Á skrudgarðyrkjubraut:*

Einn fulltrúi tilnefndur af skólanum, einn af Félagi garðyrkjumanna, einn af Félagi skrudgarðyrkjumeistara, einn af Félagi landslagsarkitekta og einn af Sambandi sveitarfélaga. Fræðslunefnd í skrudgarðyrkju er jafnframt fagnefnd í skrudgarðyrkju fyrir fræðslunefnd bygginga- og tréiðngreina samkvæmt lögum um framhaldsskóla.

*Á umhverfisbraut:*

Einn fulltrúi tilnefndur af skólanum, einn af Félagi garðyrkjumanna, einn af Náttúru-

vernd ríkisins, einn af Landgræðslu ríkisins, einn af Skógrækt ríkisins, einn af Sambandi sveitarfélaga og einn af Félagi landslagsarkitekta.

*Á ylræktar- og útmatjurtabraut:*

Einn fulltrúi tilnefndur af skólanum, einn af Félagi garðyrkjumanna, einn af Sambandi garðyrkjubænda og einn af Bændasamtökum Íslands.

Skólanefnd óskar eftir tilnefningum í fræðslunefndir til fjögurra ára í senn.

Skólastjóri tilnefnir fulltrúa skólans. Tilnefna skal aðalmann og varamann. Fulltrúi skólans sér um að boða hverja fræðslunefnd til funda og stýrir fundum. Fræðslunefndir gera tillögur um námsskrá og skipulag og tilhögun bóknáms og verknáms. Fræðslunefndir fundi minnst einu sinni á önn og hitti nemendur a.m.k. tvisvar á námstímanum. Hver tilnefningaraðili ber kostnað af sínum fulltrúa.

## V. KAFLI

### Endurmenntun og framhaldsnám.

#### 29. gr.

Skólinn annast framkvæmd endurmenntunar á vegum fagaðila garðyrkjunnar samkvæmt nánara samkomulagi.

Heimilt er að halda önnur endurmenntunarnámskeið við skólann samkvæmt nánari ákvörðun skólastjóra og skólanefndar.

Endurmenntunarnefndir sem tilnefndar eru með sama hætti og fræðslunefndir, sbr. 28. gr., gera tillögur um val námsefnis og tilhögun endurmenntunarnámskeiða. Endurmenntunarstjóri sér um að boða nefndirnar til starfa.

Heimilt er einnig að halda önnur námskeið við skólann, þegar aðstæður leyfa, t.d. í heimilisgarðrækt, matreiðslu grænmetis og blómaskreytingum. Ennfremur má halda námskeið sem starfsmenn skólans annast utan skólastofnunarinnar.

#### 30. gr.

Heimilt er að starfrækja framhaldsnámskeið, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, sem jafnframt ákveður, að fengnum tillögum skólastjóra, til hvaða námsgreina kennslan skuli taka og um kennslutilhögun og námsmat.

Um próf, einkunnagjöf og annað, sem ekki er tekið fram sérstaklega, gilda að öðru leyti ákvæði þessarar reglugerðar eftir því sem við á.

Skilyrði til þátttöku á framhaldsnámskeiði er að hafa lokið sveinsprófi eða burtfararprófi í viðkomandi starfsgrein garðyrkjunnar. Undanþágur má veita ef sérstakar ástæður mæla með því.

#### 31. gr.

Heimilt er með samþykki landbúnaðarráðherra að koma á framhaldsnámi í garðyrkju, garðyrkjutæknanámi, sbr. meistaranám í skrudgarðyrkju. Einkum skal leggja áherslu á kennslu í hagfræði, garðyrkju- og umhverfistækni, ræktunarskipulagningu og verkstjórn.

Inntökuskilyrði eru, auk lokaprófs frá garðyrkjuskóla, að viðkomandi hafi lokið a.m.k. 4 önnum í framhaldsskóla. Kveða skal á um inntökuskilyrði, námstíma, námsefni og námsmat í reglum sem landbúnaðarráðherra setur.

## VI. KAFLI.

**Próf og einkunnir.**

## 32. gr.

Kennarar prófa hver í sinni námsgrein og ákveða í samráði við skólustjóra, hvort úrlausnarefni skuli vera skriflegt, munnlegt eða hvort tveggja.

Heimilt er að láta taka lokapróf í ákveðnum áföngum í hverri námsgrein, hvenær sem er á kennslutímabilinu.

## 33. gr.

Við námsmat skal notaður einkunnastigi með tölunum 0 - 10.

Í verknámi skal gefa einkunn fyrir dagbók og aðra verknámsþætti, eftir nánari ákvörðun fagdeildarstjóra og skólustjóra.

Við meðaltalsreikninga skal nota vægi á einkunnir, ef fjöldi kennslustunda eða vinnustunda að baki prófa, verkefna eða verknáms, er mismunandi.

Einkunnir fyrir verkefni og æfingar sem gerðar eru á námstímabilinu mega gilda sem hluti af lokaeinkunn eftir ákvörðun kennara og skólustjóra hverju sinni.

## 34. gr.

Við skrifleg próf skal ætla nemendum eina til þrjár klukkustundir til úrlausnar verkefna, eftir nánari ákvörðun kennara og skólustjóra.

Við skriflegt próf má nota þau gögn ein, sem kennari og skólustjóri leyfa. Noti nemandi óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn og telst hann fallinn á annarprófi. Skal minna nemendur á þetta ákvæði áður en próf hefjast.

Geti nemandi ekki komið í próf eða lokið því vegna veikinda, skal hann tilkynna það áður en próf hefst, eða svo fljótt sem auðið er og skila læknisvottorði.

## 35. gr.

Til þess að standast próf í námsgrein þarf einkunnina 5, hið lægsta. Þar sem einkunn í námsgrein er meðaltal tveggja eða fleiri áfangaprófa og verkefna, ræður meðaltalið því, hvort nemandi hafi staðist prófið.

Annareinkunn er vegið meðaltal lokaeinkunna allra námsáfanga á hverri önn. Annareinkunn skal reiknast með einum aukastaf.

## 36. gr.

Standist nemandi ekki próf í einstökum námsgreinum, skal honum heimilt að þreyta próf að nýju í þeim greinum, sem hann hefur ekki tilskilinni einkunn í, enda séu þær ekki fleiri en tvær.

Námsefni til endurtekningarprófs tekur til allra áfanga í greininni á viðkomandi önn, óháð einkunn á einstökum áfangaprófum. Verkefni sem gilda sem hluti af einkunn skal endurvinna í slíkum tilfellum, ef einkunn fyrir það er undir 5. Skólustjóri ákveður í samráði við kennara skilafrest á endurunnum verkefnum.

Sjúkrapróf skal halda strax að loknum reglulegum annarprófum og endurtekin próf svo fljótt sem við verður komið og ávallt áður en næsta önn hefst.

Fyrri einkunnir í viðkomandi greinum falla úr gildi þegar nemandi skráir sig í endurtekningapróf.

Standist nemandi ekki endurtekningarpróf eða fái einkunnina 0, telst hann fallinn á annarprófi og fær þá ekki heimild til að hefja nám á næstu önn. Óski hann eftir að halda áfram námi, skal hann sækja um skólavist að nýju.

## 37. gr.

Hafi nemandi lokið námsáfangi er sýnir jafn mikla eða meiri kunnáttu í einni eða fleiri námsgreinum en krafist er við skólann, er heimilt að veita honum undanþágu frá að sækja tíma og taka próf í viðkomandi námsgreinum, enda leggi hann fram staðfestingu á kunnáttu sinni.

## 38. gr.

Við próf dæma hlutaðeigandi sérfræðingar og kennarar úrlausnir nemenda.

Eftir afhendingu einkunna skulu nemendur eiga þess kost að skoða prófúrlausnir sínar í viðurvist kennara. Ef fram kemur skekkja í einkunnagjöf, skal slíkt leiðrétt.

Komi upp ágreiningur milli kennara og nemanda um mat úrlausnar, skal skólastjóri kveðja til prófdómara til þess að fara yfir úrlausnina. Úrskurður prófdómara skal gilda. Frestur nemenda til að skjóta ágreiningi til skólastjóra skal vera þrjú dagar frá prófsýningar-degi.

Skólastjóri getur óskað eftir því að landbúnaðarráðuneytið skipi prófdómara í einstökum námsgreinum, munnlegum prófum, verklegum greinum og aðalverkefni, eða til aðstoðar við lausn alvarlegra ágreiningsefna, sem upp kunna að koma milli nemenda og kennara.

Skólanum er ekki skylt að varðveita skriflegar úrlausnir nemanda eftir að frestur til athugasemda er liðinn og athugasemdir hafa verið afgreiddar.

## 39. gr.

Að loknu bóklegu námi skal afhenda nemendum prófskírteini með árituðum prófs-einkunnum fyrir hverja námsgrein á hverri önn og einkunnum fyrir aðalverkefni og plöntusafn. Bóknámseinkunn (aðaleinkunn) er vegið meðaltal allra ofangreindra einkunna.

Einnig skal skrá á prófskírteinið skólasókn nemandans samkvæmt skólasóknarreglum.

Að loknu verknámi skal afhenda nemanda skírteini, sem á er skráð yfirlit yfir verknám hans, hvar hann stundaði það, hve lengi, einkunnir fyrir vinnudagbók og aðrar einkunnir sem tengjast því, samkvæmt starfsskrá hverju sinni.

Enginn nemandi hefur lokið burtfararprófi fyrr en hann hefur lokið bæði bóklegu og verklegu námi.

## 40. gr.

Þeir einir, sem lokið hafa námi frá Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi, eða hliðstæðu námi frá garðyrkjuskólum erlendis, hafa rétt til þess að bera starfsheitið garðyrkjufraeðingur.

## VII. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

## 41. gr.

Við skólann skal starfrækja fræðilegt kennslugagna- og bókasafn varðandi garðyrkju- og umhverfismál.



## 42. gr.

Skólinn gefur út fræðslurit þar sem birtar eru tilraunaniðurstöður, ýmsar fræðilegar greinar og annað efni sem tengt er garðyrkju- og umhverfismálum.

Í fræðsluritinu skal einnig komið á framfæri efni úr bókasafni skólans eða öðrum gagnasöfnum, sem komið getur að gagni fyrir íslenska garðyrkju og umhverfismál.

Áskrifendur greiða árgjald, sem ákvarðast af skólanefnd og skólastjóra, en að öðru leyti er kostnaður greiddur af rekstrarfé skólans.

## 43. gr.

Skólinn gefur reglulega út skýrslu um starfsemi sína samkvæmt nánari ákvörðun skólastjóra og skólanefndar.

## 44. gr.

Nemendur í verklegum æfingum við skólann skulu ekki fá greidd laun, en kostnað við náms- og kynnisferðir í garðyrkjustöðvar og stofnanir greiðir skólinn.

Nemendum í verknámi skal greiða laun samkvæmt gildandi kjarasamningum.

## 45. gr.

Greiði skólinn kostnað vegna erlendra sérfræðinga, sem koma á hans vegum, skal leita eftir heimild landbúnaðarráðuneytisins hverju sinni.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um Garðyrkjuskóla ríkisins nr. 91 23. júní 1936, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi nr. 423 8. nóvember 1985.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 30. desember 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Höskuldsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 96 – 1996

27. nóvember 1996

1837

Nr. 713

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjóð Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu Þjóðanna.

*(Til rannsókna á krabbameini í börnum og unglingum).*

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður Kristínar Björnsdóttur, fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu Þjóðanna, sbr. ósk Kristínar þar um í erfðaskrá. Kristín var fædd 1. júní 1909 og andaðist 11. október 1994.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er aðallega að rannsaka krabbamein í börnum og unglingum og til aðhlyningar krabbameinssjúkum börnum.

3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

4. gr.

Upphaflegt stofnfé er krónur 24.080.628 - tuttugu og fjórar milljónir og áttatíu þúsund sex hundruð tuttugu og átta - og 50% eignarhluti íbúðar nr. 56 við Kleppsveg í Reykjavík (heilдарverðmæti íbúðarinnar skv. fasteignamati er kr. 4.042.000). Stofnfé er allt fengið úr dánarbúi Kristínar Björnsdóttur samkvæmt ákvörðun hennar þar um í erfðaskrá.

5. gr.

Sjóðurinn hefur sérstakan fjárhag og er í vörslu Krabbameinsfélags Íslands, sem sér um bókhald hans og fjárreiður. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksár.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn tilnefndir af stjórn Krabbameinsfélags Íslands. Tilnefningar skulu gilda í eitt ár í senn, í fyrsta skipti til ársloka 1997.

7. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Arður, þar með taldir vextir af eignum sjóðsins.
- b) Gjafir, áheiti og önnur framlög sjóðnum til styrktar.
- c) Aðrar tekjur en að ofan eru nefndar.

8. gr.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins (sbr. 4. gr.) sem tryggilegast og arðvænlegast. Ekki er heimilt að skerða höfuðstól sjóðsins. Verði afgangur af tekjum ársins má ráðstafa honum á næsta ári, en annars leggst hann við stofnfé sjóðsins.

## 9. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki. Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum.

## 10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að hætta rekstri skulu samþykktar af öllum stjórnarmönnum. Verði sjóðurinn lagður niður skal verja eignum hans í þágu rannsóknna á krabbameini í börnum og unglingum.

## 11. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi þegar stjórn Krabbameinsfélags Íslands hefur samþykkt hana.

## 12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. nóvember 1996.*

F. h. r.

**Fanney Óskarsdóttir.**

## BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1996:

*Í umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi:*

Hvassafell II á nýbýli úr landi Hvassafells í Norðurárdal, Mýrasýslu.

*Í umdæmi sýslumannsins á Sauðárkróki:*

Halldórsstaðir II á nýbýli úr landi Halldórsstaða, Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.

*Í umdæmi sýslumannsins á Höfn:*

Lækjarbrekka á nýbýli úr landi Árnanes II (Brekku Landi), Hornafirði.

*Í umdæmi sýslumannsins í Vík:*

Giljaland á nýbýli úr landi Grafar, Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu.

*Í umdæmi sýslumannsins á Selfossi:*

Grásteinn á nýbýli úr landi Valla, Ölfushreppi, Árnessýslu.

*Menntamálaráðuneytinu, 31. desember 1996.*

F. h. r.

**Árni Gunnarsson.**

*Karitas H. Gunnarsdóttir.*

## EMBÆTTI OG SÝSLANIR

### 1994:

12. nóvember var Georg R. Wiederkehr skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Zürich.

### 1995:

8. mars lagði Margrét Vala Kristjánsdóttir héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflyttings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hún stundar ekki málflyttingsstörf.

20. mars lagði Helgi R. Magnússon héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflyttings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hann stundar ekki málflyttingsstörf.

28. mars lagði Ellý K. J. Guðmundsdóttir héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflyttings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hún stundar ekki málflyttingsstörf.

4. apríl var Þórir Gunnarsson skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Prag.

10. apríl lagði Vilborg Þ. Hauksdóttir héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflyttings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hún stundar ekki málflyttingsstörf.

16. maí lagði Ragnheiður Thorlacius héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflyttings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hún stundar ekki málflyttingsstörf.

22. júní lagði Þórdís Ingadóttir héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflyttings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hún stundar ekki málflyttingsstörf.

22. ágúst lagði Páll Ásgrímsson héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflyttings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hann stundar ekki málflyttingsstörf.

8. september var Alf Skogly skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Drammen.

20. september lagði Harri Ormarsson héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflyttings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hann stundar ekki málflyttingsstörf.

29. september var gefin út löggilding handa Helgu Leifsdóttur héraðsdómslögmanni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

11. október lagði Ágúst Þór Sigurðsson héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflyttings fyrir héraðsdómi, til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hann stundar ekki málflyttingsstörf.

30. nóvember lagði Árni Múli Jónasson héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflyttings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hann stundar ekki málflyttingsstörf.

S.d. var Birni Guðbrandssyni lækni veitt heimild til þess að reka lækningastofu frá og með 1. janúar til og með 31. desember 1996.

11. desember var Ingimundi Einarssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til málflyttings fyrir Hæstarétti.

20. desember var Helga Jóhannessyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til málflyttings fyrir Hæstarétti.

S.d. var dr. Hjörleifur Einarsson skipaður í hálfu stöðu dósents í matvæla- og örverufræði við Háskólann á Akureyri frá 1. apríl 1995 að telja.

22. desember lagði Halldór Frímansson héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hann stundar ekki málflutningsstörf.

27. desember var gefið út skipunarbréf handa sr. Birni Jónssyni sóknarpresti í Garða-prestakalli til þess að vera prófastur í Borgarfjarðarprófastsdæmi frá 1. janúar 1996 að telja.

31. desember lagði Jónas Guðmundsson héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hann stundar ekki málflutningsstörf.

S.d. lagði Ásta Magnúsdóttir héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hún stundar ekki málflutningsstörf.

### 1996:

3. janúar var Haraldur Henrysson hæstaréttardómari kjörinn forseti Hæstaréttar Íslands frá 1. janúar 1996 til 31. desember 1997.

S.d. var Pétur Kr. Hafstein hæstaréttardómari kjörinn varaforseti Hæstaréttar Íslands frá 1. janúar 1996 til 31. desember 1997.

S.d. var gefin út löggilding handa Guðmundi Þorsteinssyni til þess að vera skjalþýðandi af ensku á íslensku.

4. janúar var gefin út löggilding til handa Paolo Páli Maria Turchi til þess að vera skjalþýðandi af íslensku á ítölsku.

S.d. var gefin út löggilding handa Jóni Dalmann Þorsteinssyni til þess að vera skjalþýðandi af ensku á íslensku.

S.d. var gefin út löggilding handa Guðrínu Hrefnu Guðmundsdóttur til þess að vera skjalþýðandi af þýsku á íslensku.

S.d. var gefin út löggilding handa Hrafnhildi Kristínu Jónsdóttur til þess að vera skjalþýðandi af frönsku á íslensku.

S.d. var gefin út löggilding handa Ingibjörgu Briem til þess að vera skjalþýðandi af ensku á íslensku.

S.d. lagði Ingibjörg K. Þorsteinsdóttir héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hún stundar ekki málflutningsstörf.

8. janúar var gefin út löggilding til handa Helgu Tatjana Zharov til þess að vera skjalþýðandi og dómtúlkur af rússnesku á íslensku og af íslensku á rússnesku.

S.d. var gefin út löggilding handa Alevtína Ólöfu Druzina til þess að vera skjalþýðandi og dómtúlkur af rússnesku á íslensku og af íslensku á rússnesku.

9. janúar lagði Jónas Guðmundsson héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hann stundar ekki málflutningsstörf.

10. janúar lagði Einar Gunnarsson héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hann stundar ekki málflutningsstörf.

15. janúar var Sigurbirni Magnússyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

22. janúar var gefin út löggilding handa Veturliða Guðnassyni til þess að vera skjalapýðandi og dómtúlkur af þýsku á íslensku og af íslensku á þýsku.

23. janúar var Þór Eysteinnsson skipaður í hálfá stöðu dósents í lífeðlisfræði við lækna-deild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1996 til 30. júní 2000.

S.d. var Ásta St. Thoroddsen skipuð í hálfá stöðu lektors í hjúkrunarfræðum við Háskóla Íslands frá 1. janúar 1996 að telja.

31. janúar skilaði Róbert Árni Hreiðarsson héraðsdómsslögmaður og löggiltur fasteigna- og skipasali til ráðuneytisins leyfisbréfi sínu til fasteigna- og skipasölu. Frá og með þeim degi fellur leyfi hans til fasteigna- og skipasölu niður.

8. febrúar var Ragnari Tómasi Árnasyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Sveinn Guðmundsson læknir skipaður til að vera yfirlæknir við Blóðbankann frá og með 1. janúar 1996 að telja.

S.d. var Arthur Löve læknir settur til að vera yfirlæknir við rannsóknarstofu Landspítalans frá og með 1. janúar 1996 til og með 30. júní 1996.

S.d. var Ásgeir Haraldsson læknir skipaður til að vera yfirlæknir við Barnaspítala Hringisins frá og með 1. janúar 1996 að telja.

9. febrúar var Karli G. Sigurbjörnssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

12. febrúar skilaði Daði Jóhannesson héraðsdómsslögmaður og löggiltur fasteigna- og skipasali til ráðuneytisins leyfisbréfi sínu til fasteigna- og skipasölu. Frá og með þeim degi fellur leyfi hans til fasteigna- og skipasölu niður.

S.d. lagði Daði Jóhannesson héraðsdómsslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hann stundar ekki málflutningsstörf.

16. febrúar var Bernhardi Bogasyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Sigríði Stefánsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

20. febrúar var Elíasi I. Elíassyni sýslumanni á Akureyri veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir frá 10. apríl 1996 að telja.

19. febrúar var Ríkarður Másson, sýslumaður á Hólmavík skipaður til þess að vera sýslumaður á Sauðárkróki frá 1. apríl 1996 að telja.

22. febrúar var Þorvaldi Jóhannssyni veitt viðurkenning til að vera kjörræðismaður Svíþjóðar með ræðismannsstigi á Seyðisfirði.

S.d. var Herði Gunnarssyni veitt viðurkenning til að vera kjörræðismaður Portúgals með ræðismannsstigi í Reykjavík.

23. febrúar var Kristján Andri Stefánsson skipaður deildarstjóri í forsætisráðuneyti.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa Eðvarði Ingólfssyni guðfræðingi fyrir Skinnastaða-prestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi frá 25. febrúar 1996 að telja.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa Arnaldi Bárðarsyni guðfræðingi fyrir Raufarhafnarprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi frá 25. febrúar 1996 að telja.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa Brynhildi Óladóttur guðfræðingi fyrir Skeggja-staðaprestakalli í Múlaprófastsdæmi frá 25. febrúar 1996 að telja.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa Sveini Valgeirssyni guðfræðingi fyrir Tálkna-fjarðarprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi frá 25. febrúar 1996 að telja.

S.d. var Jónasi Andrésí Þór Jónssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.

27. febrúar var Pétri Erni Sverrissyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Eyjólfí Ágústi Kristjánssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Herði Felix Harðarsyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Benedikti Bogasyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.

28. febrúar var Páli Þórhallssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

29. febrúar var Sveini Guðmundssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Elínu Smáradóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

1. mars var Reinhold Kristjánssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S.d. var Stefáni Erlendssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Sigurður T. Magnússon skipaður til þess að vera skrifstofustjóri á dómsmála- og löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 1. mars 1996 að telja.

4. mars var Magnúsi M. Nordahl héraðsdómslögmanni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S.d. var Jónasi G. Halldórssyni veitt leyfi til að kalla sig sérfræðing í taugasálfræði, sem undirgrein fötulunarsálfræði, og starfa sem slíkur hér á landi.

5. mars var Tómasi Sigurðssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Halldór Jóhannsson læknir skipaður til að vera yfirlæknir við æðaskurðlækningaskor handlækningadeildar Landspítalans frá og með 1. janúar 1996 að telja.

S.d. var Kristján Steinsson læknir skipaður til að vera yfirlæknir við gigtarskor lyflækningadeildar Landspítalans frá og með 1. febrúar 1996 að telja.

S.d. var Rafn Alexander Ragnarsson læknir skipaður til að vera yfirlæknir við lýtalækningaskor handlækningadeildar Landspítalans frá og með 1. janúar 1996 að telja.

S.d. var Hafsteinn Sæmundsson læknir settur til að vera yfirlæknir við legudeild 21-A, kvennadeild Landspítala frá og með 1. febrúar 1996 til og með 31. júlí 1996.

6. mars var Óskari Norðmann lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Þuríði J. Jónsdóttur veitt leyfi til að kalla sig sérfræðing í klínískri sálfræði og starfa sem slíkur hér á landi.

7. mars var Símoni Sigvaldasyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.

8. mars var Davíð Þór Björgvinsson skipaður dósent við lagadeild Háskóla Íslands frá 1. mars 1996 að telja.

S.d. var dr. Jörgen Pind veitt lausn frá sérfræðingsstöðu við Orðabók Háskólans frá 1. janúar 1996 að telja, að hans eigin ósk.

S.d. var Magnúsi Magnússyni prófessor í eðlisfræði við raunvísindadeild Háskóla Íslands veitt lausn frá embætti frá og með 1. janúar 1997, að hans eigin ósk.

S.d. var Auður Hauksdóttir skipuð lektor í dönsku við Kennaraháskóla Íslands frá 1. ágúst 1996 að telja.

11. mars var Guðjóni Bragasynt lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.

14. mars var gefið út skipunarbréf handa séra Kristni Jens Sigurþórssyni fyrir Saurbæjarprestakalli í Borgarfjarðarprófastsdæmi frá 1. júní 1996 að telja.

15. mars var Birgi Guðjóni Magnússyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var David C. Ryland skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Dover.

S.d. var Hjördísi Stefánsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

18. mars var Ragnari Baldurssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Jóni L. Arnalds héraðsdómara í Reykjavík, veitt lausn frá embætti frá 1. júní 1996 að telja.

S.d. lagði Hjördís E. Harðardóttir héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hún stundar ekki málflutningsstörf.

20. mars leysti Sigurberg Guðjónsson hdl. til sín að nýju leyfi sitt til fasteigna- og skipasölu.
22. mars var leyfi Guðmundar Óla Guðmundssonar til málflyttings fyrir héraðsdómi afturkallað.
25. mars var Lúðvík Erni Steinarssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflyttings fyrir héraðsdómi.
- S.d. var Sturlu Friðrikssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflyttings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.
- S.d. var Gunnari Jakobssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflyttings fyrir héraðsdómi.
1. apríl lagði Hjördís Stefánsdóttir héraðsdómsslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflyttings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hún stundar ekki málflyttingsstörf.
2. apríl var Ólafur Þór Hauksson fulltrúi skipaður til þess að vera sýslumaður á Hólma- vík frá 10. apríl að telja.
- S.d. var Björn Jósef Arnviðarsson hdl. skipaður til þess að vera sýslumaður á Akureyri frá 10. apríl 1996 að telja.
15. apríl var gefin út löggilding handa Tryggva Guðmundssyni héraðsdómsslögmanni til þess að vera fasteigna- og skipasali.
- S.d. var gefin út löggilding handa Arnari Sigfússyni héraðsdómsslögmanni til þess að vera fasteigna- og skipasali.
16. apríl var Jóni Guðmundi Valgeirssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflyttings fyrir héraðsdómi.
- S.d. lagði Sigrún Kristmannsdóttir héraðsdómsslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflyttings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hún stundar ekki málflyttingsstörf.
17. apríl var Val Ámasyni lögfræðingi veitt leyfi til málflyttings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.
18. apríl var Helga Jenssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflyttings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.
- S.d. var gefið út leyfisbréf fyrir Einar Inga Magnússon til að mega kalla sig sérfræðing í félags- og skipulagssálfræði og starfa sem slíkur hér á landi.
24. apríl var Kristján Erlendsson læknir settur til að vera skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 1. mars 1996 til og með 31. desember 1997.
2. maí var Þórði Bogasyni lögfræðingi veitt leyfi til málflyttings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi óskar ekki eftir að nýta það í málflytjendastarfi.
- S.d. var Helga Birgissyni héraðsdómsslögmanni veitt leyfi til málflyttings fyrir Hæstarétti.
- S.d. var gefin út löggilding handa Þorsteini Hjaltasyni héraðsdómsslögmanni til þess að vera fasteigna- og skipasali.
3. maí var Þorvaldur Veigar Guðmundsson læknir skipaður til að vera framkvæmdastjóri lækninga á Ríkisspítöllum frá og með 1. maí 1996 til og með 15. júlí 2000.
8. maí skilaði Kristján Kristjánsson löggiltur fasteigna- og skipasali leyfisbréfi sínu til fasteigna- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna- og skipasali.
10. maí var Davíð Benedikti Gíslasyni lögfræðingi veitt leyfi til málflyttings fyrir héraðsdómi.



S.d. var Reidar J. Evensen skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Bodö.

13. maí var Sigrún Jóhannesdóttir skipuð til þess að vera deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. maí 1996 að telja.

14. maí var sr. Ingólfri Guðmundssyni veitt lausn frá embætti héraðsprests í Reykjavík-urprófastsdæmi vestra, að eigin ósk, frá 1. júlí 1996 að telja.

17. maí var Gísli Einarsson læknir skipaður til að vera yfirlæknir endurhæfingar- og hæfingardeildar Landspítala frá og með 1. janúar 1996 að telja.

20. maí var Þórhalli Vilhjálmssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Guðmundi Erni Guðmundssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Ragnheiði Bragadóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.

S.d. var Þuríði Arnadóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.

S.d. var Eddu Símonardóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.

S.d. var Ragnheiði Snorradóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.

S.d. var Höllu Bachmann Ólafsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.

22. maí var Birni ÞorraViktorssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Ragnheiður Haraldsdóttir skrifstofustjóri sett til að vera staðgengill ráðuneytis- stjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 22. maí 1996 til og með 31. nóvember 1996.

S.d. var sr. Magnúsi Guðjónssyni veitt lausn frá embætti biskupsritara, að eigin ósk fyrir aldurs sakir, frá og með 1. júlí 1996 að telja.

S.d. var gefið út leyfisbréf fyrir Margréti Bárðardóttur til að mega kalla sig sérfræðing í klínískri sálfræði og starfa sem slíkur hér á landi.

S.d. var Sigurður Tómas Magnússon skrifstofustjóri skipaður til þess að vera dómari við héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. júní 1996 að telja.

23. maí var Sigurjóni Ingvasyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.

24. maí var Jónmundur Kjartansson, yfirlögregluþjónn hjá sýslumanninum á Selfossi, skipaður til þess að vera yfirlögregluþjónn í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. júlí 1996 að telja.

28. maí var Bjarnfreði Ólafssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.

S.d. var Steinunn Le Breton skipuð kjöræðismaður Íslands með ræðismannastigi í Caen.

29. maí lagði Þórhallur Vilhjálmsson héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hann stundar ekki málflutningsstörf.

31. maí var Ríkarði Mássyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.

6. júní var Þóri Haraldssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.

7. júní var Stefáni Ólafssyni lækni veitt heimild til þess að reka lækningastofu frá og með 1. júlí 1996 til og með 30. júní 1997.

10. júní var Ragnari Ingimarssyni prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands veitt lausn frá embætti frá og með 15. maí 1996 að telja, að hans eigin ósk.

14. júní var Heiðu Gestsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

18. júní var gefið út skipunarbréf handa Guðjóni Skarphéðinssyni guðfræðingi fyrir Staðarstaðarprestakalli í Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi frá 1. júní 1996 að telja.

S.d. lagði Sigmundur Böðvarsson héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hann stundar ekki málflutningsstörf.

19. júní var Jörgen Pind skipaður prófessor í sálfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. apríl 1996 að telja.

20. júní var Dana Ruth Bentata Fraga skipuð kjöræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Caracas.

24. júní var var Sigþór Pétursson skipaður í stöðu dósents í efnafræði við Háskólann á Akureyri frá 1. september 1995 að telja.

25. júní var gefið út skipunarbréf handa Guðrúnu Eddu Gunnarsdóttur guðfræðingi fyrir Þingeyrarprestakalli í Ísafjarðarprófastsdæmi frá 1. júlí 1996 að telja.

S.d. var Finni Erlendssyni vararæðismanni í Frederikshavn, Danmörku veitt lausn frá embætti.

S.d. var Samuel Aksel Thorsteinsson vararæðismanni í Klaksvík, Færeyjum veitt lausn frá embætti.

S.d. lagði Sesselja Jónsdóttir héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hún stundar ekki málflutningsstörf.

27. júní var Guðmundur Magnússon skipaður skjalavörður í Þjóðskjalasafni Íslands frá 1. júní 1996 að telja.

S.d. lagði Heiða Gestsdóttir héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hún stundar ekki málflutningsstörf.

28. júní var Jón Ásgeirsson skipaður prófessor í tónmennt við Kennaraháskóla Íslands frá 1. maí 1996 að telja.

S.d. var Mikael M. Karlsson skipaður prófessor í heimspeki við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1995 að telja.

S.d. var Einar H. Guðmundsson skipaður prófessor í eðlisfræði við raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1996 að telja.

S.d. var Sigurður Brynjólfsson skipaður prófessor í vélaverkfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands frá 1. desember 1995 að telja.

S.d. var Erlendur Jónsson skipaður prófessor í heimspeki við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. júní 1996 að telja.

S.d. var Björg Thorarensen skipuð til þess að vera deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. júní 1996 að telja.

1. júlí var Guðmundur Árnason skipaður skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu frá 28. júní 1996.

S.d. var Margrét Hilmisdóttir skipuð deildarstjóri í forsætisráðuneytinu frá 28. júní 1996.

S.d. lagði Kolbrún Sævarsdóttir héraðsdómslögmaður inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu á meðan hún stundar ekki málflutningsstörf.

5. júlí var Guðmundur Vikar Einarsson læknir settur til að vera yfirlæknir í þvagfæra-rannsóknnum við handlækningadeild Landspítala frá og með 1. ágúst 1996 til og með 31. júlí 1997 að telja.

S.d. var Valgerður Baldursdóttir læknir sett til að vera yfirlæknir á barna- og unglínga-geðdeild Landspítala frá og með 1. ágúst 1996 til og með 31. júlí 1997 að telja.

S.d. var Jón Jóhannes Jónsson læknir settur til að vera yfirlæknir á rannsóknadeild Landspítala (meinafræði) frá og með 1. ágúst 1996 til og með 31. júlí 1997 að telja.

9. júlí var Margréti Maríu Sigurðardóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.

10. júlí var Ólafi Berki Þorvaldssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.

16. júlí fékk Þorbjörg I. Jónsdóttir hdl. afhent leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi sem verið hefur í vörslu ráðuneytisins frá útgáfudegi.

18. júlí var Ólafi Ólafssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Mun leyfisbréfið verða varðveitt í ráðuneytinu meðan leyfishafi gegnir starfi sem telst ósamrýmanlegt málflytjendastarfi.

6. ágúst fékk Jónas Andrés Þór Jónsson hdl. afhent leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi sem verið hefur í vörslu ráðuneytisins frá útgáfudegi.

26. ágúst lagði Matthías Geir Pálsson inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi til varðveislu í ráðuneytinu, á meðan hann stundar ekki málflutningsstörf.

29. ágúst var Björg Thorarensen skipuð til þess að vera skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. október 1996 að telja.

3. september var gefin út löggilding handa Jónasi Andrési Þór Jónssyni héraðsdómslögmanni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

S.d. var gefin út löggilding handa Jóhanni Þórðarssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

6. september var séra Hirti Hjartarsyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Áspresta-kalli í Skaftafellsþröfastsdæmi að eigin ósk frá 1. október 1996 að telja.

